ALÞINGISTÍÐINDI

1895.

B.

UMRÆÐUR Í NEÐRI DEILD.

REYKJAVÍK.
PRENTUÐ Í PRENTSMIÐJU ÍSAFOLDAR.
1895.

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkv.gr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
flutningsm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsögum. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirti.
kgk. = konungkjörinn.
lagafrv. = lagafrumvarp.
landsh. = landshöfðingi.
Nd. = neðri deild.
skrif. = skrifari.
st. f. = sta`inn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. = samþykkt.
till. = tillaga.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þgsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Árn. = Þingmaður Árnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaptfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv. = þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvk. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Fyrsti fundur, mánudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Af þeim alþingismönnum, er áttu sæti í deildinni, voru viðstaddir:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Björn Sigfússon, 1. þm. Húnv.
3. Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
4. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strandam.
5. Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
6. Halldór Daníelsson, þm. Mýram.
7. Jens Pálsson, þm. Dalam.
8. Jón Jensson, þm. Rvk.
9. Jón Jónsson, þm. A.-Sk.
10. Jón Þórarinsson, 2. þm. G.-K.
11. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
12. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
13. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
14. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangv.
15. Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múl.
16. Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísf.
17. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árn.
18. Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
19. Þórður Guðmundsson, 2. þm. Rangv.
20. Þórður Thoroddsen, 1. þm. G.-K.
21. Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.
22. Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árn.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., var ókominn til þings, og Eiríkur Gíslason, þm. Snæf., sem reyndar er kominn til bæjarins, var ekki mættur sökum sjúkleika.

Samkvæmt áskorun landshöfðingja gekk þá eldri þm. deildarinnar, Sighv. Árnason, 1. þm. Rangv., til fortetasætis og stýrði kosning forseta, og kvaddi sjer til aðstoðar Guðlaug Guðmundsson, þm. V.-Sk., og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf. Kosningin fjell þannig, að *Benedikt Sveinsson*, þm. N.-Þing., var kosinn forseti með 19 atkv. Sighv. Árnason, 1. þm. Rangv., hlaut 1 atkv. og 1 seðill var nafnlaus. Varaforseti var kosinn *Tryggvi Gunnarsson* með 11 atkv. Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísf., hlaut 8 atkv., Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangv., 1 atkv., og Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf., 1 atkv. — Skrifarar voru kosnir: Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl., með 19 atkv., og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf., með 12 atkv.

Forseti las upp brjef landshöfðingja, dagsett í dag, þar sem hann skýrir frá, að hann fyrir hönd stjórnarinnar muni leggja fram í deildinni á fundi á morgun 10 lagafrv.

Annar fundur, þriðjudag 2. júlí, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing., og Eiríkur Gíslason, þm. Snæf., sem báðir höfðu tjáð forföll.

Forseti gat þess, að skrifstofustjóri væri tekinn cand. theol. Steingrímur Johnsen; skrifarar á skrifstofunni væru

stud. mag. Vilhjálmur Jónsson og landshöfðingjaskrifari Brynjólfur Þorlákssson; innanþingsskrifarar í deildinni cand. theol. Morten Hansen og cand. theol. Jóhannes Sigfússon.

Landshöfðingi lagði fram af hendi stjórnarinnar 10 lagafrv.

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896—97.
2. Frumv. til laga um samþykktir á landsreikningum fyrir 1892—93.
3. Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 93.
4. Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895.
5. Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
6. Frumv. til laga um brúargjörð á Blöndu.
7. Frumv. til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum.
8. Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.
9. Frumv. til laga um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.
10. Frumv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar.

Þriðji fundur, miðvikudag 3. júlí, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi sömu og áður, nema þm. Snæf. (E. G.) og 2. þm. Eyf. (J. J.), sem eru sjúkir.

Forseti lagði fram:

1. Þingmálafundargjörðir frá Akureyri.
2. —»— úr Húnav.s.
3. —»— — Dalasýslu.
4. —»— — Strandas.
5. Bænaskrá frá Magnúsi organista Einarssyni á Akureyri um styrk til að kenna orgelspil, með 3 fylgiskjölum.
6. Skýrslur um hag kvennaskólans á Ytri-Ey, með 3 fylgiskjölum.
7. Bænarskrá frá Stefáni Eirikssyni á Blöndudalshólum um styrk til að læra »Stenographi« erlendis.
8. Bænaskrá með 3 fylgiskjölum frá Guðjóni Jónssyni frá Ketilsstöðum í Dalasýslu um styrk til smíðatólakaupa og verkstæðis fyrir jarðyrkjuverkfærasmíðar.
9. Bænarskrá með 15 fylgiskjölum frá barnakennara Páli Jónssyni á Akureyri um styrk til að fara til Danmerkur og kynna sjer þar barnaskóla og ýmislegt, er að kennslu lýtur.
10. Beiðni frá búendum í Borgarhreppi í Mýrasýslu, um að breyting verði gjörð á takmörkum aukalæknisdæmisins á Mýrunum, þannig, að það einnig nái yfir Borgarhrepp.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg gjöri ráð fyrir, að nú þegar verði sett nefnd í þessu máli til að íhuga það og ræða, og því finn jeg ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum á þessu stigi. Jeg skal að eins benda á, að fjárhagur landsins hefir ekki í annan tíma staðið með meiri blóma en nú. Viðlagasjóðurinn hefir á fjárhagstímabilinu 1892—1893 aukizt um 100,000 krónur. Þar að auki hefir peningaeign landssjóðs aukizt um nálega 40,000 krónur, auk 100,000 kr., sem eru á hlaupareikningi í landsbankanum. Í fjárlagafrumv. því, sem stjórnin hefir nú lagt fyrir þingið, er gjört ráð fyrir rúmum 30,000 króna tekjuafgangi. Þó ber þess að gæta, að stjórnin hefir jafnframt lagt fyrir þingið frumv. til fjáraukalaga, og má búast við, að þau hafi það í för með sjer, að tekjuafgangurinn skerðist að meiru eða minna leyti. En sjerstaklega er aðgæt-

andi, að frá stjórninni hafa nú komið ýms frumv., sem hljóta að hafa í för með sjer mikil útgjöld fyrir landssjóðinn, bæði í eitt skipti fyrir öll og árlega, ef þau verða samþykkt. Skal jeg sjerstaklega benda á frumv. um stofnun holdsveikraspítala, sömuleiðis frv. um brúargjörð á Blöndu, sem lögð hafa verið fyrir þessa deild, og frumv. um gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík, sem lagt hefir verið fyrir efri deild, þó sá kostnaður verði líklega ekki mikill, ef samþykkt verður uppástunga stjórnarinnar um afnám Möðruvallaskóla.

Að því er snertir fjárhag landssjóðs í árslok 1894, skal jeg geta þess, að eptir lauslegri áætlun mun tekjuafgangurinn það ár hafa verið um 67,000 kr.

Það má því segja, að fjárhagur landsins standi vel, og finnst mjer þetta gleðiefni fyrir þingið, er það gengur að starfi sínu.

Klemens Jónsson (1. þm. Eyf.) stakk upp á 7 manna nefnd í málið. Var hún samþ. og í hana kosnir:

Guðj. Guðlaugsson	með	18	atkv.
Pjetur Jónsson	—	18	—
Sig. Gunnarsson	—	14	—
Þórh. Bjarnarson	—	14	—
Tr. Gunnarsson	—	13	—
Þórður Thoroddsen	—	12	—
Jón Jónss., þm. A.-Sk.	—	11	—

1. umr. frestað.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1892 og 1893 (C. bls. 41); 1. umr.

Landshöfðingi gat þess, að í frumv. væri prentvilla, þar sem peningaforði landssjóðs 31. desember 1893 væri talinn 230,210 kr. 75 a. í st. f. 239,210 kr. 75 a.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.) stakk þá upp á 3 manna nefnd í málinu,

ATKV.GR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Einar Jónsson	með	20	atkv.
Jón Jensson	—	20	—
Ólafur Briem	—	20	—

1. umr. frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. bls. 77); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.) stakk upp á, að vísa þessu máli til reikningslaganefndarinnar, og var það samþ. með nægum atkvæðafjölda.

1. umr. frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. bls. 78); 1. umr.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.) stakk upp á að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar og var það samþ. í e. hlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 90); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að eptir að frumv. þetta var samið, hafa mjer borizt margar beiðnir um kaup á þjóðjörðum. Jeg býst við, að nefnd verði skipuð í málinu og skal jeg þá afhenda henni öll bónarbrjef, sem til mín hafa komið, svo hún geti tekið þau til meðferðar ásamt frumvarpinu.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.) stakk upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndin samþ. og í hana kosnir:

Þorl. Guðmundsson	með	13	atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	12	—
Björn Sigfússon	—	10	—
Ólafur Briem	—	9	—
Jens Pálsson	—	8	—

1. umr. frestað.

Frv. til laga um brúargjörð á Blöndu (C. bls. 98); 1. umr.

Björn Sigfússon: Jeg er þakklátur h.

stjórn fyrir að hún hefir komið með þetta frumv. Hún hefir með því sýnt, að henni er alvara að vinna með þinginu að samgöngubótum í landinu. Eins og menn muna, var fyrir nokkrum árum brúarstæðið á Blöndu skoðað af sænskum verkfræðing, að nafni Sivertson. Áætlun sú, er hann gjörði yfir brúarkostnaðinn, mun hafa verið töluvert hærri en sú, sem þetta frv. byggir á. Finnst mjer því ástæða til að skipuð verði nefnd til að bera áætlanir þessar saman og yfir höfuð til að athuga og yfirvega málið, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Björn Sigfússon með 15 atkv.
Tr. Gunnarsson — 13 —
Klemens Jónsson. — 9 —

Fyrstu umr. frestað.

Fjórði fundur, 4. júlí, kl. 9 f. hád. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema Jens Pálsson, sem hafði tjáð forföll, og Eiríkur Gíslason.

Forseti lagði fram þessi skjöl:

1. Þingmálafundargjörðir úr Austur-Skaptafellssýslu, að Papós.
2. Þingmálafundargjörðir úr Borgarfjarðarsýslu, að Akranesi og Grund.
3. Þingmálafundargjörðir úr Þingeyjarsýslu, að Einarsstöðum og Skútustöðum.
4. Bænarskrá um löggilding hafnar við Flatey á Skjálfanda.
5. Bænarskrá með 2 fylgiskjölum um 5000 kr. fjárstyrk til sjúkrahússbyggingar á Sauðárkrók.
6. Þingmálafundargj. úr Skagafjarðarsýslu.

Frumv. til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum (C bls. 121); 1. umr.

Eptir uppástungu h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) var samþ. að setja 5 manna nefnd í málið, og voru þessir kosnir: Þ. Thoroddsen með 15 atkv., Valtýr Guðmundss., Þórður Guðmundss. og Þorl. Guðmundss., hver með 9 atkv., og Jón Þórarinsson með 7 atkv.

Var 1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C bls. 110); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Áður en mál þetta verður sett í nefnd, vil jeg leyfa mjer að fara um það fáum orðum með dálítilli hliðsjón af málinu næst á undan. Jeg get ekki verið samdóma stefnu stjórnarinnar í þessu síðara máli, því jeg álít það varhugavert, jafnvel ómannúðlegt, að leggja á holdsveika menn þá lögþvingun, sem frumv. fer fram á, einkum af því, að það bregður fyrir í ástæðum stjórnarinnar, að grundvöllurinn, sem hún byggir á, sje ekki sem tryggastur. Sóttnæmin, sem lögþvingunin byggist á, virðist ekki vera svo skýlaust sönnuð. Þessu til sönnunar skal jeg benda á tvær setningar í ástæðum stjórnarfrumvarpanna.

Önnur setningin er á bls. 3 ofarlega, í ástæðum stjórnarinnar fyrir byggingu spítala handa holdsveikum; þar stendur: »Þar eð sjúkdómurinn að allra áliti er »sóttnæmur, er mjög hætt við, að hann »breiðist enn þá meira út« o. s. frv.

En í hinni setningunni, upphafinu á ástæðunum fyrir þessu frumv., er sagt: »Það er hin algenga skoðun, er byggð »er á vísindalegum rannsóknum og »athugunum, að holdsveikin sje að »minnsta kosti undir vissum kringum»stæðum næmur sjúkdómur«.

Það er auðsjeð, að það er dálítið annað sagt í fyrri setningunni en hinni síðari. Jeg held að það sje ekki rjett, að segja, að það sje hin algenga skoð-

un, að sjúkdómur þessi sje sóttnæmur, og því verð jeg að segja, að það sje varúðarvert að veita hjeraðslæknum, sveita- og bæjarstjórnum með samþykki amtmanns vald til að flytja holdsveika menn á slíkar einangrunarstofnanir, og það þó hinum holdsveiku sje það nauðugt, og þeir geti unnið fyrir sjer. Það væri sama sem að setja þessa menn, sem ekkert hafa til sakar unnið, í æfilangt varðhald. Jeg held líka, að hinar norsku einangrunarreglur sjeu ekki eins strangar eins og ákvæði frumvarps þessa.

Þá skal jeg gefa eina litla bendingu um málið í heild sinni, og hún er sú, að verði farið að byggja spítala handa holdsveikum mönnum, þá er, að mínu áliti, að minnsta kosti eins nauðsynlegt, að byggja spítala fyrir brjóstveika menn, því »tuberculose« er ekki hættuminni, heldur miklu hættumeiri en holdsveikin, því þó að holdsveikin sje hryllilegri að ytra útliti, þá er »tuberculose« miklu sóttnæmari, og hættulegri af því, að minna ber á henni og menn vara sig síður á henni, forðast hana ekki eins mikið, en veiki þessi er sjálfsagt að ágerast hjer á landi, eptir skýrslum lækna að dæma.

Þá væri heldur ekki vanþörf á, að setja í samband við þessa stofnun spítala handa geðveikum mönnum, því meðferðin á þeim hjer á landi gengur hneyksli næst.

Þessar fáu bendingar vildi jeg gjöra til athugunar fyrir nefnd þá, sem væntanlega tekur þetta mál til meðferðar.

ATKV.GR.: Málinu eptir uppástungu eins þingd.m. vísað til nefndarinnar í spítalamálinu.

Frv. til l. um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (C bls. 114); 1. umr.

Þórhallur Bjarnarson stakk upp á 5 manna nefnd.

Nefnd samþykkt, og í hana kosnir:

Einar Jónsson	með	17	atkv.
Þórður Thoroddsen	—	14	—
Klemens Jónsson	—	10	—
Þórhallur Bjarnarson	—	9	—
Skúli Thoroddsen	—	8	—

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis- og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar (C bls. 84); 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg hef í raun og veru mjög fáu að bæta við athugasemdirnar við frumvarp þetta. Að eins skal jeg taka það skýrt og skorinort fram, að Akureyrarbær hefir keypt jarðir þær, sem hjer er um að ræða, af því afstöðu þeirra við bæinn er þannig háttað, að þeir aðskildu bæinn í tvo hluti, og eins og gefur að skilja, var það töluverðum örðugleikum bundið fyrir bæinn og stóð honum fyrir þrifum, að eiga ekki jarðir þær, sem þannig lágu að honum. En skilyrðið fyrir því, að bærinn geti haft full not af kaupi jarða þessara, er það, að hann fái full yfirráð yfir þeim, fái þær inn undir bæjarfjelag sitt og lögsagnarumdæmi. Það er þegar allt undir búið til þess, að fá þær undir bæjarfjelagið, en samþykki alþingis þarf til þess, að fá þær lagðar undir lögsagnarumdæmi bæjarins.

Eins og h. deild er kunnugt, var fyrir 2 árum leitað samþykkis þingsins um, að leggja 4 jarðir undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur; út af þessu spunnust þá allharðar umræður, og málinu lyktaði svo, að að eins tvær af jörðum þessum voru lagðar undir lögsagnarumdæmi bæjar þessa. En andróðurinn var þar einkum sprottinn af því, að viðkomandi sýslunefnd og hreppsnefnd voru málinu mótfallnar. En hjer er allt öðru máli að gegna; hjer er fullkomið samkomulag milli allra málsaðila.

Bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi hafa komið sjer saman um, að jarðir þær, sem frumv. nefnir, sjeu lagðar undir kaupstaðinn með því skilyrði, að kaupstaðurinn taki að sjer 1/8 hluta af fátækrabyrði þeirri, er við árslok 1894 hvíldi á hreppnum. Enn fremur hafa málsaðilar þegar komið sjer saman um, hverjir af sveitarlimum Hrafnagilshrepps skuli falla til Akureyrar. Jeg skal og geta þess, að sýslunefndin hefir samþykkt að sínu leyti mál þetta eins og það liggur hjer fyrir.

Þar sem málinu er þannig komið, sýnist mjer það svo óbrotið, að engin þörf sje á, að skipa nefnd í því, en vona að það geti gengið umræðulítið gegnum þingið.

Til frekari skýringar málinu skal jeg taka það fram, að það hefir komið til tals í bæjarstjórn Akureyrar, hvort eigi mundi vera ástæða til að takmarka nokkuð verzlunarlóð bæjarins, láta takmörk hennar ekki falla saman við takmörk lögsagnarumdæmis bæjarins, því að þar er engin nauðsyn til, og ekki einu sinni algengt, að verzlunarlóð og lögsagnarumdæmi kaupstaða þurfi að falla saman; þannig er í Reykjavík verzlunarlóðin miklu minni en lögsagnarumdæmið, og var þó lóðin aukin að miklum mun með lögum 15. jan. 1892. Það er þó ekki svo mjög vegna tolleptirlitsins, eða af ótta fyrir því, að það mundi verða örðugt, þótt verzlunarlóð bæjarins yrði jafn-víðtæk og lögsagnarumdæmi hans, að bæjarstjórnin taldi ráðlegt að takmarka verzlunarlóðina, heldur vegna löggæzlunnar. Löggæzlueptirlitið mundi verða stórum erfiðara, ef verzlunarlóðir yrðu reistar fyrir ofan brekkurnar. Reyndar þarf varla að búast við, að til þessa komi að sinni, og mun jeg því ekki gjöra þetta atriði að beinu kappsmáli. En þótt sú breyting yrði gjörð á frumv., að ákvæði væru sett í það um það, að þessi verzlunarlóð Akureyrar yrði látin halda sínum fornu takmörkum, að viðbættri spildunni milli Akureyrar og Oddeyrar frá brekkubrúnum, þá má hæglega koma slíku að með breyt.till., og er fyrir þá sök engin þörf á, að skipa nefnd í málið.

Að endingu skal jeg minnast á það, að það mun ekki algengt íslenzkt mál, að segja, eins og í frumv. stendur: »með hjáleigunum Barð og Hamarkot«. Það lítur þó út fyrir, að þetta sje ekki prentvilla, því að á sama hátt er að orði komizt í athugasemdunum við frumv.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Fimmti fundur, laugardag 6. júlí kl. 12 á h. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess að fram yrði lagt á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Vestur-Skaptafellssýslu að Langholti í Meðallandi.
2. Áskorun frá Árnesingum um breyting á laxveiðilögunum.
3. Bænarskrá frá Jóhanni Jónssyni aukapósti um fjárstyrk.
4. Bænarskrá frá Tálknfirðingum um að Tálknafjörður verði tekinn upp á ferðaáætlun strandferðaskipanna.
5. Þingmálafundargjörðir úr Barðastrandarsýslu að Brjámslæk.
6. Þingmálafundargjörðir frá Kollabúðafundi.
7. Þingmálafundargjörðir frá Mýrasýslu.
8. Þingmálafundargjörðir frá Norður-Múlasýslu.
9. Þingmálafundargjörðir frá Þingvallafundi.

10. Skýrsla um alþýðu og gagnfræðaskólann í Flensborg.
11. Erindi frá sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um brúargjörð á Langá (fylgiskj.)
12. Þingmálafundargjörðir úr Suður-Múlasýslu að Höfða, Þingmúla, Eiðum og Eydölum.
13. Þingmálafundargjörðir frá Ísafirði.
14. Þingmálafundargjörðir úr Árnessýslu að Hraungerði.
15. Þingmálafundargjörðir úr Austur-Skaptafellssýslu að Hofi í Öræfum.
16. Bænarskrá úr Selvogshreppi um aukalækni á Eyrarbakka ásamt meðmælum sýslumannsins í Árnessýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar.
17. Bænarskrá frá Ólöfu Hjálmarsdóttur yfirsetukonu um fjárstyrk af almannafe (með 3 fylgisk.)
18. Bænarskrá frá sjera Helga Arnasyni í Ólafsvík um endurgjald á prestsmötu og tekjumissi.
19. Bænarskrá frá Jóni B. Thorarensen frá Stórholti um styrk til að læra «stenografi» erlendis.

Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C.20); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu; og var það fellt með 10:5 atkv. Forseti gat þess þá, að hann yrði að álíta að það kæmi í bága við ákvæðin í stjórnarskránni og þingsköpunum að hafa fleiri en eina umræðu um málið. Tók hann fram, að það sjerílagi væri 21. gr. sbr. við 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem hjer hlyti að koma til greina, og hvað þingsköpin snerti 20. gr. þeirra sbr. við 21. gr. Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hjer ræddi um, væru sem sje atriði, sem að efninu til innihjeldi breytingu á stjórnarskránni, en slík ákvæði mættu ekki koma inn í lagafrumvörp, nema þau væru nefnd frumvörp til stjórnarskipunarlaga, og þá þvi síður inn í þingsályktunartillögur, sem meðhöndla skyldi í tveimur umræðum eptir reglunum um 2. og 3. umræðu lagafrumvarpa samkvæmt 21. gr. þingskapanna.

Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk., kvað þetta úrskurð frá forsetastólnum, sem hann fyrir sitt leyti gæti eigi skoðað lögum samkvæman; þó mundi hann, eptir því sem málið horfði við, eigi gjöra þetta að kappsmáli, heldur beygja sig undir úrskurð forseta.

Var þá borið undir atkvæði á ný, að hafa eina umræðu um tillöguna og það samþykkt með 14 : 1 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um samgöngumálið (C.21); hvernig ræða skuli.

Ein umræða var samþykkt í einu hljóði.

Sjötti fundur, mánudag 8. júlí, kl. 12 á hád.

Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess að fram yrði lagt á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Snæfellsnessýslu.
2. Þingmálafundargjörðir úr Vestmannaeyjum.
3. Beiðni frá ábúandanum á þjóðjörðinni Glúmstöðum um að fá tjeða jörð keypta.
4. Bænarskrá frá Ísfirðingum til alþingis um að kaupmönnum verði með lögum gjört að skyldu, að borga verkamönnum sínum öll verkalaun í peningum.
5. Bænarskrá frá íbúum Súðavíkurhrepps um að alþingi semji og staðfesti lög til varnar skepnudauða af hvaláti (3 fylgiskj.).
6. Bænarskrá 2. þingm. N.-Múl. um styrk til fyrirhugaðs kvennaskóla á Austurlandi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Islands (C. 23.); 1. umr.

Þá er umræður um þetta mál byrjuðu, gekk forseti úr sæti sínu, og skoraði á varaforseta að ganga til forsetasætis og stjórna umræðunum.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Af því að jeg er einn af flutningsmönnum frumv. þessa, skal jeg leyfa mjer að fara um mál þetta fáum orðum. Eins og h. d. er kunnugt, var frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands samþykkt á alþingi 1893, og síðan var hið sama frumv. samþykkt að nýju, að afstöðnum kosningum, á aukaþinginu 1894; en stjórnarskipunarlögum þessum hefir stjórnin síðan synjað staðfestingar, svo sem sjá má af rhbr. 10. nóv. f. á.

Jeg held nú að vísu, að þessi lagasynjun stjórnarinnar hafi að einu leytinu hvorki komið mjer nje öðrum h. þm. mjög á óvart, því að stjórnin hafði þegar í kgl. augl. til Íslendinga 15. des. 1893 lýst því ótvírætt yfir, hvernig hún liti á mál þetta og hvers vjer mættum vænta, og þar sem sama stjórnin sat enn við stýrið, þegar frumv. 1894 var lagt fyrir konung til staðfestingar, þá var það ekki nema eðlilegt, að stjórnin veitti sömu svörin, eins og í kgl. augl. 15. des. 1893; það var ekki nema eðlilegt, segi jeg, af því, að vjer þekkjum það af reynslunni, að þó að margt megi að stjórninni finna, þá skal enginn bregða þeim herrum, sem í stjórninni eru, um það, að þeir haldi ekki orð, þegar um lagasynjanirnar er að ræða, eða að þeir láti sjer fyrir brjósti brenna, að virða að vettugi tillögur alþingis Íslendinga; já, meira að segja, stjórnin hefir stundum gert meira í því efni, en hún hefir lofað, og er t. d. skemmst á að minnast, að fulltrúi hennar lofaði því hjer á þinginu 1891, eins og Alþingistíðindin með sjer bera, að styðja að því við stjórnina í Khöfn, að vjer fengjum hjer lagaskóla, en — mælti svo kröptuglega á móti því í brjefi sínu til ráðherrans!

En þó að mjer að þessu leytinu eigi kæmi synjun stjórnarinnar svo mjög óvænt, þá kom mjer, og sjálfsagt mörgum öðrum, það að hinu leytinu mjög óvænt, að stjórnin í synjunarbrjefi sínu frá 10. nóv. f. á. skyldi láta sjer nægja, að skýrskota til auglýsingarinnar 15. des. 1893; mjer kom það óvænt af því, að í kgl. augl. 15. desbr. 1893 sje jeg engar ástæður, ekkert nema kreddurnar gömlu um »einingu ríkisins«, og svo fyrirsláttinn um það, að stjórnarskrárbreytingin sje óþörf, og stjórnarskráin frá 5. jan. 1874 sje full-viðunandi fyrir oss Íslendinga, eins og hún er. —

En að því er fyrst snertir alríkiseininguna, og hættu þá, sem henni, að stjórnarinnar áliti, á að vera búin af stjórnbóta-tilraunum Íslendinga, þá hefir það af Íslendinga hálfu verið marg-sýnt og sannað, að vjer höfum jafnan gætt þess í allri vorri stjórnarbaráttu, að halda kröfum vorum innan þeirra vjebanda, sem stöðulögin, rjett skilin, afmarka, og stjórnin hefir orðið að skapa sjer alveg sjerstaka skýring á þeim, til að geta fengið þann skilninginn á þeim, sem hún þurfti á að halda, því að það sjer þó hver maður, að þó að stöðulögin, byggjandi á því »faktiska« ástandi, sem var, þegar þau voru út gefin, tali um æðstu stjórn Íslands sjerstöku mála í Khöfn, þá hefir það ekki verið meiningin, að þau vildu slá því föstu, að einmitt þar í Khöfn, og hvergi annarsstaðar, ætti æðsta stjórn Íslands sjerstöku mála að vera um aldur og æfi; nei, hjer er sannarlega ekki um annað að tala en um eina af þessum alræmdu lögskýringum, sem komið hafa

fram í Danmörku í hinni pólitisku óáran, sem þar hefir verið, þar sem stjórnin hefir skýrt lögin að eins eptir því, sem henni sjálfri var hagkvæmast í þann eða þann svipinn, til þess að hnekkja pólitiskum mótstöðumönnum. — Og þá er hitt ekki síður marg-hrakin kredda, að hin sjerstaklegu löggjafarmálefni Íslands eigi að ræðast í ríkisráði Dana, og liggi þannig eigi undir úrskurð Íslandsráðherrans eins, heldur og undir atkvæði annara danskra ráðherra konungs, enda dylst það víst engum, að væri sá skilningur rjettur, þá væri stjórnarskráin 5. jan. 1874 í raun og veru þýðingarlaus, því að það væri líkast því, að taka það með annari hendinni, sem gefið er með hinni; það væri þá ósatt, sem stendur í stjórnarskrá vorri, að Ísland hafi löggjöf og stjórn sinna sjerstaklegu mála út af fyrir sig, ef allir hinir dönsku ráðherrar konungs ættu atkvæði um þau eptir sem áður. —

En þar sem það er nú sýnt og sannað, að þessi synjunar-ástæða stjórnarinnar, sem byggð er á alríkis-einingunni, er ekkert annað en ósönn stjórnarkredda, byggð á helberri rangfærslu á ákvæðum núgildandi stjórnarskrár og stöðulaga, þá er næst að kryfja hina synjunar-átyllu stjórnarinnar til mergjar, sjá, hvort kenning hennar um ágæti núgildandi stjórnarskráar vorrar, og stjórnar-ástands, muni vera sannari en alríkis-einingar-kreddan.

Eins og jeg drap á áðan, þá er það stjórnarinnar kenning, að stjórnarskrárbreytingin sje óþörf, og að stjórnarskrá vor sje fullgóð og viðunandi, svo að íslenzka þjóðin geti hennar vegna tekið fullum framförum, og þetta á máske þannig að skilja, að stjórninni þyki ekki mikils af Íslendingum að vænta, en að flest sje þeim full-gott.

En það verð jeg þó að leyfa mjer að segja, að ókunnugur maður í erlendu landi, sem ekki þekkir annað til landshaga og landsþarfa vorra en það sem landshöfðingjanum þóknast að skrifa honum undan og ofan af, hann er að mínu áliti sannarlega ekki fær um að kveða upp slíkan dóm; maður, sem eins og Nellemann, hinn núverandi ráðherra Íslands, aldrei hefir látið sjer svo annt um Íslands mál, að hann hafi einu sinni stigið fæti sínum inn fyrir dyr hinnar ísl. stjórnardeildar í Khöfn, hvað þá heldur meira, hvernig á hann að vita það betur en þjóðkjörnir fulltrúar Íslendinga sjálfra, hvar skórinn kreppir að, og hvað heillavænlegast og hagkvæmast er fyrir landið? Hvernig á hann að vera fær um, svo þjóð vorri standi heill af, að skera úr þjóðar-þörf vorri, og það þvert ofan í það, sem fulltrúar þjóðarinnar sjálfrar álíta bezt og rjettast? En þessi synjunar-viðbára stjórnarinnar getur mjer annars tilefni til þess, að minnast á hið pólitiska ástand hjer á landi, gefur mjer tilefni til að minnast á stjórnarskrána frá 5. jan. 1874, eins og henni hefir beitt verið í framkvæmdinni, og eins og stjórnin telur lagalega rjett, að henni sje beitt.

Jeg skal þá fyrst drepa á ábyrgðarleysi það, sem stjórnarskráin heimilar stjórninni, hvernig sem henni þóknast að haga sínum gjörðum, ef stjórnarskráin sjálf er ekki beina leið brotin; þetta ábyrgðarleysi er sá agnúi á hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi, sem þjóð vor finnur til einna sárast, því að einmitt sakir þessa ábyrgðarleysis stjórnarinnar hefir þjóðin orðið að greiða fje úr eigin vasa, ekki svo hundruðum eða þúsundum, heldur svo tugum þúsunda skiptir; fátækri þjóð, sem svo ótal margt á ógert, sárnar það að vonum, að geta engri ábyrgð komið fram á hendur þeirri stjórn, sem með eptirlitsleysi sínu

sóar fje landsmanna svo tugum þúsunda skiptir, svo sem átti sjer stað í hinu svonefnda Vensmarcksmáli, því að þar fór eptirlits- og ábyrgðarlaus stjórn, sakir óhagkvæms stjórnarfyrirkomulags, með ríflega reiknaðan aukaþings-kostnað úr vasa hinnar íslenzku þjóðar. Jeg minnist á þetta dæmi af því, að mörgum af þeim, sem eru á móti endurskoðun stjórnarskrárinnar, vill opt verða svo skrafdrjúgt um aukaþinga-kostnaðinn; en hvað segja þeir um þennan kostnað, og annan þvílíkan? Er hann kannske svo lítilfjörlegur, að það taki því ekki að tala um hann? Eða er hann svo arðvænlegur fyrir þjóðina, að sjálfsagt sje að þola hann með þögn og þolinmæði? Þá er og annað dæmið, þar sem ábyrgðarleysi stjórnarinnar getur bakað þjóð vorri nokkurra aukaþinga kostnað, og það er hið svonefnda Skúlamál, sem mjer er eigi óskylt nje ókunnugt um; en einnig í því máli myndi þjóðin hafa óskað, að fje sitt væri sparað, og að stjórnin bæri lagalega ábyrgð sinna gjörða.

En jeg ætla ekki að þreyta h. d. á því, að telja upp fleiri einstök mál, þar sem ábyrgðarleysi stjórnarinnar hefir orðið þjóðinni kostnaðarsamt, enda veit jeg, að sú hugsun vakir lifandi fyrir beztu mönnum þjóðarinnar, og að þeir eru fáir svo blindir, að ekki sjái þeir það, að ábyrgðarleysið eitt hefir bakað, og getur bakað, þjóð vorri þegar minnst vonum varir í beinhörðum útgjöldum margfaldan aukaþingskostnað.

En það er ekki einungis ábyrgðarleysi stjórnarinnar, sem gjörir það svo örðugt fyrir þjóðina, að una við stjórnarskrána frá 5. jan. 1874 og stjórnarfyrirkomulagið eins og það er. Lagasynjanirnar gjöra sitt til, að auka á óánægjuna, og gjöra oss Íslendingum ástandið óþolandi. Ár frá ári er það að ágjörast, að stjórnin synjar staðfestingar lögum þingsins, og virðir ályktanir þess að vettugi; en hvað heldur h. d., að það kunni nú að svara mörgum aukaþingakostnaðinum að sjá meira og minna af starfi þingsins eyðilagt ár frá ári? Og hver áhrif hlýtur það ekki að hafa á þingið og þingstarfið, að þingmenn verða að vinna að málefnum þjóðarinnar með þeirri meðvitund, að verið sje að vinna fyrir gíg, þar sem yfir þinginu stendur ábyrgðarlaus ráðgjafa- og ábyrgðarlaus landshöfðingja-vilji með óskoruðu valdi til að segja: hingað og ekki lengra, valdi, sem þinginu er fullkunnugt um, að ekki er hlíft við að beita, þegar svo býður við að horfa?

Og halda h. háttv. þingmenn, að við, sem hjer erum staddir í þessum þingsal, myndum eigi starfa að þingmálunum með meiri áhuga, meiri einlægni og bróðurhuga, ef vjer gætum unnið að málum ættjarðar vorrar með þeirri meðvitund, að allt það gott og gagnlegt, sem vjer gætum orðið ásáttir um, fengi fram að ganga, landinu og þjóðinni til heilla og blessunar? Myndi sú meðvitund eigi megna að skapa nýtt líf í hverjum af oss sjerstaklega og í þinginu yfir höfuð? Og myndi þá ekki þingið sjálft verða sú lifandi lind, það an er nýir lífsstraumar bærust út til þjóðarinnar? Jú, vissulega myndi þá margt verða öðru vísi en er, þjóðlífið verða sannara, frjálsara og betra; og það er þessa vegna, að þjóðin vill fá breytt því stjórnarástandi, sem er, svo að hún geti notið kraptanna betur, sem nú eru í dróma, geti losnað við hin lamandi og spillandi áhrif, sem hið núverandi stjórnarfyrirkomulag hefir á þjóðlífið, geti losnað við þann margfalda aukaþingskostnað, sem lagasynjanirnar leggja þjóðinni á herðar.

Og lítum vjer loks á áhrif hins núverandi stjórnarfyrirkomulags, að því

er embættaveitingar snertir, þá sjáum vjer, að afleiðingin af því, að embættaveitingavaldið er í höndum erlends ráðherra, er sú, að æðstu og bezt launuðu embættin eru notuð sem verðlaun, ekki fyrir það, að hafa unnið þjóð sinni gagn, heldur fyrir það, að framtylgja þeim kreddum, sem stjórnin vill leiða hjer inn, og opt eru landinu skaðlegar. Stjórnarfyrirkomulagið leiðir þannig til »demoralisationar«, það hefir siðspillandi áhrif, fyrst og fremst á embættismennina, og ekki einungis á þá, heldur líka á aðra, »því hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það«; með öðrum orðum, stjórnarfyrirkomulagið veitir straumum óeinlægni og undirlægjuanda inn í allar stjettir þjóðfjelagsins, meira eða minna. — Og einnig þetta mætti sannarlega meta á borð við eigi fáa aukaþingskostnaði.

En hvað þýðir að telja upp alla þá agnúa, sem eru afleiðing hins núverandi stjórnarfyrirkomulags; h. þm. þekkja þá eflaust, og finna til þeirra ekki síður en jeg; en það, sem nú er talið, nægir til að sýna, að sú viðbára stjórnarinnar, að stjórnarskrárbreytingin sje óþörf, er í fyllsta máta ósönn.

Jeg hefi nú leitazt við að sýna, að mótbárur stjórnarinnar gegn stjórnarskrárbreytingunni sjeu ástæðulausar og ósannar; en stjórnin hefir valdið, segja menn, og hún ætlar sjer að beita því, til þess að þreyta þjóðina; satt að vísu, valdið hefir hún, og því hefir hún beitt; en jeg held nú samt, að það sje valt fyrir stjórnina að treysta því, að þjóðin muni þreytast, eða gefast upp. Það getur að vísu komið hik á einstök kjördæmi í svip, en á hinn bóginn er þörfin á stjórnarbreytingunni svo knýjandi, að þetta hik getur ekki orðið nema rjett í svip, og svo mun þjóðin rísa upp einhuga að nýju, og bera fram sjálfsstjórnarkröfur sínar með enn meira afli og fylgi en áður.

Stjórnin hefir nú að vísu þegar tvívegis neitað staðfestingu á stjórnarskrárfrumv. þessu, og sagt oss, að hún vilji af engum breytingum vita; en jeg held þó að fullt eins mikil ástæða sje til að ætla, að stjórnin muni þreytast á synjunum sínum, eins og þjóðin að halda fram rjettmætum kröfum. Vjer treystum allir sigri hins sanna og góða, og því höfum vjer fulla ástæðu til að vona, að stjórnin mun fyr þreytast að stríða gegn góðu máli og nauðsynlegu, en þjóðin að berjast fyrir því.

En mestu skiptir, að vjer fylgjum málinu staðfastlega og einhuga; að vísu getur ágreiningur risið upp meðal vor um það, hvern veg sje heppilegast að velja, til þess að koma þessu áhugamáli voru fram og sigra mótspyrnu stjórnarinnar; en komi slíkur ágreiningur upp, þá ber oss öllum að hafa það hugfast, að reyna, málefnisins og ættjarðarinnar vegna, að jafna hann í bróðerni, og um fram allt deila ekki þannig, að það verði vopn í höndum stjórnarinnar og mótstöðumanna málsins.

Mál þetta er að vísu orðið margrætt hjer á þingi, en af því að hjer er jafnhliða frumv. komin fram þingsályktunartillaga, sem fer fram á, að nýir vegir sjeu reyndir, eða aðferðinni í sjálfsstjórnarbaráttunni breytt, og af því, að jeg álít, að miklu varði, að þetta atriði sje íhugað vandlega, legg jeg það til, að 7 manna nefnd sje skipuð í málið.

Landshöfðingi: Áður en tillaga flutningsmanns um nefndarkosningu, sem skýtur loku fyrir allar umræður um mál þetta, er borin undir atkvæði, skal jeg leyfa mjer að mæla fáein orð einungis til þess, að bera af mjer áburð af hálfu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.).

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði lofað á þingi, að leggja til með þingsályktun um lagaskóla. (*Sk. Th.*: Alþingistíðindin). Jú, jeg hef þau liggjandi hjer fyrir framan mig, og at þeim má sjá, að jeg á þinginu 1891, þegar lagaskóla- eða háskólamálið var til umræðu hjer í deildinni, tók það fram, að jeg væri ekki algjörlega mótfallinn innlendri lagakennslu, ef mjer líkaði fyrirkomulag hennar, en jeg lofaði alls ekki að styðja stofnun lagaskóla. Á þinginu 1893 var sett nefnd í háskóla- eða lagaskólamálinu, og gjörði hún uppástungu um, að hjer á landi skyldi komið á kennslu í íslenzkum lögum handa þeim, sem hefðu tekið próf í lögum við háskólann. Þessa tillögu mundi jeg hafa stutt, eins og jeg tjáði nefndinni, og í samræmi við það, sem jeg hafði sagt á þinginu 1891, en sú tillaga var felld hjer í deildinni.

Hitt er ranghermi, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) bar fram, að jeg hefði lofað að styðja stofnun lagaskóla hjer á landi, og hef jeg því ekki getað brugðizt því loforði, sem jeg aldrei hef gefið.

ATKV.GR.: 7 manna nefnd samþykkt í e. hlj.

Valtýr Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að gera þá fyrirspurn, hvort h. forseti, sem nú situr á þingmannabekkjunum, hafi atkvæðisrjett hjer í deildinni.

Benedikt Sveinsson (forseti): Viðvíkjandi þessari fyrirspurn h. þm. Vestm. (V. G.), skal jeg láta í ljósi, að jeg, eins og áður, mun hiklaust greiða atkvæði á þingmannabekknum, sem þingmaður Norður-Þingeyinga, nema því að eins, að h. þingd., með atkvæðafjölda, fyrirmuni mjer, að neyta atkvæðisrjettar míns.

Valtýr Guðmundsson: Jeg verð að skilja þingsköpin svo, að forseti geti aldrei haft atkvæðisrjett. Í 5. gr. þingskapanna stendur: »Vilji hann (o: forseti) taka nokkurn frekari þátt í umræðunum en fylgir af stöðu hans sem forseta, verður hann *á meðan* að víkja úr forsetasæti fyrir varaforsetanum. *Forsetinn tekur eigi þátt í neinni atkvæðagreiðslu*«. Þessi orð get jeg ekki skilið öðruvísi en svo, að forsetanum sje að eins veitt heimild til að *taka þátt í umræðum* eða með öðrum orðum veitt heimild til að *tala*, og láta skoðun sína í ljósi um þau mál, er fyrir liggja til umræðu, en megi ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, og verði því að taka aptur sæti í forsetastólnum, jafnskjótt og atkvæðagreiðslan hefst, ef hann annars er viðstaddur. Samkvæmt 6. gr. þingskapanna á varaforseti að eins að gegna forsetastörfum í *forföllum* forseta, en forfallaður álít jeg ekki að forsetinn sje, þegar hann er viðstaddur heill og ósjúkur í sjálfum þingsalnum. Að orðið »forseti« í 5. gr. eigi að skiljast um þann, sem í hvert skipti situr í forsetasætinu, álít jeg geti eigi komið til neinna mála, heldur einmitt um aðalforsetann, en sje aðalforsetinn forfallaður, þá er varaforsetinn auðvitað háður sömu lögum sem hann, eins í því að missa atkvæðisrjettar síns sem öðru.

Benedikt Sveinsson (forseti): Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg álít nú, eins og áður, að forseti hafi atkvæðisrjett, þegar hann skipar ekki forsetasæti.—Þetta byggi jeg bæði á anda og orðum þingskapanna, og svo hlutarins eðli. Andi þeirra ákvæða þingskapanna, sem lúta að þessu atriði, kemur beint fram í 6. gr., þar sem sagt er, að varaforseti, þá er hann skipar forsetasætið, gangi að öllu leyti í forseta stað. Þar af leiðir af sjálfu sjer, að forseti hefir þá öll þau sömu þingmannsrjettindi og varaforseti hafði áður en hann settist í sætið. Í 5. gr. stendur, að forseti megi taka þátt, ótakmarkað, eins og honum sjálfum líkar, í umræðunum. En um-

ræða á þessum stað þýðir og hlýtur að þýða sama sem í 12., 13. og 14. gr. (fyrsta, önnur og þriðja umræða), og því ekki að eins ræður þær, sem haldnar kunna að vera á undan atkvæðagreiðslunni, heldur einnig, og það sjer í lagi, atkvæðagreiðsluna sjálfa, með öðrum orðum, alla meðferð málsins frá byrjun til enda samkvæmt dagskrá þess sama dags. — Að atkvæðagreiðslan sjálf sje innifalin í orðinu: umræða, sjest bezt af því, að umræðan er jafn-lögfull fyrir því, þó ekkert orð sje talað á undan henni, en aldrei lögfull fyrri en atkvæðagreiðslan kemur til, hvað langar ræður sem haldnar eru. Með öðrum orðum: atkvæðagreiðslan er tilverueinkenni umræðunnar.

Forsetinn í 5. gr. þýðir því ekki einasta samkvæmt anda laganna og hlutarins eðli sá forseti (jafnt varaforseti og aðalforseti), sem í það og það skiptið skipar forsetasætið, heldur beint eptir orðasambandi greinarinnar sjálfrar. Hlutarins eðli,—sem maður yrði að fara eptir, jafnvel þó tvenns konar skilningur á orðunum væri mögulegur — er vafalaust og ómótmælanlega það, að hver þingdeildarmaður, sem engin sjerstök völd hefir á hendi, þegar atkvæðagreiðslan fer fram, er geti riðið bága við hana, eða haft sjerstök áhrif á hana, einnig megi njóta allra sömu rjettinda, og hafi sömu skyldur við atkvæðagreiðsluna, sem aðrir þingdeildarmenn. — Það er ekki hugsun þingskapa vorra, að aðalforseti megi ekki láta í ljósi fylgi sitt við neina sjerstaka stefnu í þingmálum — þegar hann ekki skipar forsetasætið — og því er honum veitt heimild til hins meira, sem er að halda ræður með eða móti málinu.

Það sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði um forföll forseta — sem sje að þau væru skilyrði fyrir því, að varaforseti gengi í forsetasætið — er þegar af því sem jeg nú hefi sagt, fullkomlega rangt. Hrein og bein orð þingskapanna í 5. gr. binda það ekki við sjúkdóm eða ósjálfráðar hindranir aðalforseta, að varaforseti skipi sætið, heldur er honum (aðalforseta) í sjálfs vald sett, hvenær og að hvað miklu leyti hann vill víkja fyrir varaforsetanum, en jafnskjótt sem hann notar sjer þessa skýlausu og ótakmörkuðu lagaheimild, að vera sem þingmaður á þingmannabekknum, verður hann ómótmælanlega forfallaður frá að skipa forsetasætið, og hafa með höndum rjettindi og skyldur forseta þingsins; því, eins og öllum gefur líklega að skilja, getur aðalforsetinn ekki fremur en aðrir menn verið í tveim stöðum í senn, og þannig vona jeg að heilbrigð skynsemi verði að viðurkenna, að það atvik, að hann eptir skýlausri lagaheimild víkur úr sæti, þegar honum sýnist, hljóti að heimfærast undir forfall, og verði þess vegna eitt og engu síður en sjúkdómshindrun nægilegt til þess, að varaforsetinn gengur að öllu leyti í hans stað — einnig þó aðalforsetinn sje í salnum, gegnandi sem lögfullur fulltrúi kjördæmis síns almennum þingmannastörfum.

Það eru margar fleiri sannanir, sem má færa fyrir því, að þingsköp vor Íslendinga leyfi aðalforseta atkvæðisrjett, þá er hann ekki skipar forsetasætið, en jeg álít, að það sem jeg þegar hefi tilfært, sje næsta nóg til þess að rjettlæta álit mitt fyrir h. þingd., svo eigi verði á móti mælt með skynsamlegum rökum.

Jón Jensson tók það fram, að orðið »umræða« í 5. gr. þingskapanna gæti eigi náð til atkvæðagreiðslunnar, eins og meðal annars samanburður við þær greinar, sem forseti nefnir, 12., 13. og 14. gr., sýndi bezt, sbr. einnig danska textann, þar sem um »umræðu« á fyrri staðnum (5. gr.) er haft »Forhandling«,

en í hinum greinunum »Behandling«. Forseti sje skyldur að gegna sínum störfum, forsetastörfunum, þegar forföll ekki hamla, nema í því einstaka tilfelli, sem þingsköpin nefna, sem sje, að hann vill lýsa skoðun sinni í einhverju máli, þ. e. taka þátt í umræðunni á þann hátt, sem segir í 5. gr.

Var þá borið undir atkvæði, hvort forseti mætti greiða atkvæði, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sighv. Árnason,	Klemens Jónsson,
Sig. Gunnarsson.	Einar Jónsson,
	Björn Sigfússon,
	Eiríkur Gíslason,
	Guðjón Guðlaugss.,
	Guðl. Guðmundsson,
	Halldór Daníelsson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jensson,
	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundsson.

Skúli Thoroddsen og Þórður Guðmundsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hluta.

Forseti gekk þá af fundi og varaforseti úr forsetasæti, en eptir áskorun þingmanna gekk hann þó aptur til forsetasætis og hjelt áfram að stjórna fundinum; og var því næst kosin nefnd í stjórnarskrármálið; þessir hlutu kosningu:

Jón Jensson	með	12	atkv.
Ólafur Briem	—	12	—
Guðl. Guðmundsson	—	11	—
Jens Pálsson	—	11	—
Jón Jónss., þm. A.-Sk.	—	11	—

Einar Jónsson, Pjetur Jónsson, Sigurður Gunnarsson, Skúli Thoroddsen og Valtýr Guðmundsson hlutu 10 atkvæði hver, og var þá varpað hlutkesti um tvo af þeim, og komust þá í nefndina:

Pjetur Jónsson og
Valtýr Guðmundsson.

Fyrstu umræðu var frestað.

Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C. 20); ein umr.

Flutningsmaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg get verið mjög stuttorður um þingsályktunartillögu þá, sem hjer liggur fyrir h. deild, sjerstaklega vegna þess, að í næsta máli hjer á undan, frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku mál Íslands, hefir flutningsmaðurinn minnzt á ýms atriði, sem eins horfa við í þessu máli, er nú liggur fyrir.

H. flutningsm. (Sk. Th.) minntist talsvert á stjórnarhagi vora, eins og þeir eru nú, og hefi jeg ekkert verulegt að athuga við það, sem hann sagði í þá stefnu; en áður en jeg sný mjer að efni þessa máls, vildi jeg gjöra litla athugasemd, er snertir framkomu þessa máls á þingunum 1893 og 1894.

Þegar stjórnarskrárfrumv. var hjer fyrir þinginu síðast, sagði einn h. fulltrúi í Ed., að ekki mundu allir fulltrúar í h. Nd. vera sannfærðir um ágæti frv. eða vera ánægðir með það í öllum greinum. Þetta var að vissu leyti rjett, en á hinn bóginn að vissu leyti rangt. Þetta var þá og er enn rjett að því er snertir ýms hin smærri og þýðingarminni atriði frumv., en það er rangt að því er snertir meginatriði eða undirstöðuatriði frumvarpsins. Jeg fyrir mitt leyti er samþykkur meginatriðunum í frumvarpinu, þó að ýms ákvæði sjeu í því um önnur, í sjálfu sjer þýðingarminni, atriði, sem jeg eigi get fallizt á.

En þau meginatriði, sem enginn ágreiningur er um, og sem jeg hjer bendi til eru: að vjer fáum hin sjerstöku mál landsins aðskilin frá hinum almennu málum

hins danska ríkis, þannig, að hið danska ríkisráð ekki hafi atkvæði um okkar sjerstöku mál eða áhrif á þau, að hin æðsta stjórn okkar sjerstöku mála sje hjer á landi, mæti á alþingi, og beri ábyrgð beinleiðis fyrir neðri deild alþingis fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, og að þessari ábyrgð verði komið fram gegn stjórninni fyrir innlendum dómstóli. Þetta eru kjarnaatriðin í stjórnarskrá hvers einasta lands eða þjóðar, er frjáls vill heita. Sjeu þessi atriði fengin, þá er með því fengið sjálfsforræði. Vanti eitthvert þeirra, þá er sjálfsforræðinu ábótavant að meiru eða minna leyti.

Hvernig þessi atriði eru tryggð með hinni núgildandi stjórnarskrá hjer hjá oss, mun vera öllum ljóst. Jeg skal að eins stuttlega drepa á hvert eitt um sig.

Það getur varla nokkur efi verið á því, að okkar sjerstöku mál eru, eptir okkar gildandi stjórnarskipunarlögum, stöðulögunum og stjórnarskránni, undanskilin öllum afskiptum af hendi hins almenna ríkisvalds. Það er ekki rjett að bera þau upp í ríkisráðinu danska og það á engin áhrif að hafa á þau.— Stjórnarvenjan, sem nú er, að bera okkar sjerstöku mál upp í ríkisráðinu, fer í bága við það stjórnarskrárákvæði, að í sjerstökum málum Íslands á það að hafa löggjöf sína og stjórn »út af fyrir sig«, þó að danska stjórnin og ráðherra Íslands hafi viljað fóðra þessa venju með því, að grundvallarlög Danmerkurríkis væru gildandi, í öllu falli að þessu leyti, fyrir Ísland, þá getur slíkt alls ekki verið rjett. Hjer er ekki staður til að rekja sundur þær ástæður, sem færa má móti þeirri skoðun. Jeg vil að eins benda á eina: Sá konungur, sem 1851 lagði þessi grundvallarlög undir samþykktaratkvæði þjóðfundarins, hefir með því gefið þá skuldbindandi yfirlýsing fyrir sig og eptirkomendur, að þessi lög gildi hjer eigi, því: um gildandi lagaboð þurfti eigi að leita samþykktaratkvæðis.

Að því er ábyrgð hinnar æðstu stjórnar snertir, þá ber ráðherrann að eins ábyrgð á stjórnarskrárbrotum, en er ábyrgðarlaus að öðru leyti. Gegn landshöfðingjanum verður ekki komið fram ábyrgð nema með leyfi ráðherrans.— Þetta eru allsendis ónóg ákvæði og stjórnarábyrgðin nærri þýðingarlaus.

Og enn þá þýðingarminni verður stjórnarábyrgðin við það, að slík mál eru lögð undir lögfræðislegan en ekki pólitiskan dóm, og hann meira að segja útlendan og öllum landsháttum ókunnugan. Það er eigi nein lítilsvirðing við hæstarjett, þó að jeg lýsi því afdráttarlaust yfir, að í slíkum málum getum vjer alls ekkert traust til hans borið.

Í þessum aðalatriðum, sem sjálfsforræði sjerhverrar þjóðar verður á að byggjast, er okkar stjórnarlögum mjög ábótavant og það er naumast til nokkur sá hugsandi maður hjer á landi, sem ekki viðurkennir þetta.

Í þessum meginatriðum var jeg fyllilega samþykkur frumvarpinu frá 1893, og þó að mjer fjellu illa sum önnur ákvæði þess, þá vildi jeg þó vinna til, að beygja mig undir þau, til að afstýra deilum um það sem í sjálfu sjer var þýðingarminna, ef ske kynni að meginatriðin fengjust að einhverju leyti viðurkennd. — Það vakti fyrir mjer, að þótt stjórnin ekki staðfesti frumv., þá mundi hún þó láta af þeim þvergirðingi, sem hún hefir sýnt í málinu, og annaðhvort leggja fram frumvarp af sinni hálfu, eða gera einhver boð til samkomulags, sem jeg fyrir mitt leyti álít hana skylduga til, eða þó að minnsta kosti sýna manni þá kurteisi að greina til rökstuddar ástæður fyrir neitun sinni.

Þessi von þingsins hefir, eins og kunn-

ugt er, að engu orðið. Stjórnin hefir að eins sagt »nei« og borið fyrir enn á ný, að frumv. færi í bága við »alríkiseininguna«. En hún hefir ekki látið svo lítið að skýra frá, hver atriði frv. það eru, sem hafa þennan, í hennar augum, svo voðalega eiginlegleika.

Svo sem málinu horfir nú við, mun enginn sá vera, sem vill slaka til við stjórnina í þessu máli. Það er enginn ágreiningur um aðalatriði málsins, heldur að eins um það, hver vegur nú muni vera heppilegastur til árangurs. Það er að eins í þessu efni, sem flutningsm. frumv. og till. greinir á um, en um efni málsins og stefnu þess er alls enginn ágreiningur.

H. flutningsm. stjórnarskrárfrv. (Sk. Th.) tók fram í ræðu sinni, að í 6 eða jafnvel 7 kjördæmum hefir komið fram á þingmálafundum yfirlýsing frá kjósendum um, að þeir vilji eigi að málinu sje haldið áfram í frumvarpsformi. Á hinn bóginn hefir ekkert hik komið á í því, að fylgja fram sjálfstjórnarkröfum vorum. Að þetta hik hefir komið á menn við frumvarpsleiðina, er mjög skiljanlegt, og liggja til þess margar ástæður og jeg get eigi annað álitið, en að maður hljóti að taka nokkurt tillit til þeirra. Jeg skal í fám orðum minnast á nokkrar af þessum ástæðum. Stjórnarskrárfrv. er stórt og umfangsmikið lagaboð og felur í sjer, fyrir utan kjarnaatriðin, sem jeg nefndi áðan, ýms aðalatriði, svo sem ákvæðin um landstjórann, kirkjufjelagið, skipun þingdeildanna, kosningarrjett o. s. frv. Um þessi þýðingarminni atriði eru mjög skiptar skoðanir og hljóta alltaf að verða, en almenningur kjósenda hefir hvorki næga elju nje lagaþekking til að lesa málið svo grandgæfilega, sem nauðsynlegt er til þess að geta sett sig inn í, hvað eru aukaatriði og hvað kjarnaatriði. Af þessu getur svo auðveldlega leitt það, að menn snúist á móti málinu í heild sinni, af því að þeim finnst eitthvert, ef til vill lítilvægt, aukaatriði óhafandi, en hafa ekki fengið nógu ljósa þekking á málinu, til að sjá, hvað það er, sem mest ríður á og ófrávíkjanlegt er, og hvað aptur minni þýðing hefir. Ljós þekking á málefninu hjá kjósendunum er skilyrði fyrir sterkri sannfæring, en sannfæringin aptur skilyrði fyrir staðfestu í barátttunni. Eitt af því sem þannig gjörir það að verkum, að jeg fylgi fremur ályktuninni en frumvarpinu, að þessu sinni, er það, að jeg álít hana heppilegri í þessa stefnu gagnvart kjósendunum og þjóðinni allri, hún á hægra með að glöggva sig á 3 aðalatriðum, en rekja sundur samband aukaatriða og aðalatriða í jafn-umfangsmiklu lagaboði, eins og frumv. er.

Svo er það, að við getum gengið að því vísu, að frumvarpsleiðina verður árangurslaust að reyna nú á ný. — Það kann að vera, að ályktunin verði það líka og það getur vel reynzt tálvon, að ímynda sjer, að stjórnin taki hana frekar til greina en frumv. í fyrra. Jeg geri mjer engar glæsilegar vonir í þá átt, þó að jeg álíti ályktun líklegri til árangurs en frumvarp. Hjer er ekki um neina stefnubreyting að tala í efni málsins; ályktunin er vægilegri eða kurteisari aðferð til að ná sama marki. Mjer dettur í hug samlíking, sem einn h. þm. brúkaði núna fyrir fáum dögum, þegar við áttum tal um þetta mál: »Ef maður kemur að læstum dyrum, vill komast inn og veit að fólk er fyrir, og telur sig ranglega úti lokaðan, þá verður manni máske fyrst fyrir að sparka í hurðina. Þegar maður er búinn að

því tvisvar eða þrisvar, árangurslaust, þá er reynandi að berja að dyrum einu sinni, og sjá þá, hvort enginn gegnir«. — Við sleppum engum rjetti með þessari aðferð, og þó að stjórnin sýni okkur pólitiska ókurteisi í þessu máli, þá erum við ekki skyldugir til að sýna henni ókurteisi í móti. Reynist þessi vegur árangurslaus, þá stöndum vjer enn betur að vígi til að byrja á nýjan leik.

Síðast, en ekki sízt, skal jeg nefna enn þá eitt atriði, sem er ef til vill eitt hið þýðingarmesta, eins og málið nú liggur fyrir. Að sönnu væri það ekki þungt á metunum, ef nokkur von væri um árangur, en það er mjög þýðingarmikið af því að árangursvon af frumv. er engin, það er, að svo fjarska margir horfa í kostnað þann, sem baráttu þessari er samfara. — Fari svo mót von minni, að af frumv. leiði ósamlyndi og slæm samvinna á þingi í sumar og að þingið svo verði leyst upp og aukaþing haldið á ári komandi, án nokkurs árangurs eða framgangs fyrir málið, þá er jeg sannfærður um, að hik það, sem nú er á mönnum, snýst upp í óvild til og óánægju með stjórnarskrárbaráttuna sjálfa og leiðir til þess, að það verður látið bitna á sjálfu málinu, en æskilegt væri, að þetta væri fyrirbyggt í tíma.

Jeg þarf ekki að taka það fram aptur, sem h. flutningsm. (Sk. Th.) frumv. tók fram, að hvorri aðferðinni sem menn fylgja, þá vona jeg að allir, sem hlut eiga að máli, geri sitt til, að mál þetta dragi ekki neinn ófriðardilk á eptir sjer, því það álít jeg mjög þýðingarmikið. Undir því er kominn sómi þingsins og samvinna og ef til vill framtíð lands vors. Hvað sjálfan mig snertir, skal jeg ekki vekja neinar óþarfar deilur.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að tillögunni sje vísað til nefndar þeirrar, er fengið hefir stjórnarskrárfrumvarpið til meðferðar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg legg til að sjerstök nefnd sje kosin til að fjalla um tillöguna.

ATKV.GR.: Breyt.till. felld með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðj. Guðlaugsson,	Guðl. Guðmundsson,
Pjetur Jónsson,	Halldór Daníelsson,
Sighvatur Árnason,	Jens Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jensson,
Skúli Thoroddsen,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Þórð. Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þórh. Bjarnarson.	Valt. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Till. um að vísa málinu til stjórnarskrárfrumvarpsnefndarinnar samþ. með 14 samhljóða atkv. og umræðunni svo frestað.

Frumvarp til laga um kjörgengi kvenna (C. 25); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Það er, eins og h. þingdeildarm. sjálfsagt muna, gamall kunningi, og datt mjer sízt í hug, þegar jeg skildist við það á þingi 1893, að það mundi heilsa oss hjer aptur; því að þótt lagasynjunum sje beitt af stjórninni, þá er þó til nokkuð sem heitir «diplomatisk Takt» Maður getur skilið það, að stjórnin beiti lagasynjunum, þegar um stórmál er að ræða svo sem breytingu á stjórnarskránni og öðru þvílíku, en að beita þeim í smámálum, það er »diplomatiskt» taktleysi, eða rjett eins og verið sje að espa þjóðina, og sýna henni, hver ráðin og valdið hafi. Frumvarpið hafði mikið fylgi í báðum þingdeildum 1893, og h. landsh. mun vera það

kunnugt að síðan fyrst hefir verið hreift jafnrjettiskröfum kvenna hjer á landi, þá hefir mótspyrnan gegn þeim verið minni en í flestum öðrum löndum, og sú reaktion, sem gjört hefir vart við sig annarsstaðar bæði á þingum og utan þings, hefur lítið sem ekkert látið á sjer bera á Íslandi. En hvaða ástæða er þá til að beita þessu gamla lagasynjanavopni? Jeg get ekki skilið það. Jeg hef lesið ástæðurnar fyrir þessari lagasynjun, sem sjá má í brjefi frá ráðherranum til landsh. 10. nóv. 1894 og prentað er í stjórnartíðindunum, en á þeim er ekki mikið að græða. Ráðherrann segir þar, að landsh. hafi tekið fram, að það sje mjög vafasamt, að konurnar kæri sig um þau auknu rjettindi, sem þeim sje ætluð, þar sem rjettinum til að vera kosinn fylgi einnig skylda til að taka á móti kosningu. Mig furðar á, að h. landsh. skuli ekki hafa skýrt ráðherranum frá að komið höfðu óskir frá íslenzkum konum, bæði fyrir þingið 1893, og fyrir Þingvallafund 1888, um að þeim yrði veitt kjörgengi í sveitamálum. Þar sem í fyrnefndu ráðherrabrjefi stendur, að engar raddir hafi komið í þessa átt frá ísl. konum, þá er þetta ekki rjett hermt, og vjer Íslendingar eigum þó að minnsta kosti heimting á, að fulltrúi stjórnarinnar hjer á landi skýri stjórninni í Khöfn rjett frá skoðun þjóðarinnar, hvað sem öðrum aðgjörðum hans líður.

Nú er og engan veginn nein óvissa um vilja hinnar ísl. kvennþjóðar í þessu máli, því að fyrir þetta þing eru lagðar fram áskoranir frá nokkur þúsund konum um aukning rjettinda þeirra, og er þar sjerstaklega skorað á þingið, að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir, að nýju. Mjer finnst það mjög vel tilfallið af hinu ísl. kvennfólki, að svara þannig ráðherrabrjefinu og kvennfjelagið í Reykjavík á þakkir skilið fyrir framgöngu sína í þessu máli. En hvort þetta hefir mikla þýðingu í augum stjórnarinnar er vafasamt, því að argumenta pro og contra hafa þar lítt að segja, og hjá stjórninni ráða ástæður og vilji eins manns meira en vilji allrar þjóðarinnar.

Í ráðherrabrjefinu frá 10. nóv. 1894 er tekið fram, að ekki sje ástæða til að veita ísl. konum þessi rjettindi, þar sem konum annarsstaðar á Norðurlöndum ekki hafi verið veitt hið sama enn sem komið er. Ósköp er að heyra þetta. Á þá ekki íslenzkur ráðherra að líta á málin frá sjónarmiði Íslendinga, eða á hann að líta á það, hvaða mál eru hæst á himni í öðrum löndum? Þetta má annars að öllu samanlögðu kallast einkar fróðlegt ráðherrabrjef.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en að eins geta þess, að frv. var samþykkt hjer í deildinni 1893 með öllum samhljóða atkvæðum, og þótt síðan hafi farið fram nýjar kosningar, þá ímynda jeg mjer að það hafi ekki haft mikil áhrif á málið. Jeg álít óþarft að setja nefnd í málið, en vil stinga upp á að því sje vísað til 2. umræðu. Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta mál að sinni, en mun tala um það ýtarlegar, þegar jeg hefi neyrt þær raddir, sem fram kunna að koma í því, og þegar jeg hefi kynnt mjer þingmálafundagjörðirnar.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á gjöldum þeim er hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 27.); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það má segja hið sama um þetta frumv. eins og frumv. næst á undan, að það er gamall kunningi hjer í þingdeildinni. Það kemur hjer fram óbreytt

eins og það var samþykkt á þinginu 1894. Stjórnin synjaði frv. staðfestingar eins og lesa má í Stj.tíð. fyrir yfirstandandi ár. Ástæðurnar fyrir synjuninni eru hinar sömu eins og þær, er komu fram af hendi hæstv. landshöfðingja undir umræðunum um málið og sem þessi h. þingd. gat ekki aðhyllzt þá. Jeg finn ekki ástæðu til að rekja þessar ástæður upp aptur nú. Þeim var, að því er mjer virðist, fyllilega svarað undir umræðunum um málið í fyrra, svo sem þeirri ástæðu, að gjöldin til daufdumbra kennslu sje rjettast að skoða sem sveitarmálefni, er snerti fátækrastjórnina. Jeg sje ekki betur en að þessi gjöld snerti hið opinbera í heild sinni, eins og líka gjöldin til bólusetningar; þau snerta hinar almennu sóttvarnir. Sáttamál landsins skoða jeg sem lið í dómgæzlu landsins, og þótt útgjöldin til þeirra sjeu ekki mikil sem stendur, þá geta þau aukizt, sjerstaklega ef sáttanefndir fá meira vald en þær hafa haft. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þessar ástæður. En jeg sje, að ráðherrann hefir bætt þeirri ástæðu við, að hjer sje um fjármál að ræða, sem rjettast sje að ræða á reglulegu alþingi jafnframt öðrum fjármálum. Þessi ástæða kemur mjer nokkuð kynlega fyrir, þar sem einmitt stjórnin sjálf lagði fyrir aukaþingið í fyrra frv. til laga um afnám fasteignarsölugjalds, þar sem engu síður er um fjármál að að ræða. Mjer finnst það því nokkuð skrítin ástæða þetta hjá hinni h. stjórn.

Jeg skal að endingu geta þess, að jeg væri því ekki mótfallinn, að sveitar- og bæjarsjóðir væri skyldaðir til að leggja fram eitthvað lítið upp í kostnað við kennslu daufdumbra, í líkingu við það sem þeim er gjört að skyldu í frv. um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Skal jeg svo að eins óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðmundss.) bar þetta frv. saman við stjórnarfrumv. það, er lagt var fyrir aukaþingið 1894, um afnám fasteignarsölugjalds, skal jeg taka það fram, að það er sá mikli munur á þessum tveimur frumv., að stjórnarfrv. um afnám fasteignarsölugjaldsins var tekið upp frá þinginu 1893, sem hafði að gjöra með fjármál landsins, og hafði samþykkt frumv.; en frumv. líkt því, sem hjer ræðir um, var fellt á hinu reglulega alþingi 1893. Af þessari ástæðu þótti stjórninni rjettast, að reglulegt alþingi segði nú aptur skoðun sína á málinu, úr því að reglulegt þing hafði fellt það áður. Þegar svo þar við bætist að lögin áttu ekki að öðlast gildi fyr en 1. janúar 1896, þá geta þau eins öðlast gildi þann dag, þótt frumv. komi fyrst fyrir þetta þing.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til laga um eptirlaun (C. 28.); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Það má segja hið sama um þetta frv. eins og hin tvö næstu á undan, að það er enginn nýr gestur hjer á þinginu; hann hefur verið hjer áður þessi gestur. Eins og vænta má, þar sem þetta er 1. umr., þá eru enn engin mótmæli komin fram gegn frumv. önnur en mótmæli stjórnarinnar gegn staðfestingu þess. Þó ekki sje eyðandi mörgum orðum um mótbárur stjórnarinnar, þá verður þó að minnast lítið eitt á þær, úr því þær liggja hjer fyrir. Það má lesa þessar mótbárur í Stjórnartíð., 1894 B.-deild, bls. 209.

Fyrsta mótbára ráðgjafans er sú, að hann, samkvæmt bendingu landshöfðingja álítur, að þó eptirlaunabyrðin sje

nokkuð há, þá sje hún orðin svona há af hendingu einni. Það megi því eins búast við, að hún lækki.

Jeg verð þó að segja, að jeg sje ekki ástæðu til að álíta, að það sje hending ein, sem hafi gjört eptirlaunabyrðina svona þungbæra eins og hún er orðin, því væri svo, þá hlyti að mega sýna fram á, að eptirlaunabyrðin hefði að undanförnu ýmist stigið upp eða lækkað. Jeg hefi nú kynnt mjer fjárlögin undanfarandi 10 fjárhagstímabil og aðgætt þær upphæðir, sem gjört hefir verið ráð fyrir, að gengi til eptirlauna þessi árin, og hafa athuganir mínar sannfært mig um, að það er eitthvað annað en hending, sem ræður eptirlaunabyrðinni. Það hefði sjálfsagt verið rjettara að hafa fyrir sjer landsreikningana sjálfa, en niðurstaðan mundi þó verða sú sama, þó upphæðirnar kunni að vera aðrar.

Fjárhagstímabilið 1878—1879 er þá eptirlaunabyrðin ráðgjörð 48.700 kr. Árin 1880 til 1885 er hún 50.000 kr. og hefir þá staðið í stað þessi árin. 1886 til 1889 er hún talin 60.000 kr. og hefir þá hækkað um 10.000 kr. frá fjárhagstímabilinu 1884—1885. 1890—1891 eru eptirlaunin orðin 90.000 kr. og hefir þá hækkað um 42.000 kr. frá árinu 1878—1879 eða fullkomlega um $^1/_3$. Frá 1892—1895 hafa eptirlaunin að vísu verið 86.000 kr. og nú á fjárlagafrumv. fyrir 1896—1897 eru þau ráðgjörð 80.000 kr. Það er þá að eins á einu fjárhagstímabili, sem liðin eru til fulls síðan 1878, að eptirlaunin hafa lækkað eptir fjárlögunum að dæma, og það um einar 4000 kr. Annars hafa þau farið hækkandi eða að minnsta kosti staðið í stað. Eptir fjárlögum þeim, sem nú eru fyrir þinginu, lítur svo út sem eptirlaunin fari lækkandi, þar sem stjórnarfrumv. gjörir ráð fyrir, að þau verði 80.000 kr. árin 1896—1897; en jeg sje ekki, á hverju þessi lækkun getur verið byggð, því eptir því sem mjer sýnist á fylgiskjalinu með fjárlagafrv., þá hljóta eptirlaunin að fara heldur hækkandi, og þó er maður ókominn á skrána, sem sýnist líklegur að endast til að hirða sín eptirlaun um nokkur ár. Það virðist því fremur mega búast við, að eptirlaunin verði 1896—1897 eins og þau hafa verið hæst eða um 90.000 kr. Jeg get því ekki skilið, að hin háa eptirlaunabyrði, sem nú hvílir á landssjóði, sje að eins til sje orðin af hendingu. Það er miklu fremur sjáanlegt að eptlaunin fara og hafa farið hækkandi um ir langan tíma, þ. e. hækkað á 10 fjárhagstímabilum úr 48.000 kr. upp í 90.000 kr. Jeg get því ekki sjeð að þessi mótbára stjórnarinnar hafi við mikið að styðjast.

Önnur ástæða stjórnarinnar fyrir staðfestingarsynjuninni, er sú, að með launalögunum frá 9. des.br. 1889 sje þegar gjört mikið til að ljetta eptirlaunabyrðina eptirleiðis. Þetta er vitanlegt, en vjer erum ekki að athuga, hvað átt hefir sjer stað á löngu liðnum tíma. Vjer miðum að eins við þau launalög, sem nú eru í gildi og göngum út frá því, að eptir þeim sjeu embættislaunin hæfilega há, eins og þau voru ósanngjarnlega há eptir hinum eldri launalögum.

Jeg álít því að það komi ekki málinu við, að miða við ósanngjarnlega há launalög, sem hafa verið í gildi í liðinni tíð. Að bera slíkt fyrir sig, er að eins að kasta sandi í augu þjóðarinnar, villa sjónir fyrir henni, en það vona jeg að h. þingd.m. láti ekki bjóða sjer.

Þriðja mótbára stjórnarinnar og þar með landshöfðingjans er sú, að eptirlaunalækkunin sje hlutfallslega of mikil hjá hinum hálaunuðu embættismönnum í samanburði við lækkunina hjá hinum, sem hafa lægri laun. Þessi mótbára hefir komið fram áður, og þá verið

hrakin. Sá embættismaður, sem hefir há laun meðan hann situr í embætti, þarf síður að fá há eptirlaun, því hann hefir fremur ástæður til að leggja upp meðan hann er í embættinu.

Fjórða ástæða stjórnarinnar er sú, að of mikil áherzla sje lögð á þjónustutímann en of lítil á launaupphæðina, er í rauninni sama mótbáran og sú, sem jeg nefndi síðast, að eins með öðrum orðum, og get jeg því ekki aðhyllzt 4. ástæðuna fremur en hina 3. Þegar maður, sem gegnir vel og sómasamlega sinni stöðu, verður fyrir því af einhverjum ástæðum að sitja lengi í sama embættinu, þá álít jeg að þetta sje nóg þvingun fyrir hann, þó hann verði ekki líka fyrir því, að fá lægri eptirlaun en sá, sem þjónað hefir jafn-lengi, en allt af farið hækkandi að tign og launum.

Fimmta ástæðan fyrir synjuninni er sú, að ráðherra og landshöfðingja þykir það ósanngjarnt, að embættismaður með 35 ára þjónustu skuli fá jafn-há eptirlaun og sá embættismaður, sem slasast, þegar hann er að gegna embætti sínu, þó hann hafi verið í embætti að eins stuttan tíma. Það er sama að segja um þessa ástæðu eins og þá næstu á undan. Sá sem slasast og verður að leggja niður embætti sitt, hann þarf eptirlauna með, og hann er þeirra líka maklegur, þegar hann hefir þjónað vel þann tíma, sem hann gat gegnt embættinu. Laun embættismanna eru og miðuð við, hve miklu þeir þurfa að kosta til að búa sig undir embættin. Þegar embættismaður því er búinn að eyða miklu fje og löngum tíma til að búa sig undir embætti, sem hann svo bráðlega verður að skila af sjer vegna slysa, er hann hefir beðið við að rækja það, þá virðist ekki ósanngjarnt að láta hann njóta verulegs hluta af opinberu fje eða eins mikið eins og þann, sem búinn er að þjóna lengi embætti, og þannig búinn að fá þann kostnað upp, er hann hefir lagt fram, með háum launum um langan tíma.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni.

Mjer finnst h. þingd. ekki geta verið þekkt fyrir annað, en að taka þessu máli vel, og það því fremur, sem þjóðin hefir á þingmálafundum sínum skorað á þingið, að koma þessu máli fram, og sumstaðar jafnvel verið farið svo langt að heimta, að öll eptirlaun væru afnumin. Það ætti þó ekki sízt að hvetja deildina til að samþykkja þetta frumv., að hún hefir samþykkt það áður.

Vona jeg því að málinu verði nú vísað til 2. umr. Nefnd álít jeg ekki þörf að setja nú.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Strand. (Guðj. Guðlaugss.) í þessu máli. Með þessu frumv. er að eins farið fram á, að lækka eptirlaun embættismanna; jeg veit að það er áhugi manna úti um land, að fá þessi eptirlaun lækkuð. Þingmálafundagjörðirnar bera það með sjer. En það lítur svo út, sem menn úti um land hafi litið á alla eptirlaunaupphæðina eins og hún kemur fram í fjárlögunum, og það hefir h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) auðsjáanlega líka gjört. Hitt virðast menn ekki hafa athugað, að þó þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi eptirlaunabyrðin ekki lækka, að miklum mun, því að frumv. nær að eins til eptirlauna embættismanna, en ekki til ekkna þeirra og barna, presta nje prestaekkna. Þegar litið er á eptirlaun embættismanna einna, þá nema þau um 20.000 kr. Þessu er nú farið fram á að breyta, og eptir því, sem stendur á, mundi lækkunin varla nema meiru en svo sem 5000 kr. Það er nú að mínu áliti spursmál, hvort það sje tilvinnandi fyrir svo sem 5000

króna sparnað að eiga það á hættu að fá ónýta embættismenn, því búast má við því, að t. d. embættismaður, sem hefir 5000 krónur í laun, hiki við og dragi í lengstu lög, að segja af sjer embættinu, þegar hann á ekki von á meiru en 1000 króna eptirlaunum auk 20 kr. fyrir hvert embættisár. Það tjón, sem af þessu gæti leitt fyrir landið, gæti orðið mörg þúsund króna virði.

Af því að jeg álít, að hjer sje um svo lítinn sparnað að ræða, þar sem frumv. nær til embættismannanna einna, og jeg hins vegar þykist sjá, að lækkunin geti þó haft ákaflega illar afleiðingar, þá get jeg ekki gefið þessu frv. atkvæði mitt.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg er ekki við því búinn að svara mótbárum h. þm. Vestm. (Valt. Guðm.) með tölum. Það er misskilningur, að jeg hafi sagt, að eptirlaunabyrðin væri 80,000 kr. á ári. Með tölunum, sem jeg nefndi, var jeg aðallega að sýna, að eptirlaunabyrðin hefði farið stígandi upp á við, en ekki niður á við.

Jeg trúi því ekki, að eptirlaun embættismanna nemi ekki meiru en 20.000 kr. á fjárhagstímabilinu í staðinn fyrir 80.000 kr., sem þau eru talin í fjárlagafrumv. um fjárhagstímabilið eða 40.000 kr. á ári.

Að því er snertir hinar slæmu afleiðingar, er h. þm. Vestm. (V. G.) ætlaði, að frumv. þetta mundi hafa fyrir embættisfærsluna hjer á landi, þá get jeg ekki gjört mjög mikið úr þeim. Því þeir, sem þykjast hafa mikinn halla af að segja af sjer, þeir hanga í embættum jafnvel undir hinum góðu eptirlaunalögum, sem nú eru í gildi. Það veit jeg dæmi til. Jeg gæti hvíslað að honum dæmi af embættismanni, sem um langan tíma ekkert hefir gjört sjálfur, heldur látið annan gjöra öll embættisverk fyrir sig, auðvitað til þess, að geta hangið í embættinu og notið allra launanna.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrar kaupstaðar (C. 10, bls. 84 og nr. 33); 2. umr.

Klemens Jónsson: Þetta er hvorki stórt mál nje vandasamt, og jeg skal því ekki þreyta h. þingdm. með langri ræðu. Samkvæmt því sem jeg drap á við 1. umr. málsins, þá hef jeg komið með viðaukatillögu við frumv., sem liggur frammi sem þingskjal 33. Jeg gat þess þá, að það hagar svo til, að það er ekki mjög óeðlilegt, ef allt umdæmið væri gjört að verzlunarlóð, að búðir, einkum brennivínsbúðir, gætu komið svo langt burtu, að ómögulegt yrði að hafa löggæzlueptirlit með þeim. En á hinn bóginn verður verzlunarlóð kaupstaðarins nægilega stór samt, því að landsspildan milli Akureyrar og Oddeyrar bætist við hina fyrverandi verzlunarlóð, Akureyri og Oddeyri. Jeg skal geta þess, að viðaukatillaga þessi er ekki samin af mjer svona rjett af handahófi, eða eins og mjer persónulega þótti bezt fara, heldur orðrjett eptir tillögum bæjarstjórnarinnar á Akureyri, sem stakk upp á að einungis þessi lóð skyldi vera verzlunarlóð, og skrifaði jeg landshöfðingja um þetta í vetur, en þá hafði hann sent frumv. til stjórnarinnar og áleit eptir því sem jeg hefi komizt næst, að þessu mætti bæta inn í frumv. á þinginu, ef það þætti nokkru skipta. Einungis af þessari ástæðu hygg jeg, að þetta ákvæði sje ekki tekið upp í frumv., en ekki af því, að h. hæstv. landsh. sje á móti því.

Það sem menn ef til vill kunna að hneykslast á er, að takmörkin eru sett

með vörðum, sem á að reisa, en þetta kemur til af því, að engin föst örnefni eru til, sem takmörkin verði miðuð við, enda get jeg ekki sjeð, að þetta þurfi að valda neinum ágreiningi eða misskilningi, þar sem vörðurnar auðvitað verða strax settar og lögin hafa öðlazt gildi, og þeim síðan haldið við.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, þar eð allir málsaðilar eru málinu samþykkir.

Valtýr Guðmundsson: Jeg á erfitt með að greiða atkvæði um þetta mál vegna ókunnugleika míns á staðnum, sem um er að ræða. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að þetta væri gjört eptir tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, en jeg hefi heyrt, að í þeirri bæjarstjórn ætti sæti talsvert af kaupmönnum, sem gætu sjeð sjer hagnað í, að takmarka verzlunarlóðina; en jeg veit ekki, hvort þessu er þannig varið, og væri æskilegt að fá upplýsingar hjá hæstv. landshöfðingja um þetta atriði.

Landshöfðingi: Jeg skal játa, að jeg er ekki svo kunnugur á Akureyri, að jeg þekki öll örefni þau, sem nefnd eru í viðaukatillögunni. En það er mjer kunnugt, að með þessu ákvæði fellur undir verzlunarlóð kaupstaðarins allt það svæði, sem verzlunarbúðir mundu verða reistar á; það sem er útilokað, er svæðið lengst frá sjónum, þar sem engum mundi detta í hug að reisa aðrar verzlunarbúðir en brennivínsholur. Meining bæjarstjórnarinnar er auðsjáanlega sú, að útiloka, að stofnuð verði brennivínsveitingahús, sem stöðugt yrði að hafa eptirlit með, en ekki það, að gjöra mönnum erfitt fyrir að stofna verzlanir.

Klemens Jónsson: Hæstv. landsh. hefir svarað mótbárum h. þm. Vestm. (V. G.), svo að jeg hef litlu þar við að bæta. Ef h. þm. Vestm. (V. G.) samt sem áður vill rengja aðal-tilgang breytingartill., þá hef jeg hjer í höndunum útskript úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar á Akureyri, staðfesta af viðkomandi bæjarfógeta, sem sýnir, að bæjarstjórnin einmitt hefir fallizt á þessi takmörk. Hvað það snertir, að margir kaupmenn eigi sæti í bæjarstjórninni, þá skal jeg geta þess, að í bæjarstjórninni sátu þá 2 kaupmenn og 1 verzlunarstjóri, og annar af þessum kaupmönnum áleit jafnvel óþarft, að takmarka verzlunarlóðina, af þeirri ástæðu, að engum mundi detta í hug, að reisa búðir fyrir utan hin margræddu takmörk.

Annars get jeg fullvissað h. þingm. Vestm. (V. Guðm.) um, að engum mundi koma til hugar að reisa verzlunarhús til þess, að reka þar fasta verzlun og sem aðal-atvinnuveg annarstaðar en á hinni nú ákveðnu verzlunarlóð.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að geta þess, þar eð jeg er gagnkunnugur á Akureyri, að það er ekki hugsanlegt, að nokkur mundi vilja reisa regluleg verzlunarhús fyrir utan hin umræddu takmörk.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykkt í einu hljóði; 2. gr. samþ. í einu hlj.

Viðaukatillagan samþ. með 20 samhljóða atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Fyrirspurn til landshöfðingja (C. 26); hvort leyfa skuli.

ATKV.GR.: Leyfið samþ. með 20 samhlj. atkv.

Sjöundi fundur, þriðjudag 9. júlí kl. 12 á hád.

Allir á fundi sömu og áður.

Forseti gat þess, að fram yrði lagt á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Rangárvallasýslu, að Stórólfshvoli.

2. Þingmálafundargjörðir úr Kjósar- og Gullbringusýslu.
3. Bænarskrá frá Guttormi Jónssyni í Hjarðarholti um ferðastyrk til Noregs til að kaupa þar torfpressuvjel.
4. Áætlun um kostnað við brúargjörð á Blöndu.
5. Þingmálafundargjörðir úr Reykjavíkurkaupstað.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 30); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Svo sem kunnugt er, hefir þetta frumvarp verið samþykkt hjer áður á þingi, og er nú tekið upp næstum orðrjett, og virðist því ekki þörf, að fara nákvæmlega út í það, þar eð deildinni hlýtur að vera það kunnugt frá því, það var hjer áður til meðferðar. Að það hefir ekki öðlazt staðfestingu konungs mun sjerstaklega koma af því, að það þykir sem það muni draga veitingarvaldið um of úr höndum stjórnarinnar og leggja það í hendur safnaðanna. En rjett þykir mjer, að láta frumv. þetta koma samt fram enn á ný, vegna þess, að það er almenn ósk manna um allt land, að fá frumv. þetta gert að lögum, og sjerstaklega vegna þess, að þess er mjög æskt í mínu kjördæmi. Mönnum kann að virðast, að frumv. þetta gangi lengra að sumu leyti en lög þau, sem nú eru í gildi um sama efni, en sje nánar aðgætt, er breytingin ekki eins mikil og virðist í fljótu bragði. Að vísu er hjer farið fram á, að söfnuðir megi kjósa um alla umsækjendur, en þó hefir biskup leyfi til að halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur, og enn fremur skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, er hann álítur hæfastan í embættið, og getur slíkt verið til mikillar leiðbeiningar fyrir söfnuðina, þegar umsækjendurnir eru þeim ókunnir.

Hvað atkvæðagreiðsluna snertir, gefur hún meiri trygging fyrir, að söfnuðurinn fái þann prest, er hann kýs helzt, þar sem hert er á skilyrðunum fyrir lögmætri kosningu, svo að eptir frumv. þarf helmingur kjósendanna í prestakallinu að greiða atkvæði á kjörfundinum, og til þess að verða valinn þarf umsækjandi að fá að minnsta kosti $^2/_3$ allra greiddra atkvæða, eða með öðrum orðum, að til þess, að verða löglega kosinn eptir frumv., þarf fleiri atkvæði heldur en eptir lögum þeim, sem nú gilda. Svo að síður er hætt við, að sá maður verði kosinn til prests, sem söfnuðurinn vill ekki hafa.

Af því að jeg treysti því, að h. deild sje sömu skoðunar og hún hefir látið í ljósi áður, og verði eindregið með frv. þessu eins og á þinginu 1893, álít jeg ekki ástæðu til, að fara um það fleiri orðum að sinni, og óska að eins, að það fái að ganga til 2. umræðu, því frumv. er h. deild svo kunnugt, að jeg álít ekki þörf, að kjörin sje nefnd til að fjalla um það enn á ný.

Jens Pálsson: Þetta frumv. er oss að vísu kunnugt, en samt verð jeg að álíta, að mál þetta sje mjög íhugunarvert, og að nauðsynlegt sje að íhuga það vandlega. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um, að hverju leyti frv. þetta fari lengra eða skemmra í þá átt, að tryggja heppilegar prestakosningar, en lögin frá 8. jan. 1886, en hitt er víst, að lög þessi eru svo ung og lítt reynd, að þau eru ekki komin til framkvæmda nema í örfáum söfnuðum, og er því nokkuð fljótræðislegt, að vilja fá þeim breytt fyrir þá menn, sem hafa ekki sjálfir reynt þau. Jeg segi, að prestakosningarmálið og þá einnig þetta frumv. sje íhugunarvert,

því að slík lög hafa mjög mikil áhrif á safnaðalífið og kennimannastjett landsins. Það er að sönnu sjálfsagt rjettara, að ganga út frá því, að kosningarnar gangi víða heppilega til. En það getur samt sem áður komið fyrir, að prestakosningar fari óheppilega, jafnvel slysalega; maður má ekki vera allt of vongóður um, að þær fari allt af sem bezt. Það er sjálfsagt, að þar sem kosningar eiga sjer stað, þar er reynt með ýmsu móti og meðulum, að hafa áhrif á þær, ef til vill ekki allt af með hinum beztu meðulum, heldur stundum öðrum, sem ver eiga við. Þannig er því varið með allar kosningar. En sá er munurinn, að þótt aðrar kosningar misheppnist, svo sem þegar kosið er í hreppsnefnd, sýslunefnd, safnaðarnefnd, til þings eða til einhverra þeirra starfa, sem kosið er til að eins til fárra ára, þá bitnar óhamingja sú, sem af misheppnaðri kosning leiðir, að eins stuttan tíma, því laga má misfelluna, þegar kosið er í næsta sinn. En hjer er öðru máli að gegna. Misheppnist prestskosningin, bitnar glappaskotið á öllum safnaðarmeðlimunum meðan sá prestur hefir embættið á hendi, og má söfnuðurinn búast við, að sitja uppi með prestinn það sem eptir er æfi hans. Það er ólíku saman að jafna hjer og þar sem fríkirkja er. Þar er sjálfsagt, að söfnuðurinn kalli og kjósi prestinn, og þar eiga þau ákvæði heima, að söfnuðurinn kjósi um alla umsækjendur. En þar getur líka söfnuðurinn sagt prestinum upp og presturinn söfnuðinum með ákveðnum uppsagnarfresti. Misheppnist prestskosningin aptur á móti í vorum ríkiskirkjusöfnuðum, verður söfnuðurinn, eptir okkar fyrirkomulagi, að sitja með prestinn, þótt hann vilji feginn losast við hann, nema því að eins að hann fremji opinber embættisafglöp, sem varða embættismissi.

Jeg hefi heyrt það fært sem ástæðu með þessu frumvarpi, að fái söfnuðirnir einir að ráða öllu, verði vandinn enn þá meiri fyrir þá, og muni söfnuðirnir þá vanda enn þá meira kosningarnar; jeg get vel fallizt á það, að svo ætti að vera. En sje æsingameðulum beitt, getur alla-jafna farið svo, að rósemin hverfi og varkárnin gleymist, og er þá hætt við að illa fari.

Af þessum ástæðum þætti mjer ráðlegra, að kosin væri nefnd í málið, og vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosningin samþ. með 13 atkv. gegn 3, og hlutu þessir kosningu:

Einar Jónsson	með	21 atkv.
Halldór Daníelsson	—	11 —
Jón Þórarinsson	—	10 —
Sigurður Gunnarsson	—	10 —

Þá fengu þeir Þórhallur Bjarnarson og Jens Pálsson 8 atkvæði hvor, og var varpað hlutkesti milli þeirra, og varð þá fyrir kjöri:

Þórhallur Bjarnarson.

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 31); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Frumv. það, sem hjer er um að ræða, hefir, svo sem alkunnugt er, legið til meðferðar fyrir þinginu 1894, og kemur nú aptur fram nær því í óbreyttri mynd frá því, sem það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild, nema að úr því hefir verið felld 7. gr., því eptir að málið var samþ. við 2. umr., varð jeg var við, að það var vilji deildarinnar, að þessi grein fjelli burt.

Það virðist engin ástæða til að fara um frumv. þetta mörgum orðum, því þetta er að eins smámál, sem miðar til þess, að afmá úr löggjöfinni hina úreltu

tilskipun frá 15. april 1776. Jeg vona, að mál þetta sje svo kunnugt h. deild, að nefndarkosning sje óþörf, og leyfi jeg mjer því að óska, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 32); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðl. Guðmundsson*): Það er eins með þetta frumv. eins og með næsta frumv. á undan, að það er búið að ganga í gegn um þrjár umræður í Nd. á síðasta þingi. Frumv. kemur nú fram að nýju því nær í óbreyttri mynd frá því, sem það þá hafði. Að eins er lítill viðauki við 4. gr. frumv., er ákveður, að skipstjóri og útflutningsstjóri skuli sæta sektum, ef þeir vanrækja skyldur þær, sem frumv. leggur þeim á herðar.

Þetta frumv. er alls eigi borið fram í þeim tilgangi að þröngva kosti útflytjenda, heldur til þess að koma á jafnrjetti milli þeirra manna, sem starfa að útflutningum, og einnig sjerstaklega til að nema á burt ástæðulítla undanþágu póstgufuskipanna, sem þau hingað til hafa notið, eins eptir að þau urðu einstakra eign eins og á meðan þau voru ríkiseign.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um samgöngumál landsins (C. 21); ein umr.

Flutningsmaður (Valt. Guðmundsson): Tillaga þessi fer fram á nýjung, þar sem hún stefnir að því, að skipuð sje sjerstök nefnd til þess að íhuga samgöngumál landsins. Hingað til hefir fjárlaganefndin ein nefnda haft um þau mál að fjalla. En samgöngumálin eru orðin svo umfangsmikil, að eigi virðist vanþörf á, að sjerstök nefnd taki þau til meðferðar; enda má segja, að meðferð fjárlaganefndarinnar á þeim á síðustu þingum hafi farið nokkuð í handaskolum. Jeg skal að eins minna á samningana við Randúlf. Það er ekki heldur nema eðlilegt, að fjárlaganefndin, sem hefur svo mörgum og miklum öðrum störfum að gegna, geti ekki nægilega gefið sig við þessum málum eða íhugað þau sem skyldi. Það má segja, að sje nokkurt mál almennt áhugamál þjóðarinnar, þá er það samgöngumálið. Jeg hef kynnt mjer þingmálafundargjörðir þær sem komnar eru fram á lestrarsalinn, 31 að tölu. Í öllum þessum fundargjörðum er það tekið fram, að menn óski, að eitthvað verulegt sje gjört til þess að efla samgöngurnar; einkum er farið fram á, að horfa ekki í, þótt miklu fje sje varið til að bæta samgöngur á sjó. Í 16 fundargjörðum eru höfð hin sterkustu orðatiltæki til að sýna, hve sterkur áhuginn sje; þar stendur, að þeir óski, að gjört sje sem frekast sje unnt að samgöngubótum, að eigi skuli horfa í kostnaðinn, að spara eigi fje, að gjöra sitt ýtrasta o. s. frv. Þessi sterku orðatiltæki eru höfð auðsjáanlega til að herða á þinginu með að brúka alla sína krapta til þess að greiða sem bezt fyrir samgöngumálunum. Í einni fundargjörðinni er lýst yfir óánægju fundarmanna yfir því, hve lítið stjórnin hafi gert til þess að stuðla að því, að samgöngur á sjó gætu batnað. Að mínu áliti hefir þessi óánægja við rök að styðjast. Stjórnin hefir gert minna að því en æskilegt hefði verið, og minna en vænta hefði mátt af henni. Það er ekki við því að búast, að þingið geti á þeim stutta tíma, sem það er saman, leitað uppi menn, er vilja taka að sjer strandferðirnar, eða aflað sjer

upplýsinga um þá, er kunna að koma fram með tilboð um það. Samgöngurnar eru of strjálar og seinfærar til þess, að slikt geti orðið nema að eins af hendingu. En þá kemur til stjórnarinnar kasta, að búa allt slíkt undir og leggja það fyrir þingið, en því er ekki að fagna.

Þá lýsa og fundargjörðirnar yfir megnri óánægju með gufuskipafjelagið danska. Það er líka full ástæða til þess; meðferð þess á oss er í alla staði óhæfileg. Milliferðaskip þess eru ónóg og lítt hæfileg til mannflutninga. Gufuskipafjelagið hefir og beitt gjörræði við oss, t. d. síðasta vetur, þegar skip þess kom heim úr Íslandsför sinni í janúar, þá sá hver heilvita maður, að Eyrarsundið var að leggja, og lá beint við, að skipaferðir mundu stöðvast um ókveðinn tíma. Þó lætur fjelagið skipið fara inn, í stað þess að láta það fara til Esbjærg, þar sem ekki var hætta á, að það mundi teppast af ís. Að sjálfsögðu hefði þetta haft nokkurn aukakostnað í för með sjer, og í þennan aukakostnað horfir fjelagið, en ekki hitt, þótt ferðirnar ruglist fyrir það, og allan þann óhagnað, sem af því mundi leiða fyrir Ísland. — Það hefir verið talinn kostur við það, að gufuskipafjelagið hefði póstskipaferðirnar, að það væri svo sterkt fjelag, að þótt eitthvert af skipunum laskaðist eða færist, þá þyrfti það ekki að teppa ferðirnar, því að fjelagið gæti jafnharðan sent annað skip í staðinn. Það getur fjelagið að vísu, en það gerir það ekki. Síðast í vor, þegar Thyra tepptist og laskaðist í ísnum, þá komst hún ekki frá Kaupmannahöfn fyr en 12 dögum á eptir áætlun, svo að ferðirnar komust fyrir það á ringulreið; en ekki verður gufuskipafjelaginu það fyrir, að senda annað skip í staðinn til þess að fyrirbyggja þetta. Hvað gerir svo stjórnin til þess að koma fram skaðabótakröfum gagnvart fjelaginu? Hún skrifar fjelaginu og spyr það, hvort ekki sje ástæða til þess, að það greiði skaðabætur fyrir frammistöðuna. Eins og nærri má geta, finnst því ekki ástæða til þess; og svo fer stjórnin ekki lengra út í það mál. Sannleikurinn er líka sá, að fjelagið er orðið stjórninni ofjarl, og kemur það fram ekki einungis í viðskiptum þess við oss Íslendinga, heldur líka við Dani sjálfa; það er orðið ríki fyrir sig í ríkinu sjálfu. Það er því sízt að furða, þótt Íslendingar vilji ekki eiga samgöngumál sín á sjó eingöngu undir gufuskipafjelaginu danska. En hvað á svo að koma í staðinn? Margar þingmálafundargjörðir fara nokkuð óákveðnum orðum um samgöngubæturnar. 14 fundargjörðir fara fram á tíðari ferðir milli landa og strandferðir, 5 nefna strandferðirnar einar eða einkum strandferðir, og sum þeirra krefjast þeirra allt árið; 3 vilja, að landssjóður kaupi skip til standferða og annist útgerð þess; 1 álítur heppilegast, að gufubátar sjeu látnir ganga á fjörðum og flóum, en að hringferðunum sje sleppt og bátaferðirnar komi í stað þeirra. Kemur þar fram ný stefna í strandferðamálinu. 9 kjördæmi fara fram á, að styrktir sjeu gufubátar á fjörðum og flóum, flest þó í sambandi við strandferðaskip. 10 vilja fá gufubát í sínu hjeraði; 1 að landssjóður kaupi gufubáta; 1 sendir aptur áskorun í gagnstæða átt, vill, að landssjóður kaupi ekki gufubáta. Flest kjördæmin virðast vera á því, að hætt sje samningum við gufuskipafjelagið danska. 4 vilja, að útlendu ferðunum sje beint til Englands og Skotlands.

Eins og jeg hefi lauslega bent á, koma hjer í fundargjörðunum fram svo margvíslegar skoðanir um fyrirkomulag sam-

gangnanna á sjó, og hjer er úr svo vöndu að ráða, að full þörf virðist vera á, að nefnd taki málið til íhugunar.

Um samgöngur á landi er minna talað í fundargjörðunum. Það er að vísu farið fram á að veita ríflega fje til vegabóta. Eitt kjördæmi vill láta verja fjenu til að ryðja fjallvegi. Tvö fara fram á að láta akvegina bíða, og eitt er fullkomlega mótfallið akbrautum. Um járnbrautirnar er það að segja, að engin rödd er á móti þeim, en tvö kjördæmi vilja láta þær bíða seinni tíma. Einn fundur; Þingvallarfundurinn, skorar á þingið, að láta rannsaka, hvað járnbraut muni kosta austur í Rangárvallasýslu og norður á Akureyri. Það er merkilegt, að engin rödd heyrist, er mæli með því, að akbrautunum sje haldið áfram; en úr tveim kjördæmum er skorað á þingið að láta lagning þeirra bíða, og hið þriðja er þeim algjörlega mótfallið. Mjer þykir að vísu ekkert óþægilegt að sjá þetta. Það er ekkert skemmtilegt að hugsa til þess, að einmitt þegar aðrar þjóðir eru að leggja akbrautirnar niður, þá skulum vjer vera að taka þær upp. Það er sorglegt til þess að hugsa, ef vjer skyldum allt af þurfa að vera heilli eða hálfri öld á eptir öðrum þjóðum í framfaraviðleitni vorri. Þar sem vjer erum orðnir langt á eptir, ættum vjer þó optlega að geta sneitt hjá krókunum, sem orðið hafa á framfaraleið annara, látið oss þeirra víti að varnaði verða. En til þess útheimtist, að vjer kynnum oss jafnan sem bezt vjer eigum kost á framfarafyrirtæki þau og stofnanir, sem komin eru á fót hjá öðrum þjóðum og sögu þeirra. Sú aðferð styður oss bezt til að kveða upp rökstudda dóma, þegar um samskonar er hjer að ræða.

Jeg ætla annars ekki að fara langt út í vegamálið hjer; það verður væntanlega hlutverk nefndarinnar, að íhuga það. Jeg hef að eins viljað sýna fram á að vegirnir sjeu margir og stefnurnar margbreyttar, og að hjer sje eigi síður orðin þörf á að skipa sjerstaka nefnd í þessu máli en í öðrum löndum. Það mun koma fyrir þingið fleira en eitt tilboð um að taka að sjer gufuskipaferðirnar; fjögur kjördæmi fara fram á, að tilraun sje gerð til að koma landinu í frjettaþráðarsamband við útlönd og þrjú vilja fjölga póstferðunum á landi. Já, störf sjerstakrar nefndar í samgöngumálunum eru ærið nóg að þessu sinni. Eitt kjördæmi, Barðastrandarsýsla, hefir líka beintfarið fram á, að slík nefnd væri skipuð, en þingmaður þess kjördæmis situr í h. efri deild, svo að hann hefir ekki getað borið þessa tillögu fram hjer í deild, þar sem þó eðlilegast er, að nefndin sje skipuð.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um samgöngumálið að þessu sinni, því hjer liggur ekki annað fyrir en að ákveða, hvort kjósa skuli nefnd til að íhuga það mál. Það er að eins lítil leiðrjetting, sem jeg vildi gjöra við ræðu h. þm. Vestm. (V. G.). Hann bygði tillögur sínar mest á því, sem fram hefir komið á þingmálafundum og birt hefir verið í þingmálafundargjörðum þeim, er liggja á lestrarsalnum. Í tilvitnunum hans í þingmálafundargjörðirnar var að minnsta kosti eitt atriði, sem hann hafði misskilið og sem mjer er miklu kunnugra um en honum og öðrum hjer í þingdeildinni. Hann sagði, að í einu kjördæmi hefði komið fram sú tillaga, að kaupa marga smágufubáta, er gengi á fjörðum og flóum landsins, en í öðru tillaga í gagnstæða átt. Þetta er ekki alls kostar rjett hermt. Tillagan um að kaupa smágufubáta, er gengi á fjörðum og flóum, kom fram á Kollabúðafundinum, en á honum voru kosnir menn úr þrem-

ur kjördæmum vestan lands, og fundir þeir, í hverju þessara kjördæma fyrir sig, sem kusu menn á Kollabúðafundinn, voru alveg á sama máli í þessu efni. En tillagan var orðuð á óákveðinn hátt á þingmálafundum Strandasýslu, þar sem áhuginn er þó mestur með þessari tillögu, vegna þess, að fundurinn vildi ekki binda hendur þingsins í þessu máli. Þeir voru svo skynsamir að sjá og kannast við, að þeim gæti yfirsjezt í einhverju atriði á þeim stutta tíma, sem þeir höfðu til að ræða málið. Það er líka misskilningur hjá h. flutningsm. (V. G.), að segja að eitt kjördæmi sendi ályktun þessu gagnstæða, því hún er að eins frá mjög fámennum fundi úr einum hluta eins af þeim kjördæmum, sem tóku þátt í Kollabúðafundinum, þeim hlutanum, sem síður þarf að halda á þessum samgöngubótum, sem hjer er átt við. Hitt er þó sjerstaklega stór misskilningur, að það hafi verið tilætlun eða tillaga manna, að þessir gufubátar kæmi í staðinn fyrir strandaferðaskipin. Þeir áttu að setjast í samband við sjálfar strandferðirnar, svo þær gætu komið að verulegum og tilætluðum notum og jafnframt orðið hæfilega ódýrar. Því kostnaðurinn við strandferðirnar er kominn undir því, hvað flutningurinn með þeim er mikill, en smá-gufubátarnir eiga að auka og greiða fyrir flutningunum að aðalstrandferðaskipunum með því að setja þau í samband við allt landið. Eins og nú stendur, eru þeir að eins sárfáir, sem geta notað strandferðirnar einmitt vegna stærðar landsins og vegalengdar til viðkomustaðanna, opt margar þingmannaleiðir. Þyrftu menn að eins að flytja afurðir sínar og sækja nauðsynjar sínar þangað sem næst er til strandar, þá yrði mikil breyting á flutningsmagninu við það, sem nú er. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið á þessu stigi þess. Mjer mun síðar gefast kostur á að skýra betur frá skoðun minni á því, en það vil jeg taka fram, að nefnd sú, sem væntanlega verður kosin, verður að skilja rjett óskir manna á þingmálafundunum og því kynna sjer rækilega þingmálafundargjörðirnar.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd um afstöðu þessarar nefndar gagnvart fjárlaganefndinni. Þessi nefndarkosning, sem hjer liggur fyrir, kom til tals á fundi í fjárlaganefndinni í gær, og voru allir nefndarmenn á eitt sáttir um það, að heppilegt væri að skipa sjerstaka nefnd í þessu mikilvæga og umfangsmikla máli, og það því fremur sem skoðanir manna á þingmálafundunum í samgöngumálunum eru talsvert skiptar, og öll líkindi eru til að þinginu berist eitthvað af tilboðum frá ýmsum mönnum um að halda uppi gufuskipaferðum o. s. frv., sem þurfi nákvæmlega að athuga og rannsaka. Það er einnig hugsanlegt, að nefnd þessi komi með sjerstök lagafrumvörp til samgöngubóta, þar sem þingið bindi sig til lengri tíma en verksvið fjárlaganefndarinnar nær til. En um leið og jeg því mæli með skipun slíkrar nefndar vil jeg fyrir hönd fjárlaganefndarinnar lýsa yfir þeirri ósk hennar, að samgöngunefndin sje svo snemma búin með starf sitt, að hún gæti borið sig saman við fjárlaganefndina áður en hún skilar verki sínu. Ef h. flutn.m. eða aðrir mæla ekki á móti þessari till. minni, þá skoða jeg hana sem samþykkta af öllum.

Jens Pálsson: Sem einn af flutningsmönnum þessa máls fellst jeg fyllilega á það sem h. þingm. Borgfirðinga sagði, að nefnd þessi þurfi að vinna fljótt, og greiðlega, bera sig saman við fjárlaganefndina, og við flutningsmenn höfðum einmitt hugsað okkur þetta. En jeg

skal leyfa mjer að gjöra ofurlitla athugasemd við það sem h. þingm. Vestmanneyinga sagði um flutningsbrautirnar. Það er að eins eitt kjördæmi (Strandasýsla) sem hefir hreyft því að leggja þær niður, en í öðru kjördæmi (Suðurmúlasýslu) var samþykkt að fresta því að sinni, en í báðum þessum kjördæmum stendur svo sjerstaklega á, að í hinu fyrra á engin akbraut að koma, en í hinu síðara er ágreiningur um væntanlega legu hennar. Annars er engin furða þótt þingmálafundir hafi engar tillögur framborið eða kröfur um flutningsbrautir; það er ekki við því að búast, að verið sje að biðja um það sem búið er að lögleiða.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ímynda mjer að nefnd þessi verði kosin og þarf því ekki að mæla fram með því, en jeg skal að eins leyfa mjer að benda á það, að auk þess sem hún fær ýms mál til meðferðar sem beinlínis snerta fjárlögin, þá kemur hún til að fá ýms önnur mál, sem ná lengra og hafa fastara ákvæði, t. d. samning við gufuskipafjelög og annað þess háttar, sem hlýtur að ná yfir lengri tíma en eitt fjárhagstímabil og verður því að koma fram í sjerstöku frumvarpi. Mjer finnst það mjög vel til fallið og heppilegt að nefnd þessi hraði gjörðum sínum sem mest í þeim málum, sem snerta verkahring fjárlaganefndarinnar, en í öðrum málum þykir mjer engin ástæða til að herða að henni.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal taka það fram, að mjer finnst það ekki rjett, að menn ekki lýsi skoðun sinni á samgöngumálinu nú þegar, áður en nefndarkosningin fer fram. Mjer finnst einmitt æskilegt, að sem mestar umræður yrðu um það nú, og að sem flestir tækju til máls, og ljetu í ljósi álit sitt um það, hvaða stefna þeim þætti heppilegast að tekin yrði í máli þessu, svo að menn þurfi ekki að kjósa nefndarmennina að mestu leyti í blindni. Ef málið yrði ýtarlega rætt nú á undan kosningunni, þá gæti það orðið mikil bending við nefndarkosninguna.

Klemens Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að þessu sinni að taka til máls, en út af því, sem h. þm. Ísfirðinga(Sk. Th.) sagði, þá verð jeg að segja nokkur orð, og það því fremur sem allir h. þingm., sem tekið hafa til máls, hafa annaðhvort verið úr suður- eða vesturhluta landsins, og þannig engin yfirlýsing komið fram af norður- og austurkjálkanum. Jeg álít reyndar óþarft að lýsa því yfir, að þetta er eitt af hinum mestu áhugamálum þjóðarinnar; jeg held að þingmálafundargjörðirnar beri það nægilega með sjer, hvernig þjóðviljinn er í þessu máli, eins og h.flutn.m. tók fram.

Jeg leyfi mjer þá að lýsa því yfir, að á Norðurlandi er heit þrá eptir að fá bættar samgöngurnar, sjerstaklega á sjó, og þetta hefir þráfaldlega komið fram, enda eru Norðlendingar langmest útundan að því er snertir samgöngur. Vorið 1893 kusu 3 sýslur á Norðurlandi fulltrúa á fund, sem haldinn var á Akureyri til að ræða samgöngumál, og síðan hafa þau verið rædd á mörgum fundum; þannig var í haust haldinn fundur á Akureyri, til þess að koma á gufubátsferðum á Eyjafirði, og var þá kosin nefnd til að greiða fyrir því máli. Allt þetta sýnir það ljóslega, að Norðlingum er hið mesta áhugamál að efla samgöngurnar, enda er þetta alkunnugt, og þarf varla að taka fram, en annars finnst mjer engin þörf bera til að allir fari að taka til máls og lýsa skoðun sinni, þar eð allir munu vera ásáttir um aðalatriði málsins, að efla samgöngurnar sem mest að unnt er, bæði á sjó og landi. Að því er snertir samgöngur á landi, þá eru

til alveg ný lög um þær frá 13. apríl 1894, og mjer finnst hvíla sú skylda á fjárveitingarvaldinu, að leggja fram nægilegt fje til vegabóta, samkvæmt þeim lögum, einkum þó til akbrautanna, svo að lög þessi verði ekki að eins dauður bókstafur, eins og nú lítur þó helzt út fyrir, að þau eigi að verða eptir fjárlagafrumv. stjórnarinnar.

Annars er jeg því fyllilega samþykkur, að nefnd þessi verði skipuð. Jeg þykist sannfærður um, að samvinna þessarar nefndar og fjárlaganefndarinnar verði sem bezt, og hafi hinar heillaríkustu afleiðingar, svo að vjer getum skilizt svo við þetta mál á þessu þingári, að veruleg bót fáist á samgöngum vorum, og ekki fari eins og 1893.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki þreyta menn með langri ræðu, en vil að eins leyfa mjer að geta þess, að á þingmálafundi í mínu kjördæmi var sjerstaklega tekið fram, að lagt yrði fje til gufubátsferða með suðurströnd landsins, og jafnframt látinn í ljósi almennur vilji um það að bæta samgöngur á sjó og landi, og sjerstaklega að fá beinar samgöngur við Skotland og England, og leggja til þess ríflegra fje úr landssjóði en verið hefir til gufuskipsferða, og sömuleiðis að leggja ríflegra fje til að bæta samgöngur á landi en verið hefir. En þótt mönnum sje annt um samgöngurnar, þá vil jeg þó biðja menn að gæta þess, að fara ekki harðara í sakirnar en fjárhagurinn leyfir, svo ekki þurfi að svo stöddu að leggja nýja skatta á þjóðina nje taka lán til að fá nýjum samgöngu-umbótum framgengt, enda ímynda jeg mjer, þegar maður lítur á það, að fjárhagurinn er í góðu lagi sem stendur, að talsvert megi gjöra til samgöngubóta bæði á sjó og landi meira en verið hefir, án þess, að leggja nýjar skyldur eða skatta á landsmenn, einkum ef menn vildu gæta þess, að spara sem mest í öðrum greinum, og hliðra sjer hjá miður nauðsynlegum fjárframlögum og fjárbænum, sem opt er mikið af á þingi.

Jeg skal svo á þessu stigi málsins ekki fara um þetta frekari orðum.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að koma með ofurlitla leiðrjettingu við eitt atriði hjá h. flutningsm.; þar sem hann gat þess, að menn í einu kjördæmi hefðu verið meðmæltir litlum gufubátum, en ekki viljað útvega stærri gufuskip til strandferða, þá tók jeg það svo, að hjer væri átt við mitt kjördæmi. Í þingmálafundargjörðinni stendur á þessa leið: »Fundurinn álítur heppilegra að snúa sjer að notkun gufubáta innanfjarða, er standi í sambandi við skipaferðir frá útlöndum, að helztu kauptúnum landsins, heldur en að kosta eitt skip til stöðugra strandferða kringum landið«. Það var að eins þetta, sem fundurinn vildi taka fram. Hann áleit heppilegra að hafa smá-gufubáta á innfjörðum, heldur en stór skip til hringferða í kring um landið.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að tala fyrir mitt kjördæmi, þar eð h. þingm. Eyf. (Kl. J.) hefir talað fyrir hönd norðurhluta landsins.

Björn Sigfússon: Eins og h. flutningsm. tillögunnar (V. G.) hefir vikið á, má svo að orði kveða, að þingmálafundirnir hafi eggjað þingið lögeggjan með að efla samgöngur vorar eptir fremsta megni, en þó sjerstaklega á sjó. Og jeg er sannfærður um, að enginn þingm. getur komið með kærari frjettir heim af þingi, en ef hann gæti sagt með rjettu: Nú hefir þingið þó loksins stigið stórt og verulegt spor til að hrinda samgöngum landsins í viðunanlegt horf.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) ljet í ljósi,

að hann áliti heppilegt, að sem flestir þingm. lýstu yfir skoðun sinni í þessu máli, og er ekki berandi á móti því. En af því, að það tæki upp of langan tíma, ef hver einasti þingmaður færi nú að lýsa ýtarlega skoðun sinni á þessu máli, sem er svo umfangsmikið, sje jeg ekki fært að gjöra það.

En jeg álít gagnlegt, að nefndinni — sem sjálfsagt verður kosin — sjeu gefnar bendingar um ýmisleg atriði, sem mál þetta snerta. Bendingin, sem jeg ætla að gjöra, er sjerstaklega sú, að þótt í þingmálafundagjörðunum sje einkum farið fram á, að veita styrk til eins strandferðaskips, þá mundi ekki heppilegt, að hafa einungis eitt skip til ferðanna án sambands við gufubáta á fjörðum, sjerstaklega á Norðurlandi. Þar nægir eitt strandferðaskip alls ekki, nema ef vera skyldi í sambandi við gufubáta. Norðurland getur opt orðið mjög út undan vegna íss, eins og kunnugt er, og álít jeg því hagkvæmara að hafa tvö skip, þannig: að ef aðalstöð þeirra væri í Rvík, gengi annað austur og norður fyrir landið, en hitt vestur og norður fyrir, og bezt að skip þessi færi svo við og við til útlanda.

Í ísárum er því svo háttað, að ísinn liggur að eins við yztu annnes austast og vestast norðanlands. Stundum liggur hann fyrir Melrakkasljettu og Langanesi, þótt algjörlega sje íslaust með öllu Norðurlandi að vestanverðu, og gæti þá skip, er færi austur með Norðurlandi frá Horni, komizt á allar hafnir norðanlands austur að Langanesi. En þegar svo stendur á, að ísinn liggur að eins við Horn, gæti skip, sem kæmi austan um, komizt á flestar hafnir vestur með Norðurlandi, og með þessu móti gætu skipin komizt hartnær fulla hringferð, þótt ís lokaði fyrir á einum stað.

Enn fremur vildi jeg leyfa mjer að koma með þá bendingu, að ef h. nefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að hafa stærri skip til strandferðanna, þá er nauðsynlegt að yfirvega, hvort skip þessi ættu ekki að standa í sambandi við gufubáta innfjarða, því jeg álít, að það mundi bezt fullnægja þörfinni.

Þórhallur Bjarnarson: H. þm. Skaptf. (Guðl. G.) gjörði í ræðu sinni mun á þeim málum, er hin tilvonandi samgöngumálanefnd kynni að hafa til meðferðar, eptir því, hvort þau heyrði beinlínis undir hina núverandi fjárlaganefnd, eða það væri mál, er þyrfti að útkljá með sjerstökum lögum, þannig, að hann taldi ekki nauðsynlegt, að þau hin síðari mál yrðu komin jafn-fljótt frá nefndinni sem hin fyrri. En jeg verð að álíta nauðsynlegt, að fjárlaganefndin fái að vita, hvaða áform eða »plön« samgöngumálanefndin hefir tekið yfir höfuð, svo hún geti haft það allt í einu fyrir sjer, er hún kveður upp tillögur sínar um tekjur og gjöld landssjóðsins í heild sinni á fjárhagstímabilinu. Eins og jeg áðan minntist á, má búast við því, að fyrir samgöngumálanefndina komi mál, sem krefji fjárútlát ekki að eins á næstkomandi fjárlögum, heldur einnig um lengri tíma.

Jeg get tekið til dæmis, að úr kjördæmi því, er jeg er þingmaður fyrir, kemur tillaga um, að veita gufubátunum fjárstyrk um eitthvert ákveðið ára bil, til þess að gjöra útgerð þeirra tryggari, því að einstakir menn og fjelög þora ekki að leggja í kostnað til slíkra bátaferða á fjörðum og flóum landsins, þegar þeir á hverju þingi eiga undir högg að sækja með styrkinn. Þetta og annað fleira af sama tagi hefir svo mikil áhrif á fjárhaginn eða búskap landsins í heild sinni, að jeg verð að halda því föstu, að samgöngumálanefndin láti einnig þær tillögur sínar uppi við

fjárlaganefndina, er kunna að ná lengra fram í tímann, áður en fjárlaganefndarálitið er fullsamið.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg þakka þeim, sem tekið hafa til máls, fyrir góðar undirtektir þeirra undir málið. Að því er snertir samvinnu hinnar væntanlegu nefndar í þessu máli við fjárlaganefndina, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) talaði um, þá álít jeg sjálfsagt, að þessi nefnd reyni eins og henni er mögulegt að standa í sambandi við fjárlaganefndina, og ljúka verki sínu svo fljótt, sem frekast er unnt, helzt nokkru áður en fjárlaganefndin verður að skila sínu verki. Það gætu þó hugsazt þau atvik, er gjörðu samgangnanefndinni ómögulegt, að verða svo fljótt búin, þótt hún fegin vildi, en hún ætti að geta ráðfært sig við fjárlaganefndina allt fyrir það.

Það var rjett athugað af h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.), að fundurinn, sem jeg átti við, var fyrir þrjár sýslur. Sá misskilningur minn er sprottinn af því, að jeg varð að fara fljótt yfir Þingvallarfundargjörðirnar.

ATKV.GR.: Nefnd 5 manna samþ. í einu hljóði, og í hana kosnir:

Valtýr Guðmundsson	með 20	atkv.
Jens Pálsson	— 15	—
Skúli Thoroddsen	— 15	—
Klemens Jónsson	— 11	—
Jón Þórarinsson	— 10	—

Áttundi fundur, miðvikudag 10. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem fengið hafði leyfi til að vera fjarverandi.

Forseti gat þess, að landshöfðinginn hefði með brjefi dags. í gær tjáð sjer, að hann væri reiðubúinn til að svara fyrirspurn h. 2. þingm. Ísf. (Sk. Thor.) viðvíkjandi afsetning Einars sýslumanns Thorlacius á Seyðisfirði um stundarsakir.

Þá gat forseti þess, að lögð yrði fram á lestrarsalinn áskorun til alþingis frá kjósendum Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu um að halda hiklaust áfram sjálfsstjórnarkröfum Íslendinga.

Frv. til laga um brúargjörð á Blöndu (C. bls. 98 og nr. 35); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg hefi fyrir nokkrum árum komið á þann stað, þar sem ætlazt er til að brú verði nú gjörð á Blöndu. Skoðaði jeg þá staðinn nokkuð vandlega og gjörði mynd af brú, svo jeg hefi hugsað nokkuð um þetta mál fyr en nú. Þar hagar svo til, að áin er breið fyrir ofan brúarstæðið, en er niður undir Blöndu-ós dregur, þrengist hún af klöppum, er ganga þar fram að ánni og rennur hún þar eins og gegnum götu, og er þá ekki nema liðugar 12 álnir á breidd. Þegar svo er, þá er auðvitað, að áin er þar ákaflega straummikil í vöxtum og ísruðningar miklir í mjóddinni. Öðrum megin að brúarstæðinu eru bakkarnir háir, en hinum megin er klöppin nokkuð lág, svo gjöra þarf öfluga steinstöpla, og er það vandasamasta verkið við brúargjörðina og kostnaðarsamast, því þar á ríður vegna straumhörkunnar og ruðninganna, að stólpar þessir sjeu ákaflega traustir og öflugir. Það verður brúarsmiðurinn vandlega að athuga. Jeg skal geta þess, að jeg hafði hugsað mjer brúarstæðið fáum föðmum ofar, en eptir því, sem kunnugir menn hafa sagt mjer síðan, er ruðningurinn miklu meiri og hættulegri þar, og er því þetta brúarstæði líklega heppilegar valið.

Að því er snertir nauðsyn þessa fyrirtækis, þá er hún mjög mikil, enda er ákveðið, að þjóðvegurinn milli Norðurlands og Suðurlands liggi þar um, sem

brúin á að vera. Hinn sænski verkfræðingur, sem getið er um í nefndarálitinu, vildi láta leggja veginn miklu ofar, nálægt Finnstungu, en þar hefði brú á Blöndu sjálfsagt kostað 60—70 þúsundir króna, svo að það er mikill sparnaður, að leggja brúna þar, sem hjer er ætlazt til. Auk þessa er brúargjörð þessi mikið nauðsynjamál fyrir þá, sem búa í austurhluta sýslunnar.

Jeg skal svo enda þessi fáu orð með því, að taka það upp aptur, að fyrirtækið er nokkuð varasamt á þessum stað, en þó vel gjörlegt, ef þess er vandlega gætt, að hafa brúarstöplana nógu sterka og trausta.

Vil jeg svo fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að frumvarp þetta verði samþykkt, og fje veitt til þessarar brúargjörðar.

Sighvatur Árnason: Af því að jeg tel það víst, að þetta frumv. gangi fram og að hin fyrirhugaða brú á Blöndu komist á, þá vil jeg leyfa mjer að gera dálitla athugasemd.

Það er ljóst, að þessi brú verður nokkuð mikið mannvirki og að líkindum ein af þessum svo kölluðu hengibrúm. Nú er það kunnugt, að á þinginu 1893 voru búin til lög um gæzlu brúnna á Ölfusá og Þjórsá og gæzlukostnaðinn. Voru það að vísu sjerstök lög, en ekki ákvæði um þetta efni tengd við lögin um brúargjörð á Þjórsá. Nú ímynda jeg mjer, að gæzlu þurfi við þessa brú á Blöndu, eins og hinar, og finnst mjer þá mega tengja ákvæði um hana við þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, með tveimur eða þremur greinum. Mjer finnst rjettara að gjöra þetta nú þegar, svo ekki þurfi að búa til lög um slíkt eptir á. Jeg skýt þessari athugasemd til h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.), sem mun vera aðalflutningsmaður þessa máls, þó frumv. sje komið frá h. stjórn.

Landshöfðingi: Mjer heyrðist h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) ganga út frá því sem gefnu, að brúin á Blöndu ætti að vera hengibrú og því væri nauðsynlegt að semja jafnframt reglur um gæzlu brúarinnar, en jeg skal benda h. þm. (S. Á.) á, að það er ekki sjálfsagt, að brúin verði hengibrú. Eptir uppdrætti þeim og áætlun, sem verkfræðingur vor, Sigurður Thoroddsen, hefir gjört, er einmitt ætlazt til, að gjörð verði föst brú á Blöndu, en hins vegar hefir stjórnin tekið það fram í athugusemdum sínum við frv. um þessa brúargjörð, að henni þætti rjettast, að ekkert væri fast ákveðið að sinni um það, hvernig brúin skyldi vera, svo að stjórninni væri heimilt að láta gjöra hengibrú, ef það yrði álitið heppilegra. Stjórnin ætlast því til, að fjárveitingin gildi eins fyrir það, þó brúin verði hengibrú. Þar sem nú samt sem áður er ætlazt til þess, að brúin verði föst, þá er engin ástæða til að fara nú að samþykkja ákvæði um brúargæzlu, því það verður svo mikill munur á því, hvernig gæzlan þarf að vera og hve mikill gæzlukostnaðurinn verður, eptir því, hvort brúin verður föst brú eða hengibrú. Það er því að mínu áliti rjettast að bíða að ákveða nokkuð um gæzluna. Það er nógur tími að gera það á næsta þingi, þegar brúin verður komin upp.

Jeg skal svo að eins bæta því við það, sem h. framsögum. (Tr. G.) sagði um nauðsyn þessa fyrirtækis, að eigi bryggja sú, sem gjörð var nýlega hjá Blönduós og landssjóður lagði töluvert fje til 1893, að koma að fullum notum, þá er brú þessi alveg nauðsynleg, því eins og nú stendur, er varla hægt að flytja þær vörur, sem skipað er upp við bryggjuna, til kaupstaðarins. Til þess vöruflutnings er brúin alveg nauðsynleg.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar (C. 39, 46); 3. umr.

Einar Jónsson: Eins og menn sjá, hefi jeg og nokkrir aðrir h. þingdm. leyft mjer að koma fram með breyt.till. við þetta frumv. á þingskjali 46, en breyting sú, sem þar er stungið upp á, er að eins orðabreyting, sem mjer finnst fara betur en í frumv., en að öðru leyti ekki ástæða til að fjölyrða um. Í frumv. stendur í 3. gr.: »Takmörk verzlunarlóðarinnar verða hin forna kaupstaðarlóð« o. s. frv. En vjer kunnum betur við að orða þetta þannig: »Verzlunarlóð bæjarins skal að eins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð«.

ATKV.GR.: Breyt.till. (46) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 25); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin umræðulaust samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 27.); 2. umr.

ATKV.GR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. með 17 atkv. hvor; 3.—4. gr. samþ. með 16 atkv. hvor; 5. gr. samþ. með 18 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.-gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. 28, 48); 2. umr.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg er einn af þeim þingm., sem álíta það vera nokkra mótsögn í frv., að embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, skuli fá $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun, og sömuleiðis í því að ákveða biðlaunin $^2/_3$ af laununum, því að það er gegnumgangandi stefna í öllu frumv., að eptirlaunin fari aldrei fram úr helming embættislaunanna, og þetta kemur að eins til að eiga sjer stað með þá embættismenn, sem lægst eru launaðir, einkum læknana; þeir ná hálfum launum sínum í eptirlaun, þegar þeir hafa verið í embætti 23 ár, en reynslan virðist benda í þá átt, að læknar hjer á landi muni fremur sjaldan sitja svo lengi í embætti og komast vart mjög margir á eptirlaun. Þessu var og haldið fram hjer í neðri deild 1893, en varð þá að ágreiningsefni við h. Ed.

Þau voru alls 3 ágreiningsatriðin í þessu máli milli deildanna síðast, þessi 2, sem nú eru nefnd, en hið þriðja var um eptirlaun ekkna embættismanna, sem neðri deild vildi ákveða $^1/_{10}$ hluta af launum mannsins, en efri deild $^1/_8$. Þetta ágreiningsatriði höfum vjer flutningsmenn að breyt.till. eigi viljað taka upp.

Það sem í augum h. þm. helzt kann að mæla á móti þessum breyt.till. er það, að þetta kynni aptur að verða að ágreiningi við efri deild og þannig verða til að spilla fyrir málinu. En ef svo kynni að fara, þá er það bót í máli, að vjer höfum nægan tíma fyrir oss og svo ber þess einnig að gæta, að efri deild er nú nokkuð öðruvísi skipuð en 1893. Jeg hygg að það sje alveg óhætt fyrir þessa þingdeild, að halda sjer við þessi fyrri ákvæði sín, og jeg get eigi ætlað, að neinn telji þessa niðurfærslu ósanngjarna, að embættismenn ekki fái nema helming launa sinna að eptirlaunum, ef þeir slasast eða embættin verða lögð niður, svo að þeir verði settir á biðlaun, þar sem embættismönnum yfir höfuð, með sárfáum undantekningum, er

eigi ætlað meira en hálf eptirlaun, þó að þeir þjóni til elliára.

Mig langaði annars til að tala dálítið meira almennt um þetta mál, ekki af því, að jeg búist við, að farið verði frekar út í það á þessu þingári, eða jeg ætli mjer að koma fram með efnisbreytingu við frumv. að sinni, heldur af því, að málið er svo þýðingarmikið og svo mikið áhugamál þjóðarinnar, en í annan stað tregða stjórnarinnar að ganga inn á vorar sanngjörnu kröfur, að heldur er útlit til, að það verði aptur á dagskrá komandi þings.

Þjóðin vill helzt afnema öll eptirlaun, og þegar vel er aðgætt, þá er það í rauninni ekki nema rjettlát krafa. Það er í alla staði sanngjarnt, að hver maður fái sæmileg laun á meðan hann starfar, en ekki lengur. Jeg er því fullkomlega samdóma afnámi fastra eptirlauna, en aptur dylst mjer eigi, hve viðsjált væri að láta fjárveitingarvaldið vera að fjalla um hvert einstakt tilfelli, er þörf og verðleikar þættu vera fyrir hendi til að veita eptirlaun með sjerstökum lögum.

Jeg hefi fyrir nokkru síðan hugsað alveg nýstárlegt fyrirkomulag, að embættismönnum væri sett í sjálfsvald, hvort þeir vildu tryggja sig, ekkjur sínar og börn. Það er að því leyti frábrugðið eldri uppástungum, sem hjer hafa legið fyrir um skyldur embættismanna til að safna sjer ellistyrk, að þetta ætti alveg að vera frjálst, en hið opinbera ætti að leggja fje á móti til uppörfunar fyrir embættismenn til að tryggja framtíð sína og sinna, hvort heldur það er ekkjan eptir fráfall mannsins, eða barnið í ómegð að föðurnum dauðum. Þessi framlaga af hálfu hins opinbera ætti auðvitað að vera tiltölulega því ríflegri, því lægri sem laun embættismannsins væru, innan þeirra takmarka, sem löggjafarvaldið setur með upphæð styrksins. Því að eins væri og þetta aðhald fyrir embættismanninn til sparsemi og til að leggja sjálfur af mörkum, að hann gengi að því vísu að fá alls ekkert fyrir sig og sína, ef hann skeytti eigi um þetta styrkboð ríkisins. Svipað þessu er að komast á í heiminum, þar sem ríkið styður verkamenn til ellistyrks. Með þessu fyrirkomulagi væri og tekin sú meginregla, sem ríkið gæti smámsaman látið ná til allra meðlima sinna. Hver dyggur verkamaður er verður launa sinna. Jeg vil að ríkið leggi af mörkum styrktarfje handa hverjum sínum þjóni, sem það boð vill þiggja með eigin framlögum, hvort heldur hann hefir unnið við árina, orfið eða bókina.

Mjer þykir vænt um að varpa þessu fram hjer, h. þm. og landsmönnum yfir höfuð til íhugunar, en þetta er allt of yfirgripsmikil og vandasöm löggjöf til þess að þetta þing geti tekið hana fyrir.

Þorlákur Guðmundsson: Það er einkum út af nokkrum ummælum h. þm. Vestm (V.G) við 1. umr þessa máls, að jeg vil leyfa mjer að tala nokkur orð. H. þm. hjelt því þá fram, að ein af hinum illu afleiðingum eptirlaunalækkunarinnar kynni að verða sú, að embættismennirnir yrðu ónýtari, og hann sagði að niðurfærsla eptirlauna mundi hafa ákaflega illar afleiðingar, en fyrir mínum skilningi víkur þessu öfugt við; ekki er það hugsanlegt að há eptirlaun eða eptirlaun í heild sinni gætu haft nein áhrif á hæfilegleika nemandans, eða iðni hans og framsókn á námsárunum, ekki heldur á embættismanninn, þegar hann er kominn í embætti; miklu fremur munu of há laun og eptirlaun freista embættismannsins til munaðar og makinda, og til þess að slá sjer út í heiminn, þegar hann veit að hann aldrei þrýtur peninga, hvað gamall sem hann verður. Það mun lengi í heiðri

haft og eiga vel við, sem hinn ríki maður bað: gef mjer hvorki fátækt nje auðæfi, en lát mig hafa mitt afskammtað uppeldi. Ekki er það heldur sennilegt, að niðurfærsla eptirlauna muni fæla menn frá að ganga embættisveginn eða ekki mundi fást nema úrkast hinnar uppvaxandi eða komandi kynslóðar í embættin, en færi nú svo, sem engin líkindi eru til, sem h. þm. getur til, að þetta yrði ofan á, þá kemur til kasta löggjafarvaldsins að hlaupa undir bagga og hækka launin eða eptirlaunin. Svo er enn eitt stórkostlegt atriði, sem jeg vildi minnast á, en það er það, að með háum eptirlaunum er alveg aftekin sú gamla og lofsverða skylda barnanna að sjá fyrir foreldrum sínum á elliárunum eptir þörf foreldranna og getu barnanna. Þeir foreldrar, sem njóta eptirlauna, þurfa ekki slíkrar forsjár við, ekki sízt þegar eptirlaunin eru svo rífleg, að þeir geta lagt upp af þeim, eins og dæmi eru til. Það er naumast við því að búast, að þjóðin uni vel við hin miklu eptirlaun embættismanna, sem eru með öllu óþörf, og nægilegt ætti það að vera, að veita þeim sæmileg laun, meðan þeir eru í embætti; nei, þjóðin getur ekki unað því, nema því að eins að bændastjettinni sje líka veitt eptirlaun.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Hvað breytingartill. við frv. viðvíkur þá skal jeg ekki fara mörgum orðum um fyrri liðinn. Að vísu er jeg á sömu skoðun sem fyr með það, að sá embættismaður, sem slasast svo við að reka embætti sitt, að hann verður að segja af sjer, eigi að njóta nokkuð hárra eptirlauna, jafnvel, eða engu síður, þó hann hafi verið stutt í embættinu, og þó eptirlaun embættismanna í öðru tilliti væru minnkuð meira en hjer er farið fram á, og þótt mjer virðist að $^2/_3$ launanna sje í þessu tilliti hæfilegri upphæð en helmingur, þá vil jeg þó ekki gjöra þessa niðurfærslu að kappsmáli, sjerstaklega af því, að hún gengur þó í sömu stefnu og frumvarpið sjálft, nfl. þá að minnka eptirlaunabyrðina. Jeg skal því ekki mæla á móti þessum lið, þótt það ef til vill ekki væri mikil ástæða til að minnka það sem stendur í frv. En hvað síðari liðinn snertir, þá er enn minni ástæða til að færa hann niður. Mjer finnst það hart, þegar maður er sviptur embætti, sem hann við veitingu þess hafði gjört sjer von um að halda æfilangt, að hann ekki fái nema helming launa sinna í biðlaun. Mjer þykir lækkunin of mikil og harla ósanngjörn, þegar þeim hefir svo gott sem verið lofað embættinu upp á lífstíð, en því loforði svo riptað af hálfu hins opinbera, án nokkurra saka frá hendi embættismannsins. Jeg sje því ekki rjett vera, að draga meira af launum embættismanna í þessu tilfelli en sem nemur þeim kostnaði, sem ætla má að sje við að reka embættið, er sjaldan mun fara fram úr $^1/_3$ launanna. Jeg get því ekki greitt atkvæði með hinum síðari lið.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ímynda mjer að það þýði lítið, að fara að mæla á móti þessu frv., þar eð mjer virðist það svo almenn skoðun h. deildar að samþykkja það. Jeg gat þess við 1. umr. málsins, að hjer væri að eins um lítla upphæð að ræða, sem landssjóð ekki munaði miklu, en sem aptur á móti gæti haft skaðleg áhrif á embættismannastjettina, ef hún væri afnumin eða minnkuð að mun, svo sem það að þeir hjengi lengur í embættum, en þeir væru færir um, til þess að forðast það að komast á hin lágu eptirlaun, og njóta sem lengst embættislauna sinna. Þetta gæti einnig orðið til þess, að gjöra embættismennina ósjálfstæðari gagnvart yfirboðurum sínum, þar eð þeir eiga

eptir þessum lögum meira á hættu, ef þeir kynnu að verða settir af, eins og nýlega hefir komið fyrir.

Jeg skildi ekki vel ræðu h. þm. Árnesinga, en mjer heyrðist það eiga að vera eitthvað í þá átt að andæfa mjer. Jeg álít það ekki heppilegt að gjöra embættismönnum að skyldu, að leggja vist árlegt tillag af launum sínum sjer og sínum til ellistyrks, því að til þess eru launin ekki nógu há og svo gæti það leitt til þess að þeir færu að leita sjer aukaatvinnu og vanræktu embætti sitt. Hinsvegar er hjer um svo litla upphæð að ræða, líklega svo sem 4-5000 kr. á ári, að landssjóð mundi ekki muna neitt verulega um hana.

Að það er almennur vilji út um land að afnema öll eptirlaun sannar ekki mikið, því það er alkunnugt að bændur öfundast og sjá ofsjónir yfir tekjum embættismanna, en gæta þess ekki, þegar þeir eru að bera saman tekjur þeirra við sínar eigin, að meta allar sínar tekjur til peninga, og vex því í augum sú peningaupphæð sem embættismaðurinn fær í laun. Annars finnst mjer miklu nær að snúa sjer að þeirri stefnu, sem h. þm. Borgf. minntist á, en þá yrði að auka laun embættismanna. Sú stefna er nú allstaðar að ryðja sjer til rúms að styrkja menn á ellidárunum. Álít jeg það mjög heppilegt, en þá ætti þetta eigi að eins að ná til embættismanna sjálfra heldur og til ekkna þeirra og barna og einnig annara fyrir utan embættismannastjettina.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd við ræðu h. þm. Borgf. Hann var einn af þeim, sem kom með breyt. till. við frv., og mátti því búast við að hann vildi málinu vel. En mjer virtist ræða hans ganga út á allt annað en það sem fyrir liggur til umræðu, og jeg er því efins um, hvort hann er frv. sinnandi eða ekki. Jeg álít það eiga miður vel við að blanda þessum tillögum h. þm. inn í þetta mál. Hugmyndin er máske góð, en h. þingdeild er algjörlega óundirbúin að ræða hana, og sje farið að blanda henni inn í þetta frv., þá gæti það orðið til þess að los kæmist á málið og það farið allt í mola fyrir oss. Ennfremur tel jeg miður eiga við, að gjöra hálfgjört ráð fyrir því, að efri d. muni fella málið og stjórnin muni neita því um samþykki sitt; jeg vil miklu fremur ætla, að efri d. taki málinu vel, og stjórnin nú samþykki það, af því málið er sanngjarnt og rjett.

Þórhallur Bjarnarson: Út af ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) skal jeg taka það fram, að et jeg hefði viljað koma glundroða á mál þetta, þá mundi jeg hafa komið með yfirgripsmiklar breytingartillögur og lagt það til, að nefnd væri sett í málið. En jeg tók það skýrt fram í fyrri ræðu minni, að jeg vildi ekki tefja fyrir málinu; og að tillaga sú, sem jeg varpaði fram, væri svo nýstárleg, að jeg ekki byggist við að hún yrði tekin til alvarlegrar íhugunar á þessu þingi, og jeg mundi ekki einu sinni óska eptir að þetta þing aðhylltist hana og tæki hana upp í stað frv. En það verð jeg að álíta hverjum þingmanni heimilt, að tala almennt um hvaða mál, sem fyrir liggur, og skýra þær stefnur, sem honum hugkvæmist að taka megi í því. Annan stað þekki jeg ekki betri en einmitt þingsalinn, til þess að bera fram nýjar hugsanir í þjóðmálum, og jeg vil ekki ætla að h. þm. (S. G.) í alvöru væni mig þess, að jeg hafi viljað spilla fyrir málinu, þótt jeg benti lauslega á nýjan veg, sem hugsanlegt væri að fara í því.

Að jeg víki svo að sjálfum breytingartillögunum, þá get jeg eigi fallið frá því, að niðurfærslan er sanngjörn í

samræmi við lögin í heild sinni, en jeg get gjarnan kannast við það, að ástæðulaust sje, að gjöra þetta að kappsmáli, ef h. Ed. skyldi enn sitja við sinn keip og halda fast við $^2/_3$.

Það má segja margt með og móti ástæðum h. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann var að reyna að færa rök að því, að það mundi hafa spillandi áhrif á embættismannastjettina, ef eptirlaunin væru afnumin. En það má eflaust líka segja, og færa töluverð rök fyrir því, að eptirlaunin hafi spillandi áhrif á embættismannastjettina. Það er hjer eins og svo opt, að það má leiða ólíkar ályktanir af einu og hinu sama. Þegar embættismaður, sem sýnist hafa verið í sjerlega góðri stöðu, lætur eptir sig þrotabú, eins og æði opt hefir komið fyrir, þá segja sumir og álykta sem svo: »Nú sjáið þið, hvað launin hans hafa verið of há, og hvort þau hafa nægt honum. Aðrir segja aptur sem svo — og það víst með eins góðum og gildum rökum: »Hann hefði varla dáið frá þrotabúi, ef engin hefðu verið eptirlaunin.

Jeg hef annars skilið það svo, að það sem einkum lægi bak við kröfur þjóðarinnar um afnám eptirlauna, væri fremur það, að henni fyndust eptirlaunin órjettlát, en hitt, að hún teldi fjárupphæðina sjálfa svo mjög eptir. Þótt sú nýja hugmynd, sem jeg nefndi, kæmist í framkvæmd, þá býst jeg ekki við sjerlega miklum fjársparnaði fyrir landssjóð við það; því að jeg býst við, að flestir mundu nota sjer það, að landssjóður hlypi undir bagga með þeim með að safna sjer eins konar eptirlaunum eða styrk handa sjer og sínum. Að sjálfsögðu er það undir þinginu komið, að ákveða, hve mikið landssjóður legði af mörkum, en við miklum fjársparnaði býst jeg, sem sagt, ekki; en við hinu býst jeg, að þjóðin fyndi til þess, að hjer væri farin leið, sem stefndi að jafnrjetti; því að jeg geri ráð fyrir, að löggjafarvaldið mundi smátt og smátt stefna á sömu leið, að því er snertir alla meðlimi þjóðfjelagsins, þótt það að líkindum byrjaði á þeim, sem einna beinast standa í þjónustu ríkisins, það er að segja á embættismönnum.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) var meðmæltur fyrri breyt.till., en mótfallinn hinni síðari. Jeg tók það líka fram, að það væri sjerstaklega fyrra atriðið, sem væri lítt samrýmanlegt stefnu frumv. að öðru leyti, svo jeg get vel skilið, að hann sje meðmæltari fyrri breyt.till., fyrst hann getur ekki aðhyllzt þær báðar. Að því er síðari breyt.till. snertir, þá er þó þess að gæta, að það kemur örsjaldan fyrir, að embætti sje lagt niður; og í annan stað er sá maður, sem á biðlaun er settur, að jafnaði betur staddur en hinn, sem verður að leggja niður embætti fyrir það, að hann hefir slasazt, vegna þess, að biðlaunamaðurinn er verkfær, og má gjöra ráð fyrir, að hann geti unnið sjer inn meira eða minna í viðbót við biðlaun sín. Jeg held það sje alveg hættulaust, að samþykkja síðari breyt.till. líka; þá yrðu eptirlaunin hvergi meiri en helmingur hinna föstu launa.

Þórður Guðmundsson: Það er þegar búið að ræða ýmislegt bæði með og móti frumv. þessu, og skal jeg ekki fara langt út í það.

Það er sjerstaklega ræða h. þm. Vestm. (V. G.), sem jeg ætla að fara fáum orðum um. Jeg get ekki almennilega skilið rökfærzlu h. þm. (V. G.), að landssjóð muni ekki um þá niðurfærslu á eptirlaunum, sem frv. gerir ráð fyrir, en að embættismenn muni um hana. Jeg álít einmitt, að landssjóð, sem er ein heild, muni um þó

ekki sje nema 5—6000 kr. á ári. Jeg álít, að hann muni meira um það en embættismennina, sem eru svo margir um afdráttinn.

H. þm. (V. G.) var svo hræddur um, að hin fyrirhuguðu eptirlaunalög mundu gera það að verkum, að ónýtir menn mundu hanga of lengi í embættunum, ef eptirlaunin minnkuðu. Jeg er ekki svo hræddur um þetta. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að embættismennirnir sjeu orðnir embættismenn vegna eptirlaunanna, heldur til að vinna landsmönnum gagn fyrir laun sín; jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir muni vilja taka meira af landsfje en sanngjarnt er og sæmilegt.

H. þm. (V. G.) beindi því að bændum, að þeir öfunduðu embættismennina af launum sínum; þessum áburði á bændur vil jeg mótmæla. Hjá sjálfum mjer hreifir sjer engin öfund gagnvart eptirlaunahæðinni, heldur vil jeg fá afnuminn ójöfnuð þann, sem hjer á sjer stað í borgaralegu fjelagi. Það er komið svo langt, að sjálfir embættismennirnir eru farnir að finna til þess, að hjer sje ójöfnuður, sem lagfæringar þarf. Það er reyndar ekki láandi, þótt þeir embættismenn hittist, er vilja halda í þessi forrjettindi, sem þeir hafa svo lengi notið. En tíminn krefur meira jafnrjettis, eins með embættismannalaun sem annað, og því vona jeg, að frumv. komist mótmælalítið gegn um deildina og þingið, og stjórnin taki tillit til jafnalmennrar óskar eins og hjer á sjer stað, og neiti ekki lengur því sem frv. fer fram á.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer heyrðist h. þingm. Vestm. (V. G.) segja, að hann ekki hefði skilð mig, og að orð mín hefðu ekki átt við ræðu sína í þessu máli við 1. umr., en jeg skrifaði einmitt hjá mjer þau orð hans, sem jeg byggði ummæli mín á. Hann kvað frv. mundi verða þess valdandi, að vjer fengjum ónýta embættismenn, og frumv., ef það yrði að lögum, mundi hafa ákaflega illar afleiðingar. Hann tók það bæði nú og áður fram, að af frv. mundi það leiða, ef það yrði að lögum, að embættismenn mundu hanga lengur í embættunum, en góðu hófi gegndi. En jeg geng út frá því, að landsstjórnin hafi eptirlit með embættismönnunum og láti þá ekki hanga lengur í embætti en hún sjer að þeir muni nokkurn veginn færir um að þjóna þeim. Ef hún vanrækti þá skyldu sína eptir að hin nýju eptirlaunalög eru komin í gildi, þá getur hún eins gjört það nú, og undir núgildandi lögum getur freisting verið fyrir embættismenn að hanga í embætti, þótt lítt hæfir sjeu til þess; sú freisting er allt af fyrir hendi, á meðan eptirlaunin eru ekki eins há og launin sjálf. En jeg ætla landsstjórninni að hafa þar vakandi auga með.

H. þm. (V. G.) sagði, að eptirlaunahækkunin næði að eins til viss flokks þeirra, sem á eptirlaununum eru, þetta er rjett, og að lækkunin væri svo lítilfjörleg, að litlu munaði um hana. En þá segi jeg, að þess minni ástæða sje fyrir stjórnina að neita frumv. staðfestingar, því skemmra sem farið er í þessu efni, og þess minni ástæða er fyrir þm. að vera að andæta á móti frv. þessu.

Þórður Thoroddsen: Jeg skal leyfa mjer að fara fáum orðum um ræðu h. þm. Vestm. (V. G.). Mjer skildist svo, sem hann væri frumv. mótfallinn af þrem ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að það mundi leiða til þess, að embættismenn mundu hanga lengur í embættum sínum en góðu hófi gegndi. Í öðru lagi af því, að landssjóð munaði lítið upphæð sú, sem hjer væri farið fram á að spara; og í þriðja lagi af því, að

hann væri hræddur um, að embættismenn mundu verða enn ósjálfstæðari en þeir eru nú, þar sem þeir ættu von á svo litlum eptirlaunum, ef svo kynni að fara, að þeim væri vikið frá embætti.

H. þm. (V. G.) hefir þegar verið svarað því gegn fyrstu mótbárunni, að það hafi enda komið fyrir undir hinum núgildandi eptirlaunalögum, að menn hafi hangið í embættum eptir að þeir voru orðnir lítt færir um að þjóna þeim; og jeg er ekki svo hræddur um, að það muni ágerast, þótt eptirlaunalögunum verði breytt, eins og þetta frumv. fer fram á, eða eptirlaunin gerð minni. Jeg hef líka það traust á landstjórninni, að hún muni hafa einurð á að benda þeim embættismönnum á að láta af embætti, sem henni þykir vera of paulsætnir í þeim; vjer höfum dæmin fyrir oss, að hún hefir gjört það. — Þá er það enn fremur ólíklegt og enda lítt hugsanlegt, að embættismenn verði að miklum mun ósjálfstæðari fyrir það, þótt þeir geti búizt við, að svo kunni að fara, að þeir geti átt von á 100—200 kr. lægri eptirlaunum, en þeir gætu nú átt von á, væri þeim vikið frá embætti. Jeg skal ekki trúa því, að embættismenn láti það muna sig, eða að þessi lækkun eptirlaunanna dragi þann óheillavænlega dilk á eptir sjer, að þeir dragi fremur taum stjórnarinnar fyrir það. — Þá kemur þriðja og síðasta ástæðan: Að landssjóð muni þetta svo litlu. Að vísu er hjer ekki um neina stóra upphæð að ræða, en þó getur upphæðin dregið sig saman í mörg ár.

Eins og h. þm. (V. G.) tók fram, þá eru eptirlaun þau, sem nú hvíla á landssjóði, og sem frumv. þetta getur haft áhrif á, að upphæð um 20,000 kr. á ári, stundum nokkur þúsund fram yfir, en stundum líka undir. En það er ólíklegt, að þessi eptirlaunaupphæð minnki, sem landssjóður þarf árlega út að borga, öllu meiri líkindi til, að hún með tímanum vaxi, eptir því sem eptirlaunaembættismönnum fjölgar, eins og sjerstaklega má gera ráð fyrir með læknana, eptir því sem þeir fara að komast á eptirlaun. En þó að það sje nú ekki nema 20,000 kr., sem eptirleiðis á að borga í eptirlaun eptir núgildandi eptirlaunalögum, þá er þó áríðandi, að gjöra sjer grein fyrir, hver áhrif frv., sem hjer liggur fyrir, mundi hafa á eptirlaunaupphæðina, og því hef jeg gert lauslegt yfirlit yfir það. Gjörum ráð fyrir, að á eptirlaunum væru 3 sýslumenn með 3500 kr., 3000 kr. og 2500 kr. launum, 3 læknar með 1500 kr. launum, 2 hærra launaðir embættismenn með 5000 kr. launum og tveir kennarar með 3200 kr. og 2400 kr. launum, eða samtals 10. Nú sem stendur eru á eptirlaunum 11 embættismenn og hafa þeir samtals 25,000 kr. í eptirlaun. Þessir 10 embættismenn, sem jeg gat um, ættu eptir núgildandi lögum að fá 23,000 kr. í eptirlaun; en yrði frumvarp þetta að lögum, og þeir hefðu allir setið í embætti í 30 ár, þá ættu þeir að fá rúm 15,000 kr. í eptirlaun; munurinn yrði því um 8,000 kr. á ári. Reyndar er þetta í sjálfu sjer ekki stór upphæð, en eptir 10 ár er hún þó orðin 80,000 kr. og eptir 100 ár 800,000 kr., og fyrir þá upphæð mætti margt gera; það mætti t. a. m. kaupa tvö gufuskip, eða leggja dálitinn járnbrautarspotta, eða annað því um líkt.

Jeg vona að h. þm. (V. G.) sjái, að hjer er þó ekki um svo lítið að ræða, eins og hann virðist hafa ætlað, og að mörgu nytsömu megi til vegar koma með því, sem hjer er farið fram á að spara, þegar það dregst saman.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlögsson): H. þm. Vestm. (V. G.) tók nýlega upp

aptur í ræðu sinni það, sem hann tók fram við 1. umr. þessa máls, og jeg svaraði þá, og sje jeg því ekki ástæðu til, að hafa það upp aptur. Engu að síður ætla jeg þó að minnast á eitt atriði, sem hann lagði svo mikla áherzlu á, þar sem hann hjelt að lækkun eptirlaunanna mundi hafa svo ill áhrif á embættismenn að því leyti, að þeir mundu sitja fyrir það lengur í embættum, en þeir væru færir um að gegna þeim. Það sem mjer virtist einkum lýsa sjer í ræðu þm. var að hann athugaði ekki, að hjer er að eins að ræða um lækkun eptirlaunanna en ekki afnám þeirra og að lækkun þessi kemur fram hjá tiltölulega fáum embættismönnum og að hún hefir ekki áhrif á þá embættismenn, sem hafa lægst laun og jafnframt erfiðust embætti, en embætti þessi eru ekki svo löguð, að þeir, sem í þeim sitja, segi af sjer fyr en þörf krefur, því af erfiðleikunum leiðir, að þeir eru orðnir svo snemma slitnir, að þeim er nauðugur einn kostur að segja af sjer, þegar þeir eru ekki orðnir færir að gegna embætti.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um, hver ókostur það væri, ef eptirlaunin lækkuðu, því þá mundi ýmsir sitja lengur í embætti en þeir væri færir til; en jeg held, að fullt svo mikil ástæða sje til að tala um hvílíkur ókostur það sje, ef eptirlaunin eru höfð svo há, að embættismenn fyrir þeirra sök segja af sjer með fullri heilsu, og verð jeg að álíta, að það hið síðara vegi fullkomlega upp á móti hinu fyrra.

Hvað eptirlaunaupphæðina snertir, þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um hana þar eð h. 1. þm. Kjós- og Gullbr. (Þ. Th.) hefir sýnt fram á, um hve mikla fjárupphæð er að ræða. En það er ekki upphæð eptirlaunanna, sem mjer virðist eiga að ráða mestu, eða hvort eptirlaunin sjeu mikil eða lítil, heldur hvort upphæð þeirra sje sanngjörn. Það er að mínu áliti aðalatriðið. Og þar eð þjóðin í heild sinni, og óefað allmargir þingmanna, eru þeirrar skoðunar, að afnema ætti öll eptirlaun, því þegar embættismenn fá fulla borgun fyrir starfa sinn meðan þeir gegna embætti, þá sje ekki rjett að borga þeim, þegar þeir eru hættir starfi í þjónustu landsins, þá er einnig ljóst, að því betra er, og því nær verður komizt þessu takmarki, sem eptirlaunin eru minni.

Þótt því hafi verið haldið fram, að sparnaðurinn væri ekki mikill, sem fengist með þessu frv., þá er að geta þess, að hjer er einkum haft í huga, hvað sanngjarnast er í þessu efni. Vjer munum líklega allir eptir því, að það koma stundum mörg mótmæli í umræðunum um fjárlagafrv. mót fjárbænum, sem nema ekki nema 50—100 kr. og fjárlaganefndin sinnir opt ekki þesskonar fjárbænum, ekki af því, að henni virðist upphæðin há, heldur af því, að henni virðist ekki sanngjarnt að veita fje það sem beðið er um, og fyrst sanngirniskrafa kemur til greina, þegar að eins um 100 kr. er að ræða í eitt skipti fyrir öll, hví skyldi þá ekki vert að taka hana til greina með þessar 8000 kr., sem eiga að veitast árlega um aldur og æfi?

Jeg er sjerstaklega þakklátur h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) fyrir hugmynd þá, sem hann kom með, sem vert væri að íhuga nákvæmar, ef svo skyldi fara, að stjórnin synjaði frumv. staðfestingar, þótt ekki ætti að þurfa að gjöra ráð fyrir því; en færi svo, verður að fitja mál þetta upp að nýju, því við því má búast, að eptirlaunafrv. verði framvegis á dagskrá þingsins, unz mál þetta er komið í viðunanlegt horf, og því þótti mjer gott að heyra uppástungu h. þm.

Viðvíkjandi því sem hann sagði um 2 lið breytingartill., hvað biðlaunin snertir, að þau kæmu svo sjaldan fyrir, þá finnst mjer því minni ástæða til að vilja lækka þau, því biðlaun eru í eðli sínu töluvert annað en almenn eptirlaun.

Sighvatur Árnason: Það er einungis út af orðum h. þm. Vestm. (V. G.) að jeg stend upp til þess að tala nokkur orð í þessu máli. Það er að vísu búið að hrekja ástæður hans fyrir því, að ekki ætti að færa niður eptirlaunin, og þarf jeg því ekki að minnast á það atriði. En það var annað í ræðu hans, sem mjer virtist ekki mega vera ómótmælt, þar sem hann kastaði því fram, að það væri af öfund bænda yfir kjörum embættismanna, hve fast þeir fylgdu fram þessu máli.

Jeg ímynda mjer, að hann geti ekki fært nein rök fyrir því að svo sje. Jeg ætla að leyfa mjer að benda honum á, að þetta er ekki komið af öfund, heldur gengur þetta að eins út á að spara það fje, sem hægt er, að minnsta kosti hefi jeg ekki heyrt annað í mínu kjördæmi. Og það er varhugavert að kasta þessu fram af manni, sem hefir alið fyrst æskualdurinn á skólabekkjunum og síðan setið í Kaupmannahöfn. Jeg get bent honum á, að jeg held að rjett sje, að þorri þjóðarinnar sje þeirrar skoðunar, að vjer verðum að spara fje á hverjum þeim stað, sem tiltækilegt er. Og jeg álít að spara megi fje á þennan hátt, án þess að ganga of nærri embættismönnunum. Maður hugsar sem svo, og h. þm. Vestm. (V. G.) líka, að margt sje að gera og víða þurfi að koma á endurbótum og verður því að athuga vandlega, hvort eigi megi spara í ýmsu, sem áður hefir verið eytt. En á hinn bóginn verður auðvitað að gæta að því, að fara ekki oflangt í því efni. En það segir sig sjálft, að sparnaður er bráðnauðsynlegur vegna efnahags þjóðarinnar, svo hægra sje að leggja fje til nauðsynlegra framfara án þess að íþyngja landsmönnum. Þetta er mín eigin skoðun og þetta hefir vakað fyrir mönnum í mínu kjördæmi.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla ekki að lengja umr. með því, að fara nákvæmlega út í ræður allra þeirra þingmanna, er andæft hafa orðum mínum í þessu máli. En jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á það sem h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, «að sjálfir embættismennirnir væri með þessu frumv., hvað þá aðrir». Þetta sannar ekki mikið, því frv. þetta snertir ekki þá embættismenn, sem nú eru komnir í embætti, svo þeir geta verið með vegna þess, að þeir líða engan halla af, þótt frv. þetta fái framgang.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. K. og G. (Þ. Th.) tók fram, að stjórnin mundi benda þeim embættismanni á að fara frá, sem sæti í embætti eptir það að hann væri orðinn óhæfur til að gegna því, þótt hann vildi ekki sjálfkrafa segja af sjer vegna þess, hve eptirlaunin væri lág, þá ímynda jeg mjer, að stjórnin muni hika við að gjöra það fyr en í fulla hnefana, þegar eptirlaunin væru orðin svo lág, að menn yrðu að breyta mjög lifnaðarháttum sínum. Stjórnin mun hika við að víkja þeim frá nú sem stendur, og því fremur mundi hún gjöra það þá.

Viðvíkjandi upphæð eptirlaunanna, þá er hún ekki eins mikil og gjört hefir verið orð á. Sami h. þm. (Þ. Th.) tók fram, að þau væri 23—25,000 kr. árlega nú sem stendur, en árið 1883 voru þau þó að eins um 9000 kr. svo það er æði mikil «fluctuation» og áraskipti að upphæð þeirra. En hvernig stendur á því að þau er nú svona há? Það kemur til af launalögunum frá 15. okt. 1875 en ekki eptirlaunalögunum

frá 31. maí 1855, en upphæð eptirlaunanna mun aptur minnka, þegar þeir menn fara að taka eptirlaun, sem hafa embættislaun eptir hinum nýrri launalögum, og fara eptirlaunin því í raun og veru síminnkandi. En munurinn (sparnaðurinn) verður enn þá minni, þegar þess er gætt, að eptirlaunin lækka samkvæmt þessu frv. því nær eingöngu hjá hinum hálaunuðu, en lítið eða ekkert hjá þeim, sem lægri embættislaun hafa, t. d. hjá læknunum, sem einmitt má búast við að fjölgi hvað mest, því mörg aukalæknishjeruð verða vafalaust gerð að föstum embættum, þegar læknaskipunin verður endurskoðuð, sem ekki mun verða langt að bíða. Þá verður munurinn enn minni, því þeir, sem minni laun hafa, hækka, en hinir lækka, sem meiri laun hafa. Því amtmaðurinn, sem hefir 5000 kr. í embættislaun, fær ekki meira fyrir hvert embættisár (í viðbót við $^1/_5$ af launum sínum) en læknirinn, sem hefir einar 1500 kr. Þeir fá báðir jafnt, sínar 20 kr. hvor, svo lækkunin verður lítil eða engin hjá lækninum, en mikil hjá amtmanninum. Hafi læknirinn verið töluvert lengi í embætti geta eptirlaun hans eptir þessu frv. jafnvel orðið hærri en nú. Munurinn er því ekki nærri eins mikill og hann gjörði ráð fyrir. Jeg ímynda mjer því, að þegar á allt er litið og tillit tekið til þeirra afleiðinga, sem þessi lög gætu haft, að of mikið sje lagt á hættu við að lækka eptirlaunin frá því, sem þau eru nú.

Þórður Thoroddsen: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra þá stuttu athugasemd við ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), að það er ekki rjett að eptirlaun lækna hækki eptir frv. Eptir núgildandi lögum fá þeir $^2/_3$ launanna í eptirlaun eða 1000 kr., en eptir þessu frv. $^1/_5$ að við bættum 20 kr. fyrir hvert embættisár. Hafi þeir þjónað í embætti í 30 ár, verða eptirlaun þeirra 900 kr.; svo að eptirlaun þeirra nema ekki 1000 kr., nema þeir hafi þjónað embætti undir 40 ár. En sökum örðugleika í þessum embættum eru mjög litlar líkur til að læknar þjóni hjer á landi um 40 ár. Það er einmitt athugandi, að það eru litlar líkur til, að læknar komist hjer opt á eptirlaun, því á þau komast einkum hinir hálaunuðu embættismenn, svo sem sýslumenn, amtmenn og biskupar. En hvað læknana snertir endist þeim sjaldan svo langur aldur hjer á landi, heldur eru það ekkjur þeirra og börn, sem koma á eptirlaun, en eptirlaun þeirra breytast ekkert eptir þessu frumv. Það er því alls ekki rjett, að álykta að eptirlaunabyrði landssjóðs jafnist eða að þetta frumvarp ljetti ekki á landssjóði, af því taka verði tillit til læknanna, því eptirlaun þeirra hækka ekki nema þeir hafi þjónað allt að 40 ár. Að endingu vil jeg leyfa mjer að benda þm. á, að jeg reiknaði eptir hinum yngri launalögum embættismanna, en ekki hinum eldri, og er hann því rjettur að því leyti.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 17 samhlj. atkv. Breyttill. við 2. gr. frv. (þingskj. 48): 1. liður samþ. með 16 gegn 1; 2. liður felldur með 11 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon	Einar Jónsson
Eiríkur Gíslason	Guðjón Guðlögsson
Guðl. Guðmundss.	Halldór Daníelss.
Jón Jensson	Jens Pálsson
Ólafur Briem	J.Jónss. þm. A.Sk.
Sighvatur Árnason	Jón Þórarinsson
Sigurður Gunnarss.	Pjetur Jónsson
Þórður Guðmundss.	Skúli Thoroddsen
Þórh. Bjarnarson	Tryggvi Gunnarss.
Þorl. Guðmundss.	Valtýr Guðmundss
	Þórður Thoroddsen

2. gr. frv. með áorðinni breytingu

samþ. með 19 atkv. gegn 1; 3.—8. gr. samþ. með 19 samhljóða atkv. hver; 9. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 10. gr. frv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 11. gr. frumv. samþ. með 18 samhljóða atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv. gegn 1.

Níundi fundur, fimmtudag 11. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess, að lagt yrði fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá síra Kjartani Einarssyni um afnám árgjalds þess, sem hvílir á Holtsprestakalli.
2. Þingmálafundargjörðir úr Norður-Þingeyjarsýslu, að Skinnastöðum í Axarfirði.
3. Beiðni frá fyrverandi sýslumanni Skúla Thoroddsen til alþingis, um að hann fái endurgoldna upphæð þá, sem haldið hefir verið eptir af launum hans frá 1. sept. 1892 til 31. maí 1895, svo og um að eptirlaun hans verði ákveðin $^2/_3$ af embættislaununum.
4. Bænaskrá frá síra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði um styrk til að safna íslenzkum þjóðlögum.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 31); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 20 atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 21 atkv.; 3. gr. frv. samþ. með 19 atkv.; 4. gr. frv. samþ. með 18 atkv.; 5.—7. gr. frumv. samþ. með 20 atkv. hver; 8. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um viðauka við og *breyting á lögum 14. janúar 1676 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur* (C. 32); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 atkv. móti 4; 2. gr. frumv. samþ. með 16 samhljóða atkv.; 3. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 4 atkv.

Frumv. til laga um varnarþing í skuldamálum, og um ýms viðskiptaskilyrði (C. 44); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Þetta mál, sem jeg ásamt tveimur öðrum h. þingd.m. hefi komið hjer fram með, hefir verið fleirum sinnum áður fyrir þinginu. Síðast á þinginu 1893 var það samþykkt í þessari h. þingdeild, en tellt í h. Ed. Jeg vona, að þetta frumv. fái ekki verri byr hjer í þingd. nú, en frumv. fjekk hjer 1893, því að eptir minni skoðun verðskuldar það ekki verri undirtektir, heldur jafnvel betri, þar sem það fremur hefir verið bætt en skemmt.

Það sem helzt hefir verið haft á móti frumv. er það, að það mundi verða til þess, að auka skuldir landsmanna við kaupmenn, með því að kaupmenn mundu, ef það yrði að lögum, verða túsari á að lána. Skuldasúpan mundi fara vaxandi, er kaupmönnum yrði gjört hægara fyrir að ná inn skuldum sínum. Að frumvarpið geti haft þessar afleiðingar, get jeg ekki skilið. Ef litið er á málið frá viðskiptamannanna hálfu, þá get jeg ekki sjeð, að ástæða sje til að halda, að skuldasúpan þurfi að vaxa, þó skuldheimtan verði ljettari Þegar litið er á málið frá sjónarmiði kaupmanna, þá verða menn að gjöra sjer ljósa grein fyrir, hvernig kaupmaðurinn hugsar, þegar hann er beðinn um

lán. Það sem hann hugsar fyrst og fremst um, er ekki það, hvernig hann geti náð skuldinni inn með lögsókn, ef hann lánar, heldur hugsar hann um það, hvort sá, er láns beiðist, sje fær um að borga lánið, hafi gjaldþol, og um það, hvort hann hafi vilja til að borga, sje skilamaður. Þar á móti hugsar hann ekki sem svo: jeg geng út frá því, að þú svíkir mig, en það er þá gott, að jeg hefi lög, sem gjöra mjer auðvelt að ná í þig, þrjóturinn þinn, og þeirra vegna skaltu fá lánið. Kaupmannsins fyrsta hugsun er það, hvort lánbeiðandi hafi gjaldþol, og sú næsta, hvort hann sje skilamaður og sómamaður. Jeg skil þess vegna ekki, að þessi lög gætu orðið til þess, að hvetja kaupmanninn til að lána. Kaupmenn vilja lána þeim mönnum, sem þeir þykjast vita, að hafi mátt og vilja til að standa í skilum, en ekki hinum, jafnvel þótt þeir ekki þurfi að leita þeirra, ef til lögsóknar kemur, í aðrar sýslur eða landsfjórðunga.

Þá er að líta á málið frá annari hlið. Nú er maður kominn í skuld við kaupmann, sem lánaði honum, af því hann treysti því, að lántakandi gæti og vildi borga, en nú bregzt lántakandi þessu trausti, brýtur loforð sitt og svíkur kaupmanninn, skákandi í því hróksvaldi, að hann eigi bágt með að ná í sig, þar sem hann búi svo langt frá. Að þess konar hrekkvísi geti átt sjer stað, á einmitt þetta frumv. að fyrirbyggja, og jeg álít það beina skyldu löggjafarvaldsins að styðja að því, að slíkir hrekkjamenn gangi ekki óátaldir. Það er ekki hægt að neita því, að þó hjer sje um hina óhappalegu skuldasúpu að ræða og kaupmenn eigi í hlut, þá er þó hjer um samningsrof að ræða, sem löggjafarþingið með engu móti má styðja að, að mönnum haldist uppi. Vjer megum ekki segja: Vjer erum hræddir við að gjöra mönnum, sem eru sviknir, of auðvelt með að ná í skuldaþrjótana, þó sumir hafi áður talað eitthvað keimlíkt þessu móti frumv.

Sumir hafa tekið það fram, að lög eins og þessi væri óþörf, því lánveitendum sje hægt að gjöra skriflega samninga við lántakendur, þar sem það væri tekið fram, að skuldunautur skyldi skyldur til að sæta lögsókn, þar sem skuldin væri stofnuð. En hvers vegna á að vera að vísa mönnum til samninga, þar sem menn verða að viðurkenna, að rjett sje að gefa almenna reglu. Það er ekki rjett, að láta einstaka menn vera að burðast með slík »formalitet« að óþörfu. Auk þess getur það verið hætta fyrir lántakendur, ef slíkir samningar yrðu almennir, því þeir geta verið svo útbúnir, að skuldunautum veiti miklu þyngra að fullnægja þeim, en ákvæðum þessa frumv. Í slíka samninga geta kaupmenn fundið upp á að setja alls konar ákvæði um skaðabætur, gabbsbætur o. fl., sem einfaldir almúgamenn skrifa undir, en þessa hættu fyrirbyggja ákvæði þessa frumv.

Lög eins og þessi eru beinlínis til hagnaðar fyrir viðskiptin manna á milli og viðskiptamennina. Það er auðvitað ekki ókostur við lögin, ef þau verka til þess, að gjöra bóndanum, sem þarf lán, ljettara fyrir að fá lánið. Það getur verið galli að vera í skuld, en það er galli, sem leiðir af fátækt. En eins og þessi lög mundu leiða til hagsældar fyrir verzlunina, eins mundu þau líka leiða til að fyrirbyggja þá siðspilling að taka lán, sem maður ætlar sjer ekki að borga.

Loks skal jeg taka það fram, að inn í þetta frumvarp er bætt ákvæði um skuldafyrning eptir 10 ár. Með þessu ákvæði þykjast flutningsmenn hafa gjört frumv. aðgengilegra en það var áður,

og þetta ákvæði virðist í sjálfu sjer heppilegt, þar sem þá má fremur búast við, að kaupmenn gangi liðugar eptir skuldum sínum, og láti þær ekki safnast of mjög fyrir.

Þórhallur Bjarnarson: Það er alveg rjett sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) tók fram, að þetta mál er kunnugt hjer á þinginu. Það hefir verið fyrir þinginu áður, og því talsverður gaumur gefinn. Það er því óþarfi, að fara nú að tala margt með eða móti málinu. Það munu hvorugir, hvorki meðmælendur nje mótmælendur þess, geta komið með neitt betra með eða móti en þegar hefir verið borið fram. Það má þó taka það fram, að það er að eins sára-lítið brot af þjóðinni, sem hefir óskað þessara laga, en á þeim fáu stöðum, þar sem þeim hefir verið hreyft úti um land, hafa þau mætt mótmælum.

Jeg hefi til glöggvunar dregið mótbárurnar, sem fram hafa verið fluttar gegn frumv., saman í 3 pósta, og skal nefna þá. Menn hafa sagt, að þessi lög mundu ekki ná tilgangi sínum. Þau mundu miklu fremur styðja að því, að auka skuldasúpuna.

Lög þessi yrðu ójafnaðarlög, gjörðu ójöfnuð milli manna, þar sem þau að eins væri gefin vissum stjettum gegn öðrum stjettum.

Loks eru lögin gjörsamlega óþörf.

Um hið fyrsta atriði má þræta í hið óendanlega nú eins og undanfarið. Um hið annað og þriðja atriði geta eigi verið skiptar skoðanir, líti menn kapplaust á málið, sjerstaklega er ómögulegt að neita þriðju mótbárunni. Kaupmenn geta eins og nú stendur gjört alveg hið sama, sem þessi lög heimila, með skriflegum samningum við skuldunauta sína.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) tók það fram, að það væri svo rjettlátt og almennt, sem frumv. færi fram á, en það er svo margt, sem er rjettlátt og almennt, sem lög láta ekki til sín taka, og sem alveg verður að vera komið undir samningarfrelsi manna.

Jeg álít líka, að það sje misskilningur hjá h. þingm. Rvík. (J. Jenss.), að kaupmenn geti ekki eins eptir sem áður, þó þetta frumv. verði að lögum, sett skuldunautum sínum gabbsbætur og aðra þunga kosti, eins og jeg held, að það sje misskilningur, að slík lög sem þessi mundu bæta verzlunarástandið. Það er allt annað, sem þarf til að bæta verzlunarástandið og greiða fyrir viðskiptum manna í milli. Það þurfa greiðari peningaskipti, örari peningaveltu, meiri samtök til að hrinda af sjer skuldahelsinu við kaupmenn. Þetta er nokkuð að lagast, og þakka jeg það sjerstaklega bankanum og kaupfjelögum, en fyrir slíku verður eigi skipað með lögum. Út frá þeirri meginreglu, að þetta eigi ekki að vera löggjafarmál, get jeg greitt atkvæði á móti frumv. nú þegar, og jeg tel það heppilega reglu, að eyða sem minnstum tíma til mála, sem maður í »principinu« er á móti, því það eru svo mörg önnur mál fyrir þinginu, sem ekki er rjett að eyða frá hinum dýra tíma.

Það eru auk þess mörg einstök atriði í frumv., sem jeg er á móti, en sem ekki má fara út í við þessa umræðu. Það mætti tala um þau við aðra umræðu, ef frumv. kemst svo langt, en mín tillaga er, að frumv. verði felt nú þegar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal að eins svara með fáum orðum því sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) sagði, þótt ástæður hans gegn frumv. væri allar margtuggnar og marghraktar. Hann byrjaði með því að segja, að þetta væri ekkert þjóðmál. Já, það kemur nú náttúrlega undir því, hvað h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) skilur við

þjóðmál. Ef hann skilur við þjóðmál að eins þau mál, sem heyra undir hina »idealistisku« orða-pólitik, þá skal jeg fúslega játa, að þetta heyrir ekki til þjóðmálanna. En skilji maður við þjóðmál þau mál, sem að einhverju leyti snerta efnahag þjóðarinnar, og hafa praktiska þýðingu, þá er þetta einmitt mjög mikilvægt og áríðandi þjóðmál, og mjer finnst það mjög svo óviðurkvæmilegt, að láta sjer annað eins um munn fara hjer í deildinni eins og að ekki eigi að ræða slík mál.

Það er almennt viðurkennt, að hið mesta farg, sem hvílir á íslenzku verzluninni, er kaupstaðarskuldirnar. Þær eru reyndar dálítið að minnka, og þetta því dálítið að lagfærast, en það er enn þá að litlum mun. Þær mótbárur, sem h. þingm. Borgf. (Þór. Bj.) kom með gegn frv. og sagði, að væru viðurkenndar, þær eru allar marghraktar. Það, að frumv. muni ekki ná tilgangi sínum sem lög, er ósannað, en allar líkur virðast benda til, að þetta muni einmitt verða, að hinum óvissu skuldum, sem nú hvíla á verzlunum, muni verða byggt út, með því að gjöra kaupmönnum hægra fyrir að ná skuldum sínum hjá hinum óskilvísu og óreiðilegu viðskiptamönnum. Þó að þau lán, sem veitt yrðu skilvísum og áreiðanlegum mönnum, kynnu að vaxa, þá gjörir það ekkert til, því að slík lánsverzlun er byggð á heilbrigðum grundvelli. Þessi lög mundu því verða til þess, að efla ærleg viðskipti en byggja hinum óærlegu út úr verzluninni.

Enn fremur sagði h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) að þetta væru ójafnaðarlög. Þessu er engan veginn þannig varið. Lög þessi miða til hagsmuna bæði fyrir lántakanda og lánardrottinn, með því að gjöra viðskiptalífið greiðara og tryggara fyrir báða parta. Það verður hægara fyrir menn að ná rjetti sínum, og kostnaðurinn svo miklu minni við allan málarekstur.

Jeg skal koma með eitt dæmi, sem sýnir hve kostnaðarsamt það getur verið, að innheimta skuldir sínar eptir þessum núgildandi lögum. Það var maður norður í Eyjafirði, sem skuldaði 4 kr. Svo var honum stefnt, og eptir langan málarekstur var hann dæmdur til að borga skuldina og 60 kr. í málskostnað. Eptir þessum lögum verður málskostnaður, sem fallið getur á skuldunaut, miklu minni.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) færði heldur ekkert dæmi úr hinu praktiska lífi til sönnunar því, að þetta væru ójafnaðarlög; hann sló því að eins fram, án þess að færa nein gild rök fyrir því. Mjer virðist einmitt koma fram jöfnuður í þessum lögum, en hin núgildandi lög fela í sjer miklu meiri ójöfnuð á allar síður. Eins og nú er ástatt, þá verða kaupmenn opt og einatt að láta rjett sinn falla niður, og vanalegt er, að þeir verða að taka hjá hinum skilvísu það sem hinir óskilvísu prettast um að borga.

Hin þriðja mótbára h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) var sú, að lög þessi væru óþörf. Það hef jeg aldrei fyr heyrt. Er það óþarfi að útrýma skuldasúpunni, að fyrirbyggja kostnaðarmikinn málarekstur, gjöra viðskipti manna greiðari, tryggari og heilbrigðari og að auka rjettlætistilfinningu í landinu? Hann sagði kaupmenn gætu gjört skriflega samninga við viðskiptamenn sína; það er að vísu satt, en það er engin ástæða móti þessum lögum, enda munu kaupmenn heldur hlíðra sjer hjá, að ganga á þennan hátt að viðskiptamönnum sínum. Að vaxandi peningavelta í landinu gjöri þessi lög óþörf, get jeg ekki sjeð.

Lög þessi miða yfir höfuð til að bæta það verzlunarólag, sem á er, og jeg

býst við, að menn við nánari umhugsun sannfærist um, að þetta er hið þýðingarmesta atriði, sem svo að segja snertir hvert einasta mannsbarn á öllu landinu.

Klemens Jónsson: H. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) byrjaði ræðu sína með því, að þetta frumv. hefði verið rætt svo hjer á fyrri þingum, að eigi væri unnt að koma með neinar nýjar ástæður með því eða móti. En hann gat þó ekki stillt sig um, að koma með þrjár af hinum gömlu, margbröktu ástæðum í ræðu sinni gegn frumv. Þessum mótbárum hefir enn á ný verið svarað rækilega af h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og skal jeg því eigi fara mörgum orðum um þetta atriði.

Þar sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) gat þess, að þessu máli hefði mjög óvíða verið hreyft á þingmálafundum, þá kemur það af því, að tíminn er þar vanalega af skornum skammti, og menn vilja heldur verja honum til að ræða stærri málin og þau sem hafa enn meiri þýðingu fyrir landið. Hann sagði og, að þar sem því hefði verið hreyft, þá hefðu menn verið því mótfallnir, en þessu verð jeg að neita, því að jeg skal geta þess, að þekki til í einu hjeraði, að bændur halda fundi sín á milli og ræða ýms hjeraðsmál og landsmál. Á einum slíkum fundi var til umræðu, hvernig verzlunin yrði bætt, og hinu núverandi verzlunarólagi, einkum skuldasúpunni, yrði afljett, og kom það þá einmitt fram, að eitt af þeim ráðum, er miðað gæti til þessa, væri einmitt að fá lög, eins og frumv. það var, er fellt var í efri deild 1893. Og þetta voru þó menn, sem eru, eða geta átt von á verða fyrir því, að einmitt þessu frv., ef það yrði að lögum, yrði beitt gegn þeim eins og öðrum. En þeir sáu, að með þessum lögum mundi verzlunin komast í betra horf, og hrundið í lag hinu gamla verzlunarólagi, einkum þó ef ákvæðið um fyrningu skulda væri tekið með, og það hefir nú einmitt verið gjört, til þess að gjöra frumv. aðgengilegra.

Það hefir þegar verið hrakið, að þetta væru nokkur ójafnaðarlög, enda fæ jeg ekki sjeð að svo sje, því að þótt lögin kæmu ef til vill kaupmönnum að mestu gagni, þá fæ jeg ekki sjeð, að það væri neinn ójöfnuður í því fólginn, þótt þeim, sem verða opt og tíðum að lána mönnum vörur, jafnvel á móti vilja sínum, yrði gjört hægra fyrir, að ná rjetti sínum, en frá mínu sjónarmiði er þetta einmitt ekkert privilegium fyrir kaupmenn, heldur gildir það fyrir alla. Mjer finnst þetta frumv. vera algjörlega eins gott fyrir skuldstofnendur eins og lánardrottinn. Jeg þekki dæmi þess, að menn hafa orðið hart úti með því, að láta sækja mál á hendur sjer á sínu varnarþingi, þótt ekki þekki jeg dæmi það, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) nefndi, en með þessum lögum mundi málskostnaðurinn í skuldamálum að mestu leyti hverfa.

Þótt þetta frumv. ef til vill ekki nái fyllilega þeim tilgangi, sem flutningsmenn þess hafa viljað, þá er hægt að bæta úr því, og mjer finnst með öllu meiningarlaust, að leyfa því ekki að ganga til 2. umr., og jafnvel gjörræði að fella svo þýðingarmikið frv. þegar í stað.

Þórhallur Bjarnarson: H. flutningsm. hafa nú allir tekið til máls til að mæla fram með frumv. þessu. Þeir eru stöðugt að berja það blákalt fram, að þetta frumv. mundi verða til þess að minnka verzlunarskuldirnar og kippa hinu gamla verzlunarólagi í liðinn. En mjer finnst þó eitthvað veilt í ástæðum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), þar sem hann í öðru orðinu er að tala um að þrengja að og pressa viðskiptamennina, en í hinu orð-

inu um hin miklu hlunnindi, sem þetta frumv. hafi í för með sjer fyrir þá. Jeg get ómögulega annað skilið, en að kaupstaðarskuldirnar mundu aukast við lög þessi, því að óneitanlega er það freistni fyrir kaupmenn að ota út vöru sinni og þá kannske mest þeirri, sem helzt er gróðinn á, en um leið er þá opt minnstur fengur í fyrir bændur, þegar þeir hefðu meiri þvingunarmeðul til að fá skuld sína borgaða. Jeg stend við það, að þessi lög væru ójafnaðarlög af því, að þau ná að eins til lítils flokks af allri þjóðinni. Það er að vísu hverju orði sannara, að kaupmenn hafa opt vegna góðsemi og hjálpsemi sinnar tapað miklu fje á lánsverzluninni, en það eru ekki þeir einir, sem hafa tapað á henni, heldur einnig menn almennt, sveitabændur og sjáfarbændur í skiptum sínum innbyrðis, og allir, sem einhver viðskipti hafa haft hver við annan.

Að nokkur veruleg þörf sje til þessara laga hefir enginn flutningsm. getað sýnt fram á, því að kaupmenn geta nú gjört allt hið sama, sem þetta frumv. fer fram á, með samningum og þarf ekki að þrátta um það frekar.

Hvað viðvíkur undirtektum almennings undir þetta mál, sem h. þm. Eyf. (Kl. J.) sjerstaklega minntist á, þá get jeg sagt dálitla sögu af því, sem gerðist hjer í sjálfri Reykjavik, sem er einmitt vagga þessa frumv. Það var á þingmálafundi fyrir nokkrum árum, sem ýmsir h. þm. ef til vill muna eptir, þar eð þeir voru hjer þá staddir. Þetta mál var tekið þar á dagskrá og einn mikils virtur lagamaður var fenginn til að vera stuðnings- og flutningsmaður þess á fundinum. En þegar hann fór að hugsa og tala um málið og því lengur sem hann talaði og því betur sem hann hugsaði það, þá varð hann því meir og meir móthverfur og hann endaði mál sitt með því, að leggja á móti þessari nýjung í lögunum. Endirinn varð sá, að engin ályktun var tekin í málinu á fundinum.

Aðalmisskilningur h. flutningsmanna liggur í því, að halda, að þeir með þessu geti bætt verzlunarástandið. Nei, þess mein verða vart bætt með lögum og allra sízt með þessum lögum.

Ekki skil jeg heldur í því, að 3 háttvirtir lögfræðingar hjer í deildinni skuli vera svo samtaka í að gleyma því, að varnarþingið er persónulegur rjettur, sem ekki á að taka frá manni með lögum. »Heimilið er minn kastali«, segja Englendingar, varnarþingið er helgur rjettur, sem jeg að vísu get neyðst til að sleppa, en til þess á þó að þurfa samþykki mitt í hverju einstöku tilfelli.

Það er að vísu satt, að það er hart að fella málið frá 2. umr., en hins vegar finnst mjer þýðingarlaust að vera að ræða það lengur, þar eð það er margrætt áður, og jeg get ekki betur fundið en að ástæður h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) með frumv. væru alveg eins vel tuggnar hjá honum, eins og ástæðurnar hjá mjer á móti því.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hjelt því fram, að þetta væri ekkert þjóðmál, en jeg held einmitt, þegar betur er að gætt, að þetta sje mjög mikið þjóðmál, og mig furðar á, að sú tillaga skuli hafa komið fram hjer í þingsalnum, að fella það frá 2. umr.

Jeg held að það sje einn með hinum stærstu göllum á þjóð vorri, hvað menn eru óskilvísir bæði í viðskiptum innbyrðis og við verzlanir. Þetta brennur alstaðar við og allir, sem hlut eiga að máli, óska eptir meiri skilsemi. Hvað hefir nú þingið gjört í þessu efni? Það verður ekki annað sagt, en að það hafi verið harla lítið. Það hefir áður verið

líkt frumv. hjer fyrir þinginu, og þá hefir það jafnan komið fram í ræðum manna, að menn hafa tekið meira tillit til, hvað hentugt er fyrir lántakanda, en ekki eins hugsað um, hvað lángefanda er hentugt. Þegar þessi hugsunarháttur á sjer stað hjer í þingsalnum, þá er von að hann sje algengur úti um landið. En afleiðingin af þessum hugsunarhætti verður sú, að menn reyna að komast hjá að borga skuldir sínar, og það tel jeg sannarlega mjög óheppilegt.

Hvað því viðvíkur, að þetta mál ekki komi fram á þingmálafundum, þá er það mjög náttúrlegt, því að þessi hugsunarháttur og þessi skoðun er svo rík hjá almenningi, að menn vilja helzt ekki hreifa þessu máli nema sem allra minnst.

Ef þetta frv. verður fellt frá 2. umr., þá vona jeg, að h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) eða einhver annar komi með frv. til að ráða bót á þessu þjóðarmeini, en ef þeir ekki gjöra það, þá virðist mjer bezt að halda sjer við þetta frv., þótt jeg sjái reyndar, að það er engan veginn einhlítt.

Að þetta sjeu ójafnaðarlög, fæ jeg ekki sjeð. Lögin, sem við nú eigum undir að búa í þessu efni, eru einmitt ójafnaðarlög, því að eptir þeim á lántakandi miklu hægra með að halda skuld sinni en lángefandi að ná henni. Afleiðingin verður sú, að hinir óskilvísu þrjózkast við að borga skuldir sínar, en hinir skilvísu verða að gjalda þeirra.

Annars skal jeg játa, að þetta er ekkert lífsspursmál til að bæta úr hinu núverandi verzlunarólagi, því að hið sama má gera með skriflegum samningum, enda er það og tíðkanlegt við verzlanir að svo sje, og við þá verzlun, sem jeg veitti forstöðu yfir 20 ár, voru mörg hundruð slíkir samningar. En fyrst slíkir samningar við einstaka menn eru svo almennir, virðist rjettast að semja lög um það efni, svo jafnt gangi yfir alla. Að sönnu nær frumv. ekki nema til viðskipta við kaupmenn, en af því þau viðskipti eru langmest, er rjettast að lögin sjeu ekki yfirgripsmeiri, svo reynsla náist fyrst fyrir því, hvernig þau gefast, áður en lögin verða látin ná yfir víðtækari viðskipti.

Mjer finnst öll sanngirni mæla með því, að láta lög þessi einnig ná til lyfsalanna, því þeir lána opt af góðsemi sinni meðul úr lyfjabúðum sínum, og er það vissulega hart, að láta þá gjalda þeirrar góðmennsku, með því að gjöra þeim erfitt fyrir að ná inn skuldum sínum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni, en vonast að eins til þess, að fáir af h. þingdm. fallist á till. h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að fella frumv. þetta frá 2. umr.

Jens Pálsson: Þótt mín skoðun á þessu máli sje áður kunn, vil jeg eigi að síður mæla nokkur orð í því. Jeg skal taka það fram, að mjer virðist, að þeir, sem talað hafa með frumv., hafi yfir höfuð gengið út frá því sem sönnuðu, sem þeir ætluðu að sanna og áttu að sanna, gengið út frá því, að þessi lög mundu ná þeim tilgangi sínum, að bæta viðskiptaástandið í landinu og sjerstaklega gjöra menn skilvísari gagnvart verzlununum. Þetta er af þeirra hálfu alveg ósannað, og að því er ástæður þeirra ná til, sýnist ósennilegt, að svo muni geta orðið.

Mjer nægir það ekki, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að ástæður h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) gegn frv. væru margtuggnar og marghraktar, og eigi nægir mjer það heldur, þótt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) segi, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hafi hrakið allar þær ástæður, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) bar fram. Slíkar fullyrðingar hafa ekkert sönnunargildi. Það hefir verið tekið

ljóst fram, og er óhrakið enn, enda mun það líklega óhrekjanlegt, að því auðveldara sem lánveitanda er að ná inn aptur lausafje sínu, því tryggara er fyrir hann að lána það, og því meiri hvöt er fyrir hann að lána það, ef hann að öðru leyti sjer sjer hag í því. En af því leiðir aptur, að því örari sem lánveitandi er að veita lán, því örari mun lántakandi verða að taka það, ef hann hefir fjárins þörf. Ef vjer athugum þetta, og jafnframt rennum augum yfir verzlunarástandið, og gætum þess, að mestöll verzlun vor er vöruskiptaverzlun og megnið af henni lánsverzlun um lengri eða skemmri tíma, og ef vjer enn fremur athugum, hve margir reka verzlun og að samkeppni er orðin svo mikil, að ýmsir kaupmenn munu varla telja sjer fært, að reka verzlun með öðru móti en almennum vörulánum, eða í öllu falli þykjast þurfa að tryggja sjer ákveðna umsetning með lánum, — þegar þessa er gætt, segi jeg, þá sýnist auðsætt, að með þessum lögum sje stofnað til þess, að lánsverzlunin magnist og skuldasúpur aukist. Þar sem nú þeir, sem fylgja fram þessu frumv., hafa játað, að skuldasúpa þjóðarinnar við kaupmenn sje eitt hennar mesta böl, þá verð jeg að krefjast þess, að þeir hreki vel þessar ástæður, áður en þeir slá því föstu, að þetta frumv. hafi læknandi áhrif á þetta böl, sem þeir, og það með miklum rjetti, kalla hið mesta þjóðarmein, á kaupmannaskuldirnar og verzlunarlánin. Það er vert í sambandi við frumv. þetta, að athuga það, að skuldaverzlun er komin svo upp í vana hjer á landi, að allur almenningur álítur það sjálfsagt, að fá lánin, og af þessum vana leiðir það, að menn sjá lítt vankvæðin við þessa viðskipta-aðferð. Því má álykta, og það með miklum líkindum fyrir að rjett sje ályktað, að þessi lög gjöri menn þeim mun ógætnari að taka lánin, sem þau verða örara á boðstólum; og því miður er hætt við, að þeir hugsi litlu fremur um afleiðingarnar af lántökunum þá en þeir gjöra nú. Það má því búast við, að þessi nýju lög hefðu í för með sjer skuldaaukning og önnur stórvandræði.

Jeg skal benda á, hvaða álit þetta frumv. hefir hlotið hjá alþýðu manna. Jeg átti tal við einn af hinum vitrustu mönnum af leikmanna flokki hjer á landi um frumv. þetta; og þakkaði hann mjer fyrir, að jeg hefði verið því mótfallinn, og bætti því við, að vart yrði sjeð út yfir þann skaða, sem slík lög sem þessi gætu gjört og mundu gjöra. Jeg get yfir höfuð skifað undir það, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) sagði í máli þessu. Ástæður hans og rökleiðslur voru svo ljósar, að jeg finn ekki þörf á að taka þær upp. Til sönnunar því sem hann sagði, að lög þessi væru ekki jafnaðarlög, skal jeg þó benda á það, að það eru ekki einungis kaupmenn, sem mikil viðskipti hafa í fjarlægum hjeruðum, heldur líka handiðnamenn, og skal jeg sjerstaklega nefna til handiðnamenn hjer í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, bæði klæðskera, skósmiði, gullsmiði o. fl.; allir þessir menn hafa margvísleg viðskipti við fjærsveitamenn. Því eiga þessir menn ekki að njóta sömu rjettinda eins og þeir menn, sem frumv. nefnir? Þá er verzlun milli bænda, milli sjáfarmannsins og sveitamannsins, eigi all-lítil, og ekki annars að vænta, en að sú verzlun fari þó vaxandi eptir því sem samgöngur batna. Viðskipti bænda landsfjórðunga á milli eru nú þegar meira að segja ekki orðin svo lítil. Að sjálfsögðu er töluvert af viðskiptum þessum byggt á lánsverzlun, og lánveitandi á þar einatt á hættu eigi síður en kaupmaðurinn, að hann muni ekki fá lán sitt endurgoldið. Hví eru þessi lög, ef

þau á annað borð eru nauðsynleg, ekki líka látin ná yfir þessi viðskipti? Jeg sje ekki, að þar komi fram rjettlæti eða mannjöfnuður.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gaf í skyn, að hjá þjóð vorri ríkti megn tilhneiging til vanskila, og að hún væri einkar treg á að greiða skuldir sínar, þá get jeg ekki samþykkt þetta. Mín skoðun er sú, að á síðari árum sje þetta mjög að lagast, og er það tvennt, sem því veldur, bæði það, að peningaverzlun er að færast í vöxt, og annað hitt, að landsbankinn, með hinum ákveðnu viðskiptareglum sínum, venur menn á að standa í skilum á rjettum gjalddaga. Jeg mótmæli því hreint og beint, að ríkjandi sje almennt megn tilhneiging til að greiða ekki rjettmætar skuldir. Þar sem greiðsla skulda bregzt, þá mun óhætt að segja, að í 99 tilfellum af hverjum 100 sje það sprottið af fátækt og úrræðaleysi, en eigi af viljaleysi eða vanskila náttúru.

Jeg skal fyllilega játa það, að tilgangur þeirra hafi verið og sje góður, sem fyr og síðar hafa haldið frv. þessu fram; jeg veit, að svo er. En eigi að síður finnst mjer það standa ljóst fyrir mjer eptir margra ára rækilega íhugun, að tilgangurinn náist ekki með þessum lögum. Jeg þykist sjá, að vegur frv.-flytjendanna sje ófær til þess. Jeg mun því halda mjer við tillögu h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að fella frumv. nú þegar, svo að eigi sje eytt í það of miklum tíma og kröptum, og svo að það geti ekki orðið til að vekja deilur og rýg meðal h. deildarm.

Sigurður Gunnarsson: Það er merkilegt, að h. flutningsmenn þessa frv. skuli ekki hafa fram að leggja beiðni eða áskorun frá verzlunarstjett landsins um að mál þetta sje borið upp hjer á þingi; og þeir hafa enga grein gjört fyrir orsökinni til þess. En jeg held að jeg gæti gefið bendingu um, hvernig þessu víkur við. Jeg tel það nú sjálfsagt að háttv. flutningsmenn þessa frv. hafi komið með það í þeim tilgangi að minnka skuldaverzlun í landinu, og að slíkt sje ekkert yfirskyn fyrir þeim, en eins og margtekið er fram, held jeg að flutningsmönnum frv. missjáist þar hraparlega, ef þeir ætla, að þeir með þessu frv. nái þeim tilgangi. Jeg held því fast fram, að kaupmenn þurfi og þar af leiðandi vilji hafa lánsverzlun þrátt fyrir slík lög sem þessi, og því fremur munu þeir vilja halda henni áfram og auka hana, ef þeim er gjörður greiðari aðgangur en öðrum að því, að draga skuldunautana fyrir lög og dóm, og til að fá þessi lög, sem ekki ná tilgangi sínum og eru ójafnaðarfull, ættum vjer svo að sleppa ninum forna og helga rjetti vorum, að eiga varnarþing þar sem lögheimili vort er?

Jeg hygg það vera nær fyrir alþingi að leggjast enn betur en áður á eitt um það, að auka sannar framfarir í landinu, að flýta fyrir góðum og greiðum samgöngum á sjó og landi, fyrir jarðabótum og fiskiveiðum, svo að hagur manna gæti batnað svo, að sem fæstir þyrftu að nota lánsverzlunina.

Guðjón Guðlögsson: H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) taldi þessu frumv. það til gildis, að það miðaði að því að útrýma óheilbrigðum viðskiptum. Jeg sje ekki, hvernig slíkt má verða. En sá skoðanamunur okkar stafar sjálfsagt af því að við erum ekki á sömu skoðun um það, hvað sje heilbrigð viðskipti, og hvað óheilbrigð. Jeg skoða það óheilbrigð viðskipti, þegar annarhvor viðskiptamaðurinn stofnar til viðskiptanna annaðhvort á þann hátt að lántakandi tekur lánið í þeirri von að hann geti sloppið við að borga lánið eða með þeirri meðvitund að hann aldrei muni geta borgað þó hann vildi, eða þá að

lánveitandi lánar án allrar persónulegrar tiltrúar til lántakanda, en einungis gjörir það af því að hann þekkir lög, sem hjálpa honum til þess að ná láninu, en lög sem lántakandi ef til vill veit engin deili á. H. þm. (Guðl. G.) mun og vera á sama máli sem jeg um þetta atriði. En hann heldur að þetta frv. muni koma í veg fyrir slíkt; jeg held þvert á móti. Ef jeg bið bóksala eða lyfsala um lán í þeirri von að jeg muni geta sloppið undan að greiða það, af því að jeg sje svo langt í burtu að torvelt muni að ná til mín, þá er stofnað til óheilbrigðra viðskipta af minni hálfu. En það eru líka óheilbrigð viðskipti, ef lánardrottinn lánar mjer, þótt hann viti að jeg hafi lítil efni og lítinn vilja til að greiða skuld mína, en gjörir það, af því að hann veit hve hægt lögin gera honum fyrir að ná skuld sinni. Það sem sjerstaklega gjörir þetta athugavert er að búast má við að lánveitandi hafi glögga hugmynd um hvern stuðning lögin veita honum, en lántakandi óglögga eða enga hugmynd um lagaþvingunina, sem við hann má beita. Vjer verðum að gæta þess að stöðu verzlunarmannsins er þannig háttað, að honum ríður það á afarmiklu, að geta orðið sem fullkomnastur í sinni iðn; því er ekki nema eðlilegt, þótt hann hugsi um, hver meðul sjeu hagkvæmust fyrir hann til að ná inn skuldum sínum, og þá er varla við öðru að búast, en að hann komist upp á og hafi jafnan hugfast, að nota það meðal, sem honum eptir gildandi lögum er heimilt að nota, það meðal, að láta skuldunauta skuldbinda sig til að mæta fyrir rjetti, þar sem skuldin er stofnuð. Að því leyti eru þessi nýju lög óþörf. En það skal jeg enn taka fram, að búast má við, að alþýða, sem er ólögfróð, kunni að gleyma þessum lögum, og einmitt taka lán af því að hún veit ekki af þeim. En verzlunarmaðurinn veit af þeim, og lánar því. Mjer sýnist því að þetta frv. muni leiða til þess að vjer fáum enn meira af óheilbrigðum viðskiptum en vjer nú höfum. Þessi lög eru og óþörf, ef vjer lítum til dæmis þess, sem h. þm. V.Sk. (Guðl. G.) kom með. Ef það er rjett að sá, sem er í 4 kr. skuld, geti eptir núgildandi lögum komið til að borga 60 kr. í viðbót við þessar 4 kr., þá sýnist það eitt nóg aðhald til þess að stofna ekki til skuldar í þeim tilgangi að ætla ekki að greiða hana. Eins er það óþarft frá kaupmannsins sjónarmiði, því ef hann getur látið þann sem skuldar 4 kr. greiða 64 kr., þá hefur hann allt í sinni hendi og þarf ekki þessara nýju laga við. H. þm. V.Sk. (Guðl. G.) sagði, að þessi lög snertu alla, en mjer finnst þau sjerstaklega snerta kaupmannastjettina, sem er að eins lítill hluti allra landsmanna, þótt hún að minni hyggju sje orðin helzt til fjölmenn. Ef það væri svo, að þessi lög væru í sannleika til þess efla verzlunarstjettina og koma fótum undir hana, þá mundi jeg veita frv. fylgi, því að jeg játa það, að verzlunarstjettin hefir mikla þýðingu í mannfjelaginu. En af því að jeg fæ ekki sjeð að þau geti orðið til þess, þá er jeg frv. mótfallinn.

Jeg er sammála h. þm. Borgf. (Þ.B.) um, að jeg tel varnarþingsrjettinn mikilsverðan, og þeim rjetti vil jeg ekki að alþingi haggi, og það því síður, sem jeg sje hjer enga ástæðu til þess; því að jeg segi sem svo: Ef kaupmenn hlífast við að gjöra samninga við skuldunauta sína, þá er það ekki af öðru en einurðarleysi, hugsunarleysi eða skeytingarleysi, og jeg sje litla ástæðu til að lögin fari að grípa fram í þar sem svo er háttað.

H. þm. V.Sk. (Guðl. G.) byrjaði ræðu sína á því, að þessi lög ættu að útrýma

óheilbrigðum hugsunarhætti hjá almenningi, en jeg ætla að enda ræðu mína með því að óska að hægt væri að útrýma þeim óheilbrigða hugsunarhætti hjá þingmönnum, að vera að draga á langinn þau mál, sem þeir þó ætla að fella. Jeg vil að hver komi til dyranna eins og hann er klæddur. Ef maður er eindregið á móti einhverju máli, þá vil jeg að hann greiði undir eins atkvæði móti því og svo mun jeg gjöra í þessu máli.

Guðlögur Guðmundsson: Mjer er það satt að segja þvert um geð, að fara að tæta í sundur hinar barnalegu mótbárur h. þm. Borgf. (Þ. B.), þar sem hann byrjaði að rangfæra orð mín, þar sem hann hermir þau á þann veg «að frv. þetta væri hlunnindi fyrir hina óskilvísu» Jeg skal taka það fram, að það er aðalkosturinn við frumv. þetta, að þ ð mundi verða til þess, að bæta hag hinna skilvísu og losa þá við að borga skuldir hinna óskilvísu, svo sem nú á sjer stað.

Jeg skil ekki hvernig h. þm. hefir getað fengið þetta út úr orðum mínum, þó jeg segði, að þetta yrði betra fyrir skuldunauta, sem mál yrði að höfða á móti, þar sem kostnaðurinn við málsreksturinn yrði minni. H. þm. sagði, að frumv. þetta næði að eins yfir lítinn flokk viðskiptamanna (*Þórh. Bjarnarson:* Misheyrn). Jeg held að þm. hljóti að viðurkenna að í samanburði við aðra flokka landsmanna, sje verzlunarstjettin mjög fjölmennur flokkur. Auk þess snertir mál þetta næstum hvert einasta mannsbarn, sem komið er til vits og ára, því fáir munu þeir fullorðnu menn vera, er ekki hafi einhver viðskipti við kaupmenn, sem lög þessi geti snert — og súpi á einhvern hátt af verzlunarólaginu. Þar næst kemur þm. með þá kenning sem að eins hlýtur að vera sprottin af einhverjum misskilningi hans, að önnur lönd, sem lengra sje komin að menningu, sje ekki að fást við að semja þau lög, sem gjöri mönnum greiðara að ná rjetti sínum. Jeg er hræddur um að hann misskilji hjer hraparlega. Jeg veit ekki betur, en menntuðu þjóðirnar gjöri sitt til, að hver einstaklingur geti sem bezt náð rjetti sínum fyrir dómstólunum. Svo kom þm. með þessa margítrekuðu mótbáru, hvílík fjarstæða það væri að svipta menn sínu varnarþingi. En þeim sem rjettarfar hafa lesið mun það kunnugt, að jeg get bent á mörg þau dæmi í núgildandi lögum, að það þarf ekki mikið út af að bera til þess, að hinu persónulega varnarþingi sje sleppt — svo sem þegar notað er viðtekið varnarþing, við varnarþing í sakamálum og fasteignavarnarþing o. fl. Um það geta menn lesið í öllum kennslubókum í rjettarfari.

Jeg vil líka minnast fám orðum á ræðu h. þm. Dalam. (J.P.), einkum vegna þess, að mjer fannst það á ræðu hans, að hún væri töluð út frá fastri sannfæringu.

Mjer virtist hann gjöra oss flutn. frv. óbilgjarna kröfu, þar sem hann vildi að við sönnuðum nú, að frv. næði tilgangi sínum. Hvernig getur hann heimtað að vjer sönnum fyrirfram, að frv. nái tilgangi sínum, þegar það er orðið að lögum? Slík sönnun er óhugsanleg. Slíkt er jafn-ómögulegt að segja fyrirfram um þetta frumv. sem öll önnur. Er fyrst hægt að dæma um slíkt, þegar frumv. er orðið lög og búið að verka í 5—10 ár, en fyr er það alls ekki hægt. Annað mál er það, að vjer höfum sýnt fram á það með mjög sennilegum líkum, að það mundi ná tilgangi sínum, með því að gjöra viðskiptin greiðari. Það var alveg á rjettum rökum byggt, er þingm. sagði, að «auðveld innheimta mundi gjöra lánið tryggara,

og þá væri hægara að fá lán« og »að þá muni verða meiri hvöt til að lána», þar sem verzlun vor er mest vöruskiptaverzlun. Einnig er það rjett, að «kaupmenn geti varla komizt hjá því, að lána». Þetta er allt öldungis rjett, og einmitt á þessum meginatriðum er frv. byggt. Áhættan fyrir lánveitingunni minnkar og kaupmenn þurfa ekki að jafna á verzlunina því, sem óvíst er, svo hinir skilvísu þurfa ekki að borga skuldirnar fyrir hina óskilvísu, svo sem hingað til hefir átt sjer stað, og hinum óskilvísu fækkar smám saman þegar hægra verður viðfangs að ná á þeim rjetti sínum. Jeg skal á hinn bóginn ekki bera á móti því, að þetta kunni fyrst í stað að valda nokkrum vandkvæðum af því, að alþýða manna noti þetta óvarlega eða óhyggilega fyrst í stað, meðan menn eru að venja sig við lögin, og kaupmenn haldi síður í lánin vegna laganna. Þetta getur verið rjett, en svo er því og einnig varið með öll önnur frjálsleg lög, sem greiða fyrir atvinnuvegunum, að þau kunna að verða notuð óhyggilega fyrst í stað, svo sem t. d. löggilding nýrra kauptúna; þau geta ef til vill leitt af sjer óhóf fyrst í stað; sama er um ýms önnur lög, er ljetta vöruflutninga, samgöngur o. fl., og þó hika menn ekki við að telja þau áríðandi fyrir velferð landsins.

H. þm. bar saman ýmsa flokka manna, sem lög þessi ættu ekki að ná til, t. d. iðnaðarmenn í kaupstöðum, sem áður voru hafðir í frumv., sjávarbændur og sveitabændur, en mjer finnst ekki ástæða fyrir löggjöfina að grípa inn í þessi viðskipti, að minnsta kosti að sinni, enda eru það víðast skuldlaust viðskipti þar sem hönd selur hendi.

Hvað snertir ræðu h. þm. S.-Múl. (S. G.), þá verð jeg að játa, að jeg skildi ekki hót í því, sem hann sagði. «Að við hefðum komið fram með frv. undir því yfirskyni að minnka skuldaverzlunina er getgáta, sem hann getur sjálfur átt, og tel jeg slíkar dylgjur ósæmilegar. Að ota fram ranglæti, til að nota það sem aðhald á atvinnuvegum, er að mínu áliti ekki rjett. Ranglátt aðhald getur ekki haft heillavænlegar afleiðingar.

H. þm. kvaðst vilja flýta fyrir framförum. Jú, það var móðins fyrir 30—40 árum að tala um «framfarir», án þess að nefna, í hverju þær framfarir væru fólgnar. Það mátti segja um slíkt orðaglamur eins og sagt var um mál, er var hjer fyrir þinginu 1893, að það var «blóðlaus hugmynd». En hjer liggur fyrir ákveðið mál, sem getur gefið af sjer heppilegar afleiðingar til framfara í verzlunarviðskiptum.

H. þm. Strand. (Guðjón Guðl.) talaði um, að frv. þetta mundi leiða af sjer óheilbrigð viðskipti. Hann virðist skilja óheilbrigð viðskipti á nokkuð annan veg en jeg. Jeg kalla það óheilbrigð viðskipti, þegar kaupmenn lána, ekki í því trausti, að lántakandi borgi, heldur í því trausti, að hann geti jafnað tapinu á hina skilvísu skiptamenn. Hann kallar það óheilbrigð viðskipti, ef maður tekur lán og ætlar sjer þá að skotra sjer undan að borga lánið en getur það ekki af því þessi lög gjöra það að verkum, að hann má til. Ef hann kallar þetta óheilbrigð viðskipt og jafnar því saman við lánsverzlunina nú, þá er tvennu ólíku saman að jafna. Það eru einmitt óheillavæn viðskipti, þegar kaupmenn lána fje án þess að hafa von um að fá það borgað af lántakendum sjálfum. Og sje lántakandinn óáreiðanlegur og langt í burtu, getur kaupmaðurinn ekki náð í hann, nema með mikilli fyrirhöfn og lántakandinn á þá opt hægt með að skotra undan, enda er það opt hæpið að dómstólarnir dæmi

lánveitandanum fullan málskostnað, eins og hann í raun og veru er. Menn lána ekki að eins af tiltrú, heldur einnig af því, að menn vona, að löggjöfin verndi rjett manna, þegar menn vilja ekki uppfylla sína skyldu góðfúslega, svo slíkt er engin ástæða móti þessum lögum.

Mjer dettur ekki í hug að áfella h. þm. Borgf. (Þ. B.), þar sem hann kvaðst ekki mundi greiða atkvæði með þessu frv. til 2. umr., úr því hann álítur að það sje ekki til góðs og jeg fylgi þeirri reglu, að gefa aldrei þeim málum atkvæði mitt, sem jeg hef slíka skoðun á.

Sigurður Gunnarsson: Jeg játa það sjálfur og margir aðrir, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) er skarpur maður og hefir góð máltól. En þennan skarpleik sinn og mælsku á þingmaðurinn ekki að nota til þess að snúa út úr eða beinlínis rangherma orð annara, eins og hann gjörði nú, hvað mig snerti, þar sem hann sagði, að jeg hefði borið flutn.-m. þessa frv. á brýn, að þeir hefðu að eins *af* yfirskyni komið fram með það. Jeg sagði aldrei þessi orð, og jeg vil leyfa mjer að bera það undir h. sessunauta mína og þingskrifarana, hvort jeg hefi ekki rjett að mæla. Jeg tók það einmitt skýrt fram, að engin ástæða væri til að ætla að flutnm. hefðu komið með frv. af nokkru yfirskyni. H.þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) hefir því haft hjer blátt áfram hausavíxl á sönnu og ósönnu.

Honum kom það illa, að jeg minntist á almennar framfarir í sambandi við þetta mál, sjálfsagt af því að hann sjer svo miklar framfarir fólgnar í þessu góða frv. sínu. En jeg hygg það hafi átt fyllilega við, er jeg tók fram; að bezta ráðið til að minnka lánsverzlunina væri það, að flýta sem mest fyrir framförum í aðalatvinnuvegum landsins.

H. þm. bar brigður á orð h. þm. Borgf. (Þ. B.), að aðrar og menntaðri þjóðir heimsins færu ekki í þá stefnu í löggjöf sinni, er þetta frv. hefði í sjer fólgna; en jeg hygg að h. þm. Borgf. hafi haft þar alveg rjett fyrir sjer, því að stefna hinna menntaðri þjóða í þessu efni fer í þá átt að tryggja rjett hinna fátækari gegn hinum auðugri.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að gjöra 2 örstuttar athugasemdir út af ummælum h. þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) um ræðu mína.

Hann vildi hafa flutnm. frv. undanþegna því, að sanna fyrir fram, að frv. nái tilgangi sínum, taldi þá kröfu óbilgjarna, og óhugsanlegt að slíkt verði sannað fyrir fram, og jafnvel ekki fyr en frv. væri orðið að lögum og búið að verka 5—10 ár. Til þessa svara jeg því, að mjer kom ekki til hugar, að heimta reynslusannanir fyrir þessu nú þegar, en jeg áskil hugsunarfræðislegar sannanir, eða ætlast til þess, að flutnm. frv. sýni með hugsunarrjettri rökleiðslu, að það hljóti í framkvæmdinni að ná einmitt þeim tilgangi, sem þeir ætla því að ná, enda er slíkt ekki nema sanngjörn krafa til hvers þess þingmanns, sem ber fram lagafrumvarp.

Aðra athugasemd vil jeg gjöra við ræðu hins h. þm. Hann hafði eptir mjer, að verzlun okkar sje í því horfi, að kaupmenn geti varla komizt hjá að lána. Í þá átt kann jeg að hafa talað, en sýndi jafnframt fram á, að þetta væri öfugt horf. Hitt tók hann rjettilega fram, að jeg hefði sagt, að verzlun okkar væri að mestu leyti vöruskiptaverzlun og lánsverzlun En þó jeg segði þetta, þá var ekki þar með sagt, að jeg álíti þetta æskilegt verzlunarform, enda álít jeg það öfugt og skaðlegt í afleiðingum sínum. Tel jeg því mikið óráð að búa til sjerstök lög,

er mundu hlynna að því ólagi; þar á móti er ástæða til að hlynna að skuldlausri verzlun og peningaverzlun.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla mjer að gjöra dálitla athugasemd við ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), því jeg þóttist sjá, að annaðhvort vorum við gagnstæðir hvor öðrum í því, að meta, hvað væri heilbrigð viðskipti og hvað óheilbrigð, eða að hann hefði notað helzt til mikið æfingu sína sem málafærslumaður til þess að snúa við því, sem jeg sagði, og svarað svo sínum eigin umsnúningi.

Hann tók sem dæmi, að maður kæmi til kaupmanns og beiddi hann að lána sjer, en vissi þó vel, að hann hvorki vildi nje gæti borgað það, sem honum væri lánað, en það vissi kaupmaður ekki og veitti því lánið. Þetta sagði h. þingm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að jeg mundi kalla heilbrigð viðskipti, en það var þvert á móti. Við erum víst báðir sammála um, að kalla þetta óheilbrigð viðskipti, en við þessari óheilbrigði á kaupmaðurinn sem »forretnings«-maður að geta sjeð og gerir líka, ef hann er vaxinn stöðu sinni með því, að heimta skuldbindingu, og þá verða undir eins úr því heilbrigð viðskipti án aðstoðar slíkra laga, sem hjer liggja fyrir.

Aptur tók h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sama dæmið, en bætti því við að frumvarp þetta væri orðið að lögum og kaupmaðurinn lánaði af trausti til þeirra laga, en af engri tiltrú til mannsins, og lántakandinn taki lánið með sama hugarfari, og jeg tók fram við hitt dæmið, af því að hann vissi ekki að lög þessi væru til; þetta heyrðist mjer h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) álíta heilbrigð viðskipti, en þar skilur okkur. Jeg álít þau vanheil á báðar hliðar. Lántakandi biður um lánið með órjettlátu hugarfari, og lánveitandi veitir það án allrar tiltrúar til lántakanda.

Mín meining er, að þetta frumvarp' ef það yrði að lögum, yrði til þess, að gera kaupmenn fúsari til að lána, en alþýðu ekki að sama skapi varasamari með að taka ekki lánin, og af því leiðandi ykjust skuldirnar en minnkuðu alls ekki. Hjer er það líka athugandi, að frumvarp þetta fer í þá átt, að auka rjett þess viðskiptamannsins, sem eptir gildandi lögum hefir bæði töglin og hagldirnar, sem kallað er, og gjöra honum enn hægra fyrir; en rjettur þess sem hvorugt hefir, er í engu aukinn. Kaupmaðurinn getur sagt nei ef hann vill, og ef hann segir já, þá getur hann gjört það með skilyrðum. En lántakandinn getur ekkert nema beðið, og því er það lánveitandi en ekki lántakandi, sem hefir allt í höndum sjer.

ATKV.GR.: Málið fellt frá 2. umr. að viðhöfðu nafnakalli með 12 atkv. gegn 10, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Jensson,	Halldór Daníelsson,
Jón J., þm. A.-Sk.	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Þórður Guðmundss.,
Valtýr Guðmundss.	Þórður Thoroddsen,
	Þórhallur Bjarnars.,
	Þorl. Guðmundss.

Frv. til laga til að gjöra samþykktir um að hindra eyðileggingu af vatnaágangi (C. 50); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Svo stendur á, að Rangárvallasýsla er eitt af þeim hjeruðum landsins, sem sjer í lagi er undirorpið eyðileggingu af náttúrunnar völdum bæði af sandfoki og vatnaágangi. Það eru sjerstaklega 2—3 hreppar sýslunnar, sem eru undir eyði

leggingu af vatni. Menn hafa leitazt við á ýmsan hátt að stríða við þessi vötn, sem sækja á sveitirnar úr öllum áttum. Hefir sumt orðið að liði, en sumt ekki. En af því menn þykjast sjá, að mögulegleikar sjeu til á sumum stöðum að stemma stigu fyrir þessari eyðileggingu með miklum mannafla og miklum krapti, þá höfum við, þingmenn sýslunnar, samkvæmt ósk manna, komið fram með þetta frumv. til samþykktarlaga til þess, að geta fengið almennari og meiri krapt í samtökin en annars, til þess að geta varizt sem mest og bezt því skaðræði, sem vofir yfir.

Jeg skal taka það fram, að sýslubúar hafa nú fengið búfræðing Sæmund Eyjólfsson til að skoða, hversu þessum vatna-ágangi er varið, og gefa upplýsingar og ráð til að stemma stigu fyrir honum.

Jeg skal svo ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um málið, en vona, að h. þingd. lofi því að halda áfram sína leið. Málið er einungis komið fram til þess, að reyna að varðveita sem mest þessi hjeruð frá þessu skaðræði, sem yfir þeim vofir.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um fjárforræði giptra kvenna (C. 49); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Þó alþingi hafi haft mál þetta til meðferðar árin 1891 og 1893, þá álít jeg þó, að enn sje full þörf á, að íhuga það nákvæmlega. Skal jeg því ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, en leyfa mjer að stinga upp á, að skipuð verði 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndin samþykkt með 16 : 1 atkv., og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen	með	16 atkv.
Eiríkur Gíslason	—	14 —
Klemens Jónsson	—	12 —
Þórður Guðmundsson	með	11 atkv.
Sighv. Árnason	—	10 —

Fyrstu umr. frestað.

Tíundi fundur, föstudag 12. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, hinir sömu og áður.

Forseti gat þess, að fram yrði lagt á lestrarsalinn:

1. Bænarskrá um löggilding verzlunarstaðar á Straumnestanga við Miðfjörð.
2. Erindi prófastsins í Vestur Skaptafellsprófastsdæmi til stiptsyfirvaldanna viðvíkjandi beiðni sóknarnefndarinnar í Kálfafellssókn um, að tjeð sókn verði gjörð að sjerstöku prestakalli, með 4 fylgiskjölum.
3. Skjöl viðvíkjandi gufubátsferðum innfjarða, og meðfram ströndum landsins.
4. Skjöl viðvíkjandi skiptingu Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög.
5. Skjöl viðvíkjandi bráðabyrgðaruppbót handa Eyvindarhólaprestakalli.
6. Skýrsla um eptirgjald eptir jörðina Hrafnagil.

Frv. til laga um brúargjörð á Blöndu (C. bls. 98 og nr. 35); 2. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Af því að engar mótbárur hafa komið fram gegn frumv. þessu, sje jeg engar ástæður til að koma fram með neinar athugasemdir frá minni hendi.

ATKV.GR.: Frumvarpsgr. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 25); 3. umr.

Pjetur Jónsson: Þó að mál þetta hafi gengið til 3. umr. án athugasemd-

ar, þá hefir mjer þó dottið í hug, að heppilegra mundi vera, að sleppa því ekki hjeðan úr deildinni án þess að athuga það nákvæmar, og það því fremur, sem mál þetta hefir áður mætt mótspyrnu, sjerstaklega í h. efri deild. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að 3 manna nefnd sje kosin í þetta mál.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 14 atkv. gegn 1.

Við kosningu í fyrsta sinn náðu að eins 2 menn nægum atkvæðafjölda:

Pjetur Jónsson með 15 atkv.
Skúli Thoroddsen — 12 —

Við kosningu í annað sinn var þriðji maðurinn í nefndina kjörinn:

Eiríkur Gíslason með 14 atkv.

Var svo 3. umr. frestað.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. 55); 3. umr.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Það hefir verið talsvert rætt um mál þetta við 2. umr. þess, og býsna ólíkar skoðanir hafa komið fram um það, hvort heppilegra mundi vera fyrir landið í heild sinni og embættismennina sjer í lagi, að eptirlaunin væru látin halda sjer í sama horfi og þau eru í nú, eða þau væru minnkuð á þann hátt, sem ákveðið er með þessu frumv.

Það er athugandi, að eptirlaun þau, sem hjer er um að ræða, eru að tiltölu ekki mjög gömul hjer á landi, þar sem þau eru ekki lögleidd fyr en með tilskipun 31. maí 1855, og lög þessi eru ekki annað en dönsk lög frá 5. jan. 1851, sem þingið 1853 hafði lagt til, að látin væru ná gildi hjer á landi. Fyrrum var það alls ekki sjálfsagt, að embættismenn hefðu eptirlaun, það var að eins ellistyrkur eða uppeldispeningar, og það ekki rífleg upphæð, t. d. 60 rdl. á ári fyrir lækna, sem þá voru fjórðungslæknar, og höfðu því slitið sjer út á örðugum ferðum í hinum afarvíðlendu læknishjeruðum, og sýslumenn báru jafnvel litlu betra úr býtum. En þar sem með þessari tilskipun voru lögleidd dönsk lög, sem alls ekki áttu við hjer á landi, þá mun það einkum hafa komið af því, að þar sem þingið hafði ekki fengið nein fjárforráð, mun það hafa þótt gott, að ná sem mestum peningum frá Dönum, og enda þótt þeir gengju í vasa uppgjafaembættismanna, þá lentu þeir æfinlega í landinu, og fyrir þá sök mun þingið 1853 hafa gengið greiðlega að þessu. Nú er þess að gæta, að þótt ýmsir aðrir hefðu um sama leyti lág og óríflog eptirlaun, t. d. prestar á fátækum brauðum, þá er síðan komin dálítil breyting á þetta, með því að láta þá fá eptirlaun úr landssjóði. En þessi eptirlaun presta hafa verið betur sniðin eptir landsháttum vorum og efnum landsbúa en eptirlaunin frá 1855, enda er stórkostlegur mismunur á þessum 2 flokkum eptirlauna, svo að einn hálaunaður embættismaður getur jafnvel fengið hærri eptirlaun en 15 uppgjafaprestar fá til samans, og hefir alþýða manna rekið augun í þann ójöfnuð, sem er á eptirlaunum, og því vilja menn koma á meiri jöfnuði í því efni.

Það má auðvitað lengi þrátta um það, hvort hollara sje að hafa fastákveðin eptirlaun eða ekki, og hvort hollara sje að hafa þau há eða lág. Ef vjer tökum til dæmis eina mestu stórþjóð heimsins, Bandaríkjamenn í Norður-Ameríku, þá hafa embættismenn þar ekki að eins engin eptirlaun, heldur verða þeir einatt að víkja úr embætti, þegar minnst varir, svo sem opt á sjer stað, þá er forseta skipti verða. Hefir þetta fyrirkomulag verið talinn galli á stjórnarfari þeirra af sumum, en aðrir telja það allmikinn kost með því að

það efli dug og sjálfstæði embættismanna. Jeg ætla mjer nú ekki að fara fram á, að þess konar fyrirkomulag sje innleitt hjer á landi, þótt jeg viti, bæði að alþýða yfirleitt og kjósendur mínir sjerstaklega vilji helzt fara fram á afnám allra eptirlauna. Það er ekki enn þá kominn tími til að innleiða slíkt, og er því eptir atvikum bezt, að halda sjer við þetta hóflega og sanngjarna frumv., sem sniðið er eptir okkar kringumstæðum, og líklegra til framgangs en annað, sem lengra færi, því mjer er óskiljanlegt, að stjórnin neiti því hvað eptir annað staðfestingar.

Jeg fellst því á frumv. þetta í þeirri von, að það komist ekki að eins í gegn um h. efri deild, heldur einnig að h. stjórn láti að eindregnum óskum landsmanna og staðfesti lög þessi.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. gegn 1, og afgreitt til h. efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um millipinganefnd í fátækramálinu (C. 53); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að ræða tillöguna í tveimur umr., og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um hin lægri menntamál (C. 54); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþ. með 19 samhljóða atkv.

Ellefti fundur, laugardaginn 13. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður nema þm. Dal. (J. P.), sem var lasinn.

Forseti gat þess, að lagt yrði fram á lestrasalinn:

1. Bænarskrá frá Akurnesingum um, að Akranes verði tekið upp á ferðaáætlun strandferðaskipanna.

2. Bænarskrá frá Akranesi um styrk til að byggja bryggju í Steinsvör á Skipaskaga.

3. Bænarskrá frá síra Árna Þórarinssyni um lækkun á landssjóðstillagi frá Miklaholtsprestakalli.

4. Beiðni frá hjeraðslækni Arna Jónssyni um greiðslu á vanborguðum 125 kr. af launum hans.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 31); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um viðauka við og breytingu á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi burt í aðrar heimsálfur (C. 32); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg er í nokkrum efa um, hvort þetta frumv. sje nauðsynlegt eða tímabært eins og nú stendur á. Nú er ekki mikið talað um útflutninga hjeðan af landi; en það sem einkum átti að stemma stigu fyrir með samskonar frumv. á undanförnum þingum, var, að menn sendir frá Ameríku hingað til lands gætu tælt menn með ósönnum fortölum til útflutninga. Það er ekki líklegt, að til þessa komi nú fyrir það fyrsta, og þá er það dálítið skrítið að fara að koma nú fyrst með þetta frumv., þegar hættan sýnist vera horfin. Auk þessa er ýmislegt að athuga við frumv. sjálft; má þar til nefna ákvæðið í 2. gr., að undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, sem 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinum dönsku póstgufuskipum, skuli úr lögum numin. Það sýnist að vísu ekkert ísjárvert, að nema þessa undanþágu úr lögum að því er skipin sjálf snertir, en það getur orðið óþægilegt, að því er

póstflutninginn snertir og einkum þó fyrir farþegana. Rannsókn sú, sem 7. gr. laga 14. jan. 1876 gjörir ráð fyrir, getur tafið fyrir póstskipinu einkum á þeim stöðum, þar sem skipið annars hefir litla viðdvöl. Þá er það býsna óþægilegt fyrir farþega, ef þeir samkvæmt 8. gr. tjeðra laga verða allir að láta lækni rannsaka, hvort þeir eru heilbrigðir, á þeim stað, þar sem skipið leggur af stað frá Íslandi, þó að eins einn eða örfáir útfarar sjeu með skipinu. Eins og nú stendur, eru venjulega fáir útflytjendur með póstskipunum, því er það hart fyrir alla hina farþegana að verða að láta rannsaka sig af lækni þeirra vegna.

Það er í sjálfu sjer mjög gott, að ákvæðið í 4. gr. frumv., að hver útfari skuli skyldur að afhenda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem skipið leggur frá landi úr, skriflegt skýrteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því að hann sje að lögum frjáls til útfarar. En það er mjög hægt að fara í kring um þetta ákvæði, því að hver sem ekki getur fengið sjer þetta skírteini, þarf ekki annað en að kaupa sjer far til Skotlands, sem reglulegur farþegi, og samið þar við útflutningsstjóra um far til Ameríku. Slíkt hefir verið leikið fyr, en við það fellur tryggingin, sem í ákvæðinu er fólgin, að mestu leyti burtu. Hin önnur ákvæði frumv. eru að mestu, ef ekki öllu leyti, endurtekningar á gildandi lagaákvæðum. Yfir höfuð finnst mjer þetta frumv. nú ekki nauðsynlegt og jafnvel ekki tímabært.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eins og kunnugt er, hefir þetta frumv. þegar gengið gegn um 5 umræður hjer í deild, 3 í fyrra og 2 í ár. Jeg hefi að vísu heyrt hæstv. landsh. fyr mæla gegn því að póstskipin væri svipt undanþágurjetti þeim, sem lögin 14. jan. 1876 heimila þeim; en eigi hefi jeg fyr heyrt hann hreifa jafnítarlegum mótmælum gegn frumv., sem nú. Jeg verð að játa það, að mjer kemur illa að fá þessi mótmæli fyrst við 6. umræðu málsins. Þó að hættan af fortölum agenta væri enn meiri fyrir 1—2 árum en hún er nú, þá er all-líklegt, að sú hætta komi aptur. Ekki þarf annað til þess, en að hjer komi óáran. Vesturfarir eru hjer ekki miklar í góðu árunum, en í hörðu árunum streymir fólkið af landi burt, og þótt eigi sje rjett nú sem stendur yfirvofandi hætta af útflutningum, þá getur sú hætta dunið yfir, þegar minnst varir; fyrir því er þetta frumv. ekki ótímabært nú, því að engin ástæða sýnist vera til að geyma hjer að byrgja brunninn, þangað til barnið er dottið ofan í hann. Það hefir svo opt verið talað um undanþágu póstskipanna undan úflutningslögunum, að jeg sje ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í það spursmál nú. Jeg skal að eins minna á stjórnarbrjef, er segir, að stjórnin muni ekki hafa á móti því, að þessi undanþága sje afnumin, ef þingið færi þess á leit. Nú þegar póstskipin eru orðin einstakra manna eign, þá sje jeg enga ástæðu til að trúa þeim betur fyrir útflytjendum en hverjum öðrum, og það því síður, sem það fjelag, er nú hefir póstskipsferðirnar, hefir sýnt sig í því að halda naumlega samninga sína, einmitt að því er farþegarúm í skipum þess snertir. Jeg sje ekki, að rannsókn á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, þurfi að tefja verulega fyrir því. Hið danska gufuskipafjelag hefir allt af ár eptir ár sömu skipin til póstferðanna og það án þess að breyta þeim nokkuð verulega. Það þarf sannlega ekki langan tíma til að rannsaka og mæla þessi skip, þegar það hefir einu sinni verið gjört. Skoðunargjörðin á farþegum á

síðustu höfn, sem skipið leggur af stað frá, getur að vísu valdið þeim dálítilla óþæginda; en jeg sje ekki meiri ástæðu til að hlífa farþegunum á póstskipunum við þessum óþægindum en farþegum með öðrum skipum, því að þeir, sem ferðast milli landa með öðrum skipum, eru alls ekki svo fáir, sjerstaklega frá Austurlandi.

Hæstv. landsh. gjörði lítið úr tryggingunni við það, að útfarar skuli skyldir að sýna skýrteini frá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða hreppstjóra um, að þeir væru að lögum frjálsir. Jeg tók það fram áður og tek það fram enn, að örðugt er að búa ákvæði þetta svo út, að fulltryggjandi sje, en þó er nokkur trygging fólgin í ákvæði frumv.; það fyrirbyggir, að menn geti stolizt af landi burt sem útfarar, og af annari hálfu sje jeg ekki, að það geti valdið óþægindum, svo að skárra er það þó, en það sem nú er.

Jeg vona, að h. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir, þrátt fyrir mótmæli hæstv. landsh., enda er hjeðan af ekki hægt að koma með breytingar við frumv. í þessari deild, þar sem þessi mótmæli komu ekki fram fyr en nú á allra síðasta stigi málsins.

Pjetur Jónsson: Jeg skal með fám orðum gera grein fyrir atkvæði mínu, því að jeg hef ásett mjer að greiða ekki atkvæði með frumv., og er sjerstaklega eitt ákvæði þess því valdandi, að jeg get það ekki; það er þetta ákvæði: »Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings«.

Jeg vil gjarnan óska, að menn sjeu ekki tældir af landi burt með ósönnum fortölum, en jeg geri ráð fyrir, að þetta ákvæði út af fyrir sig geti ekki fyrirbyggt það. Jeg hef ekki heyrt þá, sem hafa verið að fá menn til Ameríku-farar, beita beinlínis ósönnum fortölum, en jeg hef heyrt þá segja frá kostunum einum, en sleppa að minnast á ókostina við Ameríku. En það vitum vjer, að sá hlutur getur orðið fagur í augum fáfróðra manna — og alþýða manna má heita fáfróð um Ameríku — þar sem betri hliðinni er einvörðungu lýst. Til þess þarf engum ósönnum fortölum að beita. Þegar jeg jafnframt leiði hugann að, hvernig þessu ákvæði laganna mundi verða beitt, þá er jeg hræddur um, að það mundi einatt verða örðugt fyrir lögreglustjórann að skera úr, hvað væru ósannar fortölur og hvað ekki.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg held að athugasemd h. þm. S.-Þing. (P. J.) sje bygð á nokkrum misskilningi. Ákvæðið um ábyrgð fyrir ósannar fortölur er ekki nýtt í þessu frumv., það stendur líka í útflutningslögunum frá 14. jan. 1876. Breytingin er ekki sú, að hjer eigi að innleiða nýtt saknæmt brot, heldur hitt, að sjá svo til, að ábyrgðin nái ekki að eins til útflutningsstjóranna, eins og nú er, sem löggiltir eru og veð hafa sett, heldur og til annara, sem að útflutningum starfa, sjerstaklega farand-agenta útlendra ríkja, sem enga löggilding hafa fengið og ekkert veð sett. Mjer þykir það ósanngjarnt, að þeir, sem orðið hafa að setja all-hátt veð, verði að borga sekt fyrir sama athæfi, sem hinir, er ekkert veð hafa sett, þurfa enga sekt að borga fyrir. Að ósannar fortölur sjeu ákveðið orðatiltæki, þá er það mótbára gegn útflutningalögunum sjálfum, en ekki sjerstaklega móti þessu frumv.; því að þetta ákvæði er í þeim líka, en nær þar að eins til útflutningsstjóranna. Þetta ákvæði frumv. getur því ekki fremur stofnað þeim í vandræði, sem lögunum eiga að framfylgja, en hið sama ákvæði í hinum gildandi út-

flutningslögum. Eins og jeg gat um í upphafi ræðu minnar, hygg jeg því, að mótbárur h. þm. (P. J.) sjeu byggðar á misskilningi.

Landshöfðingi: Mjer fannst h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) taka það óstinnt upp fyrir mjer, að jeg hefði ekki komið með mótbárur gegn frumv. fyr en nú. Ef það hefði verið meining mín að vilja fá frumv. breytt, þá var það og sjálfsagt að koma fyrri með þær á meðan enn var tími til að koma breytingum fram; en jeg hef leitazt við að sýna, að jeg áliti frumv. óþarft, og með þá mótbáru verð jeg að álíta, að sje rjett að koma á hverju stigi máls sem er, og að það sje jafnvel rjettast að koma með hana sem síðast, svo að þinginu gefist kostur á að íhuga málið sem bezt. Jeg bjóst við, að umræður mundu hefjast um frumv. við 2. umræðu þess, þar sem um slíkt hapt á frelsi manna er að ræða, en sú von brást, og því vildi jeg nota tækifærið nú til þess að hefja máls á því, hvort rjett væri að láta þetta frumv. ganga fram.

H. þm. (Guðl. G.) hjelt, að eigi mundi verða töf að því, þótt póstskipin væru rannsökuð á fyrstu höfn, sem þau tækju útfara á, því að menn þekktu þessi skip svo vel; það væri að eins rannsóknin í fyrsta skipti, sem nokkurri verulegri töf gæti valdið. En þess er að gæta, að í póstskipunum er búin til sjerstök vistarvera í hvert sinn handa útflytjendum; hana verður að rannsaka í hvert sinn, sem skipið tekur útflytjendur, mæla hana upp, og sjá fyrir, að nægilegt loptrúm sje handa farþegum o. s. frv.

H. þm. (Guðl. G.) gat ekki hrakið það, að óþægilegt væri fyrir farþega póstskipanna að verða að láta rannsaka sig af lækni á síðustu höfn, sem skipið leggur úr hjer við land, og það eins þótt ekki sje nema 1—2 útflytjendur með skipinu. Það er misskilningur hjá h. þm. (Guðl. G.), ef hann heldur, að jeg sje að bera hönd fyrir höfuð hinu sameinaða gufuskipafjelagi; það er ekki vegna þess, að jeg vilji að póstskipin sjeu undanþegin útflutningslögunum; jeg ber þar einungis fyrir brjósti póstflutninginn og farþegana. Jeg verð að halda því föstu, að með því að samþykkja þetta frv., sje verið að byrgja brunninn eptir að barnið er dottið ofan í hann. Fyrir nokkrum árum var þörf á að stöðva útflutningastrauminn eða halda í hemilinn á honum; en nú er það ekki; en þá voru það ekki útflutningaagentarnir einir, sem höpt hefði þurft að leggja á; það hefði verið jafngott, þótt sveitarstjórnirnar hefðu ekki sent þurfamenn sína tugum saman af höndum sjer. Nú er ekki meiri umkvörtun um annað en vinnufólkseklu, og hverju er það fremur að kenna en því, að viðkoman hefir verið send burt? Það er kunnugt, að nú er alls eigi keppt eptir Íslendingum í Ameríku; Kanadamenn hafa fengið andstyggð á þeim, því að þeir halda að þeir muni flytja holdsveiki með sjer inn í landið. Skal jeg svo ekki eyða fleiri orðum um málið; að eins taka það fram, að jeg tel þessi lög óþörf, en pappírslög eru allt af viðsjál og jafnvel skaðleg, því þau veikja virðingu fyrir lögunum yfir höfuð.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg hef fáu að svara af mótmælum þeim, sem fram hafa komið síðan jeg talaði síðast.

Jeg get ekki látið af þeirri skoðun, að þó eitt barn sje farið í brunninn, þá sje þó full ástæða til að byrgja hann til þess að annað barn til detti ekki ofan í hann, og mjer finnst ástæða til að gjöra það, áður en barnið nr. 2 er dottið ofan í.

Að því er snertir anstyggð þá, sem hæstv. landsh. sagði, að Kanadastjórn

hefði nú á Íslendingum vegna holdsveikinnar, þá býst jeg við, að þegar sú bóla er sprungin, sem blásin hefir verið út á næstliðnu ári út af holdsveikinni hjer, muni þessi andstyggð hverfa og þess verður varla langt að bíða. Andstygðin á Íslendingum mun hverfa þegar er Kanadamenn fara aptur að þarfnast fólks. Því það, sem aðallega hefir stöðvað innflutning, er vitanlega það, hve illt árferði hefir verið þar vestra nú um tíma og þar af leiðandi atvinnuskortur. En undir eins og breyting verður á þessu til batnaðar, þá byrjar innstraumurinn þangað aptur, og væri þá gott að hafa þessi lög við hendina. Nú er líka einmitt hentugur tími að semja þessi lög, meðan æsingarnar eru litlar eða engar, því þegar útflutningurinn byrjar aptur fyrir alvöru, þá geta persónulegar æsingar spillt fyrir málinu.

Loks skal jeg taka það fram, að það var ekki meining mín að bregða hæstv. landshöfðingja um, að hann hjeldi sjerstaklega taum hins danska gufuskipafjelags. Það held jeg hafi ekki legið í orðum mínum, heldur ljet jeg það í ljósi, að hæstv. landsh. bæri póstgufuskipin, flutninga með þeim og farþega, of mjög fyrir brjósti í þessu máli, án tillits til þess, hvaða fjelag eða hvaða menn hjeldu þessum póstferðum uppi.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala frekar um málið, en vona, að h. þingd. samþykki frumv.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 12 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Frv. til laga til að gjöra samþykktir um að hindra eyðileggingu af vatnagangi (C. 50); 2. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg vil að eins leyfa mjer að benda h. þingdeildarmönnum á, að það er prentvilla í frumv., þar sem stendur í 4. grein, fyrri lið síðari setningu: »Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um breyting hennar o. s. frv.«, á að vera: birting hennar. Þetta er hraparleg prentvilla, sem þarf að lagfæra.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frumv. nú, þar eð jeg við fyrri umræðu málsins tók fram þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir frumvarpinu, og engin mótmæli hafa komið fram gegn því, en vona að eins að það tái framgang í h. deild.

En vilji einhver h. þingd.m. gjöra athugasemdir við frumv. til umbóta, þá mun jeg taka því þakklátlega.

ATKV.GR.: 1.—6. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv. hver.

Fyrirsögnina kvaðst forseti álíta samþykkta án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um hagfræðisskýrslur (C. 59); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Jeg þykist viss um, að þetta mál sje hjer velkomið, og mæti góðum undirtektum hjá þinginu. Þingið hefir, eins og allir hugsandi menn, viðurkennt að hagfræðisskýrslur eru nauðsynlegar einnig hjá oss, enda hefir það sýnt það í verkinu, með því að kosta árlega miklu fje til að láta semja og útgefa slíkar skýrslur. Síðasta fjárveitandi þing hefir jafnvel fært þennan útgjaldalið upp að miklum mun, svo að hann nú nemur hjer um bil 2300 kr. Þetta er nú að vísu gott og blessað, en það er lítið varið í þær hagfræðisskýrslur, sem ekki eru rjettar, og menn eigi geta reitt sig á. Aðaltilgangurinn með þessu frumv. er nú sá, að stuðla til þess, að hagfræðisskýrslur vorar verði þannig úr garði gjörðar, að hægt sje að reiða sig á þær.

Í frumv. þessu er landsstjórninni fyrst gjört að skyldu, að láta semja og útgefa þessar skýrslur. Þetta er að vísu ekkert nýtt, því að það hefir nú um langan aldur verið gjört á hverju þingi, en það gæti reyndar við þetta tækifæri komið til athugunar, hvort þá tilbreyting ætti ekki að gjöra nú, að láta skýrslurnar ekki lengur vera eina deild af Stjórnartíðindunum eins og verið hefir, heldur gefa þær út sem sjerstakt rit. Þetta er reyndar ekki tekið fram í frumv., en það gæti komið til tals við umr., og yrði þá til athugunar við tilbúning hlutaðeigandi fjárlagagreinar.

Aðal-tilgangur frumv. er, eins og jeg tók áðan fram, sá, að fá tryggingu fyrir, að hagfræðisskýrslurnar verði eptirleiðis áreiðanlegar, og það með því, að gefa landsstjórninni vopn í hendur til þess, að neyða menn til, að gefa rjettar skýrslur, og það mun öllum skiljast, hversu þetta er afar-þýðingarmikið atriði.

Í frv. er skýrslunum skipt í flokka. Þær skýrslur, sem stjórnarvöldin geta gefið, eru ekki teknar með í frumv.

Í fyrsta flokki eru landbúnaðarskýrslurnar, um skepnukyn, ræktað land, heyskap og þess háttar. Þær hafa verið svo ófullkomnar allt til þessa, að það er hæpið, hvort nokkurt gagn er að þeim. Það eru t. d. eptir skýrslum þessum 40 hreppar á landinu, þar sem ekkert tún á að vera til í; í mörgum hreppum er mikið hey en ekkert tún, en í öðrum mikil tún, en ekkert hey. Í Húnavatnssýslu er ekkert tún í helmingnum af hreppunum. Það er vafasamt hvort slíkar skýrslur eru til annars en til að hlæja að.

Þá eru verzlunarskýrslurnar; þær eru sjálfsagt mjög ófullkomnar, þótt eigi beri eins mikið á því í fljótu bragði, en að þær muni eigi vera sem áreiðanlegastar má ráða af því, hvernig gengið hefir að fá þær hjá þeim, sem eiga að gefa þær. Landsstjórnin hefir engin ráð til að ná þeim, ef viðkomandi kaupmenn vilja ekki gefa þær góðfúslega, það er ekki hægt að sekta þá eða koma annari ábyrgð fram á hendur þeim, og þá er ekki nema eðlilegt, að þær líka stundum verði óáreiðanlegar. Það hefir líka sýnt sig, að kaupmenn hafa hreint og beint neitað að gefa þessar skýrslur, þar eð þeir sjá, að landsstjórnin hefir engin tök á þeim, og nota þeir sjer það. Sömuleiðis flytja kaupfjelögin mikið út úr landinu og inn í það, og hefir ekki gengið betur að fá skýrslur frá sumum þeirra en frá kaupmönnum.

Þriðji flokkurinn er alveg nýr. Hann snertir upplýsingar um sjávarútveginn, um tölu báta og þilskipa, og um afla þeirra. Til þess að slíkar skýrslur fáist—og um þörfina á þeim hafa margar raddir heyrzt — er landsstjórninni með frumv. gefinn rjettur til, að heimta skýrslur þar að lútandi.

Í fjórða lagi er bætt við í frumv. skýrslum um sparisjóði, og er það nauðsynlegt, þar eð það með lögum 7. febr. 1890 er leyft að taka hærri vexti, en almennt gjörist gegn fasteignarveði, en fyrir það þurfa sparisjóðir nú síður að leita sjerstakra hlunninda í hendur landstjórninni samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874, og gefst því stjórninni ekki ávallt eins og fyr tækifæri til að áskilja skýrslur þær frá sjóðunum, sem frv. ræðir um.

Það má nú ef til vill ýmislegt að þessu frumv. finna, og ýms ákvæði þess mætti sjálfsagt orða betur, en jeg vona, að h. þm. lagfæri þá galla, sem á því kunna að vera, og leggist á eitt, að koma fram lögum þessum, þegar á þessu þingi.

Þórður Guðmundsson: Jeg er háttv. flutningsmönnum mjög þakklátur fyrir

það, að þeir skuli hafa komið fram með þetta frumv. Jeg hef, eins og svo margir aðrir, fundið til þess, hve hinar núverandi skýrslur eru óáreiðanlegar og villandi, og mjer finnst það mjög skaðlegt og hlægilegt, að vera að kosta mann af landsfje árlega til að semja skýrslur, sem svo ekkert er að marka, og sem ekki bera með sjer, hvort landinu fer fram eða aptur í hagfræðislegu tilliti. Það eru máske ýms atriði í frv., sem eitthvað kann að vera að athuga við og það því fremur, að það er nýmæli hjer á þinginu. Þess vegna þætti mjer heppilegt, að kosin væri nefnd í þetta mál á sínum tíma, en þar eð ýmsir þingmenn hafa nú beðið um orðið, þá vil jeg ekki stinga upp á nefndinni nú þegar.

Annars álít jeg meðal annars, að h. flutningsmönnum hafi yfirsjezt, að nema úr lögum konungsúrskurð frá 1793, sem ákveður eins ríkisdals sekt fyrir rangt framtal, en sem álíta verður að fallinn sje með þessum lögum.

Annars er jeg fyllilega sammála h. flutningsm., að brýna nauðsyn beri til, að lagfæra hagfræðisskýrslur vorar, og jeg fyrir mitt leyti mun eindregið gefa atkvæði með frv., og það því fremur, að jeg ímynda mjer, að frumv. muni eða geti tekið bótum, ef nefnd verður sett til að rannsaka það nákvæmlega.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal byrja með því, að taka það fram, að jeg er frumv. þessu hlynntur, en það er ýmislegt í því, sem jeg skil ekki fullkomlega. Í 1. grein stendur til dæmis, að skýrslur þessar skuli samdar og útgefnar á kostnað landssjóðs. Jeg veit ekki, hvort hjer er átt við fyrsta samning skýrslnanna eða samning aðalskýrslunnar. Jeg held að það hafi hingað til verið skylduverk hreppstjóranna að safna upplýsingum og semja hinar fyrstu skýrslur, og samkvæmt frumv. þessu bætist ekki svo mikið nýtt inn í skýrslurnar, að hreppstjórunum aukist svo mjög erfiði við það. Jeg álít það yfir höfuð mjög athugavert, að landssjóður fari að kosta miklu til frumsamnings slíkra skýrslna fram yfir það, sem hingað til hefir verið.

Jeg veit til þess, að skýrslum þessum hefir verið safnað vel og rækilega, en þess ber að gæta, að þótt svo sje gjört, þá verða þær ekki fullkomlega áreiðanlegar að heldur, því að framtal það, er menn gefa, er ekki nægilega nákvæmt. Jeg man til þess, að fyrst þegar farið var að heimta skýrslur um ræktað land, þá sögðust bændur ekki geta sagt, hve stór tún sín væru, því að þeir kynnu ekki að mæla þau. Til þess nú að geta gefið áreiðanlega skýrslu, þá mældi jeg sjálfur öll túnin í mínum hreppi, og sje það ekki skylda hreppstjórans, þá hef jeg gjört meira en skyldu mína.

Á hinn bóginn er jeg ekki fullkomlega sannfærður um, að menn fái mikið áreiðanlegri skýrslur með lögum þessum, því að mjer finnst trygging sú, sem frumv. gefur fyrir því, ekki mikil. Einnig finnst mjer ætti að taka það fram í frumv. hve mikinn aukakostnað landssjóður fær að bera við skýrslurnar.

Annars álít jeg rjettast að kjósa nefnd í málið, en skal að svo stöddu ekki stinga upp á henni, þar eð fleiri hafa beðið um orðið.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að segja fáein orð út úr því, sem h. þm. Strandam. (Guðj. G.) sagði. Að því er snertir skýrslurnar um landbúnað, þá eru þær lögboðnar nú, og menn skyldir til að gefa upplýsingar um skepnufjölda sinn, heyafla og ræktað land o. s. frv. Hvað það snertir, að hreppstjóri eigi að mæla öll tún í hreppnum, þá er það sjálfsagt engin

skylda, og h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir gjört það alveg um fram skyldur sínar, en skyldur er hreppstjórinn til að spyrja um stærð túnanna.

Nú er svo ástatt hjer á landi, að engir sjerlegir erfiðleikar munu vera á því, að fá tún sín mæld, þar eð búfræðingar eru nú á ferðinni á sumrin hjer um bil alstaðar á landinu, og mun auðgjört að láta þá mæla upp hið ræktaða land, þar sem þeir ferðast um. Um sjávarútveg hvílir engin skylda á hreppstjórum að gefa skýrslur. Skipskráningsstjórar í 6 umdæmum landsins fá reyndar skýrslur um þilskipa- og bátatölu, en engar um sjávarafla; um hann koma engar skýrslur, nema reikningarnir yfir útflutningsgjald af fiski, og væri þó mjög svo æskilegt, að fá slíkar skýrslur, sem gætu orðið til stórra bóta fyrir sjávarútveginn.

Gallarnir á skýrslunum koma ekki eins mikið af skylduvanrækt hreppstjórans eða vísvitandi röngu framtali, eins og hugsunarleysi. Menn almennt hafa það alls ekki ljóst fyrir augum, hve afarmikla þýðingu slíkar skýrslur hafa, og hve áríðandi það er að hafa þær rjettar, og þess vegna hirða hreppstjórar ekki um, að heimta eins nákvæmar upplýsingar eða ganga eins ríkt eptir þeim, eins og þeir eiga að gjöra.

Það eru auðvitað ýms atriði, sem nauðsyn bæri til að fá skýrslur um, en sem þetta frumv. ekki beinlínis grípur inn í. Um laxveiði, seladráp og jafnvel silungsveiði væri t. d. áríðandi að fá árlegar skýrslur, þar eð friðun laxa og seladráp er brennandi löggjafarspursmál. Sama er að segja um hvalveiðar.

Enn fremur er eitt, sem áríðandi væri að fá nákvæmar skýrslur um, en það er bráðafárið. Það er almennt viðurkennt, að hin stærsta hætta, sem íslenzk sauðfjárrækt liggur undir, er bráðafárið; menn tala mikið um bólusetning við og lækningar á því, og að eitthvað þurfi að gjöra til að afstýra því, en jeg er viss um, að ef menn hefðu áreiðanlegar skýrslur yfir það fje t. d., sem drepizt hefir nú síðastliðinn vetur úr bráðafárinu, þá mundu menn fara að gjöra eitthvað, þá mundi áhugi manna fyrst vakna fyrir alvöru, þegar menn sæju, um hve stórvægilegt atriði hjer er að ræða.

Sömuleiðis væri það fróðlegt, að hafa áreiðanlegar skýrslur um það, hve margt fje drepst úr hinum svonefndu »vorkvillum«, en erfitt mundi að líkindum verða að fá slíkar skýrslur rjettar og nákvæmar. Áður voru all-flestir af þessum kvillum einu nafni nefndir »hor«, en síðan horfellislögin komu, þá hafa þeir verið skírðir ýmsum »fínni« nöfnum. Jeg álít að það væri mjög fróðlegt og gæti, ef til vill, haft gagnleg og vekjandi áhrif á ýmsa, ef hægt væri að fá slíkar skýrslur áreiðanlegar.

Það eru auðvitað ýms fleiri atriði, sem þörf væri að tala um til bendingar fyrir hina væntanlegu nefnd í málinu, en jeg skal að eins taka það fram, að það er auðvitað meining frumv., að landssjóður skuli að eins kosta samning á skýrslum fyrir landið allt, en hreppstjórar og sýslumenn annist samning skýrslnanna hver í sínum hreppi og sýslu. En þetta mætti náttúrlega taka skýrara fram.

Klemens Jónsson: Því neitar enginn, að slíkar hagfræðisskýrslur, sem hjer er um að ræða, hafi mjög mikla þýðingu í mörgu tilliti, en það getur aptur verið spurning um það, hvort ástæða sje til fyrir löggjafarvaldið, að fara að skipta sjer af þessu máli, eða hvort

umboðsvaldið hefir ekki, eptir núgildandi lögum, vald til að heimta flestar af þeim skýrslum, sem frumv. þetta ræðir um. Jeg held að hjer sje ekki um aðra nýjung að ræða en þá, að gefa umboðsvaldinu einnig vald til að heimta skýrslur um fiskiveiðar, og getur það auðvitað verið fróðlegt, að fá svo nákvæmar skýrslur, sem unnt er, einnig um þann atvinnuveg. Hinar aðrar skýrslur hefir umboðsvaldið heimtað eins og nú stendur og krefst þess, að þær sjeu svo rjettar, sem kostur er á. Búnaðarskýrslur er hægt að heimta eptir gildandi lögum, og þess má krefjast, að þær sjeu fullkomlega rjettar, því eptir konungsúrskurði 19. júní 1793 á að sekta þann, sem verður uppvís að því, að hafa talið rangt fram. Ef gengið er ríkt eptir því af sýslumönnum og bæjarfógetum, þá sje jeg ekki betur, en að hægt sje sem stendur, að heimta nákvæmar skýrslur um flest það, sem tekið er fram í frumv.

Mjer er það líka kunnugt, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu sendi umburðarbrjef í vetur til allra sýslumanna í hans umdæmum, og er þar meðal annars einkum tekið fram, hvað athugavert sje við búnaðarskýrslurnar, og hve nauðsynlegt það sje, að hreppstjórar gangi ríkt eptir, að bændur gefi rjettar og nákvæmar skýrslur um heyfeng, stærð túna o. s. frv. Þetta veit jeg að sýslumenn hafa brýnt fyrir mönnum á manntalsþingum í vor, auk þess, sem þeir sjerstaklega hafa skrifað hreppstjórum, að ganga ríkt eptir rjettum skýrslum. Jeg hygg, að afleiðingin af þessu verði sú, að hægt verði að fá rjettar skýrslur.

Það er víst rjett, að það munu ekki vera lög til að heimta verzlunarskýrslurnar, en jeg þekki ekki eitt einasta dæmi þess, að þær hafi ekki verið gefnar eins góðar og nákvæmar, sem unnt hefir verið. Jeg veit ekki betur, en að bæði kaupmenn og kauptjelagsstjórar hafi verið fúsir á að fylla skýrslurnar út.

Forstöðumönnum sparisjóðanna má líka gjöra að skyldu, að senda landshöfðingja skýrslu um hag þessara stofnana, enda veit jeg ekki betur en það sje gjört.

Jeg get þess vegna ekki sjeð, að skýrslur þessar verði nákvæmari eða auðveldara að heimta þær, þó þetta frumv. verði að lögum, nema að því, er snertir skýrslur um fiskiveiðar, sem auðvitað enginn neitar, að þörf sje á.

Jeg vildi að eins vekja athygli manna á þessu, og álít rjettast, að nefnd verði skipuð til að íhuga málið.

Einar Jónsson: Hagskýrslur eru vafalaust mjög nauðsynlegar, og þó að það kunni að mega ná þeim á annan hátt en með lögum, þá álít jeg að lög um það efni spilli ekki, heldur sje það miklu fremur rjett, að safna öllum skyldum til að gefa opinberar skýrslur saman í ein lög, en aptur á móti getur verið vafasamt, hversu mörg atriði það eru, sem skýrslur beri að gefa um.

Jeg er fullkomlega samdóma h. þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) um það, að nauðsynlegt sje að safna skýrslum um bráðafárið og um þá sjúkdóma í fjenaði, er geta orðið líkt hættulegir, en um vorkvillann, sem hann nefndi, álít jeg ekki rjett að heimta skýrslur. Jeg held að það yrði óvinsælt, og sjaldan mundi sagt meira ósatt en í þeim skýrslum, enda ómögulegt að gefa skýrslur um þá. Á vorin er fjeð að flækjast fram og aptur, svo menn vita ekki, hvað menn missa eða úr hverju, og þar af leiðandi geta menn ekki gefið rjettar skýrslur í þessu efni. Ef ætti að fara að gefa sjerstakar skýrslur um vorkvilla, þá kæmi upp sjerstakur sjúk-

dómur, sem nefndur væri þessu nafni. En þessir vorkvillar eru enginn sjerstakur sjúkdómur, og væri það hor, sem menn vildu helzt ná í skýrslur um með þessum hætti, þá gætu þær skýrslur orðið villandi, því að þótt segja megi að skepnur falli úr hor, þá getur opt staðið svo á, að það sje ómögulegt að saka menn um það. Heyin geta verin svo hrakin og ónýt frá sumrinu, að skepnurnar þrífist ekki á þeim, þó þeim sje gefin hin fyllsta gjöf, og ekkert til sparað, að láta þeim líða vel, það er menn geta að gert. Skýrslur um það mundu því geta leitt til ills eins og mun rjettast að láta horfellislögin nægja, hvað það atriði snertir.

Flutningsmaður Jón Jensson: Jeg vil að eins víkja fáum orðum að ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. Jónss.). Mjer kom það óvart að hann sem lögreglustjóri, er hlýtur að hafa mikið að gjöra með útvegun hagfræðisskýrslna, skuli gjörast andvígur þessu frv., en það hlýtur hann að vera eptir því, sem honum fórust orð.

Jeg skil ekki, hvernig hann getur álitið það óþarft að veita stjórnarvöldunum vald til að geta fengið þessar nauðsynlegu skýrslur samdar rjett og nákvæmlega.

Jeg hefi að vísu ekki tekið sjerstaklega eptir hagfræðisskýrslum úr Eyjafjarðarsýslu, en eins og jeg tók fram áðan og hver maður getur sannfært sig um með eigin rannsókn, þá eru fjöldamargar skýrslur svo úr garði gjörðar, að ekkert verður á þeim byggt. Ef menn vilja leita að orsök til þessarar vöntunar á áreiðanlegum hagfræðisskýrslum, þá er óhætt að segja, að það sje annars vegar viljaleysi þeirra, er skýrslurnar eiga að gefa, og hins vegar kraptleysi landsstjórnarinnar gagnvart þessu viljaleysi. Þó sumir hafi verið svo kurteisir að gefa fúslega góðar skýrslur, er þeir hafa verið beðnir um þær, þá álít jeg að útvegun skýrslnanna eigi ekki að vera komin undir þeim og þeirra vilja, heldur þurfi að vera til ákvarðanir, er sjeu til taks, hve nær sem á þarf að halda og mótþrói er sýndur. Hann sagði, að kaupmenn t. d. væri fúsir á að gefa verzlunarskýrslur, en það á ekki að vera komið undir náð þeirra, hvort þeir vilja gefa þær. Landsstjórnin á að geta þröngvað þeim til þess, ef þeir taka upp á því, að neita að gefa skýrslurnar; þeir eiga að vita, að þeir eru skyldir til þess að gefa skýrslurnar og hafa þær í alla staði áreiðanlegar.

Það er misskilningur hjá h. þm. Eyf. (Kl. Jónss.) að landsstjórnin hafi vald til að heimta skýrslur um sparisjóði, því lögin, sem leyfa sparisjóðunum að taka hærri vexti en almennt er leyft, gjöra það, að þeim er óþarft að leita til landsstjórnarinnar um þau hlunnindi, er þeir áður hafa orðið að sækja til hennar, sjerstaklega til að taka hærri vexti en vanalega gjörist, og getur landstjórnin þess vegna ekki fengið tækifæri til að áskilja sjer neinar skýrslur, sem þeir annars eru ekki skyldir að gefa að lögum.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um frv. Jeg vona að h. þingd. sjái, að hjer er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að vert sje að veita því greiðan framgang. Mín vegna má gjarnan setja nefnd í málið, og gæti hún ef til vill greitt veg fyrir frumv. Jeg vil stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd samþ. í e. h., og í hana kosnir:

Jón Jensson	með	19	atkv.
Ól. Briem	—	14	—
B. Sigfússon	—	11	—
Þorl. Guðmundsson		11	—
Halldór Daníelsson		9	—

Frumvarp til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 62); 1. umr.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarðaprestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni (C. 63); 1. umr.

Þórður Guðmundsson: Það virðist nokkuð skrítið, ef þessi þingd. jafnframt því að hún fer fram á að lækka eptirlaun embættismanna og raddir heyrast, er vilja afnema þau með öllu, færi nú að samþykkja þessi eptirlaun, sem jafnvel eru hærri en eptirlaun annara stjettarbræðra þessa manns. Því mun að vísu ekki verða neitað, að prestur sá, er hjer ræðir um, sje, að kunnugra manna dómi, viðurkenningarverður fyrir starfa sinn þennan langa tíma á þessari afskekktu eyju, enda sýnist h. Ed. líta svo á, þar sem hún hefur hækkað uppástungu stjórnarinnar og fært 500 kr. í stjórnarfrumvarpinu upp í 600 kr. En hugsunarháttur hinnar íslenzku þjóðar gengur nú í þá stefnu, að viðurkenna þá menn, sem slitið hafa kröptum sínum í hennar þjónustu og staðið sómasamlega í sinni stöðu, á annan hátt en með eptirlaunum í þeim skilningi, sem það orð nú er brúkað, því þau vilja menn nú minnka að mun eða jafnvel afnema með öllu. Þessa viðurkenningu má líka nefna öðru nafni, hvort sem menn vilja kalla hana styrk eða ellistyrk. Presti þessum hafði verið lofað betra brauði eptir nokkurra ára þjónustu á þessari eyju, en loforð þetta var aldrei framkvæmt. Hann er þess vegna eins illa á vegi staddur þó honum hafi verið gefið þetta loforð. Allt um það get jeg ekki aðhyllzt stjórnarfrumvarpið um sjerstök eptirlaun handa honum; en jeg vil að honum sje veitt árlega viss upphæð á fjárlögunum, þó ekki 600 kr. eins og h. Ed. hefir samþykkt, heldur í mesta lagi 500 kr., eins og stjórnin stakk upp á upphaflega. Jeg ímynda mjer líka að það gætu verið fleiri prestar, sem þættust hafa eins mikinn rjett til að fá sjerstök eptirlaun eins og þessi prestur, og þeir ef til vill sumir, er væri í meiri fjárþrotum en hann.

Mjer kann að verða svarað, að á sama megi standa um nafnið á upphæð þeirri, er hann fengi. Það er nú svo á aðra hliðina, en ekki á hina. Þannig gætu t. d. kringumstæður mannsins breytzt með tímanum, svo þó hann þurfi að fá þessa upphæð nú, gæti honum kannske nægt lægri upphæð síðar meir. Jeg álít því heppilegra að fara fjárlagaleiðina og mun verða á móti sjerstöku frumvarpi um þessi laun.

Það hefir verið sagt, að þingið mundi komast í vanda með því að veita þjónustumönnum landsins viðurkenningu á þennan hátt, en jeg óttast það ekki svo mjög; jeg vil ekki ætla þinginu, að það gjöri sjer mannamun í þessu tilliti.

Það verður því mín tillaga, að frumv. þetta verði fellt, en styrkur handa þessum manni, 500 kr., verði tekinn upp á fjárlagafrumvarpið.

Klemens Jónsson: Jeg ætla mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. 2. þm. Rangæinga (Þórð. Guðm.) sjerstaklega vegna þess að jeg er að líkindum sá eini maður hjer í deildinni, sem er dálítið persónulega kunnugt um fjárhagsástæður síra Pjeturs Guðmundssonar. H. 2. þm. Rang. (Þ. G.) gat þess til, að vel gæti verið að fjárhagur síra Pjeturs væri ekki svo mjög þröngur, sem orð væri á gjört, og að hann jafnvel væri nokkuð efnaður maður, og mjer er kunnugt að samskonar mótbárur hafa komið fram gegn frumv. þessu í h. Ed. En hið sanna í þessu máli er, að prestur þessi er langt frá

því að vera efnaður maður, því það verður ekki sagt að sá maður sje efnaður, sem gengt hefir prestsembætti í 27 ár, þó hann eigi skuldlaust svo sem 4—500 kr.

Hvað það atriði snertir, á hvern hátt fje það er veitt, sem hjer er um að ræða, þá virðist mjer einmitt þetta form frá hendi stjórnarinnar hið eina rjetta, að veita fje þetta með sjerstökum lögum, því eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumv., á maður þessi ekki neina heimtingu á eptirlaunum, og verður því að veita þau með sjerstökum lögum og greiði jeg því frumv. þessu hiklaust atkvæði mitt.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og kunnugt er af ástæðunum við stjórnarfrv. eru þetta eiginlega gamlar syndir hins forna veitingarvalds, sem nú eru hjer að berast um á bak landssjóð, þar sem veitingarvaldið hafði heitið manni þeim, sem hjer er um að ræða, betra brauði eptir ákveðið tímabil en hefir ekki efnt það loforð sitt. En við því er ekki hægt að gjöra nú orðið, af því, að þeir eru dauðir, sem það hafa gjört. En það er leiðinlegt, að landssjóður skuli þurfa að taka upp á sig þessa rjettarneitun veitingarvaldsins, og skuli nú þurfa að bæta úr því, að presti þessum var synjað um brauð, sem hann sótti um eptir að hafa þjónað í Grímsey, mikið lengur en fyrirheitið hafði krafizt; vjer verðum nú líklega að taka þessu svo sem komið er, eins og mörgum öðrum misfellum nú á tímum, sem ekki er hægt að leiðrjetta. Með þennan prest stendur svo sjerstaklega á, hann hefir þjónað svona lengi á þessari afskekktu ey með trú og dyggð; þá segi jeg fyrir mitt leyti, að jeg get tekið undir með h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að mjer virðist rjett að veita þetta fje, þótt jeg hefði kunnað betur við að það væri veitt á fjárlögunum í hvert sinn, en á hinn bóginn víkur þessu í öfuga átt, að þingið á sama tíma, sem það á að stríða við stjórnina um það, að fá niðurfærslu á eptirlaunum embættismanna, skuli færa upp sjerstök eptirlaun, sem stjórnin hefir komið fram með, en á hinn bóginn vil jeg því halda mjer við þá fjárupphæð, sem stjórnin hefir stungið upp á, því jeg sje ekki ástæðu til, að hún væri færð upp.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atk.

Frumvarp til laga um breytingu á 5. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apr. 1872 (C. 64); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tólfti fundur, mánudag, 15. júlí. Allir á fundi hinir sömu og áður nema þm. Dal. (J. P.), sem var sjúkur.

Forseti gat þess, að fram væri lagt á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá síra Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni um að eptirlaunum, er hvíla á Hólmaprestakalli, og 600 kr. árgjaldi m. m. verði ljett af honum.
2. Beiðni frá síra Stefáni Jónssyni um linun á árgjaldi af Staðarhraunsprestakalli.
3. Beiðni frá fröken Sigríði Árnadóttur um 200 kr. styrk úr landssjóði.

Fyrirspurn út af suspension Einars sýslumanns Thorlacius (C. 26);

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Í Stjórnartíð. fyrir árið 1894 sjest þess getið, að 30. júní f. á. hafi landshöfðingi vikið Einari Thorlacius sýslumanni í Norður-Múlasýslu frá embætti um stundarsakir, en þess sjest ekki getið,

fyrir hverjar sakir það hefir verið gjört. Það er nú að vísu vitaskuld, að landshöfðingi hefir rjett til að víkja embættismönnum frá um stundarsakir, en því valdi má þó ekki beita nema lögmætar ástæður sjeu fyrir hendi; »suspensionin» er ekki að eins mikið fjártap fyrir embættismann þann, er fyrir henni verður, heldur er það einnig af öðrum ástæðum mikils varðandi fyrir embættismannastjett landsins og fyrir þjóðina í heild sinni, að »suspensions»-rjettinum sje eigi beitt, nema nauðsyn sje til og að menn fái að vita, af hvaða orsökum landstjórnin hefir beitt henni í hverju einstöku tilfelli; þjóðin gat því vænzt þess, að þess yrði getið í Stj.tíð., fyrir hverjar sakir embættismanni þessum hefði verið vikið frá embætti um stundarsakir, enda hefir landsstjórnin fylgt þeirri reglu áður, þegar líkt stóð á, nefnilega þegar fyrverandi sýslumanni á Ísafirði var vikið frá embætti um stundarsakir, því að í greint skipti auglýsti hún í Stj.tíð. að tjeðum embættismanni hefði verið vikið frá út af grunsemd um brot gegn 5 tilgreindum greinum í hinum alm. ísl. hegningarlögum, og enda þótt auglýsing sú væri, eins og síðar er sannað, aldrei annað en fyrirsláttur og uppspuninn einber, þá hefir landstjórnin þó með þeirri auglýsing sinni viðurkennt, að almenningur eigi rjett á, að fá að vita, fyrir hverjar sakir «suspensions»-valdinu sje beitt í hverju einstöku tilfelli.

Jeg held líka, að því verði ekki neitað, að Íslendingar, eins og nú stendur, líti á ýmsar aðgjörðir þeirra ráðherra og landshöfðingja með talsverðri tortryggni, og væri því æskilegt, að stjórnin sýndi fram á, hverjar ástæður hafi verið til að «suspendera» sýslumanninn í Norður-Múlasýslu; má vel vera að stjórnin hafi í þessu tilfelli haft lögmætar ástæður og væri þá ekki nema gott, að þær yrðu heyrum kunnar; en það getur líka hugsazt sú stjórn, sem ekki að eins beitir þessu valdi, þegar ástæða er til, heldur máske að eins af pólitiskum eða persónulegum ástæðum; en slík misbrúkun »suspensions«-valdsins getur haft hin skaðlegustu áhrif, ekki að eins fyrir embættisstjettina, heldur og fyrir þjóðina í heild sinni, og því er nauðsynlegt, að almenningur fái að vita ástæður stjórnarinnar í hvert skipti.

Hvað nú »suspensíon« þá snertir, sem hjer um ræðir, þá er eitt af tvennu, að annaðhvort hefir tjeðum embættismanni verið vikið frá að ástæðulausu, eða fyrir einhverjar gildar ástæður, einhver þau embættis-afglöp, er hann hefir framið. En sje svo, að það hafi verið gjört fyrir lögmætar sakir, þá má það turðu gegna, að ekki hefir heyrzt, að landsstjórnin hafi látið halda neina rannsókn um sakir þær, er »suspensíoninni« hafa verið valdandi; að vísu hefir það flogið fyrir, að einhver óreiða hafi verið hjá tjeðum sýslumanni, að því er snertir opinbert fje, er hann hafði undir höndum, og að hjá honum hafi orðið uppvís sjóðþurður, sem smátt og smátt sje nú verið að minnka með því, að koma eignum hans í peninga. — Til þess að komast fyrir það, hver hæfa muni í orðasveim þessum, hefi jeg nú kynnt mjer landsreikningana fyrir árið 1892 og 1893, og af þeim sjest, að í lok ársins 1892 hafa ógoldin landssjóðsgjöld úr Norður-Múlasýslu numið alls 1389 kr. 99 aur., og í lok ársins 1893 var ógoldið það an 6210 kr. 10 aur. En þessar upphæðir voru greiddar að fullu fyrir fyrra árið með ávísun, útgefinni í miðjum janúar 1893 og fyrir árið 1893 með ávísunum útgefnum sumpart í febr. og sumpart í marzmán. 1894, svo að ekki er ástæða til að ætla, að vanskil eða dráttur á

fjárgreiðslum til landssjóðs hafi gefið tilefni til »suspensionarinnar«, því að líklegt er, að landsstjórnin beiti ætíð sömu reglu, og fari ekki í manngreinarálit við embættismennina, þegar sömu ástæður eru fyrir hendi. En sje litið á reikningsskil hins virðulega sendisveins stjórnarinnar, Lárusar Bjarnasonar, árin, sem hann var settur í Ísafjarðarsýslu, sjest, að tjeður sýslumaður átti við árslok 1892 ógreiddar 8138 kr. 72 aura, og 13955 krónur 85 aur. í árslok 1893, og vita þó allir hans gengi hjá stjórninni.

Jeg hefi þess vegna álitið rjett, að koma með þessa fyrirspurn til hæstv. landshöfðingja, til þess að gefa stjórninni færi á, að skýra almenningi frá ástæðunum til gjörða sinna í þessu efni.

Landshöfðingi: Jeg verð að segja það, að mjer kom nokkuð á óvart að sú fyrirspurn skyldi vera borin upp í þessari deild, fyrir hverjar sakir sýslumanninum í Norður-Múlasýslu hefði verið vikið frá embætti, því jeg ímynda mjer, að flestum muni hafa verið kunnugt um, hverjar þær sakir voru, og það hafi ekki komið þeim á óvart, sem til þekktu, að embættismanni þessum var vikið frá embætti. Jeg skal þá stuttlega svara fyrirspurninni. Það var þegar á árinu 1893, að jeg varð þess áskynja af brjefum frá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu, að embættisrekstur sýslumanns þessa mundi ekki vera í sem beztu lagi, og þó sjerstaklega af brjefi Norður- og Austuramtsins til mín dags. 10. febr. 1894. Því í því gaf amtmaðurinn mjer ítarlega skýrslu um embættisrekstur sýslumannsins í Norður-Múlasýslu. Af skýrslu þessari sjest, að margar lögboðnar embættisskýrslur og reikningar, svo sem sýslusjóðsreikningar og reikningar um jafnaðarsjóðsgjald, komu ekki fyr en í ótíma, og eptir marg-ítrekaðar áminningar, ellegar eptir að beitt hafði verið sektum; svo var og með ýmsar aðar skýrslur, t. d. um fátækramálefni og önnur sveitamálefni og aðrar skýrslur, sem fara áttu til amtsins. Enn fremur hafði sýslumaður þessi vanrækt að halda rannsókn í málum, er honum bar að framkvæma eptir skipun amtsins, og að höfða mál, er amtið hafði skipað honum að höfða.

Amtmaður ákvað amtsráðsfund eystra í fyrri hluta júnímánaðar 1894, og ætlaði þá að líta eptir embættisfærslu sýslumannsins, en þá varð amtmaður veikur af »influenzu« og varð því ekki af ferðinni. Fór jeg þá austur í sama mánuði, og skoðaði bækur sýslumanns, og sannfærðist jeg þá brátt um, að umkvartanirnar yfir embættisvanrækslu hans væru ekki um skör fram. Af embættisbókum hans voru það einkum aðal-reikningsbók og kassabók, sem voru ekki reglulega haldnar, og varð því ekki sjeð af þeim, hvað vera ætti í sjóði, en með því að yfirfara skiptabókina og uppboðsbókina mátti sjá, að í sjóði hlaut að vera talsvert fje, sem hann átti að gjöra grein fyrir. Kom það flatt upp á hann, og gat hann ekki gjört grein fyrir því.

Yfir höfuð var auðsjeð, að embættismaður þessi var svo sinnulaus og minnislaus, að hann var ekki fær um, að gjöra grein fyrir neinu. Sjerstaklega var það fje úr þrotabúi einu, sem hann kannaðist ekki við, eða skildi í, að ætti að vera í sjóði hjá sjer, jafnvel þó að uppboðsbókin bæri með sjer, að það var mikið fje. Þar sem jeg varð enn fremur var við, að hann var svo veiklaður á sál og líkama, að hann var ekki fær um að gegna embætti, notaði jeg heimild þá, sem landshöfð-

ingja er veitt með erindisbrjefi sínu 22. febr. 1875, til að víkja embættismanni þessum frá embætti, og tilkynnti ráðgjafanum þetta þegar samkv. 4. gr. í sama erindisbrjefi, og skaut því jafnframt til ráðgjafans, hvort honum virtist ástæða til, að höfða rannsókn gegn honum, eða gjöra aðrar ráðstafanir.

Um sama leyti barst ráðgjafanum brjef sýslumanns, þar sem hann beiddist lausnar frá embætti, og fylgdi þar með læknisvottorð, líklega frá settum lækni í 14. læknishjeraði.

Jeg gat þess í skýrslu minni til ráðgjafans, að eptir því, sem sýslumaðurinn kom mjer fyrir sjónir, mundi flest, ef ekki allt það, sem væri ábótavant í embættisfærslu hans, koma af því, að hann væri veikur bæði á sál og líkama, og væri alls ekki fær um að stjórna embætti.

Eins og kunnugt er, hefir ráðgjafinn ekki gjört neinar ráðstafanir til að hefja rannsókn gegn honum, enda sýndi heilbrigðisvottorðið ljóslega, að ekki mundi gjörlegt, að koma fram ábyrgð á hendur honum.

Að því er snertir fje það, er hann hafði ógreitt til landssjóðs, þá er honum var vikið frá embætti, sem einkum voru manntalsbókargjöld, þá er það allt borgað til landssjóðs. Hið eina fje, sem hann hefir ekki staðið skil á til þessa, er fje tilheyrandi þrotabúi einu, sem nemur 7—8000 kr. og svo nokkuð af öðru fje tilheyrandi öðrum skiptabúum. En það er engin hætta fyrir hendi, samkvæmt skýrslum þeim, sem jeg hefi fengið, að hann geti ekki staðið í skilum með þetta fje. Fyrst og fremst á hann nokkrar eignir, bæði tvö hús á Seyðisfirði og jarðeign, en þar við bætist lífsábyrgð upp á 5000 kr., og veð það, er hann hefir sett fyrir embættinu, sem er um 6000 kr., svo sje lífsábyrgðin talin með, eru til taks 15—16000 kr., en honum ber ekki að standa skil á nema 8—9000 kr., svo það er engin hætta fyrir, að búin fái ekki sitt.

Frekari upplýsingar get jeg ekki gefið upp á fyrirspurn þessa eptir því, sem hún er orðuð, en sje eigi ástæður til að ganga inn á annað, sem bar á góma hjá fyrirspyrjanda, en ekki er nefnt í fyrirspurninni.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eptir upplýsingum þeim, sem hæstv. landsh. nú hefir gefið, er svo að sjá, sem stjórnin hafi hatt lögmæta ástæðu til þess, að víkja þessum embættismanni frá embætti um stundarsakir. Það er upplýst, að með brjefi amtmannsins í Norður- og Austuramtinu, dags. í febrúar 1894, fær landshöfðingi skýrslur um ýmsar embættisvanrækslur af hálfu þessa sýslumanns, og þessi skýrsla amtmanns staðfestist síðan á visitatiuferð landshöfðingja í fyrra vor; það upplýsist, að tjeður sýslumaður hefir vanrækt að senda ýmsar opinberar skýrslur og reikninga á rjettum tíma, að hann hefir vanrækt afgreiðslu fátækramála, að hann hefir vanrækt, að hefja málssókn eptir skipun amtsins, og loks, að sjóðþurður hafi verið hjá þessum embættismanni, þegar honum var vikið frá embætti; og fyrir þessar sakir er honum vikið frá embættinu; en hjer er tvennt við aðgjörðir landsstjórnarinnar að athuga: í fyrsta lagi, að það sem hún víkur einum embættismanninum frá embætti fyrir, það lætur hún óátalið, og telur vítalaust, hjá hinum, því að það er nú komið upp úr kafinu, að sýslumaður sá, hr. Lárus Bjarnason, sem þjónaði sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu, meðan málareksturinn mikli stóð þar yfir, vanrækti gjörsamlega að senda allar opinberar embættisskýrslur fyrir árin 1892 og 1893 — hann sendi að eins reikningana

yfir landssjóðstekjurnar, sem hann þó ekki greiddi í tíma — svo að sá maður, sem eptir hann var settur til að þjóna embættinu, hefir orðið, ef svo mætti segja, að moka flórinn eptir þenna erindsreka stjórnarinnar, og gefa þær skýrslur, sem hann hafði vanrækt að senda.

Jeg bendi á þetta til að sýna, að landsstjórnin sýnir ekki mikla samkvæmni í aðgjörðum sínum gagnvart embættismönnunum.

Í öðru lagi verður því ekki neitað, að landsstjórnin virðist hafa komið mannúðlega fram gagnvart sýslumanni Einari Thorlacius, og skal jeg ekki lasta það, þó að mannúð sje beitt, að svo miklu leyti, sem lög leyfa slíkt, en mjer er ekki kunnugt, hvaða heimild landsstjórnin hefir til að sleppa rannsókn hjá einum embættismanni, sem hún sjálf játar, að gjörzt hafi sekur í margs konar embættis-afglöpum; að því, er sjóðþurð snertir, stendur t. d. beinum orðum í 136. gr. hegningarlaganna, að stjórnin megi því að eins sleppa rannsókn og sakamálshöfðun í þessu efni, að bætt sje úr sjóðþurðinum innan þriggja sólarhringa, eptir að hann varð uppvís.

Jeg bendi á þetta til þess, að almenningur hjer á landi geti sjeð, hvaða ósamkvæmni ríkir í aðgjörðum landsstjórnarinnar gagnvart embættismönnum landsins, því að það er ekki sanngjarnt, ekki rjett, að beita einni reglunni gegn þessum, og annari gegn hinum; en það er alkunnugt, að landsstjórnin skipaði sakamálsrannsókn hjá fyrverandi sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, og ljet hefja gegn honum sakamálsrannsókn á sakamálsrannsókn ofan, þótt hann í engum embættis-vanrækslum hefði gjört sig sekan, þótt engin sjóðþurður væri hjá honum, þótt engar skýrslur hefði vantað frá honum, og án þess nokkur hefði kært hann fyrir nokkurn hlut.

En landshöfðinginn hefir, að hann segir, við vísitasíu þá á Seyðisfirði, er hann gat um áðan, komið fram sem læknir, og fundið, að embættismaðurinn þar var sjúkur bæði á sál og líkama og þetta staðfestist svo síðar af vottorði læknis, að hann segir. En þó maðurinn hafi í raun og veru verið veikur, þá er það ekki landsstjórnarinnar að dæma um gildi læknisvottorðsins, eða að meta áhrif þau, er það kynni að hafa á sakhæfi þeirra embættisbrota, sem landshöfðingi segir að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hafi framið, heldur er það dómstólanna, að skera úr því, og er þetta því engin afsökun fyrir landsstjórnina. Það er líka kunnugt, að þegar landstjórnin ljet höfða rannsókn og sakamál gegn fyrverandi sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, og ætlaði að hengja hattinn sinn á einum einasta formgalla, þá sannaðist það með læknisvottorði, að sá sýslumaður hefði verið veikur, þegar þessi formgalli varð hjá honum, og þetta var landsstjórninni full kunnugt, en samt sem áður skipaði hún rannsókn út af þessum formgalla og ekki einungis út af honum, heldur notaði það sem átyllu til rannsókna um alla embættisfærslu þessa embættismanns.

Að svo mæltu get jeg lýst því yfir, að jeg álít svar hæstv. landsh. fyllilega fullnægjandi, því að einu leytinu sýnist það benda á, að ástæða hafi verið til »suspensíónar« sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, og jafnframt er með því fullnægt þeim aðaltilgangi mínum, að fá það leitt í ljós, að það er handahóf eitt, sem ríkir í aðgjörðum landsstjórnarinnar gagnvart embættismönnum landsins.

Frv. til laga um brúargjörð á Blöndu (C. 35); 3. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Nefndin hefir hugleitt nákvæmar teikningu Sigurðar Thoroddsens af hinni fyrirhuguðu brú á Blöndu og sannfærzt um, að garður sá, er hann ætlast til að verði hlaðinn á klöppina norðanverðu við mundi verða að stíflugarði fyrir ruðningana í ánni, sem ísinn hlyti að ganga yfir, þegar ruðningarnir verða miklir. Þykir nefndinni því haganlegra og öruggara að gjöra 2 stöpla að norðanverðu með hliðum á milli, er ruðningarnir geti farið í gegn um. Þetta vildum vjer láta koma fram í umræðunum, en að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, því jeg vona, að h. þingd. taki því eins vel nú, eins og áður.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og afgreitt til efri deildar.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (C. 65); 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Eins og h. þingd. er kunnugt, hefir komið bænaskrá til þingsins frá mjög mörgum búendum í Húnavatnssýslu vestanverðri um löggilding þessa staðar til verzlunar. Aðalástæðan til þessa mun vera sú, að það hefir nokkrum sinnum komið fyrir, að búendur í Húnavatnssýslu vestanverðri hafa gjört tilraun til að fá skip til að sigla á þessa höfn, en það hefir opt ekki fengizt vegna þess, að útgjörðarmenn skipanna hafa ekki viljað eiga það á hættu, með því að ábyrgðarfjelögin vilja ekki ábyrgjast skip á ólöggiltum höfnum. Síðastliðið vor var þess t. d. farið á leit við kaupmann á Borðeyri, að hann sendi þangað timburskip, en hann neitaði því, af því að skipið væri ekki »assúrerað« á ólöggilta höfn. Þótt hjeraðsbúum sje ekki áhugamál að fá fasta verzlun á þessum stað, þá er þeim þó áhugamál að fá þennan stað löggiltan, vegna þess, að það munar marga svo miklu með flutning á allri þungavöru, svo sem timbri, kolum, matvöru o. fl., þar sem þessi staður liggur mjög haganlega til flutninga fyrir búendur á Vatnsnesi, Víðidal og Miðfirði. Enn fremur mundi það mikið hagræði, að staður þessi er vel fallinn til útskipunar fjár á haustin. Kapt. Vandel skoðaði vandlega þennan stað fyrir nokkrum árum, og eptir skýrslu sýslunefndarmannsins í Kirkjuhvammshreppi á Vandel að hafa sagt, að botn væri þar ágætur, og að í raun og veru mætti skoða allan austurhluta Miðfjarðar sem eina höfn, því að botninn væri þar allstaðar svo góður og fjörðurinn hreinn og skerjalaus.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál meðan engin mótmæli koma fram. Jeg treysti því, að h. þingd. verði ekki fremur á móti löggilding þessarar hafnar, en öðrum löggildingum verzlunarstaða.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frv. til laga um flutning þurfamanna (C. 67); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eins og kunnugt er, eru hin gildandi ákvæði um flutning þurfamanna að finna í 8. gr. fátækrareglugjörðarinnar frá 8. jan. 1834. Er þar fyrirskipað, að þurfamenn skuli fluttir frá hreppstjóra til hreppstjóra. Af þessu leiðir, að þegar slíkir menn eiga langa leið fyrir höndum, þá verður hún opt ærið krókótt, þegar hreppstjórar, eins og opt getur átt sjer stað, búa á afviknum stað. Af þessu leiðir mikla tímatöf. Menn geta ekki haldið áfram hæfilegar dagleiðir sökum tafa við útbúning hesta, opt um miðja daga, og margt annað tefur fyrir á krókóttri leið. Samfara þessu hefir þessi flutningur mikinn kostnað í för með sjer. Engum, sem fer í langferð,

dettur í hug, að leigja sjer menn og hesta að eins hreppa á milli, heldur leigir þá fyrir alla ferðina. Það er nú eðlilegast, að þessu ferðalagi sje líkt hagað, þótt þurfamenn eigi í hlut, eins og aðrir landsmenn haga sínum ferðum.

Auk þessa er það næsta ómannúðlegt, einkum ef munaðarlaus börn eiga í hlut, að láta þau hrekjast einmana á meðal ókunnugs fólks. Það getur haft afar-ill áhrif á þau og það svo, að þau bíði þess eigi bætur um langan tíma, enda hafa menn líka heyrt ýmsar ófagrar sögur af þessum flutningum.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefi jeg leyft mjer að koma með þetta frumv., þar sem gjört er ráð fyrir, að lögreglustjóri gjöri ráðstafanir fyrir flutningnum alla leið. Þetta er aðalatriðið í frumv., en hitt, er snertir kostnaðinn við flutninginn, skoða jeg sem aukaatriði. Eptir opnu brjefi 17. apríl 1868 á að jafna kostnaðinn niður á alla hreppana, sem þurfamaðurinn er fluttur um, en mjer fannst eðlilegra að hann væri, eins og annar þurfamannastyrkur, borgaður af framfærslusveit þurfamannsins. Jeg skal játa, að þessi kostnaður gæti í einstökum tilfellum orðið ærið mikill og nokkuð tilfinnanlegur, enda hjeldi jeg ekki þessari breytingu fast fram, ef mönnum sýnist rjettara að jafna kostnaðinum niður líkt og nú er gert.

Sighvatur Árnason: Það er ljóst, að þetta frumv. á að koma í staðinn fyrir 8. gr. fátækrareglugjörðarinnar frá 1834, en mjer finnst þó talsvert vanta á til þess, að frumv. tæmi þessa grein reglugjörðarinnar fullkomlega. Jeg skal sjerstaklega leyfa mjer að benda á 2 nauðsynleg atriði, sem tekin eru fram í ofannefndri grein, en sem ekki eru tekin fram í þessu frumv.

Annað er um flutning þurfamanna, þar sem 2. gr. reglugjörðarinnar bendir á að flytja þá ekki um hávetur, því annars er ekki nauðsynleg varúð viðhöfð, sem er í alla staði ómissandi bæði vegna barna og gamalmenna og heilsuveikra manna yfir höfuð.

Hitt atriðið er um sektir fyrir ótilhlýðilega meðferð fátæklinganna meðan á flutningnum stendur.

Í reglugjörðinni (8. gr.) eru ákveðnar sektir 2 til 10 ríkisb.dalir fyrir ótilhlýðilega meðferð á fátækum á ferðalaginu, en í frumv. eru engin sekta ákvæði nefnd á nafn, sem jeg álít þó að þurfi að vera.

En aðalbreytingin liggur þó í ákvæðunum um kostnaðinn við flutning þurfamannanna. Eptir fátækrareglugjörðinni frá 8. jan. 1834 er sveitum þeim, sem fátækraflutningur skeður um, gjört að skyldu að láta í tje fararbeina og flutning allan ókeypis. Þessu er svo breytt með opnu brjefi 17. apr. 1868, í þá átt, að sje þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, þá skal hver sýsla um sig eða sýslufjelag borga þann kostnað, sem af því leiðir. En síðan skal jafna kostnaðinum, sem kemur á sýsluna, niður á sveitirnar. Þetta ákvæði opna brjefsins er mjög eðlilegt, nefnilega, að hvert sýslufjelag beri annars byrði í þessu efni, enda veit jeg eigi til, að menn sjeu óánægðir yfir því. En eptir frumv. á allur kostnaður við flutninginn að dembast á framfærsluhreppinn, sem getur þá með því móti í ýmsum tilfellum orðið óbærilegur einum hreppi. Jeg fyrir mitt leyti vil helzt ekki breyta þessu ákvæði opna brjefsins, en ef því væri breytt á annað borð, á þann hátt sem frumv. fer fram á, að flutningskostnaðurinn hvíli á framfærsluhreppnum, þá vil jeg gera það þannig, að framfærsluhreppnum gefist kostur á að sækja þurfamanninn. Þetta mundi að vísu stundum verða

mjög kostnaðarsamt, en samt sem áður mundi það verða í mörgum tilfellum hentugra og kostnaðarminna heldur en að uppfylla þá reikninga, sem aðrir kynnu að gefa fyrir slíkan flutning. Jeg get því ekki verið með þessu frv. nema máske ef því væri breytt í þessa átt.

Halldór Daníelsson: Mjer finnst frv., þetta ekki miða til neinna verulegra bóta á fátækralöggjöfinni. En eins og h. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram væri það kannske ekki illa til fallið að gefa framfærsluhrepp þurfalingsins kost á að sækja hann, ef hann vill. Þegar um langan veg er að ræða, eins og t. d. norðan af Langanesi og suður á Suðurnes, þá verður það afarmikill kostnaður fyrir hreppinn. Komið getur það og fyrir að þurfamenn sjeu sendir hingað frá Danmörku, og samkv. brjefi dómsmálastjórnarinnar 9. marz 1869 á kostnaður sá sem leiðir af flutningi þurfamanna hingað til lands að greiðast af framfærslusveit þurfamannsins. Í kring um 1870 var t. d. sendur þurfamaður frá Kaupmannahöfn til norðurlandsins og þar eð fátækur hreppur átti í hlut og kostnaðurinn mjög mikill, þá held jeg að svo hafi farið á endanum, að kostnaðurinn hafi allur verði greiddur úr amtssjóði. Að því er snertir flutning þurfamanna að öðru leyti, þá ætti að kveða skýrt á um það, að aldrei væri farið með þá neina krókavegi, og þar sem jeg þekki til er það orðin föst venja, að ef hreppstjórinn býr langt úr þjóðbraut, þá er einhverjum bónda, sem býr sem næst þjóðvegi, falið að taka á móti þurfamönnum og flytja þá sem allra beinasta leið, og þeir að eins fluttir á vori eða sumri.

Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á að 3. manna nefnd sje sett í málið.

ATKV.GR.: Samþ. með 14 atkv. að skipa nefnd í málið og í hana kosnir:

Ólafur Briem með 20 atkv.
Sighv. Árnason 9 —
Guðl. Guðmundsson 7 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumvarp til laga um breyting á lög um 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 30. 71); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Eins og h. þingdeildarmenn sjá, þá fer nefndarálitið ekki fram á neinar breytingar á frv. Ef ekki koma fram í dag neinar sjerlegar mótbárur gegn frv., þá ætla jeg að geyma framsögu þá, sem jeg hef að flytja í málinu, til 2. umr., þar eð jeg sje að umræðurnar ætla að verða nokkuð langar í dag.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20. samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um millilandanefnd í fátækramálefnum (C. 53.); fyrri umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fátækralöggjöf vor er nú öll í molum. Fátækrareglugjörðin frá 18. jan. 1834 er nú að mörgu leyti úr lögum numin, eða tekin upp í önnur lög, svo að það er óhætt að fullyrða, að það er ekki allra meðfæri að glöggva sig á því, hvað af henni gildir og hvað ekki, Yfir höfuð finnst mjer brýna nauðsyn bera til að íhuga þennan hluta löggjafarinnar, enda er það ekki jeg einn eða mínir kjósendur, sem hafa hug á því, heldur hefir hinn nýafstaðni Þingvallafundur einmitt farið fram á millilandanefnd í þessum málum. Þetta mál er svo stórvaxið, að ekki er hugsandi að taka það fyrir á einu þingi, því að þótt nefnd væri sett í málið strax í þingbyrjun, þá er ekki til þess ætlandi að sú nefnd geti lokið starfi sínu nógu snemma til þess að lögin gætu orðið

afgreidd frá þinginu. Þetta er það sem vakað hefir fyrir bæði Þingvallafundinum, þingmálafundum, sem hafa óskað málinu hreift í þessa átt, og okkur flutningsmönnum. Jeg man eptir því að milliþinganefndir voru brúkaðar hjer áður á þingi, þegar ræða var um skattamál landsins, landbúnaðarmálið og brauðaskipunarmálið, og mjer er kunnugt um, hvert gagn þessar milliþinganefndir gjörðu, og að nefndarálitin hjálpuðu mjög mikið til undirbúnings og greiddu stórmikið fyrir málunum á þingi, og vil jeg sjerstaklega taka fram í því tilliti álit skattamálanefndarinnar og landbúnaðarnefndarinnar.

Jeg vona því að h. þingd. taki málinu vel og lofi því að ná fram að ganga.

Jón Þórarinsson: Mjer virðist enginn ágreiningur vera um nauðsyn nefndar þessarar, en jeg skal að eins leyfa mjer að beina einni spurningu að h. 1. þm. Rangv. Hvar ætlar hann að gjöra ráð fyrir því fje, sem nefnd þessi á að vinna fyrir, og væri ekki rjettast að gjöra það strax?

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal svara þessu fljótt og greiðlega. Það var ekki af vangá minni, heldur af reynzlu minni í þessu efni, að jeg ekki tók það fram, hvernig kostnaðinn skyldi ákveða, því jeg vissi vel, að hann yrði sjálfsagður, ef nefndin kæmist á laggir. Það var venja, ef mig minnir rjett, þegar slíkar nefndir voru skipaðar hjer á fyrri þingum, að ákveða jafnframt vissa upphæð á fjárlögunum handa nefndinni að vinna fyrir. Þetta var það sem dró mig til þess að láta kostnaðarins ógetið í þingsályktunartillögunni.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg get tekið undir það með h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) að þetta mál sje töluvert á dagskrá í kjördæmunum, og það einmitt í þá átt, að milliþinganefnd sje skipuð til þess að íhuga fátækralöggjöfina. Tvö síðustu árin hefir það verið sampykkt á þingmálafundum í mínu kjördæmi; það kom að vísu til tals að hægt mundi að hrinda málinu áleiðis með minni kostnaði, þannig að stjórnin byggi málið undir og leitaði upplýsinga um það, þar sem heppilegast væri, sjerstaklega hjá embættismönnunum, sem mest afskipti hafa af fátækramálum, og legði málið síðan í frumvarpsformi fyrir þingið. Niðurstaðan varð þó sú, að þessi aðferð, sem hjer er farið fram á, var talin heppilegri, og henni mun jeg veita fylgi mitt; og af þeirri ástæðu tel jeg einnig miður ráðlegt, að á þessu þingi sje verið að koma fram með neinar smábreytingar á fátækralöggjöfinni. En því vil jeg skjóta til h. flutningsm. tillögunnar, hvort þeim sýnist eigi nóg að þriggja manna milliþinganefnd sje skipuð í málinu; mætti þá gjöra ráð fyrir, að einn þeirra væri úr Reykjavík, annar úr nálægum hjeruðum og hinn þriðji úr einhverjum hinna fjarlægari fjórðunga, og er þá eigi að ræða nema um ferðakostnað eins manns. Það er ekkert vafamál, að hjer nærlendis mætti fá 2 færa menn í þessum sökum og gagnkunnuga ástandinu í hinum fjarlægari hjeruðum.

Það er einkum kostnaðurinn, sem jeg horfi í, er jeg bendi á þetta, því að jeg er hræddur um að sumum kunni að vaxa í augum sú fjárupphæð, er nefndinni mun þurfa að ætla, ef í henni eiga að sitja fimm menn og af þeim 4 sinn úr hverjum landsfjórðungi.

Þorlákur Guðmundsson: H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hefir þegar sýnt fram á, að þörf sje á að skipa nefnd þá, sem tillagan fer fram á. Það er hvorttveggja, að verið getur að stjórnina vanti vilja til að leggja fyrir þingið slíkt frv., sem nefndinni er ætlað að undirbúa, enda

líka að hana skorti algerlega kunnugleik til þess, og þinginu sjálfu er auðsjáanlega ofvaxið á þeim stutta tíma, sem það hefir yfir að ráða, að semja slíkt frv. svo í lagi sje. Það getur verið álitamál, hvort nefndarmennirnir skuli heldur vera þrír eða fimm; sýnist það fulltryggilegt, að þeir sjeu að eins þrír, þá er auðsýnn sparnaður við það. Fái tillagan framgang, þá má gjöra ráð fyrir, að í fjárlögunum verði áætluð einhver upphæð, til að borga nefndarmönnunum starf sitt með.

Jeg skal geta þess, að jeg var ekki allskostar samdóma meðflutn.m. mínum, að því er niðurlag tillögunnar snertir. Jeg gjöri ráð fyrir því að nefndin, ef hún verður skipuð, byggi tillögur sínar á kunnugleik sínum og hagfræðisskýrslum landsins, en jeg hygg að það sje ekki heppilegasti vegurinn að landsstjórnin eigi að skora á viðkomendur að senda nefndinni skýrslur þær sem hún þarfnast; hitt mundi að líkindum heppilegra að skora á landsstjórnina að hafa allar nauðsynlegar skýrslur til taks, þegar á þarf að halda, hinni væntanlegu nefnd til afnota.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætla að eins að minnast á ræðu hins háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.); hann áleit, að tala nefndarmanna mundi verða nægileg, þó þeir væru ekki fleiri en 3, og taldi þeirri tölu það til gildis, að kostnaðurinn yrði minni. Jeg fyrir mitt leyti tel það miklu tryggilegra, að þeir sjeu 5 en 3; það má segja þar, að betur sjái augu en auga. Hjer er um stórmál að ræða, og veitir sannlega ekki af fleirum en 2—3 til að undirbúa það. Þó held jeg því ekki stranglega fram, að nefndarmennirnir skuli endilega vera 5, og jeg mundi greiða atkvæði með því, að þeir væru ekki nema þrír, ef jeg sæi, að nefndarkosningin mundi ekki geta gengið fram að öðrum kosti. Jeg álít nauðsyn, að helzt sje einn maður úr hverjum landsfjórðungi í nefndinni, því að þó einstöku menn sjeu vel kunnugir í fleirum en einum fjórðungi, þá má gjöra ráð fyrir, að hver sje allra kunnugastur í sínum eigin landsfjórðungi.

Klemens Jónsson: Jeg er samdóma þeim, sem tekið hafa vel í tillögu þessa, að því leyti, að jeg fellst á, að millibinga nefnd sje skipuð. Eins og h. deild er kunnugt, kom svipuð tillaga þessari fram á þinginu 1893; þegar tillagan kom til neðri deildar, þá leyfði jeg mjer ásamt fleiri h. þingd.m., að koma fram með þá breyt.till. við hana, eins og hún hafði verið samþykkt í h. Ed., að fellt væri í burt það ákvæði úr henni, að nefndin ætti einnig að íhuga sveitarstjórnarlögin. Jeg veit ekki til, að nein sjerleg óánægja sje meðal þjóðarinnar með sveitarstjórnarlögin. Aptur á móti veit jeg, að menn óska þess, að fátækralöggjöfin sje endurskoðuð. Af þessu og af því að jeg veit, að nefndin hefir ærið nóg að starfa við að endurskoða fátækralöggjöfina eina, þá hef jeg ásett mjer að koma með þá breyt.till. til annarar umræðu einnig nú, að orðin »sveitarstjórnar —og« sjeu felld úr tillögunni.

Jeg gjöri ráð fyrir, að h. flutningsmenn tillögunnar hafi athugað gang málsins á þingi 1893, en þótt svo áríðandi að taka sveitastjórnarlöggjöfina með, að þeir hafa tekið hana upp í tillögu sína nú, þótt h. Nd. 1893 vildi hafa nefndina undanþegna að endurskoða hana.

Viðvíkjandi tölu nefndarmannanna er það að segja, að sparnaðarins vegna er það gott, að þeir sjeu fáir; en eigi fæ jeg sjeð, að þrír menn geti komizt yfir svo mikið verk, sem nefndinni er ætlað að inna af hendi. Í sjálfu sjer væri æskilegt, að nefndarmenn væru

sem flestir, en af því að ekki mun þykja tiltækilegt, að þeir sjeu fleiri en fimm, þá mun jeg greiða atkvæði með þeirri nefndarmannatölu.

Ólafur Briem: Jeg fyrir mitt leyti get ekki aðhyllzt skoðanir h. deildarmanna, sem talað hafa, og jeg etast um, að hin fyrirhugaða nefnd muni geta náð tilgangi sínum. Eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, þá er minni þörf á, að endurskoða sveitastjórnarlögin; þau eru tiltölulega ný og nokkurn veginn í heild. Jeg get tekið undir með h. þingm. Eyf. (Kl. J.), að jeg hef ekki heyrt miklar umkvartanir yfir þeim. En að því er fátækralöggjöfina snertir, þá álít jeg það heppilegra, að þingið lagi hana smám saman, án þess að umsteypa henni allri í einu. Það er breytingatími nú, og ýmsar breytingar á fátækratilskipuninni frá 8. jan. 1834 eru nýlegar og enn ekki farnar að sýna sig í framkvæmdinni. Það eru einlægt að koma nýjar skýringar á vafasömum atriðum í fátækralöggjöfinni; skal jeg þar minna á úrskurðina í Stjórnartíðindunum. Jeg hygg það vera ráðlegra, að bíða enn um stund með algjörða endurskoðun fátækrareglugjörðarinnar, og lofa hinum nýju lögum að sýna sig fyrst dálítið í framkvæmdinni. Því álít jeg ekki brýna þörf á nefnd nú, og ætla að ekkert sje í húfi, þótt það sje dregið fáein ár að skipa hana. Jeg get samsinnt því, að það sje óviðkunnanlegt, að fátækralöggjöfin sje í mörgu lagi; en það þarf ekki að skipa sjerstaka nefnd til þess að kippa því í lag. Það þarf ekki annað en að veita dálítið fje á fjárlögunum til þess að semja leiðarvísi, þar sem fátækralöggjöfin sje dregin saman í eitt, ásamt skýringum yfir hana og úrskurðum þeim sem kveðnir hafa verið upp um einstök atriði hennar.

Þar sem nefnd sú sem tillagan fer fram á að skipuð sje, hlýtur að hafa töluverðan kostnað í för með sjer, og jeg af annari hálfu get ekki sjeð, að nein knýjandi ástæða sje til, að skipa hana að svo stöddu, þá mun jeg ekki greiða atkvæði með tillögunni.

Halldór Daníelsson: Það mun satt vera, að almenningur sje nokkurn veginn ánægður með sveitastjórnarlögin sjálf; en hitt er miður þægilegt, hve þau eru á víð og dreif; mjer hefir talizt svo til, að þau væru í 8 köflum, og eru nöfnin á sumum þeirra hálf-skrítin, t. d. lög 15. febr. 1895 um breytingu á 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breytingu á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Það gjörir að vísu minna til um nöfnin, en hitt gjörir lögin nokkuð marg-brotin, að þau eru í svo mörgum hlutum; og það er ekki ætlun mín, að nefndin gjöri neina stór-breytingu á sveitastjórnarlögunum, heldur að hún gjöri úr þeim einn samanhangandi lagabálk. Þetta ætla jeg að sje ekki svo mikið verk fyrir nefndina, að hún geti ekki bætt því á sig, en þó gott fyrir þingið, að hún taki þar ómak af því. En um fátækralöggjöfina er það að segja, að þar villast jafnvel útvaldir. Hinir sífelldu úrskurðir sýna bezt, hve mörg vafa-atriði þar koma fyrir, og væri æskilegt, að fá þeim sem fyrst fækkað. En mjer er nú svarað því, að þessir úrskurðir muni ávallt hljóta að eiga sjer stað; það er nú svo, enn þó hygg jeg að nefndin gæti gjört ráð fyrir mörgu af því er hinir gengnu úrskurðir ræða um, og þá væri þó býsna mikið unnið.

Jeg mun ekki gjöra tölu nefndarmannanna að kappsmáli; þó álít jeg heppilegra, að þeir sjeu 5 en 3.

ATKV.GR.: 1. liður till. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. liður till. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Tillögunni vísað til síðari umræðu með 16 samhlj. atkv.

Till. til þingsályktunar um hin lægri menntamál (C. 54); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Eins og h. deild er kunnugt, þá er nú fyrir h. Ed. mjög merkilegt frumv. um menntamál, frumv. um fyrirkomulag hins lærða skóla, og um gagngjörða breyting á honum, og er til hennar stofnað af stjórnarinnar hálfu. Það er annars einkennilegt, að svo má segja, að öll afskipti stjórnarinnar af uppfræðingu landsmanna beinist að hinum æðri menntamálum, en því nær ekki að hinum svokölluðu lægri menntamálum. Þetta út af fyrir sig ætti einmitt að vera hvöt fyrir þingið til þess, að gefa þeim sjerstakan gaum. Það eru að eins fá ár síðan að þingið viðurkenndi það í verki, að það teldi skyldu sína, að sjá þessum málum borgið, með því að leggja fram fje til barnamenntunar. Þessi fjárupphæð var upprunalega smá og er það að vísu enn. Það lítur út fyrir, að landsmenn sjeu yfir höfuð mjög ánægðir með fjárveiting þessa, og að hún hafi komið að góðu gagni; þó er ekki þar með sagt, að sú kennsla, sem fengizt hefir fyrir fje þetta, hafi orðið að því gagni, sem hún hefði getað orðið.

Fje þetta hefir verið veitt til að styðja umgangskennslu og barnaskóla. Hvað umgangskennsluna snertir, þá mun full ástæða til að íhuga hana og skilyrðin fyrir henni, þessi skilyrði, sem hjá oss koma í staðinn fyrir menntamálalög annara menntaþjóða. Það er alls ekki víst, að þessi skilyrði sjeu öll svo úr garði gjörð, sem nokkurra ára reynsla nú hefir sýnt oss, að þau ættu að vera, enda mun sumum þeirra vera beitt nokkuð á annan veg en þingið líklega hefir upprunalega ætlazt til. Það mundi sömuleiðis fróðlegt fyrir þingið, að kynna sjer nokkuð kennsluskýrslur þær, sem gefnar hafa verið undanfarin ár; það er ekki ólíklegt, að af þeim geti það orðið margvísara um menntaástandið nú. Þá gæti verið gagnlegt að taka til yfirvegunar ýmsar nýjungar, sem farið er að brydda á, t. d. barnaprófin; það getur ef til vill verið tilefni fyrir þingið, að hlutast til um það, að þau komist í fastara og ákveðnara horf.

Að því er föstu skólana snertir, þá er og ástæða fyrir þingið, að gefa gaum að þeim. Það eru gagnlegar stofnanir fyrir hvert land, en um leið of dýrar og dýrmætar til þess, að þingið geti látið sig litlu skipta, hvort kennslan í þeim fer í handaskolum eða ekki. Það er þörf á að athuga, hvort ekki sjeu ráð til að tryggja sjer nokkurn veginn, að við þá sjeu góðir kennarar, sem eigi kost á, að kenna með viðunanlegum kennsluáhöldum og í viðunanlegum kennslustofum. Það er almennt álitið nauðsynlegt, að ákveðið loptrúm sje handa hverjum nemanda í skólaherberginu, og settar nokkurn veginn fastar reglur um það af hálfu hins opinbera, en vjer erum ekki komnir svo langt; hjer má í raun og veru hrúga svo mörgum, sem vera skal, í sama herbergið, svo að loptið í því verði banvænt.

Skólabörnin eiga þó að lifa töluverðan hluta af hverjum degi í skólahúsinu allan skólatímann, og hann nær yfir all-langan tíma af árinu. Það liggur því í augum uppi, hve skaðleg áhrif það muni hafa á heilsu barnanna, að sitja þar í marg-spilltu lopti. Jeg hef nefnt þetta sem dæmi upp á, í hverju skólahúsunum er víða áfátt; en það er næsta margt annað athugavert við gerð þeirra, og væri all-líklegt, að hægt væri að kippa skólahúsabyggingum hjer í lag, ef haganlegar teikningar af skóla-

húsum væru fengnar til að fara eptir. Viðvíkjandi öðrum útbúnaði á skólahúsunum skal jeg sjerstaklega nefna kennsluáhöldin. Mjer er það kunnugt, að sumir skólar hafa hjer um bil engin slík áhöld, aðrir eru aptur nokkuð betur búnir út með þau. Það munu þó flestir játa, sem til þekkja, að harla nauðsynlegt sje, að skólar hafi sem mest og bezt kennsluáhöld, og þó jafnframt með sem minnstum kostnaði. Það liggur nærri, að rjett mundi að gjöra þeim skólum, sem styrks njóta af landsfje, að skyldu, að eiga ákveðin kennsluáhöld; slíkt tíðkast víða, og eigi þarf að fara lengra í kröfunum en svo að skólinn geti vel risið undir.

Það hafa verið gjörð þau ákvæði, að hver skóli skuli hafa reglugjörð, samþykkta af stiptsyfirvöldunum. Engin föst ákvæði eru til um, hvað í þessum reglugjörðum skuli vera; þær munu því vera á marga vegu, ein hafa þetta, önnur hitt. Þessar reglugjörðir gæti verið ástæða til að rannsaka, og draga saman í eina heild það sem bezt þætti, og búa til einskonar reglugjörðarform, auðvitað þó ekki fast form, að svo stöddu, heldur að eins leiðbeiningarform. Um stjórn þessara skóla er það að segja, að það er lítið um eptirlit af hálfu hins opinbera; stiptsyfirvöldin hafa yfirstjórn kennslumálanna á hendi; þau finna ekki skyldu hjá sjer til þess, að hafa nákvæmt eptirlit með þeim, enda er slíkt ekki all-auðvelt fyrir þau, og vita þau því lítið um barnaskóla og umgangskennslu annað en það, sem af hinum árlegu skýrslum má ráða.

Af öllu þessu, sem jeg hef drepið á, sýnist mjer það ljóst, að hjer sje töluvert verkefni fyrir hendi handa nefnd. Það er margt að athuga við hin lægri kennslumál; þar er flest í bernsku enn, og jeg efast ekki um, að nefnd geti fundið ráð til að kippa einhverju í betra horf en nú er.

Viðvíkjandi kennurunum sjálfum er og margt að athuga; skal jeg nefna þar til ráðning þeirra og uppsögn. Þeir eru ráðnir alveg eins og daglaunamenn, og sveitastjórnirnar álíta það ekki einu sinni skyldu sína, að segja þeim upp vistinni; en það er að mörgu leyti næsta óheppilegt, að þeir sjeu svo lausir í sessi. Jeg þekki dæmi til þess, að gengið var þegjandi fram hjá kennara, sem búinn var að þjóna vel og dyggilega í allmörg ár, og það var gjört af því, að sveitarstjórnin var hrædd um, að hann kynni að verða sveitlægur hjá sjer; var þó maðurinn bæði ókvæntur og fullvinnandi, en hún hafði komizt á snoðir um, að holdsveiki byggi í ætt hans, og var hrædd um, að hún kynni að koma líka fram í honum, og þótti svo ráðlegast að byrgja brunninn áður en barnið væri dottið ofan í hann.

Þá eru kennaralaunin; mörgum finnast þau helzt til lág, og væri það æskilegt, að nefndin leitaði ráða til að fá þau hækkuð; þess meiri von er til þess, að nýtir og áhugamiklir menn veljist til kennarastarfsins, ef launin eru lífvænleg, en vitanlega er gagn kennslunnar að mestu undir kennaranum komið, svo að sannlega sýnist nokkuð leggjandi í sölurnar til þess, að reyna að fá hann sem beztan.

Af því að jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði skipuð, sýnist mjer ekki ástæða til að fara lengra út í málið nú; enda gefst tækifæri til að ræða þetta mjög svo áríðandi mál rækilegar, þegar nefndin hefir lokið starfi sínu og lagt tillögur sínar fyrir deildina.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. í einu hljóði, og í hana kosnir þessir:

Jón Þórarinsson með 20 atkv.
Jens Pálsson — 14 —

Ólafur Briem með 11 atkv.
Einar Jónsson — 10 —
Þórhallur Bjarnarson — 9 —

Tillaga til þingsályktunar um ferðir landpóstanna (C. 68); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Ein umræða samþykkt.

Þrettándi fundur, þriðjudag 16. júlí kl. 12. Allir á fundi nema þm. Dal. (Jens Pálsson), er var sjúkur, og 1. þm. Árn. (Tr. Gunnarsson), er tilkynnt hafði forföll.

Forseti gat þess, að lagt yrði fram á lestrarsalinn:

1. Bænarskrá frá stud. mag. Helga Jónssyni í Kaupmannahöfn um styrk til gróðrarrannsókna á Íslandi.
2. Bænarskrá um að mannvirkjafræðingur verði látinn skoða ströndina frá Ölfusá að Loptsstöðum.

Frv. til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum (C. 69); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og h. þingdeild sjer, þá hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að fella þetta frv. Þetta álit nefndarinnar er ekki sprottið af því, að nefndin álíti þetta mál óþarft eða ónauðsynlegt, því að hún kannast fyllilega við, að ráðstafanir í þá átt, að koma holdsveikum mönnum úr sambandi við heilbrigt fólk sjeu bráðnauðsynlegar, og að bezta ráðið til þess sje, að koma þeim á spítala. En eins og h. þingdeild sjer af nefndarálitinu, þá hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að þingsályktunartillögur þær, sem nefndin hefir samþykkt og ræður h. þingdeild til að fallast á, muni að svo stöddu koma málinu á sem beztan rekspöl. Aðalástæða nefndarinnar gegn frv. var sú, að mál þetta væri hvergi nærri nægilega undirbúið.

Hin fyrsta spurning, sem fyrir verður, er um slíka stofnun er að ræða, er sú, hve stór spítalinn eigi að vera. En stærð spítalans verður að fara eptir fjölda þeirra sjúklinga, sem á honum eiga að vera. Fyrr hjeldu menn, að holdsveikin væri í rjenun hjer á landi, en eptir síðustu rannsóknum er ekki útlit fyrir að svo sje. Þeir, sem mest hafa fengizt við holdsveikisrannsóknir hjer á landi, hafa heldur eigi getað komizt að neinni fastri niðurstöðu um það, hve margir holdsveikir menn væru á öllu landinu. Dr. Ehlers telur þá 140, en Schierbeck landlæknir heldur þá nær 200. Mönnum ber þannig fyrst og fremst eigi saman um, hve margir sjúklingar í heild sinni sjeu á landinu, og því síður vita menn nokkuð um það, hve margir af þeim sjúklingum, sem hjer eru, mundu nota spítalann eða hversu margir eru á því stigi sjúkdómsins, sem gjörir þeim spítalavist nauðsynlega. Jeg tel sjálfsagt, að allir þeir holdsveikissjúklingar, sem njóta sveitarstyrks, mundu verða settir á spítalann, en hve margir þeir eru, er með öllu ókunnugt, þar eð allar skýrslur vantar þar að lútandi. En fyrst og fremst þyrfti þó spítalinn að vera svo stór, að allir þeir holdsveikissjúklingar, sem njóta sveitarstyrks, kæmust fyrir á honum, og auk þeirra nokkrir aðrir, er búast mætti við, að sæktu hann.

Auk þessa er allt fyrirkomulag spítalans lítt undirbúið eða nær því alveg óundirbúið, og meðan menn ekki hafa nákvæmar ákvarðanir um stærð og fyrirkomulag hans er eigi hægt að ætla neina vissa fjárupphæð til byggingarinnar.

Schierbeck landlæknir hefir aptan við athugasemdirnar við frv., ritað grein

um það, hvernig hann hafi hugsað sjer fyrirkomulag slíkrar stofnunar, og gjört áætlun um kostnað þann er hún hefði í för með sjer. Það er álit nefndarinnar, að þessi áætlun Schierbecks sje eintómt handahóf. Hann gjörir þar ráð fyrir að spítalinn eigi að rúma 60 sjúklinga, en stærð sú á spítalabyggingunni, sem hann gjörir ráð fyrir, er að áliti nefndarinnar enganveginn nægileg fyrir svo marga menn. Það má búast við því, að fyrst í stað verði sú skoðun ríkjandi hjá almenningi, að spítalanum sje ætlað að vera lækningastofnun fyrir holdsveika menn, og fyrir því munu holdsveikir fyrstu árin verða ótrauðir á að leggjast inn á spítalann. En eptir því sem það vitnast og það fer að koma í ljós, að slíkur spítali er ekki og getur ekki eptir eðli sínu verið lækningastofnun holdsveikinnar, heldur aðhjúkrunarstofnun holdsveikra manna, þá munu menn ófúsir á að fara þangað, nema þeir fái þar betri aðhjúkrun og meiri þægindi en heima hjá sjer. En með þessu kytru-fyrirkomulagi Schierbecks verður slíku ekki viðkomið. Jeg skal að þessu sinni ekki fara frekar út í þetta, en að eins geta þess, að nefndin álítur, að þessari áætlun Schierbecks sje ekki mikið að treysta.

Ennfremur er ekkert getið um í frv., hvar spítalinn eigi að vera, og ekkert talað um, hvort kaupa skuli handa honum jörð eða ekki, nje hvort þar eigi að vera nokkur sjerstakur læknir eða ekki. Í stuttu máli virðist málið vera í flestu óundirbúið, enda viðurkennir stjórnin þetta sjálf óbeinlínis í athugasemdunum við frv.

Sem sagt, þá ræður nefndin til að fella frv., en enganveginn af því, að hún vilji málinu illa; þvert á móti. Mál þetta verður að hafa framgang á sínum tíma, enda hefir það veður verið gjört af því nú á síðustu tímum að ekki er gott hjá því að komast, en þótt alls ekki væri svo, þá er sjúkdómurinn í sjálfu sjer svo hryllilegur og svo hræðilegur, að sjálfsagt er að gjöra það sem unnt er til að stemma stigu fyrir honum og sporna við útbreiðslu hans. Það er því af einlægum áhuga á því, að mál þetta fái sem heppilegastan enda, að nefndin ræður til, að það sje vel og rækilega búið undir næsta þing.

Landshöfðingi: Eins og kunnugt er, þá hefir allmikið verið rætt og ritað um að sporna við útbreiðslu holdsveikinnar hjer á landi nú á síðustu tímum. Stjórnin áleit því, að hún kæmi í móti vilja landsmanna, ef hún kæmi með frv. í þessa átt, en eins og sjest af nefndarálitinu, þá álítur nefndin undirbúning málsins svo ófullkominn, að allan grundvöll vanti, sem byggt yrði ofan á. Jeg get nú ekki fullkomlega fallizt á þær ástæður, sem nefndin færir fyrir tillögum sínum.

Fyrsta ástæðan er sú, að eigi sje nægilega kunn tala holdsveikra manna hjer á landi, en það álítur nefndin nauðsynlegt til þess að slík stofnun geti komizt á fót. Þótt menn nú ekki viti nákvæmar en nú, hve stór tala hinna holdsveiku er, þá má með allmikilli vissu gjöra ráð fyrir að hún sje á milli 140 og 200, og það virðist nægilegt til þess, að geta gjört sjer ljósa nauðsynina á, að stofnaður sje spítali fyrir að minnsta kosti 60 sjúklinga. Það mætti gjöra ráð fyrir að á spítalann kæmi hjer um bil $^1/_3$ eða $^1/_4$ af öllum holdsveikum mönnum á landinu, eins og á sjer stað í Noregi, og þá er spítalastofnun sú, sem ráðgjörð er í frv., hæfilega stór. Jeg sje ekki, að menn geti ætlazt til, að stofnaður sje spítali, er veiti viðtöku öllum holdsveikissjúklingum á landinu, og þótt menn vildu koma slíkri stofnun á fót, þá álít jeg

það heppilegast hjer sem annarsstaðar að byrja smátt og færa sig svo upp á skaptið með tímanum.

Eins og sjá má af frv., þá gjörir stjórnin ráð fyrir, að byggt sje hús, er hafi rúm fyrir 60 sjúklinga eða hjer um bil þriðjung allra holdsveikra manna á landinu. Þetta álítur stjórnin góða byrjun, og þótt húsið seinna kynni að reynast of lítið, þá mætti allt af bæta úr því með því að byggja húsið þannig í fyrstunni að hægt væri að bæta við það.

Mjer finnst það áhorfsmál, hvort það sje forsvaranlegt að fresta þessu mikilvæga máli í 2 ár til, eigi svo mjög vegna yfirvofandi hættu fyrir landið, er stafi af sóttnæmi veikinnar, heldur af því að hinir holdsveiku eiga heimtingu á að eitthvað sje gjört í þessu efni. Þótt þeir eigi hafi lagalega kröfu til fjár á hendur fjárveitingarvaldinu, þá eiga þeir þó siðferðislega heimtingu á að eitthvað sje bætt úr kjörum þeirra, sjerstaklega þeir sem eru á sveit, því að það er nú sannarlega aumt líf, sem margir þeirra hafa.

Hvað þar næst snertir hina aðra mótbáru, að uppdrátturinn af húsinu og áætlunin um kostnaðinn við að byggja það og við rekstur stofnunarinnar sje mjög svo ófullkomin, þá getur það vel verið, að áætlun þessi reynist ekki svo áreiðanleg, sem æskilegt væri, en sje svo, að þingið geti bent á galla á áætluninni, þá er því innan handar að breyta frv. og laga gallana. Það var einmitt tilgangur stjórnarinnar að gefa þinginu kost á að koma fram með upp-ástungur sínar í þessu efni. Það sem h. framsögum. sagði um, að ekkert væri tiltekið hvar spítalinn ætti að vera, þá er það ekki alveg rjett, því í frumv. stendur, að ætlazt sje til, að hann yrði reistur í nánd við Reykjavík, og stæði undir yfirumsjón læknis í Reykjavík. Áætlun þá sem landlæknir Schierbeck hefir búið til mun hann hafa samið eptir upplýsingum, sem hann hefir fengið frá Noregi, og mun óhætt að leggja það til grundvallar fyrir byggunni.

Nefndin býst við að talning hinna holdsveiku muni verða búin fyrir þing 1897, en stjórnin álítur, að eigi muni ganga til þess minni tími en 3 ár, og ef svo er, þá getur stjórnin eigi lagt frv. fyrir alþing 1897 með nægilegum upplýsingum. Jeg skal ekki mæla á móti því sem hinn h. framsögum. sagði, að málið væri eigi nægilega undirbúið, en stjórnin áleit að það væri ábyrgðarhluti að draga það lengur, með því líka að mikill áhugi er vaknaður hjá landsmönnum á málinu. En ef h. deild fellst á tillögur nefndarinnar um að fella frumv., þá verður hún að bera alla ábyrgðina, ef óánægja kemur í ljós út af því, að málinu hafi verið frestað enn um óákveðinn tíma.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að segja fáein orð í viðbót við það sem h. framsögum. (Þ. Th.) tók fram, og til að svara ræðu hæstv. landsh.

Hæstv. landsh. tók það fram, að það gæti verið hættulegt að fresta málinu. Oss nefndarmönnum er það og fullljóst, að nauðsyn er að gjöra eitthvað, og að gjöra það sem fyrst að kostur er á. En eptir því sem á stendur, finnst nefndinni ekki vera tiltækilegt að ráða málinu til lykta að svo stöddu, eða leggja til, að fje væri lagt fram til spítalabygingar þegar á þessu þingi. Hæstv. landsh. tók það fram, að spítali sá, sem gjört væri ráð fyrir í stjórnarfrumv., væri góð byrjun. Getur verið að svo sje, en það getur orðið helzt til dýrt fyrir landssjóð, ef hann reynist of lítill, svo að bráðlega þurfi annaðhvort að byggja við hann eða byggja annan spí-

tala í viðbót við hann. Mjer dettur ekki í hug að skella skuldinni á stjórnina, þó að málið sje ekki betur undirbúið frá hennar hálfu en það er; það er eðlilegt, þótt hún hafi ekki haft föng á að búa það betur undir en hún hefir gjört; tíminn er svo stuttur, sem hún hefir getað haft til þess.

Mjer heyrðist á hæstv. landsh. að hann gjörði ráð fyrir að spítala læknirinn byggi í Reykjavík; en landlæknirinn aptur á móti gjörir ráð fyrir að hann búi á spítalanum sjálfum (*Landsh.*: Jeg gjörði ráð fyrir að læknir sá, sem yfirumsjónina hefði, byggi í Reykjavík). Í áætlun landlæknisins eru spítala læknínum ætlaðar 1000 kr. í árslaun, og honum ætlað eitt herbergi til íbúðar í spítalanum. En hvernig geta menn hugsað sjer að hægt sje að fá góðan lækni fyrir þau laun? Það sýnist liggja í augum uppi, að sami læknirinn muni ekki vera við það, nema stuttan tíma, en fara undir eins burt, þegar eitthvað býðst betra. Eptir húsnæðinu, sem honum er ætlað, hlýtur hann að vera einhleypur, og hlýtur hann því að leita burt frá spítalanum, jafnskjótt sem hann verður heimilisfaðir. En nú væri það einkargott, að sami maður væri sem lengst við spítalann, svo að honum gæti gefizt sem beztur kostur á að kynna sjer holdsveikina og rannsaka hana. Þetta er viðurkennt annarstaðar. Þá sýnist borgunin til brytans sett mjög af handahófi; honum eru í áætluninni ákveðnar 1000 kr., og af þessu fje á hann að taka til þess að halda allt þjónustufólk við spítalann og launa því. Þetta sýnist fjarri lagi; en hjer mun vera fólginn fiskur undir steini. Spítalahaldarinn á líklega að græða svo mikið á því að selja sjúklingum fæði, að hann geti náð sjer niðri. Það er ætlazt til að fæðið sje 80 aurar fyrir mann á dag. Á hjúkrunarstofnunum í Noregi er það 37 aurar á dag, og má þó búast við að það geti verið fullt svo ódýrt hjer. Á spítölum í Kaupmannahöfn, þar sem matvæli eru vitanlega miklu dýrari en hjer, komast menn þó af með 71 eyri á dag. Þetta sýnir eitt með öðru, af hve miklu handahófi áætlunin er gjörð, og hve lítið á henni er að byggja.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að talningu hinna holdsveiku mundi ekki lokið á skemmri tíma en 3 árum, nema ef til þess yrði veitt sjerstakt fje, þá held jeg að nær væri að veita dálítið fje, ef nauðsynlegt þykir, til þess að ljúka af talningunni sem fyrst, en að ráðast í að byggja ónógt hús, eða á óheppilegum stað. Dr. Ehlers hefir tekið það skýrt fram, að allir þeir 146 holdveikissjúklingar, sem hann hefir skoðað, hafi haft veikina «í slæmri mynd». Ef það er rjett, þá mundi hinn áætlaði spítali verða of lítill; en væri það ekki rjett, þá væri hraparlegt að hafa byggt of stórt hús, af því að byggt hefði verið á miður áreiðanlegum skýrslum. Þá er það mjög hæpið, að hægt sje að byggja fullnægjandi spítala fyrir 50,000 kr. Eptir áliti mjög fróðra manna í þeim efnum, sem jeg hefi átt tal við, mun hann varla verða byggður fyrir minna en 70,000 kr. Mjer finnst það sem fyrst sje að gjöra, sje það, að fá áreiðanlega skýrslu frá manni, sem kynnt hafi sjer samskonar stofnanir erlendis. Stjórnin ætlast líka auðsjáanlega til þess, þar sem hún gjörir ráð fyrir að maður sje sendur til Noregs. En það er of seint að fá þessa skýrslu ekki fyr en eptir að búið er að veita fjeð; það gæti reynzt alveg ónóg, þegar til kæmi, og hverju væri stjórnin bættari, ef sú upphæð, sem þingið hefði veitt, reyndist einum 20,000 kr. of lág? Et það frv. yrði samþykkt, sem nefndin hefir samið, þá virðist

hættan eigi mikil, þótt spítalabyggingin dragist 2—3 árum lengur en ella, því að varla má búast við að hún verði fullgjör fyr en 1898—99. Vjer vonum, að flestir geti áttað sig á því, að ekki sje ráðlegt að leggja út í spítalastofnun eins og nú stendur, og jeg vona að landstjórnin gjöri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að hraða talningu hinna holdsveiku, og yfir höfuð til þess að búa málið sem bezt undir, svo að það geti orðið tekið fyrir og leitt til lykta á næsta þingi. Það sýnist ekki brýn þörf á því, að talningin sje svo nákvæm, að læknir fari heim á hvert einasta heimili á landinu; hún virðist geta verið allnákvæm án þess.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að koma fram með fáeinar almennar athugasemdir um mál þetta. Jeg er samdóma h. nefnd um það, að heppilegra sje að fresta málinu, ekki einungis vegna þess að það hefir ekki fengið hinn æskilegasta undirbúning, heldur líka af því, að jeg álít heppilegt, að því sje ekki ráðið til lykta á meðan æsing sú, sem vakin hefir verið út af sjúkdómnum, stendur yfir. Vjer vitum það, að það er sjerstaklega einn maður, sem harðlega heldur fram sóttnæmi sjúkdómsins; en jeg get ekki sjeð, að það sje vísindalega sannað af honum enn, enda hefir hann þar merka lækna á móti sjer. Að vísu getur það verið á rökum byggt, að sjúkdómurinn sje sóttnæmur, en það getur líka verið bóla, sem bráðum hjaðnar. Yfir höfuð er ekki heppilegt að ráða stórmálum til lykta, meðan eins stendur á og hjer.

Hæstv. landsh. tók það fram, að holdsveikir menn, sem af sveit þiggja, ættu siðferðislegan rjett á allmiklu fje úr landssjóði. Jeg hefi meira að segja heyrt þessa kenningu áður, heyrt því haldið fram að þeir ættu lagalegan rjett á að fá 144,000 kr. af landsfje, með vöxtum og vaxtavöxtum um langan tíma, og að »opt hefði verið farið í mál fyrir minna«. Svo langt fór hæstv. landsh. þó ekki, hann taldi það að eins siðferðislegan rjett þessara aumingja að þeir fengju að njóta arðsins af spítalaeignunum, læknasjóðnum, og spítalagjaldinu forna. Spítalaeignirnar eru bið eina af þessu, sem vjer getum sagt, að þeir hafi siðferðislegan rjett til; til hins hafa þeir ekki einu sinni svo mikinn rjett. En með því að læknaskipunin hefir verið stórum bætt, hefir landssjóður fullnægt siðferðisskyldum sínum gagnvart holdsveikum mönnum, því að þeir njóta á ýmsan veg góðs af því að læknaskipunin hefir tekið þeim bótum, sem hún hefir tekið. Spítalaeignirnar mundu og ná skammt til þess að koma á fót fyrir þær spítala, svo í nokkru lagi væri. Jeg sje ekki heldur neinn verulegan mun á rjetti holdsveikra manna og annara, sem þjást af hættulegum sjúkdómum t. d. brjóstveiki (tuberculose), veiki sem allir játa að sje sóttnæm. Hið sama er að segja um geðveikina; geðveikir menn eiga engan veginn við góðan kost að búa hjer á landi, og mun því þó ekki verða neitað, að það sje skylda hins opinbera, að líta eptir þeim og meðferð á þeim. Það er margt fleira, sem líkt stendur á með, og sem er þjóðfjelaginu til skaða og jafnvel til skammar, hve lítill gaumur því er gefinn, þrátt fyrir það, þótt það eigi alveg eins mikinn rjett á sjer frá social-pólitisku og siðferðislegu sjónarmiði sem þetta mál, og jeg tel stjórninni liggja það alveg eins nærri að taka það upp á sína arma eins og holdsveikismálið. En jeg skil mjög vel þau atvik, sem nú hafa leitt sjórnina til að gefa holdsveikismálinu sjerstakan gaum. Það er þessi sending, sem vjer fengum í fyrra

sumar; hún hefir hleypt upp slíkum blástri, að stjórnin hefir talið það skyldu. Annars er það optar, að slík mál, sem hafa sjerstaklega fengið vind í seglin fyrir ofmikið gaspur, það er optar að þau komi frá þingi en stjórn. Jeg get annars ekki gjört mikið úr því sem holdsveikislæknirinn hefir sagt í þessu máli. Mjer finnst framkoma hans í því ekki vera samboðin gætnum vísindamanni. Mig furðar stórum á því, hve fljótur hann var hjer á landi að finna sannanir fyrir sóttnæmi holdsveikinnar, þær sannanir, sem duglegir læknar hafa átt svo örðugt með að finna annarstaðar. Oss er það fullkunnugt, hvílíka erfiðleika skýrsla hans hefir bakað sveitastjórnunum hjer á landi; þó finnst mjer, að vjer eigum ekki fyrir það að hrapa að þessu máli, sem jeg að vísu tel eitt af nauðsynjamálum vorum, en vil að eins ekki að það sje sett fremst þeirra allra. Eins og tekið hefir verið fram, þá er nauðsyn á að athuga spítalastofnunina sem allra bezt áður en lagt er út í hana. Enn er það eitt, sem er á móti því að hrapa að málinu, og það er ágreiningurinn um sóttnæmi holdsveikinnar. Sumir halda því fram, að hún sje sóttnæm, á hvaða stigi sem hún er, aðrir að hún sje það að eins á vissum stigum. Það hlýtur að hafa hina mestu þýðingu fyrir málið, hvað rjettast reynist í þessu.

Hvernig sem á málið er litið, kemur það fram, að hjer er um allt of ótryggan grundvöll að ræða, til þess að eiga að byggja á hann jafndýra byggingu fyrir landssjóð eins og holdsveikraspítalinn hlýtur að verða.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg get ekki skilið í mótbárum h. ldsh., að ónauðsynlegt sje að fá að vita tölu hinna holdsveiku á landinu áður en spítalinn væri settur á stofn. Mjer fyrir mitt leyti finnst full ástæða til að fá að vita slíkt, til þess að vita nokkurnveginn með vissu, hversu spítalinn þyrfti að vera stór. Því það er leiðinlegt, að byggja hann of lítinn í upphafi, svo að allir verði óánægðir með hann, og það er einnig á hinn bóginn leiðinlegt, að byggja hann of stóran og baka sjer þannig óþarfa kostnað. Mjer finnst ekki liggja svo á spítalanum, og holdsveikin er ekki svo bráður sjúkdómur, að þetta megi ekki dragast í 2 ár enn. Nefndin leggur til, að talning hinna holdsveiku verði lokið svo snemma að árangurinn af talningunni verði lagður fyrir þingið 1897. Þar gat hv. landsh. þess að naumast mundi hægt, að ráðstafa talning þessari þannig, að hún færi fram að eins á 2 árum. Jeg skil ekki, hvers vegna þarf svo langan tíma til talningarinnar. Jeg er þvert á móti þeirrar skoðunar, að það gæti haft illar afleiðingar, ef hún stæði yfir langan tíma. Ef talningin ætti að standa yfir mörg ár, segjum 3, 4, 5 ár, þá gæti svo farið, að $^1/_3$ eða jafnvel $^1/_2$ þeirra, sem taldir væru holdsveikir í skýrslum læknanna, væru dauðir, þegar talningunni væri lokið, sem læknarnir vissu ekkert um. Til þess þarf ekki annað en að ýmsar skæðar drepsóttir kæmu upp á því tímabili, svo sem mislingar og þesskyns landfarsóttir, en svo sem kunnugt er, eru allar sóttar mjög banvænar fyrir holdsveika menn. En jeg álít, að við ættum ekki að fara að byggja spítala fyrir dauða menn. Á hinn bóginn gæti og farið svo, að ýmsir menn væru orðnir holdsveikir, þá er talningunni væri lokið, sem læknarnir hefðu ekki tekið í skýrslu sína, og gæti það valdið ónákvæmni á hina hliðina, að fyrir það yrðu færri taldir holdsveikir, en væru það í raun og veru. Jeg get ómögulega skilið í öðru en að læknar ættu að geta lokið talningunni af á styttri tíma en 3 árum, því eptir

því sem læknum fjölgar verður smærra svæðið, sem hver þeirra hefur til umsjónar. Ennfremur þekkja þeir læknar, er nokkurn tíma hafa verið í embættum, flesta fullorðna menn í umdæmi sínu, svo þeir ættu ekki að þurfa langan tíma til að telja hina holdsveiku, og hvað hina ungu lækna snertir, þá má vænta þess, að þeir mundu álíta mál þetta svo mikilsvert, að þeir mundu naumast telja eptir sjer dálítinn aukakrók vegna þess. Jeg verð því að halda fast við tillögur nefndarinnar og vona að h. þingdeild verði með því eindregið, að talningunni verði lokið í tæka tíð, svo að hún verði lögð fyrir næsta þing. Að öðru leyti skal jeg skrifa undir það með hæstv. landsh., að hinir holdsveiku hafa mannúðar og siðferðiskröfur hjá þjóðinni, og því beri að ljetta af þeim byrðinni svo fljótt og svo vel sem unnt er.

Hvað viðvíkur ræðu h. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.), þá er jeg honum þakklátur fyrir, að hann vill vera með nefndinni í því að fella frumv. þetta nú, en mjer virtist hann vildi fara nokkuð lengra en við nefndarmennirnir, og skildist mjer svo, sem hann vildi kveða niður allt þetta spítalamál fyrir fullt og allt. En þótt svo sje, eins og hann sagði, að nauðsyn væri að geta komið hjer upp vitfirringa spítala og láta rannsaka »tubercolose« og fl., þá er ekki rjett að hætta við allt, leggja alveg árar í bát, þó að maður sjái að margt sje ógjört, heldur verður, þegar margt er að gjöra, að byrja fyrst á því, sem nauðsynlegast er, og taka svo hitt á eptir.

Jeg get ekki leitt hjá mjer, að minnast á það, sem sami h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) sagði um einn heiðvirðan embættisbróður minn, og mótmæli jeg orðum hans fastlega, að því er þennan mann snertir, og jeg gjöri það því fremur, sem jeg veit, að hann hefir gjört allt það af góðum vilja, sem hann hefir gjört hjer á landi í þarfir holdsveikinnar, en alls ekki af neinum illum hvötum; og þó hann líti kannske nokkuð öðrum augum en vjer á ýmislegt hjer á landi, þá getum vjer ekki annað en virt þann vilja, »energi« og krapt, sem hann hefir lagt fram til að hrinda þessu máli áfram, sem flestir ef ekki allir álíta, að nauðsyn sje fyrir þjóðina, nefnilega að útrýma holdsveikinni hjer at landi.

Í nefndarálitinu er þess getið, að nefndinni hefði ekki borizt uppdráttur af spítala þeim, sem landlæknir Schierbeck gjörir áætlun um, en nefndin hefir nú í byrjun þessa fundar fengið uppdrátt þenna frá hæstv. landsh. Þessi uppdráttur kom með skipinu »Botnia« í gær, en mjer virðist, að á honum sje lítið að græða. Hann er að eins af 1. og 2. »etage« og gefur hann engar aðrar upplýsingar en þær sem standa í athugasemdunum við frumv.

Að endingu skal jeg leyfa mjer að gjöra nokkrar leiðbeinandi athugasemdir um þessa spítalabyggingu, sem stjórnin gæti þá tekið tillit til, ef henni svo sýndist, þegar hún lætur af nýju gjöra uppdrátt yfir hinn fyrirhugaða spítala.

Jeg álít þessa spítalabygging, sem hjer er farið fram á að byggja, vera alls ónóga, og hafa allt of lítið rúm fyrir þann sjúklinga fjölda, sem landlæknir Schierbeck gjörir ráð fyrir. Þegar 60 sjúklingar eru komnir á spítala þennan, þá er ekkert herbergi handa þeim til að koma saman í; þeir verða að vinna, matast og sofa í sama herberginu, það er rjett eins og verið væri að búa til íslenzka baðstofu. Ef byggja ætti spítala eptir kröfum tímans, þyrfti hann að vera svo stór, að sjerstök herbergi væri

fyrir vinnustofur, borðstofur og svefnherbergi. Svo er ennfremur ekkert ráð gjört fyrir, hvað eigi að gjöra við þá, sem verða sjúkir, eptir að spítalinn er orðinn fullur. Þeir eiga líklega alltaf að dúsa í sömu stofunni og hinir. En þetta virðist ekki rjett, og vjer ættum ekki að láta það spyrjast um oss, að vjer hefðum látið reisa spítala með slíku fyrirkomulagi á því herrans ári 1890 og eitthvað. Reyndar má ef til vill koma sjúklingunum upp á hanabjálkalopt, en það mun þó vera ógjörningur. En það er ekki í þessu tilliti einu, sem spítalinn er ónógur. Brytanum eru að eins ætluð 2 herbergi; eldhúsið á að vera niður í kjallara, en þar á líka að vera hús fyrir eldivið, þvottahús og laugahús, svo hætt er við, að eitthvað af þessu verði lítið, ef það á allt að komast fyrir þar. Þá eiga vinnukonurnar að búa upp á hanabjálkalopti, en jeg er hræddur um, að þær kunni einhvern tíma að verða þreyttar af öllum þeim stigagangi, af að fara opt og bera á milli neðan úr kjallara upp á 2. »etage« eða upp á hanabjálkalopt. Lækninum er ætlað að eins 1 herbergi, ekki gjört ráð fyrir neinu útihúsi og svona er allt. Jeg tek þetta fram að eins til þess að sýna, að jeg að minnsta kosti, og mjer er óhætt að segja nefndin í heild sinni, er ekki ánægð með áætlun þá og uppdrátt, sem fylgir frv. stjórnarinnar, og gjörir stærri kröfur til góðs spítala en hjer er gjört.

Einar Jónsson: Jeg vil þegar taka það fram, að jeg er mjög meðmæltur því, að stofnaður verði hjer á landi spítali fyrir holdsveika menn. Jeg spyr ekkert um það, hvort þeir eigi heimting á því, sakir spítalaeignanna eða læknasjóðsins, er nú er runnið inn í landssjóð. Jeg spyr heldur ekki um það, hvort aðrir sjúkdómar eigi sjer stað, er gjöri sjerstaka spítala æskilega. Jeg þarf eigi annað að vita en það, hvort hjer er að ræða um þá meinsemd í þjóðfjelaginu, er brýna nauðsyn beri til að ráða bót á. Og jeg er ekki í neinum vafa um að holdsveikin sje það. Og þá er einnig sjálfsagt, að ganga alvarlega að því að útrýma henni, enda þótt önnur hættuleg mein sje líka til. En þó að jeg þannig sje fyllilega meðmæltur spítalastofnun, þá verð jeg þó að vera á máli nefndarinnar, að allt sje ekki svo undirbúið sem skyldi, og að því muni rjettast, þótt illt sje, að fresta að sinni spítalastofnuninni. Hvað undirbúninginn snertir, vil jeg leggja mikla áherzlu á eitt atriði, nefnilega það, að áður en spítali er stofnaður sje hinir holdsveiku taldir nákvæmlega af læknum, og eigi að eins taldir, heldur gefi þeir einnig nákvæma skýrslu um, hversu margir sjúklingar hafi veikina á því stigi, að þá beri að flytja á spítalann, svo að glögglega verði sjeð, hve stór spítalinn þarf að vera. Því að þess ber vel að gæta, að spítalinn þarf einmitt í upphafi að vera svo stór, að hann rúmi alla þá sjúklinga, er þangað er nauðsyn að flytja. Það er víst enginn vafi á því, að mögulegt er að útrýma veikinni, ef rjett er að farið; en til þess að henni verði sem fljótast útrýmt, er undir því komið, að nógu sterklega sje tekið í taumana í fyrstu.

Eptir skýrslum frá Noregi hefir holdsveikum mönnum fækkað þar jafnvel um 1/3 fullan frá því 1856 til 1890, eða á 35 árum, síðan þar var byrjað að gjöra gangskör að því, að uppræta veikina, og hjer ætti að verða hin sama reyndin á, ef nógu öflugt væri gengið að því að uppræta hana. En þó að jeg feginn vilji, að sem fyrst sje hjer tekið til að uppræta veikina, þá virðast mjer ástæður nefndarálitsins

fyrir því að fresta málinu á svo góðum rökum byggðar, eigi að eins hvað talninguna snertir, heldur og ýmislegt annað, að jeg verð að vera á hennar máli. Þó að mjer því þyki illt að spítalinn verður eigi byggður nú þegar, þá álít jeg rjettara að bíða með bygginguna þangað til málið er svo undir búið, að hægt er að gjöra spítalann svo vel úr garði þegar í upphafi, sem þörf er á.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögum. (Þ. Th.) hefir fært góðar og gildar ástæður fyrir tillögum nefndarinnar, en það er á hinn bóginn eðlilegt, að h. landsh. haldi fram frumv. stjórnarinnar. Mjer dettur ekki í hug að ámæla stjórninni fyrir það, þótt undirbúningur þessa máls sje ónógur eptir jafnstuttan tíma, og undir þeim kringumstæðum, sem hjer að liggja. Meðal annars fleira, sem h. framsögum. (Þ. Th.) minntist á, að vantaði í tillögur stjórnarinnar eða undirbúning málsins, var það, að ekki væri gjört ráð fyrir því, hvar spítalinn virkilega ætti að standa. Stjórnin hefir einungis sagt í nánd við Reykjavík, en það eitt út af fyrir sig er svo stórt atriði, að það nægir til þess, að ekki er ráðlegt, að hrapa að stofnun spítalans þegar í stað. Svo sem eðlilegt er, mun vera gjört ráð fyrir búnaði í sambandi við spítalann, sjerstaklega kúabúi, svo sjúklingarnir geti fengið hollara og ódýrra fæði en ella, og ekki þurfi allt beinlínis út að kaupa. En þá er spurningin, hvort búnaður sá sem fylgja á spítalanum á að vera rekinn í stórum eða smáum stíl, og hvort jörðin, þar sem spítalinn ætti að standa, ætti að vera lengra í burt eða hjer í nánd við Reykjavík. Jeg gjöri ráð fyrir að nauðsynlegt sje að komast að fastri niðurstöðu í þessu efni, áður en ráðið er til fullnaðarúrslita með stofnun spítalans. Mjer virðist, að eitt af því sem gera þarf til undirbúnings málinu sje, að stjórnin útvegaði tilboð um hentuga jörð eða jarðir, því það væri heppilegra að þær væru fleiri en ein, svo nokkru væri úr að velja, og tilboð þessi lægju svo fyrir því þingi, sem ætti um málið að fjalla. Því það er mjög óheppilegt fyrir þingið að vita ekki, hvar spítalinn ætti að standa, eða hvort hann þarf mikið land eða lítið. Álít jeg, að hyggilegra væri að undirbúa þetta vel, svo þegar þingið á að fjalla um málið, geti það látið skoða plássið þar sem í ráði væri að setja spítalann á stofn. En þar sem þetta er nú að öllu leyti óundirbúið, álít jeg að það eitt sje nægilegt til þess að fresta málinu. Hjer er um svo stórt málefni að ræða, að ekki er vert að flana að því, og þar sem spítalabyggingin á að verða til frambúðar fyrir þjóðina, virðist ekki annað fært en vanda allt sem að stofnuninni lýtur í fyrstu, svo hún geti orðið að notum fyrir landið, enda þótt holdsveikinni væri að fullu og öllu útrýmt hjer á landi.

ATKV.GR.: Málið fellt frá 2. umr. með 12 atkv. gegn 4.

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C. 66); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál. Nefndarálitið ber sjálft með sjer, hvaða ástæður nefndin hefir haft fyrir breytingum þeim, sem hún ræður til að gera á frv. stjórnarinnar. Aðalástæða nefndarinnar er sú, að nema verður burt allar þær ákvarðanir frumv., er bundnar eru við spítalabygginguna handa holdsveikum mönnum, því nefndin gjörði ráð fyrir, að frumv. um spítalastofnunina yrði fellt á þessu þing

eins og líka nú hefir orðið raunin á. Þó að frumv. stjórnarinnar sje nú bundið því, að spítali sje til í landinu, er flytja megi sjúklingana á, en hjer sje nú ekki því til að dreifa, áleit nefndin þó nauðsynlegt að setja einhverjar reglur um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. Lög, er innihalda reglur, líkar þeim, sem hjer er stungið upp á, eru líka gildandi í Noregi, og nefndin álítur, að ef svona einangrunarreglur hafi þýðingu þar, þá hljóti þær líka að hafa sína þýðingu hjer. Þó nefndin að vísu álíti, að þessar reglur engan veginn sjeu fullnægjandi, þá munu þær þó koma að nokkrum notum, og álítur því rjett, að samþykkja frumv. að því er þessar reglur snertir.

Það er að eins eitt aðalákvæði, sem nefndin hefir leyft sjer að stinga upp á, að bætt verði inn í frv., en sem ekki er gildandi í Noregi. Það er um börn hinna holdsveiku. Nefndin leggur það til, að börn holdsveikra manna, sem eru á sveit, sje allt af tekin af foreldrum sínum og komið til fósturs hjá öðrum, og sömuleiðis, að amtmaður geti undir vissum atvikum látið taka börnin frá öðrum holdsveikum mönnum, þó að þeir ekki njóti sveitarstyrks, og látið ala þau upp annarsstaðar.

Þetta ákvæði álítur nefndin alveg nauðsynlegt, því frá sjónarmiði sóttnæmisútbreiðslunnar er fullt eins áríðandi að aðgreina holdsveika menn frá börnum eins og fullorðnum mönnum, því börn eru jafnvel móttækilegri fyrir sóttnæmi en fullorðnir.

Án þess að orðlengja þetta meir, vona jeg, að frumv. verði vísað til 2. umr.

Landshöfðingi: Það er alveg eðlilegt, eptir því hvernig fór með frumv. um stofnun holdsveikraspítala, að frv. um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, geti ekki komizt í gegn um þingið óbreytt eins og það kom frá stjórninni. Jeg er líka fyllilega samdóma h. framsögum. (Þ. Th.) um það, að nauðsynlegt sje að gjöra einhverjar ráðstafanir til að aðgreina holdsveika menn frá öðrum mönnum þennan millibilstíma, þangað til holdsveikraspítala verður komið upp. En jeg er hræddur um, að eptir landsháttum hjer á landi og húsabyggingum til sveita verði erfitt að einangra þessa menn, svo nokkurt verulegt lið verði að, án spítala.

Jeg hefi ekki þá trú, að mögulegt verði til sveita, að útvega öllum holdsveikum mönnum herbergi út af fyrir sig. Hjer á Suðurlandi munu húsakynni, að minnsta kosti ekki vera svo mikil til sveita, að mögulegt verði að koma þessum mönnum fyrir á þennan hátt, svo forsvaranlegt sje. Því jeg gjöri ráð fyrir, að mönnum þyki það þó hart, að setja þá inn í afskekkt hús, út í skemmur eða klefa, sem ekki verða hitaðir upp. Jeg er þess vegna mjög hræddur um, að þessar reglur verði óframkvæmanlegar. Jeg er feginn því, að umboðsstjórnin á ekki að framkvæma þessi ákvæði, en á hinn bóginn verð jeg að segja það, að jeg vorkenni hjeraðslæknum og aukalæknum, sem eiga að sjá um, að þessum lögum verði hlýtt.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal játa, að þó nefndin hafi sett þessi ákvæði um aðgreining hinna holdsveiku frá þeim, sem heilbrigðir eru, þá bjóst hún ekki við, að þeim gæti orðið framfylgt eins vel eins og æskilegt væri. Samt held jeg, að hæstv. landsh. hafi borið of mikinn kvíðboga fyrir, að þessar reglur yrðu lítt framkvæmanlegar. Mjer er það kunnugt, að í mínu kjördæmi er nú farið að nokkru leyti að aðgreina holdsveika menn á líkan hátt

og hjer er ætlazt til, enda er nú orðið hjer um bil ómögulegt, að koma þessum aumingjum fyrir eins og áður, því holdsveikislæknirinn hefir gjört veikina svo viðbjóðslega og hræðilega í augum almennings, að allir vilja vera lausir við að hafa samneyti við þá. Í mínu kjördæmi er það líka á sumum stöðum, sem búið er að skilja þá frá heilbrigðu fólki, að nokkru leyti, með því að koma þeim niður á þeim bæjum, sem allrafámennast er. Jeg vona, að h. þingd. sjái, að hjer er farið fram á það, sem í framkvæmdinni mun reynast miklu betra og hyggilegra en það ástand sem nú er, og að frumv. nefndarinnar geti orðið til bóta; en eins og framsögum. (Þ. Th.) tók fram, er nefndin einhuga um það, að spítali sje mjög nauðsynlegur, þegar það mál er búið að fá nægan undirbúning.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Hæstv. landsh. álítur þær ráðstafanir, sem hjer er stungið upp á, óframkvæmanlegar, en jeg vil leyfa mjer að benda honum á, að þær verða ekki óframkvæmanlegri en það nú er, að koma holdsveikum mönnum fyrir á heimilum manna. Það eru, eins og kunnugt er, orðin mestu vandræði að koma þeim niður. Það vill enginn nú orðið hafa þá, nema þá fyrir mjög mikla meðgjöf. Hvað liggur þá nær, þegar sveitarstjórnirnar, hvort sem er, verða að leggja mikið fje með hinum holdsveiku, eða er það nokkuð ósanngjarnt, að þær verji nokkru fje til að koma upp forsvaranlegum húsaklefum handa þeim? Því, þó ekki ynnist annað við þetta en það, að hinir sjúku sæfi ekki og mötuðust ekki innan um heilbrigt fólk, þá væri þó talsvert unnið með þessum lögum.

Jeg held að hæstv. landsh. sje ekki svo vorkunnlátur vanalega, að það sje alvarlega meint, að hann vorkenni læknum að sjá um, að þessum lögum verði hlýtt, enda mun ekki verða svo erfitt að fá menn til hlýða þeim, sízt þar sem menn af sjálfsdáðum eru þegar farnir að framkvæma sumt af því, sem hjer er fyrirskipað. Það er þó ekki lakara, að hafa lagaheimild til þess að heimta t. d., að menn láti byggja hús yfir þessa sjúklinga.

Loks skal jeg benda á það, að þó ekki hefðist annað upp úr þessum lögum en það, að börn yrðu vernduð frá að sýkjast af foreldrum sínum, þá gerðu þau þó ekki lítið gagn.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (C. 70); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg skal geta þess, að þessar miklu breytingar, sem nefndin hefir gjört við frumv., eru varla annað en orðabreytingar. Það er svo dauðans ólögulegt mál á frumv. og illa niðurskipað setningunum í því, að nefndin varð að taka sig til að »redigera« það. Efnisbreytingum hefir nefndin ekki stungið upp á að nokkru verulegu, nema alls einni. Það er svo ákveðið í 5. gr. stjórnarfrumv., að maður sá, er skýri hlutaðeigendum frá sóttnæmu sjúkdómstilfelli, skuli, ef hann tekst ferð á hendur í því skyni, er sje lengri en 1 míla fram og aptur, fá sjer greiddan úr sveitarsjóði ferðakostnað. Þetta vill nefndin ekki hafa, því hún álítur hvern mann skyldan til að segja til sóttnæmra sjúkdóma, er hann veit, að þeir eru komnir upp á heimili hans, og álítur það nóga borgun, ef hann og hans heimilisfólk yrði tekið undir opinbera læknismeðferð.

Að öðru leyti vona jeg, að h. þingd. fallist á, að lög í þessa átt sjeu mjög nauðsynleg. Eins og nú stendur, höfum vjer engin fullnægjandi lög um varnir gegn sóttnæmum sjúkdómum, sem koma upp innanlands. Það er að eins til tilskipun 1782, er leggur mönnum dálitlar skyldur á herðar í þessu tilliti. Þannig á sá, sem sótt kemur upp hjá, eptir þessari tilskipun að tilkynna það fyrst sóknarpresti sínum, en hann aptur lækni. Önnur ákvæði eru ekki til um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma en þessi lög, en þau fara í þá átt, að leggja allar ráðstafanir um varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma í hendur sýslumanna og amtmanna; en við þetta frumvarp er það aðalkosturinn, að allt vald í þessu efni er lagt í hendur læknanna, sem geta þegar í stað gjört allar nauðsynlegar einangrunarráðstafanir, en fyrst eptir á fengið samþykki yfirvaldanna til þess, er þeir hafa gjört. Það er með öðrum orðum: hjer er allt öfugt við það, sem áður var, en margfalt heppilegra og eðlilegra.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 27, 75, 76); 3. umr.

Flutningsmaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg vildi að eins með fáum orðum minnast á breyt.till. þær, sem fram eru komnar við frumv.

Að því er snertir breyt till. á þingskjali 75 um, að takmarka álöguvald amtsráða, þannig, að það, sem varið hefur verið á undanförnum árum til gjaldagreina þeirra, er lögin ræða um, skuli ekki koma til greina skattinum til hækkunar, hefi jeg ekkert við að athuga.

Við breyt.till. á þgskj. 76 hefi jeg í sjálfu sjer ekkert að athuga, en af því, að jeg er ekki nógu kunnugur kostnaðinum við notkun fangelsanna, þá vil jeg skjóta því til hæstv. landsh., hvort þessi breyting mundi nokkuð spilla fyrir framgangi frumvarpsins hjá stjórninni, ef hún yrði samþykkt, því sje hætt við því, verð jeg þessari breyt.till. mótfallinn.

Landshöfðingi: Kostnaður sá, sem hjer ræðir um, er svo lítill, að jeg skil ekki, að hann út af fyrir sig geti haft neina þýðingu fyrir afdrif málsins. Kostnaðurinn, sem ræðir um í 1. gr., við kennslu, útbúnað og flutning heyrnar- og málleysingja, er aðalatriðið. Jeg held, að þegar lögin um fangelsin voru samin, þá hafi það verið af gleymsku, að ekki var ákveðið um leið, að kostnaðurinn við notkun þeirra skyldi greiðast úr landssjóði; það virðist því mjög fjarri því, að þetta ákvæði geti spillt fyrir málinu.

Jón Jensson: H. flutningsm. þessa frumv. (Guðl. Guðm.) minntist í ræðu sinni á breyt.til. á þingskj. 75, sem er undirskrifuð af mjer og 5 öðrum h. þingm., og gat hann þess, að hann mundi ekki setja sig upp á móti henni, og álít jeg því enga þörf að fara um hana mörgum orðum henni til varnar. Jeg skal að eins geta þess, að jeg var í fyrra móti máli þessu af þeirri ástæðu, að mjer virtist óþarfi að rýmka fjárveitingarvald amtsráðanna, með því að gefa þeim frjálsara vald til að verja eptir geðþótta sínum því fje, sem þau leggja á þann sjerstaka gjaldstofn, sem hjer er um að ræða, nefnilega lausafjeð. En nú hefi jeg hugsað mjer, að slá varnaglann við því með breyt.till., að þetta geti orðið, þótt frumv. næði fram að ganga, enda virðist mjer það vera fullkomlega í anda frumv., eptir því sem fram hefir komið í umræðunum um það nú og í fyrra, og einnig í

sjálfsögðu samræmi við sveitarstjórnartilskipunina (56. gr.), að færa niður takmörkin á því, hvað skattaálögur til jafnaðarsjóðanna mega hæstar vera, að sama skapi sem frumv. þetta ljettir gjöldum af jafnaðarsjóðunum.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 76, 1. liður, samþ. með 18 samhlj. atkv., 2. og 3. liður samþ. án atkv.greiðslu. Breyt.till. á þingskj. 75, 1. liður, samþ. með 19 samhlj. atkv., 2. liður samþ. án atkv.gr. Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 15 atkv. gegn 1, og sent forseta efri deildar.

Tillaga til þingsdlyktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka aðgjörðir landsstjórnarinnar í hinu svo nefnda Skúlamáli (C. 81); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Fjórtándi fundur, miðvikudaginn 17. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema Jens Pálsson, sem var veikur.

Forseti gat þess, að fram yrði lagt á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá formanni stjórnar kvennaskólans á Laugalandi um styrk handa tjeðum skóla.
2. Bænarskrá frá cand. phil. Ólafi Davíðssyni í Kaupmannahöfn um styrk til að semja íslenzka bókmenntasögu.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (C. 65); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 16 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 30, 71, 87); 2. umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Sú krafa frumv., að söfnuðir fái að kjósa um alla umsækjendur brauða, sem vígðir eru og komnir í prestsstöðu, er orðin all-gömul; hún hefir verið fyrir þinginu síðan 1881. Eptir að hún hafði komið fram á tveim þingum, mætti stjórnin þinginu á miðri leið með frv., sem hún lagði fyrir þingið 1885; aðalefni þess frumv. var samþykkt á því þingi og eru það nú prestakosningarlögin frá 8. jan. 1886. Þessi eðlilega krafa safnaðanna, að mega óskorað kjósa presta sína, hefir síðan komið fram með vaxandi krapti, og 1893 var lagt fyrir þingið og samþykkt frumv. þess efnis, og nú á þessu þingi hefur frumv. aptur komið fram í sömu mynd; og hefir nefndin ekki viljað víkja frá því, hvorki að efni nje orðfæri. Það er í rauninni óþarfi að fara mörgum orðum um ástæður nefndarinnar fyrir frumv.; hún hefir all-rækilega gjört grein fyrir þeim í nefndarálitinu, um leið og hún hefir gengið inn á helztu mótbárur stjórnarinnar gegn því, að staðfesta lögin. Sumar af þessum mótbárum stjórnarinnar má og lesa í Stjórnartíðindunum 1882 (B. bls. 118), er synjað var hinu fyrsta frumv. þingsins um prestskosningar, en allra rækilegast eru þær þó teknar fram í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumv. sínu 1885. Í nefndarálitinu er sýnt fram á það, að valdið sje þegar tekið frá kirkjustjórninni; þar sem að eins sækja tveir um brauð, og, í flestum tilfellum, þar sem ekki sækja fleiri en þrír, þá hefir söfnuðurinn heimild til að velja um þá báða eða alla 3, og þarf ekki meira um það.

Hvað því viðvíkur, að rjett og eðlilegt sje, að ríkið hafi afskipti af veitingu brauða, af því að það leggi svo mikið

fje fram til kirkjunnar þarfa, þá er og þess að gæta, að það er þó ekki nema að eins lítill hluti af prestalaununum sem ríkið eða landssjóður greiðir beint frá sjer, því að fasteignir kirkjunnar tel jeg kirkjunnar eign, sem ríkið er að eins fjárhaldsmaður yfir, og ríkið leggur fram fje til annara stofnana án þess, að áskilja sjer jafnan rjett til að skipa starfsmenn við þær.

Þá er það ein ástæðan gegn því, að söfnuðir fái að kjósa um alla umsækjendur, að á sumum brauðum hvíli mikil peninga-ábyrgð, og að það sje nauðsynlegt fyrir landsstjórnina að geta haft hönd í bagga með, hver slík brauð hreppi. En þar sem svo stendur á, að peningakvaðir eru mjög þungar, er ekki líklegt, að margir verði umsækjendur, svo að það er óvíst, að það geti komið til landstjórnarinnar kasta, að geta stuðlað að því, að sá fengi brauðið, er henni þætti líklegastur til að trúa fyrir þeninga-ábyrgðinni. Þá er það ein af ástæðunum, að prestar hafi svo mörg borgaraleg störf á hendi, að landstjórnin verði fyrir þá sök að hlutast til um skipun þeirra. En fyrir því sýnist þó verða að gjöra ráð, að hver maður, sem prestvígslu hefir náð, muni geta leyst þessi störf viðunanlega af hendi; þau eru ekki margbrotnari eða vandasamari en svo.

Þegar góð brauð losna, þá eru þess dæmi, að áköf agitation byrjar, og menn binda sig, áður en þeir vita, hverjir um brauðið muni sækja, til þess að biðja um þennan eða þennan inn á kjörskrá. Þetta fjelli í burtu um leið og söfnuðunum gæfist kostur á, að kjósa um alla umsækjendur.

Loks gæti það verið ein ástæða gegn frumv., sem hefir nokkuð til síns máls, að slíkt fyrirkomulag á ekki vel heima nema í fríkirkju; en jeg segi, að slík prestskosningarlög, sem vjer höfum nú, eigi líka bezt þar heima. Með þeim er svo langt farið í fríkirkju-áttina, að eiginlega liggur ekki annað fyrir, en að halda áfram; og jeg skoða þetta sem einn mikilvægan undirbúningslið undir aðskilnað ríkis og kirkju; en, eins og h. þingd. mun kunnugt, fylgi jeg því máli af alhuga.

Eitt væri þó sem hefði getað gjört mig dálítið hikandi við að fá frumv. þessu nú þegar framgengt: það, að með því væri eldri prestum órjettur gjör, og þeir með því sviptir forrjettindum þeim, sem þeir hingað til hafa að nokkru leyti notið til prestsembætta. Það hefir verið talið lögunum frá 1886 til gildis, að með þeim geti kirkjustjórnin verndað þessi forrjettindi eldri prestanna. En þegar jeg sje, að kirkjustjórnin virðist vera hætt að vernda þessi forrjettindi eldri presta, þá segi jeg, að það sje eins gott, að breyta lögunum strax í þá átt, sem frumv. fer fram á.

Jeg sje að hjer er komin fram breytingartill. frá h. 1. þm. Gullbr.- og Kj. (Þ. Th.), sem fer fram á það, að helmingur greiddra atkvæða nægi til lögmætrar kosningar. Ákvæðið um $^2/_3$ kom fram í h. Ed. á þinginu 1893, og var tekið gilt og gott í þessari deild; og jeg get lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún heldur fast við þetta ákvæði; því að meining hennar er sú, að söfnuðurinn verði töluvert að sameina sig um einn mann, eigi hann að vera einráður um veitinguna.

Það má eins vel segja, að frumv. þetta fari að vissu leyti í apturhaldsáttina eins og í framhaldsstefnu. Það má búast við því, að verði það að lögum, þá muni jafnvel fleiri brauð eptir en áður komast undir veitingu kirkjustjórnarinnar. Gott og vel. Ef söfnuður getur ekki svo eindregið sameinað sig um einn mann, sem þarf eptir ákvæð-

um frumv. til þess, að kosning geti orðið lögmæt, þá tel jeg veitinguna eins vel komna hjá kirkjustjórninni eins og hjá söfnuðinum. Því vil jeg halda fast við ákvæðið um $^2/_3$; það er líka fyrirsjáanlegt, að það mundi verða ágreiningsatriði við h. Ed., að fara að breyta til með það.

Á meðan ekki koma fram mótbárur móti frumv., hefi jeg ekki fleira um það að segja.

Þórður Thoroddsen: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þingskj. 87 um, að í staðinn fyrir $^2/_3$ kjósenda skuli koma $^1/_3$. Jeg ímynda mjer, að það sje vilji flytjenda frumv. þessa og annara meðmælenda þess, að söfnuðir fái að kjósa um alla umsækjendur, þeir vilji, að söfnuðirnir hafi yfir höfuð sem mest frelsi við prestskosningar, og vilji reyna að tryggja það sem bezt, að hver söfnuður fái þann prest, sem hann vill helzt. En jeg efast um að þetta frumv. veiti söfnuðunum meira frelsi, meiri rjett, eða að söfnuðirnir fái fremur óskir sínar uppfylltar en við hin núgildandi kosningarlög. Hjer er frelsisgjöfin svo takmörkuð, að í raun rjettri er það tekið aptur með annari hendinni, sem gefið er með hinni.

Mönnum er að vísu gefinn kostur á, að kjósa um alla umsækjendur, en um leið er ákveðið, að þurfi $^2/_3$ atkvæða þeirra, sem greidd eru á lögmætum fundi til þess, að kosningin sje gild. Þetta ákvæði álít jeg, að geti orðið til þess, að söfnuðurinn í flestum tilfellum fái ekki að njóta rjettar síns, heldur verði kosningin ólögmæt, og svo verði það kirkjustjórnin, sem brauðin veitir; en slíkt gengur beint á móti óskum þjóðarinnar.

Jeg skal ekki segja neitt um það, hvort það sje heppilegt í sjálfu sjer eða ekki, að kirkjustjórnin fái að veita brauðin eða ekki; um slíkt má ræða bæði með og mót; en víst er það að með því er valdið tekið úr höndum safnaðanna, en þeir hafa einmitt óskað að hafa það sem mest óskorið.

Hvað viðvíkur, að betri trygging fáist fyrir því, að söfnuður fái þann prest, sem honum sje mest að skapi, þá efast jeg um, að svo muni reynast. Það hefir verið fundið að prestakosningalögunum 8. jan. 1886, að þau gefi tilefni til, að of mikil æsing vilji vakna í söfnuðum, þegar um prestskosningu er að ræða, og að vinátta og persónulegur kunningsskapur vilji ráða helzt til miklu um það, hver brauðið hljóti. En jeg sje ekki, að ákvæðið um $^2/_3$ geti haft þá verkun, að drepa niður æsingar; jeg ímynda mjer, að það verði fremur til að örfa þær, því að við þess meiri örðugleika, sem er að stríða, því meiru afli verður að beita til að yfirvinna þá, og því meira kapp í frammi að hafa, ef menn á annað borð vilja því beita.

Jeg ímynda mjer, að þetta ákvæði verði til þess, að minnka kjörfrelsi safnaðanna, án þess þó að lækna þær meinsemdir, sem menn ætla sjeu eða sem máske eru samfara hinu núverandi kosningafyrirkomulagi; líklega fremur til að auka þær.

Þessar eru ástæðurnar fyrir því, að jeg hef komið fram með breytingartillögu mína.

Framsögumaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Jeg hefi skilið það svo, að kröfur manna í máli þessu sjeu einkum þær, að fá að kjósa um alla umsækjendur, en menn hafi aldrei látið sjer vaxa í augum, þótt frumv. fari fram á, að $^2/_3$ allra greiddra atkvæða útheimtist til löglegrar kosningar. Það er þó aldrei nema $^1/_3$ kjósenda, sem útheimtist til þess,

að prestur verði löglega kjörinn, og verði ekki 1/3 kjósendanna ásáttur um einn mann, þá segi jeg fyrir mig, að mjer þykir betra, að ráðin sjeu hjá kirkjustjórninni.

Viðvíkjandi æsingum þeim, sem h. 1. þm. K.- og Gullbr. (Þ. Th.) talaði um, að komið gæti fyrir til þess, að koma sjerstökum umsækjanda að, þá geta þær komið fyrir, hvort sem umsækjendurnir eru fleiri eða færri. En eptir því, sem um fleiri er að velja og fleiri flokkar koma upp, því minni líkur hefir hver flokkur, að fá nægilegt atkvæðamagn, nema samkomulag verði milli 2 eða fleiri flokka um að sameina sig um einn. Þetta ákvæði frumv. er einmitt hin bezta hvöt fyrir söfnuðinn, að vera sem bezt á einu bandi, til þess ekki að láta allt valdið í hendur kirkjustjórninni.

Annars má maður ekki vera allt of hræddur við þessar svokölluðu æsingar; það er náttúrlegt, að komi nokkuð kapp í slíkar kosningar, eins og aðrar kosningar. Jeg vil annars heldur við hafa orðið »agitation«, því að það orð felur ekkert illt í sjer, en »æsingar« fela allt af heldur illt í sjer. Allir eru samdóma um, að fordæma ólöglegar og ósiðlegar æsingar; en fjarri er mjer að fordæma kappsfulla agitation af góðum hvötum. Það er ein tegund agitationar, sem því miður ætlar kannske að færast í vöxt hjer á landi, sem jeg tel vítaverða, og það er hin persónulega agitation umsækjenda. Jeg gæti sagt h. þingm. til fróðleiks, að nýlega hefir komið fram yfirlýsing frá kirkjustjórninni í hertogadæmunum Sljesvík og Holstein, þar sem kosning presta hefir lengi átt sjer stað, að kirkjustjórnin dæmdi þá kosning ógilda, þar sem umsækjandi hefði persónulega viðhaft agitation, og til persónulegrar agitationar skyldi enda talið, ef umsækjandi á undan kosningu heimsækti kjósendur á heimilum þeirra, þar sem hann ætti ekki ættingja og vandamenn. Auðvitað er umsækjendum þar frjálst að kynna sig söfnuðinum í kirkjunni á undan kosningum.

Það er einmitt aðalstefna frumv., sem hjer liggur fyrir, að gefa söfnuðunum sem rýmst frelsi, en að þeir verði að gjöra svo vel, að sýna eindreginn vilja, hvern umsækjandanna þeir vilja hafa, og jeg segi fyrir mig, að jeg mundi ekki greiða atkvæði með þessu frumv., ef 1/4 safnaðar gæti ráðið kosningunni.

Vil týr Guðmundsson: Mjer virðist, að enda þótt breyttill. h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) yrði samþ., þá yrði þó frv. þetta töluverð apturför frá núgildandi lögum. En sje fylgt ákvæðum frv., að 2/3 atkvæða skuli útheimtast til þess, að kosning verði lögmæt, þá mundi líklega optast fara svo, að kosningin yrði ekki lögmæt, þar sem þetta getur komið fyrir meðan ekki þarf til þess nema meiri hlut allra greiddra atkvæða. Því kjósendur mundu opt ekki verða á eitt sáttir, heldur skiptast vanalega í 2 eða 3 flokka, en sjaldnast safna sjer um einn prest. Hinsvegar get jeg þó ekki verið með breyttill. h. 1. þm. K.G. (Þ. Th.) með að rýmka kosningarrjettinn, því mjer virðist hún vera of rúm. Jeg vil einmitt halda mjer við lög þau, sem nú gilda um þetta efni, því mjer finnst þau vera nægilega góð, enda er vald veitingarvaldsins fulltakmarkað og rjettur safnaðanna nægilega tryggður með því, að leyfa þeim að kjósa um 3 umsækjendur. Jeg sje ekki ástæðu til að rýmka meir um í þessu efni, því þótt það sje almenn ósk safnaðanna, að mega kjósa um alla umsækjendur, þá sje jeg ekki að þessari ósk þeirra sje nægilega fullnægt með þessum lögum; því, eins og jeg hefi tekið fram, þá mundu þau miklu optar skerða hin núverandi rjettindi safnaðanna heldur en

auka þau, og það mundi miklu optar koma til kasta veitingarvaldsins með veiting prestakalla en nú á sjer stað. Því það er ekki nóg að segja, að ekki þurfi nema 1/3 allra kjósenda til þess, að prestskosningin geti orðið lögmæt, því söfnuðirnir eru sjaldan einhuga í því efni, heldur eru tví- eða þrískiptir að skoðunum og þarf engu áhugaleysi að vera um að kenna, þótt kosningin verði þá eigi lögmæt. Jeg er því algjörlega á móti þessu frv. og breyttill. og tek hin núgildandi lög fram yfir þau.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Í tilefni af þessum síðustu ummælum vil jeg minnast á, að enn er eitt atriði ótalið, sem er til stuðnings því, að hafa nokkuð stórt brot af söfnuðinum til þess að kosning geti orðið lögmæt, eða, eins og hjer er farið fram á, 2/3 greiddra atkvæða.

Í hverri ríkiskirkju hagar svo til, að fleiri eða færri kjósendur leiðast af ókirkjulegum eða miður kirkjulegum hvötum við prestskosningar. Því er öðru vísi varið í fríkirkjunni, því þar geta menn vænzt eptir meira áhuga á safnaðarmálum, þar sem þeir einir eru með, sem vilja vera með.

Enn er önnur ástæða máli þessu til stuðnings, og hún er sú, að ef þingið nú gerði breytingu á því ákvæði, að 2/3 greiddra atkvæða þurfi til lögmætrar kosningar, eins og samþykkt var á þinginu 1893, þá mundi það ekki uppörfa stjórnina til að staðfesta lögin. Jeg treysti því, að þó að stjórnin ef til vill staðfesti ekki þessi lög nú þegar, muni þó ekki líða langur tími áður hún gjörir það, ef þingið heldur þeim fram í sömu föstu stefnu.

Jeg álít það því siðferðislega skyldu þingsins og þessarar deildar sjerstaklega, að halda áfram við þau ákvæði, sem urðu að samkomulagi milli beggja deilda 1893.

Einar Jónsson: Jeg ætla að bæta því við ræðu h. framsm. (Þ. B.), að þar sem mál þetta hefir komið fram á þingmálafundum hafa menn ekki verið óánægðir með frv., heldur óskað að það væri tekið upp í sömu mynd sem á þinginu 1893. Svo var t. d. í kjördæmi mínu, Norður-Múlasýslu, að þar hefir enginn mælt á móti atkvæðakröfunni, heldur hafa menn álitið rjett, að söfnuðirnir yrðu að sýna það með talsverðum atkvæðamun, að þeir vildu fremur einn umsækjanda en annan. Hitt hefir þar á móti verið talið af öllum aðalatriðið, að söfnuðirnir fengju að kjósa um alla umsækjendur.

En sje svo, að skoðanir kjósenda sjeu mjög skiptar, eða þekki menn ekki umsækjendurna, ellegar einhverri æsingu sje beitt, sem gjörir suma óánægða, þá verða menn einmitt ánægðari, ef kosning hefir orðið ólögmæt og kirkjustjórnin veitir brauðið, því að þeir sem þá kynnu að verða óánægðir kasta skuldinni á aðra, og flokkaóvild, sem annars gæti komið upp í söfnuðunum, verður minni eða engin.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal játa að mjer fyrir mitt leyti virðist það nokkuð óskiljanlegt, er menn segja, að þetta frv. sje apturför frá því sem er, þótt breyttill. ekki nái fram að ganga, eða þótt menn verði að ná 2/3 atkv. til þess að kosning verði lögmæt; það er auðsætt, að h. þm. Vestm. (V. G.) stendur einmitt á sama marki, sem lögin, og er það því óskiljanlegra, sem hann var ekki við samning þeirra.

Þegar þetta frv. var samið í efri deild 1893, þá var verið að semja milli tveggja málsaðila, og það var auðsætt, að það var ekki til neins að fara fram á að taka veitingarvaldið algjörlega frá kirkjustjórninni, enda mun það ekki

fullkomin ósk almennings, og engin meining að skilja henni eptir nafnið tómt. Vilji þjóðarinnar í þessu máli er einungis sá, að fá að kjósa um alla umsækjendur, og þegar það er eindreginn vilji í einhverju prestakalli að fá einhvern af umsækjendum fyrir prest, þá álít jeg rjett, að gefa þeim kost á að fá hann, en sje það ekki eindreginn vilji manna að fá neinn vissan mann, þá finnst mjer eins heppilegt að veitingarvaldið ráði úrslitunum. Við skulum taka t. d., að í einu prestakalli eru 80 kosningarbærir menn og af þeim mæta á kjörfundi að eins 41, þá ætti eptir breyttill. kosningin að vera lögmæt, ef 21 af þessum 41 kysu einhvern umsækjanda. En nú gæti vel verið að að hinir 39, sem eigi mættu á fundinum, væru löglega forfallaðir, eins og opt ber við í sveitum, sjerstaklega á sumrin, en fyrir kosningu hefði orðið sá umsækjandi, er þeir sízt vildu hafa, þá yrði hann þó prestur þeirra að lögum, þrátt fyrir það þótt hann hefði mikinn meiri hluta safnaðarins á móti sjer. Það er svo við allar kosningar, að það er stríð á milli tveggja flokka og þá er gott, að sje einhver oddamaður. Það getur vel farið svo t. d., að kirkjustjórnin taki hvorugan þeirra, sem söfnuðurinn hefir barizt um, heldur einhvern annan, og getur það verið verið gott, því að það er miður heppilegt, þegar söfnuðurinn skiptist í 2 flokka.

Ennfremur finnst mjer ekki skynsamlegt, að aðhyllast breyttill. af þeirri ástæðu, að þar sem stjórnin hefir neitað frv. staðfestu, þá er ekki líklegt að hún muni fremur sinna því, ef farið er lengra.

Valtýr Guðmundsson: Jeg sje að jeg verð að skýra það dálítið betur, hvað jeg meinti með, að þetta frv. væri aptur för frá því sem er. Eins og mönnum er kunnugt, þá velur kirkjustjórnin, samkvæmt hinum núgildandi lögum, þrjá af umsækjendum úr og lætur söfnuðinn kjósa um þá. Ef nú þetta frv. sem hjer ræðir um yrði að lögum og söfnuðunum gæfist þannig kostur á, að kjósa um alla umsækjendur, þá er hætt við að atkvæðin skiptust meira og kosningin yrði ólögmæt. Um beztu brauðin mundi sækja fjöldi manna; ef t. a. m. einir 8—10 sæktu um eitt brauð, þá er ekki ólíklegt, að þeir gætu allir fengið nokkurt fylgi og yrði þá kosningin ólögmæt. Þetta mundi koma miklu optar fyrir en nú á sjer stað. Sömuleiðis væri með lögum þessum rjettur allra hinna eldri presta alveg fyrir borð borinn; ungur kapellán t. d. gæti með kunningsskap sínum vel fengið söfnuðinn til að kjósa sig og þannig bolað frá eldri mönnum, sem ef til vill hafa haft miklu meiri verðleika til að bera. Þótt það kunni að vera vilji manna út um landið að fá þessi lög, þá kemur það til af því, að menn eru enn ekki farnir að reyna þau. Það mun sjást, þegar farið er að brúka þau, að kosningin mun sjaldan verða lögmæt og lög þessi þannig beinlínis draga það vald sem söfnuðirnir nú hafa úr höndum þeirra og fá það kirkjustjórninni í hendur. Jeg er því algjörlega á móti þessu frv., eins og jeg hefi tekið fram, í fyrsta lagi af því, að það getur skert rjettindi hinna eldri presta, og í öðru lagi af því að það í reyndinni mundi svipta söfnuðina þeirri hlutt öku, sem þeir nú hafa í veitingu brauða.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Jeg skal leyfa mjer að biðja h þm. Vestm. (V. G.) og aðra h. þingdm. að athuga atkvæðafjöldann, sem greiddur hefir verið við kosningu presta á síðari árum. Það mun þá koma í ljós, að prestar hafa víðast verið kosnir með yfirgnæfandi atkvæðafjölda, svo reynsl-

an staðfestir ekki ótta h. þm. Vestm. (V. G.) fyrir því, að ekki muni fást nægur atkvæðafjöldi, þó umsækjandi verði að fá minnst $^2/_3$ þeirra atkvæða, sem greidd eru. Það hefir sýnt sig við kosningar, t. d. sjerstaklega við þingkosningar, að sveitirnar halda allvel saman, og sameinast gjarna um einn mann, og því heldur ættu menn að bindast samtökum, er þeir vita, hvað er í húfi, ef þeir mæta ekki við kosningu og halda ekki saman.

Ef jeg væri viss um, að kirkjustjórnin varðveitti rjett hinna eldri umsækjenda, þá gæti jeg verið með því, að láta þetta mál bíða, en jeg get ekki betur sjeð, en að kirkjustjórnin í ýmsum tilfellum hiki ekki við að hleypa ungum prestum eða prestaefnum fram hjá prestum, er þjónað hafa embætti í mörg ár og staðið vel í stöðu sinni, sjálfsagt í þeim góða tilgangi að aga sig eptir óskum safnaðanna.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að segja, að jeg skil hreint ekki í »logik« h. þm. Vestm. (V. G.). Hann kvartaði um, að sá galli væri á frumv., að eptir því gætu ungir óreyndir kandídatar orðið teknir fram yfir gamla heiðvirða presta, og er ekki hægt að bera á móti því, að svo geti orðið, en samt fann hann frumv. það til foráttu, að það svipti söfnuðina kosningarrjettinum. Þá sagði hann, að ef 10 sækti um prestsembætti og allir fengi nokkur atkvæði, þá lenti veitingin í höndum kirkjustjórnarinnar. Hann treystir kirkjustjórninni þá verst af öllum og er hræddur um, að ef hún á að veita embættin, þá veiti hún þau fremur ungum mönnum, en gangi fram hjá hinum eldri og reyndari.

Að frumv. svipti söfnuðina kosningarrjettinum, það er hreinasti misskilningur. Það er þá ekki löggjafarvaldið, sem sviptir þá rjettinum, heldur svipta kjósendurnir sjálfa sig rjettinum. Löggjafarvaldið veitir þeim rjett til að kjósa um alla umsækjendur, en þeir eiga þá að sýna, að þeir vilji nota hann.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins gjöra stutta athugasemd út af orðum h. framsögum. (Þórh. Bj.) um rjett hinna eldri presta til að koma til greina við prestskosningar. Mjer fannst það liggja í orðum hans, að kirkjustjórnin ætti einungis að fara eptir embættisaldri prestanna, er um það væri að ræða, að setja umsækjendur á kjörskrá, en jeg ímynda mjer að veitingarvaldið hafi aldrei álitið sjer skylt, að fara einungis eptir árafjölda þeim, sem umsækjendur hafa þjónað embætti, heldur jafnframt eptir því, hvernig þeir hafa staðið í stöðu sinni, og eptir því, hvort líkindi hafi verið til, að þeir mundu geta þjónað vel því embætti, er þeir sóktu um. Það væri t. d. undarlegt, ef kirkjustjórnin ætti að vera skyldug til, að taka til greina umsókn örvasa manns, er sækti um örðugt, en tekjumikið prestsembætti, kannske til þess, að segja svo af sjer þegar er hann hefði fengið embættið. Jeg efast um, að það yrði almennt álitið rjett af kirkjustjórninni, að taka slíkan mann fram yfir yngri umsækjanda. Jeg held að það sje ekki rjett, að bregða veitingarvaldinu um, að það hafi ekki tekið tillit til þess, sem það hefir hugsað, að söfnuðunum kæmi vel, þegar um prestskosningar hefir verið að ræða. Veitingarvaldið gæti vel beitt valdi sínu við prestskosningar þannig, að fáir kjósendur vildu koma á fund; en þá álít jeg að rjetti safnaðanna væri misboðið, ef veitingarvaldið tæki að eins tillit til embættisaldurs umsækjenda.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Það var kannske miður heppilega orðað, að segja, að eldri menn eigi

»rjett« á, að koma til greina við prestskosningar. Það var sjálfgefið, að jeg átti ekki við neinn lagarjett, enda man jeg að jeg bætti því við, að þeir ættu því að eins rjett á því, að þeir, um leið og þeir hefðu þjónað í mörg ár, hefðu staðið vel í stöðu sinni. En það hefir þó verið viðurkennt, að það hefir verið frumregla veitingarvaldsins, að taka sjerstakt tillit til embættisaldursins, og þeir hafa verið álitnir sjerstaklega maklegir að fá hin góðu embættin, sem þjónað hafa hinum rýrari embættum lengi og dyggilega.

Jeg kannast við, að kirkjustjórnin hefir, síðan prestskosningalögin gengu í gildi, tekið töluvert tillit til ágizkaðra óska í söfnuðunum, og það tel jeg einmitt sigurvænlegt fyrir þetta frv., hvað mikils kirkjustjórnin virðir vilja kjósendanna, því að óneitanlega kemur vilji safnaðanna bezt fram, er þeir fá að kjósa um alla umsækjendur.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.; breyt.till. (87) við 2. gr. felld með 15 : 1 atkv.; 2. gr. frv. óbreytt samþ. með 16 : 1 atkv.; 3. gr. frumv. samþ. með 16 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 : 3 atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 62); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. gr. samþ. með samhlj. 17 atkv. — Vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi söknarpresti í Miðgarðaprestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni (C. 63, 80); 2. umr.

Björn Sigfússon: Jeg er einn af þeim, sem komið hafa með breyt.till. (80) við þetta frumv., og sem fer í þá átt að **færa eptirlaunin handa presti þessum** aptur niður í sömu upphæðina, sem stjórnin hafði stungið upp á að veita honum. Jeg álít það verulega ósamkvæmni af sama þinginu, sem er að bisa við að færa eptirlaun embættismanna niður, að koma jafnframt fram með tillögu um að hækka eptirlaun handa manni, sem ekki einu sinni á heimtingu á eptirlaunum, úr því, sem stjórnin sjálf hefir stungið upp á. Það er hlægilegt, að vera að atyrða stjórnina fyrir, að hún haldi dauðahaldi í há eptirlaun þvert á móti vilja þjóðarinnar, en segja svo í hinu orðinu, að stjórnin sje allt of spör á eptirlaununum. Þetta finnst mjer líka því undarlegra, sem jeg get ekki betur sjeð, en að 500 kr. sje mjög sómasamleg viðurkenning handa þessum manni. Jeg kannast við það, að síra Pjetur Guðmundsson sje góðs maklegur af þjóðfjelaginu, hann hefir staðið vel í stöðu sinni og þjónað prestsembætti all-langan tíma, 27 ár, á mjög afskekktri eyju, og sjálfsagt liðið þar meira súrt en sætt með þeim, sem hann var að leiðbeina og uppfræða, og eptir sögn hefir orðið góður árgangur af starfi hans. En jeg sje heldur ekki betur en að honum sje töluverður sómi sýndur, er þingið veitir honum sömu eptirlaunin eins og 50 ára prestum gæti borið, þrátt fyrir það þó hann eigi enga lagaheimting á eptirlaunum.

Þótt þessi breyting, að færa eptirlaunin úr 500 kr. upp í 600 kr., hafi komist fram í h. Ed., þá vona jeg að þessi h. þingd. gjöri sig ekki seka í slíkri ósamkvæmni.

ATKV.GR.: Breyt.till. 80 samþ. með samhlj. 15 atkv. Frumvarpsgr. þannig breytt samþ. með 15 atkv. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 5. gr.

tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 (C. 64); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.; 2. gr. frumv. samþ. með 19 atkv. — Frumv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumv til laga um hvalleifar (C. 86); 1. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um að gjöra samþykktir til að hindra eyðileggingu af vatnaágangi (C. 50, 91); 3. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Þegar til atkvæðagr. kemur um þetta frumv. óska jeg, að breyt.till. á þingskjali 91 verði borinn upp í tvennu lagi. Því víkur nefnilega svo við, að tillögumenn eru horfnir frá síðari lið breyt.till. við 2. gr. frumv. Að því er snertir fyrri lið breyt.till. við 2. gr., þá er hann að eins smábreytingar, er að eins miða til þess, að gjöra frumv.greinina ótvíræðari. Vona jeg því, að h. þingd. samþykki þann lið tillögunnar.

Eins og jeg þegar hefi tekið fram við 1. umr. þessa máls, er því svo varið, að þar sem svo er ástatt, að hætta vofir yfir af vatnaágangi, að þeir, sem vilja leggja fram krapta sína og kostnað til að sporna við eyðileggingunni, fá eigi komið því fram, af því, að aðrir, sem hlut eiga að máli og eru líka undirorpnir sömu hættunni, vilja ekki vera hinum samtaka og bera kostnaðinn með þeim; það er því eigi að furða, þó að þeir, sem vilja sýna rögg af sjer, vilji geta komið á samþykktum, þegar svo er, að minnsta kosti sumstaðar, að stemma má stigu fyrir vatnaáganginum með öflugum samtökum og ekki ókleyfum kostnaði. Af þessu má sjá, hve nauðsynlegt er að fá samþykktarlög, til þess að geta fengið tiltölulegan vinnukrapt frá öllum sem hlut eiga að máli, og að sama skapi tiltölulega fjárskerf, ef á þarf að halda, til þess að geta framkvæmt þau fyrirtæki, sem álítast tiltækileg til að sporna við skaðræðinu. Vildi jeg svo óska, að h. þingd. vildi lofa frumv. að ganga fram. Jeg skil ekki að nein hætta geti verið á því, að lofa frumv. að fá framgang. Það hlýtur að vera öllum meinlaust, sem ekki þurfa að nota það.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. liður við 2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt. till. 2. liður við 2. gr. samþ. með 12 atkv. Viðaukatill. við 2. gr. tekin aptur.; breyt.till. við fyrirsögnina samþ. með 14 samhlj. atkv. Frumv. í heild sinni með áorðinni breytingu samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um ferðir landpóstanna (C. 68); ein umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Það er ekki neitt nýtt þótt lík tillaga komi fram eins og sú, sem hjer liggur fyrir, því árið 1891 kom hjer í deildinni fram tillaga frá fjárlaganefndinni að setja skyldi sjerstaka nefnd í þetta mál. Nú kemur tillaga þessi að vísu ekki frá fjárlaganefndinni í heild sinni, heldur að eins frá 2 mönnum úr henni, og 2 mönnum úr samgöngumálanefndinni. Eins og kunnugt er, hefir fjármálanefndin ærinn starfa að leysa af hendi, og samgöngumálanefndin hefir og ærinn starfa að vinna, og er því heppilegt, að sett væri sjerstök nefnd til þess, að gjöra tillögur um ýmislegt af því, sem að landpóstferðunum lýtur. Ástæðan til þess í þetta skipti er einkum sú, að heyrzt hefir brydda á talsverðri óánægju bæði með áætlunina um ferðir landpóstanna og aukaferðirnar. Mjer er það kunnugt bæði af ræðum við einstaka menn, og þar að auki hefir verið minnzt á það á ýmsum þing-

málafundum, svo sem fundarskýrslurnar bera með sjer, að allmargir óska eptir ýmsum breytingum hvað póstferðirnar snertir, svo sem á því, að fjölgað væri töluvert aukapóstum, og gjörðar væri ýmsar aðrar breytingar. Ennfremur er það almenn ósk á norður- og austurlandi, að aðalpóstferðum væri fjölgað þar líkt og á suður- og austurlandi, því þar sem aðalpóstferðir norðanlands eru ekki nema 14 á ári væri það töluverð framför þó þeim væri að eins fjölgað upp í 16—18 árlega. Ennfremur er áætlunin um ferðir landpóstanna langt frá að fullnægja óskum manna, einkum að því leyti, að þær standa ekki í nægu samræmi við ferðir póstgufuskipanna, sjerstaklega um þann tíma ársins, sem samgöngur eru örðugastar, eða um háveturinn, því það kemur opt fyrir, að brjef og annar póstflutningur verður að hvíla sig í Reykjavík nokkra daga eptir komu póstskipsins. Er slíkt slæmt fyrirkomulag, einkum með miðsvetrarferðinni. Seinast átti þetta sjer stað í vetur þannig, að þó póstgufuskipið ætti að koma til Reykjavíkur 28. jan., átti landpósturinn ekki að fara þaðan fyr en 4.—6. febr., og er slíkt alveg óhafandi fyrirkomulag.

Verksvið nefndar þeirrar, sem hjer er lagt til að sje kosin, ætti að vera: 1. að gjöra tillögur um, hvar æskilegt væri að komið væri á nýjum aukapóstferðum, 2. að gjöra tillögur um fjölgun á aðalpóstferðunum, og 3. að athuga áætlunina um aðalpóstferðir þannig, að þær yrði sniðnar svo eptir þörfum manna, sem auðið væri.

Á þessu stigi málsins álít jeg ekki þörf, að fara hjer um frekari orðum, því jeg álít, að tillaga þessi geti gengið greiðlega.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 19 samhlj. atkv. Kosnir voru:

Klemens Jónsson	með	17 atkv.
Guðjón Guðlaugsson	—	14 —
Einar Jónsson	—	13 —
Þórhallur Bjarnarson	—	13 —
Sighvatur Árnason	—	10 —

Tillaga til þingsdlyktunar viðvíkjandi holdsveikraspítala (C. 69); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 2 umr. og var það samþykkt.

Fimmtándi fundur, fimmtudag 18. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður nema þm. Dal. (Jens Pálsson), sem var veikur.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Salthólmavík við Tjaldnes í Dalasýslu (C. 92); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Það hefir að vísu engin áskorun komið frá þingmálafundum og engin bænarskrá, sem fari fram á að lögleiða verzlunarstað á þessum stað; en mál þetta hefir þó komið til tals fyrir löngu, þótt gleymzt hafi að framfylgja því fyr en nú. En þar á móti hafa mjer og h. þingm. Dal. (J. P.) borizt privatbrjef frá mönnum, sem óska, að mál þetta sje kveikt upp aptur, og erum við flutningsmenn málsins fúsir á að mæla með því sökum þess, að talsverð nauðsyn er, að fá komið upp verzlunarstað á þessum stað. Enn sem komið er, er engin verzlun nálægt Gilsfirði nema í Skarðstöð, en eigandi verzlunarinnar þar er hinn sami og sá, sem á verzlanirnar í Flatey á Breiðafirði og við Steingrímsfjörð í Strandasýslu og verzlanaeigandi þessi hefir þannig nægilegt einveldi á því svæði hvað verzlunina snertir, og virtist því ekki óheppilegt, að hann fengi keppinaut í grennd við sig. Jeg skal fúslega taka það fram, að mál þetta er

meir áríðandi fyrir okkur Strandamenn en Dalasýslubúa, því svo sem kunnugt er, þá liggur ís opt fyrir Norðurlandi og teppir alla flutninga, og þá er eina hjálpin fyrir oss, sem búum við Strandaflóa, að leita suður á Gilsfjörð, enda er það þægilegt fyrir þá, sem næst liggja, einkum þá sem búa í Bitrufirði og Kollafirði, og jafnvel þó ís væri ekki, mundi það miklu styttra fyrir oss að sækja suður til Gilsfjarðar, heldur en til Skeljavíkur eða Borðeyrar. Ennfremur gæti það greitt mjög fyrir aðflutningum, ef skip verzlunarfjelagsins, sem er sameiginlegt fyrir Dalasýslu og Strandasýslu, gæti komið inn á þessa höfn. Til þessa staðar mundu og sækja verzlun íbúarnir úr norðurhluta Dalasýslu og austasta hluta Barðastrandasýslu, svo sem Geiradal og Reykhólasveit.

Af þessum ástæðum vona jeg, að h. deild lofi þessu frumv. að ganga í gegn mótmælalaust og það því fremur, sem allar aðrar löggildingar hafa gengið greiðlega í gegn og mótmælalaust.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði (C. 99); 1. umr.

Sigurður Gunnarsson: Jeg leyfi mjer að óska þess, að þetta frumv. sje látið ganga til 2. umr.

Einar Jónsson: Jeg get skýrt frá, hvernig ástatt er á þessum stað.

Eins og kunnugt er, liggur Borgarfjörður næstur Hjeraðsflóa að sunnan og austan og hefir borgari sett sig niður í Bakkagerði og byrjað dálitla verzlun, sem ætti að geta orðið Borgfirðingum til hagnaðar, því að þeim er erfitt að sækja verzlun til Seyðisfjarðar og svo framarlega sem ekki heppnast með innsigluna á Lagarfljótsós, munu íbúar Hjaltastaðaþinghár og máske nokkur hluti Tungunnar leita verzlunar þangað, ef hún yrði jafnhagfelld og á Seyðisfirði, en annars verða þessar sveitir að sækja alla sína verzlun á Seyðisfjörð, sem er talsvert erfiðara að minnsta kosti fyrir mikinn hluta Hjaltastaðaþinghár.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og um flutning þeirra á opinberan spítala (C. 66); 2. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eins og sjá má af breyt.till. þeim, sem nefndin leyfir sjer að koma með, þá liggja breytingar þessar ekki í öðru en því, að ráðið er til að fella þau ákvæði úr frumv., sem lúta að holdsveikisspítala eða flutning holdsveikra á opinberan spítala, enda liggur það í augum uppi, að þar sem þegar er búið að fella frumvarp stjórnarinnar um holdsveikisspítala að þessu sinni, þá á ekki við að hafa nein þau ákvæði í frumv., sem heyra spítala til eða flutning holdsveikra á hann.

Enda þótt nú nefndin kannist fullkomlega við, að ákvæði um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, eins löguð og farið er fram á í frumvarpinu, ekki sjeu einhlít til útrýmingar holdsveikinni hjer á landi, og hún álíti, að í samanburði við spítalastofnun sjeu þau ófullkomin, og að þau þá fyrst fái sína fullu þýðingu, þegar þau eru sameinuð holdsveikisspítala, eins og farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar, þá áleit hún þó rjett vera, að ráða til svona lagaðrar einangrunar í heimahúsum, þar sem það mundi þó gera nokkurt gagn og vera langt um betra en ekki neitt, ef því væri vel fram fylgt.

Nefndin sá heldur ekkert því til

fyrirstöðu, að þess konar einangrun, sem farið er fram á í frumv., gæti átt sjer stað hjer á landi, og kostnaður sá, sem af henni leiðir, mundi ekki verða svo gífurlegur, að sveitarfjelögin gætu ekki risið undir honum, enda taldi nefndin víst, að ekki mundi vera svo margir holdsveikir menn í sama hrepp, að lög þessi mundu fyrir þá sök valda ókleyfum kostnaði. Það er líka aðgætandi, að allar líkur eru til, að kostnaðurinn við hald holdsveikra sveitarlima muni fara vaxandi ár frá ári í hreppunum, þó að lög þessi ekki yrðu samþykkt, því að eptir því, sem það fer að komast út í almenning, að veikin er sóttnæm, því hræddari verða menn við að taka holdsveika menn á heimili sín, og því verra eiga sveitarstjórnirnar með að koma holdsveikum sveitarlimum fyrir, nema þá með ærnu gjaldi, og það er enda farið að brydda á því, að örðugt er að koma holdsveikum mönnum fyrir. Þetta getur haft þær afleiðingar, að sveitarstjórnirnar neyðist til, hvort sem frumv. verður að lögum eða ekki, að byggja sjerstök hús yfir holdsveiklinga sína, eða þá á hinn bóginn að koma þeim fyrir með svo afarháu meðlagi, að sá aukni kostnaður samsvari, ef til vill, að fullu kostnaði þeim, sem leiðir af frv. þessu.

Jeg hefi svo ekki meiru við þetta að bæta, nema óska, að h. deild samþykki þetta frumv., og vona, að það fái að ganga til 3. umr., því jeg tyrir mitt leyti er fullviss um, að lög þessi mundu gjöra sumstaðar og jafvel alstaðar gagn. Það hefir líka sýnt sig í Noregi, að þau hafa að miklu liði komið, og hafa svona lög haldizt þar í hendur með spítölunum til þess að útrýma holdsveikinni.

ATKV.GR.: Breyt.till. 2 á þingskj. 66 við 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 1. gr. frv. þar með fallin; breyt.till. 3 á þingskj. 66 (að 2. gr. falli burt) samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 4, á þingskj. 66, við 3. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. þar með fallin; breyt.till. 5, á þingskj. 66, að 4. gr. falli burt, samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 6, á þingskj. 66, að 5. gr. falli burt, samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 7, á þingskj. 66, að 6. gr. falli burt, samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 8, á þingskj. 66, við 7. gr., samþ. með 19 samhlj. atkv.; 7. gr., með áorðinni breyt., samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 9, á þingskj. 66, um nýja gr., samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 9, á þingskj. 66, við 8. gr., samþ. með 18 samhlj. atkv.; 8. gr. þar með fallin; breyt.till. 1, á þingskj. 66, við fyrirsögnina, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (C. bls. 114 og nr. 70); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, eru breytingar þær, sem nefndin leggur til, að gerðar sjeu við frumv., mestmegnis fólgnar í »redaktions«- og orðabreytingum á hinu uppbaflega stjórnarfrumvarpi; það eru að eins 2 eða 3 breytingar eða varla það, sem nokkuð er í varið eða sem breyta efninu. — Jeg skal nú geta hinna helztu breytinga, sem gerðar hafa verið við hverja grein fyrir sig.

Fyrsta grein er alveg óbreytt að efni, en að eins gerðar við hana orðabreytingar.

Við 2. gr. er gerð sú viðaukabreyting, að þar er bætt inn einum sjúkdómi í öðrum lið greinarinnar, meðal sjúkdómanna, sem þar eru taldir upp, nefnilega »influenza«. Nefndinni þótti rjett að taka þenna sjúkdóm með. En af því að sóttnæmi þessa sjúkdóms er

svo sjerstaklega varið, að í flestum tilfellum er lítt mögulegt að varna útbreiðslu hans eða mjög torvelt, virtist nefndinni ekki við eiga, að setja hann meðal þeirra sjúkdóma, sem ávallt er skylt að taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, heldur meðal þeirra, er landshöfðingi hefði vald til í sjerstökum tilfellum að skipa fyrir um varnir gegn eptir tillögum landlæknis.

Að öðru leyti er gjörð sú breyting við 2. gr., að nefndin hefir sett latnesk nöfn í stað hinna dönsku milli sviga á sjúkdómum þeim, sem þar eru taldir upp. Nefndinni þótti óviðkunnanlegt og ekki viðeigandi, að hafa hin dönsku nöfn, og miklu rjettara, að setja þar í stað þeirra þau nöfn, sem tíðkast á vísindamáli.

Að öðru leyti er grein þessi óbreytt, að öðru en setningaskipun og því, að ákveðið er, að landshöfðingi gefi út reglugjörð hjer að lútandi, sem birt væri svo í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

Á hinni 3. og 4. gr. í sijórnarfrumv. eru ekki gjörðar nema orðabreytingar.

Við 5. gr. er gerð breyting við síðasta liðinn. Stjórnarfrumv. gerir ráð fyrir, að hver maður, sem þarf að ferðast af heimili sínu til að tilkynna lækni sjúkdóm eptir lögum þessum, fái borgaðan ferðakostnað úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, ef ferðin er lengri en 1 míla. Þetta þótti nefndinni óþarft og virtist það geta orðið til þess, að þetta yrði vanbrúkað, svo að menn færu að tilkynna lækni að óþörfu, þótt ekki væri um næman sjúkdóm að ræða. Nefndinni virtist nóg endurgjald fyrir þetta ómak, að sjúklingurinn yrði meðhöndlaður endurgjaldslaust af hálfu hins opinbera, þótt ekki væri einnig borgaður ferðakostnaður fyrir tilkynning sjúkdómsins.

Á hinn bóginn virtist nefndinni of mikið lagt á hreppsnefndarmann, ef hann ætti í hvert skipti, er slíka sjúkdóma ber að höndum, að takast ferð á hendur án borgunar, og hefir hún því lagt til, að honum skuli ákveðin borgun í hvert skipti er ferðin nemur meiru en 2 mílum.

Aðrar breytingar eru ekki gjörðar við 5. gr. nema orðabreytingar.

6. og 7. gr. eru alveg samhljóða stjórnarfrv. að efni, að eins gjörðar við þær orðabreytingar.

Í 8. gr. stjórnarfrv. er gjört ráð fyrir að ætíð sjeu í lyfjabúðum svo miklar birgðir af efnum til sóttnæmishreinsunar, sem landlæknir álítur nægja. En svo hagar til hjer á landi að lyfjabúðirnar eru að eins á 4 stöðum, nefnilega á Seyðisfirði, Akureyri, Stykkishólmi og svo hjer í Reykjavík.

Þar sem nú svona er ástatt, getur það opt komið fyrir að örðugt verði að ná í þessi sóttnæmis-hreinsunarmeðul þar sem læknir er fjarri lyfjabúðum, ef bráðan ber að. Hefir nefndin því bætt því við, að landshöfðingi sjái um að efni þessi sjeu líka til taks hjá læknum þeim, sem eru fjarri lyfjabúðum, svo hægt sje að grípa til þeirra, ef sjúkdóm ber snögglega að. Það gæti opt orðið örðugt fyrir suma lækna að sækja þau á skömmum tíma í lyfjabúðirnar, t. d. fyrir lækni í Norður-Þingeyjarsýslu, sem yrði að sækja þau annaðhvort til Seyðisfjarðar eða Akureyrar, og sama má segja um lækna í Skaptafellssýslu og aðra, sem eru langt frá lyfjabúðum.

Fleiri breytingar hefir nefndin ekki gjört við frumv. nema orðabreytingar, sem óþarft virðist að gjöra grein fyrir, og óskar hún að það fái að ganga sína leið, fullviss þess, að ef það nær að verða að lögum, muni það gjöra ómetanlegt gagn hjer á landi.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. á þingskj. 70. við 1. gr. 1. lið samþ. í e. hlj; breyttill. 1. á þskj. 70. við 1. gr. 2. lið

samþ. í e. hlj.; 1. gr. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.; breyttill. 2. á þskj. 70. við 2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 2. gr. frnmv. þar með fallin. Breyttill. 3. á þskj. 70. við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frumv. þar með fallin. Breyttill. 4. á þskj. 70. við 4. gr. smþ. í e. hlj.; 4. gr. frumv. þar með fallin. Breyttill. 5. við 5. gr. smþ. í e. hlj.; breyttill. 6. við 6 gr. smþ. í e. hlj.; 6. gr. frv. þar með fallin. Breyttill. við 7. gr. smþ. án atkv.gr.; 7. gr. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.; breyt. till. við 8. gr., 1. liður samþ. án atkvgr.; 2. liður smþ. í e. hlj., 3. liður smþ. með 19 samhlj. atkv., 4. liður smþ. án atkv. gr., 5. liður smþ. án atkvgr., 6. liður smþ. með 20 samhlj. atkv.; 8. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.; breyttill. við 9. gr. samþ. í e. hlj.; 9. gr. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.; breyttill. við 10. gr.: 1. liður smþ. án atkv.gr.; 2. liður smþ. í e. hlj.; 3. liður smþ. í e. hlj.; 10. gr. með áorðinni breyt. smþ. í e. hlj.; breyttill. við 11. gr.: 1. liður smþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. liður smþ. í e. hlj.; 3. liður smþ. með 18 samhlj. atkv.; 4. liður smþ. án atkvgr.; 11. gr. frv. með áorðnum breytingum smþ. í e. hlj.; breyttill. við 12. gr.: 1. liður smþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. liður smþ. án atkv.gr.; 3. liður smþ. án atkvgr.; 4. liður smþ. án atkvgr.; 12. gr. með áorðnum breyt. smþ. í e. hlj.; breyttill. við 13. gr.: 1. liður smþ. án atkv.gr.; 2. smþ. í e. hlj.; 13. gr. með áorðnum breyt. smþ. í e. hlj.; 14. gr. óbreytt smþ. í e. hlj.; 15. gr. óbreytt smþ. í e. hlj.; 16. gr. smþ. í e. hlj.; breyttill. við fyrirsögnina smþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillaga um milliþinganefnd í fátækramálefnum (53, 95, 96); síðari umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Viðvíkjandi breytingartillögum þeim, sem komið hafa fram við þessa þingsályktun, vil jeg geta þess, að jeg get vel verið með breyttill. á þskj. 96; því að bæði er það, að sveitarstjórnarlögin eru ekki í mjög mörgum molum (H.D.: Þeir eru þó 8), og að því er jeg veit, eru landsmenn ekki mjög óánægðir með þau. En á hinn bóginn er jeg ekki eins fús á að fallast á breyttill. á þskj. 95; því að ef h. d. á annað borð samþykkir að skipa milliþinganefndina, þá álít jeg miklu tryggilegra að í henni sitji 5 menn en 3, og meiri líkur fyrir að málið verði sem bezt undirbúið. En þó skal jeg ekki gjöra nefndarmannatöluna að kappsmáli, því að jeg vil ekki að keppni um það atriði verði til þess að spilla fyrir málinu, því að almennur áhugi er á því að sú leið sje gengin, sem tillagan fer fram á, enda kom þessi áhugi í ljós á Þingvallafundinum.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg ætla að eins að mæla fá orð með breyttill. á þskj. 95. Jeg gat um það við fyrri umræðu málsins, að mjer þætti ráðlegra að nefndarmennirnir væru 3 en 5, og fram á það fer breyttill., og svo jafnframt það, sem leiðir beint af því, að tölu nefndarmannanna er fækkað, að í burtu falli ákvæðið um að þeir skuli vera sinn úr hverjum landsfjórðung og einn úr Reykjavík. Jeg og samflutnm. mínir erum sannfærðir um, að eins mikið muni vinnast þó nefndarmennirnir sjeu 3, en ekki 5; en kostnaðarmunurinn hlýtur að verða mikill. Jeg hefi dálítið athugað kostnað við milliþinganefndir, sem skipaðar hafa verið hjer fyr meir, og er hann ekki alllítill. Í skattamálanefndinni, sem þó hafði um umfangsmikið mál að fjalla voru ekki nema 3 menn, og varð þó kostnaðurinn við hana 2834 kr.; mun þar þó ekki vera talinn með prentunarkostnaður á nefndarálitinu. Meira en helm-

ingur þessa kostnaðar gekk til hins eina nefndarmanns, sem bjó í fjarlægð við Reykjavík, að því er jeg sannast veit. Nú má búast við að hver hinna fjærbúandi nefndarmanna kosti að tiltölu viðlíka mikið og þetta, og svo dýrt vil jeg ógjarna kaupa nefndina. Líklegt er og að 5 manna nefndin fái daufari undirtektir í h. Ed. en 3 manna nefnd, enda er enn minni ástæða til að hafa hana svo fjölskipaða, ef það skyldi verða ofan á að hún ætti ekki að fást við sveitarstjórnarlöggjöfina.

Halldór Daníelsson: Jeg get ekki tekið undir með h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að jeg sje ánægður með að orðin «og sveitarstjórnar» falli burt úr till., því það mál er töluvert komið á við og dreif, og jeg sje ekki betur en að á þingskj. 102 sje enn farið fram á töluverða nýja breyting á sveitarstjórnarlögunum. Mjer telst ekki betur til, en að sveitarstjórnarlöggjöfin sje orðin í einum 8 hlutum, og víst er það, að menn eru orðnir óánægðir með þessa sundrung, þó menn almennt kunni að vera ánægðir með sveitarstjórnarlögin sjálf og eigi síður ýms ákvæði sveitarstjórnarlaganna, og þó að nefndin kunni að kosta þó dálítið, og þá þeim mun meira, því fjölskipaðri sem hún er, þá held jeg að það vinnist upp við þann tímasparnað, að þurfa ekki að leita að þessu eða hinu lagaákvæði í mörgum hlutum; hreppsnefndarmenn eru sem von er til ekki menntaðir menn. Sveitarstjórar eru flestir lítt menntaðir menn og hafa lítinn bókaforða; það er því auðsýnt hagræði fyrir þá að nefndin taki sveitarstjórnarlöggjöfina með til íhugunar, enda ætti hún að geta komizt yfir það, svo mikið verk er það ekki.

Klemens Jónsson: Af því að jeg á hjer breytingartill. þá ætla jeg að taka til máls, þó jeg reyndar hafi litlu að bæta við það, sem sem jeg tók fram við fyrri umræðu málsins, og því síður þarf jeg að bæta miklu við það, sem tveir af flutnm. till. hafa gjörzt meðflutnm. minir að breyttill. minni, og höfuðflutnm. þingsál.till., h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), hefir lýst því yfir, að hann væri henni meðmæltur. Það hafa ekki heldur komið neinar verulegar mótbárur gegn því að menn væru almennt ánægðir með sveitarstjórnarlöggjöfina, þvert á móti hafa orð þau, sem fallið hafa hjer í deildinni, orðið til að styrkja það, að sú skoðun mín væri á rökum byggð, að menn væru ekki óánægðir með hana. En nú vill h. þm. Mýram. (H. D.) láta nefndina taka þessa löggjöf til íhugunar, af því að hún sje á við og dreif. Líklega ætlast hann til að nefndin setjist niður og færi saman í eitt þessa 8 kafla hennar, sem hann var að tala um — reyndar munu þeir ekki vera út at svo margir —; en það er ekki meira verk en svo, að einn maður ætti að geta gjört það á einum degi, og sýnist það vera alveg óþarft að setja sjerstaka nefnd til þess, sízt 5 menn valda úr öllum landsfjórðungum. Þar sem h. þm. Mýram. (H. D.) taldi svo til að frv. á þingskj. 102 mundi bæta einum sveitarstjórnarlögunum við enn, ef það yrði að lögum, þá hefir h. þm. víst ekki vel gáð að því, með hvað hann var að fara, því að það er ætlazt til að þessi nýju lög komi í staðinn fyrir lögin frá 9. ágúst 1889, og breytingin er einungis fólgin í því, að «ábúð» breytist í «afnot». Viðvíkjandi tölu nefndarmannanna skal jeg geta þess að jeg var í nokkrum vafa um, hvort þeir skyldu ekki heldur vera 5 en 3, en eptir þeim upplýsingum sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir gefið um kostnaðinn við nefndina, þá er jeg þó heldur

á því að gefa breyttill. á þingskj. 96 atkvæði mitt.

Þórður Guðmundsson: H. þm. Borgf. (Þ. B.) áleit, að kostnaðurinn við nefndina hlyti að verða því meiri, því fleiri sem nefndarmennirnir eru, og tvísýnt að það svaraði kostnaði, hvað starfið yrði betur af hendi leyst af 5 nefndarmönnum en 3. Hann minnti á milliþinganefndina í skattamálinu, og hve afardýr för eins nefndarmannsins hefði orðið til Reykjavíkur. (Þ. B.: Og dvöl hans þar). En nú mun ekki þurfa að kvíða neinu þvílíku, því að strandferðirnar eru þó komnar í það horf, að þeir sem í nefndinni eiga að vinna, munu geta notað þær. Eptir því sem jeg hygg, mun sá maður, sem h. þm. (Þ. B.) nefndi, hafa ferðazt hingað um hávetur; en nú ímynda jeg mjer að nefndarmenn fari ekki að leggja upp í ferð til Reykjavíkur um hávetur, enda sýnist það mjög ópraktiskt. Jeg gjöri ráð fyrir að þeir mundu nota vortímann og strandferðaskipin til þess.

Jeg lýsti því yfir við fyrri umræðu málsins, að jeg áliti það tryggilegra, að 5 manna nefnd væri skipuð, og jeg er enn á því, því að jeg álít verk nefndarinnar svo mikið og vandasamt, að ekki veiti af 5 mönnum til að leysa það viðunanlega af hendi.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi því, sem h. þingm. Borgf. (Þórh. B.) minntist á kostnaðinn við nefndina, þá munar það ekki stórum meira en um einn mann utan af landinu, sem nefndin verður dýrari við það, að 5 menn sitja í henni, en þó þeir væru 3, víðs vegar af landinu, því að jeg gjöri ráð fyrir, að nefndarmaðurinn úr Reykjavík mundi ekki kosta mjög mikið, þar sem hann fengi að eins þóknun fyrir þá daga, sem hann starfaði í nefndinni.

Að minnsta kosti mundi það tæplega muna því, sem svaraði kostnaði við $1^1/_2$ mann, að hafa nefndarmennina 5; jeg er því mikið fremur með því, að þeir sjeu svo margir, því að jeg álít það tryggilegra.

Þórhallur Bjarnarson: Væru menn sannfærðir um það, að 5 menn mundu gjöra miklu meira gagn í nefndinni en 3, þá væri ekki horfandi í kostnaðinn, en nú er ekki því að heilsa fyrir mjer, og það læt jeg ráða atkvæði mínu. Ef gengið er út frá því, að einn nefndarmaður sje úr hverjum landsfjórðung, þá má gera sjer nokkra hugmynd um nefndarkostnaðinn. Jeg gjöri ráð fyrir, að nefndarmennirnir fái sömu ferðapeninga og dagpeninga eins og alþingismenn, og þá er í fljótu bragði sjeð, að það muni ekki geta orðið svo lítið, sem hver nefndarmaður kostar landið. Setjum svo, að nefndarmennirnir geti ferðast til Reykjavíkur með strandferðaskipi, en það er alls óvíst, að þeir geti farið til baka með því aptur, því að það er ekki unnt fyrir þá, að ákveða fyrir fram, hversu lengi þeir muni þurfa að sitja að nefndarstörfum þar. Jeg skildi ekki í, á hverju h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) byggði reikning sinn. Jeg þykist hafa eins mikinn rjett á, að segja, að við breytingartill. vora muni sparast það sem svaraði kostnaði 3 eða 4 manna, eða svo jeg orði það líkt og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) $3^1/_2$ maður.

Aptur er landstjórnin ekki bundin við að taka menn í nefndina úr fjarlægum hjeruðum; og hún mundi sjálfsagt velja í hana þá menn, sem hún áliti bezt til þess fallna, án tillits til þess, hvar þeir ættu heima, og gæti þá vel farið svo, að hún veldi þá alla úr Reykjavík eða þar úr nágrenni, en auðsætt er, hvílíkan sparnað það mundi hafa í för með sjer.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg er ekki alveg samdóma h. þing.deildarmönnum, sem í dag hafa talað í þessu máli. Jeg held, að þessi fyrirhugaða milliþinganefnd mundi reynast harla gagnslítil eða jafnvel gagnslaus, sjerstaklega ef breyt.till. á þingskj. 96 kemst að. Jeg veit ekki einu sinni, hvað hún á að starfa. H. flutningsmenn tillögunnar hafa ekki fært til, hverju þeir vilji fá breytt í hinni núgildandi fátækralöggjöf. Eins og kunnugt er, þá er aðal-lagaboðið um fátækramálefni tilsk. 8. jan. 1834; á síðustu árum hafa þó verið gjörðar nokkrar breytingar við hana; þessar breytingar eru enn varla farnar að sýna sig, hvernig þær muni gefast. Mundi nú ekki vera eins ráðlegt, að reyna þær dálitið betur, áður en farið er að umturna þeim að nýju? Sem sagt, veit jeg ekki, í hvaða átt háttv. flutningsmenn ætlast til, að breytingarnar stefni; en mjer þykir líklegt, að vel skipuð nefnd á þingi muni geta leyst það starf af hendi, sem nefndinni er ætlað að vinna, og þá sje jeg ekki til hvers á að fara að skipa milliþinganefnd. Slík nefnd hlýtur að kosta talsvert fje. Það eru ekki heldur líkindi til, að nokkur nefnd geti komið með þær tillögur, sem allir verði ánægðir með. Vjer verðum að gæta þess, að fátækralöggjöfin grípur yfir hin margbrotnustu málefni, og að henni þarf að beita á einn eða annan hátt dags daglega; það er því óðs manns hugur, þar sem svo stendur á, að ætla sjer að setja lög, sem allir sjeu ánægðir með, og engum vafa geti verið undir orpin. Jeg spyr enn: Hverju á að breyta? Eru það ákvæðin um sveitfesti, um framfærsluskyldu ættmenna, um innbyrðis viðskipti hreppa, eða um fátækraflutning? Eða er það máske eitthvað annað? Ef það á að einskorða nefndina við fátækralöggjöfina, þá get jeg ekki sjeð, að hennar verk geti orðið annað en að safna hinum gildandi lögum og úrskurðum í eitt; hún verður ekki annað en snakkur, sem að sendur er út í löggjöfina til þess, að tína saman í einn haug alla mola þeirrar löggjafar. Allir vita, að fátækralöggjöfin og sveitarstjórnarlöggjöfin eru svo margtvinnaðar saman, að það væri að kippa fótunum undan nefndinni, að láta hana fá að eins aðra grein þessarar löggjafar til meðferðar. Helztu störf sveitarstjórnar er reikningsfærsla fátækrasjóðanna og fátækraforsjá, og náttúrlega þurfa þær að vita skyldu sína í þessum greinum. Það kom til tals á þingi 1893, að greiða þeim götu í þessu með því, að gefa út prentaðan leiðarvísi fyrir hreppsnefndir, á líkan hátt og gjört hefur verið fyrir póstafgreiðslumenn og brjefhirðingamenn, en til þess þarf enga milliþinganefnd. Þá mætti eins vel láta prenta upp ritgjörð Bjarna sýslumanns Magnússonar og ritgjörð Arnljóts Ólafssonar, fátækratilskipunina 1834, ásamt viðaukum þeim og breytingum á henni, sem síðan hafa verið gjörðar; sömuleiðis útdrátt úr stjórnar-úrskurðum og yfirvaldabrjefum, og láta öllu þessu fylgja glöggt register. Þetta gæti orðið nokkur leiðarvísir fyrir sveitarstjórnir í þessum málum. Jafnvel þótt milliþinganefnd yrði sett, og sæti á rökstólum í 2 ár, þá get jeg frætt h. flutningsmenn tillögunnar um það, að ýmsar tillögur hennar mundu mæta mótspyrnu, og þótt þær kæmust í gegn á þingi, þá mundu þær verða til að vekja óánægju, og það mundi sannast, að menn mundu brátt óska eptir nýrri nefnd og nýjum breytingum. Eins og jeg gat áðan um, eru ýmsar breytingar á fátækralöggjöfinni svo nýjar, að þær eru ekki enn farnar að

sýna gildi sitt, og að fara að gjöra breytingar á breytingar ofan, er að koma öllu málinu á ringulreið.

Þegar til atkvæðagreiðslu kemur, mun jeg greiða atkvæði móti breyt.till. á þingskj. 96, með breyt.till. á þingskj. 95, og loks móti tillögunni sjálfri.

Halldór Daníelsson: Það var fróðlegt og gaman að fá að heyra það, að einn maður mundi á einum degi geta komið allri sveitarstjórnarlöggjöfinni í eina samfellda heild. Sje svo, þá er það ekki heldur mikill verka-auki fyrir nefndina, að bæta þessu starfi á sig. Hvað viðvíkur starfi nefndarinnar, þá er það eiginlega ekki ætlunarverk vor flutningsmanna, að fara að útlista það nákvæmlega, enda gjörist þess því síður þörf, sem því hefir verið hreyft tölu-vert í blöðunum, hvað helzt sje að fátækralöggjöfinni.

Jeg vona, að nefndin muni geta komið með einhverjar hyggilegar tillögur, og því óska jeg, að hún sje skipuð; má vera, að henni takist t. d. að sjá ráð til að minnka rig þann, sem er á milli sveitarfjelaga. (*Guðl. Guðm.*: Engin nefnd eða nefndartillögur mun geta eytt honum). Ekki er með öllu óvænt um það.

Þorlákur Guðmundsson: Sumir af h. þm. sem talað hafa, hata lagt áherzlu á það, að nefnd þessi ætti að draga fátækralöggjöfina saman í einn bálk. Það hefir aldrei verið meining mín, að þetta yrði aðal-verk nefndarinnar, því það leiddi af sjálfu sjer ef samin væri ný fátækralög, heldur hitt, að hún, nefndin, fyndi ráð til að hrinda fátækra-málum vorum í betra horf, svo að sveitarþyngslin minnkuðu. Nú er svo ástatt, eins og kunnugt er, að sveita-þyngslin liggja eins og farg á sveitun-um, á þjóðinni, og það má svo að orði kveða, sem þau fari vaxandi með vax-andi menntun bæði í bóklegri og verk-legri fræði. Eitthvað er hjer að, og eitthvað þarf hjer að gjöra til þess, að bæta úr þessu stóra þjóðmeini, sem auðsjáanlega er ekki síður smittandi en holdsveikin.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) gjörði lítið úr því, sem nefnd þessi hefði að gjöra. Hann áleit það nægilegt, að teknar væru tvær ritgjörðir, er hann tilnefndi, og gefnar út, ásamt með öll-um úrskurðum dómsmálastjórnarinnar og stjórnarvaldanna, sem úrskurðarvald hafa haft í þeim málum frá 1834. Um rit-gjörð Arnljóts Ólafssonar er það að segja, að hún er eins og fleira eptir þann mann, að hún lýsir mikilli þekking og elju, en er nokkuð strembin fyrir alþýðu, og um ritgjörð Bjarna Magnússonar er það að segja, að hafi hún ekki unnið gagn þegar í fyrstu, þá er ekki líklegt, að gagnið yrði mikið, þó að hún væri endurprentuð, og auk þess mundi þetta verða afar-stór bók, að minnsta kosti á stærð við Jónsbók eða bifliuna. En hvað ætti þá þessi nefnd að gjöra? Ja, ef það væri allt á hraðbergi, þá þyrfti ekki að vera að hafa fyrir því, að setja neina nefnd. Jeg skal samt benda á það helzta, sem mjer hefir hugkvæmzt, að nefndin tæki til íhug-unar. Það er þá í fyrsta lagi sveit-festutíminn. Það mun engin vanþörf á, að breyta honum. Í öðru lagi eru það fátækraflutningarnir.

H. þingm. Mýram. (H. D.) minntist á rig þann, sem væri á milli sveitarfje-laganna; rigur þessi stafar mest af sveitfestu-ákvæðunum, og af fátækra-flutningunum; menn eru allt of óvar-kárir með það, að byggja fátæklingum og óráðsmönnum, sem ekkert eiga, inn í hreppinn, af því þeir halda og segja, að nógur dagur sje til stefnu, að losast við þá aptur; og svo þegar þeir sjá, að til vandræða horfir, og líða ter á þenn-

an 10 ára tíma, þá fara menn að neyta allra bragða til að losast við þá, og það máske stundum bæði harðlega og með hrekkjum. Auk þessa er jeg og sannfærður um, að nefndinni mundi hugkvæmast margt, þegar hún færi að taka til starfs síns.

Tölu nefndarmanna gjöri jeg ekki að neinu kappsmáli, en jeg er ekki viss um, að það verði svo mjög miklu meira gagn að fimm manna nefnd, en að þriggja, því opt vinnur betur fylgi en fjölmenni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg verð að segja það, að jeg hef ekki enn fengið skýringu á því, hvað nefnd þessi á að starfa. Hvað það snertir að megn rígur sje á milli hreppanna út af fátækramálum, þá erum vjer Íslendingar ekki einir um það; rígur þessi á sjer alstaðar stað þar sem jeg þekki til og fátækramálin eru alstaðar þrætuefni milli sveitanna. Að sveitarþyngslin fari vaxandi, það getur nefnd þessi ekki fyrirbyggt. Hið eina sem getur orðið til þess að minnka sveitarþyngslin er það, að sveitarstjórnirnar gæti nógu rækilega skyldu sinnar, og beiti nógu stranglega og með nægu fylgi þeim rjetti, sem þær hafa í höndum. Amtmaðurinn í Suðuramtinu brýndi 1889 fyrir sveitarstjórnunum, að fylgja rækilega fram sveitarstjórnarlögunum, og af því hefir víða leitt talsverða lagfæring, og mjer er nær að halda að þar sem mjög mikil sveitarþyngsli eru og þau fara æ vaxandi, þá sje það, með fram í öllu falli, að kenna slóðaskap eða ólagi sveitarstjórnanna, eða framtaks- og manndáðarleysi hjeraðsbúa, en úr slíku verður ekki bætt, hvorki með milliþinganefnd nje nýjum lögum.

H. þm. Árnesinga (Þ. G.) gjörði mikið úr því, hvað stórt verk það mundi verða, ef gefnar væru út hinar tvær ritgjörðir, sem jeg minntist á, og úrskurðir dómsmálastjórnarinnar í fátækramálum síðan 1834, og sagði að það mundi verða eins stórt og biflían öll. Jeg held nú ekki að þetta yrði svo afarmikið, að minnsta kosti ekki miklum mun stærra en Móses-bækurnar. Hann minntist og á hreppshelgina og það að búsettir menn rifu sig upp og flykktust í sjóplássin. Þetta sýnir hve náið samband er milli sveitarstjórnar,- atvinnu- og fátækralöggjafarinnar, svo að eigi verður að minni hyggju átt við fátækralöggjöfina eina út af fyrir sig, án þess að hreifa við hinu líka. En til þess að íhuga þetta álít jeg að nefnd hjer á þinginu væri fullkomlega nægileg, ekki sízt ef stjórnin vildi taka þetta mál til íhugunar og koma með tillögur þar að lútandi á þing 1897. Hvað fátækraflutning snertir, þá er nefnd hjer á þinginu til að íhuga það mál, og mun hún vel geta lokið starfa sínum, og þá gefst h. deild tækifæri til að ráða því máli til lykta. Jeg álít það hreinasta skaðræði, ef svipta ætti framfærsluhreppinn þeim rjetti, að hafa heimting á að fá ómagann fluttan til sín. Þetta mundi valda hinu mesta ranglæti og ójöfnuði. Þess eru dæmi nú, að sumar hreppsnefndir, sjerstaklega í sjóplássum og kauptúnum, eru svo ósvífnar, þegar um utansveitar-þurfamenn er að ræða, að þær ala þurfalingana á kaffi, brennivíni og tóbaki og allskonar óþarfa, borga fyrir þá búðarskuldir og sitt hvað, og gefa svo gífurlega reikninga fyrir því öllu saman til framfærsluhreppsins, og slíkt mundi enn frekar misbrúkað, ef ómagar yrðu eigi fluttir í hreppinn. Nú eins og stendur geta menn fengið vottorð læknis, og fá það víst all-opt, þó að lítil ástæða sje til. Jeg skal nefna til dæmis, að það var hjer ein kerling, sem átti heima austur í Skaptafellssýslu. Hún gat, eptir því sem jeg hef

heyrt, farið, víst að nokkru leyti fótgangandi, úr Reykjavík og suður í Grindavík, en fjekk þó vottorð fyrir því, að hún væri ekki flutningsfær austur; það sýnir, að slík vottorð er ekki svo mjög torvelt að fá.

Það er því að mínu áliti ekki löggjöfinni að kenni, ef ólag er á sveitarstjórninni, heldur því hvernig lögunum er beitt, og þá fyrst og fremst aðhaldsleysi sveitarstjórnanna sjálfra. Jeg verð að halda fast við það, að jeg get ekki skilið, að nefnd þessi gjöri hið minnsta gagn.

Klemens Jónsson: Það voru sjerstaklega nokkur orð í fyrri ræðu h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), sem mjer finnst að ekki megi standa ómótmælt. Hann sagði, að það væri óðs manns hugur að vilja vera að breyta þeim lögum, sem allir væru ánægðir með. (*Guðl. Guðm.*: Þetta sagði jeg aldrei; þm. rangfærir orð mín). Það er nokkuð undarlegt að heyra annað eins og þetta frá upplýstum þingm., sem þar að auki er lögfræðingur. Eins og h. þm. viti ekki að það hefir opt komið til tals hjer á þinginu, að fá lögum þessum breytt, og mikið verið um þetta ritað og rætt í blöðunum, svo að það má með sönnu segja, að ekkert mál hafi verið eins mikið umrætt í blöðunum nú síðari árin og einmitt fátækralöggjöfin. Slík orð sem þessi mega því eigi sjást ómótmælt í þingtíðindunum.

Hvað því viðvíkur hvað nefnd þessi eigi að gjöra, þá minntist h. þm. Árn. (Þ. G.) á hreppshelgina. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og skoðanir manna á því mjög skiptar, hvort framfærsluhreppur skuli vera fæðingarhreppurinn eða dvalarsveit þurfamannsins, eða yfirhöfuð hvernig þessu skuli skipa. Þetta mál hefir verið mikið rætt allt frá 1808 og er ekki enn til lykta leitt, og ef það á ekki skilið að sett sje 3 manna nefnd til að íhuga það, þá veit jeg ekki hvaða mál á það fremur skilið. H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) áleit það nóg, að prentaðir yrðu aptur tveir ritlingar sem hann til nefndi, til leiðbeiningar almenningi. Það er mesta furða, að þessi tillaga skuli koma frá lögfræðingi hjer í deildinni. Kver Bjarna Magnússonar hafði sára-litla þýðingu á sínum tíma vegna þess, að það var mestmegnis þýtt eða lagað eptir dönskum ritum eptir Scheel, og enn minni þýðingu mun það hafa nú eptir að töluverð breyting á sveitarstjórnarlögunnm hefir verið gjörð, en um ritgjörð Arnljóts er það að segja, að hún er þannig skrifuð, að maður þarf helzt að hafa fornnorræna orðabók við hendina til þess að skilja hana, auk þess sem hún gengur mest út á að brjóta niður hina núverandi löggjöf, og kritísera yfirvaldaúrskurði um framfærsluskylduna, svo að jeg held að hún mundi fremur verða til að villa fyrir mönnum en til leiðbeiningar.

Að vísu er það satt, að sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf eru hvor annari skyldar; það vissu allir áður, þó það liti svo helzt út eptir orðum h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að hann kæmi þar fram með óheyrða spánýja uppgötvun; en þó ekki svo, að eigi megi fást við fátækralöggjöfina út af fyrir sig, án þess að taka sveitarstjórnarlöggjöfina með, enda er þá ekki loku skotið fyrir að nefndin gæti eitthvað fengizt við sveitarstjórnarlöggjöfina, ef hún í starfi sínu kemst inn á hana.

Jeg vona að mótmæli, sem eigi eru á meiri rökum byggð en þau, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kom með, gjöri engan glundroða í málinu, og að h. deild samþykki þessa nefndarkosningu.

Þórður Guðmundsson: Mig furðar mjög á því, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skuli koma með þessar mótbárur nú, þar sem málið er til síðari umr.,

en hafa ekki fundið köllun hjá sjer að gjöra það fyrr. Það er öllum kunnugt að nú í hálfa öld hefur fátækraskatturinn farið sívaxandi. (*Guðl. Guðm.:* Hvað kemur það þessu máli við?). Jú það kemur sannarlega þessu máli við; það er því auðsætt að hjer er eitthvað að. H. þm. V.-Sk. vildi kenna það einungis slóðaskap sveitarstjórnanna, að sveitarþyngslin færu vaxandi. Jeg verð að mótmæla þessu. Orsökin liggur í óhentugri löggjöf að nokkru leyti, sem þarf að breyta. En því er hjer þörf á milliþinganefnd að hjer er um það vandamál að ræða, sem ekki verður leitt til lykta á einu þingi. Þinginu er opt brugðið um hroðvirkni, en það kemur af því að nefndirnar hafa ekki nægilegan tíma til starfa síns. Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að nefnd þessi gæti fundið einhverja nýja vegi til þess að minnka sveitarþyngslin, og þá að draga fátækralögin saman í eina heild, sem orðin er í mjög miklum molum.

Það hefir verið tekið fram af h. þm. Árn. (Þ. G.), hvað hið helzta væri fyrir nefndina til athugunar. Sveitfestuatriðið er mjög þýðingarmikið, og skoðanir manna um það skiptar.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) lagði mikla áherzlu á það, að koma mundu fram miklar aðfinningar við gjörðir nefndar þessarar. Þetta er auðvitað mál. En hvenær getum við búizt við að fá lög eða lagafrumv., sem ekkert verði sett út á og aldrei þurfi að breyta? Það held jeg að verði seint. Jeg vonast því til að h. þingdeild taki ekki til greina mótmæli þau, sem komið hafa gegn nefnd þessari, en leyfi málinu að hafa framgang.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg fyrir mitt leyti get engan veginn tekið undir með h. þm. V.-Sk. (Guðl.G.) að það sje eingöngu sveitarstjórnunum að kenna, hve sveitarþyngslin erumikil hjer á landi, en það getur verið, að það sje að sumu leyti eða í sumum hreppum. Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar að hjer á Suðurlandi stafi sveitarþyngslin mestöll af smábýlunum í sveitinni og tómthúsunum við sjóinn

Eitt af þeim atriðum, sem minnzt hefir verið á, að hin fyrirhugaða nefnd ætti að fjalla um, er sveitfestutíminn, en jeg álít að það muni sannast, að hann sje óhafandi, hvort sem hann er hafður 5 eða 10 ár. Jeg álít að yfir höfuð sjeu slík ákvæði óbrúkandi. Maður gæti komið með æði mörg, dæmi og þau ófögur, hvernig farið er með fjelitla menn, þegar farið er að líða á sveitfestutímann, og hvernig sveitarstjórnirnar neyta þá allra bragða til að flæma menn á burt, og það mundi á sama standa þótt tekinn væri upp 5 ára dvöl, í stað hinna 10 ára, sem nú gilda, því þá mundi líkt farið með fjelitla menn þegar komið væri að 5. árinu, eins og nú er farið með þá þegar komið er fram á hið níunda árið, nefnilega á annan bóginn að bjarga þeim með svo nefndum gjöfum og á hinn bóginn með of fúsri hjálp af sveitarfje.

Jeg er sannfærður um að það mundi miklu heppilegra að gjöra fæðingarhreppinn eða dvalarhreppinn á þeim tíma sem maðurinn yrði þurfandi að framfærsluhrepp, en þó með ýmsum skilyrðnm t. d. byggðarleyfi með ýmsum takmörkum, ef um dvalarhreppinn væri að ræða o. fl.

Það er óþarfi að elta hjer allt það, sem finna má fátækralögunum til foráttu, því það yrði langt mál að telja það allt upp, enda virðist einum þetta og öðrum hitt í því efni. Verksvið nefndarinnar er, að minni hyggju, að íhuga allt það, sem að fátækralöggjöfinni er fundið og finna góð ráð til umbóta á öllu því, sem betur má fara.

Jeg er sannfærður um, að hin tilvonandi nefnd muni finna einhver ráð til endurbóta, þegar hún er sezt á laggirnar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta orð h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) því hann rangfærði ýmislegt í ræðu minni til þess að geta sent mjer slettu, og mótmæli jeg orðum hans algjörlega. Jeg sagði að það væri óðs manns hugur, að ætla sjer, að gjöra þær breytingar á fátækralöggjöfinni, er allir yrðu ánægðir með. Hann rangfærði orð mín á þann veg, að jeg hefði sagt, að það væri óðs manns hugur, að breyta fátækralöggjöfinni, af því að allir væru ánægðir með hana. Slíkt hefi jeg eins og þm. veit aldrei talað og er því ræða hans sem hann spann út af þessu fullkomin ósannindi.

Klemens Jónsson: Það er ekki í fyrsta skipti sem h. þm. V.Sk. (Guðl. Guðm.) ætlar að bera á móti því, sem hann hefir talað í áheyrn allrar þingd., en ef hann heldur að hann mótmælalaust geti komið fram með alls konar öfgar í þingd., og svo þrætt fyrir það á eptir, þegar það er rekið ofan í hann, þá skjátlast honum stórlega. Jeg skýt því óhræddur til deildarinnar hvort jeg hefi ekki rjett að mæla, enda skrifaði jeg upp þessi orð hans þegar er hann sagði þau, og stend við þau.

ATKV.GR.: Breyttill. við 1. lið a. á þskj. 95 smþ. með 14 atkv. gegn 1; breyttill. við 1. lið á þskj. 96 felld með 12 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
Björn Sigfússon	Guðjón Guðlögss
Eirikur Gíslason	Guðl. Guðmundss.
Jón Þórarinsson	Halld. Daníelss.
Ólafur Briem	Jón Jensson
Sig. Gunnarsson	J. J. þm. A-Sk.
Þórður Guðmss.	Pjetur Jónsson
Þórður Thoroddsen	Skúli Thoroddsen
Þorl. Guðmundsson	Tr. Gunnarsson
	Valtýr Guðmss.
	Þórh. Bjarnarson
	Sigh. Arnason

Breyttill. við 1. lið b. á þskj. 95 sþm. með 16 shlj. atkv. Till. með áorðnum breyt. samþ. með 15 atkv. gegn 2 og afgreidd til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um að mannvirkjafræðingur skoði ströndina frá Ölfusá að Loptsstöðum (C. 89, 93); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta var samþ. að hafa tvær umr. um þessa tillögu.

Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka aðgjörðir landstjórnarinnar í hinu svonefnda Skúlamáli (C. 81); ein umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eins og h. þingdm. sjá, fer till. þessi fram á, að neðri deild alþingis skipi nefnd til að rannsaka aðgjörðir landstjórnarinnar í hinu svonefnda »Skúlamáli», eða rjettara sagt til að leita upplýsinga um tildrögin til málshöfðunar gegn fyrv. sýslumanni Skúla Thoroddsen, og orsakirnar til þess, að hann síðar var leystur frá embætti.

Það er ýmislegt í þessu máli, sem oss, þingmönnum og öðrum landsmönnum, er fullkunnugt, og á hinn bóginn ýmislegt, sem er alls ókunnugt bæði þingi og þjóð.

Eitt af því, sem oss er fullkunnugt, er það, að árið 1892 kom fyrir lítilfjörleg yfirsjón í embættisrekstri sýslumannsins. Það var að eins lítilfjörlegur formgalli í sakamálsrannsókn í máli, sem orðið er alkunnugt undir nafninu «Skurðsmálið». Það er líka kunnugt, að ráðherra Íslands skipaði sjerstakan

dómstól, commissarius, til að rannsaka þetta mál og vita hvort sýslumaður hefði ekki framið brot gegn 127. gr. hegningarlaganna. Þegar þessi rannsókn hafði staðið um hríð, var honum vikið frá embætti, og tilfærir stjórnin þá ástæðu fyrir frávikningunni, að Sk. Thoroddsen sje talinn grunaður um brot gegn 5 greinum hegningarlaganna, nfl. 125., 127., 135., 142. og 144. gr., og um leið var skipað fyrir um sjerstaka rannsókn, ekki einungis í Skurðsmálinu, heldur á allri embættisfærslu Thoroddsens.

Það vita menn ennfremur að þessi rannsókn hefir haft ýmsar óheppilegar afleiðingar fyrir ýms hjeruð landsins og jafnvel fyrir landið allt; meðan á rannsókninni stóð, var ástandið í Ísafjarðarsýslu svo bágborið, að jeg treysti mjer ekki til að lýsa því. Fáir gátu verið óhultir fyrir rjettarhöldum og svardögum, ýmist logaði allt hjeraðið í málaferlum, eða fraus af kuldastormi haturs og gremju milli flokkanna, þeirra sem voru andvígir Skúla Thoroddsen og hinna, sem miklu heldur vildu honum vel. Þetta hafði þau miklu áhrif, að þau frækorn eyðilögðust, sem búið var að sá til framfara og blómgunar hjeraðsins, en upp kom í staðinn illgresi eitt, sem ekki er víst hvort búið er að uppræta enn. Þá vitum vjer það að þegar rannsókninni var lokið, var höfðað sakamál gegn Skúla sýslumanni, gekk það í gegn um alla dómstóla og vitum vjer úrslit þess þar. Sjerstaklega munu öllum minnisstæð hin síðustu afdrif þess, við hæstarjett ríkisins, sem margir meðal þjóðar vorrar og það jafnvel þeir, sem fengið hafa hina æðri og betri þekking, álíta ekki einungis hinn fullkomnasta dómstól ríkisins, heldur jafnvel á öllum Norðurlöndum. Svo hafa sumum þingmönnum farizt orð um þennan dómstól og skal jeg ekki hrekja þau. Þessi dómstóll, sem talið er óráð að vjer Íslendingar sleppum og sem Danir telja oss börnum líka, ef vjer viljum sleppa, hann hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að hr. Skúli Thoroddsen sje sýkn af öllum kærum. Ennfremur er það kunnugt, að málareksturþessi hefir haft mikinn kostnað í för með sjer, því auk þess, sem það hefir eytt stórfje fyrir Skúla Thoroddsen, hefir það líka eytt fje og tíma fyrir öðrum einstökum mönnum í Ísafjarðarsýslu og jafnvel víðar, en þó er það landssjóðurinn, þessi sjóður, sem vjer þingmenn eigum að ráðstafa, sem orðið hefir fyrir verulegum útgjöldum vegna málareksturs þessa, og því er eðlilegt, þó þjóðin vilji fá að vita, hverjar orsakir hafi verið til þessarar málshöfðunar, er haft hefir svona mikil fjárútlát í för með sjer.

Allt þetta vitum vjer, og þarf ekki nefnd til að rannsaka það, og enn vitum vjer eitt, sem ekki sízt hefir komið málinu inn á þingið, og það er það, að stjórnin hefir, þrátt fyrir sýknudóm hæstarjettar, leyst hr. Thoroddsen frá embætti með eptirlaunum. Það eru ekki sízt þessar aðgjörðir stjórnarinnar, sem hafa gjört, að þjóðin hefir þótzt neydd til að skora á alþingi að leita upplýsinga í þessu máli.

Þetta er nú það, sem vjer vitum; en svo er ýmislegt í þessu máli, sem vjer ekki vitum. Vjer vitum t. d. ekki, hvers vegna skipaður var sjerstakur dómstóll í Skurðsmálinu, þar sem að eins var að ræða um formgalla, er sýslumanni hafði orðið á. Hví var ekki farið vægilegar í það mál, hví mátti ekki láta sjer nægja að heimta skýrslur af sýslumanni og kannske leggja sekt á hann, úr því að aðeins var um formgalla að ræða? Þetta eru menn ófróðir um. Ennfremur er þjóðinni ókunnugt, hvers vegna stjórnin hefir

fundið ástæðu til að víkja Skúla Thoroddsen frá embætti um stundarsakir, enda þótt henni þætti ástæða til að láta rannsaka þetta eina atriði í Skurðsmálinu. Vitanlega segir stjórnin, að það hafi verið fyrir þennan grun um brot á hinum tilfærðu greinum hegningarlaganna. En hvaðan hafði stjórnin fengið að vita nokkuð, sem gæti vakið þennan grun, grun um brot á þessum greinum hinna almennu hegningarlaga? Um þetta þarf nefndin að leita upplýsinga.

Það síðasta og mikilvægasta, sem þjóðin ekki skilur og þarf því að fá upplýsingar um, er það, hvers vegna stjórnin hafi leyft sjer að víkja hr. Sk. Thoroddsen frá embætti með eptirlaunum, þegar hann er búinn að fá sýknudóm fyrir hæstarjetti. Það er auðvitað að stjórnin hefir mikið vald í þessu efni, en hvernig hún fer að forsvara það, að elta manninn fyrst með málaferlum og síðan að beita valdi, þegar hún verður undir í málaferlunum, það skiljum vjer ekki. Ennfremur er það ein spurning, sem nefndin þarf að leita upplýsinga um, hversvegna stjórnin hefir veitt þessum embættismanni lausn frá embætti sínu, um leið og hún lætur þess getið, að hún álíti hann færan um að gegna öðru samskonar embætti.

Með öðrum orðum: vjer vitum það, sem komið hefir beint fram, vjer vitum fullvel, hver niðurstaðan er orðin, en vjer vitum ekki undirrótina, orsakirnar til þess, sem orðið er. Það eru þessar orsakir, sem nefndin þyrfti að rannsaka og komast eptir, því «varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin».

Jeg gat þess áðan, að þjóðin þykist verða að leggja heldur mikið fje fram fyrir þetta mál, sem hún að svo stöddu álítur ófyrirsynju hafið, til þess að hún vilji ekki vita orsakirnar til þess, og þess vegna hefir hún komið fram með kröfur um, að þingið komist fyrir orsakirnar. Auk þessa kemur fram beiðni frá hr. Skúla Thoroddsen um mikið fje fram yfir hin væntanlegu eptirlaun, og hlyti rannsókn hinnar væntanlegu nefndar að hafa einhver áhrif á undirtektir þingsins undir þessa fjárbeiðni.

Skal jeg svo ekki ræða fleira um mál þetta að sinni, en jeg vona að h. þingd. sjái, að mikil ástæða er til, að nefnd þessi verði skipuð, frá hvaða sjónarmiði, sem á málið er litið, ekki að eins frá sjónarmiði þess embættismanns, sem hjer ræðir um, og þjóðarinnar sjálfrar, heldur og frá sjónarmiði stjórnarinnar. Því hafi stjórnin á einhvern hátt misbeitt valdi sínu í þessu máli, þá ætti þjóðinni að vera kært að fá að vita, hver liður hennar hafi gjört það. Í augum þjóðarinnar er mikill munur á því, hver liður stjórnarinnar hafi komið hjer eða annarsstaðar öðru vísi fram en vera ætti, því eins og menn vita er hugsunarháttur þjóðarinnar sá, að ráðherrann sje maður, er ekki skilji hugsunarhátt manna hjer nje þekki landsháttu þessa lands og því sje ekki við góðu að búast af honum. En um landshöfðingjann vita mann það, að hann er innlendur maður, fæddur og uppalinn af þessari þjóð, sem því virðist mega vænta sjer töluverðs góðs af honum. Verði hann því valdur að því, að stjórnin misbeiti valdi sínu gegn þjóðinni eða einstökum mönnum hennar, hlýtur henni að mislíka slík framkoma enn meir. En sem sagt rannsóknin getur allt eins vel leitt það í ljós, að hjer sje ekki um það að ræða, að landsstjórnin hafi misbeitt valdi sínu, og þótt svo kynni nú að verða litið á málið eptir rannsóknina, þá er þó ekki víst, að hún leiði af sjer neinn áfellisdóm yfir hæstv. landsh., sízt fremur en nú á sjer stað, heldur ef til vill miklu

síður. Allt þetta er ósannað. Frá þessu sjónarmiði er nefndarkosningin því ekki síður nauðsynleg.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 19 shlj. atkv. Í nefndina voru kosnir:

Guðjón Guðlaugsson	með	18 atkv.
Sig. Gunnarsson	—	16 —
Sighv. Árnason	—	14 —
Þórður Thoroddsen	—	13 —
Einar Jónsson	—	12 —

Sextándi fundur, föstudag 19. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður nema þm. Dal. (Jens Pálsson) og þm. S.-Þing. (Pjetur Jónsson).

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (C. 65); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 30, 71, 123); 3. umr.

Framsögumaður (*Þórh. Bjarnarson*): Breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir, er aðallega gjörð til þess, að fyrirbyggja misskilning á orðum frumv. Þar stendur svo í 1. gr.: »Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa til að taka prestsembætti á hendur«. Eptir umræðunum í hitt eð fyrra var þetta skilið svo, að þetta ætti að eins við óvígða kandídata, en næði ekki til aðstoðarpresta. En rýmri skilningur kemst þó hjer að og nefndinni virðist rjett, að það nái einnig til aðstoðarpresta, því þó þeir sjeu vígðir, hafa þeir ekkert embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þeir eru að eins ráðnir af presti þeim, sem notar þá, og þótt þeir hafi fengið vígslu, þá getur það hafa verið undir nokkuð öðrum kringumstæðum en eigi sjer stað um þá sem vígðir eru til embætta upp á eigin ábyrgð. Biskup vígir fremur kandídat til aðstoðarprests heldur en til embættis, þó hann telji hann miður hæfan til prestsembættis, því hann gjörir það upp á ábyrgð þess prests, sem hefir valið sjer hann fyrir aðstoðarprest, og aðstoðarprestinum getur orðið það góður skóli, svo að hann að þeim tíma liðnum sje orðinn vel hæfur til að taka embætti á eigin ábyrgð, þó að hann einhverra orsaka vegna hafi verið miður hæfur til þess áður. En komi slíkur reynsluskóli eigi að tilætluðum notum, þá á biskup að hafa vald til að ryðja slíkum aðstoðarprestum frá kosningu. Auk þess er líka að gæta, að aðstoðarprestar eru opt vígðir svo ungir, að sækja verður um aldursleyfi, og eru því opt svo óreyndir, að þeir eru naumast færir um að gegna embætti upp á eigin ábyrgð, þótt góðir og efnilegir sjeu.

En að því er kemur til presta, sem þegar hafa fengið embætti, virðist eigi þörf eða eiga við, að beitt sje við þá þeim ákvæðum, sem hjer er farið fram á að beita megi við aðstoðarpresta og kandídata. Því þótt þeir kunni að gefast misjafnlega, þá heldur nefndin því fast fram, að allir þeir, sem embætti hafa, eigi að komast á kjörskrá, og sá sem ekki sje hæfur til að komast á kjörskrá, sje einnig óhæfur til að sitja kyr í embætti því, sem hann hefir.

Nefndin hefir ástæðu til að ætla, að frumv. verði aðgengilegra fyrir kirkjustjórnina, ef breyt.till. kemst að, því að henni er eðlilega annast um ruðningarvaldið, og það er að nokkru rýmkað með breyt.-till., og treystir nefndin því, að h. deild samþykki hana.

Jeg drap á það við 2. umr. þessa máls, að vanalega væri nógur atkvæðafjöldi við prestakosningar, þó að til löglegrar kosningar útheimtist $^2/_3$ atkvæða. Mjer hefir síðan 2. umr. fór fram, gef-

izt kostur á að kynnast fundarsókn og atkvæðagreiðslu við prestskosningar síðustu 3—4 ár. Jeg hefi hjer fyrir mjer útdrátt af 13 kosningargjörðum, þar sem 2 eða 3 hafa verið í kjöri, og hefir í 11 prestaköllum af þessum 13 orðið lögmæt kosning, og í 10 af þessum 11 hefir jafnan orðið yfirgnæfandi atkvæðafjöldi fyrir þeim, er kosningu hlaut. Það er að eins í einu prestakalli af þessum 11, nefnilega Helgafellsprestakalli, að kosningin hefði ekki orðið lögmæt, ef ákvæðin $^2/_3$ atkvæða hefðu gilt, en alstaðar annarstaðar hefði prestur verið löglega kosinn, þó ákvæðið um $^2/_3$ atkvæða hefði verið komið á.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr., á þgskj. 123, samþ. með 18 samhlj. atkv. Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 17 samhlj. atkv. og sent forseta Ed.

Frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Grímsey Pjetri Guðmundssyni (C. 103); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv. og endursent til forseta efri deildar.

Frumv. til laga um breyting á 5. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 (C. 64); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í einu hlj. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 62); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um hvalleifar (C. 86); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyt. á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 102); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Orsakirnar til þess, að frumv. þetta kemur fram, eru í stuttu máli þær, að menn eru óánægðir yfir því, að menn, sem búsettir eru utanhrepps, hafa tekið jarðir til afnota án þess að borga neitt eptir þær til sveitarþarfa. Mál þetta kom fyrir síðasta þing, og það af sömu ástæðu og nú. Þá lá fyrir beiðni um það, að sú breyting yrði gerð á sveitarstjórnartilskipuninni, sem hjer er farið fram á; en það var þá efri deildin, sem hafði málið til meðferðar og felldi það af orsökum, sem lesa má í Alþingistíðindunum; því er það nú tekið upp aptur. En sú breyting hefir nú verið gjörð á frumv., að í stað orðsins »ábúð« er nú sett orðið »afnot«, því það hefir sýnt sig, að bæði almenningur og dómstólarnir hafa lagt nokkuð misjafnan skilning í orðið »ábúð« og þótti oss því flutningsmönnum rjett, að þetta orð væri numið burt, til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Það mun verð haft móti orðinu »afnot«, að það sje svo víðtækt, að álögurjettur sá, er hjer er veittur, yrði ef til vill misbrúkaður með því að leggja aukaútsvar á utanhreppsmenn fyrir sárlítil afnot jarða, svo sem slægjublett, eða þess konar. En jeg sje ekkert á móti því, að svo væri gert, því að þess má vænta, að menn sýni þá sanngirni, að leggja ekki óhæfilega há útsvör á afnot sem eru lítils virði. Menn hafa borið kvíðboga fyrir því, að með

þessu móti verði lagt á þessi jarðarafnot á tveim stöðum, nefnilega fyrst í heimilishreppi þess, sem afnotin hefir, og svo í þeim hreppi, sem jörðin er. En við því er alls ekki hætt, þegar það er orðið lögheimilt og því fyrirfram vitanlegt, að leggja má á jarðarafnotin sjer á parti.

Jeg ímynda mjer, að ekki verði miklar umræður um frumv. þetta; því svo margir hafa æskt eptir, að það fengi framgang, og þar á meðal hefir ósk þessi komið úr 2 kjördæmum.

Jeg skal geta þess, að sá galli hefir orðið á frumv. í prentuninni, að þar vantar citatið 9. ágúst 1889, sem æskilegi væri að sett yrði inn í frumv. við 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi holdsveikraspítala (C. 69); fyrri umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að í 1. lið till. hefir orðið »holdsveikis« fallið burt fyrir framan »spítala«, og svo framarlega sem h. forseti álítur, að ekki megi bæta því inn í án breyt.till., þarf nefndin að koma með tillögu í þá átt við hina síðari umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að taka fram, að jeg býst við, að nefndin sjái um, að fjárlaganefndin taki að sjer fjárveitingar þær, sem nauðsynlegar eru til þess að tillögum þessum verði framfylgt, og hvað 1. lið snertir, álít jeg fjárveitinguna sjálfsagða og get vel fallizt á hana. En hvað 2. lið snertir á jeg ekki hægt með að fallast á það, að það starf sje lagt á hjeraðslækna og aukalækna, að flýta svo talningu holdsveikra, að árangurinn verði lagður fyrir þingið 1897, því að þá yrði talningunni að vera lokið haustið 1896 eða eptir rúmt ár, án þess að hlutaðeigandi læknar fái að minnsta kosti ferðakostnaðinn greiddan af landssjóði.

Meining stjórnarinnar var, að fá þessa talningu án kostnaðar fyrir landssjóð, og því tiltók hún svona langan tíma, en þegar hún á að gerast að eins á 1 ári, er það hart að leggja það á menn, sem hafa lítil laun, að koma heim á hvert einasta heimili í umdæminu eða því sem næst, en væri tíminn, sem talningin ætti að fara fram á, nokkuð langur, mundu læknarnir geta komið á flest heimili sjer að kostnaðarlitlu, en að ferðast heim á hvert heimili í víðlendu og strjálbyggðu hjeraði á einu ári er naumast hægt að heimta af læknunum endurgjaldslaust.

Að öðru leyti væri æskilegt fyrir stjórnina að fá að heyra hvaða breytingar á frumv. menn óskuðu eptir sjerstaklega, en litlar bendingar hafa komið fram í þá átt við 1. umr., nema frá h. framsögum. (Þ. Th.).

Aptur á móti hafa komið fram frá 2 h. þingmönnum ýmsar bendingar og uppástungur, sem stjórninni mundi veita erfitt að taka til greina og koma í kring fyrir þingið 1897. Þannig kom meðal annars fram sú spurning, hvar spítalinn ætti að vera, og var talað um, að stjórnin útvegaði jörð fyrir spítalann. Það er hætt við, að þótt stjórnin útvegaði hana, þá mundi þinginu ekki líka ráðstafanir stjórnarinnar; jörðin kynni að þykja of dýr, eða á óhentugum stað, eða hafa aðra þá annmarka, sem þinginu geðjaðist ekki að.

Jeg held að sú spurning, hvar spítalinn eigi að standa, verði að bíða þess tíma, þangað til búið er að ráða af, hvort spítalinn verður stofnaður eða ekki, og mjer virðist nóg, hvað það snertir, það sem nefnt er í stjórnarfrumv., að hann skuli vera í nánd við Reykjavík. Bendingar þær er háttv. framsögum. (Þ. Th.) hefir gefið, munu

verða teknar til greina, en jeg gjöri þá ráð fyrir, að þingið muni ekki skera upp á neglur sjer, ef stofna á spítala með slíku fyrirkomulagi, sem hann fer fram á, því spítali þessi hlýtur að verða miklu dýrari heldur en sá, sem stjórnin hafði hugsað sjer.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. landsh. því, að nefndin muni sjálfsagt gjöra það, sem í hennar valdi stendur til þess, að fá h. fjárlaganefnd til þess, að taka upp á fjárlögin fje það, sem þarf til þess, að framkvæma það, sem tillagan hefir í för með sjer. Nefndin hefir þegar gjört ráðstöfun til þess, að á fjárlögunum sje veitt sú upphæð, sem þarf til þess, að fá hæfan lækni til þess, að ferðast til Noregs, og kynna sjer holdsveikismálið þar. Að því er talninguna hinna holdsveiku snertir, þá get jeg enn ekki verið á því, að eigi sje hægt að hafa lokið henni svo snemma sem þarf til þess, að málið geti fyrir þær sakir orðið lagt undirbúið fyrir þingið 1897. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að læknar þurfi að fara inn á hvert einasta heimili til að telja sjúklingana, og ef þessi tillaga verður þegar í haust samþykkt af stjórninni, og stjórnin svo skipar læknunum þegar að hefja talninguna, þá ætti henni að geta verið lokið fyrir árslok 1896; en það ætti að vera nógu snemmt til þess, að stjórnin þó gæti lagt málið fyrir þingið 1897. Ef hæstv. landsh. sýnist ekki fært, að leggja þetta aukastarf á læknana án sjerstakrar borgunar, þá er jeg ekki og líklega ekki nefndin í heild sinni heldur á móti því, að bætt sje inn í tillöguna ákvæði um það, að læknarnir fái endurgoldinn ferðakostnað sinn, t. a. m. eptir reikningi, sem landshöfðingi hefir samþykkt. Úr því vjer á annað borð erum á því, að byggja þurfi holdsveikisspítala, þá má ekki horfa í fáeinar krónur til undirbúnings; og góðan undirbúning álít jeg einkar-nauðsynlegan; annars hlýtur þingið 1897 að renna blint í sjóinn í þessu efni, að meiru eða minna leyti. Jeg tek það enn upp, að nefndin muni gjöra það, sem í hennar valdi stendur til þess, að fá fjárlaganefndina til að samþykkja og taka upp á fjárlögin þau útgjöld, sem tillagan mun hafa í för með sjer.

Hvað viðvíkur bendingum þeim, sem hæstv. landshöfðingi taldi æskilegt fyrir stjórnina, að fá frá þinginu, þá hef jeg áður í stuttu máli tekið fram, hvernig vjer óskuðum að spítalinn yrði byggður. Jeg tek það enn fram, að ef vjer á annað borð byggjum spítala, þá ættum vjer að byggja hann í sama formi og með sömu þægindum fyrir sjúklingana eins og samskonar spítalar hafa í öðrum löndum. Vjer eigum að byggja hann svo, að sjúklingarnir laðist fremur að honum, og finni þar til vellíðunar, heldur en þeir forðist hann. Vjer erum á síðari árum búnir að fá nóga vanvirðu fyrir meðferðina á holdsveikum mönnum hjá oss, þó vjer rekum nú af oss sliðruorðið og sýnum, að vjer getum verið menn með mönnum.

Um það, hvort jörð skuli fylgja spítalanum eða ekki, hef jeg ekki margt að segja annað en það, sem áður hefur verið tekið fram, en hef ætlazt til, að stjórnin undirbyggi það eins og annað, og væri sjer úti um tilboð frá mönnum um jörð eða lóð undir spítalann; þessi tilboð gæti hún svo lagt fyrir þingið 1897, sem svo að sjálfsögðu gjörði við þau það, sem því sýndist. — En jeg tel nauðsynlegt, að einhver lóð fylgi spítalastofnaninni, þó að ekki sje hún stærri en svo, að sjúklingar þeir, sem vinnufærir eru á stofnaninni til útivinnu, geti haft nægilegt að gjöra.

Að svo stöddu hef jeg ekki meira að segja, en skal að eins bæta því við,

að jeg mun bera mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvort ástæða muni að bæta inn í frumv. ákvæði um borgun handa læknum fyrir talningu holdsveikra manna.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg skal leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar, hvort hún sjái ekki ástæðu til, að fella úr orðin »ef unnt væri« í öðrum lið tillögunnar, svo að það sje engum vafa undir orpið, að árangurinn af talningunni komi fyrir þingið 1897. Jeg álít, að skilyrðið fyrir áreiðanlegleik talningarinnar sje einmitt það, að hún fari fram á stuttum tíma. Ef talningin tekur yfir langan tíma, þá verður hún óáreiðanleg meðal annars af því, að bæði geta bætzt nýir holdsveikir menn við í læknishjeraðinu frá því að byrjað var á talningunni og þangað til hún endaði, og aptur aðrir fallið frá, auk þess sem milliflutningur getur valdið ruglingi, ef talningin fer ekki fram á sama tíma í öllum hjeruðunum. Þessu held jeg fram af því, að mjer blandast ekki hugur um, að vjer eigum að byggja holdsveikraspítala, og byggja hann sem fyrst; og jeg var einn af þeim fáu deildarmönnum, sem greiddu atkvæði með frumv. stjórnarinnar. Jeg álít, að eigi hafi verið þeir gallar á undirbúningi þess, að þeirra vegna hafi verið frágangssök, að samþykkja það með nauðsynlegum lagfæringum. En nú er komið sem komið er, og ekki til neins að sakast um orðinn hlut, enda má vera, að drátturinn gæti, ef hann er vel hagnýttur, orðið fremur til að bæta fyrir málinu en spilla.

Það liggur við borð, að nefndin hafi með meðferð sinni á málinu gefið sumum tilefni til að ætla, að hún hafi viljað svæfa málið, en eigi gjöri jeg ráð fyrir, að svo hafi þó verið; enda þætti mjer þá illa farið, því að jeg get lýst því yfir, að eigi jeg að greiða atkvæði um það á þingi 1897, þá mun jeg eindregið greiða atkvæði með spítalastofnuninni; jeg álít það vera siðferðilega skyldu þingsins, að fylgja henni öruggur fram. Jeg vil og í þessu sambandi taka það fram, að verði lögin um aðgreiningu holdsveikra samþykkt og staðfest, og þeim stranglega framfylgt, þannig, að sveitirnar verði að byggja sjerstök herbergi handa holdsveikis-sjúklingum sínum, þá getur svo farið, segi jeg, að við það leggist langt um þyngri kvöð á sveitirnar en þó þær þyrftu að gefa nokkurt fje með sjúklingunum á holdsveikis-spítala; eigi aðgreiningin og einangrunin að vera alvarleg, verður hún ekki einungis tryggust, heldur enda ódýrust fyrir landið í heild sinni á holdsveikis-spítala.

Jeg vil geta þess, að jeg er alveg samþykkur tillögu stjórnarinnar um það, að spítalinn sje í nánd við Reykjavík. Vjer getum vísast vonað, að spítalinn hafi unnið ætlunarverk sitt, og að holdsveikinni sje útrýmt eða því sem næst eptir hálfan eða heilan mannsaldur. Standi nú spítalinn í grennd við Reykjavík, og fari svo sem maður óskar, að leggja megi spítalann niður á komandi öld, kemur húsið miklu betur að notum, til einhverra annara landsþarfa, sje það hjer í nánd, en annarsstaðar á landinu. Þó að það sje nokkuð snemmt, að fara að taka til staðinn nú, þá skal jeg benda á, að mjer sýnist Laugarnes einkar-hentugt spítalastæði. Þar er og kostur á, að fá nægilegt land og með góðum kjörum bæði til grasræktar og garðræktar; það er fullkomlega afskekkt, en þó svo örskammt frá Reykjavík, að þar mundi ekki þurfa að hafa sjerstakan spítalalækni á staðnum, því að einhver Reykjavíkurlæknanna mundi fúslega, fyrir hæfilega þóknun, taka að sjer vitjun sjúklinganna og eptirlit með þeim, eins og þörf krefði.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.).: Jeg er því algjörlega móttallinn, að læknunum sjeu áskilin sjerstök laun fyrir talningu holdsveikra manna. Þegar að almennt fólkstal fer fram, þá er prestum gjört að skyldu, að framkvæma það endurgjaldslaust, og þá get jeg ekki fremur vorkennt læknum, að framkvæma þessa talningu án endurgjalds, og það því síður, sem þeir fá borgun fyrir því nær hvert viðvik, sem þeir gjöra.

Að vísu eru föst laun þeirra ekki mjög há; en hærri eru þau þó en laun prestanna vel flestra.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að minnast á sama efni, sem h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), minnast á talningu hinna holdsveiku. Reyndar er jeg ekki á því, að laun lækna sjeu svo há, að fært sje að bæta á þá miklum störfum án endurgjalds. En á hinn bóginn er þess að gæta, að sendiförin til Noregs og annar undirbúningur undir spítalastofnunina hlýtur að hafa mjög mikinn kostnað í för með sjer; það verður töluverður skattur með því lagður á þjóðina, og vjer verðum að reyna að stuðla að því, að gjöra ekki undirbúningskostnaðinn meiri en brýn nauðsyn krefur. Kostnaður og fyrirhöfn við talninguna verður mjög undir því komið, hve nákvæm hún á að vera.

Jeg vildi fá bendingu frá hæstv. landsh. og h. framsögum. (Þ. Th.) um, hvort þeir álíti þörf á, að læknar fari heim á hvert einasta heimili til að framkvæma talninguna; ef svo væri, þá mundi jeg því ekki móttallinn, að þeir fái borgun fyrir starf sitt. En jeg álít þá nákvæmni allsendis ónauðsynlega, og þá jafnframt ónauðsynlegt, að sjerstök borgun sje greidd fyrir talninguna. Ef læknum væri upp á lagt, að telja holdsveika menn, og þeim jafnframt ekki gefið í skin, hve nákvæmlega þeir ættu að telja, en að þeir ættu að fá fyrirhöfn sína endurgoldna eptir reikningi, þá mundi einn læknirinn spara sjer öll óþörf ómök, en annar ekki jafn-vendilega, þegar hann sæi, að hann fengi ferðir sínar borgaðar. Með þessu móti ímynda jeg mjer, að talningin mundi ekki verða áreiðanlegri, en kostnaður þó næsta tilfinnanlegur. Ef læknum yrði gjört að skyldu, að fara heim á hvert heimili og skoða hvern mann, þá mundi verða að greiða þeim stórfje fyrir alla þá fyrirhöfn, þótt reikningar þeirra væru á engan hátt ósanngjarnir.

Vjer verðum að gæta þess, að læknar eiga opt erindi um hjeruð sín, og geta þeir þá skoðað marga að kostnaðarlausu eða kostnaðarlítlu, ef þeir við hafa hagsýni, en ef þeir eiga von á borgun eptir reikningi fyrir skoðunarferðirnar, þá er hætt við að allir þeirra noti ekki nauðsynjaferðirnar eða taki þær til greina sem skyldi. Það munu vera til heil hjeruð hjer á landi, þar sem enginn holdsveikur maður er; þannig veit jeg ekki til, að nokkur holdsveikisgrunur hvíli á allri Strandasýslu. Það var að eins einn unglingur í Hrútafirði, sem menn voru hræddir um, að holdsveiki byggi í; en doktor Ehlers skoðaði hann, og áleit, að það væri að eins ósaknæmur hörundskvilli. Ef t. d. lækninum í Strandasýslu yrði gjört að skyldu að ferðast um sýsluna, og skoða alla sýslubúa, þá mundi það verða all-dýrt, en þó að líkindum árangurslaust. Jafnframt því sem allir læknar þurfa að ferðast meira og minna um hjeruð sín í ýmsum erindum, og geta þá um leið fyrirhafnarlítið grennslast eptir um holdsveikis-ástandið, ættu þeir að geta fengið góðar stuðningsskýrslur frá áreiðanlegum mönnum, t. d. prestum og hreppstjórum; og ættu þeir

svo ekki að þurfa að fara á aðra staði en þar sem grunur ljeki á um holdsveiki.

Væri þessi aðferð höfð, er jeg helzt á því, að eigi þurfi að greiða læknunum sjerstaka borgun fyrir talninguna, og það því síður, sem þeir eru nú orðnir svo margir, að fæstir þeirra hafa ýkjastórt svæði til yfirferðar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði mjer að fara fáum orðum um það, sem jeg drap á um daginn, að jeg teldi nauðsynlegt að spítalanum fylgdi jörð, og að eitt af undirbúningsatriðunum undir spítalastofnunina væri, að sjá sjer út þessa jörð. Meining mín var ekki sú að stjórnin afgjörði kaup á nokkurri ákveðinni jörð, heldur að eins að hún útvegaði sjer tilboð, er þingið svo gæti sagt af eða á um; þetta hygg jeg að stjórninni sje og innanhandar að gjöra, og þó eigi væri nema um Laugarnes að ræða, þá væri gott að fyrir þinginu lægju tilboð frá bæjarstjórninni í Reykjavík um það, með hverjum kostum hún vildi leyfa að þar væri spítali reistur, því að þau tilboð geta að vísu verið aðgengileg, en það getur líka verið að þau verði það ekki. Jeg skil ekki í, hvernig hægt er að láta sjer detta í hug, að nefndin vilji svæfa málið; hún hefir þvert í móti látið í ljósi að hún teldi þetta nauðsynjamál, en vildi að eins fresta því af því að undirbúningur þess væri ónógur, og það hefir stjórnin líka sjálf játað.

Jeg get tekið undir með h. þm. A.-Sk. (J. J.), að jeg er alveg á móti því að læknar fái sjerstaka borgun fyrir talningu hinna holdsveiku; sá kostnaður gæti orðið ærið mikill, er af því leiddi; en af annari hálfu held jeg að talningin sje ekki þeim erfiðleikum bundin, ef haganlega er að farið, að læknum sje lögð ósanngjarnlega þung byrði á herðar, með því að skylda þá til að framkvæma hana endurgjaldslaust. Það getur verið að fyrirhöfnin verði nokkur í þeim hjeruðum, þar sem holdsveikin stendur sem hæst, en í mörgum hjeruðum yrði hún lítil. Jeg tel það sjálfsagt, að læknarnir þyrfu ekki nærri inn á hvert heimili. Prestarnir ættu að geta orðið þeim til mikillar aðstoðar, þeir sem hafa svo mikil mök við sóknarfólk sitt, hitta það bæði á kirkjufundum og húsvitjunarferðum, sem þeir munu eiga að fara tvær á ári um allt prestakallið; þeir hljóta því að verða þess varir undir eins og nokkur veruleg brögð fara að verða að holdsveiki hjá einhverju sóknarbarni sínu. Mjer sýnist það nefnilega ekki nauðlegt að rannsóknin fari fram á visindalegan hátt á hverri einstakri persónu, hitt sje nógur undirbúningur fyrir málið, að þeir sjeu taldir, sem holdsveiki er komin í ljós á. Þegar læknar eru á ferðum þeim, sem þeir þurfa ekki mjög að hraða sjer, þá gætu þeir og stefnt mönnum saman á vissa staði til skoðunar. Jeg skal bæta því við það sem h. þm. A.-Sk. (J. J.) sagði, að prestar yrðu að vinna að fólkstalinu borgunarlaust, þá verða hreppstjórar og að hjálpa þeim til þess, án alls endurgjalds, og koma á hvert heimili, og borið saman við þetta tel jeg læknum vorkunnarlaust þó þeir verði í eitt skipti að telja holdsveika menn hjer á landi, án þess að fá sjerstaka þóknun fyrir.

Það hefir verið tekið fram, að nóg væri að talningarskýrslurnar yrðu komnar til landstjórnarinnar fyrir árslok 1896, en jeg verð að segja að það sje í raun veru nóg, að þær sje komnar þangað fyrir þing 1897, en sennilegt er að þær geti orðið það fyrr.

Jón Þórarinsson: Jeg er h. þm. Borgf. (Þórh. B.) þakklátur fyrir þær bendingar, sem hann hefir komið með í þessu máli, bæði að því er snertir orða-

lagið, og sömuleiðis um það að hraða þyrfti talningunni svo, að frumv. um spítala, sem byggt væri á þessari talningu hinna holdsveiku, gæti orðið lagt fyrir þingið 1897. Að gjöra orðabreytingu í þessa átt í tillögum nefndarinnar álít jeg þó enganveginn nauðsynlegt, því að stjórnin hefir víst fengið nægar bendingar í þá átt hjer við umr. um málið, og vjer vonum, að stjórnin taki þessar bendingar til greina. H. þm. Strand. (Guðj. G.) áleit, að talning hinna holdsveiku þyrfti ekki að vera svo nákvæm. Nefndin var einmitt þeirrar skoðunar, að talningin þyrfti að vera svo nákvæm sem unnt væri, og læknarnir geta eigi gefið glöggar skýrslur, nema þeir komi á hvert einasta heimili í sínu hjeraði; mjer finnst því einmitt ástæða til að skylda læknana til að koma á hvert heimili, en aptur á móti sje jeg enga ástæðu til þess, að veita þeim neina aukaþóknun fyrir það; hjer er talsverður tími til stefnu og það getur ekki verið svo sjerstökum erfiðleikum bundið fyrir lækna, að koma á hvert heimili í hjeraði sínu á þeim tíma. Mjer hefir heyrzt á hæstv. landsh., að hann skilji frestun þessa máls svo, sem hún væri gjörð til þess að talningin yrði sem nákvæmust.

Jeg verð að bera það blak af nefndinni, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) dróttaði að henni, að hún með þessari frestun hafi viljað drepa málið. Þetta er algjörður misskilningur hjá h. þm. Frestunin er að eins í því skyni gjörð, að málið fái þeim mun betri undirbúning.

Björn Sigfússon: Jeg var einn af þeim fáu þm., sem greiddi atkvæði með því að stjórnarfrumv. gengi til 2. umr., og var það byggt á því, að mjer var annt um að þetta mál næði sem fyrst fram að ganga. En hinsvegar skal jeg ekki koma með neinar ásakanir fyrir hvernig fór. Jeg veit að orsökin hefir að eins verið varfærni manna, og áhugi og umhyggja fyrir því að undirbúningur málsins yrði sem beztur.

Mig furðar á því, að hæstv. landsh. ljet í ljósi ótta sinn fyrir því, að talningin mundi hljóta að taka svo langan tíma, og að hún mundi verða svo fjarska örðug. Jeg held að þetta sje byggt á misskilningi. Talning hlýtur að vera ljett að framkvæma. Læknunum hlýtur að vera kunnugt um því nær alla holdsveika menn í sínu umdæmi, sem sjúkdómurinn er kominn í ljós á, því að sje einhver grunur um að einhver maður sje holdsveikur, þá verður læknirinn fljótt var við það; til hans er leitað ráða, og annaðhvort send sjúkdómslýsingin, eða hann látinn skoða sjúklinginn. Svona mun það hafa verið hingað til, og því fremur hjer eptir, þegar búið er að vekja meiri eptirtekt og meiri hræðslu fyrir þessum sjúkdómi. Auk þess geta læknarnir, eins og bent hefir verið á, notið leiðbeiningar ýmsra kunnugra og áreiðanlegra manna, svo sem presta, hreppstjóra og fl.

Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta, en að eins bæta því við, að jeg hef nú nýlega talað við tvo merka lækna, sem sögðu: »Jeg treysti mjer til að framkvæma talninguna í mínu hjeraði á einu ári eða minna«. Jeg held því að þessi ótti fyrir örðugleikunum við talninguna sje mikið ímyndaðar grýlur, og sje enga ástæðu til að ákveða nokkra þóknun handa læknum í þessu skyni. Það er ekkert óvanalegt, að heimtaðar sje ýmsar nýjar skýrslur af sýslumönnum, prestum, hreppstjórum og hreppsnefndum, sem kosta ómök, en þó ekki ákveðin nein sjerstök borgun fyrir.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd. Það hafa ýmsir þm. haft á móti borgun til lækna fyrir

talninguna, fyrst hún ætti ekki að fara fram á svo stuttum tíma. Menn hafa borið saman prestana og læknana, en sá samanburður er ekki rjettur, því að húsvitjunarferðir presta heyra með til embættisverka þeirra, en læknar hafa enga slíka húsvitjunarskyldu. *(Björn Sigfússon*: Þeir eiga að líta eptir heilbrigðisástandinu.). Þeir hafa enga lagalega skyldu til að líta eptir heilbrigðisástandinu, og þeir eru ekki skyldir til að fara eitt fet út af heimili sínu nema fyrir borgun. Þeir geta því strangt tekið alveg neitað að framkvæma þessa talningu, jafnvel þótt landstjórnin skipi þeim það; en annað mál er það að þeir munu ekki gjöra það. Jeg álít að talningin eigi að vera svo nákvæm sem unnt er. Reyndar er ekki svo að skilja að jeg álíti nauðsynlegt að læknar komi á hvert einasta heimili og rannsaki hvert mannsbarn, en koma verða þeir að minnsta kosti í hvern hrepp og spyrja sig fyrir, og rannsaka alla þá, sem nokkur grunur liggur á að hafi veikina. Slík talning er hreint ekki svo lítið vandaverk sem h. þm. Húnv. (B. S.) virðist álíta, og þótt hann treysti sjer til að framkvæma talninguna í sínu hjeraði eða einhver annar á einu ári, þá treysti jeg honum ekki til þess. Það er sjerstaklega hin sljetta tegund veikinnar, sem mjög erfitt getur verið að þekkja og jafnvel ómögulegt, nema með nákvæmri rannsókn.

Jeg álít það rjettast að læknum væri ákveðin einhver borgun fyrir ómak sitt; hún þyrfti ekki að vera svo mikil, og svo ætti að vera um hnútana búið, að hún yrði sem minnst misbrúkuð. Mjer finnst þingið ekki geta verið þekkt fyrir að skera þetta svo mjög upp á neglur sjer, og menn verða að gæta þess, að þetta er ekki að eins gjört með hinn fyrirhugaða spítala tyrir augum, heldur einnig í þarfir vísindanna, og vjer Íslendingar leggjum sannarlega ekki svo mikið fram til þeirra, að vjer ættum að láta oss muna um að leggja fram fáeinar krónur til þess að fá talda holdsveikissjúklingana á landinu.

Jeg skal svo að eins bæta því við, að jeg álít það nauðsynlegt að talningin sje komin til stjórnarvaldanna áður en farið er að hugsa um uppdrætti eða útbúning á spítalanum, eða ekki seinna en haustið 1896, því að undir því, hvað margir sjúklingar það eru, sem þyrftu að nota spítalann, er kominn allur annar undirbúningur hans.

Jón Jensson: Jeg ætla að eins að tala fá orð í þessu máli. Jeg var einn af þeim fáu þm., sem greiddu atkvæði með því, að stjórnarfrv. gengi óbreytt til 2. umr., en jeg gjörði ekki grein fyrir atkvæði mínu þá. Orsökin til þess var sú, að mjer fannst nefndin nokkuð ströng í kröfum sínum um undirbúning málsins, og þá sjerstaklega með talningu holdsveikra. Mjer finnst þessi talning ekki vera svo tjarskalega nauðsynleg. Í vísindalegu tilliti og fyrir landstjórnina hjer hefir hún náttúrlega mikla þýðingu, og af þeirri ástæðu er jeg henni meðmæltur, en sem grundvöllur fyrir stofnun holdsveikisspítala skil jeg varla að hún þurfi að álítast nauðsynleg. Mjer finnst rjettast að fara í líka átt og stjórnarfrumv. fór fram á, að byrja smátt og byggja ekki stóran spítala fyrst í stað, en haga byggingunni þannig, að bæta megi við hana. Afleiðingin af þessu verður sú, að 2. atriði í tillögum nefndarinnar verður óþarft sem grundvöllur fyrir stofnun holdsveikisspítala, og er engin ástæða að mínu áliti til að flýta svo mjög fyrir talningunni, en hafa hana að eins sem áreiðanlegasta.

Annað var það, sem h. framsögum. (Þ. Th.) tók fram, en það var að spítalinn ætti að vera sem fullkomnastur

að mögulegt væri, og að geta fullnægt öllum þeim kröfum, sem menn í öðrum löndum nú á tímum vilja gjöra til slíkra stofnana. Það væri náttúrlega gott ef þetta gæti látið sig gjöra, en jeg álít að við ættum að fara varlega í það, að ýta undir stjórnina í að vera mjög »flot« í þessu efni. Vjer stöndum svo aptarlega í mörgu öðru og þarfirnar eru svo margvíslegar, að vjer megum eigi við því að kosta of miklu fje til þessa fyrirtækis. Við þurfum ekki annað en líta á aðra spítala, hve ófullkomnir þeir eru, en þeir gjöra þó gagn, og bæta nokkurn veginn úr þörfinni, þótt ófullkomnir sjeu.

Ef þessi holdsveikisspítali bætir úr þörfinni, afstýrir hættunni, sem veikinni fylgir og bætir úr þeim kröfum, sem holdsveikir menn eiga heimtingu á til mannfjelagsins, þá álít jeg tilganginum náð, og ekki vert að ýta um of undir stjórnina, að útbúa hann enn ríkulegar en að þessum mælikvarða sje fullnægt.

Stjórnin verður, við útbúning spítalans, að byggja á umræðunum hjer, og þeim bendingum, sem hjer koma fram.

Eptir því sem h. framsögum. (Þ. Th.) tók fram, þá hefir stjórnin alla ástæðu til að halda að vjer vildum hafa þennan spítala sem rausnarlegast úr garði gjörðan, en jeg álít að ekki ætti að hugsa um annað eða meira fyrst um sinn, en að bæta úr þörfinni.

Mjer finnst að í 1. lið till. nefndarinnar komi fram eitthvert hik á því, hvort byggja skuli nokkurn spítala eða ekki. Í þessu efni finnst mjer að vjer ekki megum vera hálfvolgir. Vjer höfum, ef vjer samþykkjum þessa þingsályktunartill., sýnt í verkinu, að vjer viljum að stofnaður sje spítali fyrir holdsveika hjer á landi, og leggja fje til þess, og í þessu efni má ekkert hik vera. Það stendur í 1. lið till. »að hæfur læknir, er vænta mætti, að síðar vildi takast á hendur læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala« o. f. frv.; mjer finnst þetta skrítilega að orði komizt, því að eptir þessu, þá hefir sá læknir, sem fær þennan fjárstyrk til að fara til Noregs til að kynna sjer holdsveikina þar, enga skyldu á hendi til að takast á hendur læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala. Mjer finnst að þennan fjárstyrk ætti einmitt að veita með því skilyrði, að sá, sem nýtur hans, skuldbindi sig til að verða læknir við spítalann.

Björn Sigfússon: H. framsögum. (Þ. Th.) hefir annaðhvort viljandi eða óviljandi misskilið mig. Jeg gaf alls ekkert tilefni til þeirra orða, er hann sendi mjer, og skýt jeg því til skrifaranna og h. þingd.m. Jeg kom eigi með neitt tilboð um að telja holdsveika menn og sagði ekkert í þá átt, svo það sem hann mælti út af því sem jeg sagði ekki, var alveg talað út í hött. Þó honum kunni að sárna, að aðrir læknar skuli treysta sjer til þess, sem hann sjálfur treystir sjer ekki til, eða vill ekki gjöra, er ekki mín sök. Jeg vona, að menn sje mjer samdóma um, að læknum hljóti yfir höfuð að vera kunnugt um holdsveika menn, hverjum í sínu umdæmi, og þá mun þeim yfir höfuð vera nokkurn veginn hægt að rannsaka þá og telja á ferðum sínum um umdæmin. Mjer hefir heldur aldrei dottið í hug að segja, að það væri auðvelt að þekkja þennan sjúkdóm. Jeg veit vel, að það er ekki nema fyrir lækna eina að rannsaka þann sjúkdóm, og meira að segja, vantreysti mörgum af þeim að þekkja hann í ýmsum tilfellum.

Einar Jónsson: Það hefir verið mikið talað um þessa talning hinna holdsveiku, og er það eðlilegt, því hún er nauðsynlegt aðalatriði til þess að vita,

hvað hinn fyrirhugaði spítali á að vera stór. En ekki get jeg sjeð, að þessi talning geti verið neinum sjerlegum erfiðleikum bundin, þar eð jeg álít ekki nauðsynlegt til undirbúnings spítalanum, að telja svo nákvæmt alla holdsveika, að ekki megi sjást yfir neinn þann mann, er veikin er í tilbúningi í, eða er fyrst að byrja í, þó að slík talning væri auðvitað góð. En aðalatriðið í talningunni er það, að telja þá menn, er hafa veikina á því stigi, að þá beri að flytja á spítalann, og sú talning hygg jeg að læknum verði eigi svo erfið, að það þurfi að borga þeim sjerstaklega. Þessi talning er það, sem þarf að geta orðið áreiðanleg, til þess að spítalinn geti orðið ákveðinn nógu stór, sem jeg álít einmitt nauðsynlegt að hann verði þegar í upphafi.

Ætti þar á móti að gjöra læknunum að skyldu að fara á hvert heimili í umdæmunum og rannsaka hvern mann, þá er það svo mikið verk, að þeir hlytu að fá borgun fyrir það.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg skal leyfa mjer að benda h. þm. Húnv. (B. Sigf.) á, að jeg skrifaði upp þessi orð hans: »Jeg treysti mjer til að framkvæma talninguna« (*B. Sigf.*: Jeg sagðist hafa þessi orð upp eptir lækni!). Jeg spurði hann, hvort hann sjálfur treysti sjer til að framkvæma talninguna, og játti hann því. (*B. Sigf.*: Þetta er ósatt! Að minnsta kosti heyrði jeg ekki þá spurningu).

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) þótti talningin ekki svo nauðsynleg, en það er hún þó. Hún er nauðsynleg til þess, að hægt sje að vita, hversu margir mundu nota hinn fyrirhugaða holdsveikisspítala, og sjerstaklega til að fá að vita, hversu margir sveitarómagar sjeu holdsveikir, því að þeir eru sjálfsagðir spítalalimir.

Sami h. þm. (J. Jenss.) áleit, að holdsveikisspítalinn þyrfti ekki að vera neitt sjerlega praktuglega útbúinn. Það var heldur ekki mín meining, að hann ætti að vera neitt praktuglega útbúinn, það er að segja á þann hátt, sem h. þm. (J. Jenss.) virtist gjöra ráð fyrir, t. d. betrektar stofur með gyltum listum, en það var mín meining, að hann ætti að vera praktuglega útbúinn í heilbrigðislegu tilliti, að hann ætti að samsvara kröfum tímans í heilbrigðislegu tilliti. Það er líka misskilningur hjá h. sama þm. (J. Jenss.), að nokkurt hik felist í orðunum í 1. lið tillögunnar: »er vænta mætti«. Nefndinni datt að eins í hug, að stjórnin mundi kannske ekki strax geta fengið mann til að takast á hendur læknisstörf við spítalann, en allt fyrir það þótti henni þó nauðsynlegt, að sendur yrði maður til að kynna sjer meðferð holdsveikra í Noregi, er gæti verið í ráðum með stjórninni og þinginu við útbúning hinnar fyrirhuguðu spítalastofnunar. —

Þegar hjer var komið stungu 8 þm. um upp á því, að umræðunum yrði hætt, og var það samþykkt.

ATKV.GR.: 1. lið. þingsál.till. samþ. með 18 atkv.; 2. lið. samþ. í e. hlj.; 3. lið. samþ. í e. hlj. Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Seytjándi fundur, laugardag 20. júlí, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl., Eiríkur Gíslason, þm. Snæf., Jens Pálsson, þm. Dal., sem allir höfðu tjáð forseta forföll sín.

Frumv. til laga um stefnu til æðri dóms í skiptamálum (C. 104); 1. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hrepp-

stjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (C. 106); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. mun reka minni til, var á aukaþinginu í fyrra borið upp í h. efri deild frumv. með þessari fyrirsögn og samþykkt þar. Frumv. var síðan sett í nefnd í þessari h. þingd., en komst svo ekki lengra. Af því að stjórninni fannst ástæða til að breyta gildandi lögum um borgun til hreppstjóra og annara, er gera rjettarverk, ljet hún semja frv. það, er lagt var fyrir h. efri deild í byrjun þessa þings. Var það frumv. byggt á öðrum grundvelli en frumv. efri deildar í fyrra. Hið síðarnefnda frumv. lagði til grundvallar tölu þeirra, sem teldu til tíundar, en með því vannst ekki það, sem til var ætlazt, sem var það, að jafna launin. Stjórninni þótti fást betri grundvöllur með því að byggja borgunina bæði á tölu þeirra, er byggju á 5 hundraða jörð eða meira, og ennfremur á tölu þeirra, er teldu til tíundar ½ lausafjárhundrað eða meira. Stjórnin fór ekki hærra en að ákveða 40 a. þóknun fyrir hvern mann af þessum flokkum, og gjörði það af því, að hún var í vafa um, hvort þingið óskaði, að launin hækkuðu að mun. Hún áleit, að tilgangur þingsins hefði öllu heldur verið sá, að jafna launin en að hækka þau. Nú hefir h. efri deild álitið, að launin væru heldur lág og því stungið upp á að færa þau nokkuð upp. Kostnaðurinn fyrir landssjóð hefði samkvæmt tíundarskránum fyrir 1892 orðið 6300 kr. eptir frumv. stjórnarinnar, en eptir frumv. eins og það er nú frá h. efri deild mundi hann verða 7600 kr. Munurinn er að eins 1300 kr., og vil jeg þá gjarnan mæla með því, að frumv. verði samþykkt í þessari h. þingdeild. Hæst hreppstjóralaun yrðu eptir þessu frumv. lítið yfir 100 kr. og það að eins í tveimur hreppum á landinu, en í flestum hreppum yrðu launin 30 - 50 kr., sem ekki geta talizt há laun. Þau sýnast varla mega vera lægri. En það, sem mjer finnst mest um vert er það, að h. efri deild hefir haldið því ákvæði stjórnarfrumvarpsins, að þóknun til hreppstjóra megi aldrei vera lægri en 24 kr., því það er mjög ósanngjarnt, að eptir hinum gildandi lögum hafa sumir hreppstjórar að eins 20 kr. og minna, nokkrir jafnvel einar 10 kr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd, af því að jeg var einn í nefnd þeirri, sem skipuð var hjer í þingd. í fyrra til að íhuga samkynja frumv. og þetta, en nefndin gat ekki lokið störfum sínum, enda vantaði þá allar skýrslur til að byggja á og vita hver áhrif breytingin mundi hafa. Nú hefir stjórnin fundið heppilegan meðalveg. Landssjóð munar ekki mikið um hækkun launanna, og þeir, sem hlut eiga að máli, eiga hana sannarlega skilið.

Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi taka fram viðvíkjandi þessu frv. Það er ekki tekið fram, hvenær þessi lög eigi að öðlast gildi. Ef lögin öðlast staðfestingu til dæmis í september í haust og koma svo í gildi seint á fardagaárinu, þá getur orðið töluvert brotasamt með útreikning launanna, ef hin gömlu lög eiga að gilda fyrir nokkurn hluta fardagaársins, en hin nýju fyrir hinn hlutann. Jeg álít því rjettara að bæta inn í frv. ákvæði um, fyrir hvert tímabil launin skuli borguð eptir þessum lögum, og þá helzt, að það skuli gilda fyrir fardagaárið 1895—1896.

Landshöfðingi: Mjer finnst enginn vafi á því, einmitt eptir frumv. sjálfu, hvenær það eigi að öðlast gildi sem lög. Það er skýrt tekið fram í 3. gr., að þóknun þá, sem ákveðin er í 1. gr., skuli sýslumaður greiða hreppstjóra á

manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár og skuli hann gjöra það í fyrsta sinn á manntalsþinginu 1896. Sýslumenn eiga þá að greiða hreppstjórum á manntalsþingum 1896 þóknun þeirra eptir 1. gr. þessara laga fyrir fardagaárið 1895—96. Mjer finnst enginn vafi geti verið á, að þetta sje svo að skilja.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af þessari skýringu hæstv. landsh. skal jeg gjöra þá athugasemd, að mjer finnst lögin ekki geta gilt fram fyrir sig, nema það sje beinlínis tekið fram í þeim, að svo skuli vera. Eptir frumv. finnst mjer lögin ekki geta gilt nema fyrir þann part fardagaársins, sem þau ná til, þ. e. þann partinn, sem eptir er, er þau öðlast gildi. Án þess að jeg að öðru leyti vilji deila um þetta atriði, álít jeg vissara að bæta inn í 3. gr. eptir orðin: »í fyrsta sinni á manntalsþingum 1896« orðunum: fyrir fardagaárið 1895—1896.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað (C. 107); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 3. — Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Guðl. Guðmundss.,	Valt. Guðmundsson.
Halldór Daníelsson,	
Jón Jensson,	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sigurður Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórhallur Bjarnarson,	
Þorlákur Guðmundsson.	

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Sa'thólmavík í Dalasýslu (C. 92); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.gr. samþ. með 12 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði (C. 99); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 13 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum (C. 103); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg gat þess við fyrri umræðu þessa máls, að mjer finnst lagt nokkuð mikið á hjeraðslækna og aukalækna, þar sem þeir eiga að annast um, að ákvæðum þessa frumv. verði hlýtt. Jeg hefði þess vegna búizt við, að fram kæmi nú við þessa umræðu breytingartillaga um, að fá þessum embættismönnum í hendur einhver rjettarmeðul til að þvinga menn til hlýðni við lögin, ef einhverjir ekki skyldu vilja hlýðnast þeim. Jeg sje ekki, að eptir þessu frumv. sjeu nein meðul til að þvinga sveitarstjórnirnar til hlýðni, ef þær óhlýðnast að framkvæma einangrunarskipanir læknanna. Hjer eru engar sektir lagðar við eða neitt annað, er geti aptrað sveitarstjórnunum frá að óhlýðnast. Að læknarnir geti höfðað mál móti sveitarstjórnunum fyrir óhlýðni, get jeg ekki sjeð, því hjer eru engar sektir við lagðar, þótt brotið sje á móti lögunum.

Þetta sýnist mjer vera galli á frumv., en það mætti reyna að bæta úr honum í h. efri deild með breyt.till.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg skal lýsa því yfir að nefndin, á fundi, sem hún átti með sjer eptir 2. umr. þessa máls, tók til íhugunar, hvort ástæða mundi til að taka upp í frumv. sektarákvæði í þá átt, sem hæstv. landsh. benti á, en nefndinni fannst þess ekki þurfa. Í stjórnarfrumv. voru heldur engar sektir lagðar við öðru en brotum gegn þeim ákvæðum, sem tekin eru upp í 3. gr. þessa frumv. og sem einnig þar eru lagðar sektir við. Nefndin var líka öll á þeirri skoðun að önnur sektarákvæði þyrfti ekki að taka upp í frv., því hún áleit, að ef sveitarstjórn sýndi lækni óhlýðni í að framkvæma fyrirskipanir hans samkvæmt þessum lögum, þá þyrfti hann ekki annað en að snúa sjer til hlutaðeigandi lögreglustjóra og láta hann knýja sveitarstjórnina til hlýðni við þessi lög eins og hver önnur lög, sem út eru gefin. Get jeg hugsað mjer að lögreglustjóri gæti þá beitt einhverjum þvingunarmeðölum, t. d. 99. gr. hegningarlaganna, ef sveitarstjórnin vildi ekki hlýða. Jeg held þess vegna ekki að nauðsynlegt sje að taka ákvæði í þessa átt upp í frumv., þó auðvitað engu væri spillt, þó það væri gjört.

Jón Jensson: Mjer finnst jeg geta fellt mig við frv. eins og nefndin skildi við það. Að því er snertir hin umræddu sektarákvæði, þá sje jeg ekki að nauðsynlegt sje að taka þau upp í þetta frv. sjerstaklega, því ef sveitarstjórnirnar óhlýðnast lögunum eða í þessu tilliti læknunum, sem eiga að framfylgja þessum lögum, þá er í gildandi sveitarstjórnarlögum heimild til að beita við þær þvingunarsektum. Það virðist því mega snúa sjer til sýslunefndanna með þessi brot eins og önnur skyldubrot frá sveitarstjórnanna hálfu.

Landshöfðingi: Það er rjett, það meðal er til, að snúa sjer til hlutaðeigandi sýslunefndar og fá hana til að þvinga hina óhlýðnu sveitarstjórn til hlýðni með dagsektum. Þessari aðferð má auðvitað beita, en hún getur orðið brotasöm, því, eins og menn vita, koma sýslunefndir ekki saman nema einu sinni á ári, og gæti því hlotizt svo mikið illt af þeim drætti, sem orðið gæti á ráðstöfunum sýslunefnda til að þvinga hina óhlýðnu til hlýðni, að tilgangi þessa frv. yrði alls ekki náð. Mjer skilst svo sem þetta frv. fari að eins fram á bráðabirgðarlög, því meiningin sje þó að holdsveikraspítali verði byggður árið 1898 eða 1899. Lögin munu því að eins eiga að gilda stuttan tíma og mun því víða geta svo farið, að þau nái ekki tilgangi sínum, ef sýslunefndir eiga að þröngva mönnum til hlýðni við þau með dagsektum.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg verð að vera samdóma hæstv. landsh. um, að dagsektir í þessu tilliti sje alveg ópraktisk ákvæði, en að höfða mál gegn þeim, sem óhlýðnast lögunum, eptir 99. gr. hegningarlaganna, getur varla komið til mála. Ef lögin eiga að verða ljett í framkvæmdinni, þá þarf sjerstakt sektarákvæði til að beita við hreppsnefndir, ef þær óhlýðnast fyrirskipunum læknanna, sem eiga að framkvæma ákvarðanir laganna.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 19 atkvæðum, og sent Ed.

Frumvarp til laga um kjörgengi kvenna (C. 25, 115); frh. 3. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eins og stendur í nefndarálitinu hefir nefndin ráðið til að samþykkja frumv. óbreytt. Jeg finn því ekki ástæðu til

að fara frekara út í það, heldur óska að eins, að h. deild samþykki frv.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 18 smhlj. atkv. og sent til Ed.

Frumvarp til laga um fjárráð giptra kvenna (C. 49, 112); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Nefnd sú, sem skipuð hefir verið til þess að íhuga frv. þetta, hefir, eins og kunnugt er, ráðið til að aðhyllast það, og að eins stungið upp á lítilfjörlegum breytingum, sem ekki verður farið út í við þessa umr. málsins, og skal jeg því að þessu sinni að eins leyfa mjer að fara nokkrum orðum um grundvöll þann, sem frv. byggist á, og þýðingu þá, sem það getur haft.

Það, sem frv. þetta aðallega miðar til, er þá fyrst og fremst það, að myndugleiki giptra kvenna skuli sömu skilyrðum bundinn, eins og myndugleiki karla, sem á sama aldri eru; en eptir núgildandi lögum eru giptar konur ómyndugar, hversu gamlar sem þær eru; og jafnvel þá, er þær hafa verið myndugar, áður en þær giptust, verða þær ómyndugar jafnskjótt og þær ganga í hjúskapinn; en að fullorðið fólk sje þannig ómyndugt, eins og börnin, það er í sjálfu sjer óeðlilegt og ranglátt, enda þótt myndugleikinn, eins og nú stendur, hafi að vísu litla þýðingu í fjárhagslegu tilliti, þar sem bóndinn hefir öll fjárráðin að lögum, og sjereign þekkist naumast. En þegar setja skal ný ákvæði, sem gjöra ráð fyrir, að konan geti, ekki síður en bóndinn, haft umráð fjelagsbúsins, ef svo um semur, og þegar lögleidd eru ákvæði um sjereign giptra kvenna, eins og frv. þetta fer fram á, þá fær myndugleiki konunnar mikla þýðingu.

En það er þó ekki að eins í fjárhagslegu tilliti, að það er mikils vert, að giptar konur verði myndugar að lögum, heldur er og myndugleikinn undirstaðan, eða fyrsta sporið til þess, að löggjafarvaldið geti að öðru leyti bætt hag þeirra, og skipað þeim í það jafnrjettissætið við hlið karlmannanna, sem engum getur blandazt hugur um, að þær samkvæmt náttúrunnar lögmáli eru rjettbornar til.

Þá er það annað aðalatriði frv. þessa, að gera greiðari aðganginn til þess, að hjónaefni og hjón geti gjört með sjer hjúskaparmála; að vísu fjekkst sú rjetting þessa máls á alþinginu 1893, að staðfesting kaupmála fæst nú hjá landshöfðingja, er veitir hana ókeypis, í stað þess að áður varð að senda all-ríflega borgun til ráðaneytisins; en þótt þessi heimild sje enn ekki mikið notuð, þá sannar það eigi, að ekki sje þörf á nýmælum um þetta efni, heldur er það að eins afleiðingin af því, hvílíkum vafningum það er bundið, að gjöra löglegan hjúskaparmála; það tekur langan tíma, að skrifa til landshöfðingjans langt utan af landi, og fá aptur svar hans, og getur þetta eitt verið ærið til þess, að mörg hjónaefni hætti við að semja hjúskaparmála; en verði frv. það, er hjer liggur fyrir að lögum, þá er hjónaefnum skapaður greiður aðgangur að því, að geta gjört hjúskaparmála, þar sem ekki útheimtist annað en að samningurinn sje brjeflegur og vottfastur, og að hann sje þinglesinn til tryggingar fyrir viðskiptamenn hjónanna, svo sem fyrir er mælt í frv. þessu.

Þá er það og hið þriðja þýðingarmikla atriðið í frv. þessu, að hvort hjónanna sem er, geti heimtað, að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, ef það sannast með áliti dómkvaddra manna, að annaðhvort þeirra hafi farið ráðlauslega með eigur fjelagsbúsins. Þess eru æði mörg dæmi hjer á landi, að bændur, sem hafa feng-

ið góð efni með konum sínum, hafa sóað þeim í ógegnd og ráðleysi, drukkið út sinn síðasta pening, svo að konan og börnin hafa komizt á vonarvöl; og er þetta hvað sárgrætilegast, þegar svo er ástatt, að sjáanlegt er, að konan hefði verið einfær um, að veita búinu dugandis forstöðu, og stjórna efnum þess haganlega, ef hún eigi hefði að lögum verið svipt öllum umráðum eigna sinna, því að ekki verður því neitað, að þó að til sjeu þær konur, sem ekkert gefa sumum karlmönnunum eptir í eyðslusemi og óspilan, þá eru þær og margar, sem kunna miklu betur að fara með efni sín og hafa betri stjórn á þeim en karlmenn, eins og bezt má sjá af því, að margar konur byrja þá fyrst að græða, er þær eru orðnar ekkjur; heimilishagurinn batnar, þegar bóndinn er farinn frá stjórninni; en eptir núgildandi lögum er ekki hægt að gjöra fjárskipti milli hjóna, ekki hægt að stemma stigu við óspilunarsemi bóndans, hve mikill háski sem fjelagsbúinu stendur af ráðlagi hans, nema bæði hjónin sjeu því samþykk, og úr þessu vandræða-ástandi er frv. ætlað að bæta með því, að gefa hvoru hjóna rjett til að heimta fjárskipti, en að eins þegar sjerstaklega stendur á, svo að dómkvaddir menn votta, að það sje óhjákvæmilegt.

Loks eru og í frv. ýms þýðingarmikil ákvæði, er miða til þess að tryggja hag konunnar sem bezt, með því að ákveðið er, að nokkur hluti eignanna geti verið sjereign hennar, enda þótt fjelagsbú sje með hjónunum að öðru leyti, og yfir þessari sjereign sinni getur hún þá sjálf ráðið, sje hún fullmyndug aldurs vegna, en þarf engan fjárhaldsmann, svo sem eptir nú gildandi lögum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekara út í þetta frv. við 1. umr., og leyfi mjer því að eins að óska að það fái að ganga til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætlaði mjer að tala fáein orð um þetta mál við fyrri umr. þess, en fjekk því eigi komið við þá, vegna þess, að svo fljótt var stungið upp á nefnd, svo að háttv. nefnd verður að afsaka það, þótt jeg komi nú fram með þær mótbárur gegn frumv., sem jeg ætlaði þá fram að færa.

Það er alveg rjett hjá h. framsögum. (Sk. Th.), að aðal-atriði frv. eru þrjú: Í fyrsta lagi ákvæði um hjúskaparmála, í öðru lagi um fjárskipti milli hjóna án þess skilnaðar sje beiðzt eða hann eigi sjer stað, og í þriðja lagi ákvæði um sjereign giptra kvenna, er sjálfstæða atvinnu reka, því að ákvæðið um gjafir milli hjóna er ekki neitt nýtt atriði í löggjöf vorri.

Hvað fyrsta atriðið snertir, þá tók h. framsögum. það fram, að samkvæmt þessu frv. verði mönnum gjört hægra fyrir, að fá slíkan kaupmála, sem hjer ræðir um, þar eð eigi þurfi til þess staðfestingu landshöfðingja.

Þegar þetta mál var fyrir þinginu 1893, þá var jeg í nefnd þeirri, er skipuð var í þetta mál; jeg og annar nefndarmaður til, h. þm. Suður-Múlas. (Sig. G.), gátum þá ekki fellt okkur við þetta ákvæði. Það mun að nokkru leyti hafa verið afleiðing af umræðum þeim, sem urðu um málið 1893, að ákveðið var með konungsúrskurði 24. jan. 1894, (sbr. ráðgjafabr. 27. febr. 1894), að landshöfðingja skyldi eptirleiðis falið, að staðfesta kaupmála hjóna, og í fjárlögunum 1894—95, 2. gr.—8. var ákveðið, að staðfestingin skyldi fyrst um sinn veitt ókeypis.

Þegar því þarf að gjöra slíkan kaupmála, þá þarf eigi annað en skrifa hann og senda landshöfðingja hann til staðfestingar. Kaupmálar þessir hafa

ávallt verið og eru enn skoðaðir eins og samningar, er sjerstakrar varúðar þurfi við að gæta. Þess vegna hefir það verið ákveðið, að yfirvöldin litu eptir því, hvort engin vafa-atriði eða lögleysur felist í samningnum, og að hann sje í alla staði tryggjandi fyrir hlutaðeigendur. Mjer finnst engin ástæða til að fella burtu þetta eptirlit nú sem stendur. Jeg þóttist vita það 1893, að þörf væri á, að gjöra mönnum hægra fyrir, að geta fengið slíka kaupmála, enda mun það hafa sýnt sig á árinu 1894, að all-margir slíkir kaupmálar hafi komið til staðfestingar á landshöfðingjaskrifstofuna.

Að svo stöddu sje jeg enga ástæðu til að fara lengra í þessa átt, en þegar er gjört; það gæti komið til tals, að gefa það alveg laust síðar. Jeg álít þetta ákvæði því alveg óþarft.

Annað aðal-atriði frv. var það, sem mestan ágreining vakti 1893. Ef menn vilja fara að innleiða þann rjett fyrir konur sjerstaklega, að þær geti heimtað fjárskipti, þegar þeim sýndist, þá yrði um leið að breyta þeim laga-ákvæðum er lúta að framfærslu-skyldu hjóna. Nú er svo ástatt, að maðurinn er skyldur að framfæra konuna, en konan ekki manninn. Við skulum til dæmis hugsa okkur, að kona heimtaði fjárskipti, sóaði síðan sínum hluta og settist svo upp á manninn eða sveitin flytti hana á hann, þá væri hann eptir hinni núgildandi löggjöf skyldur að framfæra hana. Þetta álít jeg hið mesta ranglæti gagnvart manninum.

Jeg skal fúslega játa það, að það er opt sem bændur drekka út eða eyða á annan hátt eign kvenna sinna og barna, en því fer þó betur, að þau tilfellin eru fleiri, þar sem þetta ekki á sjer stað. Það kemur líka stundum fyrir, að konan er eyðslusöm og óráðsöm, og það er gamalt máltæki sem segir, að ef maðurinn eyðir, þá brennur búið hálft, en ef konan eyðir, þá brennur búið allt. Ef nú maðurinn í þessum tilfellum heimtaði fjárskipti, þá yrði afleiðingin sú, að konan eyddi sínum hluta á skömmum tíma, og gerðist svo upp á manninn, sem svo væri skyldur að framfæra hana, og maðurinn hefði þannig engan sjerlegan hagnað af fjárskiptunum.

Jeg verð að álíta þetta ákvæði alveg óhafandi og skaðlegt, á meðan ákvæðunum um framfærslu-skyldurjett mannsins gagnvart konunni ekki er breytt. Þetta atriði gæti jafnvel orðið til ills eins; það er ekki óhugsanlegt, að til slíks yrði æði-opt gripið, ef nokkurt sundurlyndi væri milli manns og konu, og að þau sprengdu búið, og þá gæti svo farið, að síðari villan yrði verri hinni fyrri.

Viðvíkjandi þriðja atriðinu, þá er jeg h. framsögum. (Sk. Th.) samdóma í því. Jeg álít rjett, að löghelga sjereign konunnar, og að hún hafi rjett til ein að ráða yfir því, sem hún vinnur sjer inn með sjerstakri atvinnu. Þetta kemur auðvitað ekki fyrir nema í örfáum tilfellum, helzt með yfirsetukonur eða konur í kaupstöðum; jeg álít það samt rjett í eðli sínu, þó að það hafi mjög litla þýðingu hjer á landi.

Um gjafir milli hjóna skal jeg ekki tala neitt að þessu sinni, en geyma það til 2. eða 3. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) fann það að frumv. þessu, að það væri óþarft, að gjöra ákvæði um kaupmála milli hjóna, þar eð aðgangur til þessa væri nú orðinn svo greiður; en jeg get ekki verið á sama máli og hann í þessu efni, því að þegar menn þurfa, að senda landshöfðingja kaupmálann til staðfestingar, þá er það þó svo miklum vafningum bundið, og tekur svo

langan tíma, að margir, sem annars mundu gjöra slíkan kaupmála, hætta við það af þessum orsökum. Fyrir menn, sem búa langt frá Reykjavík, mundi það opt taka 2 mánuði, að skrifa til landshöfðingja og fá svar hans aptur, og getur mjer eigi annað fundizt, en að það sjeu alveg óþarfir vafningar, enda virðist mjer og, — ef menn á annað borð játa það, eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) gjörir, að slíkir kaupmálar eigi að eiga sjer stað —, að rjettast sje að gjöra aðganginn að þeim sem greiðastan.

Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) áleit, að í þessari staðfestingu landshöfðingja væri fólgin trygging fyrir því, að hjúskaparmálinn yrði lögum samkvæmur, þá gjöri jeg ekki mikið úr því; lögin sjálf eiga að innihalda nægilega tryggingu, gefa mönnum nægilegar leiðbeiningar í því efni; og hvað þá mótbáru h. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) snertir, að bíða megi betri tíma, að setja laga-ákvæði um þetta efni, þá sje jeg eigi hvers vegna menn vilji bíða með það, sem þeir þó álíta, að sje gott og gagnlegt, og eigi að gjörast fyr eða síðar.

Þá hafði h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) ýmislegt á móti ákvæðum frumvarpsins um fjárskipti milli hjóna, og taldi nauðsynlegt, að ákvæðum gildandi laga um framfærslu-skyldu hjóna væri þá jafnframt breytt, ef frumv. þetta yrði að lögum, en ekki get jeg sjeð neina knýjandi nauðsyn til þess. Dæmi þau, er h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) kom með, sanna ekki neitt. Hann gjörði ráð fyrir, að konan sóaði burt sínum hluta af eigunum, og yrði síðan manninum til þyngsla, og getur slíkt auðvitað komið fyrir í einstökum tilfellum; en að láta þenna mögulegleika aptra sjer frá því, að setja nauðsynleg laga-ákvæði, er þó ekki rjett, enda getur það ekki síður að borið eptir núgildandi lögum, að maðurinn setji búið á höfuðið með ráðlagi sínu, svo að bæði hjónin fari á hreppinn með fjölskyldu sína, og er þá rjetti hins opinbera eigi betur borgið.

Ein af mótbárum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) var sú, að þetta frumv. mundi verða til þess, að vekja ósamlyndi milli hjóna, en úr þeirri mótbáru hans get jeg eigi mikið gjört, þar sem lögin sjálf ákveða, að fjárskipta verði eigi krafizt, nema þegar alveg sjerstaklega stendur á, nefnilega þegar dómkvaddir menn álíta, að þau sjeu óhjákvæmileg vegna óspilunar og eyðslusemi annars hvors hjónanna, og þegar svo langt er komið, þá er samlyndið vanalega orðið þannig, að það er ekki mikil hætta á, að það spillist úr því.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að svara mótbárum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) frekar, en vona, að h. þingdeild taki ekki mótbárur hans til greina, heldur leyfi frumv. að ganga greiðlega gegn um deildina.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra út af ræðu háttv. flutningsm. (Sk. Th.) viðvíkjandi staðfestingu kaupmálanna. Jeg álít þessa staðfestingu nauðsynlega til þess, að síður slæðist inn í kaupsamningana ýms ólögleg ákvæði, því ef yfirvöldin staðfesta þá, þá taka þau eptir þessu, og fá því breytt í tæka tíð.

Sjerstaklega álít jeg þetta nauðsynlegt, á meðan þetta fyrirkomulag er nýtt, en síður, þegar menn eru farnir að kynnast slíkum kaupmálum.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra þá stuttu athugasemd, að jeg sje eigi betur, en að eptir kenningu h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.), ætti hann að flytja frumv. hjer á þinginu þess efnis,

að samningar um sölu fasteigna, veðbrjef o. s. frv., skyldu þurfa æðri staðfestingar, því að slíkir samningar eru engu minna vandaverk, en samningar þeir, sem hjer um ræðir; en að skapa slíka vafninga í samningum manna, mun þó ekki vera meining h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.). Jeg held líka, að ekki sje svo mikið í hættu, þó að eitthvert atriði kynni að slæðast inn í hjúskaparmála, sem ekki væri að öllu lögum samkvæmt, því að afleiðingin af því yrði ekki önnur en sú, að samningurinn yrði þá ógildur að því leyti; og því skyldu alþýðumenn ekki eins geta aflað sjer leiðbeininga um samning hjúskaparmála, eins og þeir opt og einatt verða að gjöra að því er aðra áríðandi samninga snertir?

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um málið, en að eins óska þess, að h. deild leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhljóða atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að mannvirkjafræðingur skoði ströndina frá Ölfusá að Loptstöðum (C. 89, 93, 114); fyrri umr.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Eins og h. deild mun kunnugt, liggur hjer á lestrarsalnum bænarskrá frá allmörgum Árnesingum um, að hæfur mannvirkjafræðingur sje fenginn til að kanna ströndina frá Ölfusá að Þjórsá, og segja álit sitt um, hvað þar muni hægt að gjöra til að bæta úr hafna- og lendingaskortinum. Þingmálafundurinn úr Rangárvallasýslu ber og með sjer, að skorað hefir verið á oss þm. sýslunnar að framfylgja þessu hinu sama. Ennfremur er komin fram breyt.till. frá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), og viðaukatill. frá þm. G.K. um hið sama efni. Jeg þykist viss um að kunnugir menn muni sammála um, að hjer sje ekki farið fram á annað en það sem nauðsynlegt er. Það er alkunnugt, hve mjög það stendur fyrir velmegun og framförum hinna fjölbyggðu austursveita, að þar vantar trygga höfn handa hafskipum, sömuleiðis hitt, að þar er ekki heldur nein örugg lending hana opnum skipum, lending, sem megi reiða sig á, ef út af ber með sjó eða sjóveður. Það eru að vísu til hafnir á þessu svæði, sem óhætt má heita að sigla á að sumrinu, en engin þó tryggari en svo, að hafskip vilji hætta á að koma þangað lengur en 4—5 mánuði á ári, og óhugsandi er að nota þar stærri gufuskip. Þeim dettur ekki í hug að leggja inn á hafnir þær sem til eru, enda er þar ekki dýpi, nema fyrir fremur litla gufubáta. Það er þó orðið viðurkennt að gufuskip eru áreiðanlegri en seglskip, og opt á tíðum kostnaðarminni. Þetta svæði, sem tillagan ræðir um, hefir hingað til farið á mis við strandferðirnar sökum hafnleysis. Það sem meðfram hefir leitt til þess að ályktun þessi er komin fram, er lendingarskorturinn fyrir fiskiskip; hann getur leitt til mesta manntjóns, og hefir leitt til þess. Öllum mun það enn í fersku minni, að á síðustu vertíð urðu um 70 skip að hrekjast frá lendingu sinni, og þó að ekki yrði manntjón að, þá mun þeim, sem á horfðu, hafa sýnzt þar mjótt á milli, hvað þá þeim sem í háskanum voru. Að vísu er þar ein lending öðrum betri, Þorlákshöfnin, en ófær getur hún þó orðið á mjög stuttum tíma; að vísu varð hún mönnum til bjargar á síðasta vetri, það var að vísu meðfram lendingunni að þakka, þó var það eigi að síður að þakka hinum alkunna dugnaði og útsjón ábúandans í Þorlákshöfn, en varla er við því að búast að vjer höfum marga hans líka þar fyrir ábúendur. Eptir því sem menning hefir vaxið í austursýslunum,

eptir því hefir og sjáfarútvegurinn aukizt, og um leið voðinn af ófullkomnum lendingum. Nú á vetrarvertíðinni gengu um 100 skip með hjer um bil 1000 manns á til fiskjar milli Þjórsár og Ölvesár. Hjer er því sannarleg nauðsyn á að bæta úr hinum mikla lendingaskorti. Jeg er viss um, að ef við Eyrarbakka væri trygg höfn, þá mundi hann vera eitt helzta kauptúnið á landinu, það styður flest að því; í kringum hann eru á landi fjölbyggðar og þjettbyggðar sveitir, en fyrir utan tekur við Eyrarbakkaflóinn, eitt hið fiskisælasta svæði á landinu. Sama má segja um svæðið fram með suðausturströnd landsins, þar mætti ótæpt ausa upp fiski sjerdeilis um vetrarvertíðina, ef hægt væri að komast þar á sjó optar en þegar veður er sem bezt og blíðast. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta; jeg vona líka að þess þurfi ekki, en veit að h. deild muni sjá að hjer er ekki um að ræða ósk borna fram af einum eða tveimur mönnum, heldur um almenna ósk úr þremur sýslum, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu, og að nokkru leyti úr Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að jeg á hjer breyt.till., þá ætla jeg að minnast fám orðum á málið. Breyt.till. mín stefnir að því, að fá fært út starfsvið verkfræðingsins, að því að fá hann til að rannsaka hafnir og lendingar meðfram allri suðausturströnd landsins. Jeg skal taka það fram, að ástæður þær, sem h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) færði fyrir því, að rannsaka hafnir og lendingar milli Ölfusár og Þjórsár, gilda eigi síður um svæðið þar fyrir austan. Þar eru fiskiver allmikil og útvegur að aukast, og síðasta vetur var það eitt hið fiskisælasta svæði hjer sunnanlands. Við það bætist, að í Vík er nú að myndast föst verzlun og sækir þangað fjöldi manna; jeg er viss um að það mundi hafa mikla þýðingu, að höfnin þar væri rannsökuð, því að jeg hygg að það megi með litlum kostnaði gjöra hana miklu betri en hún er nú, svo góða, að það megi í 4—5 mánuði af árinu skipa þar óhult vörum í land.

Þótt tillaga mín sje nokkru víðtækari en höfuðtillagan sjálf, vona jeg að samkomulag geti komizt á milli mín og flutningsm. hennar. Jeg get að vísu ekki gjört áætlun um, hvað mikinn kostnað rannsóknin muni hafa í för með sjer; en jeg vona að h. deild horfi ekki í, þótt hún kosti nokkuð, því að hjer er verið að vinna í hag fyrir stærstu landbúnaðarhjeruð þessa lands, þau hjeruð, er mega telja samgönguleysi á sjó eitt sitt stærsta mein. Að vísu hafa sum þeirra fengið öllu meiri samgöngubætur á landi en flest önnur hjeruð, en það vita allir að þær samgöngubætur geta ekki vegið á móti örugguin lendingum og góðum samgöngubótum á sjó.

Jeg vona annars, að vjer hjer eptir förum stöðugt að fá færðar til á fjárlögunum fjárupphæðir til þess að bæta hafnir vorar og lendingar; jeg er viss um þær mundu verða vinsælar hjá almenningi. Í þessu trausti hef jeg borið fram tillögu mína þannig orðaða sem hún er.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef engu verulegu að bæta við það, sem sagt hefir verið um tillöguna, og henni til stuðnings; jeg álít líka að þetta málefni sje þannig vaxið, að það mæli bezt með sjer sjálft. Það sem helzt er hjer að athuga, er kostnaðurinn; því miður er hæstv. landsh. ekki viðstaddur í deildinni nú sem stendur, svo að ekki er hægt að fá að heyra álit hans um það, hvort hann álíti að hægt sje að fá rannsókninni framgengt með þeirri þekkingu og þeim kröptum, sem vjer

höfum á að skipa hjer á landi, eða vjer mundum þurfa að fá útlending til þess. Reyndar má vera að rannsókn sú, sem tillagan fer fram á, sje nokkuð lítið verk til þess að vert sje að kosta uppá að fá útlendan mannvirkjafræðing, en verkefnið eykst, ef viðauka- og breytingartill. fá framgang.

Þingið hefir þegar stígið spor í þá átt, að stuðla að því að hafnir og lendingar sjeu bættar; það hefir bæði veitt fje til bryggjugjörðar á Blönduós, og til að greiða fyrir uppsigling í Lagarfljótsós, þetta styrkir traust mitt á því að yfirstandandi þing verði hlynnt tillögu vorri. Jeg gæti gjört mjer í hugarlund að vjer gætum stígið spor í þá átt, sem tillagan fer fram á, með þeim kröptum, sem eru hjer í landi, og að vegfræðingur vor mundi geta unnið að rannsókninni; má og vera að hægt yrði að fá yfirsmiðinn við Þjórsárbrúna til þess að rannsaka hafnarstæði milli Þjórsár og Ölfusár; þó að sú rannsókn, sem framfæri á þennan hátt gæti naumast orðið fullkomin, vona jeg að hún yrði þó mikið betri en ekki neitt, og sá kostur við hana, að hún mundi kosta tiltölulega lítið. Mjer þætti mjög mikið varið í að heyra undirtektir hæstv. landsh. undir þetta, þótt ekki geti það orðið við þessa umr. málsins.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingsk. 114 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 93 þarmeð fallin.

Tillagan sjálf með áorðinni breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Átjándi fundur, mánudag 22. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema 1. þm. K.-G. (Þ. Th.).

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. mai 1872 (C. 102); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv til laga um hvalleifar (C. 86); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutuings (C. 123); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Það sem okkur flutningsm. hefir gengið til að koma með þetta frumv. er einkum tvennt; í fyrsta lagi það að glæða og efla þann áhuga hjá mönnum, sem nú er alltaf meir og meir að færast í vöxt með vaxandi menntun og þekkingu, að fara betur með húsdýr sín en verið hefir. Þetta er bæði skylda við dýrin og gagnlegt fyrir menn, því að með betri meðferð gjöra skepnurnar líka meira gagn, og svo miklu ánægjulegra fyrir menn að sjá skepnur sínar vel útlítandi heldur en illa.

Hitt atriðið sem vakti fyrir okkur er nokkuð skylt hinu fyrra, en það er það að tryggja mönnum betri markað fyrir skepnur sínar með betri meðferð og betri undirbúningi á því fje, sem ætlað er til útflutnings, því að það hlýtur að hafa mjög mikla þýðingu fyrir markaðinn, hvernig fjenaðurinn lítur út þegar hann fer á skip. Lengra en til skipsins getur umhyggja vor eigi fylgt skepnunum, en jeg álít það einnig skyldu vora, að annast þær og sjá um að sem bezt fari um þær, eptir því sem í voru

valdi stendur, rjett eins og vjer værum að fylgja nákomnum vinum vorum og vandamönnum þangað til þeir eru horfnir úr augsýn vorri í síðasta sinni. Þetta ætti líka að vera oss þeim mun kærari skylda sem hún er oss til ómetanlegs gagns og sóma.

Mjer er það dálítið kunnugt, hvernig það gengur með útflutninga hjer í Reykjavík, þar sem víst óhætt er að fullyrða, að mest er flutt út af lifandi peningi úr landinu, og jeg get sagt það, að mjer hefir sýnzt svo sem ekki væri farið eins skeytingarleysislega með nokkra aðra vöru, sem út er flutt frá landinu. Einkum furðar mig á því, hve stór verzlunarfjelög láta sjer lítið umhugað um, að sem bezt fari um fjenað þann, er þau senda fyrir eigin reikning til útflutnings, þar sem mörg þúsund fjár er hrúgað saman á litinn landblett til beitar, allt eptirlitslaust af hálfu eigandanna, og þetta eru þó menn, sem bera alla ábyrgðina, þar til fjeð er sett á heimsmarkaðinn, í staðinn fyrir að láta vissa menn hafa umsjón með fjenu þar til það er komið á skipsfjöl, og þannig ganga á undan öðrum með góðu eptirdæmi, innlendum og erlendum kaupmönnum til eptirbreytni, og ekki er heldur skeytt um þó það sje hungrað og þyrst, þegar það er flutt um borð. Hross eru rekin langar leiðir að ójárnuð, norðan úr landi hjer suður, vestan af landi og austan af landi, og þetta er mestmegnis ung hross með óhörðnuðum hófum, og vöktuð hjer langan tíma, opt á litlu og hrjóstrugu svæði. Yfir höfuð er meðferðin svo slæm, að það þyrfti helzt að fá heilan lagabálk í þessa átt.

Haustið 1890 var margt fje hjer saman komið úr ýmsum áttum, sumt úr góðum sveitum og vænt og fallegt, en sumt úr rýrðarsveitum og því rýrt að gerðinni til. Mjer veittist þá sá heiður að fá að skoða þetta fje, samkvæmt skipun amtsins til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu um að velja menn til að líta eptir meðferðinni á fje þessu, sem þá hafði flogið fyrir, að ekki væri góð, — og jeg verð að segja það, að mjer rann það til rifja, að sjá, hvernig farið var með fje þetta. Fyrst og fremst var nú margt af fje þessu mjög lítilfjörlegt, og það svo, að það hefði ekki átt að fara burt úr landinu. Mönnum er svo mikið um að gjöra hjer að ná í fje þetta til pössunar, að væri skálmöld eigi aflögð hjer á landi, þá held jeg að menn mundu næstum berast banaspjótum á til þess að ná í þessa atvinnu. Fyrst var nú beitilandið hjá sumum ljelegt, jafnvel það lakasta af landi þeirra, en þó var næturgistingin verst, á sumum stöðum var það haft í maturtagörðum forblautum, á sumum stöðum var það af kvíað á töngum við vötn og stóð þar að nokkru í vætu eða þá að vatnið gat ef til vildi rokið yfir það. Á einum stað var það haft í gömlum eldgíg, sem var eins og trekt, fáar kindur gátu legið í botninum, en allur fjöldinn varð að standa alla nóttina utan í brattri vetrarskriðu, — einungis einn maður passaði það á túnum á nóttum, enda leit fjeð bezt út hjá honum; þessi maður var Jón Ólafsson á Bústöðum.

Flestir þessara manna, sem fjeð höfðu til vöktunar og sem aðfinningum mættu, lofuðu nú bót og betrun, en jeg er viss um, að það var ekki efnt.

Svona er nú ástandið í þessu efni. Mjer finnst að sjerstaklega ættu hin stærri verzlunarfjelög að gæta að þessu, það er ekki þýðingarlaust, hvorki fyrir þau nje landið í heild sinni.

Það væri sannarlega leiðinlegt og mikill hnekkir fyrir landið, ef fjárverzlunin legðist niður, af hverjum ástæðum sem væri, en þó verst, ef það væri

sjálfsköpuð víti landsmanna; fjárverzlunin er orðin eitt af lífsspursmálum landsins, og leggist hún niður, er það til megunarhnekkis, sama sem viðvarandi fjárfellir. Þess vegna ættum vjer að hlynna að henni á allan hátt og reyna að efla hana eptir fremsta megni. Það ætti að skipa menn til að skoða fjeð, og að gæta að, hvort engin óþrif væru í því. Jeg tel það ekki eptir kaupendunum, að borga þann kostnað, sem af þeirri skoðun leiðir. Það getur orðið til að eyðileggja markaðinn, ef óþrif eru í fjenu eða kláði, og það þarf að venja bændur af því, að ala óþrif eða kláða og senda þá þjóðminnkun á heimsmarkaðinn, en hitt tel jeg miður rjett, að jafnaðarsjóðurinn borgi skoðanir á útflutningsfje eða eptirlit með því.

Pjetur Jónsson: Þetta frumv. gengur að vísu í mjög heppilega átt, þar sem það hefir fyrir mark og mið að efla góða meðferð á skepnum; en mjer finnst með því vera lögð eigi all-lítil höpt á almenn viðskipti manna á milli.

Ákvæðin í 1. gr. get jeg að vísu eigi dæmt um; það eru aðrir h. þingm. færari til að segja um, hvort þau eru framkvæmanleg. Það er aptur á móti eitt atriði, sem mjer þykir athugavert, en það er með kostnaðinn. Það er að mínu áliti eigi heppilegt, að gjöra útflytjanda að skyldu að borga ótakmarkaðan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, heldur að ákveðin væri einhver viss tiltekin upphæð fyrir hross eða kind. Það getur líka hugsazt, að kostnaðurinn sje stundum beinlínis óþarfur, t. a. m. járning á tryppum, sem bæði getur verið örðug og óþörf, þar sem um stutta vegalengd er að ræða, sem reka þarf. Jeg vil því leyfa mjer, þar eð ýmislegt mun vera við frumv. að athuga, að skjóta því til h. flutningsm., hvort þeir álitu eigi heppilegt, að sett væri nefnd til að íhuga það.

Flutningsmaður (*Þorl. Guðmundsson*): Það getur meir en satt verið, að ýmislegt sje að athuga við þetta frv. Kostnaðurinn gæti ef til vill orðið nokkuð mikill. Við flutningsmenn vorum að hugsa um að ákveða daglaun eða tímaborgun handa skoðunarmönnum, en hættum við það aptur, þar eð oss þótti sem ekki mundi vera mikil hætta á að borga þyrfti ósanngjarna reikninga, þar eð þeir verða að ganga í gegn um sýslumann og amtmann.

Það getur satt verið, að járning geti stundum verið erfið, þegar um stuttar vegalengdir er að ræða, en frumv. gerir ekki ráð fyrir, að járning sje nauðsynleg, nema þar sem rekstur á tryppum er full dagleið.

Ef h. deild vill setja nefnd í málið, þá mun jeg ekki verða því mótfallinn; mjer er um að gjöra, að eitthvað sje hjer gert til umbóta.

Þórður Guðmundsson: Frumv. þetta er að mínu áliti mjög gott og nytsamt, en þar eð jeg álít, að í því sjeu ýms atriði, sem þyrfti að skoða betur, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKV.GR.: Samþykkt með 15 samhljóða atkv. að setja nefnd í málið, og í hana kosnir:

Þorlákur Guðmundsson með 15 atkv.
Pjetur Jónsson — 18 —
Jón Þórarinsson — 9 —

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 125); 1. umr.

Flutningsmaður (*Valt. Guðmundsson*): Eins og menn muna, var í fyrra fyrir deildinni mál, sem nefnt var »stóra málið«. Jeg get hugsað, að þetta mál

verði líka kallað »stóra málið«, þótt hjer sje að vísu ekki um jafn stórt fyrirtæki að ræða og þá var. Eins og alkunnugt er, fjekk »stóra málið« ekki framgang. En áhrifin af umræðunum um það á þinginu hafa þó komið í ljós út um landið; þær hafa lypt huga þjóðarinnar dálítið hærra, og komið henni til að finna enn betur til þarfarinnar á samgöngubótum. Það má segja, að nú sjeu því nær allir farnir að sjá, að undirstaðan undir framförunum bæði andlegum og efnalegum sjeu samgöngubæturnar. Jafnframt þeim munu rísa upp nýir atvinnuvegir, og hinir fornu atvinnuvegir blómgast, en það hlýtur að hafa í för með sjer fólksfjölgun og aukið auðmagn; en eptir því sem menn verða betur efnum búnir, eptir því má búast við að þeir verði sjálfstæðari, því að það er algild reynsla, að eymdin og fátæktin elur amlóðaskap og ósjálfstæði. Auðmagnið leiðir og af sjer blómgun lista og vísinda; það getur ekki þrifizt vel nema þar sem fje er fyrir hendi til að styðja það. Því ætti þeim, sem er annt um að listir og vísindi blómgist, líka að vera annt um, að samgöngur batni og auðmagn þjóðarinnar vaxi. En auk þess sem bættar samgöngur efla óbeinlínis hið andlega líf, þá glæða þær það líka beinlínis; þær gjöra það hægra fyrir menn, að komast af þúfunni, sem þeir eru alnir á, komast út í heiminn og sjá sig um; við það gefst þeim kostur á að sjá og læra margt nýtt, kostur á að bera þetta nýja saman við það, sem þeir hafa átt að venjast, og þetta eitt út af fyrir sig á að geta leitt til nýrra framkvæmda og framfara.

Menn eru farnir að finna til þess að hjer þarf eitthvað nýtt að gjöra; á þingmálafundunum er eindregið farið fram á það, að bæta samgöngurnar, einkum er skorað á þingið að leggja ríflega fram fje til að bæta samgöngurnar á sjó; þetta er líka eðilegt, því að þar eigum vjer hægast með að gjöra eitthvað verulegt, enda eru yfir höfuð samgöngur hægastar þar. Höfuðannmarkarnir á samgöngum vorum á sjó eru nú þeir, að ferðirnar eru of strjálar til útlanda, og of langar. Það sem þessu veldur er einkum slæpingurinn í Færeyjum, hinn langi krókur til Englands, og svo það, að ferðunum kringum landið er optast þannig hagað, að sá sem t. d. ætlar að fara til Seyðisfjarðar verður að fara vestur og norður um land, og þar af leiðandi vera allt að hálfum mánuði á ferðinni í staðinn fyrir að hann þyrfti ekki að vera lengur en tvo daga, ef sunnan um land væri farið. Þetta út af fyrir sig eru óhæfilegir gallar, en við það bætist, að ferðirnar eru dýrar, bæði er mannflutningsgjald hátt og farmeyrir. Enn bætist það við, að ferðirnar standa í sambandi við þann bæ, þar sem milliferðaskipið getur frosið inni og hefir frosið inni. Ennfremur hefir það verið fundið að, að fjelag það, sem átt hefir að annast ferðirnar, hafi ekki fullkomlega uppfyllt skyldu sína: látið dragast að senda ný skip hafi hin ákveðnu milliferðaskip þeirra tálmast eða þeim seinkað meir en góðu hófi gegndi, og er skammt á að minnast að þetta hafi komið fyrir. Þetta getur orðið mikill hnekkir fyrir atvinnuvegina. Á síðasta vori var það t. d. ekki svo lítill hnekkir fyrir fiskimennina hjer á Suðurlandi, að verða að bíða í fiskileysinu eptir póstskipinu langt fram yfir áætlunartíma þess, og komast ekki á þá staði, þar sem atvinnu var að tá. Hinar strjálu og dýru ferðir eru yfir höfuð hnekkir fyrir þjóðmegun vora og menning; það er hnekkir, hve örðugt er að bregða sjer út yfir pollinn, eins og nú stendur.

Eins og jeg nefndi á öðrum stað, hefir þjóðin með sterkum orðum hvatt þingið til þess að bæta samgöngurnar, skorað á það að gjöra sitt ítrasta til þess. Kröfur landsmanna beinast einkum að því að póstsamgöngur til útlanda sjeu gjörðar tíðari og fljótari. Á sumrum vilja þeir að samgöngurnar sjeu tvisvar á mánuði, og á vetrum vilja þeir koma í veg fyrir að milliferðaskipið frjósi inni, og það álíta menn, að megi með því að hafa póstsamgöngurnar þá í beinu sambandi við England en ekki Danmörku. Menn heimta og betri strandferðir, en jeg mun hverfa að því síðar. Þá er og heimtað að flutningur á erlendum vörum hingað sje ódýr; vjer þurfum að fá salt, kol og steinolíu beint frá Englandi, vörur sem gufuskipafjelagið sjer sjer ekki fært að flytja hingað; einnig þurfum vjer að fá þakjárn og aðrar enskar vörur, sem og vörur frá öðrum löndum, með miklu lægri farmeyri en nú á sjer stað. Um flutning á íslenzkum vörum til útlanda er þess að geta, að samkvæmt útlendri markaðsþörf ættum vjer að flytja alla ullina beint til Englands. Saltfiskinn þurfum vjer að geta flutt út smátt og smátt, en hrúga honum ekki á markaðinn á einum mánuði eins og nú gjörist. Talsvert af honum ætti að geymast til vetrarins, þegar Spánverjar borga hann sem bezt. Jeg skal skjóta því hjer inn í, að flestar af upplýsingum þeim, sem jeg hefi fram að flytja, hefi jeg fengið frá kaupmönnum, sjerstaklega frá Ditlev kaupmanni Thomsen, sem bæði er fróður í þessum sökum og svo áreiðanlegur maður, að vjer höfum enga ástæðu til að rengja frásögn hans. Eptir þennan útúrdúr sný jeg mjer svo að málinu aptur. Vjer þurfum að greiða fyrir nýjum atvinnuvegum í landinu. Eitt af því sem vjer þurfum að gjöra, er að reyna að beina ferðamannastraum inn í landið. Það ætti að geta orðið drjúg tekjugrein hjer, að sínu leyti eins og í Noregi eða Sviss; en mest líkindi til þess að það takist er vjer höfum fljótar og tíðar samgöngur við England. Þá þurfum vjer að reyna að efla og gjöra oss arðsamari ýmsa fiskiveiði, svo sem heilagfiskisveiði, kolaveiði, laxveiði og ýsuveiði, og það mun oss heppnast, ef vjer höfum færi á að flytja þessar fiskitegundir ísvarðar á heimsmarkaðinn. Íslendingar þurfa sjálfir að geta án allt of mikils kostnaðar og tímaspillis brugðið sjer til útlanda til þess að skoða sig þar um, og geta síðan flutt heim útlenda þekkingu; það gengur svo, að heimskt er heima alið barn, og margt gott og þarflegt getur sprottið af því að sjá sig um í heiminum.

En hvernig eigum vjer að uppfylla allar þær kröfur, sem hjer hefir verið drepið á? Annaðhvort með því að styrkja aðra með ríflegum fjárstyrk til þess að halda uppi ferðum, sem samsvara þörfum vorum og kröfum, eða með því að ráðast í að annast þessar ferðir sjálfir.

Til þess að geta notað fyrri aðferðina, þurfa að liggja fyrir tilboð um að takast ferðirnar á hendur gegn ákveðnu gjaldi. Nú hafa að eins tvö slík tilboð legið fyrir, en bæði þannig löguð, að samgöngumálanefndinni virtist þau óaðgengileg. Frá gufuskipafjelaginu hefir ekkert tilboð komið, enda nokkurn veginn víst, að frá því mundi aldrei koma tilboð, sem fullnægði þörfum vorum; það getur ekki losnað við Færeyjar, og vill ekki flytja ýmsar helztu nauðsynjavörur: kol, salt og steinolíu frá Englandi og fje til Englands.

Þá er eina úrræðið að annast ferðirnar sjálfir. En nú getur orðið spursmál, hvort heppilegra sje að kaupa skip eða leigja. Jeg hefi þar leitað mjer

upplýsinga, og hafa flestir verið á því, að erfitt muni vera að fá á leigu hagkvæmt farþegjaskip, þótt allt af sje hægt að fá nóg farmflutningaskip. Reyndar má gjöra ráð fyrir að hægt yrði að fá eitthvert útflytjendaskip, en þau eru of stór handa oss. Það er ekki að búast við að farið yrði að breyta fyrirkomulagi í skipi, sem vjer tækjum á leigu fyrir stuttan tíma, aptur á móti væri ekkert á móti því að gjöra það við skip, sem vjer keyptum, og þar af leiðandi mundum nota um lengri tíma.

Sumum mun ofbjóða að leggja svo, mikið fje fram úr landssjóði, sem frv. gjörir ráð fyrir, en því má svara svo að landssjóður hafi fullkomlega ráð á því. Í fyrra var það sagt, þegar talað var um kostnað við »stóramálið», að ekki væri forsvaranlegt, að leggja út í svo mikinn kostnað að kjósendum fornspurðum Hjer þarf enginn vafi að vera. Allir þingmálafundir heimta mikið fje lagt fram; það er heimtað að þingið gjöri sitt ýtrasta, en svo langt er þó ekki farið hjer, því að vjer gætum sjeð af miklu meira fje úr landssjóði en skipsverðinu. Vjer höfum því samþykki fyrirfram frá hjer um bil öllum þingmálafundum til að eyða þessu fje. Sumir fara beinlínis fram á að keypt sje eimskip, og í blöðunum hafa komið fram margar raddir um það, að vjer ættum að eiga fleytuna sjálfir, án þess að sækja til annara. Nefndin hefir því fullu samræmi við vilja manna út um allt land lagt það til, að keypt yrði eimskip á kostnað landssjóðs.

En getur nú þetta eina skip nokkurn veginn uppfyllt kröfur vorar, og á hvern hátt? Menn munu segja að eitt skip muni varla geta það. En þá ber þess að geta, að búast má við að gufuskipafjelagið haldi áfram ferðum sínum, líkt og 1893, þegar það fjekk engan styrk úr landssjóði. Skipstjórar á skipum gufuskipafjelagsins hafa lýst því yfir, að ferðaáætlunin 1893 sje fullt eins hagsæl fyrir fjelagið án tillags úr landssjóði eins og hin núverandi ferðaáætlun með 18000 kr. tillagi, og ferðir þess milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur munu verða hinar sömu sem nú. Auk þess má telja sjálfsagt, að gufuskip Wathnes, Tuliniusar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Vidalíns og Zöllners o.fl. muni halda áfram að sigla líkt og nú. Landskipið verður því að eins viðbót við þær siglingar, sem nú eru, og ætti einkum að annast þær þarfir og uppfylla þær kröfur, sem menn fá ekki uppfyllt með þessum skipaferðum.

Samgöngunefndin hefir enn ekki lagt fram neina ákveðna ferðaáætlun eða kostnaðaryfirlit. En af því jeg get búist við að ýmsa fýsir að vita, hvernig hún hugsar sjer að ferðunum sje hagað, og af því að jeg gjöri ráð fyrir að sumir muni vera hálfhræddir við útgjörðina, búist við of miklum tekjuhalla, þá skal jeg koma með dálítið yfirlit til þess að skýra þessi tvö atriði fyrir mönnum.

Vjer getum skipt ferðunum í fernt: sumarferð, haustferðir, vetrarferðir og vorferðir. Sumarferðirnar væru frá 15. maí til 15. sept., sjö ferðir alls milli Englands og Íslands og kringum landið. Þessi tími er 113 dagar. Setjum að skipið sje $3^1/_2$ dag milli Englands og Íslands, og er það fullvel í lagt, ef skipið er hraðskreitt — viðstaða á Englandi $2^1/_2$ dagur, í Reykjavík 1 dagur, ferð kringum landið 8 dagar og látum það koma við á 4—5 höfnum í hverri ferð, en ekki ávallt á sömu höfnum; verða það 28—35 viðkomur í þessum 7 ferðum, en til þeirra ganga 105 dagar; þá eru 8 dagar umfram til þess að hlaupa á, ef ófyrirsjeðar tafir verða.

Þá koma haustferðirnar, fjárferðirnar: frá 15. sept. til 15. nóv., 3 ferðir milli Englands og Íslands.

Vorferðirnar frá 15. apríl til 15. maí til Kaupmannahafnar, en koma við í Newcastle og sigla þaðan til Reykjavíkur, Seyðisfjarðar og ef til vill til Ísafjarðar.

Loks eru vetrarferðirnar frá 15. nóv. til 15. apríl, 3 ferðir alls. 1. des ætti að sigla frá Englandi með kol til Reykjavíkur, 1. janúar með salt frá Englandi til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og taka þar fisk til Spánar og Portúgals og Ítalíu. 20. marz ætti skipið aptur að koma til Reykjavíkur, fara svo þaðan til Seyðisfjarðar, og flytja þaðan 1. apríl síld til Noregs, koma þangað 4. apríl, fara svo þaðan til Kaupmannahafnar og vera þar 10. apríl; halda síðan þaðan inn í Eystrasalt með síldarleitar og koma aptur til Hafnar 16. apríl, taka þar farm og farþegja og hefja vorferðir sínar til Íslands.

Þetta er nú lauslegt yfirlit yfir ferðaáætlun skipsins; en þá er að snúa sjer að útgjöldum og tekjum við útgerð þess; skal jeg geta þess að jeg hefi þar leitað mjer upplýsinga hjá kunnugum mönnum, og skal jeg nú skýra frá einni af þeim áætlunum, sem jeg hefi fengið, og byrja á útgjöldunum; legg jeg þar til grundvallar mánaðarútgerð á skipi á stærð við Laura.

Laun:

kapteins	Kr. 300	
2 stýrimanna . . .	— 175	
2 maskínumeistara .	— 250	
11 skipsmanna . . .	— 475	
		1200 00
Fæði allra skipverja . . .		600 00
Kol keypt í Englandi . .		1300 00
Olía og ýmislegt viðhald .		800 00
Hafnarkostnaður ýmislegur .		2000 00
Ábyrgðarg . . .		2500 00
Samtals kr.		8400 00

eða hjer um bil 101,000 kr. á ári. Má þá gjöra ráð fyrir, að árskostnaðurinn við útgerð skipsins verði að meðtöldum vöxtum af höfuðstól og skrifstofukostnaði farstjóra alls 120000 kr.

Þá koma tekjurnar; og skal jeg byrja á tekjunum af sumarferðunum; þá ætti að vera hægt að fá marga farþega með skipinu, og er ekki mikið í lagt, þótt gert sje ráð fyrir, að 250 ferðamenn taki sjer þá far; Mr. Franz hafði það eptir hinum alkunna ferða-agent Cook, að hann hefði boðizt til að útvega sjer yfir 1000 farþega, ef ferðirnar yrðu hagkvæmar og greiðar. En gjörum ráð fyrir, að þeir verði að eins 250, og setjum fargjald þeirra lægra en nú er, eða 4 Lstr. í stað 5 Lstr.; það verða þó alls . . . . . kr. 36,000,00

Ágóða af matsölu og vínsölu má telja án þess að leggja mikið í . . . . — 4,000,00

Vjer skulum láta vöruflutninga vera ákaflega litla í sumarferðunum, en ólíklegt er, að farmeyrir af þeim verði þó minni en — 4,000,00

Verða þá samtals tekjur at sumarferðunum . . . kr. 44,000,00

Þá koma haustferðirnar og fjárflutningarnir. Nú er flutningsgjaldið fyrir kindina til Englands 5 sh., en látum þetta skip taka að eins 3 sh. fyrir kindina, og gjörum ráð fyrir, að það flytji út 3000 fjár; verða það þá 27000 sh. eða — 24,300,00

Þá koma vorferðirnar. Menn vita, að í apríl senda kaupmenn miklar vörur upp til Íslands, og þar sem skipið þá á að fara frá Kaupmannahöfn, má sjálfsagt vona eptir eigi minnu

Fl. kr. 68,300,00

Flutt kr. 68,30000
í farmeyri í þeim ferðum en — 4,700,00

Þá eru vetrarferðirnar. Jeg hef að vísu áður drepið á, hvernig mætti hugsa sjer þeim hagað, en með leyfi h. forseta vildi jeg þó leyfa mjer að lesa upp greinilegri áætlun yfir þær. Þessa áætlun hefir herra kaupmaður Ditlev Thomsen látið mjer í tje, og er hún þannig: . . . »þá er eptir tímabilið frá 15. nóv. til 15. apríl. Þá eru þrjár ferðir. 1. desember fer skipið frá Englandi með kol til Reykjavíkur. Í þeirri ferð ættu tekjur að verða að minnsta kosti — 7.000,00
1. janúar fer það með salt frá Englandi til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og tekur þar fisk til Spánar, Portúgals og Ítalíu. 16. janúar fer það frá Reykjavík, kemur við á Englandi eða Írlandi 22. janúar, kemur til Bilbao 29. jan., fer það þaðan 2. febrúar til Lissabons, fer þaðan 9. febrúar, kemur til Barcelóna 14. febrúar, fer þaðan 17. febrúar, kemur til Genúa 19. febrúar, fer þaðan 23. febrúar; fer til Sikileyjar eptir farmi af Trapanisalti, fer þaðan 1. marz; kemur til Englands 10. marz, tekur þar kol og ef til vill Kaupmannahafnarpóstinn, og heldur áfram með saltið til Íslands 14. marz; kemur þá til Reykjavíkur 20. marz; fer

Fl. kr. 80,000,00

Fl. kr. 80,000,00
til Seyðisfjarðar 30. marz; fer þaðan með síld 1. apríl; kemur til Noregs 4. apríl, til Hafnar 10. apríl; fer til Eystrasalts með leifarnar af síldinni, og er komið aptur til Hafnar 16. apríl. Í þessum tveimur ferðum ættu tekjurnar að vera að minnsta kosti — 10,000,00
verða þá tekjurnar fyrir vetrarferðirnar samtals kr. 17,000,00.

Í þessari áætlun er það ekki tekið fram, að búast má við, að skipið gæti fengið farm af ávöxtum frá Spáni til Englands.

Ef allar þessar áætluðu tekjur skipsins eru lagðar saman, verða þær samtals — 90,000,00
og munu þó allir hljóta að játa, að hjer sje ekki gjört ráð fyrir meiri tekjum en fást muni, heldur margfalt minni. Hjer er t. d. sleppt öllum farmeyri fyrir vörur milli hafna á Íslandi, og fargjaldi fyrir farþega þar. En setjum þó svo að tekjur af skipinu yrðu 90,000 kr. og kostnaður við útgerðina . . . . . — 120,000,00
þá er þó auðsýnn hagur að því, að kosta útgerðina sjálfur, því að vjer mundum aldrei fá hjá öðrum aðrar eins ferðir og hjer er gjört ráð fyrir fyrir einar — 30,000,00

Jeg skal svo ekki að þessu sinni fara lengra út í einstök atriði málsins, en get þess, að nefndin skoðar frumv. sitt að eins sem grundvöll til að byggja á, og mun taka þakksamlega við öllum góðum bendingum.

Jeg vona að h. deild taki annars frumv. vel, og jeg er sannfærður um, að þjóðin mun ekki þinginu þakklátari fyrir annað, en ef því tekst að skilja vel við samgöngumálið.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. Vestm. (Valtýr Guðm.) talaði fyrst í ræðu sinni um, hversu nauðsynlegt það væri, að bæta samgöngurnar. Þessu neitar auðvitað enginn og jeg ekki heldur, en það er eptir að vita, hvort þetta frumv. bætir samgöngur vorar á nokkurn hátt, frá því sem þær nú eru. Jeg hefi á fyrri þingum (1879—85) samið ferðaáætlanir fyrir póstskipin, og hefi reynt að eigi er hægt að fá fullnægjandi samgöngur nema að minnsta kosti með 2 eða jafnvel 3 skipum, og þá þykir mjer óskiljanlegt, að samgöngumálanefndin geti fengið hentugar samgöngur að eins með einu skipi. Annars er ekki gott að ræða þetta mál nákvæmlega á meðan engin ferðaáætlun er fyrir hendi, en jeg verð að álíta, að þetta eina skip bæti ekki svo samgönguþarfirnar, að ráðlegt sje að leggja út í kostnað þann, er leiðir af kaupum þess og ferðum. Þetta, sem frumv. fer fram á, er bæði of stórt og of lítið. Það er of stórt fyrir landssjóð, að leggja út í kostnaðinn, og of lítið til að fullnægja samgönguþörfum landsmanna. Reynslan mun sýna, að ómögulegt er að búa til fyrir eitt skip þá ferða-áætlun, að allir hlutar landsins verði ánægðir með hana.

H. flutningsm. (V. G.) gat um, að það sem þetta eina skip vantaði á, til að fullnægja samgönguþörfum landsins, þá mundi hið sameinaða danska gufuskipafjelag bæta úr því, því að skip þess mundu ganga samt sem áður, þó að það fengi engan styrk til strandferðanna. Er þá meiri vissa fyrir, að »Thyra« gangi haganlegar eða fremur eptir þörfum landsmanna, þegar búið er að taka af styrkinn til ferðanna, heldur en nú, meðan samningar eru og fje framlagt? Auk þess er engin vissa fyrir því, að fjelagið sendi hingað nokkurt strandferðaskip, þegar styrkurinn er af numinn. Jeg álít það ósamkvæmni, að segjast ekki vilja semja við danska gufuskipafjelagið nje nota skip þess, eins og orð hafa fallið meðal manna hjer í salnum, en segja þó í sama orðinu, að það eigi að bæta úr þeim samgönguþörfum, sem ný-keypta landsskipið eigi getur uppfyllt. Ef hægt er að nota 2 skip gufuskipafjelagsins, hvers vegna er þá ekki hægt að nota hið þriðja? Er það nægilega rannsakað, hvort eigi sje hægt að fá viðunandi póstferðir án þess, að kastað sje út 350,000 kr. fyrir þetta eina skip? Það mun sannast, að stórar glompur verða á ferða-áætluninni, þegar hún kemur í ljós.

Hinn h. framsögum. (Valt. G.) gat þess, að á skipinu ætti að vera um 60 farþegarúm á fyrsta plássi og fjörutíu á öðru plássi; en slíkt er ekki sniðið eptir þörfum Íslands eða Íslendinga; fyrir þá þyrfti 2. pláss að vera miklu stærra en 1. pláss. Jeg álít að með þessari tilhögun sje frekar hugsað um útlenda ferðamenn, »tourista«, og hag þeirra, en hag landsmanna sjálfra. Þegar menn hafa óskað eptir því á þingmálafundunum, að samgöngurnar yrðu bættar, þá hafa þeir ekki lagt áherzluna á millilandaferðir, heldur strandferðirnar, en þetta eina skip bætir ekki úr þeim.

Jeg er viss um, að Norðlendingum þykir ekki mikið bættar samgöngur hjá sjer með þessu frumv., því margar af hinum smærri höfnum verða útundan og mikið vantar á samgöngubætur þær, sem æskt er eptir. Með frumv. er sporið ekki nema hálf-stigið. Í það vantar heilan lið, strandferðirnar; þó

talað hafi verið um, að landssjóður veiti lán til skipskaupa á Vestfjörðum fyrir 60,000 krónur, þá er mjög ólíklegt, að nokkuð verði af þeim skipskaupum eða samgöngubætur verði af því skipi.

Mjer sýnist rjettast, að ef h. samgöngunefnd ætlast til að landið sjálft taki að sjer samgöngurnar á sjó, þá sje farið svo langt, að breytingin verði til bóta fyrir þjóðina, en ekki apturför, eins og hlýtur að verða með einu skipi, en þá verður að taka dýpra í árinni með tillagið úr landssjóði, og þá má ekki reiða sig á þær skipaferðir hjá öðrum, sem alveg eru óvissar.

Það er von þótt menn vilji fá góðar samgöngur, en jeg ímynda mjer, að þær sjeu fólgnar í fleiru en að flýta fyrir touristum. Aðal-atriðið er, að greiða ferðir póstflutningsins, en það má gjöra það á miklu ódýrari hátt en með skipskaupum. Svo sem kunnugt er, sendir hið danska fiskiveiðafjelag »Dan«, sem fiskar hjer við land, gufuskip hjeðan frá landi til útlanda 7. hvern dag, en það hefir boðizt til að koma hjer við 14. hvern dag til þess, að taka póst, frá því á vorin og fram á haust, ef það fengi fyrir það 5000 krónur á ári. Vilji þingdeildin heldur kjósa að fjelagið láti skipið koma hjer við 7. hvern dag, mun það einnig fáanlegt til að gjöra það fyrir 9—10000 kr. Þar er áhættan lítil, ekkert sett á vogun, og fljótar ferðir, sem hægt er að reiða sig á.

H. flutningsm. (V. G.) talaði um, ferð skipsins og dvöl þess á viðkomustöðunum, og gjörði ráð fyrir, að skipið yrði 3½ dag milli Englands og Íslands og stæði einn dag við í Reykjavík, væri 8 daga í kringum landið, og stæði 2½ dag við á Englandi. Jeg er sannfærður um, að eins dags dvöl hjer í Reykjavík yrði allt of lítil, ef skipið flytti þangað vörur að nokkrum mun, og yfir höfuð sýnist mjer ekki hægt að fara þessar ferðir kringum landið á jafn-stuttum tíma. Það er ekki rjett, að gjöra þessa ferða-áætlun of glæsilega; reynslan mun sýna, að eigi verður hægt að fara svona margar ferðir eins og h. flutningsm. (V. G.) gefur í skyn.

Yfir höfuð er þessi fyrirhugaða ferðaáætlun miklu fremur fyrir útlenda ferðamenn og vöruflutninga helming ársins, en til að uppfylla óskir landsmanna. Það er líkt og þetta ætti að vera gróðafyrirtæki, ef að fyrst og fremst er hugsað um, að ná sem flestum »touristum« og sem mestri fragt. Það er ekki ólíklegt, að þetta ferðalag muni getað borgað sig án mjög mikils framlags úr landssjóði, eptir því sem h. flutningsm. (V. G.) tók fram í byrjun ræðu sinnar, en þá er mjög lítið hugsað um þarfir landsmanna.

Jeg vil nú ekki eyða meiri tíma til að ræða um málið í þetta sinn, því að hægt verður að fara út í það nákvæmar, þegar ferða-áætlunin kemur.

Jens Pálsson: H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði í ræðu sinni, að engan veginn væri hægt, að bæta samgöngur vorar með einu skipi, og byggði það á því, að hann hefði hugsað rækilega um þetta, og reynt að búa til ferðaáætlun, og hefði ekki komizt af með 2 skip, heldur part úr hinu þriðja skipi. En það er vel að gæta þess, að hingað til hafa ferðirnar verið reknar upp á alla þessa krókavegi; fyrst til Færeyja, og þar jaskað inn á hvern fjörð, síðan farið suður til Skotlands, þá austur í Jótlandshaf og svo til Kaupmannahafnar. Þegar þess er gætt hve mikill tími fer í allt þetta hringsól, og hve styttri vegur er milli Íslands og Englands beina leið, þá vinnst svo mikill tími, að skipið getur gert margfalt meira, jeg vil ekki fullyrða, að eitt skip, geti farið

eins margar ferðir og tvö, en jeg vil halda, að það verði því sem næst.

Að öðru leyti þóttu mjer mótbárur h. 1. þm. Árn. (T. G.) ekki eins sterkar og jeg bjóst við, og það styrkir mig í trúnni, að landsskipsfyrirtækið sje hyggilega stofnað. Honum þótti óviðkunnanlegt að ætla upp á aðrar ferðir jafnframt þessu skipi og tók sjerstaklega fram, að ekki væri vert að ætla upp á ferðir hins sameinaða danska gufuskipafjelags, þegar búið væri að afnema styrkinn til þess, og jafnframt láta í ljósi að menn vildu ekkert við það eiga. Jeg fyrir mitt leyti geng út frá því, að gufuskipafjelagið haldi áfram ferðum kringum landið, af því, að vöruflutningar hjeðan eru komnir í svo fasta rás, sem þeir fara ekki úr um nokkurn tíma. Gufuskipafjelagið mun því hafa mikið að gera, þótt þetta skip verði sett í millilandaferðir og strandferðir, og að líkindum hafa svo mikla flutninga að annast, að því mundi þykja tilvinnandi að halda einhverjum strandferðum áfram. En þó svo færi, að gufuskipafjelagið hætti alveg ferðum sínum kringum landið, þá er jeg öldungis eins einlægur með að fá þessu máli framgengt, því að farstjórnin, sem sjer um skipið, getur þá tekið þetta til greina og bætt svo úr þörfunum, að landsmönnum mætti vel hlíta, og það betur en nú er, ef á allt væri litið, þótt 2—3 skip gufuskipafjelagsins heimsæki landið.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) setti það út á hina lauslegu ferðaáætlun h. þingm. Vestm. (V. G.), að hann ætlaði skipinu of lítinn tíma til að ferma hjer og afferma. En að því er snertir þessa aðfinning, þá er það vel athugandi, að skip þetta á að vera útbúið með sjerstaklegum tilfæringum, til að flýta fyrir uppskipun og útskipun, að ætlazt er til, að skipinu fylgi dálítill gufubátur, sem geti teymt uppskipunarbáta aptan í sjer með ærnum hraða. Auk þess má geta þess, að þó að gufuskip sje einatt að drattast hjer í Reykjavík dögum saman, þá er engin þörf á því. Jeg skal taka til dæmis, að menn á útkjálka og bryggjulausir hafa með nægum bátum flutt úr skipi 1500 tunnur af vörum á 8 stundum, allt úr sama skipinu; mjer er vel kunnugt um, að þetta hefir átt sjer stað; og fleiri svipuð dæmi mætti tilfæra. En hvað mundi þá hægt að gjöra hjer í Reykjavik með gufubát með uppskipunarskipum aptan í? Það má ekki miða við það, þótt tíma sje eytt að óþörfu. Það er því engin ástæða til að segja, að áætlunin sje í þessu efni ósanngjörn, eða að skipinu sje ætlaður of lítill tími.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði um, að illa væri skipað plássi í skipinu fyrir íslenzka ferðamenn, þar sem ætlað væri 60 farþegum far á 1. plássi og 40 á öðru plássi. En þess ber að gæta, sem ekki hefir verið tekið fram, að nefndin hugsaði sjer, að skipið sje yfirbyggt, og að hvenær sem vill megi innrjetta þar pláss fyrir fjölda fólks milli hafna, ef þörf krefur, en slíkt kemur einkum fyrir á ferðum hjer við land með kaupafólk frá Faxaflóa og til Austfjarða og svo heim aptur. En þurfi þar ekki rúm fyrir farþega, má kippa öllum umbúnaðinum upp og setja niður aptur hvenær sem vill, en í annan stað má setja þar upp rúm fyrir fjenað þegar þess þarf með, og taka þann umbúnað niður aptur og geyma unz með þarf í næsta sinn. Sú mótbára, að skipið mundi að allt of litlum mun bæta úr samgönguþörfinni á sjó, er að áliti mínu ekki á neinum gildum rökum byggð. Skip, sem er hraðskreitt vel, og fer flestar ferðir beint og krókalaust til hins nálægasta lands, Bretlands, og kemur einkum á aðalhafnir

hjer, skip, sem auk þess er svo innrjettað að allt af getur verið til nóg ódýrt farþegarúm handa alþýðu-ferðafólki, — slíkt skip getur bætt að mjög miklum mun úr samgönguþörf vorri á sjó, og líklega að meiri mun en oss nú hugsast.

Þar næst er ekki hvað minnst í það varið, að vjer verðum herrar í okkar húsi og þurfum ekki að eiga allt undir náð annara. Þetta mál er eitt af mestu áhugamálum þjóðarinnar, svo sem h. framsögum. (V. G.) hefir tekið fram, og það er fátt, sem er samkvæmara þjóðarinnar áhuga og kröfum, en að eitthvað verulegt sje gjört í þessa átt. Hvert hugsandi mannsbarn meðal þjóðarinnar vill láta kosta verulegu fje til að, bæta samgöngur vorar, ekki hvað sízt á sjónum, sem allt bendir á að eigi að vera aðalþjóðvegur vor. Hnattstaða Íslands og ennfremur það ásigkomulag að hartnær öll byggð landsins liggur hringinn í kring fram með sjónum, svo og veðrátta landsins og víðátta, bendir allt í sömu áttina. Allt þetta bendir oss á, að það er einkum fyrst og fremst á hafinu, að vjer eigum að vænta samgöngubóta. Það fyrirtæki sem hjer ræðir um er oss Íslendingum ekki um megn, vjer getum sett það í framkvæmd án þess að leggja þjóðinni byrði á herðar, án þess að leggja á skatta af nýju. Vjer vitum að svo gætilega og sparlega hefir verið farið með fje landsins, að vjer nú eigum meira en miljón krónur í sjóði. Til þess að safna þessu fje hefir fram á síðustu ár verið hlítzt við, að ráðast í verkleg stórvirki að mestu leyti. Fyrir því er fjárhagur landsbúsins orðinn svo góður, að úr þessu ætti ekki að verða oss um megn að eignast og eiga eina gufuskipsfleytu. Eða vex oss nú í augum, — niðjum hinna gömlu Íslendinga, sem frægir eru fyrir farmennsku, — að eignast eina boðlega fleytu, eða erum vjer orðnir þeir ættlerar? »Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur«, já í 1000 ár? Hver sem segir, að oss sje þetta um megn, hann líti til Færeyja; Færeyingar eiga þó skip sitt sjálfir, en við ekki, og eigum þó miljón krónur í sjóði. En þrátt fyrir vorn góða efnahag væri varhugavert að ráðast í fyrirtæki þetta, ef hætt væri við, að það yrði oss langan tíma mjög þung byrði. Vil jeg nú minnast sjerstaklega á þetta atriði og leitast við að sýna, að þótt skip þetta yrði oss byrði vegna þess, að það brysti nógar tekjur móts við gjöldin, þá mundu ferðir þess gjöra oss svo mikið óbeint gagn, að það myndi fyllilega jafna hallann og miklu meira. Mjer heyrðist h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) finna það að þessum bollaleggingum einkum, að þetta sje nokkurs konar verzlunarstarf; hitt bar hann ekki fram móti fyrirtækinu, að skipið gæti ekki borið sig. Jeg held að hver sá, sem kynnir sjer arð þeirra gufuskipa, sem nú eru í flutningum milli Íslands og útlanda og flutningsþörfina þar á milli, að hann hljóti að sjá, að þetta fyrirtæki hljóti að geta borið sig innan fárra ára, og jafnvel orðið gróðavegur fyrir landssjóð. Og jeg vil segja svo mikið, að svo framarlega sem farstjórinn reynist svo sem ætla má, að þá sje ekkert efamál, að fyrirtækið geti borið sig, og hljóti að borga sig margfaldlega, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis, er á allt er litið.

En nú gæti svo farið, að auðug gufuskipafjelög, svo sem hið sameinaða danska gufuskipafjelag, tæki að »concurrera« við oss, og færði farmgjald og fargjald niður; þá yrði landssjóðs-skipið að fylgja með; þá gæti svo farið, að tekjur skipsins hrykkju ekki nálægt því fyrir útgjöldunum; en hver vill koma og segja mjer, að þetta sje tjón fyrir Ísland? Því þó sárlítið kæmi inn

upp í útgjöld skipsins, sem áætluð eru 100,000—120,000 kr. á ári, þá væri því fje ekki kastað í sjóinn, því þegar farmgjald er fært niður, þá græðir öll þjóðin; það er stór gróði fyrir þjóðina, að fá útlendar vörur aðfluttar og keyptar með sem lægstu verði, og ferðalög öll sem ódýrust.

Enn er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Því hefir stundum verið haldið fram, að það sje óhyggilegt fyrir landið, að takast slíkt fyrirtæki á herðar; það eigi ekki að spekúlera, heldur einstakir menn, og í þá átt hefir þingið stefnt hingað til í gufuskipaferðamálinu; það hefir útvegað millilandaferðir og standferðir með því, að veita einstökum mönnum eða fjelögum styrk til að framkvæma þær. Þessi ástæða er að mínum dómi ekki eins mikilvæg og gjört er orð á, heldur miklu fremur mjög ljettvæg, vegna þess, að sumar þær þjóðir, sem hafa gjört mest til samgöngubóta og fremstar og auðugastar eru, eru nú teknar að hallast að hinu gagnstæða, því ýmsir þeir menn, sem vitrastir eru og hafa mest hugsað um þetta mál, segja nú, að æskilegast sje og gagnlegast, að hið opinbera eigi allar járnbrautir og öll samgöngufæri í þarfir almennings, og sjái um þetta allt saman; annað ráð hefir hið opinbera ekki til að brjóta á bak aptur einokunina, sem auðmenn »drífa« með sínum skipum og brautum, því það ræður ekki við auðvaldið. Í Norvegi segja menn nú: »þegar vjer ljetum Englendinga koma og leggja hjá okkur járrbrautirnar, þá gerðum vjer rangt; það er miklu betra að landsins eigin börn eigi og kosti þess konar fyrirtæki«.

Þar sem vjer hjer á landi getum ekki efit samgöngur fyrir auð einstakra manna, vegna þess að hjer eru engir kapítalistar, þá verður hið opinbera að hlaupa undir bagga. Jeg vildi óska, að Ís land yrði hið eina land í heiminum, sem ætti sjálft sín skip, brýr og brautir.

Jeg man eptir því í fyrra, þegar »stóra málið« var hjer til umr., þá var það eitt meðal annars haft á móti því, og skarplega tekið fram, að vjer ættum ekki að hleypa valdi útlendra auðmanna að hjer á landi, heldur ætti allur framkvæmdakraptur og allar framkvæmdir að koma innan að frá landsmönnum sjálfum. En nú segi jeg: Ef nú þessi kraptur kemur frá landssjóði, sem er samlagssjóður landsins eigin barna, þá kemur hann sannarlega innan að frá þjóðinni sjálfri. Það eru fulltrúar hennar og þess vegna einmitt hún sjálf, sem, ef þessu máli verður framgengt, hefir hugsað það og sett það með því afli, sem hún á yfir að ráða, í framkvæmd, með öðrum orðum: kraptur inn og framkvæmdin er þá upp runnið og útgengið einmitt frá hjarta hinnar íslenzku þjóðar.

Einar Jónsson: Jeg verð að játa, að mál þetta liggur ekki eins ljóst fyrir mjer eins og jeg hefði óskað. Jeg tel það víst, að samgöngumálanefndin komi innan skamms með ferðaáætlun fyrir hið fyrirhugaða landsskip, en jeg óska þess jafnframt og tel æskilegt, að prentuð verði sundurliðuð áætlun um tekjur og gjöld skipsins til þess að menn geti glöggvað sig sem bezt á málinu. Ætti þá helzt að telja tekjur og gjöld eins og nú tíðkast á gufuskipum hins sameinaða gufuskipafjelags. Jeg álít heppilegast að taka sama fargjald og flutningsgjald, sem nú tíðkast, því jeg verð að ganga út frá því, að þeir, sem nú halda ferðunum uppi, sjeu sanngjarnir í kröfum sínum. Sýni það sig þar á móti, að landssjóður geti staðið sig við, að vera vægari í kröfum sínum, þá er miklu skynsamlegra að færa fargjald

og flutningsgjald o. s. frv. niður. Það er miklu heppilegra en að þurfa ef til vill að færa þau gjöld upp á eptir.

Það er þó sjerstaklega eitt atriði í ræðu h. framsögumanns (V. G.), sem jeg vildi athuga dálítið nákvæmar. Hann gerði ráð fyrir því, að þetta skip yrði líka notað til fjárflutninga.

En þar sem hann gerði aðallega ráð fyrir, að það yrði notað til mannflutninga, sjerstaklega til að flytja á útlenda ferðamenn, þá hefði þurft að sýna, hvernig þetta yrði samrýmt. Jeg sje ekki, að það geti orðið samrýmt öðruvísi en á þann hátt, að skipinu yrði á haustin breytt úr mannflutningaskipi í fjárflutningaskip og svo síðar aptur í mannflutningaskip. En það mundi kosta talsvert fje, sem þyrfti að taka til greina í kostnaði við skipsútgerðina.

Það kann nú að vera, að það sje af ókunnugleika mínum, að jeg get ekki komið þessu saman öðruvísi en svo, að það hafi kostnað í för með sjer, og kæmi því mjer og kannske fleirum það vel, að fá upplýsingar um þetta atriði frá h. nefnd, sem jeg geri ráð fyrir að hafi athugað þetta. En almennt get jeg lýst því yfir, að jeg álít ekki rjett, að hafa það skip, er hjer ræðir um, til fjárflutninga, því að fjárflutningaskip þurfa að vera sjerstaklega úr garði gerð, og einnig bezt, að þau sjeu stærri en þetta skip, því að það er viðurkennt, að því stærra sem skipið er, því hentugra og tryggilegra sje það til fjárflutninga. Jeg hygg því, að hið fyrirhugaða landsskip verði ekki nógu hentugt til að geta orðið fjárflutningaskip, allra sízt nema með talsverðum árlegum kostnaði, og því megi ekki byggja mikið á tekjum af þeim flutningum. Þess vegna álít jeg, að eigi ætti að hugsa um annað en að hafa skipið hentugt til mannflutninga og vöruflutninga, ef annars er hugsað um að kaupa skip.

Flutningsmaður (Valt. Guðmundsson): H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að sjer væri óskiljanlegt, að hentugar ferðir gætu fengizt með að eins einu skipi, og honum þótti skrítið, að ganga út frá því, að skip gufuskipafjelagsins mundu halda áfram ferðum sínum hjer við land eptir að styrkurinn til þess væri strykaður út.

Að því er hina fyrri mótbáru snertir, skal jeg játa, að eitt skip getur ekki fullnægt öllum samgönguþörfum vorum; en samgöngumálanefndin hefir fleira á prjónunum en þetta, sem enn er komið frá henni; hún er ekki búin að ljúka störfum sínum enn þá. H. þingd. má eiga von á að heyra fleira frá henni áður langt líður.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þótti það vanta, að þetta skip kæmi ekki á smáhafnirnar, en það getur komið á allar þær smáhafnir, sem skip gufuskipafjelagsins koma á nú, þó það geri það kannske ekki í hverri ferð. Þó þetta eina skip geri það ekki, þá má, sem sagt, eiga það víst, að gufuskipafjelagið láti skip ganga á fleiri eða færri smáhafnir. En að það sje meiri ósamkvæmni, að vilja nota skip gufuskipafjelagsins, þótt styrkurinn til þess sje felldur burt, en að vilja nú nota skip O. Wathnes, Tuliníusar, Ásgeirssons o. fl. jafnhliða skipum gufuskipafjelagsins, það get jeg ekki skilið. Einhver verður að annast vöruflutninga til landsins, og geti landsskipið eigi annað þeim öllum, þá gjöra önnur skip það með. Auk þess er þess að gæta, að verði ágóði landsskipsins mjög mikill, þá verður þess ekki langt að bíða, að landið bæti við sig öðru skipinu til.

Sami h. þm. (Tr. G.) gat þess, að farþegarúm á þessu skipi mundi verða

ónógt í strandferðum, en þó þess sje ekki getið í frumv., þá hugsaði nefndin sjer, að á þeim ferðum yrði til taks 3. farrými undir þiljum, og gæti það vel verið sama rúmið, sem notað væri til fjárflutninga á haustin. Með þessu er þá um leið svarað h. þm. N.-Múl. (E. J.), því það er þetta farþegarúm, sem nefndin hugsar sjer að notað verði til fjárflutninga á haustin.

Þess ber að gæta, að fyrir utan vanaleg farþegarúm á skipið að hafa 600 smálesta farmrúm. Þegar því ekki er mikið um vöruflutninga, þá má nota þetta rúm hauda farþegum á sumrin og til fjárflutninga á haustin. Þetta er opt gert á skipum erlendis, og þannig hugsaði Mr. Franz sjer að haga rúminu í skipi því, sem hann bauð samgöngunefndinni og gaf henni uppdrátt af. Mr. Franz þekkir þetta, því hann hefir verið 12 ár í þjónustu Allan-gufuskipalínunnar. Fjár- og vörurúm er jafnvel stundum gert að 1. farrými.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það ennfremur fram, að það væri ekki samkvæmt kröfum landsmanna, að hlynna svo mjög að útlendum ferðamönnum, heldur að láta skipið koma sem víðast við innanlands. En það, að hlynna að »túristum«, er sama sem að hlynna að nýrri atvinnugrein fyrir landið, og þegar við eigum að fara að gera út skip, þá verðum við líka að fara eptir því, sem við ætlum að geti borgað sig, og ekki einungis eptir vilja einstakra manna. En, sem sagt, það mun koma fram önnur tillaga, sem bætir úr því, sem hjer vantar.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gat þess, að fá mætti betri samgöngur við útlönd með því að gera samninga við útgerðarmenn skipsins »Cimbria«. Fyrir 5000 kr. tillag mætti fá þetta skip til að fara hingað hvern 14. dag, og fyrir 8—9000 kr. 7. hvern dag. Þetta gæti orðið gott að því er póstsamband við útlönd snerti, en það er ekki nema lítill þáttur í því, sem landsmenn vilja hafa fram. Auk þess er varla að reiða sig á, að þetta »Cimbria«-fjelag standi lengi, því það virðist vera að fara á höfuðið. Hlutabrjef þess eru nú komin niður í 5 % af ákvæðisverði þeirra. Fiskiveiðar og fiskisala þessa fjelags hefir gengið illa, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) mun kunnugt, svo að töluverð líkindi eru til, að fjelagið leggi árar í bát. Jeg get þessa, af því jeg veit ekki, hvort öðrum h. þingdm. er þetta jafnkunnugt eins og mjer og h. 1. þm. Arn.

Sama h. þm. (Tr. G.) þótti það of lítill tími, ef skipið gæti ekki staðið við í Reykjavík lengur en einn dag, en jeg gjörði dvölina riflega á Englandi, 2½ dag, en þar þyrfti skipið kannske ekki að dvelja lengur en 2 daga í hverri ferð. Auk þessa reiknaðist svo, að skipið hefði átta daga »að hlaupa upp á«, en sem ekki er víst að þyrfti að nota, og gæti viðstaðan þá orðið lengri í Reykjavík. Þess ber líka að gæta, að jeg gjörði ekki ráð fyrir miklum vöruflutningum í hverri ferð, þar sem jeg áætlaði farmeyrinn einar 4000 kr. í 7 ferðum, svo það ætti ekki að taka langan tíma að afferma í hvert skipti, einkum þar sem gert er ráð fyrir, að til þessa verði höfð önnur og greiðari aðferð en hingað til. Jeg held því, að þessi áætlun geti staðizt.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) óskaði, að þessu frumv. fylgdi, auk ferðaáætlunar, einnig prentuð áætlun yfir tekjur og gjöld skipsins. Áætlun yfir kostnaðinn hefir samgöngumálanefndin þegar sent fjárlaganefndinni, sem mun láta prenta hana, en sú áætlun er að eins í einum lið, því nefndinni fannst það ekki hafa neina sjerlega þýðingu að sundurliða hana. Á tekjurnar minntist jeg dálítið í fyrri ræðu minni. Að betra sje að

halda þeim taxta, sem nú er á fargjaldi, skal jeg ekki hafa neitt á móti. Það er ekki okkar að ráða því, heldur er það farstjórnarinnar að setja taxtann eptir því sem kringumstæðurnar, samkeppni, aðsókn að skipinu o. s. frv. segja til.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal að eins tala fáein orð, því, eins og jeg hefi áður tekið fram, er varla hægt að ræða málið nú sem stendur. Hjer er heimtað, að veitt skuli 350,000 kr. til að kaupa fyrir eitt skip, en um leið ætti að liggja fyrir framan h. þingdm. áætlanir og önnur gögn, er sýni að nokkur veruleg bót verði að þessu eina skipi. Jeg álít rjettara að fresta umræðunum þar til þetta er fengið.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að það væri ekki ofætlun fyrir landið að eiga eina fleytu; en jeg hef áður tekið það fram, að það er alveg ónóg, að landið eigi 1 skip. Það þarf að eiga 3 skip, ef þingið ætlar sjer að bæta samgöngurnar, svo bót megi heita, með sínum eigin skipum. Kostnaður við kaup og úthald skipanna þarf að liggja fyrir, svo sjeð verði, hvort rjett sje fyrir landið, að leggja út í svona stórkostlegt fyrirtæki og fjárútlát.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get verið fáorður um þetta mál. Jeg lít svo á, sem þetta mál sje þess vert, að því verði vel tekið af h. þingd., og jeg fyrir mitt leyti er þakklátur h. nefnd fyrir að hún hefir komið fram með þetta frv. Málið er stórt, því að útgjöldin sem frv. fer fram á eru mikil, þegar litið er til fátæktar landsins, og hugmyndin er ekki gömul, frumvarpið þarf því að íhugast vel og rækilega.

En jeg stóð eiginlega upp til að svara nokkrum orðum h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) Hann sagði í fyrri ræði sinni og nú aptur, að með þeim skipaferðum, sem hjer er gjört ráð fyrir, væru engar bætur ráðnar á samgöngum vorum frá því sem nú er. Jeg álít þetta ekki alls kostar rjett. Vitanlega getum við brúkað enn þá meiri samgöngur, og þetta fyrirkomulag eða eitthvað líkt því sem hjer er gjört ráð fyrir, bætir ekki úr þeim að öllu leyti; en hins vegar hefir h. þm. ekki gætt þess hagnaðar sem leiðir af þeim ferðum sem eru byggðar á og miðaðar við hinar sönnu samgönguþarfir landsins. Gallinn á hinu fyrra fyrirkomulagi er sá, að ferðirnar hafa ekki verið miðaðar við þessar þarfir, nema við og við og að nokkru leyti. Það er satt, að sú tilhögun á ferðunum, sem framsm. benti á, bætir ekki úr samgönguþörfum Færeyinga; en jeg sje ekki að þeir komi komi oss hjer neitt við.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram að það væri engin óánægja með millilandaferðirnar. Jú, segi jeg. Því þar er einmitt að gæta þeirrar tafar, er leiðir af hinum löngu viðstöðum í Færeyjum í hverri ferð, og í öðru lagi þess, að endastöð millilandaferðanna er í Kaupmh. í hverri einustu ferð, en ekki á Englandi, sem þó liggur langtum betur við; væru endastöðvarnar þar, gætu skipin farið miklu fleiri ferðirnar. Þetta legg jeg svo mikla áherzlu á, að mjer er nær að ætla, að þótt vjer hefðum ekki nema eitt skip til ferðanna, eins og frv. fer fram á, þá væri ráðin svo veruleg bót á samgöngum vorum, að jeg mundi óhikað gefa frv. þessu mitt atkvæði, að því er þetta atriði snertir.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 131); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhl. atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 12. júli 1878 um gjafsóknir (C. 132); 1.umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thóroddsen*): Við flutningsmennirnir höfum leyft oss að koma fram með þetta frv., sem er samhljóða frv. því, er var fyrir h. þd. í fyrra og ekki varð útrætt þá. Það mun flestum kunnugt, að víða um land er það áhugamál, að fá gjafsóknir embm. afnumdar, enda hafa menn á síðari árum haft svo mikið af gjafsóknum þessum að segja, að mönnum er farinn að standa all-mikill stuggur af þeim. Ekki verður heldur sjeð, að ástæða sje til að gera embættismönnum hægra fyrir en öðrum borgurum þjóðfjelagsins, að verja æru sína, þar sem kjör flestra þeirra eru svo löguð, að þeir munu færari til þess en aðrir; og ekki sízt hefir það gjört gjafsóknarrjettinn óvinsælan, að menn þykjast hafa tekið eptir því, að háyfirvöldin hafa misbrúkað gjafsóknarrjett embættismanna, hafa notað hann til þess, sem á grísku er kallað «Τὸν ἥττω λόγον κρείττω ποιεῖν» o: að gjöra verri málstað að betri eða styrkari málstað, hafa notað hann til þess, að hjálpa «velsjeðum» embættismönnum til að koma sjer úr klípu, og klekkja á «illa sjeðum» blaðamönnum, eða öðrum, sem gjörzt hafa svo djarfir, að finna að einhverju í fari embættlingsins, því að það má eiga það hjer um bil víst, að í meiðyrðamálum tapar sá, sem lögsóttur er; það er allt annað, að eiga að sanna orð sín með vitnaleiðslu í prívat-máli, en að fá þau sönnuð í opinberri rannsókn.

Í öðru lagi hefir það viljað við brenna að háyfirvöldin hafi beitt gjafsóknarrjettinum «partiskt», eptir því, hver embættismaðurinn var, sem hlut átti að máli; jeg held t. d., að jeg geti hælt mjer af því, að jeg hafi verið mest skammaður allra manna hjer á landi; en þótt jeg væri embættismaður, og hve nærgöngular sem skammirnar urðu, þá minnist jeg þess eigi, að mjer væri í eitt skipti boðin gjafsókn, líklega af því, að jeg var «illa sjeð» persóna, sem gott þótti að fengið gæti sem mest af skömmum og ókvæðisorðum; en hversu ólíkt er þetta ekki aðferð háyfirvaldanna í ýmsum öðrum tilfellum, þar sem embættismönnum hefir verið veitt gjafsókn, þótt öllum virtist það ástæðulaust?

Sömuleiðis leiða gjafsóknir til misrjettis meðal borgaranna, því sá maður, er á í máli við embættismann, er nýtur gjafsóknar, er miklu ver farinn, ef hann tapar málinu, en þótt hann hefði tapað málinu gegn öðrum, er enga gjafsókn hafði, því að í gjafsóknarmálum er sá, sem tapar, dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, svo sem málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, en í öðrum málum aptur á móti er málskostnaður ákveðinn í dómnum með einhverri víssri ákveðinni upphæð, án tillits til þess kostnaðar, er málið hefir bakað málspörtunum í raun og veru.

Ef vjer lítum á þingmálafundargjörðirnar frá í ár, þá hefir í lang-flestum þeirra þess verið óskað, að gjafsóknar rjettur embættismanna yrði úr lögum numinn, og hin sama ósk kom einnig ótvírætt fram á Þingvallafundinum í vor, svo að eigi verður annað sagt en að frá þjóðarinnar hálfu hafi komið fram eindregin ósk um það, að fá gjafsóknarrjettinn afnuminn, enda er þessi rjettur heldur ekki annað en leifar frá þeim tíma, er embættismenn voru skoðaðir æðri og rjetthærri en aðrar stjettir þjóðfjelagsins; en nú á vorum tímum er trúin á óskeikulleik og yfirburði embættismannanna talsvert farin að dofna; menn skoða þá ekki lengur sem æðri verur, heldur eins og hverja aðra

verkamenn þjóðfjelagsins, og því sýnist einnig eðlilegast, að þeir sjeu ekki rjetthærri, heldur hafi sama rjett og aðrir gagnvart lögunum.

Jeg skal geta þess, að vjer flutningsmenn álítum eigi nauðsynlegt, að skipuð sje nefnd í þetta mál, þar eð það hefir áður verið rætt all-ýtarlega á aukaþinginu í fyrra; en hins vegar höfum við í hyggju, ef að málið fær að ganga til 2. umr., að koma fram með viðauka við frumv., í þá átt, að nema úr lögum tilskipun 27. septbr. 1799 og önnur ákvæði, er lúta að því, að yfirboðarar geti skyldað embættismenn til að hreinsa sig með lögsókn af áburði; því verði þetta frumv. að lögum, og gjafsóknarrjetturinn afnuminn, þá eru slík ákvæði ósanngjörn og ónauðsynleg.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggildingu verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði (C. 120); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. okt. 1884 (C. 121); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að skipta Ísafjarðarsýslu í 2 sýslufjelög (C. 122); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (C. 119, 153); 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg vona að h. þm. hafi tekið eptir því, að breytingartill. á þingskj. 153 eru að eins orðabreyt. Og þess vegna álít jeg enga þörf á, að fara frekar út í þær, en óska að eins, að þær verði samþykktar.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 153, við 7. gr., álitin samþykkt án atkv.gr.; breyt.till. á sama þingskj. sömuleiðis álitin samþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og sent forseta Ed.

Tillaga til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands (C. 134); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp einni umr.; samþ. með 20 samhlj. atkv.

Nítjándi fundur, þriðjudag 23. júlí á hád. Allir á fundi, nema 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.), er tjáð hafði forföll.

Forseti gat þess, að framlögð hefði verið á lestrarsalinn bænarskrá frá Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum um lán úr landssjóði til þess, að reisa fyrir ullarverksmiðjur á Húsavík.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 126, 145, 146); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og sjest á nefndarálitinu, er lagt hefir verið fyrir deildina, ræður nefndin til þess, að heimild verði veitt til að selja allar þær jarðir, er falaðar hafa verið til kaups, að einni jörð undanskilinni, Snartastöðum í Þingeyjarsýslu.

Í sambandi við þessa niðurstöðu nefndarinnar skal jeg geta þess, að í blöðunum hefir komið fram till. um, að hætta við þjóðjarðasölu með sama fyrirkomulagi og verið hefir, en í þess stað að innleiða erfðafestu á þjóðjörð-

um. Tillaga í sömu átt hefir einnig komið fram á þingmálafundum, og fengið þar góðan byr; sjerstaklega skal jeg nefna Kollabúðafundinn, þar var uppástunga um þetta borin upp og samþ. Á Þingvallafundi var samskonar till. tekin til umr., og fjekk þar nokkurn byr, en var þó felld vegna skorts á undirbúningi.

Jafnvel þó nefndin viðurkenni, að það fyrirkomulag, er tillaga þessi fer fram á, hafi ýmsa kosti fram yfir algjörða sölu þjóðjarða, áleit hún, að málið væri enn þá ekki svo undirbúið eða kunnugt almenningi, að rjett væri að láta það standa nú í vegi fyrir sölu þeirra jarða, er falaðar hafa verið til kaups að þessu sinni. Aðal-tilgangur þjóðjarðasölunnar er sá, að auka sjálfseign bænda. Að sama marki stefnir sala á erfðafestu; þess vegna hefur nefndin í huga seinna, að koma fram með sjerstakt álit um þetta mál.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um fjárráð giptra kvenna (C. 49, 112, 141, 150); 2. umr.

Málið tekið út af dagskrá.

Frumv. til laga um hagfræðisskýrslur (C. 59, 142); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta mál; jeg leyfi mjer, að þessu sinni, að vísa til nefndarálitsins. Þar sjest, að nefndin ræður til þess, að samþykkja frumv. í öllum verulegum atriðum.

Nefndin lagði áherzlu á, að allar þær hagfræðisskýrslur, er hingað til hafa verið birtar, gætu orðið sem áreiðanlegastar, og að því miðar frumvarpið. Reyndar hefir einum nýjum flokki verið bætt við, ɔ: aflaskýrslunum.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að verði frumv. þetta að lögum, sje með því fenginn áreiðanlegur fótur fyrir þeim skýrslum, er hjer er gjört ráð fyrir; en þyki þess við þurfa, má síðar bæta við fleiri skýrslum, er njóti góðs af sömu ákvæðum og í frumv. eru.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Salthólmavík í Dalasýslu (C. 92); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði (C. 99); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um stefnur til æðra dóms í skiptamálum (C. 104); 2. umr.

ATKV.GR.: 1.—2. gr. samþ. hvor í einu hlj.; 3. gr. samþ. með 20 samhljóða atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu. Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, er gjöra rjettarverk (C. 106, 138, 147); 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hef komið fram með litla breytingartill., á þingskj. 138, samkvæmt því sem jeg tók fram við framhald 1. umr. Mjer finnst frumv. verða skýrara, ef þessum orðum er bætt inn í, og þess vegna vona jeg, að h. þingmenn verði eigi á móti breytingartill.

Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.) sje jeg eigi betur, en að síðari partur af 2. lið, frá: — »sömu

uppboðslaun« — og út, sje óþarfur, því í hinum núgildandi lögum frá 13. jan. 1882 eru felld úr gildi meðal annars þau ákvæði aukatekju-reglugjörðarinnar frá 1830 ($^{10}/_{9}$), að hreppstjóra, fyrir sölu á óskilafje, beri í laun $^{1}/_{6}$ söluverðs.

Og hvað hitt atriðið snertir, um sveitarómaga, þá eru með konungsbrj. 14. des. 1841 gerð sömu ákvæði og breytingartill. fer fram á. Þess vegna finnst mjer, að þetta tvennt ætti að falla burt.

Hinn fyrri partur breytingartill. er um það, að hreppstjórar megi í umboði sýslumanns halda hin minni uppboð, en þau, sem ætla má að hlaupi hærra en 200 kr., skuli sýslumaður halda, nema forföll banni. Í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra o. s. frv., er ákveðið, að sýslumaður skuli halda öll hin stærri uppboð, en megi láta hreppstjóra halda hin lítilfjörlegri uppboð, er ætla má, að ekki hlaupi fram úr 200 kr.

Jeg veit að það kemur opt fyrir, að sýslumenn mega til, forfalla vegna, að láta hreppstjóra halda stærri uppboð. Það mun nú á stökum stöðum vera venja, að skilja þessi ákvæði laganna á þann hátt, sem í breytingartill. er sagt, en það getur víst ekki samrýmzt orðum laganna, og eptir að lögin um ferðakostnað sýslumanna gengu í gildi, býst jeg við, að hlutaðeigendur sjálfir opt vilji heldur, að hreppstjórinn haldi uppboðið, kostnaðarins vegna; sje uppboðið á litlu búi, er hleypur 5—600 kr., en sýslumaður þarf að ferðast langt að, svo um fleiri daga er að gera, þá má nærri geta, að kostnaðurinn á uppboðinu getur orðið tiltölulega óbærilegur. Að láta hreppstjóra halda uppboðin, þegar svona á stendur, er ef til vill að verða »praxis«, en vafasamt er, hvort það getur staðizt með núgildandi lögum. Að því leyti, sem breyting.till. bætir úr þessu, er hún ekki óþörf.

Hinar aðrar hliðar breytingartill. mun jeg ekki ganga inn á, því jeg ætla, að h. flutningsmenn muni skýra þær.

Sighvatur Árnason: Jeg var búinn að sætta mig við frumv. h. Ed. í þessu máli. En hjer sje jeg, að eru komnar nokkrar breytingartill., og vil geta þess, að jeg get vel verið með breytingartill. á þingskj. 138, en breytingartill. á þingskj. 147 virðast mjer vera nokkuð athugaverðar, eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) að nokkru leyti þegar hefir tekið fram. Þar sem á þingskj. 147, undir fyrri lið, er farið fram á, að fella í burtu síðustu setninguna í 3. gr. frumv., sem byrjar með orðunum: »Þó hafa hreppstjórar« o. s. frv. — það er að segja: fái einhverjir hreppstjórar, ef þetta frumv. verður að lögum, minni borgun eptir því, en þeir áður höfðu, eptir núgildandi lögum, þá verða þeir að hafa það svo búið, og fá enga uppbót á því — þá get jeg eigi álitið rjett, að svipta menn því, sem þeir með lögum hafa fengið, og hverri opinberri sýslan fylgir, svo jeg get ekki verið með þessari breytingu. Eins og menn sjá, stendur í efri deildar frumv. (3. gr. síðast), að þeir hreppstjórar, er fengið hafa hærri þóknun eptir núgildandi laga-ákvæðum, hærri en þeir ættu að fá eptir þessu frumv., haldi þeirri borgun óskertri, en breytingartill. fer fram á, að þessu sje sleppt, að þessir menn skuli bótalaust missa í af hinni umræddu þóknun, og það get jeg eigi fellt mig við.

Svo er síðari liður breytingartill., er á að verða 4. gr.

H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) minntist á þetta atriði, einmitt í sömu átt og jeg hafði hugsað mjer.

Í 6. gr. laga 13. jan. 1882 er undantekningarlaust ákveðið, að sýslumenn

skuli halda öll þau uppboð, er ætla má, að muni hlaupa meir en 200 krónur; strangt tekið mega ekki forföll koma til. En með því bæði að sýslumenn hafa neyðzt til að víkja frá þessari reglu, og á hinn bóginn er ekki gott, að hafa þau ákvæði í lögum, er sýslumenn hljóta að brjóta í ýmsum tilfellum, þá get jeg vel fellt mig við þessa breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.). — En þar sem í breytingartill. er farið fram á, að hækka borgun til hreppstjóra og annara, er fremja rjettarverk, fyrir skoðunar- og virðingargjörðir, þá get jeg eigi verið með þessari hækkun. Þetta er upptekning á 7. gr. í lögum frá 13/1 1882; en jeg álít, að sú þóknun, sem þar er ákveðin fyrir hreppstjóra o. s. frv. sje nægileg, og varhugavert að hækka hana, vegna þess, að vanalega hvíla mikil útgjöld á dánarbúum, sem mest af öllu heyra undir þetta laga-ákvæði.

Þannig er það að eins eitt atriði í breytingartill., sem jeg get fellt mig við: að öðru leyti er jeg meðmæltur frv. h. Ed., því jeg lít svo á, að það lagi þá annmarka er voru á lögunum frá 13/1 1882 viðvíkjandi borgun til hreppstjóra og annara, er frumv. nefnir.

Guðjón Guðlaugsson: Nú er þegar búið að gera ýmsar athugasemdir við þær breytingar- og viðaukatill., er jeg hefi komið fram með; og þar af leiðandi verður mjer auðveldara að gjöra mig skiljanlegan fyrir h. deild.

Í rauninni er hjer ekki að tala um nema eina breyt.till.; hitt eru viðaukatill. Breyt.till. er þess efnis, að kippt sje í burtu úr frumv. efri deildar síðustu setningu 3. gr.: »Þó hafa hreppstjórar, er fengið hafa hærri þóknun eptir áðurgildandi lagaákvæðum« o. s. frv. — Þessi orð stóðu upphaflega í stjórnarfrumv., en við þeim hefir ekki verið haggað, líklega af því, að h. nefnd, er hafði þetta mál til meðferðar í Ed., ekki hefir athugað, að þessi orð eru alveg meiningarlaus. Þetta hefir h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) alveg misskilið. Því hann sagði, að þeir hreppstjórar, er eptir hinum fyrri lagaákvæðum hefðu fengið hærri þóknun en þetta frumv. heimilar, ættu heimting á að halda þeirri þóknun óskertri, þó þetta frumv. yrði að lögum, og þess vegna mætti þessi síðasta setning ekki falla burt úr frv.

Upphaflega stóð í stjórnarfrumv., að hreppstjóri ætti heimting á 40 aura þóknun fyrir hvern ábúanda á 5 hndr., og 40 aur. fyrir hvern innanhreppsmann, er tíundaði 1/2 lausafjárhundr.— Þá var ástæða til að halda þessari setningu, því með þessari borgun gátu hreppstjórar misst af hinni fyrri þóknun sinni. En nú, þegar frumv. er orðað svo, að hreppstjóra beri 50 aurar af hverjum ábúanda og 50 aur. af hverjum innanhreppsmanni, er tíundar 1/2 lausafjárhundr., þá getur þóknun hreppstjóranna ekki minnkað frá því sem hún nú er, þó þetta frumv. verði að lögum, og þá liggur það í augum uppi, að þessi síðasta setning er meiningarlaus. Það er ekki hægt að hugsa sjer, að borgun til hreppstjóra minnki eptir þessu frumv., nema þar sem svo er, að ábúandi býr á 5 hndr. úr jörð, en tíundar ekki 1/2 hndr. af lausafje, en slíkt þekki jeg ekki, og efast um, að þess finnist nokkurt dæmi, og þó slíkt dæmi fyndist, þá hefir það því að eins lækkandi áhrif á hreppstjóralaunin, að enginn hreppsbúa af þeim, sem búlausir eru, tíundaði meira en 1/2 hundrað í lausafje, og að þessi tvö fágætu dæmi fari saman í sama hreppi, er alveg óhugsandi. Þó er langt frá því, að jeg vilji gera þessa tillögu að nokkru kappsmáli, en mjer finnst niðurlagssetningin lengja frumv. að óþörfu.

Þá er viðaukabreyt.till., um borgun

til hreppstjóra fyrir fjárnámsgjörðir. Eptir núgildandi lögum (13/1 1882) ber hreppstj. 50 aur. af hverjum, sem fjárnám fer fram hjá. Þessi borgun sýnist mjer ósanngjörn; þurfi hreppstjóri að ferðast ef til vill hátt upp í mílu til að gera fjárnámið, og eyða til þess miklu úr degi, sem opt getur orðið, þá eru 50 aur. ekki boðleg borgun fyrir slíkt verk. Komist mín breyting ekki að, finnst mjer fullt svo tilhlýðilegt, að láta hreppstjóra ekkert hafa fyrir lögtök, því mjer finnst það í raun og veru ekki vera sæmilegt, að bjóða nokkrum opinberum sýslunarmanni eins auðvirðilega borgun fyrir ekki minna verk. Jeg hefi einu sinni framkvæmt fjárnámsgjörð, þar sem vegalengdin var tæp míla, svo að jeg gat ekki krafizt ferðakostnaðar, en til þess að ferðast mílu vegar til og frá, framkvæma fjárnámsgjörðina með góðri reglu, og, þegar heim kom, afrita fjárnámsgjörðina og senda hana sýslumanni, þá eyddi jeg öllum deginum frá annari vinnu og þreytti reiðskjóta að auki; og 50 aura laun fyrir þetta er svo hlægileg smánarborgun, að engum hreppstjóra mundi annað en standa á sama, þó hún væri af tekin; að minnsta kosti man jeg eigi eptir, að jeg hafi nokkurn tíma fengið verri borgun fyrir verk en þessa, en jeg hefi opt unnið meira verk fyrir ekkert, og alls ekki talið eptir.

Svo er eitt atriði, sem vert er að taka tillit til: Það getur varla verið heppilegt, að hreppstjórar fái sín lögtaksverk svo illa launuð, að þeir þess vegna freistist til að draga þau von og úr viti; og fyrir skuldaþrjóta, sem þrjózkast við að borga, er ástæða til að hugsa sem svo: Það gerir ekkert til, þó jeg dragi enn að borga; þegar hreppstjórinn kemur að taka lögtaki hjá mjer, get jeg fleygt í hann 50 aur. Með öðrum orðum: eins og lögtaksverk nú eru borguð, hafa hreppstjórar fulla hvöt til þess að leysa þau hirðulauslega af hendi, og skuldunautar eins til að þrjózkast sem lengst. Eigi borgunin að vera sómasamleg, finnst mjer hún eigi geta verið minni en 2 kr. fyrir hvert lögtak.

Enn fremur var h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) á móti 2. lið breyt.till. minnar, sem ætlazt er til að verði 5. gr., og færði honum sama til mótmæla, sem hinum fyrri, nefnil. það, að þar sem vjer værum að hækka hin föstu laun hreppstjóranna, þá væri því minni ástæða til þess, að vera að hækka laun þeirra fyrir ýms aukaverk. Þessa mótbáru gat jeg skilið gagnvart fyrri lið viðaukatillaganna, en alls ekki gagnvart þessum, sem hjer er um að ræða, því hjer er ekki verið að ræða um neina hækkun fyrir hreppstjóra, heldur virðingarmenn, og þó að eins á lausafje. Þessi mótbára hlýtur því að vera sprottin af miklum misskilningi hjá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.). Hann hefir víst litið svo á, að þetta væri breyting á 7. gr. í lögum 13/1 1882, en þar stendur: »þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskriptar- og virðingargjörðum til leiðbeiningar við skipti eða uppboð, fær hann fyrir þetta verk sitt fyrir fjárhæð gjörðarinnar:

allt að 200 kr.	1 kr.
yfir 200 kr. — allt að 600 kr. .	2 —
— 600 — — allt að 1200 kr..	3 —
— 1200 kr..	5 —

En þetta stendur óhreift, þó þessi viðaukatill. mín fái fram að ganga. Hún breytir að eins þessu, sem stendur í 8. gr. nefndra laga 13. jan. 1882: »Fyrir skoðun og virðingu á lausafje borgast 2 kr. til jafnra skipta milli virðingarmanna«. Jeg held því, að það megi snúa við ástæðum h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) móti þessu atriði, svo að þær verði því til meðmæla, nefnilega þannig: að

þar sem vjer erum að hækka hin föstu laun hreppstjóranna, sem hafa þó í sumum tilfellum fimmfalda borgun á móts við virðingarmennina fyrir slíkt verk, þá sje því meiri ástæða til þess að hækka þessa borgun til virðingarmanna, sem engin föst laun hafa, borgun, sem út af fyrir sig er allsendis ótilhlýðilega lág í gildandi lögum.

Þess ber líka að gæta, að virðing á lausafje er mjög mikið vandaverk, og einkar-áríðandi, að sje vel og samvizkusamlega leyst af hendi. Það hefir þýðingu fyrir landssjóðinn, sem hefir tekjur af dánarbúum, bæði sem erfðafjárskatt og skiptalaun. En þó getur það haft enn meiri þýðingu fyrir erfingja dánarbúa.

Jeg skal leyfa mjer að skýra frá einu dæmi þessu til skýringar. Mjer hefir verið sagt frá sterkefnaðri ekkju, sem átti nokkur stjúpbörn. Hún ljet viðkomandi hreppstjóra uppskrifa og virðingarmenn virða bú sitt, og samkvæmt lögum ljet hún svo skipta upphæð búsins milli sín og stjúpbarnanna, og svaraði svo erfingjunum þeirra hluta í peningum og útistandandi skuldum, en þegar á skiptafundinn kom, þótti einum erfingjanum virðingin svo lág, að hann kvaðst mótmæla þeim skiptum, sem á henni væru byggð, nema virðingargerðin væri hækkuð upp um 2000 kr., og að þessari kröfu gekk ekkjan og hennar meðráðamenn, þar á meðal hreppstjórinn, sem hafði staðið fyrir virðingunni, til þess að losna við frekari athugasemdir út af uppskriptargjörðinni. Þetta hafði í för með sjer um 800 kr. erfðahækkun fyrir stjúpbörnin og landssjóður fjekk erfðafjárskatt og skiptalaun af 1000 kr. meira en virðingarmennirnir höfðu ætlazt til. Þeir höfðu nefnil., með of lágri virðingu, annaðhvort viljandi eða óviljandi, haft af erfingjunum um 800 kr. og landssjóði líka nokkra upphæð. En að sama skapi hefði ekkjunni orðið þetta til hagsmuna, og það var grunur sumra, að hreppstjórinn og viðingarmennirnir hefðu hugleitt það undir virðingargjörðinni; en hvað sem því leið, þá var það víst, að ekkjan sýndist sitja í sama sem óskiptu búi eptir sem áður þrátt fyrir þessa 2000 kr. hækkun, en sum stjúpbarnanna lifa nú við fátækt, en ekkjan í allsnægtum, sem vjer köllum.

Þannig vona jeg að h. þm. játi, að virðingargjörðir sjeu vandaverk, og að áríðandi sje, að þær sjeu leystar af hendi samvizkusamlega, svo að hlutdrægni og annað verra komist þar eigi að.

Menn ættu að sjá af þessu, að starfi virðingarmanna er vandaverk, og verk, sem í mörgu tilliti er allþýðingarmikið. Menn ættu líka að sjá, að hreppstjórum og öðrum þeim sýslunarmönnum, sem ræðir um í lögunum frá 13. jan. 1882, ber sanngjörn borgun fyrir verk sín, en að þeim er ekki bjóðandi smánarborgun, sem einu sinni ekki svarar til daglauna þeirra, er vjer bændur verðum að greiða hverjum liðljettingi fyrir hvaða vinnu sem er; en leysi þeir starf sitt illa af hendi, eiga þeir að fá í minnsta lagi áminningu hjá yfirboðurum sínum, fyrir vanrækslu skyldu sinnar. En til þess, að yfirboðararnir geti verið tilhlýðilega heimtufrekir við undirmenn sína, verða þeir að vita, að undirmennirnir hafi einhver rjettindi móti þeim skyldum, sem þeim eru lagðar á herðar.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að síðari partur fyrri breyt.till., frá orðunum: »Sömu uppboðslaun« — greinina út, væri óþarfur, skal jeg játa það, að þegar jeg skrifaði þetta, var mjer það fullkunnugt, að slík ákvæði væru í gildandi lögum, og nú er jeg fús á að taka þennan part viðaukatill.

aptur. En það sem mjer gekk til, að taka hjer upp þessi ákvæði, var, að jeg veit til þess, að hreppstjórar þekkja þau ekki, og taka enn 1/6 af verði óskilafjár, sem ekki spyrst uppi, og sumir taka uppboðslaun af reitum sveitarómaga, en sumir ekki. Hreppstjórar þekkja nefnilega ekki kanselíbrjefið frá 14. des. 1841, sem segir, að ekki skuli taka uppboðslaun af eptirlátnum munum sveitarómaga, og vita heldur ekki, að þau lagaákvæði, sem heimila 1/6 af andvirði óskilafjár í uppboðslaun, eru úr lögum numin með lögum 13. jan. 1882 um laun hreppstjóra. Mjer þótti því ekki nema gott, að þetta atriði kæmi til umræðu á þinginu; nú munu hreppstjórarnir, ef þeir lesa Alþtíð. og ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sjá, hvað eru gildandi lög í þessu efni.

Viðaukatill. mína, um uppboðslaun til hreppstjóra o. s. frv., hefir h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) skýrt fyrir þingm. Sjálfur þekki jeg 2 dæmi hvort öðru gagnstætt. Einn sýslumaður notaði lögin einmitt eins og jeg hef farið fram á í minni viðaukatill.. Hitt dæmið er úr Dalasýslu; þar ljet sýslumaðurinn hreppstjóra halda uppboð á búi, sem reyndist að verða stærra en 200 kr. og það að mun, annaðhvort af því, að sýslumaður var forfallaður, eða af því, að hann vissi ekki glöggt, hve stórt uppboðið mundi verða. En svo heimtaði sýslumaður hvern eyri söluverðsins af hreppstjóra og borgaði honum heldur ekki einn eyri úr sínum vasa. Á þessu sjest, að allir sýslumenn skilja ekki lög þessi á einn veg, svo ástæða er til að gera þau skýrari.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess, að viðvíkjandi borguninni til hreppstjóra fyrir fjárnámsgjörðir, þá get jeg gjarnan gjört h. flutningsm. breytingartill. (Guðj. Guðl.) það til geðs, að greiða atkvæði með henni, og þá er nú svo komið, að jeg er með 2 liðum breytingartill. á þingskjali 147, en ekki fleirum.

Landshöfðingi: Það er alveg rjett hjá h. flutningsm. breytingartill. á þingskj. 147, að síðari hluti frumv. á þingskj. 106 er orðinn óþarfur eptir þá breytingu, sem h. efri deild hefur gjört á frumv. stjórnarinnar, því að það er óhugsandi að framteljendur í neinum hreppi verði færri en þeir sem búa á 5 hundraða jörð eða jarðarparti. Að þessu leyti er jeg því samþykkur breyt.-till., en með viðaukatill. er öðru máli að gegna.

H. flutningsm. (Guðj. Guðl.) tók það fram, að 50 aurar væri allt of lág borgun fyrir fjárnámsgjörð. Það kann að vera, að þetta sje stundum svo, en í öðrum tilfellum er það aptur á móti mjög há borgun, að borga 2 kr. fyrir fjárnámsgjörð. Hjer í Reykjavík t. d., þar sem opt kemur fyrir, að gjörðar eru 10—20 fjárnámsgjörðir á dag, er hætt við að 2 kr. þætti heldur svæsin borgun. Í öðru lagi finnst mjer, að eitthvert hlutfall verði að vera á milli borgunarinnar fyrir fjárnámsgjörðir og þeirrar upphæðar, sem fjárnámið er gjört fyrir. Það er t. d. nokkuð hart, að þurfa að borga 2 kr. fyrir að láta taka 1/2 ljóstoll fjárnámi. Jeg get af þessum ástæðum eigi verið samþykkur þessu atriði breytingartill.

Að því er snertir uppboðslaunin, þá hefur h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skýrt þetta atriði nægilega. Breytingartill. er hjer með öllu óþörf. Lögin eru fullskýr í þessu atriði, auk þess sem það getur verið varúðarvert, að leyfa sýslumanni alltaf að setja hreppstjóra í sinn stað, þegar hann getur borið fyrir sig einhver forföll. Það gæti svo farið, að sýslumenn byggju sjer til forföll, þótt lítil eða engin ástæða væri til þess, enda virðist þeim engin vorkunn vera

að halda öll þau uppboð, sem þeir eiga að halda, nú þegar þeir hafa ákveðinn ferðakostnað. Þeir gætu einnig notað þetta ákvæði, þegar ferðakostnaður væri hár, af hlíf við uppboðsbeiðanda, og sem er alls ekki leyfilegt.

Um borgun fyrir skoðun og virðing á lausafje getur það verið álitamál, hvort hún sje eigi nógu há. Að minnsta kosti man jeg það, að þegar lögin voru samin 1882, þá þótti sú borgun fullhá, og það sýnist ekki mikil ástæða til að hækka hana nú, þegar laun hreppstjóranna eru orðin hærri.

Loks skal jeg benda h. þm. Strand.m. (Guðj. G.) á það, að ef viðaukatill. verður samþykkt, þá verður talsverður vafi á um afstöðu þeirra við lögin frá 13. jan. 1882. Hvað verður upp hafið af 5. gr., og hvað verður eptir af henni? Hvað verður upp hafið af 6. gr. og hvað verður eptir af henni?

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg ímynda mjer, að það sje prentvilla í síðasta lið viðaukatill. þar sem stendur: »Fyrirsögnin breytist þannig: í staðinn fyrir »1. gr.« komi: 1. 5. 6. og 8. gr.«; hjer á víst að standa 7. gr., en ekki 8. gr., því að í 8. gr. er að eins talað um úttekt.

Jeg álít því ástæðu til fyrir h. þingdeild að hugsa sig um áður en hún samþykkir breytingar- og viðaukatill. h. þm. Strandamanna.

Guðjón Guðlaugsson: Hæstv. landsh. kom með mótmæli gegn því, að hækka borgunina fyrir fjárnámsgjörðir, og sagði að þótt 50 aurar væru ef til vill í sumum tilfellum of lágt gjald, þá væri þó 2 kr. alltof hátt í mörgum tilfellum, t. d. hjer í Reykjavík. Hjer hlýtur að vera misskilningur annaðhvort hjá mjer eða hæstv. landsh. Jeg hef skoðað það svo sem þetta ætti sjerstaklega við hreppstjóra í sveit, en að bæjarfjelög hefðu sjerstakar samþykktir fyrir sig. En sje nú svo, sem jeg held að rjett sje, að þetta eigi að eins við hreppstjóra í sveitum, þá er mjer óhætt að fullyrða, að þeir gjöra ekki margar fjárnámsgjörðir á einum degi.

Hvað það snertir, að það sje hart að verða að borga 2 kr. fyrir fjárnámsgjörð af lítilli upphæð, þá verð jeg að svara því, að ef menn trássast við að borga, og finna hvöt hjá sjer til að láta taka lítilfjörlegar upphæðir með fjárnámi hjá sjer, þá vorkenni jeg þeim ekki að borga 2 kr. fyrir það.

Jeg get heldur ekki skilið það, að hæstv. landsh. vilji setja það upp við sýslumenn, að þeir megi ekki forfallast, eða að þeir megi veikjast, ef búið nemur ekki yfir 200 kr., en ekki ef það nemur meiru. Jeg þekki ekkert svo stórt uppboð, að það taki tillit til veikinda.

Viðvíkjandi viðaukatillögunni, sem á að verða við 5. gr., þá var hinn sami misskilningur hjá hæstv. landsh. eins og hjá h. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.), þar sem þeir sögðu, að það væri því síður ástæða til að borga hreppstjórum meira fyrir skoðun og virðing á lausafje nú, þar sem laun þeirra hefðu verið hækkuð; hjer er ekki að tala um neina borgun til hreppstjóra, heldur til sjerstakra þar til kvaddra virðingarmanna.

Að því er snertir breytinguna á fyrirsögninni, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að breytingartill. fer ekki fram á breytingu á 7. gr., heldur einmitt á 8. gr., svo að hjer er engin prentvilla.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, út af ræðu h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), að þótt hreppstjórar sjeu ekki í Reykjavík, þá er þó reglum þeim, sem eru í 5. gr. laga 13. jan. 1882, beitt hjer í Reykjavík, að 50 aurar sjeu teknir fyrir hverja fjárnáms-

gjörð, og fær bæjargjaldkerinn þessa borgun. En þar sem hjer má framkvæma margar fjárnámsgjörðir á dag, getur þetta gjald orðið töluvert, þótt ekki sje ákveðið hærra fyrir fjárnámsgjörðina.

En það þarf ekki að taka dæmi frá Reykjavík eingöngu, því víða stendur svo á, sem hjer, t. d. á Eyrarbakka og Akranesi og í öðrum þjettbygðum plássum, þar sem hægt er að gjöra margar fjárnámsgjörðir á dag. Það er ekki rjett, sem hinn h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) segir, að það sje mátulegt, að þeir, sem fjárnámið er gjört hjá, borgi drjúgan fjárnámskostnað; þeim sje nær að trássast ekki við að borga skyldugjöld. Jeg held að dráttur á slíkum greiðslum orsakist optast af því, að menn geta ekki borgað gjöldin í tæka tíð. Og það er hart, að þeir sem hafa ekki peninga til að borga með á ákveðnum tíma, verði að borga þrefalt eða fjórfalt meira en það, sem fjárnámið er gjört fyrir.

Viðvíkjandi viðaukatill. h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), sem á að verða 5. gr. frumv., þá játa jeg, að jeg hafði sjerstaklega fyrir augum, að hún ætti við 7. gr. laganna frá 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra. En þótt svo sje, að hún eigi við 8. gr. sömu laga, þá getur hún eins átt við hreppstjóra, því þar er gert ráð fyrir því, að báðir virðingarmennirnir geti verið hreppstjórar, því þar stendur svo, að sjeu báðir virðingarmennirnir hreppstjórar, skuli sá af þeim, sem lengur hafi verið hreppstjóri, hafa þetta starf á hendi, eða hinn eldri, ef báðir hafi jafnlengi verið.

Hvað uppboðslaun til hreppstjóra snertir, þá er það auðvitað ekki meining löggjafarinnar, að sýslumenn megi ekki verða veikir, þar sem þeim er bannað að láta hreppstjóra halda stærri uppboð en sem mundu nema um 200 kr., heldur að sýslumenn verði að fá löggiltan mann fyrir sig, ef þeir verða forfallaðir. Ef hætt er við, að þesskonar komi opt fyrir, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir fái almenna authorisation á einhverjum hæfum manni í því plássi, ef vegalengd er mikil, og aðrar ástæður, sem eru því til fyrirstöðu, að sýslumaðurinn framkvæmi sjálfur þessi rjettarverk.

Guðjón Guðlaugsson: Viðvíkjandi því, þar sem talað er um 2 hreppstjóra í 8. gr. laganna 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra, þá á slíkt að eins við virðingu á fasteignum, svo sem þegar virða skal jarðir til veðsetningar t. d. í landsbankanum, því þá er opt, að 2 hreppstjórar sem búa nálægt hvor öðrum eru kvaddir til slíkra matsgjörða. Annars kemur þetta ekki fyrir, og alls ekki þegar verið er að virða lausafje, sízt að það sjeu 2 hreppstjórar til að virða og sá þriðji til þess að standa fyrir virðingunni, því ekki eru nema í örfáum hreppum 2 hreppstjórar og í engum þrír, en utanhreppsmenn eru ekki teknir til þess að virða lausafje dánarbúa.

ATKV.GR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. hvor í e. hlj.; breyt.till. við 3. gr. á þingskj. 138 samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 1. við 3. gr. á þingskj. 147 samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. gr. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.; breyt.till. 2. 1. liður á þingskj. 147 felld með 14 atkv. gegn 7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jensson,
Valt. Guðmundss.,	J. Jónss., þm. A.-S.

Nei:
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,
Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen,
Þórh. Bjarnarson,
Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. 2. 2. liður á þingskj. 147 samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. um nýja 5. gr. (á þingskj. 147) samþ. með 13 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	J. Jónss., þm. A.-S.
Eiríkur Gíslason,	Sighv. Árnason,
Guðjón Guðlaugss.,	Tr. Gunnarsson,
Guðl. Guðmundss.,	Þ. Guðmundsson,
Halldór Daníelss.,	Þórð. Thoroddsen,
Jens Pálsson,	Þórh. Bjarnarson,
Jón Jensson,	Þorl. Guðmundss.
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundss.	

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað (C. 107, 143); 2. umr.

Valtýr Guðmundsson: Jeg hafði eiginlega ásett mjer að taka til máls um þetta frumv. þegar við 1. umr. þess, en af því varð ekki; skal jeg því nú við þsssa umr. fara nokkrum orðum um það. Jeg verð að segja það, að mig hálf-furðar á því að þetta frumv. skuli verið komið í þessu formi hjer inn á þing. Eins og vjer munum voru fyrir síðasta þingi tvö samkynja frv., annað um almenna eldsvoðaábyrgð, en hitt um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ einan. Í þessum málum var sett nefnd og fór álit hennar í þá átt, að æskilegt væri að stofnað væri almennt innlent brunabótafjelag. En af því að málið þótti ekki nægilega undirbúið, þá var þess farið á leit við stjórnina, að hún leitaði upplýsinga hjá einhverjum þeim erlendis, er vel væri kunnugur eldsvoðaábyrgð, og byggi málið að öðru leyti undir, svo að það yrði lagt fyrir þetta þing, ef unnt væri. Í staðinn fyrir að koma fram með þetta almenna eldsvoðafrumv., hefir stjórnin nú lagt fyrir þingið frumv. um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík eina. Það getur verið að stjórnin hafi ekki verið búin að fá í hendur næg undirbúningsgögn, til þess að geta lagt fyrir þetta þing almennt brunabótafrumv.; en fyrir það sje jeg ekki, hvað henni lá á að vera koma með þetta sjerstaka frumv., á meðan málið var ekki lengra á veg komið. Það lítur nærri út eins og það sje bragð til þess að Reykjavík ein út af fyrir sig geti fengið sín brunabótalög. Jeg skyldi í sjálfu sjer ekkert hafa á móti slíku, ef jeg væri ekki hræddur um að það yrði til hnekkis og trafala fyrir höfuðmálið, fyrir það, að vjer getum komið á fót innlendu almennu brunabótafjelagi. Það er svo hætt við því, að fái Reykjavík fyrst sín sjerstöku brunabótalög, þá muni hún ófúsari á að ganga inn í innlent brunabótafjelag, og jafnvel berjast gegn því, að eldsvoðatrygging verði gjörð að almennri skyldukvöð hjer á landi; og það má búast við að hún verði sigursæl í þeirri baráttu, þegar vjer lítum til þess, hve margir af þingm., konungkjörnir og þjóðkjörnir, eru búsettir hjer í bæ.

Það má segja, að hægt sje að stofna innlent brunabótafjelag eins þótt Reykjavík sje ekki með í því. Að vísu er það satt, að ómögulegt mun það ekki

vera, en í augum liggur þó uppi, hve miklu það er auðveldara, ef sjálfur höfuðbær landsins er með í því.

Jeg sje annars ekki að það sjeu svo fyrirtaks- glæsilegir kostir, sem Reykvíkingar eiga við að búa í hinu danska brunabótafjelagi, að þeim þurfi að vera svo annt um að fá að vera þar með; þeir eiga ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs fjelagsins, ef þeir ganga úr brunabótafjelaginu; ekki heldur fá þeir að taka þátt í kosningu fulltrúa nje að hafa fulltrúa fyrir sig í fjelaginu. En eptir öllu því sem fram er komið, má eigi að síður búast við að þeir verði tregir að ganga í innlent brunabótafjelag, þótt það komist upp, en af því að mjer er annt um að slíkt fjelag komist sem fyrst á fót, og af því að jeg vil sporna á móti öllu því, sem getur hindrað stofnun þess fjelags og viðgang þess, þá legg jeg það til, að frumv. þetta sje fellt hjer í deildinni. Ætti það að fá framgang, þá mundi ekki veita af að nefnd væri sett til að íhuga það og laga, þótt ekki væri annað en orðfærið; það er fremur óviðkunnanlegt og óíslenzkulegt á ýmsum stöðum. Jeg get ekki öðru trúað en að setja mætti íslenzkt orð í staðinn fyrir orðið sprauta t. d., og svo er um fleira; þó er það ekki tillaga mín að nefnd sje skipuð í málinu, heldur hitt að frumv. sje beinlínis fellt.

Klemens Jónsson: Það er kunnugt, að allmikill áhugi hefir verið á því, að koma upp innlendu brunabótafjelagi hjer á landi, og eins hitt, að málið hefir eyðzt nú á tveimur undanfarandi þingum, eða öllu fremur ekki orðið útrætt á hvorugu þinginu. Það var ekki svo lítil óánægja, sem hreifði sjer í mínu hjeraði, þegar það var lagt í salt enn á þinginu 1894, enda tel jeg þau úrslit, sem málið fjekk þá, næsta óheppileg, og eigi bjuggust menn við öðru en að fyrir þetta þing mundi af stjórnarinnar hálfu verða lagt frumv. um eldsvoðaábyrgð. Það er fjarri að jeg vilji taka þátt í getsökum h. þm. Vestm. (V. G.) um það, af hvaða orsök málið hefir ekki verið lagt fyrir þetta þing af stjórnarinnar hálfu, en um það vildi jeg geta fengið skýlausa yfirlýsing frá stjórnarinnar hálfu, hvort það mundi á nokkurn hátt geta orðið því til hindrunar síðar meir, að lög um almenna eldsvoðaábyrgð fengju framgang og staðfestingu, þótt þetta frumv. eitt sjer yrði að lögum. En vegna þess, að jeg ímynda mjer, að slík yfirlýsing geti ekki komið fram frá hálfu hæstv. landsh. nú þegar á þessum fundi, heldur á sjerstakan hátt, t. d. með fyrirspurn til hins hæstv. landsh., þá álít jeg heppilegast að skipa nefnd í málið, og bíði svo sú nefnd átektanna þangað til slík yfirlýsing er komin fram, eða fullkomin vissa komin fram á annan hátt fyrir því, að þetta frv. verði eigi til hindrunar fyrir almennri, innlendri brunabótaábyrgð. Fáist eigi yfirlýsing hæstv. landsh. í þessa átt, eða slík vissa á annan hátt, þá get jeg eigi gefið þessu frumv. atkvæði mitt.

Jón Jensson: Mig furðar á því, að h. þm. Vestm. (V. G.)., sem er öðrum fremur vanur að setja sig inn í þau mál, sem hann talar um, þar sem hann fyllir ræður sínar venjulega með mörgum »datis« og upplýsingum, sem hann hefir tínt saman úr ýmsum áttum og ekki sparað ómak til þess, skuli ekki hafa búið sig eins vel undir þetta mál. Ræða hans sýndi, að hann hefir ekki kynnt sjer þetta mál og ekki einu sinni meðferð þess á seinasta þingi, því ef hann hefði gjört það, þá hefðu honum ekki farizt þannig orð.

Hann lætur svo, sem öllum hafi komið óvart, að þetta mál skyldi koma fram nú á þessu þingi, og fer jafnvel

svo langt, að láta í ljósi, að það muni vera bragð af stjórninni, að leggja það fyrir þingið. Nefnd sú, sem skipuð var í þetta mál hjer á þinginu í fyrra, hafði þá jafnframt til meðferðar málið um innlendan brunabótasjóð, og voru flestir nefndarmenn á því, að þessi mál gætu komið í bága hvort við annað. Nefndin gekk út frá því, að þetta mál, sem gengur út á það, að útvega eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík með sem vægustum kjörum, mundi geta orðið því til fyrirstöðu, að innlent brunabótafjelag, er næði yfir Reykjavík líka, gæti komizt á. Nefndin vildi hins vegar ekki, að málið um innlent brunabótafjelag yrði útkljáð fyr en það hefði fengið nægan og góðan undirbúning. Var því eptir uppástungu hennar skorað á stjórnina að undirbúa málið og leggja það svo aptur fyrir þingið, helzt fyrir þetta þing. Stjórnin tók síðan málið í sínar hendur, og hefir fengið það til álita og undirbúnings fróðum mönnum, en þeim undirbúningi er ekki lokið enn og var því ekki hægt að leggja frumv. um málið fyrir þetta þing.

Í fyrra varð það að samkomulagi milli flutningsmanna þessara mála, að mál það, sem hjer liggur fyrir, um eldsvoðaábyrgð í Reykjavík, skyldi bíða til næsta þings, ef ske kynni, að frumv. um innlent brunabótafjelag yrði lagt fyrir þetta þing, því ef svo yrði, þótti ekki taka því, að slá neinu föstu um sjerstaka ábyrgð fyrir hús í Reykjavík. En nú sýnir það sig, að málið um innlent brunabótafjelag getur ekki komizt fram um næstu tvö ár, að minnsta kosti. Nefndin í fyrra áleit, að þetta frumv. gæti komizt eins snemma til framkvæmda, þó að það yrði ekki samþykkt fyr en á þessu þingi. En Reykjavík hefir nú þegar tapað hálfs árs hagsmunum af þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á. Það eru 900 kr., sem að vísu er ekki mikil upphæð, en það dregur sig saman, ef málið fæst ekki útkljáð fyr en á næsta þingi, því þá verður tapið orðið 4500 kr. Það eru þessar aðgerðir nefndarinnar á þinginu í fyrra, sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefir ekki athugað. Hann hefir auðsjáanlega ekki lesið nefndarálitið.

Ef jeg á að skýra fyrir mönnum, hvað hjer er eiginlega um að ræða, þá get jeg gert það með fáum orðum. Reykjavík hefir keypt ábyrgð á $^2/_3$ virðingarverðs húseigna sinna í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða og borgað fyrir þessa trygging á ári 2300 kr., en $^1/_3$ húseignanna hefir bærinn orðið að ábyrgjast sjálfur, og hann hefir gert það þannig, að hann hefir keypt þessa ábyrgð af öðru útlendu fjelagi. En þessi þriðji hluti hefir orðið bænum töluvert dýrari en hinir tveir þriðju hlutarnir, því ábyrgð á honum hefir kostað bæinn nálægt 3000 kr. Nú hefir Reykjavík gefizt kostur á, að fá einnig þennan $^1/_3$ hluta tryggðan í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða, fyrir tiltölulega sama gjald og hina $^2/_3$, svo allt gjaldið verður nú, ef þetta kemst á, 3400 kr., í stað 5200 kr. nú, svo munurinn verður 1800 kr., sem bærinn græðir árlega á þessari breytingu. Það leynir sjer því ekki, að þetta frumv. hefir í sjer fólgna töluverða peningalega þýðingu fyrir Reykjavík.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að ef Reykjavík yrðu veitt þessi hagstæðu kjör, þá mundi loku skotið fyrir framgangi málsins um innlent brunabótafjelag; en þetta er algjör misskilningur. Ef hann byggir þessa fullyrðing sína á því, að Reykjavík muni verða ófúsari eptir en áður að vilja ganga í hið almenna brunabótafjelag, þá skjátlast honum algjörlega. Þvert á móti. Það er hið bezta meðal til að setja þvergirðing í Reykjavíkurbúa, að fella þetta

frumv. og neita þeim um þá hagsmuni, er það felur í sjer. Það eru þess vegna ímyndaðar ástæður þetta, ástæður, sem á engu eru byggðar nema misskilningi. Það vill nú líka svo vel til, að það liggur nú fyrir þinginu yfirlýsing einmitt frá Reykjavíkur bæjarstjórn um afstöðu hennar gagnvart málinu um innlent brunabótafjelag, en slíkar yfirlýsingar átti stjórnin einmitt að útvega frá helztu kaupstöðum landsins. Í þessari yfirlýsingu bæjarstjórnarinnar er það tekið fram, að Reykjavík verði eins fús á að ganga í hið innlenda brunabótafjelag, þó þetta frumv. verði samþykkt, ef hið innlenda brunabótafjelag getur boðið henni eins góð kjör eins og hún fær eptir frumv. Til meira en þessa getur enginn maður með sanngirni ætlazt af Reykjavík. Það er þess vegna alls ekki rjett, að Reykjavík sje á móti innlendu brunabótafjelagi. Jeg gæti nefnt fjölda málsmetandi og merkra manna hjer í bæ, sem einmitt eru ákafir meðmælendur þeirrar stofnunar.

Það hefir verið stungið upp á nefnd í þessu máli, en jeg skil ekki, hvað hún ætti að gjöra. Það var sett nefnd í þessu máli hjer í deildinni á aukaþinginu í fyrra, og rjett skilið liggur það í áliti hennar, að hún leggur til, að þetta frumv. verði samþykkt á þessu þingi, svo framarlega sem frumv. um innlent brunabótafjelag verði ekki einnig lagt fyrir þetta þing. Eina hliðin, sem er athugaverð í þessu máli, er sú, sem snýr að málinu um innlent brunabótafjelag, en, eins og sýnt hefir verið, er hjer ekkert að óttast. Þessi hlið málsins liggur fullkomlega ljós fyrir frá nefndinni í fyrra.

Jeg hefi leyft mjer að koma fram með eina breyt.till. við frumv. og er hún í samræmi við skoðun manna á málinu í fyrra og álit nefndarinnar, að með frumv. sje loku skotið fyrir þá uppsprettu til varasjóðs, sem legið hefir í hinum gildandi lögum. Ef þetta frv. yrði að lögum svona óbreytt, þá væri engin heimild til að heimta meira gjald af húseigendum en beint þyrfti að borga brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða. Yrði þá ekkert eptir til að borga slökkvitól eða til að leggja í varasjóð. Nefndinni í fyrra þótti óheppilegt, að ekki yrði hægt, ef frumv. yrði að lögum, að auka varasjóðinn úr því, og er þessi breyt.till. því, sem sagt, í fullu samræmi við álit nefndarinnar, og gerir, að jeg vona, frumv. fremur aðgengilegra.

Landshöfðingi: Jeg skal fyrst geta þess, að á þinginu 1894 var samþykkt þingsáltill., í þá átt, að skora á stjórnina, að leggja fyrir alþingi 1895 frumv. um almennt brunabótafjelag í kaupstöðum og hinum stærri verzlunarstöðum. En til undirbúnings þessu frumv. ætlaðist þingið til, að leitað væri álita erlendra manna, er álitnir væru fróðir og reyndir í brunabótamálefnum, og í öðru lagi, að útvegaðar væru yfirlýsingar frá kaupstöðum og hinum meiri verzlunarstöðum um það, hvort þeir vildu eiga þátt í fjelaginu. Stjórnin leitaði því til Direkt. fyrir «De danske Landbygningers Forsikkringsselskab», sem er álitinn einkarfær í þess háttar málum. En frá þeim manni hefir ekkert svar komið, eða var ekki komið, þegar jeg vissi síðast til; það er að vísu alllangur tími síðan að stjórnin spurði sig fyrir hjá honum, en stjórnin hefir engin tök til þess að herða á honum, enda ljet hann í ljós, að þetta væri töluvert vandamál, og ekki auðgert, að svara því rækilega á skömmum tíma. En það er víst, að hann hefir áhuga á málinu og vildi jafnvel ferðast hingað til landsins, ef hann hefði tóm til þess, til að kynnast því, hvernig hjer hagaði til. Þetta er ástæðan til að

stjórnin hefir ekki getað sinnt málinu betur en hún hefir gjört, enda var því lýst yfir á þinginu 1894, að ekki mundi vera unnt að undirbúa málið svo fljótt, að lagt yrði fyrir alþ. 1895 frv. um almennt brunabótafjelag, svo að það er engin ástæða til fyrir h. þm. Vestm. (V. G.) að halda að stjórnin sje mótfallin innlendu brunabótafjelagi. Eða hvaðan hefir h. þm. það, að stjórnin hafi komið fram með þetta frv., til þess að hindra það, að innl. brunabótafjelag komist á? Það er Rvíkurkaupst. sjálfur, sem hefir beðizt þessa, sem hjer er farið fram á, — uppástungan er ekki frá stjórninni, heldur frá Reykjavík, eins og opt hefir verið tekið fram. Það er líka ekki nema eðlilegt, að Reykjavík vilji komast hjá að greiða hærra brunabótagjald en óhjákvæmilegt er, og að hún taki feginsamlega 1800 kr. lækkun í því á ári, þótt ekki sje nema í 2—3 ár. Jeg veit heldur ekki, hvað h. þm. getur gengið til að vilja neyða Reykjavík til þess að borga 1800 kr. meira í brunabótagjald á ári en hún þarf; jeg veit ekki, hverjum það ætti að vera í hag, nema ef vera skyldi því útlenda brunabótafjelagi, sem Rvík nú vátryggir hjá þann 1/3 af húseignunum, sem hún hefir ábyrgð á.

Það skyldi ekki fara svo, að afleiðingarnar af því að fella þetta frumv. yrðu, eins og h. þm. Reykvíkinga (J. Jenss.) tók fram, þvert á móti því, er h. þm. Vestm. (V. G.) ætlast til og vildi vera láta. Þessi síðarnefndi þm. heldur því fram, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá mundi Rvík ekki vilja hafa neitt við innlent brunabótafjelag að sýsla — þvert ofan í yfirlýsing bæjarstjórnarinnar á þgskj. 41. Hitt lægi miklu nær, að ætla, að ef Rvík fengi ekki að ráða svo litlu fyrir þinginu, sem að mega komast af með að borga 3400 kr. á ári í brunabótagjald í staðinn fyrir 5200 kr., þá kæmi stæling í Reykjavíkurbúa, svo að þeir alls ekki vildu ganga inn í hið almenna brunabótafjelag, þó það kæmist á stofn; en fái þeir nú að ráða, hvernig þeir haga vátrygging á húsum sínum, þá mun engin fyrirstaða verða á því, að þeir gangi í hið innl. brunabótafjel., ef þeir fá þar sömu kjör og þeim nú bjóðast.

Það er verið að halda fram hjeraðafrelsi, þeirri grundvallarreglu, að hjeruðin eigi að ráða sem mestu um þau mál, er til þeirra taka sjerstaklega. Ef þetta er hjeraðafrelsi, að leyfa ekki Reykjavík að sæta sem beztum kjörum í útlendu brunabótafjelagi, meðan innlent brunabótafjel. ekki er til — ef það er hjeraðafrelsi, þá veit jeg ekki, hvað harðstjórn er.

Valtýr Guðmundsson: Jeg sagði áðan, að það liti svo út, sem þetta frumv. væri bragð til þess að tefja fyrir innl. brunabótafjel.; það er ekki mín meining að stjórnin hafi fundið upp á því, eða að mótstaðan væri frá stjórninni sjálfri, eingöngu að minnsta kosti, —en Reykjavík hefir fengið stjórnina til að hjálpa sjer.

Viðvíkjandi yfirlýsing bæjarstjórnarinnar, sem hæstv. landsh. og h. þm. Reykvíkinga (J. Jenss.) lögðu svo mikinn þunga á, skal jeg geta þess, að jeg álít að hún geri ekki neitt, hvorki til nje frá. Því hvað segir þetta: »bæjarstjórn Rvíkur, sem nú er — og, að hennar áliti, mundi það í þessu efni enga breytingu gjöra, þó að hún yrði skipuð öðrum mönnum — mundi verða fús til að samþykkja, að kaupstaðurinn, þegar þar að kæmi, yrði tekinn upp í innl. brunabótafjel., ef kostur yrði á því með jafnaðgengilegum kjörum og nú bjóðast»? Því þótt bæjarstjórn Rvík. væri allt af með því, að ganga inn í innl. brunabótafjel., sem maður hefir enga vissu fyrir, þá er alls ekki víst

að bæjarbúar vildu það. Auk þess er er mjög líklegt, að hið innl. brunabótafjel. geti ekki fyrst í stað boðið jafngóða kosti og brunabótafjel. hinna dönsku kaupstaða, og hver mundi trúa því, að Reykvíkingar færu að sleppa hinum feita bitanum fyrir þann magra? En þá verður ómögulegt að þvinga þá til þess, því ef þetta frv. fær framgang, geta þeir boðið alþingi byrginn—þvinga þá, sagði jeg, vegna þess, að það er sannfæring mín að hjer verði ekki komið á almennum brunabótum nema með þvingunarlögum. Oss er ekki vandara um en forfeðrum vorum á frelsisöld Íslands; þá voru menn beinlínis þvingaðir með lögum til þess að vátryggja hús sín og gripi með innbyrðis ábyrgð. Jeg vil láta þess getið um leið og bið stjórnina að athuga það, að hjer getur ekki verið um aðra ábyrgð að ræða en innbyrðis ábyrgð—«gensidig Forsikring» — einmitt það fyrirkomulag var lögskipað hjer á söguöldinni, og ryður sjer nú alstaðar til rúms. Jeg get ekki kallað það annað en óheppilegt, að stjórnin skyldi einmitt leita til mótstöðumanns þess fyrirkomulags, til Tvermoes, sem er gamall maður og orðinn á eptir tímanum, en ekki Dir. Bramsen, sem er yngri, dugandi maður, og heldur einmitt fram »gensidig Forsikring«. Jeg hefi talað við marga menn, sem kunna glögga grein á þessum hlutum, og öllum kom þeim saman um, að eina tilhögunin, sem hjer gæti átt við, væri einmitt innbyrðis ábyrgð; þeir halda því allir fram, nema Dir. Tvermoes.

Sem sagt, jeg hugsa mjer, að ef almennt brunab.fjel. kæmist hjer á, þá yrði það með þvingunarlögum, og þá ætti Reykjavík að ganga inn í það, þótt hún fengi þar ekki eins góð kjör og áður, því að heill alls landsins verður að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum eins einstaks hjeraðs. En mótstaðan kæmi þá, held jeg, ekki frá bæjarstjórninni, heldur frá Reykvíkingum og þingmönnum þeirra, sem væru »persónulega interesseraðir« í því, að halda fast við brunab.fjel. hinna dönsku kaupstaða.

Þess vegna gæti jeg gefið þessu frv. atkvæði mitt, ef sett væri inn í það ákvæði í þá átt, að »lög þessi gengju úr gildi, þegar almennt innl. brunabótafjelag er stofnað«. (*Jón Jensson*: Leiðir af sjálfu sjer). Leiðir ekki af sjálfu sjer. Þvert á móti. Hví fer breyt.till. á þingskj. 143 fram á stofnun varasjóðs og að breyting megi gera á sumum ákvæðum að 10 árum liðnum? Skyldi það benda á að lögin eigi að standa skamman tíma? Nei, langt frá, allt bendir á, að lögin eigi að standa lengi, og það mun sannast, að verði ekki sett í frumv. þetta ákvæði, sem jeg talaði um, þá verður það sá þröskuldur, sem almennt innl. brunabótafjelag veitir erfitt að stíga yfir.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg hefi áður verið flutningsm. að frumv. um stofnun innl. brunabótafjel., og kjósendum mínum er það mikið áhugamál, að slíkt fjelag komist sem fyrst á fót, þar sem þeir verða að sæta þungum kostum í útlendum brunab.fjel., þá skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta frumv.

Það lítur út fyrir, að h. þm. Rvík. (Jón Jenss.) hafi dálítið misskilið álit nefndarinnar, sem sett var í þetta mál á þingi 1894, þar sem hann sagði, að hún hefði gefið loforð í þá átt, að þetta frumv. yrði samþ. á þessu þingi. Af Alþ.tíð. 1894 þingskj. 84 sjest, að nefndarálitið er einmitt orðað með mikilli varúð; því að þar er alls ekki sagt, að ef frumv. um stofnun almenns innl. brunabótafjel. verður ekki lagt fyrir þetta þing, að þá sje sjálfsagt að samþykkja þetta sjerstaka frumv., er Reykja-

vík varðar eina, heldur segir í nefndarálitinu að eins, að ef fyrirsjáanlegt verði, að innl. brunabótafjel. komist ekki á bráðlega, þá sje eðlilegast, að Rvíkurbúar fái að ráða mestu um sitt vátryggingar-fyrirkomulag, — en í orðinu »bráðlega« liggur þó sannarlega ekki neitt loforð um það, að þetta frv. skuli verða samþ. á þessu ári.

Nú liggur hjer að vísu fyrir yfirlýsing frá bæjarstjórn Reykjavíkur, þess efnis, að bæjarstjórnin muni verða fús á, að ganga inn í innlent brunabótafjel., ef kaupstaðarbúum bjóðist þar jafngóð kjör, eins og þeir geta fengið hjá vátryggingarfjel. hinna dönsku kaupstaða; en hversu einlæg og vel meint, sem þessi yfirlýsing er frá bæjarstjórnarinnar hálfu, þá er hún þó hvergi nærri fullnægjandi. Jeg hef fyrir mitt leyti aldrei óttazt mótspyrnu bæjarstjórnar Reykjavíkur móti innl. brunabótafjel.; en mótspyrnu stjórnarinnar hefi jeg óttazt, og hana óttast jeg því fremur, sem Reykjavík kemst í nánara samband við dönsku kaupstaðina, og það meðal annars af því, að það er kunnugt, að fulltrúi stjórnarinnar hjer á þinginu hefur engan veginn sýnt sig hlyntan, heldur miklu fremur mjög andvígan stofnun innl. brunab.fjel., og þó að hann hafi nú tekið það fram hjer í þingsalnum nýlega, að engin ástæða væri til að ætla, að stjórnin sje mótfallin innlendu brunabótafjelagi, þá er sú yfirlýsing í mínum augum harla lítils virði, þegar litið er til framkomu landshöfðingja í þessu máli, bæði fyr og síðar.

Og þó að núverandi landshöfðingi kynni að láta sjer segjast í þessu máli, og vildi fyrir sitt leyti ekki setja sig á móti því, að Reykjavík tæki þátt í hinu væntanlega innlenda brunabótafjelagi, — og hluttöku hennar álít jeg fyrir mitt leyti alveg nauðsynlega, til þess að hagkvæmu brunabótafjelagi verði komið hjer á fót —, þá er etamál, að ráðherrann danski samþykki þau lög, er slíta Reykjavík úr sambandi við dönsku kaupstaðina.

Sú ástæða hæstv. landsh., að það sje gagnstætt þeirri grundvallarreglu, að hjeruðin hafi sem mest að segja í þeim málum, er til þeirra taka sjerstaklega, ef Reykjavík fær ekki vilja sinn í þessu efni, er í mínum augum harla ljettvæg, því að hagur alls landsins verður að sitja í fyrirrúmi fyrir hag eins hjeraðs, og það er bæði eðlilegt og sjálfsagt, að þingmenn taki meira tillit til heilla alls landsins en hagsmuna eins hjeraðs.

Jeg skal að lokum geta þess, að jeg hallast að uppástungu h. þm. Eyf. (Kl. J.), um að skipa nefnd í þetta mál, og sjái sú nefnd nokkra leið til þess, að laga málið svo í hendi sjer, að þetta frumv. verði ekki þröskuldur í vegi fyrir innl. brunabótafjelagi, þá mun jeg fyrir mitt leyti ekki vera á móti því, að frumv., þannig lagað, fái fram að ganga. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að sett verði 5 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 : 2 atkv., og hlutu þessir kosningu:

Jón Jensson	með	18 atkv.
Valtýr Guðmundss.	—	15 —
Skúli Thoroddsen	—	13 —
Klemens Jónsson	—	12 —
Olafur Briem	—	10 —

Annari umr. síðan frestað.

Tillögur til þingsályktunar viðvíkjandi holdsveikraspítala (C. 69, 139); 2. umr.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 139, við 1. lið, samþ. án atkvæðagr.

Breyt.till. á þingskj. 139, við 2. lið, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Tillögurnar með áorðnum breytingum samþ. með 18 samhlj. atkv., og sendar forseta Ed.

Tillaga til þingsályktunar um fjárhald landssjóðskirkna (C. 137); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um að verkfræðingur skoði suðurströnd landsins (C. 140); síðari umr.

Eptir uppástungu þm. Vestmann. (V. G.) samþ. deildin að málið væri tekið út af dagskrá.

Tuttugasti fundur, miðvikudaginn þ. 24. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suðurmúlasýslu (C. 159); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg hef leyft mjer að koma með þetta frumv. hjer inn á þing, samkvæmt ósk frá kjósendum mínum, í Suðurmúlasýslu, einkum í Beruneshreppi, um að fá löggiltan verzlunarstað í Skálavík. Það sem helzt hefir vakað fyrir þeim, sem beiðzt hafa þessarar löggildingar, er það, að þeir mundu fá hagfeldari verzlun en hingað til hefir verið þar. Nú er svo ástatt þar, að það má heita að þar sje algjörð einokun. Öll verzlunin er í höndum eins verzlunarhúss á Djúpavogi, og þetta verzlunarhús hefir í höndum sjer alla þá lóð á Djúpavogi, sem nokkurt útlit er til, að verzlun geti orðið reist á.

Auk þessa munu beiðendur löggildingarinnar einnig hafa haft það fyrir augum, að ef verzlun kæmist á fót í Skálavík, þá mundi verða betur notuð hin mikla síld, er árlega gengur inn á Berufjörð. Hvorttveggja þetta mundi verða hreppsbúum til mjög mikils gagns.

Að því er sjálft plássið snertir á Skálavík, þá skal jeg geta þess, að eptir skriflegum vottorðum, sem mjer hafa borizt að austan, þá er innsiglingin sú sama fyrst eins og á Djúpavog, en einungis nokkuð lengri, og alveg hreina sjór eptir að komið er inn á móts við Djúpavog. Legan sjálf ólastanleg, haldbotn góður og hlje fyrir öllum vindum. Útlend skip hafa nú eigi alls fyrir löngu legið þar, og hafa skipverjar lokið lofsorði á höfnina.

Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál, en að eins óska, að h. deild lofi frumv. að ganga til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um fjárráð giptra kvenna (C. 49, 112, 141, 150); 2. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Það eru að eins fáar breytingar, sem nefndin, er skipuð var í þetta mál, hefir leyft sjer að stinga upp á. Í 7. gr. hefir nefndin lagt það til, að fellt verði úr síðari setningu fyrsta liðs orðin »nje leigja«, í frumv. stendur: »hvorugt hjóna má þó gefa, selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til«, en okkur nefndarmönnum fannst það of langt farið, að láta ákvæðin einnig ná til leigusamninga um fasteignir búsins, og töldum hitt nægilegt, að láta þau að eins ná til gjafa og veðsetningar og afsals á fasteignum.

Sömuleiðis hefir nefndin farið fram á, að í stað orðanna »og er því þá rjett, að ripta gjörningnum« o. s. frv. komi: »og er hann þá ógildur«, með því að þetta virðist vafninga-minna, og sjálfsögð afleiðing þess, að fyrirmælum frumvarpsins er ekki framfylgt.

Þriðja breyting nefndarinnar er við 9. grein. Þar er ákveðið svo, að ef annaðhvort hjóna á óskilgetið barn,

þá skuli barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu, en þó svo, að heimilt skuli hvoru hjóna, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fara fram; en nefndinni fannst ekki eðlilegt, að gefa erfingjunum þennan rjett, heldur að eins því hjóna, er ekki á hið óskilgetna barn.

Þá ætla jeg að minnast fáeinum orðum á breytingartill. þær, er fram hafa komið. Að því er snertir breytingartill. á þingskj. 141 frá h. þm. Vestmannaeyinga (Valtý Guðm.) og fleiri, þá hef jeg ekkert sjerlegt við þær að athuga; það eru að eins orðabreytingar, sem þar er farið fram á, nema hvað mjer finnst þriðja breytingin, »numnar« fyrir »numdar«, vera nokkuð mikið torf.

Breytingartillöguna á þingskj. 150 getur nefndin aptur á móti síður fallizt á, eins og hún liggur fyrir. Þar er farið fram á, að á eptir orðunum »gerður í votta viðurvist« komi: »með árituðu vottorði viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að hann sje löglega gjörður«. Meiningin er líklega sú, að sýslumaður eigi með áritun sinni að votta, að samningurinn sje löglegur, hvað formið snertir, en um það, hvort samningurinn sje löglegur í sjálfu sjer, getur sýslumaður naumast vottorð gefið; úr því verða dómstólarnir að skera. Nefndin ræður því til, að samþykkja ekki þessa breytingartillögu í þessu formi, en ræður flutningsmönnum til að koma með breytingartillögu öðru vísi orðaða í þessa átt við 3. umr.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta að sinni, en vonast að eins til, að h. deild leyfi málinu að ganga til 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er hræddur um, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það leggja óþægileg bönd á viðskipti manna; t. d. vil jeg nefna, að í 7. grein stendur svo, að hvorugt hjóna má veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til. Nú þekki jeg það við landsbankann, hve erfitt er að fá skjöl um lántöku í svo góðu lagi, sem þarf til þess, að hægt sje að lána út á þau; en þetta mundi verða enn þá erfiðara, og kostnaðarmeira fyrir lántakendur, ef þar við bættist, að konunnar undirskript þyrfti líka til þess, að skjalið væri gilt. Sama er er að segja um það, þegar bóndi vill fá lán í kaupstað, en kaupmaður vill eigi veita honum lánið, nema gegn skriflegri tryggingu, þá er undirskript hans ógild, nema konunnar samþykki sje fengið, og getur það þá verið heldur óþægilegt fyrir hann, að fara svo búinn heim aptur til að fá undirskript konu sinnar, svo lánið fáist. Þannig, og á margan annan hátt, leggur þetta frumv. eigi all-lítil höpt á viðskipti manna.

Í Noregi eru nýleg lög, hvar í konum er veitt fjárráð, en í þeim lögum eru 70 greinar. Í þessu frumv. er aðeins 14 gr. og nefndarálitið örstutt, svo að mjer er nær að halda að nefndin hafi eigi hugsað frumv. rækilega; álít jeg því heppilegast að umr. um þetta mál væri frestað, og nefndin tæki það til sín aptur til frekari athugunar.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Jeg get fullvissað h. þm. Árn. (Tr. G.) um það, að nefndin hefir rætt þetta mál ýtarlega og alls ekki farið fljótt yfir sögu. En það er aðgætandi, að málið hefir verið hjer á þingi bæði 1891 og 1893, og hefir þá verið rætt í nefndinni, svo að það er rækilega undirbúið.

H. þm. Árn. (Tr. G.) gat þess, að til væri norsk lög um þetta efni í 70 gr. Jeg þekki þessi lög, og hefi kynnt mjer þau, og þar sem þetta frumv. er svo stutt í samanburði við þau, þá kemur það til af því, að í norsku lögunum eru tekin fram ýms atriði um samninga

yfir höfuð, bæði að því er form, myndugleika semjenda, þinglestur o. fl. snertir, sem eigi þarf að taka fram í þessu frumv., þar eð það felst í hinum gildandi lögum. Hvað það snertir, sem h. h. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, að mönnum mundi erfiðara að útbúa skjöl til að fá lán í bankanum, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á það; því þegar frumv. þetta er orðið að lögum, og menn vita það, að samþykki konunnar er nauðsynlegt, til þess að samningurinn sje gildur, þá búa menn sig út með það. Þessi örðugleiki er því að mínu áliti eigi svo mikils virði, að menn ættu að láta hann aptra sjer frá að koma fram eins mikilvægu nýmæli, eins og þessu. Það er þó sannarlega ekki lítilsvert fyrir konuna, að hún hafi tryggingu fyrir því, að bóndinn veðsetji ekki eða selji án hennar vitundar þær fasteignir, sem hún máske sjálf hefir fært honum í búið.

Sighvatur Árnason: Jeg ætlaði að eins að tala nokkur orð viðvíkjandi ræðu h. varaforseta (Tr. G.), viðvíkjandi 7. gr. frumv., þar sem hann hafði á móti því, að bannað sje að annað hjónanna veðbindi fasteignir búsins nema samþykki hins komi til, sökum þess, að slíkt gæti gjört mönnum óþægilegar tafir við lántöku í bankanum, þá gerir slíkt ákvæði ekki svo mikið til, því þegar um slík lán er að ræða, sem jarðir eru settar í veð fyrir, þá er vitaskuld að allt þesskonar verður að undirbúa að heiman, og er þá ekki til tafar að leita um leið samþykkis konunnar fyrirfram, svo þetta ákvæði þarf ekki að koma í bága eða tefja fyrir í viðskiptum við bankann.

Aptur á móti hvað snertir síðustu setningu í síðari lið þessarar greinar, »að hvorugt hjóna geti, svo gilt sje, tekist á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til«, þá varð dálítill ágreiningur í nefndinni um þetta atriði, því sumum virtist það geta komið í bága í viðskiptalífinu. Það getur t. d. staðið svo á, að maður sje staddur hjer, sem bráðliggi á, að fá sjálfskuldarábyrgðarlán í bankanum, sem hann vissi ekkert af þegar hann fór að heiman, og verði því að fá sjálfskuldarábyrgðarmenn, og vilji grípa til kunningja sinna úr hans byggðarlagi, sem eru líka staddir hjer í Reykjavík, í fjarveru frá heimilum sínum, en þá mega þeir til að neita þessu, hversu fegnir sem þeir vildu gjöra kunningja sínum þennan greiða, vegna þess, að þá vantar samþykki konunnar til þess. Jeg skal gjarnan játa, að slíkar skuldbindingar sem að taka að sjer ábyrgð á skuldum annara eru viðsjárverðar, en ættu þó að láta sig gera þegar ekki er um stórar upphæðir að tala, án þess að samþykki beggja hjónnana komi til. Í þessu eina atriði er jeg ekki samþykkur meðnefndarmönnum mínum, og þess vegna vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að síðari lið 7. gr. sje skipt í sundur við atkvæðagr., þannig, að síðasta málsgreinin: »Ef helmingafjárlag« til enda greinarinnar sje tekið sjer við atkvæðagr.

Pjetur Jónsson: Viðvíkjandi viðaukatill. á þingskj. 150, þá skal jeg fúslega kannast við, að það væri heppilegra, að hún væri orðuð dálítið á annan hátt. Meining okkar flutningsm. var ekki sú, að sýslumaður skyldi votta það, að samningar milli hjóna væru lögmætir, heldur að eins að þeir væru í rjettu og lögskipuðu formi. Erum vjer því fúsir að taka till. aptur, og koma svo með hana breytta í þessa stefnu til 3. umr. Meining okkar var sú, að samningar þeir, sem gjörðir yrðu milli hjónaefna, væru svo rjettir sem kostur

er á, og að það mundi ekki kosta mikið að fá þá með þessu móti í sem beztu lagi.

Valtýr Guðmundsson: Jeg þarf að tala nokkur orð út af breyt.till. minni og fleiri h, þingdm., á þingskj. 141. Hvað snertir 2 fyrstu liðina, þarf jeg ekki að fara um þá mörgum orðum, því h. framsögum. (Sk. Th.) hefir sagt, að hann fallist á þá. Hvað 1. lið breyt.-till. snertir, fer hún ekki fram á annað en að skýrar sje sett tilvitnunin í 4. gr. í lið 3. gr. En svo kemur næsti liður, það er að eins ein orðbreyting, þar sem lagt er til, að í stað orðsins: »helmingafjárlag« í 2. lið 7. gr. komi: »helmingarfjelag«, vegna þess, að þetta orð er haft í okkar fornu lögum (Grágás), og álít jeg rjettara, að nota það, heldur en taka upp nýtt orð yfir hið sama, þegar jafngott orð er til í okkar fornu lögum.

Aptur á móti gat h. framsögum. (Sk. Th.) ekki fallizt á 3. lið, þar sem lagt er til, að í stað orðsins »numdar« í 14. gr. komi: »numnar«. Jeg skal játa það að orðið »numdar« er títt í alþingismáli, en jeg álít ekki rjett að innleiða rangar orðmyndir í löggjöfinni. Að segja, »numinn« »numdar«, er jafn rangt og sagt væri »lesinn« »lestar« í staðinn fyrir »lesnar«, eða »falldir», í staðinn fyrir »fallnir« af »fallinn«, því engum mundi detta í hug hvorki að tala nje rita þannig. En að segja »numdar« í stað »numnar« er algjörlega eins rangt, því sögn þessi beygist þannig: nema, nam, námum, numinn, numnar. Jeg álít því algjörlega rangt, að gefa skökkum orðmyndum gildi. Hinir h. þingdm. geta ráðið hvort þeir taka breyt.till. mína til greina, en það getur engum dulizt, að orðið »numdar« er rangt mál, hvernig sem á það er litið, en jeg ætla samt ekki að gjöra slíkt að neinu kappsmáli.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvort h. þingmenn líta á síðari hluta 7. gr. eins og h. 1. þm. Rangæinga (Sighv. Árnas.), þar sem stendur: »Ef helmingafjárlag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til«. Verði þetta að lögum, þá leiðir af því, að þegar giptur maður skrifar nafn sitt á víxil, þá er það ógilt, hversu ríkur sem maðurinn er, ef konan skrifar ekki samhliða samþykki sitt á hann. Þetta virðist mjer hepta um of viðskipti manna, og verð þess vegna að álíta frumvarpið mjög athugavert.

Það getur opt við borið, að ríkur maður úr sveit þarf að brúka peninga, sem hann vill fá gegn víxli, en getur ekki fengið það, vegna þess að konan hans er heima, og þar af leiðandi nafn hans á víxlinum ógilt, og sama er að segja um auðmenn frá útlöndum; þeim mundi þykja kynleg slík ákvæði, að nafn þeirra væri ógilt.

Jeg vil því leggja til, að í hið minnsta síðari liður 7. greinar falli burt. En ákvæðin um að »leigja fasteign« ættu að standa óbreytt í fyrri lið greinarinnar, því með leigusamning um lífstíðar-ábúð getur opt verið lagt meira band á eigur manna, heldur en með veðsetning.

Að fleiru leyti álít jeg, að frumvarp þetta sje mjög athugavert.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það er alveg rjett, að h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) var á móti því ákvæði í niðurlagi 7. greinar frumv., að hvorugt hjónanna mætti án samþykkis hins, — ef helmingafjárlag er með þeim —, takast á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna. En aptur vorum vjer hinir nefndarmennirnir á þeirri skoðun, að þetta væri mjög þýðingarmikið á-

kvæði, sem þess vegna mætti ómögulega sleppa úr frumvarpinu, því eins og menn vita, getur það, að takast á hendur ábyrgð á annara skuldum, verið mjög varúðarvert og hættulegt; þó ýmsir sjeu að vísu opt fljótir og fúsir til þess, að skrifa nöfn sín undir skuldbindingar annara, og skoði það að eins sem greiðvikni, þá er það þó stundum miður hyggilega gjört, enda hefir og mörgum orðið hált á því; það veit jeg af eigin reynslu. Það er betra að lána kunningja sínum beint úr sínum eigin vasa, ef maður hefir ráð á því, en að hjálpa honum á þennan hátt. Vjer hinir nefndarmennirnir erum því fastir á því, að þetta ákvæði fái að halda sjer í frumv., því bóndinn getur eyðilagt efni búsins, ef hann að ófyrirsynju gjörist ábyrgðarmaður fyrir annara skuldum.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) er hræddur um, að frumv. hepti um of viðskiptalíf manna, en jeg get ekki gjört mikið úr þessari mótbáru, því þegar menn fara að venjast þessum nýmælum, munu þau þykja eðlileg og sjálfsögð. Á hinn bóginn get jeg heldur ekki sjeð, að það gjöri svo mikið til, þó að maður, sem er fjarverandi frá heimili sínu, geti ekki gengið í ábyrgð fyrir annan mann, af því að hann hefir ekki haft tök á, að leita samþykkis konu sinnar, því jeg held, að þetta ákvæði geti sjaldnast valdið illu, og að ókostirnir við það sjeu að minnsta kosti sáralitlir í samanburði við hina miklu hagsmuni, sem það er, að hvorugt hjónanna geti, án leyfis og vitundar hins, stofnað sameiginlegum fjármunum þeirra í hættu.

Að því er snertir þá skoðun h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að óþarfi sje að fella orðið »leigja« burtu úr 7. gr. frumv., eins og stungið er upp á í nefndarálitinu, þá hefi jeg fyrir mitt leyti ekki svo mikið á móti því, að orð þetta fái að standa, því að jeg var á móti því í nefndinni, að fella það í burtu, en það voru meðnefndarmenn mínir, sem þessu rjeðu, og geta þeir því sjálfir bezt gjört grein fyrir ástæðum sínum til þessa.

Að því er loks snertir þá breyt.till. á þingskjali 141, að setja orðið »numnar« í staðinn fyrir »numdar« í 14. gr. frumv., þá hefir h. tillögumaður (V. G.) talað vel fyrir þeirri breytingu frá málfræðislegu sjónarmiði, en jeg fyrir mitt leyti kann ekki við að hafna algengum orðum, sem orðin eru rótgróin í málinu, þó að finna megi aðrar gamlar orðmyndir sömu merkingar í gömlum handritum, sem máske eru komnar inn í handritin fyrir ritvillur afritaranna. Málið er eins og það myndast á vörum þjóðarinnar, og frá »almennu sjónarmiði« sje jeg því ekki, að þörf sje á, að hafa skipti á þessum orðum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er á sama máli og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um það, að ekki sje rjett að samþykkja þá tillögu nefndarinnar, að fella orðið »leigja« burtu úr 7. gr. frumv. Jeg álít, að það geti orðið allt eins skaðlegt, að bóndi leigi eign sína án samþykkis konunnar, eins og að hann gangi í ábyrgð fyrir aðra. Það er því rjett, að gjöra honum hvorttveggja ómögulegt án samþykkis konunnar. Vjer getum sett oss það dæmi, að bóndi, sem er drykkfelldur og ráðlítill, á kaupstaðarferð láti hafa sig til að leigja undan sjer eignar- og ábýlisjörð sína, en ef að slíkt ekki getur verið gildandi nema með samþykki konunnar, gæti slíku og fleira orðið afstýrt. Það lægi þá kannske ekki annað fyrir honum, en að fara í þurrabúð eða komast á sveit. Þetta ákvæði getur því haft eins mikla þýðingu eins og mörg önnur ákvæði frumv., og verð jeg því ekki með þessari breytingartill. nefndarinnar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi

áður gjört grein fyrir skoðun minni á þessu máli, og skal að eins ítreka ummæli mín og skýra þau nánar nú við 2. umr. Jeg álít, að ákvæðin í 1. til 6. gr. frumv. sjeu, eins og nú er ástatt hjer, óþörf og eiginlega ekki til bóta, og gjörði jeg grein fyrir þessari skoðun minni við framhald 1. umr. Ákvæði 2. gr. álít jeg í sjálfu sjer ekki skaðleg, sjerstaklega ef breyt.till. á þingskjali 150 verður samþykkt, því það er þó dálítil trygging í því, ef sýslumaður eða bæjarfógeti á að rita á hjúskaparmálaskjalið vottorð um, að hjúskaparmálinn sje löglega gjörður, nefnilega, að samningurinn innihaldi ekkert, er komi í bága við gildandi lög, að semjendur sjeu myndug o. s. framv. Slíkt er eigi án dæma í löggjöf annara þjóða, og held jeg að þessi breyt.till. sje til bóta, ef hún verður samþykkt.

Við ákvæði 7. gr. hefi jeg ekki neitt sjerlegt að athuga, að því er fasteign snertir. Ákvæði um það atriði munu finnast í eldri lögum vorum, enda eru þau ekki ósamkvæm hugsunarhætti vorum. Það getur verið ástæða til að tryggja fasteign, sem kona hefir flutt í búið, svo að maðurinn geti hvorki selt hana, veðbundið eða leigt án samþykkis konunnar. Að öðru leyti finnst mjer niðurlag 7. gr. of víðtækt.

Það er rjett, sem h. flutningsm. (Sk. Th.) tók fram, að það tilfelli getur og komið fyrir, að maður, sem tekst á hendur ábyrgð á skuldum annara, getur með því stofnað fjármunum fjelagsbúsins í voða, en ákvæðið nær miklu lengra, svo það verður eiginlega óþolandi hapt á öllu viðskiptalífi. Þó býst jeg við, að nefndin vilji halda þessu ákvæði.

Ákvæðið í 8. og 9. gr. hefi jeg ekkert sjerlegt við að athuga.

Við 10. gr. hefi jeg heldur ekki mikið að athuga, enda mun það sjaldan koma fyrir, að konan reki hjer sjálfstæða atvinnu. Hjer eru ekki fyrir hendi þau skilyrði, er gjöra, að slík sjerstök atvinna geti átt sjer stað; þau skilyrði er einkum að finna í lífinu í stórborgunum, en er varla til hjá oss.

Ákvæði 11. greinar álít jeg hreint og beint skaðleg, sjerstaklega af því, að þau koma svo illa við, gagnvart okkar framfærslu-löggjöf, eins og jeg hef ýtarlega tekið fram áður. Niðurstaðan verður þá sú, að jeg mun greiða atkvæði með breyt.till. á þingskjali 150, og jafn-eindregið atkvæði á móti 11. gr. frumv.

Hvort frumv., ef til þess kæmi, að það yrði samþykkt í þessari mynd, mundi verða til verulegs skaða, treysti jeg mjer ekki til að segja, en það verð jeg að segja, með öðrum fleiri, að úr því nefndin þykist hafa íhugað þetta mál rækilega, þá átti hún að gjöra grein fyrir hverju einu principi, sem kemur fram í því. Jeg álít það skyldu hverrar nefndar, að rekja hvert mál út í yztu æsar, og gjöra rækilega grein fyrir skoðun sinni á hverju þess atriði. Til þess eru nefndir settar. Það er ekki nóg, að lýsa því yfir með almennum orðum, að maður sje með þessu, en móti hinu. Það verður að gjöra grein fyrir — hvers vegna.

Klemens Jónsson: Það er einkum út af orðum h. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.) að jeg tek til máls, og gjöri það því fremur, sem jeg var einn af nefndarmönnunum í þessari nefnd, sem þegar hefir fengið svo margar ástæðulausar hnútur fyrir það, að hún hafi ekki íhugað málið svo rækilega sem átt hefði að vera. Það hefir þegar verið bent á það, að nefndinni fannst engin ástæða eða þörf að vera að gjöra grein fyrir í áliti sínu eða rekja sundur hina nýju frumreglu, sem frv. hefir að geyma. Þess er að gæta, að þetta frv. er gam-

all gestur hjer í deildinni og að búið er að ræða það ýtarlega áður. Einmitt af þessu þótti nefndinni ekki ástæða til að vera að endurtaka það sem áður hefir verið sagt. Ef málið hefði verið nýtt á þinginu, þá játa jeg að það fer fram á svo mikla breyting á gildandi lögum, að sjálfsagt hefði verið að gjöra rækilega grein fyrir henni; en, eins og jeg sagði áður, þá er þessu ekki svo varið, þar sem málið mun nú vera í þriðja sinn til meðferðar hjer á þingi, og verið tvívegis í nefnd. Um breytt. við 7. gr. að orðið »leigja« falli burt er það að segja, að það mun vera mjer að kenna, að hún er komin hjer fram. Jeg álít það ofmikið hapt á viðskiptafrelsi manna, ef samþykki hvorstveggja hjónanna þarf jafnan til þess, að hægt sje að leigja jörð eða húskofa.

Jeg skal játa það, að 11. gr. frv. sje miður heppileg, en jeg sje ekki að það sje til að eyðileggja málið, þótt hún falli burt. En að öðru leyti fæ jeg ekki sjeð, að það hafi verið hrakið með ástæðum, að frv. þetta feli í sjer talsverða rjettarbót.

ATKV.GR.: 1. gr. smþ. með 18 smhl. atkv.; breyttill. við 2. gr. smþ. með 13 smhl. atkv.; viðaukatill. við 2. gr. smþ. með 16 smhl. atkv.; 2. gr. með breyt. samþ. með 18 smhl. atkv.; 3. gr. smþ. með 17 smhl. atkv.; breyttill. við 4. gr. samþ. sem orðabreyting; 4. gr. þannig breytt samþ.m. 18 smhl. atkv.; 5. gr. smþ. með 17 smhl. atkv.; 6. gr. smþ. með 19 smhl. atkv.; 1. breyttill. (á þingskj. 112) við 7. gr. felld með 14 móti 4 atkv.; 2. breyttill. (á þskj. 112) við 7. gr. smþ. með 16 smhl. atkv.; 3. breyttill. (á þskj. 141) við 7. gr. smþ. með 19 smhl. atkv.; 7. gr. fyrri liður smþ. með 20 smhl. atkv.; 7. gr. síðari liður smþ. með 13 móti 6 atkv.; 7. gr. með áorðnum breyt. smþ. með 16 smhl. atkv.; 8. gr. smþ. 16 smhl. atkv.; breyttill. við 9. gr. smþ. með 16 smhl. atkv.; 9. gr. með áorð. breyt. smþ. með 18 smhl. atkv.; 10. gr. smþ. með 19 smhl. atkv.; 11. gr. felld með 13 móti 9 atkv.

Sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall við þessa gr. og sögðu þessir

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Skúli Thoroddsen,	Olafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þórður Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.,

12. gr. smþ. með 19 smhl. atkv.; 13. gr. smþ. með 18 smhl. atkv.; breyttill. við 14. gr. smþ. með 12 móti 10 atkv.

Sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall og sögðu

já:	*nei:*
Guðjón Guðlaugss.,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jensson.	Eiríkur Gíslason,
Jón Jónsson.	Guðl. Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Olafur Briem,	Sighv. Árnason,
Pjetur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Tr. Gunnarsson,
Valt. Guðmundsson,	Þórð. Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
Þorl. Guðmundsson.	

Einar Jónsson greiddi ekki atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

14. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 19 smhl. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum vísað til 3. umr. með 19 samhl. atkv.

Frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 131); 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer sýnist það ekki eiga vel við, að jafnstórt mál sem þetta gangi alveg umræðulaust gegnum deildina. Að vísu var það fyrir deildinni á síðasta þingi, en mjer finnst það nú, engu síður en þá, athugunarvert. Jeg sagði það álit mitt um málið í fyrra að jeg áliti frv. ekki hentugt eins og nú stendur; oss vantar enn þá nauðsynleg skilyrði fyrir því að slík lög geti orðið að notum, þjóðin er enn þá ekki svo rík að hún sjálf geti rekið alla verzlun sína á þann hátt sem frv. gjörir ráð fyrir. Sambandið við önnur lönd þarf fyrst að komast í betra horf, vjer þurfum að fá bæði greiðari gufuskipaferðir og frjettaþráð til útlanda. Jeg get eigi betur sjeð en þetta frv. sje beinlínis varasamt, einkum fyrir Norðurland. Efni landsmanna eru ekki svo mikil, að þeir geti byrgt landið að nauðsynjavörum fyrir langan tíma, en slíkt er þó nauðsynlegt í Norðurlandi, þar sem ís getur lokað fyrir allar hafnir langt fram eptir sumri; Suðurland er að því leyti betur statt, þangað eru ferðirnar frá útlöndum allt af vissari. Jeg hefi áður sagt, að mjer þætti betur eiga við, að vjer byggjum til lög sem veittu búsettum kaupmönnum hjer á landi meiri rjettindi en selstöðuverzlununum, svo menn hefðu hvöt til að hafa bústað sinn hjer. Færðist þá verzlunarástandið án þvingunarlaga á eðlilegan hátt í það horf, sem frv.flytjendur óska, og í þá átt var stefnt með lögunum 7. nóv. 1879; þar stendur, að búsettir kaupmenn megi verzla á ólöggiltum stöðum hvar sem þeir vilji hjer við land, með allar vörur, að vínföngum undanskildum, en þessi ákvæði eru gjörð því nær þýðingarlaus með hinum stöðugu og takmarkalausu löggildingum; við það opnast fleiri og fleiri staðir, sem útlendir lausakaupmenn og óbúsettir menn geta dregið verzlan frá þeim innlendu búsettu kaupmönnum. Mjer þykir það lýsa nokkurri ósamkvæmni hjá hinum h. þingmönnum, sem vilja efla innlenda verzlun, að seilast til að löggilda undantekningarlaust hvern vog, sem upp er borinn til löggildingar; eptir því sem verzlaninni er meira dreift, því kostnaðarmeiri og vanmáttugri verður hún. Fyrst jeg er kominn inn á löggildingaspursmálið, þá skal jeg nota tækifærið til að minnast á, að mjer sýnist það tvennt hálfósamrýmanlegt, að skoðun þings og þjóðar stefnir að því, að hafa beina skatta sem minnsta, og útvega svo aptur landsjóði í staðinn tekjur með tollum, en þó jafnframt og samstundis samþykkja takmarkalausar löggildingar; það er þó auðsjeð, að því fleiri löggildingar sem koma, því erfiðari verður tollgæzla og tollheimta. Þá er það og ósamkvæmni hjá þeim, sem vilja sporna við vínnautn, að löggilda undantekningarlaust hverja vík og vog, sem beðið er um; með því greiða þeir þó fyrir vínkaupum og vínnautn.

Yfir höfuð finnst mjer h. þingd. hafi eigi fasta stefnu eða skoðun á því, hvernig bezt væri að beina verzluninni í betra horf, og um það er jeg sannfærður, að þetta frv. stefni eigi að því að bæta hana.

Jeg býst ekki við, hvort sem jeg tala langt eða stutt, að jeg geti sannfært þá, sem fylgja þessu máli með svo miklu kappi, að þeir engar ástæður vilja heyra nema sínar eigin, og skal jeg því eigi fjölyrða meira; en mjer þótti það ekki eiga við, að láta annað eins stórmál fara orðalaust frá deildinni.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg hafði ætlað mjer að tala ekki í þessu máli, fyr en við 3. umr., og að fara þá nokkrum orðum um synjunarátyllur stjórnarinnar á móti þessu frv.;

mun jeg og aðallega halda þessari stefnu, en að eins nú með fáum orðum svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.)

H. þm. (Tr. G.) færði þá ástæðu fram á móti frumv. þessu, að ef það yrði að lögum, væru útlendingar útilokaðir frá að reka verzlun hjer á landi, og þá var þm. hræddur um, að svo mundi fara, að Ísland yrði ekki byrgt að nauðsynjum sínum; en jeg held, að þessi mótbára þm. hafi ekki við mikið að styðjast, því jeg verð að taka það fram, að með þessum lögum er útlendingum alls ekki bannað að reka verzlun hjer á landi; við heimtum að eins, að þeir útlendingar, er hjer vilja reka verzlun, skuli vera búsettir hjer á landi, sætti sig við að búa við sömu kjör eins og Íslendingar sjálfir; vjer heimtum, að þeir skoði sig sem Íslendinga, og þoli súrt og sætt með landsins börnum. Oss sýnist það óviðkunnanlegt, að það sem þessir menn græða hjer á verzluninni, sem er landsins arðsamasti atvinnuvegur, skuli ár eptir ár ganga út úr landinu, og vera eytt að mestu leyti í Kaupmannahöfn; og oss virðist það óviðurkvæmilegt, að þeir, einmitt af því, að þeir eru búsettir erlendis, skuli verða ljettara úti, að því er opinber gjöld snertir, heldur en þeir, sem hjer eru búsettir. Því hefir að vísu verið haldið fram, að útlendu kaupmennirnir, eða selstöðuverzlanirnar, sem svo eru nefndar, greiði öll sömu gjöldin til lands og sveitar, eins og hjerlendir kaupmenn; en þetta er ekki rjett, því að búseta þeirra erlendis losar þá undan tekjuskatti af eign hjer á landi; og að því er snertir atvinnuskattinn, þekki jeg sjálfur nokkuð til þess, með hve góðum huga hinir útlendu kaupmenn greiða hjer gjöld sín til landsþarfa; jeg hefi sjálfur um nokkur ár setið í skattanefnd í einum af stærstu verzlunarstöðum landsins, svo mjer er kunnugt um, að þessir menn vilja flestir komast hjá að greiða til landsþarfa, nema sem allra minnst; frá mörgum þeirra koma ár eptir ár sömu svörin, að tap hafi orðið á verzluninni undanfarin ár, svo að landssjóður myndi ekki auðgast af atvinnuskatti þeirra að mun, ef skattanefndirnar eigi notuðu sjer það, að skýrslur þessara manna eru svo ófullkomlega úr garði gerðar, að ekki þarf að taka neitt tillit til þeirra, svo að skattanefndirnar hafa vald til þess, að áætla atvinnutekjurnar.

Eins og jeg þegar hefi tekið fram, gerir frumv. þetta útlendum kaupmönnum að eins að skyldu, að vera búsettir hjer, að halda hjer dúk og disk, en bannar þeim engan veginn að reka hjer verzlun, ef þeir vilja vinna það til, að fullnægja þessu skilyrði, og þar með hygg jeg að mótbára h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sje fallin, því jeg vona, að þm. sje mjer þó samdóma um það, að land vort sje ekki svo óbyggilegt, að ómögulegt sje að lifa hjer viðunanlegu og siðuðu lífi.

Það er satt, að það er Íslendingum, og sjerstaklega verzlunarstjett landsins, stórmikill bagi, að landið ekki stendur í frjettaþráðarsambandi við útlönd, en jeg get þó ekki játað, að þar af leiði neina knýjandi nauðsyn til þess, að kaupmenn setjist að erlendis, enda eru ýmsir kaupmenn vorir búsettir hjer, og vegnar hjer vel.

Í öðru lagi virtist h. þm. (Tr. G.) það sýna ósamkvæmni frá þingsins hálfu, að vilja þröngva kosti selstöðukaupmanna, og það í sömu andránni, sem þingið vildi efla innlendu verzlunina með löggildingum nýrra verzlunarstaða; en jeg fæ ekki sjeð, að í þessu sje nein ósamkvæmni fólgin, því að tilgangur löggildinganna er sá, að gera landsmönnum sem greiðast að sækja til verzlunar, og tilgangur búsetulaganna

er sá, að gera landinu sjálfu verzlunina sem arðsamasta, svo að arðurinn lendi ekki erlendis, og getur þetta hvorttveggja vel farið saman, og í því er engin ósamkvæmni. En að óttast, að hinar mörgu löggildingar geri það að verkum, að landið verði yfir höfuð ver birgt að vörum, virðist mjer ástæðulaust; afleiðingin verður að vísu sú, að einum kaupmanni verður óhægra að græða of fjár, þegar verzlunarsvæðið minnkar, en kaupmenn verða þá jafnframt fleiri um það, að birgja landið að vörum.

Við 3. umr. mun jeg minnast rækilega á mótbárur stjórnarinnar móti frv., og þá um leið á framkomu selstöðukaupmannanna í vetur, er frumv. þetta skyldi lagt undir staðfestingu konungs, því að sú framkoma var svo löguð, að jeg held, að löggjafarþing Íslendinga geti ekki þegjandi leitt hana hjá sjer.

ATKV.GR.: 1.—4. gr. samþ. hver fyrir sig í e. hlj.; 5. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frumv. til laga um breyt. á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir (C. 132); 2. umr.

Málið tekið út af dagskrá.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði (C. 120); 2. umr.

ATKV.GR.: 1.—2. gr. samþ. hvor með 17 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um nýja frímerkjagjörð (C. 155); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórh. Bjarnarson*): Tilgangur þessa frumv. liggur í augum uppi, og hann er sá, að Ísland verði eitthvað aðnjótandi þess ágóða, sem fá má af því, að skipta um frímerki, eða með öðrum orðum, að landið fari að »spekulera« í frímerkjafíkninni, sem nú geysar um allan heim, og sýnist fara vaxandi. Það er ekki leiðum að líkjast í þessu efni. Alkunnugt er það t. d., að Bandaríkin þjóðhátíðisár sitt ljetu gera ný frímerki, sem að eins giltu það árið, og þetta gaf af sjer svo mikið fje, að það borgaði mikið af kostnaðinum við sýninguna. Land vort er vel sett að því leyti, að það er svo lítið og fámennt, að vænta má, að íslenzk frímerki, sem gilda stuttan tíma, sjeu auðseld og komist í hátt verð og geti gefið landssjóði eða landinu drjúga peninga, auk þess sem að margir einstakir menn græddu á frímerkjabreytingunni. Fjárlaganefndin vildi bindast fyrir málinu, til þess að gefa því meira fylgi bæði í þinginu og hjá stjórninni, og eins þótti henni nú vera heppilegur tími til þess einmitt árið 1897, í minningu þess, að fyrir 25 árum síðan komst hjer á lögbundin skipun póstmála, með auglýsingunni frá 3. maí 1872.

Það kom til tals í nefndinni, hvorn veginn væri heppilegra að fara í þessu máli, frumvarpsleiðina, eða að koma fram með þingsályktun í þessa átt. Nefndinni þótti hin fyrri leiðin heppilegri, en áleit, að varasamt væri, að setja nokkur svo nákvæm ákvæði í 1. frumv., að óttast mætti, að þau gætu hindrað staðfestingu þess. Um þetta ráðfærði nefndin sig við hæstv. landsh., og áleit hann, að ekkert væri viðsjált við frumvarpsleiðina, og engin sjerleg ákvæði væri heldur í frumv., sem mundu hindra staðfestingu þess.

Við 2. umr. má fara út í hinar ein-

stöku greinar frumv. og koma fram með ýmislegt stjórninni til athugunar við framkvæmd laganna.

Að sinni þarf jeg ekki að fara fleirum orðum um málið; en skal geta þess, að þar sem það kemur frá nefnd, og hefir verið íhugað þar rækilega, sje jeg enga ástæðu til að setja nefnd í það. Bendingum og athugasemdum tekur nefndin þakklátlega; því sennilega mætti með efnis- eða orðabreytingum gera frumv. eitthvað til bóta.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884 (C. 121); 2. umr.

Einar Jónsson: Það er að eins lítið atriði, sem jeg ætla að minnast á. Það stendur í byrjun 1. greinar þessa frv.: »brauðsins«, en þó hefir ekki verið minnzt á neitt brauð áður. Jeg leyfi mjer að stinga upp á að í staðinn fyrir það komi: »brauðs«, greinislaust. Þetta er að eins orðabreyt., svo jeg held að það þurfi ekki sjerstaka breyt.-till. til þess að fá þetta fram. Jeg hef talað við hæstv. landsh. um það, hvort frumv. þyrfti að ganga til h. Ed., og áleit hann það óþarft, og hjelt, að það mundi ekki verða skoðað sem ólögleg meðferð málsins. Ef menn álíta breyt.-till. nauðsynlega, þá má koma fram með hana við 3. umr.

ATKV.GR.: Báðar frumv.greinarnar samþ. með 13 samhlj. atkv. hvor.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög (C. 122); 2. umr.

ATKV.GR.: Allar frumv.greinarnar fjórar samþ. í einu hlj. hvor um sig.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 148); 1. umr.

Þórður Guðmundsson: Það virðist svo sem það sje að fara í vöxt þing frá þingi, að prestar landsins sendi bænarskrár um ljetti á gjöldum þeim, er á brauðunum hvíla. Það kann vel að vera að þessar bænir sjeu á rökum byggðar, en annars vegar getur það ekki dulizt, að það er ekki brýn nauðsyn til þeirra sumstaðar, og ósýnt hvað af þeim leiðir. Í þessu frumv. er eitt atriði, sem jeg vildi sjerstaklega minnast á, nefnilega þar sem farið er fram á að bæta Ásólfsskála- og Stóradalssóknum við Eyvindarhólaprestakall. Að vísu hefir það verið svo, að einn prestur hefir þjónað þessu prestakalli öllu saman, og það án þess að söfnuðurinn hafi um kvartað, en það hefir lengi verið talið viðsjárvert fyrir þingið, að sameina prestaköll, ef engin beiðni um það hefir komið frá viðkomandi sötnuði; en það er enginn efi, á að frá þessum söfnuði hefir engin beiðni komið um sameining þess prestakalls, sem hjer ræðir um; en jeg verð að álíta það mjög viðsjárvert fyrir þingið, að sameina prestaköll, án þess að söfnuðirnir hafi beðizt þess, eins og jeg hef áður tekið fram. Og mig furðar á því, að þetta frumv. skuli koma svona lagað frá h. Ed., þar sem biskup landsins þó á sæti, því enginn efi getur á því verið, að kirkjulífið dofnar og virðing fyrir presti og kirkju hverfur eptir því sem þeim er fækkað, og það virðist mjög óeðlilegt, að söfnuðir verða að gjalda presti og kirkju jafnt fyrir því, þó þeir sjeu sviptir messum að $^1/_2$ eða jafnvel $^2/_3$ hlutum.

Jeg skal að svo komnu ekki fara út í smærri atriði frumv., en geymi það til 2. umr. Jeg álít málið svo vaxið, að nauðsynlegt sje að setja nefnd í það

og leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. og hlutu þessir kosningu:
Þórður Guðmundsson með 13 atkv.
Guðl. Guðmundsson — 8 —
og eptir ítrekaða kosningu
Jón Jónsson próf. með 14 atkv.

1. umr. þessa máls síðan frestað.

Tillaga til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands (C. 13); ein umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Eins og h. þingdm. mun kunnugt, var samskonar þingsál.till. og þessi samþ. á alþingi 1891, og á alþingi 1893 var málinu síðan hreyft að nýju. Við umr. um málið á alþingi 1893 skýrði hæstv. landsh. frá því, að enginn hefði orðið árangurinn af ályktun alþingis 1891, með því að stjórnin hefði eigi sjeð sjer fært að sinna málinu að neinu, heldur lagt það á hilluna, og ástæðurnar til þess sagði landsh. að verið hefðu þær, að nokkru eptir árið 1880 hefði stjórnin leitað fyrir sjer í þessu sama máli hjá ýmsum þjóðum Norðurálfunnar: hjá Englendingum, Frökkum, Rússum og Þjóðverjum, en undirtektirnar hefðu þá orðið daufar, og þess vegna hafði stjórnin ekki viljað ámálga það á ný; alþingi áleit því rjett að endurtaka áskorun sína 1893, en með því að enn hefir heldur ekki sjezt eða heyrzt, að orðið hafi neinn árangur af þessari þingsályktun, þá áleit samgöngumálanefndin rjett að koma fram með þessa þingsál.-till. enn á ný, til þess að halda málinu vakandi og sýna með því stjórninni, að oss sje þetta svo mikið áhugamál, að vjer gerum hvað vjer getum til þess að minna stjórnina á, að leita enn hófanna hjá aðalþjóðum Norðurálfunnar í þessu efni. Tímarnir hafa líka breytzt mikið síðan um 1880; Ísland er síðan orðið miklu kunnara í útlöndum en áður, og viðskipti Englendinga við landsmenn hafa vaxið að stórum mun, svo að gera má ráð fyrir, að undirtektir þeirra kynnu nú að verða allt aðrar; en hins vegar er þetta svo mikið fyrirtæki og kostnaðarsamt, að engin von er til, að Ísland geti kostað það af eigin ramleik. Nú er þess og að gæta, að veðurfræðingar, t. a. m. Hoffmeyer heitinn, hafa á síðari árum sýnt rækilega fram á, að af veðráttufari hjer á landi mætti mjög segja fyrir um veðráttufar á Atlanzhafi, Eystrasalti og norðurhöfum öllum, og myndi því veðurstöð hjer á landi geta haft einkarmikla þýðingu fyrir siglingar allar á þessum höfum; en því að eins getur »meteorologisk station« hjer á landi haft þýðingu, að hingað liggi frjettaþráður, sem borið geti veðurfregnirnar daglega til útlanda; og um hitt þarf jeg ekki að fjölyrða, hve afarmikla þýðingu fjettaþráður hefir fyrir Ísland; því að það hefir verið rækilega gjört á undanförnum þingum, og öllum kemur saman um, að hún myndi verða ómetanleg, ekki að eins fyrir verzlunina, heldur í stuttu máli fyrir alla menningu landsins í andlegu og efnalegu tilliti.

Það kom til mála í samgöngunefndinni, hvort því væri ekki farandi fram, að þingið hjeti vissu árlegu tillagi til þessa fyrirtækis — mikið gæti það ekki verið, vegna fátæktarinnar, en nokkrar þúsundir þó —, en samgöngunefndin komst að þeirri niðurstöðu, að þetta hefði lítið að þýða, meðan málið væri ekki lengra á veg komið, en fól mjer sem framsögum. að skýra frá því hjer í h. deild, að hún álítur sjálfsagt, að Ísland, þegar til kemur, styrki þetta fyrirtæki eptir fremstu kröptum, t. d. með því, að alþingi leggi fram nokkrar þúsundir árlega, upp í leigu af þeim höfuðstól, sem til fyrirtækisins gengur.

Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál að sinni, en óska þess, að stjórnin láti að óskum landsmanna, og taki þetta nauðsynjamál vort til röksamlegrar meðferðar; og ekki væri það nema sennilegt, að danska ríkið legði að mun fram fje til þessa fyrirtækis, — til þess að gera aðra fúsari til hluttöku í því — svo áríðandi og mikilsvert sem danska stjórnin telur það fyrir oss, að vera einn óaðskiljanlegur hluti hinnar margumræddu alríkiseiningar.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í einu hlj. og afgr. til Ed.

Tuttugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 25. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 102); 3. umr.

Einar Jónsson: Að vísu er mál þetta komið til 3. umr., en þó eru í því ýms ákvæði, sem bæði jeg og aðrir h. þingd.menn vildum að væri ákveðin skýrari. Sjerstaklega er það, hvað snertir orðin í 1. gr.: »Sömuleiðis má leggja gjald á afnot af jörðu eða jarðarhluta. Gjald má og leggja á fastar verzlanir, og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eig fast aðsetur«, því þessi orð geta orðið mjög misskilin, sjerstaklega að því er snertir kaupfjelög og pöntunarfjelög, hvort þeim beri að gjalda gjöld eptir þessum lögum, enda hefur svo mismunandi skilningur komið fram á þessum orðum, að kaupfjelag hefur leiðzt til málsóknar sökum þess. Jeg álít því nauðsynlegt, að gerð sjeu skýrari ákvæði hvað þetta snertir, svo enginn vafi sje á, en jeg hefi ekki haft ráðrúm til að koma með breyt.till. við frumv. og leyfi jeg mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd í málið.

Jón Þórarinsson: Jeg legg til, að málið sje tekið út af dagskrá, og frv. lagað með breytingartillögum.

Málið tekið út af dagskrá, að fengnu samþykki deildarinnar.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. 156); ein umræða.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfð. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 126, 145, 146, 162, 163, 170); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Svo sem h. þingd.menn sjá af nefndarálitinu hefur nefnd sú, sem skipuð var í þetta mál, stungið upp á breytingum viðvíkjandi 4 jörðum af þeim 11, sem standa í stjórnarfrumv. Hin 1. þessara jarða er Geirland í Skaptafellssýslu. Í stjórnarfrumv. er lagt til, að selja þessa jörð fyrir 3000 kr., en eptir þeim skýrslum, sem nefndin hefur haft af jörð þessari, bæði hvað landsgæði og eptirgjald snertir, þá er þetta verð allt of lágt. Jeg get sjerstaklega bent á, að ætti að selja hana fyrir 3000 kr., þá er það töluvert minna en svarar 25-földu afgjaldinu. Samt stingur nefndin ekki upp á meiru en 200 kr. hækkun á verðinu vegna þess, að jörðin er örðug, og kostnaðarsamt að nota gæði hennar. Tveir ábúendur eru á jörðunni, sem báðir hafa falað hana til kaups, en eptir því sem áður hefur verið tekið fram hjer á þinginu, má ætlast til, að eigi verði seld önnur hálflenda jarðarinnar nema hin hálflendan verði keypt um leið, svo að landssjóður eigi ekki

eptir part úr jörðinni. Næsta jörðin er Syðri-Vík í sömu sýslu. Það má segja hið sama um hana sem Geirland, að verðið í stjórnarfrumv. er of lítið í samanburði við eptirgjaldið, og því hefur nefndin lagt til, að hún verði hækkuð um 50 krónur. Þriðja jörðin er undir tölul. 7, Húsavík í Strandasýslu. Stjórnin hefur stungið upp á 1000 kr. söluverði, en nefndin leggur til, að það sje hækkað upp í 1200 krónur, og nær það þó ekki tuttugu og fimm földu afgjaldi jarðarinnar. Í þessum þremur breytingartill. hefur nefndin stungið upp á hinni minnstu hækkun, sem komið getur til mála, að selja jarðir þessar fyrir. Þar á móti miðar 4. breyt.till. að því, að lækka eina jörð. Það er sú jörð, sem talin er undir sölulið 9, Gvendareyjar í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu. (Í stjórnarfrumv. er prentvilla, »Skagastrandarhreppi« fyrir »Skógarstrandarhreppi«). Í stjórnarfrumv. er lagt til, að selja jörð þessa fyrir 3000 kr., en nefndin leggur til, að lækka hana um 300 kr. niður í 2700 kr.

Enn fremur hefur einn h. þm. komið með breyt.till., sem fer fram á að lækka hana enn þá um 200 kr. eða ofan í 2500 kr. Þess má geta, að verð það, er stjórnin stingur upp á, er samkvæmt tillögum umboðsmannsins. En breyt.till. h. þm. Snæf. (E. G.), sem er á þingskj. 170, er samkvæmt mati sýslunefndarinnar. Nefndinni fannst sanngjarnast að fara meðalveg, og sjerstaklega vill hún ekki ganga inn á breyt.till. h. þm. Snæf. (E. G.), því jörðinni fylgir æðarvarp, er gefur af sjer árlega 24 pund af dún. Að vísu er í skýrslu sýslunefndarinnar tekið fram, að jörð þessi sje nytjalítil landjörð, og að öðru leyti ervið og heyskaparlítil, og heyskapur og æðarvarp sje í annari ey talsvert frá. En jafnvel þó æðardúnn hafi fallið töluvert í verði á síðari árum, þá vill nefndin þó ekki fallast á breyt.tillöguna.

Af öðrum breyt.till., sem einstakir þingmenn hafa komið fram með, getur nefndin ekki aðhyllzt nema eina þeirra. Það er breyt.till. sú, sem er á þingskj. 145, frá h. þm. A.-Skaptf. (Jóni Jónss.), sem í rauninni er að eins viðaukatill., þótt hún sje kölluð breyt.till. við 14. lið í till. nefndarinnar: Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu. Viðaukatill. þessi fer fram á, að jörð þessi sje seld að fráskildum ítaksfjörum Bjarnarneskirkju, er leggist til Bjarnarnessprestakalls Ákvæði þetta er alveg samkv. því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, þó nefndin fyndi ekki ástæðu til að gjöra það að sinni tillögu.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till. h. þm. þá er fyrst að nefna breyt.till. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á þingskj. 162 við 1. gr. tölul. 5 í stjórnarfrumv. við jörðina Þverá í Skriðuhrepp í Eyjafjarðarsýslu. Stjórnarfrumv. fer fram á, að jörð þessa megi selja fyrir 3200 kr. Breyt.till. h. þm. Eyf. (Kl. J.) fer fram á, að jörðin sje seld fyrir 3000 kr. Nefndin getur ekki aðhyllzt þessa till., þótt hún vilji ekki gjöra það að kappsmáli. Þetta er heldur góð jörð, og vel í sveit komin, hefur all-góð tún, og þó þar sje nokkurt vetrarriki, þá er beitiland kjarngott, þegar til þess nær.

Þá er síðari breyt.till. sama h. þm. á sama þingskj. viðvíkjandi 22. lið í till. nefndarinnar um jörðina Hlaði í Eyjafjarðarsýslu. Nefndin leggur til að jörð þessi sje gerð föl fyrir 2100 kr., en í breyt.till. er stungið upp á að verðið sje fært niður í 1800 kr. Í skýrslum þeim, sem nefndin hefur fyrir sjer um jörð þessa, er lögð allmikil áherzla á, að tún jarðar þessarar liggi undir skemmdum, og hefur nefndin, ef til vill, ekki tekið nægilegt tillit til

þessa annmarka, þegar hún samdi tillögur sínar um verð jarðarinnar. Þó þykir nefndinni það heldur mikil niðurfærsla, að jörðin sje sett niður í 1800 kr., en þess má vænta, að sá h. þm., sem komið hefur fram með breyt.till., muni gefa nánari upplýsingar um, hversu mikil brögð eru að skemmdunum.

Þá er breyttill. h. þm. Húnv. (B.Sig.) við tölul. 28, jörðina Húnstaði í Húnavatnssýslu. Nefndin leggur til að jörð þessi sje seld fyrir 1800 kr., en breytt. fer fram á 1500 kr., og er þessi br.till. samkv. mati umboðsmanns. Nefndin verður að halda fast við tillögu sína, því eptirgjald jarðarinnar eins og það er ákveðið við næstu leiguliðaskipti svarar til þess söluverðs, er nefndin stingur upp á. Auk þess fylgja jörð þessari hlunnindi, nfl. laxveiði, sem í einstökum árum gefur talsvert af sjer. Nefndin hefir fengið upplýsingar um, að mesta laxveiði, sem þar hafi verið á einu ári, hafi numið 500 kr.; en jafnaðarlega er hún miklu minni. Nefndin áleit ekki rjett að meta hlunnindi þessi meira en 100 kr. að meðaltali, en þó fannst henni ekki of hátt, að virða jörð þessa á 1800 kr.

Þá er um br.till. h. þm. Snæfell. (Eir. G.) viðvíkjandi Hrútsholti í Hnappadalssýslu, sem er undir 31. tölulið í.till. nefndarinnar. Breyttill. þessi fer fram á 100 kr. lækkun frá till. nefndarinnar, úr 1350 kr í 1250 kr. Nefndin verður einnig hjer að halda sjer við sína till. því eptir lýsingu þeirri er hún hefir fengið af jörðinni er útheyskapur þar góður, afgjald af jörðinni svarar reyndar ekki til hærra söluverðs en br.till. fer fram á, en eptir skýrslum þeim, er fyrir liggja, áleit nefndin eptirgjaldið heldur lágt.

Þá er síðasta br.till. viðvíkjandi jörðinni Varmá frá h. 2. þm. Kjós- og Gullbr. (Jón Þór.), að jörð þessi sje lækkuð úr 2000 kr. í 1700 kr. — Nefndinni er ekki kunnugt, á hverju br.till. þessi er byggð, og það því síður sem hinn núverandi leigumáli svarar til hærra verðs en nefndin hefir stungið upp á.

Að vísu hefir verið skýrt því því, að jörð þessi liggi undir skemmdum af sandfoki á túnið, þó ekki hafi komið upplýsingar um, að það sje svo hættulegt, að ekki sje hægt að fyrirbyggja það. Þegar nefndin samdi tillögur sínar um þessa jörð, hafði hún fyrir augum, að í ráði er að koma þar upp sjerstöku nytsemdarfyrirtæki, þar sem ætlazt er til, að þar verði komið á stofn tóvinnuvjelum, en nefndinni virtist samt sem áður ekki eiga við, að selja jörðina lægra verði en sanngjarnt er. Að því leyti sem þingið vill hlynna að áðurnefndu fyrirtæki, finnst nefndinni það betur við eiga, að það sje gert á annan hátt, t. d. með sjerstakri fjárveitingu, eptirgjöf á vöxtum af láni eða hentugum borgunarskilmálum.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg hefi komið með breyt. eða viðaukatill. á þskj. 145 við 1. gr. 14. tölul., sem snertir jörð í mínu kjördæmi, og þar sem jeg heyri, að nefndin er fús á að fallast á tillöguna, þá vona jeg, að h. deild verði eins fús á, að samþykkja hana, til þess að taka af allan vafa, og fyrirbyggja þrætur og málaferli á landssjóðs kostnað, sem annars kynnu að rísa af þessu lítilræði, sem hjer er um að tala. Þessar ítaksfjörur hafa fylgt Bjarnarnessprestakalli um mjög langan tíma, en nú hefir landshöfðingi álitið, að landssjóður ætti tilkall til þeirra, þar sem kirkjan er landssjóðskirkja. Í brauðamatinu 1854 eru tekjur af þessum rekum taldar 2 ríkisdalir á ári, en nú vill ábúandinn á Horni gefa fyrir fjörurnar 150 kr., sem samsvarar 6 kr. árlegu afgjaldi, og er það

eðlileg hækkun samkvæmt gangverði peninga þá og nú. Munar landssjóð ekki um svo lítið, en sanngirni mælir með því, að landssjóður sleppi öllu þessu tilkalli, þar sem ítök þessi hafa fylgt prestakallinu svo lengi og landssjóður getur aldrei fengið fullar heimildir á þessum fjörum nema ef til vill með málssókn, en þingdeildin hefir áður sýnt, að hún er ekki mikið gefin fyrir að styðja málaferli með gjafsóknum, enda hljóðar svo máltækið, að betra sje mögur sætt en feit málssókn, og vona jeg því, að hún taki nú af allan vafa, án þess kostnað leiði af, því það er líka nauðsynlegt að skera úr því, hvað á að fylgja jörðinni eða ekki, um leið og hún er seld.

Klemens Jónsson: Jeg geng út frá því sem gefnu, að þegar þingið vill selja jarðir, þá sje það gjört í þeirri meiningu, að hlynna að því, að ábúendurnir sjálfir geti orðið jarðeigendur og geti verið sjálfstæðir í því, að gjöra endurbætur á ábýlisjörðum sínum. En sje þetta rjett, þá ætti að selja jarðirnar með sanngjörnu verði þannig, að landssjóður fái hæfilegt verð fyrir sínar jarðir, en heldur eigi meir. En nú vill það ætíð svo til, þegar um þjóðjarðasölu er að ræða í þinginu, að þá koma þingmenn ætíð með breyttill. við uppástungur nefndarinnar, og þær fara vanalega í þá átt, að færa verðið niður, og virðist þetta óneitanlega vera nokkuð undarlegt.

Það hefir einatt verið tekið fram, að mat umboðsmanna á landssjóðsjörðum sje opt töluvert hátt, enda er það skiljanlegt, því umboðsmanni er hagur í því að jörðinni sje haldið í svo háu verði, að hún seljist ekki. Aptur á móti er mat sýslunefnda vanalega miklu lægra, og verður þó ekki sjeð, hver ástæða sje til þess, að nefnd, sem skipuð er 9—11 mönnum sínum úr hverjum hrepp, verði samhuga um að hlynna að hag eins manns, hins tilvonandi kaupanda, og verð jeg því að álíta, þegar á þetta tvennt er litið, að umboðsmaður hefir hag af því, að jarðirnar seljist ekki, en sýslunefndirnar hins vegar hafa engan hag af að setja verðið of lágt, að mat sýslunefndanna sje jafnaðarlega miklu rjettara en hjá umboðsmanni, og þá þykir mjer undarlegt, að nefndin hjer á þinginu skuli ætíð heldur fylgja mati umboðsmanna en sýslunefndanna.

Enn sem fyrri hafa komið margar breyttill. við till. nefndarinnar; allar fara fram á að lækka verðið, og þar á meðal hefi jeg leyft mjer að koma með breyttill. við 2 jarðir í Eyjafirði. H. framsögum. (Ól. Br.) játaði, að samkomulag gæti orðið með aðra þeirra, við 3. umr., og jeg vona, að ef breyttill. á þskj. 162 verða felldar, þá muni fást miðlunarvegur við 3. umr.

Hvað snertir jörðina Þverá í Skriðuhreppi, þá gat framsögum. þess, að það væri góð jörð. En þar er erfitt með útheyskap, hann er langt upp í fjalli og mjög örðugt að ná honum heim.

Hin jörðin er Hlaðir. Umboðsmaður stingur upp á að hún sje seld fyrir 2210 kr., sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu, 1700 kr., nefndin í þessu máli 2100 kr. og jeg 1800 kr. Jeg er ekki því svo persónulega kunnur, að jeg viti hvað skemmdir þær eru miklar, sem jörðin hefir orðið fyrir, og jeg man ekki álit sýslunefndarinnar nákvæmlega.

Annars er það óheppilegt, að allar þær skýrslur, sem þarf til að kynna sjer þetta mál, skuli ekki látnar liggja frammi þingmönnum til sýnis, þar sem skýrt sje nákvæmlega frá upphæð á landskuld og leigum, lýsing á kostum og löstum, hlunnindum og ágangi, landstærð og landamerkjum, ásamt áliti umboðsmanns og sýslunefndar hvers

jörðin sje verð. Jeg man því ekki eptir svo langan tíma síðan sýslufundur var haldinn nákvæmlega álit sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu að öllu leyti, en það man jeg, að það var eindregið álit hennar, að það væri ljeleg og rýr jörð, og væri stöðugt fyrir skemmdum af Hörgá, og það var enda ekki laust við, að sýslunefndina furðaði á, að ábúandinn vildi kaupa hana.

Jeg þykist því viss, að nefndin muni aðhyllast tillögu mína, er hún hefi nákvæmar íhugað skýrslur sýslunefndarinnar, og vænti jeg því sjerstaklega, að breyt.till. á þingskj. 162 verði samþykkt.

Björn Sigfússon: Eins og sjest á þingskjali 146 hefi jeg leyft mjer að koma fram með breytingartill. við verð á að eins einni jörð, Húnstöðum í Húnavatnssýslu, því jeg hefi ekki getað orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum um verð hennar. Eins og h. framsögum. (Ól. Br.) hefir skýrt frá, hefir umboðsmaður matið jörðina á 1500 kr., en sýslunefndin á 1300 kr. Að því er snertir leigumálann, er það að athuga, að hann er ekki alls kostar rjett settur í skýrslunni, sem legið hefir á lestrarsalnum. Þar er sagt, að hann sje 72 kr., en þetta er það, sem hann á að verða við næstu ábúandaskipti eptir mati amtsráðs. Eptir núverandi leigumála — sem er 100 meðalálnir, — rentar jörðin sig fyrir rúmar 1300 kr., en það er satt, að eptir hinum fyrirhugaða leigumála á jörðin að renta sig fyrir 1800 kr., og á því hefir nefndin byggt verð sitt. Jeg hefi töluverðan kunnugleika á þessari jörð. Hún er landrýr og kostalítil. Aðalhlunnindin er laxveiði. Dýrleiki hennar er 10,2 og yrði því 180 kr. hundraðið, eptir tillögu nefndarinnar, og það sýnist mjer allt of hátt verð.

H. framsögum. (Ól. Br.) gat þess, að nefndin hefði fengið upplýsingar um, að laxveiði hefði eitt ár numið þar 500 kr., en þess ber vel að gæta, að þetta voru brúttótekjur af veiðinni, en frá þeim dregst töluverður kostnaður, sem gekk til að reka hana. Það er líka athugavert, að þá var afbragðs veiðiár, eitt hið bezta, sem menn muna. Í flestum árum er laxveiði þar margfalt minni og stundum alls engin. Það kemur þar fyrir — eins og annarstaðar í því hjeraði — að laxveiði bregzt þar alveg 2—3 ár í einu. Jeg hefi í breyt.till. minni bundið mig við mat umboðsmannsins, bæði af því, að mjer er það kunnugt, að hann er nauða-kunnugur jörðinni og lýsir henni rjett í álitsskjali sínu, og af því að mjer er það kunnugt, að hann er mjög samvizkusamur með mat á jörðum landssjóðs, og vill á allan hátt gæta hagsmuna hans við sölu þjóðjarða.

Hans álit er nú þetta, að rjett sje að selja jörðina fyrir 1500 kr., og hefi jeg því leyft mjer að leggja það til, að 1800 kr. hjá nefndinni verði færðar niður í þessa upphæð.

Jón Þórarinsson: Jeg hef líka leyft mjer að koma fram með eina breyt.till. á þingskjali 163. H. framsögum. (Ól. Br.) tók það fram, að hann vissi ekki á hverju þessi breyt.till. væri byggð, en litlu síðar nefndi hann þó þá ástæðu, sem ein ætti að vera nóg til að selja jörðina með vægu verði. Jeg skal játa, það, að það verð, 2000 kr., sem nefndin hefir stungið upp á, er vægt í samanburði við leigumálann á jörðinni, en það er athugandi, að hann er óvenjulega hár, enda getur hann orðið lægri hve nær sem vill. Jörðin liggur undir skemmdum af mel, sem er nálægt túninu, en sem auðvitað má fyrirbyggja með miklum kostnaði. Það eru ekki mörg ár síðan, að túnið skemmdist svo mjög af þessum orsökum, að jörðin

varð nær því óbyggileg um nokkur ár, og þá leigð alveg eptirgjaldslaust.

En það, sem sjer í lagi mælir með því, að jörð þessi sje vægilega seld, er það, að eins og menn vita, á að koma þar á fót nytsamri stofnun, stofnun, sem horfir til framfara fyrir landið. Mjer finnst, að þeir, sem brjóta ísinn með slík fyrirtæki, sjeu alls góðs maklegir af þingi og þjóð. Jeg lagði til grundvallar fyrir uppástungu minni um að færa söluverð jarðarinnar »Varmá« úr 2000 kr. niður í 1700 kr., að hvert jarðarhundrað væri selt á 100 krónur. Þingið má með engu móti nota sjer það, að maður sá, er hjer á hlut að máli, er úr þessu neyddur til að kaupa jörðina, þó hið hærra verð verði samþykkt. Það er auðvitað, að þingið getur viðurkennt framtakssemi þessa manns á annan hátt, en þetta, sem jeg hjer fer fram á, er eini vegurinn til þess.

Eiríkur Gíslason: Í breyt.till. þeirri, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með á þingskjali 170, hefi jeg farið fram á, að fært verði niður söluverð tveggja jarða í Snæfellsnessýslu.

H. framsögum. (Ól. Br.) tók það fram viðvíkjandi annari jörðinni, Gvendareyjum, að nefndin sæi sjer ekki fært að leggja það til, að verðið yrði fært meira niður, af því að hún hefði svo mikil hlunnindi af dún, er næmi allt að 100 kr. á ári. Jeg er kunnugur þessari jörð, og skal játa með nefndinni, að jörðin hefir talsverð hlunnindi af dúntekju, sem óhætt mun mega telja 20—26 pund á ári. Enn fremur má telja jörðinni það til gildis, að þar er nokkur hrognkelsaveiði og aðdrættir eru hægir.

En á móti þessum kostum verð jeg hins vegar að taka það fram, að jörðin er sem landjörð fremur kosta-lítil. Undir jörðina heyra 5—6 eyjar, allar smáar, nema ein er nokkuð stór. Af heimaeynni fæst vanalega 1—1½ kýrfóður af töðu, og með því að nýta vel hinar eyjarnar fæst vanalega annað eins af útheyi af þeim öllum til samans. Enn fremur má telja þann ókost við þessa jörð, að fjárgeymsla er þar mjög örðug, vegna þess, að mjög er flæðihætt á eyjunum. Svo verður og að koma burtu á sumrum öllum skepnum nema kúm, svo að fuglinn styggist ekki, og hefir það all-mikinn kostnað í för með sjer. Þá er það enn galli á jörðinni, að þar vantar bæði mótekju og torfristu. Það má og telja mikinn ókost við jörð þessa, að þar er, eins og víða á eyjum á Breiðafirði, miklu meiri bráðapest á sauðfje heldur en annarsstaðar á landi hjer.

Jeg álít því, að þó jörðin hafi þessi hlunnindi, sem jeg tók fram: dúntekju, hrognkelsaveiði og hæga aðdrætti, þá getur hún þó ekki talizt sem meðaljörð, er engin hlunnindi hefði. Jörð þessi hefir að undanförnu um síðustu 5 ára tímabil verið leigð með 83 króna 25 aura eptirgjaldi. Ábúandinn, sem nú er á jörðinni, mesti dugnaðar- og framkvæmdarmaður, flutti á hana árið 1887. Þá var dúnn í allt að helmingi hærra verði en nú er. Áður hafði jörð þessi um langa hríð verið setin af sama ábúanda. Enda þó að dúnn væri í háu verði, þegar jörðin var byggð 1887, áleit þáverandi umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs eigi rjett og sanngjarnt, að ákveða landsskuldina hærra en 105 meðalálnir. En ef ætti að leigja jörðina nú, þá hygg jeg, ef miða ætti við núverandi verð á dún, að hún yrði ekki leigð með jafnháum leigumála og nú. Jeg fer fram á í breytingartill. minni, að jörð þessi verði seld fyrir það verð, sem sýslunefndin stingur upp á, eða 2500 kr.

Vextir af þessari upphæð eru þó allt

að 17 krónum hærri en það eptirgjald, sem nú fæst af jörðinni, svo mjer finnst öll sanngirni mæla með því, að verðið verði ekki sett hærra en jeg hefi stungið upp á.

Að því er snertir hina jörðina, Hrútsholt, sem h. framsögum. (Ól. Br.) taldi meðaljörð, skal jeg geta þess, að hún er mjög lítil, land þröngt og óhagfelt til beitar. Túnið er þýft og uppblásið af veðrum, enda gefur það ekki meira af sjer en 1 til 1½ kýrfóður. Engjar eru þar talsvert grasgefnar, en ákaflega blautar, svo að varla er hægt að að vinna á þeim í rigningatíð. Að þurka þær upp svo vel væri, hlyti að verða mjög kostnaðarsamt. Jörðina vantar alveg torfristu. Eptirgjald eptir þessa jörð hefir verið um 5 síðustu árin 48 kr. 96 aur., og jeg fer fram á, að verðið verði fært niður úr 1350 kr., sem nefndin stingur upp á, í 1250 kr., þ. e. að verðið verði lækkað um 100 kr. Þegar þetta verð er borið saman við leigumála þann, sem nú er á jörðinni og litið er til nytja hennar, þá finnst mjer skaðlaust fyrir landssjóð að selja hana fyrir það.

Eptir þeim upplýsingum, er jeg hefi gefið um kosti og galla þeirra jarða, er hjer ræðir um, vona jeg, að h. nefnd og þingdeildin finni ástæðu til, að aðhyllast breyt.till. þá, er eg hefi álitið rjett að koma fram með.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við þjóðjarðasölumálið í í heild sinni með tilliti til fyrirmæla auglýsingarinnar frá 17. nóv. 1879 eða framkvæmda umboðsmanna og sýslunefnda í slíkum málum.

Nefndin hefir orðið þess vör af skjölum þeim, er hún hefir átt að byggja á mat sitt á jörðum þeim, sem falaðar hafa verið til kaups, að lýsingarnar á jörðunum hafa ekki verið eins fullkomnar og æskilegt hefði verið. Það er erfitt að átta sig á þessum lýsingum, þegar þær eru ekki fullkomnari en þetta. Í lýsingum umboðsmanna þarf nauðsynlega að taka fram, hver leigumáli sje á jörðunum og hver hann eigi að verða, ef breyting á að verða á honum við ábúendaskipti. Sömuleiðis væri það heppilegt, að umboðsmaður reiknaði út afgjaldið eptir meðaltali 5 ára, og ef hann metur jörðina minna en svarar því meðaltali 25földuðu, þá að gera grein fyrir, hvers vegna hann gjöri það. Sömuleiðis ætti að koma fram álit umboðsmanna um það, hvort leigumáli á jörð sje of hár, hæfilegur eða of lágur. Þá verður að ganga út frá því, að umboðsmaður tilgreini nákvæmlega afurðir jarða, landsstærð og jafnvel landshætti.

Sýslunefndir láta opt í ljósi, að þær sjeu óánægðar með mat umboðsmanna, en þær eru kannske líka opt óánægðar með lýsingar þeirra á jörðunum, en þá er líka nauðsynlegt að þær geri grein fyrir, hvað þeim finnist athugavert við lýsingarnar og segi, hvers vegna þær sjeu óánægðar með mat umboðsmanna, og ef þær setja það niður, þá að skýra frá því, hvers vegna þær gjöri það. Yfir höfuð ættu þessi stjórnarvöld að búa allt sem greinilegast og bezt í hendurnar á þinginu, því þegar þangað er komið, hafa menn ekki annað en skýrslurnar að fara eptir.

Þetta eru almennar athugasemdir, hlutaðeigendum til athugunar síðar meir.

H. framsögum. nefndarinnar mun svara athugasemdum þeim, sem gerðar hafa verið við einstaka liði frumv. og tillögu nefndarinnar. Jeg skal að eins taka það fram, að jeg er ekki mótfallinn tillögu h. þm. Húnv. (B. Sigf.) um að færa söluverð jarðarinnar Húnstaðir niður úr 1800 kr. í 1500 kr., því það

mun óhætt mega byggja á því, að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi metið jörðina sanngjarnlega. Hann er talinn svo glöggur og áreiðanlegur, að það má treysta því, að hann hafi ekki metið jörðina of lágt, enda mun það rjett, sem frá hefir verið skýrt, að þessi umboðsmaður sje því heldur mótfallinn, að landssjóður selji hinar betri jarðir sínar.

Að því er snertir viðaukatillögu þá, sem snertir jörðina Horn í Nesjum og Bjarnarneskirkju, þá er jeg sjerstaklega kunnugur því máli og hika ekki við að geta tillögunni mitt atkvæði, því mjer finnst hinn núverandi prestur í Bjarnarnesi hafi orðið nokkuð hart úti með tekjur sínar síðan hann kom að brauðinu.

Þorlákur Guðmundsson: Það mun hafa verið h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem fann að því, að þjóðjarðasölunefndin hefði ekki lagt fram á lestrarsalinn skjöl þau, er hún hafði með höndum. Jeg skal sem formaður nefndarinnar lýsa því yfir, að nefndinni þótti varhugavert að leggja öll þessi skjöl, smá og stór, fram á lestrarsalinn. Það hefir komið fyrir, að skjöl hafi glatazt þar frammi, og sama getur auðveldlega komið fyrir enn. Á hinn bóginn skal jeg játa, að það hefir mikla þýðingu, að þingmenn yfir höfuð geti kynnt sjer þessi skjöl eins og önnur skjöl, er snerta þau málefni, sem um er verið að ræða, og jeg get lýst því yfir, að nefndin er fús á að ljá mönnum þau skjöl, er snerta einstakar jarðir, hvort heldur væri í þeirra kjördæmum eða annarsstaðar, er þeir óska eptir viðvíkjandi þjóðjarðasölunni.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi leyfa mjer að segja fáein orð viðvíkjandi 3. lið nefndarálitsins, þótt jeg reyndar búist ekki við miklum árangri af orðum mínum eða að nefndin fallist á það sem jeg hef að segja, með því líka að mig vantar nægileg skjöl og skilríki til sönnunar mínu máli.

Það er viðvíkjandi jörðinni Húsavík í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

Mat hreppstjórans á jörð þessari er 900 kr., mat sýslunefndarinnar 1000 kr., en nefndin hefir metið hana 1200 kr. Jeg verð að álíta, að 1000 kr. sje hæfileg borgun fyrir jörðina. Hún hefir reyndar dálitlar slægjur, en er fjarska-landlítil, svo að nálega alla beit árið um í kring og upprekstrarland fyrir fjallafje verður að kaupa frá öðrum jörðum, eða í stuttu máli, alla beit bæði vetur og sumar verður að kaupa hjá öðrum. Slægjur eru fremur hægar, en þýðar og grasslæmar, og heyin því ákaflega óholl og fremur mikilgæf, og sem vott þess má nefna, að þetta er ein af þeim fáu jörðum í Strandasýslu, þar sem bráðasótt og lungnaveiki í sauðfje gerir hjer um bil undantekningarlaust vart við sig á hverjum vetri meira og minna. Túnið er allgott, sem er mest því að þakka, að ábúandinn, sem nú er þar, hefir hirt svo vel um það og enda bætt að mun. Jörðinni fylgja alls engin hlunnindi og mótak verður að kaupa að. Jeg verð því að ráða til að setja eigi jörð þessa meira en 1000 kr., með því líka að jeg veit, að ábúandinn gengur ekki að meiru.

Enn fremur er það aðgætandi, að afgjaldið af jörðinni er nú sem stendur lágt, en hækkar við næstu ábúendaskipti svo, að eptir því gæti jörðin vel metizt á 1200 kr., en sá bóndi, sem er þar nú, er ekki nema miðaldra maður og getur því búið þar mörg ár enn, við þann lága leigumála, sem ekki svarar til nálægt því 1000 kr. verði, og er því takandi mikið tillit til þess, og sömuleiðis þess, að þessi ákveðni leigumáli eptir næstu ábúandaskipti, mun, að miklu leyti, vera miðaður við

það ástand, sem jörðin er nú í, og sem er fyrir þrif og endurbætur ábúandans, miklu betra en það áður var; en úr því þingið lætur falar jarðir landssjóðs, sem jeg fyrir mitt leyti álít óráðlegt, að haldið sje áfram með lengur, þá álít jeg, að þingið eigi ekki að selja ábúendum þjóðjarða annað en það, sem landssjóður á, en ekki ábúendanna eigin verk, sem landssjóður hefir í engu endurgoldið og á því ekki í raun rjettri. Þingið á líka annaðhvort að láta þjóðjarðir alls ekki falar, eða þá að selja þær með sanngjörnu verði, sem ábúendurnir geta gengið að; sje verðið svo hátt, að ábúendurnir gangi ekki að því, þá er meiningarlaust fyrir þingið að vera að eyða tíma og fje í slíka lagasmíð.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg greiði atkvæði móti breyt.till. nefndarinnar, en með tillögu stjórnarinnar um að jörðin verði seld fyrir 1000 kr.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr. 1. lið samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 2. lið samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 3. lið samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 4. lið samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 5. lið. felld með 13 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónss., þm. A.-S.
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valt. Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Þórður Guðmundss.	Sighv. Árnason,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

1. gr. 5. lið. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 1. gr. 6. lið. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 7. lið felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-S.	Guðjón Guðlaugss.,
Ólafur Briem,	Halldór Daníelss.,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Tr. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Valtýr Guðmundss.	Pjetur Jónsson,
Þórð. Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þórh. Bjarnarson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundss.	Þ. Guðmundsson.

1. gr. 7. liður. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 1. gr. 8. liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 9. lið á þingskj. 170 felld með 14 atkv. gegn 5; breyt.till. við 1. gr. 9. lið frá nefnd. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 1. gr. 10. liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; 1. gr. 11. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 12. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 13. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. 14. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 1. gr. 14. lið á þingskj. 145 samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. 15. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. 16. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. 17. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 18. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 19. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 20. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 21. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 22. lið felld með 12 atkv. gegn 9; 1. gr. 22. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.; 1. gr. 23. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. 24. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 25. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 26. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 27. liður

samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 28. lið felld með 14 atkv. gegn 8; 1. gr. 28. liður samþ. með 18 samhlj. atkv.; 1. gr. 29. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 30. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 1. gr. 31. lið felld með 11 atkv. gegn 9; 1. gr. 31. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.; 1. gr. 32. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 33. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. 34. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 18 atkv. gegn 1; 2. gr. frumv. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 163 felld með 16 atkv. gegn 6; breyt.till. 6 á þingskj. 126 samþ. með 19 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. sem nú verður 5. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.; fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 125); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Af því að mjer virðist frumv. þetta svo risavaxið og gjöra svo miklar kröfur til landssjóðsins, þá verð jeg að fara um það fáum orðum.

Það vakti fyrir mörgum hjer á þinginu í fyrra í járnbrautarmálinu sæla, að eigi væri gjörlegt að afgera svo stórvægilegt mál án þess leitað væri fyrst um það samþykkis þjóðarinnar. H. þm. Vestm. (V. G.) tók það nú fram við 1. umr. máls þessa, að þessi kaup á eimskipi væru byggð á vilja og kröfum þjóðarinnar; en má jeg spyrja, hvar stendur það skrifað? Jeg veit það vel að það hefir verið tekið fram bæði á þingmálafundum víðsvegar um land og á Þingvallafundinum, sem haldinn var í vor, að æskilegt væri að styðja að samgöngum af fremsta megni, en þar var sjerstaklega átt við að beina gufuskipaferðunum milli Bretlands og Íslands og hjer með ströndum fram, en ekki annað og ekki í aðra stefnu eða byggja á öðrum grundvelli en verið hefir. Jeg verð að álíta að kaup á eimskipi fyrir hjer um bil ½ miljón krónur, með öllu og öllu, sje alveg óundirbúið mál. Það vantar líka gjörsamlega alla reynslu fyrir því, hve mikill eða lítill ávinningur fyrir landið slíkt fyrirtæki yrði. Jeg álít að byrja mætti, að minnsta kosti fyrst um sinn, með því að leigja skip. Það er varhugavert að stökkva langt til á valtan stein í vatni, en betra að leggja steinana smátt og smátt fyrir fætur sjer, til að komast yfir. Ef þingið vildi aðhyllast þessa tillögu mína um að leigja skip til tveggja eða þriggja ára, þá fengist reynsla fyrir tilkostnaðinum, inntekt o. fl., en annars renna menn blint í sjóinn með það. Samgöngunefndin hefir heldur ekki lagt fram neinar skýrslur eða áætlanir, svo að málið getur engan veginn talizt vel undirbúið frá nefndarinnar hálfu, og því síður frá landsmanna hálfu.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði nýlega, ef mig minnir rjett, annaðhvort utanþings eða innan, að þetta væri í raun inni síðasta úrræðið í samgöngumálum vorum. En því þá að koma með þetta? Er þá í öll skjól fokið? Höfum við ekki það eptir, að leigja skip eða að ná samningum við erlend gufuskipafjelög? Ef h. flutningsm. er viss um að í öll önnur skjól sje fokið, þá vildi jeg biðja hann að láta það í ljósi.

Eins og það er óheppilegt að vera á eptir tímanum í verulegum framförum, eins getur það verið óheppilegt að vera á undan tímanum. Og þetta frv. er einmitt á undan tímanum. Þjóðin hefir alls ekki hreift þessu máli nema ef

vera skyldi á einum þingmálafundi. Jeg álít það miklu heppilegra, að ráðast í að leigja skip, þótt það mál sje heldur ekki undirbúið; en því fylgir þó minni hætta, þótt eitthvað beri út af. Væri það nú satt og rjett, sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að þetta væri vilji þjóðarinnar, þá vantar þó frá þjóðarinnar háltu að vísa á það fje, sem til þess þarf að kaupa eimskip; jeg veit ekki til að hún hafi vísað á viðlagasjóðinn; kannske henni hafi gleymzt að geta þess; eða kannske hún sje fús á að leggja á sig skatt sem svari ½ miljón? Henni hefir máske gleymzt það líka að geta þess; jeg held samt að það sje vissara að bíða næsta þings, svo að menn fái tækifæri til að spyrja þjóðina að þessu, því að jeg held að henni hafi ekki gleymzt þetta, heldur hafi það aldrei verið meining hennar.

Fari nú svo, að þingið rjeði það af, að kaupa eða leigja eimskip, þá má búast við töluverðri samkeppni, þar sem ný gufuskip eru nú að þjóta upp bæði á Austur- og Vesturlandi, og sömuleiðis mætti búast við að gufuskipafjel. danska hjeldi áfram að senda hingað skip sín, og þá gæti svo farið, að ávinningurinn af þessu fyrirtæki yrði minni en menn halda. Þess ber og að gæta, að þegar svona er djúpt tekið í árinni með fje úr landssjóði, að þá sje jeg ekki, hvar taka ætti fje til að efla og styðja atvinnuvegi landsins, en ef ekki er veitt fje til þeirra, þá er engra framfara að vænta, og gæti jafnvel svo farið, að þegar þjóðin sæi að þingið ekki vildi styrkja atvinnuvegi landsins, þá dofnaði áhugi hennar á þeim, og þeir færu rýrnandi, en þar með minnkaði víst líka það sem eimskipið hefði að flytja.

Jeg er því þessvegna meðmæltur að leigja skip í 2—3 ár, heldur en að kaupa það, og fá reynslu í þessu efni, og sjá svo hvað gjöra ætti. Enn þá höfum vjer enga reynslu í þessu og engan þjóðvilja, og málið er að öllu leyti lítt undirbúið.

Jeg álít það heppilegast að meðhöndla þetta frv. eins og hvort annað frumv. hjer á þingi, nfl. að sett væri nefnd í þetta mál til að athuga það betur, en vil þó ekki stinga upp á því á þessu stigi málsins, þar eð ýmsir h. þm. hafa beðið um orðið.

Jeg skal svo að eins geta þess, að því er snertir samkeppnina, sem verða mundi, við landsskipið, að jeg ímynda mjer, að gufuskipafjelagið danska mundi eigi hika sjer við að halda áfram að senda skip hingað til landsins, og jeg minnist einmitt nú orða, sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði hjer um daginn, að það fjelag væri jafnvel ofjarl dönsku stjórnarinnar; hvað mundi það þá ekki verða okkur? Og þá gæti svo farið að ver væri farið en heima setið með eimskipskaupin.

Að endingu skal jeg lýsa yfir því, að verði ekki sett nefnd í þetta mál nú, þá greiði jeg atkvæði á móti því.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsm. (V. G.) byrjaði framsögu sína við 1. umr. með því að minnast á «stóra málið» í fyrra, og má þar um segja, að það átti vel við, því að hjer er um stórt mál að ræða, sjálfsagt langstærsta mál, sem komið hefir fyrir hjer með tilliti til fjárspursmálsins, þar sem hjer er gjört ráð fyrir að verja 350,000 kr. til að kaupa skip fyrir, auk útgjaldanna á hverju ári til útgjörðar skipsins. H. framsögum. (V. G.) rökstuddi þetta að nokkru leyti með mikið ljósum orðum að vísu, og á endanum sýndi hann áætlun um útgjöld og tekjur, viðkomustaði, endastöðvar o. s. frv. En jeg segi fyrir mig, að þó jeg fái svona lagaðar upplýsingar í ræðum, fullnægja þær mjer alls ekki, og það þótt ljósar

sjeu; þær eiga og þurfa að koma í nefndaráliti, og fylgja frv. Hjer, í þessu stóra máli hefir maður frv. og ekkert annað, engar ástæður, ekkert álitsskjal. Þó að þetta frv. sje komið frá 5 manna nefnd, samgöngumálanefndinni, og þannig frá fyrstu hendi, þá sýnist mjer, að það þurfi ekki að vera því til fyrirstöðu, að nefnd verði sett í það á ný, því það er opt, að stórmál koma frá 5—7 mönnum, og hefir þó þótt ástæða til að setja nefnd í þau. Sem sagt, hjer er um stórmál að ræða, ekki að eins hvað peningalegu hliðina snertir, heldur líka að því er til þjóðarinnar tekur; þjóðin er óánægð með skipaferðirnar, og sjerstaklega með gufuskipafjelagið danska; það hefir komið fram svo þráfaldlega, bæði í blöðunum og á þingmálafundum um allt land, það er því skylda þingsins að ráða fram úr þessu, og það sem bráðlegast; það mun sannast, að það verður vinsælt, þó að það kosti nokkuð. Jeg skal játa, að hjer er úr vöndu að ráða, en því meir þurfti nefndin að vanda það sem hún kom fram með. Jeg hefi heyrt það úr nefndinni, að þetta væri síðasta úrræðið, og þetta hafa margir fallizt á; það er nú svo; en hitt er víst, að þetta er nokkuð mikil nýjung og stórræði.

En min meining er, að það verði hyggilegra, eins og h. þm. Rangæinga (S. Á.) tók fram, að leigja skip en kaupa; ef engin tilboð fást, þá mundi jeg fyrir mitt leyti verða með því, að leigja skip næsta fjárhagstímabil og fá reynslu með því; útgerðin verður líklega ekki dýrari, en við það sparast renta af kapítalinu, um fjárhagstímabilið einar 28000 kr., og við það fæst þó nokkur reynsla, og ef skipið er ekki keypt fyr en eptir tvö ár, þá verður það yngra en ef það er keypt nú, og þannig mundum við að mun bæta við reynsluna á þennan hátt, og líka við það sem skipið yrði nýrra eptir 2 ár.

En hvernig sem á þetta er litið, verða þó allir að játa, að þetta er mikið vanda- og nauðsynjamál. Þótt nú alþ. samþykki þetta frv., þá er min meining sú, að það sje ekki nógu vel úr garði gjört; jeg get nú að vísu á lítið bent í því tilliti, en þó skal jeg ennfremur benda á dálítið fleira. Í 7. gr. frv. stendur, að farstjóri ákveður verð á vistum o. s. frv.; hjer er ekki vel ljóst, hvort þessar vistir eiga að seljast fyrir landssjóð, eða á að leigja starfann einhverjum, sem selur á eigin reikning, og farstjóri hafi svo hönd í bagga með. Mjer er þetta, sem sagt, ekki nærri vel ljóst, eptir frv., og vonast til að h. framsögum. (V. G.) skýri það seinna meir. Það er ennfremur gert ráð fyrir, að gæzlustjórarnir, sem líklega eiga að vera einskonar ráðanautar farstjórans, eigi að fá 600 kr. í laun; þetta þyrftu að vera ekki einungis vandaðir menn, heldur líka verzlunarfróðir, og hafa fjölhæfa þekkingu á gufuskipum, og í raun og veru ættu þeir ekki að þurfa að minnsta kosti fyrst um sinn að halda sjer uppi á ýmislegum störfum; þeir gætu jafnvel, eptir því sem jeg skil frumv., borið farstjórann ofurliði, og þyrftu þess vegna að vera eitthvað meir en óvaldir menn,— en hvar hugsar nefndin sjer hjer að fá slíka fargæzlumenn fyrir einar 600 kr.? Þetta held jeg að sje talsvert þýðingarmikið atriði í málinu, ef að þessir menn væru endilega nauðsynlegir.

Fyrir utan föst laun á farstjórinn að hafa 4% — líklega af brúttótekjum skipsins; þetta þyki mjer nokkuð í skyggilegt, of rúmt orðað; það ætti heldur að vera af nettótekjum. Mjer sýndist langtum nær, að hafa föstu

launin hærri, heldur en launa honum á þennan hátt.

Meðal tekjugreina taldi h. framsögumaður (V. G.) fjárflutninga að hausti. En eptir því sem frv. gerir ráð fyrir um stærð skipsins, þá á það að taka um 100 farþega, svo að stóra fjárfarma getur það ekki tekið, en að breyta því, mun verða í meira lagi óþægilegt; auðvitað gerir þetta ekki mikið til, því að tekjur þess af fjárflutningum yrðu aldrei miklar, enda ætti skipið á þeim tíma að hafa nóg annað að starfa.

Jeg er á sömu skoðun og h. þm. Rangæinga (S. Á.) að það sje svo margt athugavert við þetta frv., að annaðhvort væri að setja í það sjerstaka nefnd, eða að samgöngumálanefndin taki það aptur og komi fram með álitsskjal og ástæður, og verði svo umræðunum frestað.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): H. þm. Rangæinga (S. Á.) sagði á þá leið, að þetta frv. væri ekki alls kostar byggt á vilja þjóðarinnar, og spurði hvar það stæði skrifað. Jeg taldi það við 1. umr., hvað komið hefði fram á þingmálafundum um samgöngur, að allir þingmálafundir hefðu einum rómi krafizt að þingið bætti þær, að það gerði sitt ýtrasta til þess, gerði það sem í þess valdi stæði til þess að greiða þær; slík og því um lík ummæli standa í blöðunum og þingmálafundargjörðum frá öllum kjördæmum landsins; það eru viðhöfð hin mestu sterkyrði, lagt sem ríkast á við þingið, að það geri eitthvað verulegt í þessu máli. En h. þm. (S. Á.) kann að segja: Það veit jeg vel, að það er þjóðarvilji að fá sem mestar og beztar samgöngur, en þar fyrir er alveg óvíst að hún vilji leggja út í þetta. En hvernig ættu þingmálafundir að geta sagt við þingið: Gerðu svona og svona, þeir vita ekki um hvaða tilboð þinginu kunna að berast, þeir verða að leggja það þinginu í vald, hverja aðferð það hefir, en eitt er víst, að það er almannavilji að við gerum hvað við getum. Nú, en þar að auki er einmitt í sumum þingmálafundargjörðum beinlínis skorað á þingið að kaupa skip, að fara einmitt þá leiðina, sem hjer er stungið upp á, og í blöðunum hafa komið fram margar raddir í sömu átt; maður hefir þannig einmitt skýra yfirlýsing margra landsmanna um, að þetta sje vilji þeirra.

H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók það enn fremur fram, að oss vantaði reynslu til þess að geta lagt út í svona stórt fyrirtæki. Náttúrlega, hvernig ættum við að hafa reynslu fyrir því, sem við höfum aldrei reynt! Reynslan getur ekki komið fyr en við höfum keypt skipið.

Hann vill leigja skip, og fá með því reynslu. Þetta var vel íhugað í nefndinni, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að á því væru margir annmarkar. Fyrst það, að það er mjög hætt við, að ómögulegt sje að fá skip á leigu, er samsvari þörfum okkar; það er mjög hægt að fá farmskip með litlu farþegarúmi og stóru farmrúmi, og stór fólksflutningaskip með tiltölulega litlu farmrúmi, svo nefnd línuskip, en hvorugt getur átt við hjer, því línuskipin eru stór bákn, sem alls ekki eru við okkar hæfi, og mundu verða okkur mjög dýr, með því að hafnargjöld, sem reiknuð eru eptir lestatali skipsins, mundu verða mjög há fyrir þau.

Í annan stað gjörði h. þm. (Sigh. Á.) ráð fyrir samkeppni, t. d. af hálfu gufuskipafjelagsins; jeg skal ekki neita því, að svo kunni að verða; jeg býst meira að segja við því; en ef við leigjum skip fyrir eitt fjárhagstímabil, þá getur maður átt von á, að gufuskipafjelagið muni gjöra allt, sem það getur til þess,

að þreyta oss á, að halda því út, leggja sig alla til, að tekjuhallinn yrði sem mestur. Og þá yrði það því auðveldara, að fá oss til að hætta, ef við leigjum, því ef tekjuhallinn verður mikill, ætla jeg að margar raddir mundu heyrast á móti því, að halda áfram. En ef við aptur á móti kaupum skip, þá sjer gufuskipafjelagið að við erum einráðnir í því, að halda ferðunum áfram, og verður deigara til samkeppninnar; nú, en ef það samt sem áður, ætlar að leggja allt kapp á, að eyðileggja okkur, þá er ekki annað en útiloka alla samkeppni með löggjöf. En það er sýnilegt, að ef við kaupum skip, þá munum við ætla að halda því úti um mörg fjárhagstímabil, og þá verður samkeppnin ekki eins mikil eins og ef við leigðum skip til bráðabirgða. Og þó ekki sje nema vegna þessa, þá er það mjög varúðarvert, að leigja skip.

H. 2. þm. Arn. (Þ. G.) og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sögðust báðir hafa heyrt mig láta þau orð falla, að þetta væru seinustu úrræðin. (*Þ. G.*: Ekki jeg; jeg sagðist hafa heyrt það úr nefndinni). — Jæja, hvað sem um það er, þá sje jeg ekki betur, en það sje einmitt tilfellið hjer, því að í samgöngubótum á sjó er ekki nema tvær leiðir að fara, annaðhvort að gera út skip sjálfir, eða semja við aðra, ef tilboð fást; og í þetta sinn liggja ein 2 tilboð fyrir þinginu, bæði allsendis óaðgengileg, — og þá er ekki nema um þá leiðina að gjöra, að leggja í útgerðina sjálfir, og kaupa skip.

Jeg segi fyrir mig, að jeg hef aldrei verið hikandi í því, að kaupa skip, en mjer hefir verið ver við útgerðina og álitið meiri hættu við hana; en eptir að jeg hefi fengið nákvæmar upplýsingar frá skilríkum og kunnugum mönnum, þá sje jeg að áhættan er ekki eins mikil og jeg hafði haldið. Áhættan við að gera út skipið sjálfir, getur aldrei, þótt engar tekjur fengjust af skipinu, orðið meiri en svo sem 50,000 krónum meiri en ef við gerðum samninga við aðra um það. Og færi nú svo, að við töpuðum um 50,000 kr. á útgerðinni, þá sjer hver maður, að orsökin er ógurleg samkeppni, að farmeyrir lækkar stórkostlega — en hverjir hafa haginn af því? Landsmenn sjálfir hafa allan hagnaðinn, þeir geta komizt hafna á milli fyrir nærri því ekki neitt, og flutt vörur frá einni höfn á aðra og til og frá útlöndum fyrir svo gott sem ekkert. Skyldi það ekki vera tilvinnandi, skyldi það ekki borga sig fyrir landið, þó að landssjóður aldrei nema tapi 50,000 kr. á ári? Mjer dettur auðvitað ekki í hug, að þetta komi fyrir, en jeg segi þetta að eins til þess, að setja mig inn í hugsunargang h. þm. (S. Á. og Þ. G.).

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) neitaði því, að þetta væri seinasta úrræðið, að fokið væri í öll skjól; en sýni h. þm. þá, hvar skjól er að fá. (*Sighv. Á.*: Leigja!). Hvað vill h. þm. leigja, og hvar fær hann skip á leigu? Við höfum hjer 2 tilboð, hvort öðru óaðgengilegra, og búið er!

H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði fyr, að þjóðin hefði ekki vísað á ½ miljón úr viðlagasjóði, og vildi þess vegna láta fresta málinu til næsta þings. Jeg hefði þó hugsað, að h. þm. hefði lesið frumv.; þar er þó ekki gjört ráð fyrir meiru fje en 350,000 kr. Álíti hann upphæðina of litla, þá ætla jeg að biðja hann að ganga fram á lestrarsalinn og skoða þar tilboð frá ensku skipasmíðafjelagi, um að smíða skip 750—800 tons að stærð, langt um stærra en það, sem farið er fram á í frumvarpinu, og langt um hraðskreiðara en »Laura« og betur útbúið fyrir tæpar 336,000 krónur.

Þar er líka tilboð um minna skip, ef hann vill, skip sem er 450 tons að stærð, fyrir um 170,000 kr. Svo að þetta tal um hálfan viðlagasjóðinn, eða hálfa miljón króna, er byggt í lausu lopti. Og um vilja þjóðarinnar er ekki að efast; það má sýna hann svo ljóslega af þingmálafundargjörðunum, sem liggja frammi á lestrarsalnum.

Enn sagði h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að með þessu væri tekið fje frá öðrum atvinnuvegum landsins, — en hvernig er auðið að styrkja atvinnuvegina með öðru betur en einmitt með þessu, með því að efla samgöngurnar? Og meira að segja, þar með styrkjum við ekki að eins þá atvinnuvegi, er nú eru stundaðir, heldur sáum við fræi til nýrra framkvæmda og nýrra atvinnuvega.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) ætlaði, að erfitt mundi að fá fargæzlumenn fyrir 600 kr. þóknun, þeir þyrftu að vera nýtir menn, sagði hann, og ættu helzt ekki að þurfa að halda sjer uppi á ýmislegum öðrum störfum. Þetta er misskilningur, því eptir frumv. á farstjórinn að annast allar framkvæmdir, en fargæzlumenn eiga að eins að hafa eptirlit með honum, þeir hafa ekki annað að gera en að líta eptir og samþykkja það, sem farstjóri leggur fyrir þá, svo að í rauninni eru launin of ríflég, þegar litið er til þess, hvað gæzlustjórarnir við Landsbankann hafa, og hafa þeir þó miklu meira að starfa en þessir menn eiga að hafa.

H. þm. Árn. (Þorl. G.) sagðist ekki geta sjeð af frumv., hvort farstjórinn ætti að hafa prósentur af »brúttó«- eða »nettó«-tekjum skipsins, en hjelt þó heldur, að átt væri við brútto-tekjurnar. Jú, hann á koll-gátuna, en hitt er mjer ekki ljóst, hvernig h. þm. Árn. (Þorl. G.) hugsar sjer, að láta farstjóra hafa »prósentur« af »nettó«-tekjunum, og gera þó ráð fyrir tekjuhalla. Því þá yrðu »prósenturnar« alls engar.

Jeg sje enga hættu í því, að farstjóri fái »prósentur« af »brútto«-tekjunum, því að skipið er allt af á ferð eptir ferða-áætlun sinni, og útgjöldin allt af þau sömu; hann er alls ekki einráður um ferðir þess, þar hefir þingið hönd í bagga með, svo að hann getur alls ekki sent það í snatt eptir eigin geðþótta, enda er þetta ákvæði um »prósentur« hans einmitt hvöt fyrir hann til þess, að reyna að afla skipinu sem mestra tekna.

H. sami þm. (Þorl. G.) fann það athugavert, að hið fyrirhugaða skip mundi óhentugt til fjárflutninga, og ætlaði ervitt að breyta því. En það er algengt að skipum er breytt, t. d. ef farþegarúm er milli þilja, þá er lafhægt að breyta því svo, að fje geti verið þar. En jeg hef aldrei gert ráð fyr meiri fjárflutningum í einu en um 3000 kindum, enda játaði h. þm. (Þorl. G) það, að nokkurt fje gæti það flutt.

Enn fann h. þm. (Þorl. G.) það að, að þessu frumv. skyldi ekki fylgja ástæður nefndarinnar og nefndarálit, eins og annars er siður; en nefndin var eigi fyllilega búin að ljúka starfa sínum; hún hefir svo mikið að starfa og mörgu að gegna, og átti þess vegna ekki gott með að koma fram með álit sitt. En jeg get bent á aðra nefnd, sem komið hefir fram með frv. ástæðulaust og álitslaust, og talaði enginn um; það var h. fjárlaganefnd, sem flutti frumv. um nýja frímerkjagjörð. Það er nokkuð skrítið, að finna að því við samgöngumálanefndina, sem fjárlaganefndinni er þolað umtalslaust.

Það er talað um, að nefnd þurfi í þetta mál; mjer þykir það æði-kynlegt, að fara að setja nefnd í frumv., sem komið hefir frá nefnd, sem hefir íhug-

að það rækilega, og það í frumv., sem engin breyt.till. er komin fram við við 2. umr.

Jeg held að jeg hafi nú farið út í helztu mótbárurnar gegn frumv.; jeg læt við þetta sitja fyrst um sinn og bíð átekta.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer finnst h. flutningsmenn þessa máls sækja það með meira kappi en forsjá.

H. samgöngunefnd hefir sent inn á þingið frumv. um samgöngur áður en fjármálanefndin hefir fengið færi á að íhuga samgöngumálin og áður en deildin fær að sjá tillögur fjárlaganefndarinnar um fjárhag landsins; flutningsmenn vita þó, að til er 12. gr. í fjárlagafrumv. því, er nefndinni var fengið til athugunar og sú grein öll hljóðar um samgöngur; nefndin er því skyld að segja sitt álit um málið, og koma með tillögur sínar, hve miklu fje skuli verja til samgangna, enda var ráðgert, þegar þessi nefnd var valin, að báðar nefndirnar skyldu vinna í sameiningu, en nú á að demba málinu gegn um deildina áður en fjárlagafrumv. er komið, eða fjárlaganefndinni hefir gefizt kostur á að hugleiða málefnið.

H. samgöngunefnd heimtar það, að þingið hafi svo merkilega mikið traust á henni, að það fleygi út 350 þús. eptir hennar hugþótta, þótt engar ástæður prentaðar sjeu komnar frá henni, nje áætlun, hvernig ferðunum eigi að haga. Slíka heimtufrekju getur h. deild og heldur ekki fjárlaganefndin tekið með þökkum. T. d. skrifar samgöngunefndin fjárlaganefndinni brjef 20. júlí og skorar á hana að áætla útgjöld til útgerðar eimskips 120 þús. kr. og tekjur af skipinu 75 þús. kr.; engar ástæður eru tilfærðar í brjefinu, hvernig á þessum upphæðum stendur; fjárlaganefndin á auðvitað að tilfæra þessar upphæðir í blindni, bara í trausti til óskeikanleika hinnar vísu samgöngunefndar.

Svo heldur hún áfram í öðru brjefi, dags. 23. júlí. Þar fer hún fram á, að ætlaðar verði 32,000 kr. til gufubáta, þar af 10 þús. handa Vestfirðinga- og Norðlendingafjórðungi, hvorum um sig, og 6 þús. handa hvorum hinna fjórðunganna, og enn fremur leggur sú vísa nefnd það til, að tekið sje upp í fjárlögin 60 þús. kr. lán úr viðlagasjóði handa Vesturamtinu til eimbátskaupa; engin lánbeiðni fylgdi þó með frá amtinu, og þess vegna mjög óvíst, hvort það vildi þiggja lánið, þó þingið vildi veita það.

Af öllu því, sem nú er talið, virðist mjer, að málið sje svo flýtislega undirbúið, og án allra nauðsynlegra upplýsinga, að rjettast væri að setja nýja nefnd í það; h. samgöngunefnd sæi þá, að það traust, sem deildin hefir til hennar, er ekki eins ótakmarkað og hún ætlast til.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að h. þingd. vilji kasta út 500 þús. kr. án þess að hafa nokkuð til að styðjast við, hvernig fjenu á að verja og ferðunum að haga. Nefndin er nógu hyggin til þess að koma ekki með neina ferðaáætlun, því að hún veit, hvernig hún mundi líta út, þegar landið hefir að eins eitt skip til ferða kringum landið og til útlanda. En fyrst nefndin ekki vill segja það, þá skal jeg skýra henni frá, hvernig ferðaáætlunin verður með einu skipi.

Skipið gengur nokkrar ferðir milli Íslands og Bretlands, og fer nokkrar ferðir kring um landið á helztu verzlunarstaði, en minni kauptún fara varhluta, þannig verða ferðirnar færri og verri en undanfarin ár, eins og náttúrlegt er, þar sem að eins einu skipi er að veifa, í stað tveggja nú. Jeg veit,

að samgöngunefndin svarar því, að strandferðabátarnir bæti úr brýnustu þörfinni. En hvaða vissa er fyrir því, að ferðirnar komist á eða ömtin vilji nota þennan styrk, sem nefndin ætlar þeim til gufubátaferða, og þaðan af síður er víst, að Vesturamtið vilji nota þetta 60 þús. kr. lán, sem áður er á minnzt. En setjum nú svo, að sum þeirra, t. d. öll nema Norðuramtið, vildu nota þennan styrk, þá gengju bátarnir með ströndum, sunnan-, vestan- og austanlands, en af því enginn bátur er norðanlands, þá verða vöruflutningar og farþegar að stanza beggja megin við takmörk Norðuramtsins, svo ferðir hinna gufubátanna yrðu fyrir það að miklu minni notum.

Annað er það, sem nefndin læst byggja upp á við strandferðirnar í kringum landið, en það er að gufuskipafjelagið muni senda skip hingað upp, eins fyrir það, þótt það ekki fái neinn styrk til þess frá þinginu. En hvernig getur h. nefnd sagt með nokkurri vissu að svo muni verða? Er það þó eigi miklu líklegra, að fjelagið sendi ekkert skip, þegar styrkurinn verður tekinn af því, og er það eigi ósamkvæmni, að vilja ekki semja við fjelagið, og álíta það óbrúkandi, en þó byggja upp á ferðir þess til að fylla upp í þau skörð, sem þetta eina landsskip ekki kemst yfir?

Hvað af öllu þessu er þá áreiðanlegt hjá nefndinni, og hvað ekki? Er það áreiðanlegt, að hjer komist á gufubátsferðir með ströndum fram; og er það áreiðanlegt, að gufuskipafjelagið danska sendi hingað skip til strandferða, eins og að undanförnu? Og hvernig, yfir höfuð, hugsar nefndin sjer að ferðunum verði hagað. Hvernig hefur hún hugsað sjer fyrirkomulag skipsins? Það eina er víst, eptir tillögu nefndarinnar, að landið hefur 1 skip til umráða við vöru- og póstflutninga, og að það eina skip verður ónógt til að uppfylla þarfir landsmanna.

Samkvæmt frumv. á þingið að kjósa fargæzlumenn, og svo á landshöfðingi að skipa farstjórann eptir tillögum fargæzlumannanna. Þetta er mjög vel útreiknað af nefndinni. Landshöfðingi á engu að ráða, hann á að eins að samþykkja það sem fargæzlumennirnir vilja vera láta, þó valið sje á móti skoðun hans.

Ennfremur segir í frumv., að heimili farstjórans eigi að vera í Reykjavík. Má jeg nú spyrja: hvernig á hann að geta fullnægt þörfum skipsins og landsins, með því að eiga heimili í Reykjavík? Hann þarf að útvega farm erlendis í skipið, fyrir hverja ferð; er það hægt fyrir hann, ef hann býr í Rvík? Í öðru lagi er það, að ef skipið laskast eða ferst fyrir norðan eða vestan, þá er miklu hægra að koma boðum þaðan beint til útlanda, heldur en fyrst til farstjórans í Reykjavík, sem þá verður að bregða sjer til útlanda, til að útvega annað skip, og þá óvíst, að bráðlega falli ferð frá Rvík til útlanda; að þessu getur orðið mikil töf, jafnvel svo vikum skiptir.

Að endingu skal jeg geta þess, að mjer finnst nokkuð undarlegt ákvæði, sem stendur í 8. gr., að reikninga yfir tekjur og gjöld skipsins »skuli fara með sem aðra landsreikninga«. Það er kunnugt, að landsreikningar eru endurskoðaðir af revisor landsins, sem ekki er beinlínis verzlunarfróður, og síðan eru þeir samþykktir af alþingi; eptir því ætti að samþykkja reikningana á alþingi fyrir hvert fjárhagstímabil.

Eins og jeg þegar hef tekið fram, þá finnst mjer vera öll þörf á því, að setja nefnd í þetta mál, í það minnsta fresta umræðu um það nokkra daga, en jeg vil að svo stöddu ekki stinga upp á

nefnd, svo eigi þurfi að slíta umræðunum nú þegar.

Klemens Jónsson: Sem formaður samgöngunefndarinnar skal jeg leyfa mjer að svara h. formanni fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) fám orðum, út af þeirri hatursfullu árás, sem han beindi að frumv. og samgöngumálanefndinni. Jeg gat ekki skrifað upp öll þau orð, sem h. þm. (Tr. G.) varpaði til nefndarinnar, en jeg man að hann bar fram þrjár meginsetningar um hana; hann bar upp á hana heimtufrekju, sjálfbyrgingsskap (*Tr. G.*: Jeg sagði sjálfstraust) og ókurteisi. Að nefndin hafi verið heimtufrek, byggir hann sjálfsagt á því, að hún vill að stigið sje nokkuð stórt stig, í þá átt, að beina samgöngum vorum í viðunanlegt horf, í það horf, sem menntakröfur og viðskiptakröfur heimsins hafa í för með sjer. Sjálfsálit nefndarinnar byggir hann víst á því, að hún eptir nákvæma íhugun leyfði sjer að koma fram með sjálfstætt frumv. til samgöngubóta, og hefur í huga, eins og h. þm. (Tr. G.) er nokkuð kunnugt um, að bera fram ýmsar tillögur, er miða að því, að efla samgöngurnar. Ókurteisin þótti honum hafa komið fram í því, að samgöngunefndin hefði ekki sýnt fjárlaganefndinni frumv. sitt, heldur að eins átt tal við hana í fáar mínútur. Þetta voru þær þrjár meginákærur, sem þingmaðurinn bar fram gegn oss nefndarmönnum, en auk þess talaði h. þm. (Tr. G.) um það, að jeg hefði, þegar jeg mælti með því, að samgöngunefndin væri skipuð, óskað þess og vonað, að gott samkomulag yrði milli hennar og fjárlaganefndarinnar, og mun honum líklega þykja sem þessi von hafi eigi fyllilega rætst. Jeg kannast nú fyllilega við þetta, en mjer vitanlega hefur hið góða samkomulag ekki heldur brugðizt, fyr en ef vera skyldi, að h. þm. (Tr. G.) hefði getað veikt það með árás sinni á samgöngumálanefndina í dag. Mjer vitanlega hefur hingað til verið gott samkomulag milli þessara tveggja nefnda, og þær unnið töluvert saman. Á þessum tveimur tímum, sem fundarhlje varð á, hef jeg talað við meiri hluta fjárlaganefndarinnar, og þessi meiri hluti viðkurkennir ekki, að samgöngunefndin eigi þann dóm skilið, sem h. þm. (Tr. G.) kvað upp yfir henni og framkomu hennar við fjárlaganefndina.

H. þm. (Tr. G.) kvartaði sjerstaklega yfir, að frumv. það, sem hjer ræðir um, hefði ekki fyrst verið sent til fjárlaganefndarinnar, en að samgöngunefndin hefði látið sjer nægja, að tala að eins fáar mínútur við fjárlaganefndina um það. Jeg verð að segja, að mínúturnar voru margar; það var mikill hluti úr heilu kvöldi, sem nefndirnar ræddu það saman. Og auk þess var meiri hluta fjárlaganefndarinnar frumv. fullkunnugt af öðrum viðræðum, og var samgöngunefndinni sjerlega þakklátur fyrir það. Enn er þess að geta, að þetta frumv. kemur fjárlaganefndinni í sjálfu sjer ekkert við; það er alveg sjerstakt frumv. frá sjerstakri nefnd, og krefur ekki nein sjerstök fjárframlög í fjárlögunum nú; það hefur aðeins verið farið fram á, að fjárlaganefndin taki upp í fjárlögin tekjur og gjöld hins fyrirhugaða skips, og veiti þá fjárupphæð, sem vantaði upp á, að tekjur hrykkju fyrir gjöldum, og er svo ætlað, að hún verði ekki hærri en sú upphæð, sem farið var fram á í öðru af tilboðunum, sem lágu fyrir nefndinni, að landið legði fram til að halda uppi skipaferðum þeim, sem þar voru boðnar. Þetta frumv. kemur fjárlaganefndinni ekki meira við í principinu en frumv. um brúargjörð á Blöndu, sem búið er að afgreiða sem lög frá þinginu, löngu áður en fjárlaganefndin

hefur lokið starfi sínu, og án þess að það hafi nokkuð verið borið sjerstaklega undir hana.

Þó tók út yfir, þegar h. þm. (Tr. G.) notaði stöðu sína sem formaður fjárlaganefndarinnar til þess að lesa upp hjer í þingsalnum ýms brjef til fjárlaganefndarinnar. Það er eins og kunnugt er, almenn þingregla, að skýra ekki frá gjörðum nefnda, fyr en nefndarálit er komið út; en nú hefur h. þm. (Tr. G.) þóknazt að bregða út af þessari reglu. (*Tr. G.*: Voru brjefin máske heimuleg?). Það var indiscretion sem alls ekki mátti eiga sjer stað, að birta þau nú, og auðsjáanlega ekki sprottið af öðru en að reyna að spilla fyrir málinu, og sem formaður samgöngumálanefndarinnar verð jeg að mótmæla slíkri aðferð. Hann lagði sjerstaka áherzlu á það, að í einu brjefinu var farið fram á styrk til gufubáta; það var eins og hann væri að gjöra gys að því, að þingið færi að styrkja gufubáta. H. þm. (Tr. G.) veit þó, að þetta eru engin nýmæli; það hefur verið gjört áður, og á þinginu 1893 kom fram svipuð tillaga og samgöngunefndin leyfði sjer að koma með, þótt horfið væri frá henni, þegar Randúlfsferðirnar komu til sögunnar. Mjer er það kunnugt, að meiri hluti fjárlaganefndarinnar tók vel tillögu samgöngunefndarinnar um gufubátana.

H. þm. (Tr. G.) þótti það undarlegt, að veita skyldi Vestfirðingum 60,000 kr. til gufubátskaupa; hann gleymdi reyndar að geta þess, að það átti að vera að eins að láni, og það er undir eins töluverður munur. Það er engin nýung, að sett hafi verið í fjárlögin tilboð um lán til nytsamra fyrirtækja, bæði til þilskipakaupa og til að koma upp tóvinnuvjelum, þótt engin bein beiðni hafi komið fram um þau, og þá er ekkert kynlegra við að gefa einu amti kost á láni til gufubátskaupa, einkum þar sem allir þingmennirnir úr því amti hafa farið fram á það. Jeg sje ekki, hvað getur verið hlægilegt við þar.

Eitt af því, sem h. þm. (Tr. G.) fáraðist yfir, var það, að engin ferðaáætlun fyrir skipið hefði enn komið frá samgöngunefndinni, og gat hann þess til, að eitthvað sniðugt lægi á bak við þá aðferð hjá henni. En þá skal jeg aptur skýra frá því, að það lá svo margt fyrir samgöngunefndinni, að þótt hún hafi unnið kappsamlega 3—4 tíma á dag, þá hefir hún enn ekki jafnframt öllum öðrum störfum sínum getað fengið tíma til að semja ýtarlega áætlun um ferðir skipsins, tekjur þess og gjöld, o. s. frv. Þetta vona jeg, að h. fjárlaganefnd kannist því fúslegar við, sem hún sjálf þarf langan tíma til sinna starfa. Jeg er engan veginn með þessu að væna hana þess, að hún vinni ekki kappsamlega, en minnti að eins formann hennar á það, af því að mjer þykir leitt að heyra hann bera öðrum nefndum á brýn, að þær vinni ekki dyggilega.

Jeg get annars gefið þá upplýsingu, að samgöngunefndin hefir nú lokið störfum sínum, og mun álit hennar geta komið að minnsta kosti eins snemma og álit fjárlaganefndarinnar.

Að því er áætluninni viðvíkur, þá veit jeg ekki annað en h. framsögum. (V. G.) tæki í inngangsræðu sinni fram öll aðalatriðin í ferðaáætlun skipsins; hann tók þau svo rækilega fram, að hann fór ef til vill óþarflega nákvæmlega út í einstök atriði.

H. þm. (Tr. G.) gat ekki skilið, hvað gufubátarnir ættu að gera. Jeg get sagt honum það: þeir eiga að fylla eyðurnar, sem verða í við ferðir höfuðskipsins. Hann sagði, án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt, að ferðirn-

ar yrðu ekki nema 3½. Látum svo vera, og eins hitt, að það komi ekki við nema á fáum stöðum í hverri ferð, en þá eiga bátarnir einmitt að vera til taks til þess að flytja fólk og vörur á þá staði, sem aðalskipið kemur ekki á. Það er kunnugt, að víða hagar svo til, að full nauðsyn sýnist vera að hafa gufubát til að ljetta samgöngur og flutninga, og mikill áhugi er þar vaknaður á að fá slíka báta.

Jeg skal taka einn fjörð, sem h. þm. (Tr. G.) þekkir mjög vel, Eyjafjörð; þar hafa menn mikinn áhuga á að fá gufubát, og hafa þegar byrjað á að þoka því máli áleiðis. Auk þess sem þessi bátur ætti að vinna Eyjafirði gagn, ætti hann einnig að fara bæði vestur á Skagafjörð og ef til vill Húnaflóa, og austur að Langanesi, og halda uppi strandferðum á því svæði.

Jeg get annars ósköp vel skilið, að slíkar ræður sem ræða h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) geti komið frá manni, sem einblínir á gufuskipafjelagið danska, og álítur, að heill landsins sje undir því komin, að þetta fjelag taki það upp á náðararma sína. En mjer er víst óhætt að segja h. þm. (Tr. G.), að flestir Íslendingar yrðu þeim degi fegnastir, er það hætti að halda uppi aðalstrandferðum hjer við land. Það sýndi sig, hvernig á það er að treysta, þegar Thyru seinkaði í fyrstu ferð hennar í vor. Hvað gerði þetta volduga fjelag þá? Það lagði Thyru upp til viðgerðar þegar hún kom til Hafnar, og sendi ekkert annað skip í hennar stað, en beið ofurrólegt eptir því, að Thyra gæti orðið ferðbúin 12 dögum á eptir áætlun, en á meðan biðu menn hópum saman á höfnunum á Íslandi eptir skipinu, þangað til því þóknaðist að koma til að taka þá. En hvað mun svo vera að segja um skaðabæturnar fyrir alla biðina? Ætli þetta volduga fjelag verði ekki seint til svara, þegar farið verður að krefja það um þær?

Jeg held jeg hafi nú tekið fram hið almenna um meðferð nefndarinnar í þessu máli, en jeg treysti h. framsögumanni (V. G.) að gera grein fyrir einstökum atriðum þess.

Meðal hins marga, er h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) rangfærði og mishermdi, var það, að farstjórinn ætti að eiga heima í Reykjavík; þetta stendur hvergi í frv. Það var einmitt skýrt tekið fram í nefndinni, að farstjórinn mætti ekki vera skyldugur að búa þar; hún gekk út frá því sem gefnu, að farstjórinn þyrfti þráfaldlega að vera á ferð með skipinu. Það sem hefir villt þingm. er líklega það, að aðalskrifstofa skipsins á að vera í Reykjavík og varnarþing þess þar, en það er allt annað en að farstjórinn eigi að vera búsettur í Reykjavík.

Framkoma h. þm. Árn. (Tr. G. og Þorl. G.) og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) í þessu máli er annars svo, að um þá má segja, að það sje nobile par fratrum; þeir sýna ótvíræðlega, hvert álit þeir hafa á almennum samgöngumálum og samgöngubótum þessa lands. Mjer detta í hug tvö slagorð, sem opt voru höfð á þinginu 1893: »að tala frá almennu sjónarmiði«, og »að tala frá sjerstöku sjónarmiði«. Jeg held, að h. þm. hafi talað frá sínu sjerstaka sjónarmiði, þegar þeir fóru fram á, að lagt væri stórfje til brúargjörðar á Ölfusá og Þjórsá, og þegar þeir vilja láta leggja fram jafnvel miljónir til vegagjörða um hjeruð sín; þeir eiga máske erfiðara með að renna augum yfir hið almenna sjónarmið, sem hjer horfir við þeim, og að því vaxi þeim fjárframlag það, sem hjer er gert ráð fyrir, svo mjög í augum.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) spurði, hvaðan fjeð ætti að taka, og barmaði

sjer yfir því, að það mundi verða að leggja nýja skatta á þjóðina. Man h. þm. (Sighv. Á.) ekki eptir því, að vjer eigum til miklu stærri viðlagasjóð en hjer þarf á að halda? Hver skyldi trúa því, að þetta væri sami maðurinn sem fyrir skömmu vildi fá hjer upp voldugan háskóla? hann hefði þó hlotið að kosta landið meira en ½ miljón króna. En þá vantaði þó ekki fjeð.

H. þm. (Sighv. Á.) sagði, að hjer væri ekki um þjóðvilja að ræða. Hvað er þetta? Þekkir h. þm. (S. Á.) ekki neitt til þess, sem þingmálafundirnir segja? Hið eina, sem h. þm. (Sighv. Á.) kynni að geta hengt hatt sinn á er þetta, að það kemur óvíða beint fram á þingmálafundunum, að landið skuli kaupa skip. En við það mun hann þó hljóta að kannast, að það hefir víða komið fram bæði í blöðunum og ræðum manna, að rjettast væri að ráðast í þetta. Það sýnist vottur um það, að deildin sje ekki mjög óánægð með frumv. þetta, að enn hafa engar breyt.till. komið fram við það, og hefir þó verið nægur tími til þess, og varla mun því verða barið við, að menn hafi ekki hugsað um málið, því að það hefir einmitt vakið svo mikla eptirtekt, að segja má, að varla hafi verið um annað talað en það, síðan frumv. þetta kom fram.

Jeg ætlaði mjer að enda ræðu mína með því að spyrja hæstv. landsh., hvort hann sæi nokkuð á móti frumv. þessu frá landsstjórnarinnar hálfu, og biðja hann að gefa bendingar um, ef honum sýndust einhverjar breytingar á frumv. nauðsynlegar, en af því, að hann er hjer nú ekki viðstaddur, þá verð jeg að sleppa því í þetta sinn.

Eins og h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, er nefndin fús á að taka allar bendingar til nákvæmrar íhugunar, og koma fram með breyt.till. við frumv. til 3. umr., ef ástæða þykir til.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að gjörast sjerstaklegur talsmaður þessa frv.; en það læt jeg í ljós, að mjer er orðið heldur hlýtt til þessa máls, og því hlýrra, því meira sem jeg hugsa um það.

Það er eðlilegt þótt menn sjeu nokkuð deigir með að leggja út í stór fyrirtæki, og skoði vel huga sinn áður en þeir fullráða þau. En mjer finnst það ekki rjett að skoða þetta fyrirtæki, sem frumv. ræðir um, sem eitt hið mesta áhættumál, og eigi tel jeg það rjett af mönnum úr Sunnlendingafjórðungi, að skoða þetta eitt hið stærsta fyrirtæki, sem landið hefir ráðizt í. Jeg skal leyfa mjer að benda h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) á önnur stórfyrirtæki landsins, og það er brúargjörðin á Þjórsá og Ölfusá með tilheyrandi vegum. Jeg tel þetta engan veginn eptir, og fárast ekki um, þótt lagt hafi verið út í það, en það er vert að taka það til samanburðar, þegar um það er að ræða, að útvega sjer fargagn, sem á að verða öllu landinu að notum. Jeg segi, að það sje vert að bera það fje, sem hjer er farið fram á að leggja fram til almennra samgöngubóta, við það fje, sem lagt hefir verið fram til samgöngubóta í einum og þó ekki í heilum landsfjórðungi.

Jeg veit ekki betur en búið sje að verja til brúnna á Þjórsá og Ölfusá um 140,000 kr. og að til akvega austur á bóginn hafi á árunum 1892—95 verið varið 166,000 kr. Þetta til samans eru rúm 300,000 kr. eða hjer um bil hið sama sem gjört er ráð fyrir að gufuskipið kosti. Þetta er nú allt gott og blessað og jeg hefi ekkert á móti því. En nú er eptir að gjöra veginn að brúnum og milli þeirra svo góðan, að hann verði allur akvegur, og munu ætlaðar til þess 80—100,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Þetta er álíka mikið

fje og það, sem samgöngumálanefndin hefir ætlað til gufuskipsins á fjárhagstímabilinu fram yfir það sem hún bjóst við að það mundi gefa af sjer. Jeg bendi að eins á þetta til samanburðar, og til þess að sýna fram á að eigi sje ástæða til að láta skipskaupin vaxa sjer svo mjög í augum, því að þótt mikið gagn sje að vegum og brúm, þá er þó enn fjölbreyttara og viðtækara gagn að skipinu.

Eitt af því sem leitt hefir verið í tal í deildinni í dag er samkeppnin. Því hefir verið fleygt fram, að gufuskipafjelagið mundi hefja þá samkeppni við landsskipið, að landið mundi missa stórfje á því. Það getur verið, að svo fari, jeg veit til að gufuskipafjelagið hefir eyðilagt keppinauta sína með gífurlegri samkeppni. En jeg lít svo á að samkeppni við þetta skip verði ekki svo þægileg fyrir fjelagið; að minnsta kosti ætti landið að þola þessa samkeppni, þar sem það hefir ekki nema þetta eina skip á sinni könnu, og það hefir margt annað við að styðjast en skipsútgerðina, og stendur að því leyti allt öðru vísi að vígi en fjelagið. Það er og aðgætandi, að gufuskipafjelagið hefir við fleiri að keppa en þetta eina skip, og um leið og það hefur samkeppni við það, hefst og samkeppni milli þess og annara skipa, sem hingað sigla með farmflutning til landsins. Af þessari samkeppni mundi því leiða það, að allur farmeyrir hingað til lands og hjeðan frá landi mundi lækka; og þá sjá allir, að þó tekjuhalli landsskipsins aukist nokkuð fyrir þetta, þá græðir þó landið í raun og veru einmitt á því. Jeg vona því að landsmönnum vaxi ekki í augum, þótt þeir búist við samkeppni, þar sem ganga má að því vísu, að hún verði stórhagnaður fyrir landið í heild sinni.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi ekki svo mikið að segja um þetta mál; það hafa líka flestir sem talað hafa, farið í sömu stefnu, sem jeg hefði viljað. Það eina sem jeg vildi hafa sagt, er að lýsa ánægju minni yfir þessu frv. og þakklæti fyrir h. nefnd, sem hefir komið fram með það. Jeg álít að þetta mál sje svo mikils virði, að heiður þingsins standi og falli með þessu frv. Því þetta er mesta og göfugasta málið, sem fyrir þetta þing hefir komið, og jeg veit fyrir víst, að öll þjóðin er því fastlega fylgjandi. Það er ekki nema sleggjudómur, að þjóðin vilji ekki að þetta mál nái fram að ganga, því að uppástungan er í raun og veru ekki ný, því á þingmálafundum hafa einmitt komið fram uppástungur í þá átt, að leigja skip, og því hefir líka verið hreyft, að kaupa skip. Jeg hefi átt tal við menn í 4 sýslum, í Dala-, Barðastr.-, Stranda- og Ísafj.-sýslum, menn, sem taka öðrum fram að skynsemi og þekkingu, og allir lýstu þeir því í einu hljóði, að hið eina rjetta væri, að við ættum skip sjálfir. Að þessu er ekki eindregið haldið fram á þingmálafundum, er af því, að þeir vilja ekki binda hendur þingsins með ákveðnum ályktunum, enda eiga menn út um land ómögulegt með að gizka á, hvaða tilboð kunna að berast þinginu, eða hvort því berast þau tilboð, sem það getur gengið að. Ennfremur hafa margir horfið frá þessu, af því þeir hafa sjeð, að þingið að undanförnu hefir hvorki haft kjark til að koma fram með slík frv., nje staðfestu til að halda þeim fram, en fái nú þetta frv. fram að ganga, þá hefir þingið hrundið því ámæli af sjer og mun þar að auki hljóta þökk og aufúsu allra góðra manna.

Hjer hafa komið fram ýms mótmæli, einkum og sjer í lagi viðvíkjandi kostnaðinum. Það hafa nú raunar aðrir tek-

ið það fram, að þau mótmæli sátu sízt á þingm. úr sunnlendingafjórðungi; mjer fyrir mitt leyti sýnist, að þeir geti ekki verið þekktir fyrir að andæfa þessu frv., þar sem um nauðsyn alls landsins er að ræða. Jeg skil ekki í því, að þeir þingm., sem allan sinn þingtíma hafa barizt fyrir samgöngubótum í sínum eigin hjeruðum, skuli, þegar þeir hafa borið sigur úr býtum og fengið um 370 þús. kr. úr landssjóði á nokkrum árum í brýr og vegi, og að þessum brúm og vegum fengnum skuli þeir, segi jeg vera á móti samgöngubótum, sem horfa öllu landi til heilla. Þeir feila sjer ekki við að biðja um fje til að brúa hverja sprænu í þeirra kjördæmum, en þegar farið er fram á að leggja brú milli Íslands og Englands, og milli hinna ýmsu hluta landsins, og það fyrir ekki einu sinni þrefalda þá upphæð, sem brýrnar þeirra hafa kostað, þá segja þeir »stop«! Mjer fyrir mitt leyti þykir þessi upphæð, sem farið er fram á, ekki svo voðalega mikil, og það er heldur ekki svo að skilja, sem þetta sje eyðslufje; það er ekki eins og að því sje kastað í sjóinn fyrir það, þó að skipið ekki borgi sig og ferðirnar jafnvel hætti, því einhver vill þó líklega kaupa vænt og stórt gufuskip alveg nýtt.

Það hefir verið fram á það af mótstöðumönnum þessa máls, að setja nefnd í það. Þetta er nokkuð nýtt! Eg hef að vísu verið stutt á þingi, en eg hefi heldur aldrei vitað dæmi til þess, að kosin hafi verið nefnd í mál, sem komið hefir frá nefnd! Hverja ætti þá líka að kjósa í þessa nefnd? Eg sé ekki að sú nefnd mundi betur skipuð en samgöngumálanefndin. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) álasaði nefndinni fyrir t. a. m. ókurteisi og ólipurð; jeg get ekki sjeð betur en það sje ástæðulaust, því bæði á fundum og privat hefir hún borið sig saman við oss, og yfir höfuð fengum við að vita hjá henni það sem við vildum; hún á ekkert vanþakklæti skilið fyrir það, og sem fjárlaganefndarmaður get jeg lýst því yfir, að samgöngumálanefndin hefir ekki »fornærmet« mig neitt.

Ef h. þm. hefðu komið fram með breyt.till. við frumv., en ekki sett sig algerlega á móti því, ekki álitið það tóma fífisku, þá gæti jeg skilið að þeir vildu láta setja nefnd í það, eða vísa því aptur til nefndarinnar, en þar sem tillagan er komin frá mönnum, sem sýnilega vilja málinu illa, þá lízt mjer að hún verði ekki tekin til greina; jeg skoða hana sem tilraun til þess, að koma málinu fyrir kattarnef; h. þm. hafa látið sjer þá aðferðina vel líka, en mjer sýnist að hitt hefði þó verið miklu ærlegra, að greiða hreint og beint atkvæði á móti því, en að fara þessar krókagötur.

Mjer fannst h. 2. þm. Árn. (Þ. G.) finna málinu það til foráttu, að það mætti kallast 2. stóra málið; jeg var ekki mikill vinur þess máls, sem þetta var nefnt á síðasta þingi, en mjer er ekki svo illa við nafnið, að jeg þarfyrir ekki vilji samþykkja þetta frumv.; eða skyldi þingið aldrei mega fjalla um annað en smámál? Í raun rjettri er þetta mál miklu stærra en það í fyrra, af miklu meiri gagnsemi fyrir landið, og að sama skapi rjettthærra og skynsamlegra; þess vegna hlýtur það að vera ætlunarverk landssjóðs að styrkja það, og það því fremur, sem það kemur landinu í heild sinni að liði, en ekki að eins einu einstöku hjeraði.

Eg var búinn að hugsa mjer að fara nokkrum orðum um þær athugas., sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) kom fram með viðvíkjandi gufubátaferðum o. fl., en af því að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir svarað því rækilega, þá ætla jeg að

sleppa því, en óviðkunnanlegt er það, að lesa það upp í heyranda hljóði, sem á að vera heimulegt.

En aðalkosturinn, sem mjer finnst vera við það að kaupa gufuskip, er sá, að þar með er hafin sú stefna, sem á að komast hjer á, sú stefna að landssjóður eigi öll samgöngufæri. Hún hefir ekki verið ofarlega á dagskrá hjer til þessa, en hún á að ryðja sjer til rúms, hún á að verða aðalgrundvallarreglan; sú stefna er að ryðja sjer til rúms í útlöndum, og verður æ því fastari sem lengra líður. Eg fyrir mitt leyti vildi að við keyptum langt um meira, gufubáta líka, en af því jeg sje að þingdm. eru ekki svoleiðis »stemdir« í þetta sinn, þá læt jeg mjer nægja þetta eina skip, og mjer þykir sjerstaklega vænt um að við fáum farstjóra, því það vísar til samgöngustjóra, manns, sem hefir völd og ráð yfir öllum okkar samgöngum, og það mun sannast að það er takmarkið sem vjer eigum að keppa að.

Jón Jensson: Það er mín von, að þetta mál verði lengur á dagskrá hjá þinginu en í dag og einu sinni til. Jeg ætla samt nú þegar að láta í ljós mína skoðun á þessu frumv., sem hjer liggur fyrir.

Jeg er samdóma h. samgöngunefnd í því, að ekki sje rjett að horfa í kostnaðinn, þegar um samgöngubætur er að ræða; jeg hef áður verið með stóru fyrirtæki hjer á þinginu í þessa átt, og yrði það enn, þó því að eins, að jeg áliti það vera vel stofnað, og sjerstaklega rjett leið farin.

Þetta frumv. stefnir að því að ráða bót á einum anmarka á samgöngum vorum. Menn eru sáróánægðir með skipaferðirnar eins og þær hafa verið hingað til; og nú þykir eina ráðið að þing og þjóð hafi þar öll tökin. Jeg er fyllilega samþykkur h. samgöngumálanefnd í því, að þetta er bezta ráðið til góðra samgöngubóta í þessa átt, að vjer höfum full ráð yfir því skipi, er til ferðanna er ætlað.

En nú sýnast mjer 2 leiðir vera fyrir hendi ekki fullkomlega jafngóðar. Hin fyrri er sú, sem samgöngumálanefndin valdi, að gerast skipseigandi, hin önnur að verða skipsráðandi að eins; en þetta er sitt hvað. Það er mikill vandi á því að vera skipseigandi, og jeg skil ekki hvaða ástæða er til að ráðast í það, ef menn geta náð því marki, sem menn vilja, að hafa fullráð yfir skipaferðunum, án þess. Eptir frumv. á farstjóri að kaupa þetta skip og hafa öll yfirráð yfir því fyrir hönd landstjórnarinnar sem skipseiganda. Jeg efast um að hægt sje að fá mann, sem geti álitizt í alla staði hæfur til þessa, og fyllilega staðið í svo vandasamri stöðu; langtum auðveldara er að fá hæfan mann til að stýra skipaferðunum. Áhættan er svo margvísleg, ef um skipkaup er að ræða, að vjer eigum helzt að forðast hana.

Ef vjer aptur á móti leigjum skip — og það mun fullt eins auðvelt og að kaupa —, leggjum vjer allan vandann og ábyrgðina á skipseigninni, viðgerðum á skipinu og tryggingu, og yfir höfuð alla áhættuna af óhöppum, sem fyrir kunna að koma, á herðar manni, sem er fær um að bera þetta, og þekkir allt sem hjer að lýtur; auðvitað mundi skipseigandinn vera ríkur útlendingur, sem hefði mörg skip til umráða, og gæti, ef þessu skipi hlekktist á, sent annað í staðinn, eða, ef um viðgerð væri að ræða, og annað þvílíkt, mundi hann hafa nóga kunnuga menn sjer til hjálpar, og gæti haft gát á, svo hann ekki yrði fyrir vanþekking sína og ókunnugleik í þeim sökum harðar úti en þörf væri á, og ætti að vera. Vjer aptur á móti getum ekki haft mikla

von um að komast út úr slíkum óhöppum eða vanda, með því mannvali, sem vjer höfum kost á. Þar að auki er einn aðalgalli við það að eiga skip, eins og frumv. fer fram á, að þá hlýtur farstjórinn nauðsynlega að hafa alveg frjálsar hendur, og leyfi til að fara í landssjóðinn eptir vild sinni, til þess að geta gjört skipið svo út að það sje allt af vel sjófært; annars, ef hendur hans eru bundnar, getur svo farið, að hann ekki hafi nóg fje til umráða, til þess að búa skipið svo út, sem þarf, eða til ófyrirsjáanlegra ef til vill mjög kostnaðarsamra viðgerða á því, eða jafnvel til að fá nýtt skip útvegað, ef hið keypta færist. Með öðrum orðum: Ef vjer kaupum skip, verður fjárveitingin til þess að vera ótakmörkuð. Ekki er hægt að sjá fyrir í hve mikinn vanda vjer stofnum oss með þessu, og í hve stór fjárframlög, en óhjákvæmilegt er að farstjórinn hafi óbundnar hendur. Í lögunum er ákveðið að veita skuli til skipsútgerðarinnar á hverjum fjárlögum. Það yrði að eins vera áætluð eða »kalkulatorisk« fjárveiting, en eins og jeg hefi tekið fram, stæði mjög mikil hætta af slíkri fjárveiting, þegar eins stæði á og hjer er ætlazt til, að útgjöldin geta gleypt allt, ef illa fer. Maður gæti sagt, að það mætti bæta frumv. með því, að leyfa stjórninni að borga út svo mikla upphæð sem henni sýndist rjett, en það dygði ekki að leggja það band á, því að skipið á að geta gengið skilyrðislaust eptir áætlun sinni.

Þetta er aðalókosturinn við skipakaupin, að ómögulegt er að sjá fyrir hve hár kostnaðurinn verður, og engin takmörk hægt að setja hjer; þetta er í mínum augum stór galli.

Aptur á móti, ef vjer leigjum skip, þannig að eigandinn sjái um að það sje allt af sjófært, og útvegi annað skip í staðinn, ef þetta laskast, þá getur fjárveitingin til samþönguþarfa verið fast ákveðin, sem í mínum augum er stórmikill kostur.

Þegar jeg því jafna þessum tveim liðum saman, get jeg ekki betur sjeð, en að sú leiðin, að leigja skip, sje heppilegri; þar er áhættan engin, og vjer fáum það, sem vjer erum að keppa að, að ráða fullkomlega yfir ferðum skipsins; vjer þurfum engan að spyrja að því, hvert vjer látum þetta skip fara, nje hvernig.

Það hefir verið sagt hjer í h. deild, að í öðrum löndum væri það al-títt, að þjóðirnar ættu skip, stjórnarskip, og allt færi þar vel þrátt fyrir það; en vjer getum ekki í þessu atriði borið oss saman við önnur lönd, af því vjer höfum ekki líka stjórn og þau; jeg veit að margir h. þingm. í samgöngumálanefndinni munu kannast við það, að þeir álíta ekki, að stjórn vor sje eins og hún á að vera, og trúa henni ekki fyrir því vandaverki, að vera sinn ráðsmaður í þessu efni. (*Sk. Th.*: Það er heyrt). En jeg vil bæta því við, að við eigum heldur ekki völ á prívatmönnum, sem jeg treysti til að gjöra að ráðsmönnum okkar í þessu efni, og það hjer um bil alveg einvöldum ráðsmönnum yfir öllu landsins fje.

Að svo stöddu skal jeg ekki fara lengra út í þetta mál. Að eins vil jeg minnast á eitt atriði enn. Það hefir verið talinn ókostur við að leigja skip, og sem gerði þá aðferð óbrúklega, að ef svo færi, að hið sameinaða gufuskipafjelag keppti um ferðirnar við okkar leiguskip, svo að flutningsgjald og farmgjald fjelli niður úr öllu valdi, og skipsútgerð okkar ekki gæti borið sig, að þá mundum við, sem menn segja, verða lausari á svellinu með að halda ferðunum áfram, heldur en ef við hefðum keypt okkur skip. Mjer

fyrir mitt leyti sýnist þó þetta þvert á móti vera kostur; vjer erum ekki eins bundnir, ef vjer leigjum skipið; en ef vjer kaupum skip, verðum vjer bundnir við það, og getum ekki losað okkur, þó vjer fegnir vildum; og færi svo, að vjer yrðum neyddir til að selja skipið, mundi ef til vill geta farið svo, að hið sameinaða gufuskipafjelag — af náð — keypti það af okkur fyrir hálfvirði.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þykir leitt að þurfa að tala í þessu máli nú, því jeg verð að játa það, að jeg hef ekki haft nægan tíma til að setja mig inn í málið, svo stórt sem það er, og af þessu hefði jeg helzt viljað að málinu yrði frestað; jeg fór þess á leit við h. nefnd, en fjekk því ekki framgengt.

Jeg verð að líta svo á, sem þetta frumv. sje komið frá 5 flutningsmönnum, en ekki úr nefnd; hjer fylgir ekkert nefndarálit, og þó h. framsögum. (V. G.) kæmi fram með ýmsar tölur í hinni fyrstu ræðu sinni, get jeg ekki látið mjer það nægja; það sem maður heyrir á 2 eða 3 mínútum, gleymist fljótt aptur. Þetta kalla jeg flausturslega meðferð, jafnvel þó um minna mál væri að gera, svo flausturslega, að jeg af þeirri ástæðu einni ekki get gefið frumv. atkv. mitt.

Frumv. var til 1. umr. þann 22. dag þ. m., og til 2. umr. er það nú þann 25., í þessu millibili hafa póstskip og póstar verið að fara, auk annara anna, sem þingm. hafa; þó segja h. flutningsmenn, að nægur tími hafi verið til, að hugsa málið og koma fram með br.till.; einn þingmaður sagði jafnvel, að ekki hefði verið um annað talað en þetta mál nú í nokkra daga; jeg fyrir mitt leyti hef ekki orðið þess var.

Jeg kannast við, að málið sje þess virði, að vera vel athugað; þess vegna get jeg ekki skilið, hvað flutningsm. getur gengið til að þvinga umræðurnar um málið svo ráðrúmslítið áfram, sjerstaklega þegar ekkert nefndarálit hefir komið frá þeim; að nefndarálitið kemur á milli 2. og 3. umr., get jeg ekki látið mjer nægja. Slík meðferð sem þessi á jafn-þýðingarmiklu máli er ófyrirgefanleg, ef deildin lætur neyða sig til að flaustra því af á svona stuttum tíma.

Af þessari ástæðu ætla jeg mjer, að stinga upp á, að umræðum um málið verði frestað til mánudags, svo að nefndin geti komið fram með sitt nefndarálit, ásamt áætlun yfir kostnaðinn af skipsútgerðinni og ferða-áætlun, og svo þingmenn geti komið fram með br.till. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo minnugur, að jeg muni áætlun h. framsögum. (V. G.), er hann las upp við fyrstu umr., og þó jeg heyrði hana aptur nú í dag, þá er jeg ekki maður til þess, að leggja tölur saman í lausu lopti; slíkt verða menn að hafa fyrir sjer á prentuðum skjölum, svo að menn á milli þingfundanna geti hugsað um það. Jeg álít þetta mál svo gott, að ekki sje vert að hrapa að því; með slíkri aðferð hættir þingið virðingu sinni.

Um sjálft málið hef jeg fátt að segja. Jeg játa, að samgöngumál vor þurfa að komast í nýtt horf; vjer þurfum að setja nýja hreyfingu á okkar samgöngupólitik, því þær samgöngur, er vjer höfum nú, eru ekki fullnægjandi; að svo miklu leyti er jeg h. flutningsm. samdóma.

En stígum vjer svo stórt eða hyggilegt spor í áttina með því að kaupa skip? — Jeg mundi álíta heppilegra að eins að leigja. Þá er aðgætandi, að ef vjer kaupum skip, verðum vjer að snara út á einu ári, með eins árs útgerðarkostnaði, yfir 400,000 kr. — Það er í sjálfu sjer ekki mikil upphæð, ef mikið fæst fyrir hana —; fyrir þetta fje fæst eitt skip, en hve mikið er hægt

að geŕa með einu skipi? Getur það fullnægt samgönguþörf vorri? Jeg er sannfærður um, að það gæti ekki einu sinni veitt oss jafn-góðar ferðir og þær sem vjer nú höfum. Nú getum við eins búizt við, að hið sameinaða gufuskipafjelag hætti við strandferðirnar og haldi að eins áfram millilandaferðunum; þá mundi þetta eina skip ekki geta fullnægt þörfum okkar, og af því leiddi, að landsmenn yrðu með skipaferðirnar eins óánægðir eptir sem áður. Annað er líka hugsanlegt, að hið sameinaða gufuskipafjelag hjeldi áfram strandferðunum, og reyndi að eyðileggja ferðir landsgufuskipsins; afleiðingarnar af því yrðu, að vjer í 1—2 ár fengjum, sökum samkeppninnar, miklar og ódýrar gufuskipaferðir, en annars vegar mundum vjer skaðast á skipsútgerðinni, líka mundi hið sameinaða gufuskipafjelag tapa á sínum ferðum. Nú er það sannfæring mín, að ef hið sameinaða gufuskipafjelag á annað borð legði sig í þessa samkeppni — og það væri ekki nýtt fyrir því fjelagi — þá mundi það ekki horfa í að kasta út til þess 100—200 þús. kr. á ári; en ef hinar innlendu skipaferðir kostuðu á hverju ári, í mörg ár, álíka upphæð, og landsmenn sköðuðust á þeim árlega frá 70—100 þús. kr., þá er jeg hræddur um, að þeir yrðu leiðir á ferðunum, og deigir til að halda þeim lengur áfram, og þá stæðum vjer sem skipseigendur ver að vígi, því vjer ættum á hættu, ekki að eins að missa renturnar af skipsverðinu, heldur einnig nokkuð af höfuðstólnum.

Jeg skildi ekki vel þau orð h. framsögum. (Valt. G.): »að löggjafarvaldið hefði í hendi sjer að útiloka samkeppni«. Með hverju? Er það með lestargjaldi á skipi hins sameinaða gufuskipafjelags, eða með því að tolla þær vörur, sem þau flyttu? Afleiðingin af þessu yrði hækkun á öllum farmtökstum; en það get jeg fullvissað h. flutningsm. um, að ef slíkt kæmist á með lögum, mundu þeir, er farmtakstana nota, ekki verða ánægðir, hvorki með ferðir hins sameinaða gufuskipafjelags nje landsgufuskipsins.

Jeg hef heyrt það gefið í skyn, að hið sameinaða gufuskipafjelag mundi ekki sjá sjer fært, að keppa við heilt land eða heila þjóð, ef lagt væri út í hlífðarlausa samkeppni, þannig að vjer neyddumst til að halda innlendum ferðum áfram; jeg held að hið sameinaða gufuskipafjelag munaði minna um, að kasta út 100—200 þús. kr. á ári, en oss um að leggja út allt að þriðjungi af árstekjum landsins; færi svo, er jeg hræddur um, að nauðsynlegt yrði fyrir oss, að draga saman seglin sumstaðar, þar sem um nauðsynleg fyrirtæki væri að ræða. Jeg segi ekki, að þetta komi fyrir, en það gæti farið svo, og mjer sýnist ekki hyggilegt, að eiga þetta á hættu.

Þess vegna er jeg á því, að það sje hyggilegra að leigja skip, þó að það kosti meira í svipinn: þá er áhættan minni, en gagnið jafnt: það er ný stefna í samgöngumálunum um hin næstu 2 ár, engu síður en þó að keypt sje skipið.

Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að jeg get ekki skilið, hvers vegna stjórnin í Danmörku, sem hlýtur að hafa sjeð, að bættar samgöngur er okkar lífsspursmál, ekki hefir tekið málið í sínar hendur og sjeð um, að fyrir þinginu lægi aðgengileg tilboð um skipaferðir. Þess vegna erum vjer nú staddir í þessum vanda, með þetta frumv. í höndum, sem vjer verðum að játa, að er neyðarkostur að ganga að, og sem engum getur blandazt hugur um, að liggi veruleg áhætta í fyrir landið og landssjóðinn og alla þjóðina í heild sinni. Jeg álít, að undir þessum

kringumstæðum sje heppilegast að hraða málinu; sjerstaklega er það óheppilegt að reka málið áfram, ef tilgangur nefndarinnar með því er sá, að láta deildina hafa bundið hendur sínar þegar aðgengileg tilboð kunna að koma, sem vel getur orðið síðar á þinginu; með því get jeg ekki verið.

Jeg sný að því aptur, sem jeg hefi sagt: það er til mikils skaða fyrir málið, að flaustra því svona af. Hjer vanta áreiðanlegar áætlanir um útgerðarkostnaðinn og ferðaáætlun skipsins; svo vantar skýrslu um það, hvort þetta — að kaupa eitt skip — geti álitizt verulega fullnægjandi bót á samgöngum vorum, því það er aðalástæðan eða skilyrðið fyrir því, að frumv. sje aðgengilegt.

Jeg legg lítið upp úr brigzlum 2 h. þm. yfir 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) og h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að þeir beittu hreppapólitík, og að þeir, af því að í sínum landsfjórðungi hefðu þeir fengið töluverðar samgöngubætur, vildu ekki unna öðrum landsfjórðungum þess sama. Þetta gerir ekki annað en æsa illt blóð upp í mönnum, en gagnar ekkert málinu. Hjer er líka ólíku saman að jafna; það sem þessi hjeruð hafa fengið til brúa- og vegagjörða úr landssjóði hefir skipzt á mörg fjárhagstímabil, en hjer á að leggja út eins mikla upphæð í einu, til skipkaupa, og á því er mikill munur. Einnig mætti reikna það með, ef menn á annað borð vilja fara í samjöfnuð, að frá því fyrsta og þangað til nú hefir verið kastað út mörgum þúsundum, jafnvel milj. kr., til gufuskipaferða kring um landið, sem austursýslurnar hafa haft lítil sem engin not af.

Mjer finnst menn eigi ekki að metast um slíkt; jeg hef heyrt sagt, að menn væru þingmenn alls landsins, og því ættu brigzlyrði í þessa átt ekki að eiga sjer stað.

Landshöfðingi: Jeg ætlaði mjer ekki »á þessu stigi málsins«, eins og menn segja, að láta álit mitt í ljósi á þessu máli, en af því, að jeg hefi heyrt, að einn h. þingdm. hafi, áður en jeg kom inn í salinn, óskað, að jeg segði álit mitt um þetta mál, þá vil jeg ekki alveg skorast undan því, en jeg verð að taka það fram strax, að mjer finnst vanta nægа undirstöðu að byggja á í þessu máli, því jeg hef ekki heyrt, hvernig h. uppástungumenn hafa hugsað sjer að koma ferðum skipsins fyrir, nje heldur sjeð áætlun þeirra um gjöld og tekjur skipsins.

Jeg get fyllilega skilið, að bæði þingmenn og landsmenn yfir höfuð að tala sjeu óánægðir með það fyrirkomulag, sem nú er á samgöngum vorum við útlönd og hafna á milli innanlands, og mjer finnst það mjög náttúrlegt og virðingarvert af þinginu, að vilja kippa þessu ólagi í lag. Jeg þykist hafa orðið þess var, að margir hafi helzt óskað, að tilboð hefðu legið fyrir þinginu frá fjelögum eða einstökum mönnum, innlendum eða útlendum, sem það hefði getað gjört samning við um að taka að sjer þessar ferðir gegn því, að landssjóður legði til ákveðið fje, en útgerðarmaður hefði alla ábyrgð á, hvernig fyrirtækið borgaði sig, og þetta er það fyrirkomulag, sem jeg fyrir mitt leyti hefði álitið ákjósanlegast. En nú var ekki því að heilsa, eptir því, sem h. framsögumaður samgöngumálanefndarinnar (V. G.) hefir tekið fram, að nein slík aðgengileg tilboð lægi fyrir; og því sýndist ekki annar vegur fyrir hendi, en að þingið tæki málið í sínar hendur og reyndi á kostnað landssjóðs að koma ferðunum milli Íslands og útlanda í betra horf. Um þetta virðist mjer allir vera samdóma; en það, sem menn greinir á um, er þetta: Á að kaupa skip eða leigja skip til þessara ferða?

Jeg er á þeirri skoðun, að þingið ætti ekki að stíga stærra spor en ýtrast er nauðsynlegt til þess að bæta úr samgönguólaginu. Jeg hefi ekki getað sannfærzt, hvorki af umræðum manna hjer í deildinni nje af viðræðu við menn utan þings, um það, að fremur eigi að kaupa skip en leigja. Það hefir verið tekið fram móti því að leigja skip, að gufuskipafjelagið danska mundi með gífurlegri samkeppni kreppa svo mjög að landssjóði, að hann yrði að hætta að halda skipi úti þegar eptir tvö ár. Jeg er náttúrlega ekki meiri spámaður en þeir, sem halda þessu fram, en ekki hefi jeg mikla trú á því, að gufuskipafjelagið fari að hleypa sjer í þessa samkeppni, því, eptir því sem mjer hefir skilizt, á landssjóðsskipið ekki að keppa við gufuskipafjelagið um þær ferðir, sem fjelagið álítur arðsamastar fyrir sig, en það eru ferðirnar milli Kaupmannahafnar og Færeyja. Þegar fjelagið er látið halda þessum augasteini sínu, án þess að snert sje við honum, þá þarf varla að óttast þessa samkeppni. Jeg get líka getið þess, að mjer hefir helzt skilizt á forstjóra gufuskipafjelagsins, herra Normann, að fjelaginu væri ekki fast í hendi með aðrar ferðir milli Íslands og Danmerkur en þær, sem kostaðar væru af ríkisfje.

Mjer hefir helzt skilizt á h. framsm. samgöngumálanefndarinnar, að landssjóðsskipið ætti einkum að fara milli Íslands og Englands eða Skotlands; þá er þar með gefið, að ekki þarf að myndast svo sem nein samkeppni við gufuskipafjelagið, sem heldur uppi ferðunum milli Íslands og Danmerkur. En að fjelagið fari að reyna að spilla fyrsamgöngubótum vorum, þegar þær ekki koma í bága við hagsmuni þess, það þykir mjer næsta ótrúlegt. Jeg ímynda mjer að gufuskipafjelagið danska færi ekki að gjöra oss neitt erfitt að halda skipi úti til þessara ferða, og að við getum fyrir því fengið að ráða fargjaldi, flutningsgjaldi o. s. frv., eins og við viljum. En ef samkeppni er ekki að óttast, þá skil jeg ekki, hvers vegna landssjóður á fremur að fara að kaupa skip en leigja. Það er búið að taka það svo ýtarlega fram, og nú síðast af h. þm. V-Sk. (Guðl. G.), að jeg skil ekki annað en að flestir h. þingdm. hljóti að geta sannfærzt um, að aðgengilegra og áhættuminna sje að leigja skip en kaupa það. Og ef menn geta keypt skip, hvers vegna skyldu menn þá ekki eins geta fengið skip leigt? Jeg hefi opt heyrt, að hægt sje að fá ekki einungis keypt, heldur og leigð skip, sem verið hafi farþegaskip milli landa. Það er opt, að gufuskipalínur, sem svo eru nefndar, verða að hætta, og eru þá skip línunnar optast seld eða leigð.

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram og af því að jeg álít, að þingið eigi að ráða mestu um þetta mál, mun jeg geta lagt með því, að skipið verði tekið á leigu á kostnað landssjóðs, fyrst um sinn til næstu tveggja ára. Þetta er aðalkjarni málsins, en svo eru ýms ákvæði í sjálfu frumv., sem jeg álít að þurfi lagfæringar við.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að skip það, er landssjóður gjöri út, skuli «sigla milli Íslands og útlanda og kring um strendur landsins, samkvæmt ferðaáætlun, er alþingi samþykkir».

Jeg held að alþingi sje þegar búið að reyna sig nægilega á því að semja slíkar áætlanir, og að ekki sje heppilegt, að það haldi því áfram. Sjerstaklega væri það þó óheppilegt nú, á alþingi 1895, að fara að semja ferðaáætlun, er sje bindandi fyrir ferðir, sem fara á árin 1896 og 1897, því enn eru hvorki ráðnir farstjóri eða gæzlustjór-

ar, sem þó eiga að hafa svo mikið að segja í þessu efni. Það er einmitt farstjórinn, sem ætti að semja áætlunina og ráða mestu um ferðir og tilhögun skipsins, að minnsta kosti fyrst í stað. Ef nú þingið sendi áætlun áður en farstjóri er ráðinn, og hún svo eptir á, að áliti farstjóra, sem vit hefði á þessum málum, væri óhæfileg, þá er ekki víst að hæfur farstjóri fengist.

Þá tæ jeg ekki betur sjeð, en að þessir fargæzlumenn sjeu ónauðsynlegir. Þeir eiga sjálfsagt að vera eitthvað í líkingu við gæzlustjóra bankans. Þeir eiga að halda í eyrun á farstjóranum, sjá um að hann fari ekki ráðlauslega með það, sem honum er trúað fyrir; en hvernig þeir eiga að fara að því, að halda í hemilinn á farstjóranum í öllu tilliti, get jeg ekki skilið, því flesta samninga og mest umvarðandi verður farstjóri þó að gjöra í útlöndum; þannig á hann eptir 7. gr. að ráða skipverja, og það verður hann, meðal annars, að gjöra í útlöndum. Eins hefir verið talað um, að skipið ætti að fara inn í Eystrasalt, til Spánar, Ítalíu og kannske víðar. Samningar um vöruflutninga á slíkum ferðum verða líka að gjörast í útlöndum. En fargæzlumenn geta þó ekki verið alstaðar í hælunum á farstjóranum.

Það mun sjerstaklega hafa vakað fyrir þinginu, að það gæti gegnum fargæzlumennina kosið farstjórann, en þess ber að gæta, að þingið hefur löggjafarvald, en ekki framkvæmdarvald, og því á það ekki við, að þingið þannig óbeinlínis skipi þennan starfsmann.

Aptur eru aðrir starfsmenn, sem eru alveg nauðsynlegir við það fyrirtæki, sem hjer ræðir um. Það eru endurskoðunarmenn á reikningum skipsins, sem jafnframt hafi umsjón og eptirlit með aðgjörðum farstjóra. Jeg álít að farstjóri eigi að bera fulla ábyrgð á öllum sínum gjörðum og eigi því að hafa sem óbundnastar hendur. Í 8. gr. stendur, að reikninga farstjóra skuli endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra landssjóðsreikninga, en bæði álít jeg, að þetta yrði svo mikið verk, að endurskoðunarmaður landsreikninganna hlyti að fá fyrir það sjerstaka þóknun, og á hinn bóginn álít jeg, að sá maður, sem hefði þessa endurskoðun á hendi, þyrfti að hafa sjerstaka þekkingu, vera verzlunarfróður og siglingafróður maður, því hann þyrfti að geta dæmt um, hvort farstjóri hefði farið hyggilega að ráði sínu, gjört hyggilega samninga o. s. frv. Þessum manni ætti því að ákveða góð laun, svo til þess fengist vel hæfur maður.

Þetta er hið helzta, sem jeg hefi að athuga við ákvæði frv. og umræður manna um málið, en aðalkjarni þess er það, hvort heldur eigi að leigja skip eða kaupa, og í því efni er jeg eindregið með því, að hyggilegra sje að að leigja.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsm. (V. G.) minntist á ræðu þá, jeg sem hjelt í þessu máli, með hógværum orðum. Hann var mjer ekki samdóma um fargæzlumannalaunin; honum þóttu þeir nóg launaðir með 600 kr., því að störf þeirra mundu eigi verða mikil nje vandasöm. Jeg skal ekki deila um þetta við h. þm. (V. G.), enda verð jeg að játa það, að jeg ber ekki fullt skyn á það; en svo mikið þykist jeg þó sjá að ekki muni verða gott að sjá fyr en til framkvæmdanna kemur, hvað mikil eða lítil störf þeirra muni verða. Eitt er og auðsjeð: það má ekki velja þá af handahófi, það þarf mjög að vanda kosningu þeirra, ef nokkur veruleg trygging á að vera að þeim. Í 4. gr. frumv. stendur svo: »kaup á skipinu og útgerð þess skal falin á hendur farstjóra með yfirumsjón far-

gæzlustjóra. Nú gjöri jeg ráð fyrir að skipið verði keypt í útlöndum, og að fargæzlustjórarnir verði þar að vera við hlið farstjóra þegar kaupin fara fram, því að þeir eru eins og settir til höfuðs honum. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um ræðu h. framsm. (V. G.), en tek það aptur upp, að hann fór með hógværð og stillingu orðum um ræðu mína, enda þóttist jeg stilla þannig orðum, að jeg ætti ekki annað skilið. Eigi að síður þótti mjer hógværðin fara nokkuð út um þúfur, þegar h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók til máls. Hann hefir annaðhvort aldrei skilið orð mín eða þau hafa umhverfzt í huga hans. Jeg held að jeg eigi alls eigi skilið það hnútukast að jeg sje persónulega á móti þessu máli af því, að vjer Sunnlendingar sjeum búnir að fá svo mikið fje til vegagjörðar og brúa. Það kom ekkert fram í orðum mínum, sem gæti rjettlætt slíkar hnútur. Jeg hjelt því aldrei fram að oss vantaði fje til að kaupa skip fyrir; en jeg benti á að frv. væri í ýmsu ófullkomið, og að jeg teldi það ráðlegra, að byrja með því að leigja skip en að kaupa. Þessi h. þm. (Kl. J.) byrjaði herhlaupið, en svo renndu fleiri í sama farið. En það vill svo vel til að jeg hefi fáu aðsvara; h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir tekið það ómak af mjer; þó skal jeg taka það fram, að ef á að fara út í þessa hreppapólitík, þá ætti líka að taka með í reikninginn, svo að hann verði rjettur og ekki þurfi að gjöra hann upp aptur, allt það sem veitt hefir verið til strandferða frá því þær hófust. H. þm. Strandam. (Guðj. G.) sagði, að jeg hefði talið þessu máli til foráttu, að það væri líkt stóra málinu, svo kallaða. Vona skal jeg að það sje byggt á staðbetri grundvelli en það mál var, og verði endingarbetra, en h. þm. Strandm. (Guðj. G.) hefði getað sparað í þetta sinn hnútu til mín, því það sem jeg minntist á stóra málið, svo kallaða, var einungis það, að framsögum. hefir í upphafi framsögu sinnar gert það rjett að minnast á stóra málið í sambandi við þetta mál.

Það er næsta undarlegt, þegar um stór mál er að ræða, að etja slíku kappi í meðferð þeirra, sem hjer virðist gjört; það er að eins til að koma illu blóði inn hjá mönnum

Það hefir nú komið í ljós að fleirum en okkur 1. þm. Rangv. (S. Á.) finnst ekki vanþörf á að skipa nefnd í málið eða fresta því. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði að nefndin mundi fúslega taka öllum góðum bendingum, og þá vona jeg að hún taki líka þeirri bendingu, að fresta umræðunni um málið, en neyði engan með ofurkappi sínu til að greiða atkvæði gegn því.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að segja, að fylgismenn máls þessa hafa neytt mig til að tala fáein orð. Jeg er nú búinn að sitja æði lengi hjer á þingi, en aldrei hef jeg heyrt beint öðrum eins ósannindum að mjer og í dag, þar sem einn af fylgismönnum málsins sagði, að jeg vildi ekkert gjöra fyrir það. Jeg vona að h. d. kannist við að jeg ljet mjer aldrei slík orð um munn fara, og að það sje ekki rjett að bera mjer það á brýn, að jeg vilji ekkert gjöra nema fyrir mín hjeruð, þar berjist jeg við að ná fje úr landssjóði til vegagjörða og brúa. En hver var nú munurinn á því sem jeg lagði til í þessu máli og forgöngumenn þess? Ekki annar en sá, að jeg legg það til að skipið sje leigt, en þeir vilja kaupa það. Og þó dirfast þeir að segja að jeg vilji ekkert gjöra. Jeg veit ekki hvað er ósannindi, ef ekki þetta. Það er ekki hyggilegt, þegar um stórmál er að ræða, að láta slík orð hrjóta til manna; það spillir fyrir samvinnunni

og jafnvel fyrir framgangi málanna sjálfra.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir svarað öðrum skeytum, sem til mín voru send og okkar sunnlendinga, út af brúargjörðum á suðurlandi og fjárupphæðum þeim, sem til þeirra hafa gengið. Jeg skal að eins bæta því við, að þessum reikningsglöggu mönnum gleymdist, þegar þeir voru að telja upp þúsundin, sem til vor sunnlendinga hafa runnið, að geta þess, að á sjálfu suðuramtinu hvíla 10,000 kr. af kostnaðinum við Ölfusárbrúna, og aðrar 10,000 kr. á sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu, alls 20,000 kr. Þetta sýnir, hvað vandvirkir sumir geta verið, þegar þeir eru að reyna að slá einhvern af laginu.

Jeg stóð annars ekki upp til að lengja umr., heldur aðallega til þess að hrinda af mjer ósönnum áburði. Jeg skal enn taka það fram, að jeg er ekki móti málinu í sjálfu sjer, heldur með því, en jeg vil ganga aðra leið; jeg vil byrja á því að leigja skip, jeg álít það hættuminna en að leggja út í það að kaupa skipið. Munurinn er sá, að ef vjer kaupum skip, þá verðum vjer að leggja úr landssjóði allt kaupverðið, en ef vjer leigjum það, þá að eins skipsleiguna, og er þetta ekki lítill áhættumunur, ef illa fer. Jeg vona að forgöngumenn málsins sjái, að eins hagfelt muni vera fyrir það, að fara dálítið hægra en gjört hefir verið á þessu stigi málsins, og beita minna kappi. Helzt vildi jeg óska að nefnd væri skipuð til að íhuga það, eða að minnsta kosti að umræðu um það yrði frestað. Jeg tek það fram, að jeg vil ekki vera neyddur til að greiða atkvæði móti frumv., á meðan jeg get ekki verið nokkurnveginn viss um að önnur leið verði fundin, sem uppfylli óskir manna.

Þórður Guðmundsson: Jeg hef ekki tafið tímann með að tala í þessu máli. Jeg get eigi orða bundizt um það, að eigi er skemmtilegt að vita til þess, að beztu málum sje spillt með áköfum umr. og hnútuköstum. Reyndar þarf jeg ekki að bera blak af sjálfum mjer, því að jeg hef hvorki talað í málinu hingað til nje fengið neinar beinar hnútusendingar. Það var tekið fram við 1. umr., að þetta væru seinustu úrræði, sem hjer væri gripið til. Mjer þykir það undarlegt, ef enginn vegur er annar en frumv.vegurinn til að fá samgöngurnar bættar. Jeg skal undir eins geta þess, að jeg er eindregið með því, að fá samgöngurnar á sjó bættar, og jeg er með þessu frumv. að því leyti, sem í því er stigið spor í þá átt; en jeg get ekki álitið, að hjer sje stillilega og gætilega farið, þar sem á að þröngva mönnum óviðbúnum, að greiða atkv. um annað eins stórmál eptir jafnstuttan meðhöndlunartíma. Það hefir verið kastað fram af ýmsum, hvaða blett þingið setti á sig, ef það samþ. ekki frumv. þetta, og h. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að þingið hlyti að hafa vanvirðu af því, að samþ. það ekki. Slík slagorð hafa heyrzt áður; þau fjellu hjer í deildinni í stóra málinu í fyrra, en jeg held að bæði h. þm. Strand. (Guðj. G.) og aðrir h. þm. geti staðið upprjettir fyrir þeiri vanvirðu, að hafa ekki samþykkt það, og eins mun hjer reynast, þótt eigi verði það samþykkt í dag. Ef á að knýja málið svo fast áfram, að hvorki fáist að nefnd sje skipuð í því nje að umr. sje frestað, þá get jeg ekki greitt atkvæði með því eins og það nú er; jeg segi ekkert um, hvað jeg kann seinna að geta. Jeg tek það fram, að jeg álít málið mikilsvert, en jafnframt mjög athugavert, svo að ekki dugi að hraða því; jeg segi fyrir mig, að jeg vildi geta gjört mjer gleggri grein fyrir því áður en jeg greiði atkvæði í því, en jeg hef enn

getað gjört, og svo ímynda jeg mjer að fleiri þingdm. sjeu.

Skal jeg svo ekki tefja tímann, enda held jeg að ekki sje mikið gagn að þessum löngu umr. hjeðan af á þessum fundi, og byggi jeg það á því, hvað lítið málið sjálft hefir skýrzt fyrir mjer af flestum ræðunum, sem haldnar hafa verið í dag.

Þegar hjer var komið umr. var með 14 samhlj. atkv. samþ. að fresta umr. um þetta mál til laugardags.

Tuttugasti og annar fundur, föstudaginn 26. júlí kl. 12. á hád. Allir á fundi hinir sögu og áður, nema þm. Vestm. (Valtýr Guðmundsson), er tjáð hafði forföll sín.

Frumv. til laga um hagfræðisskýrslur (C. 59, 142); 2. umr.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Jeg leyfði mjer við frh. 1. umr. þessa máls, að vísa til nefndarálitsins, og finn enga sjerstaka ástæðu til að fara frekari orðum um það nú. Jeg ímynda mjer að breyt.till. nefndarinnar sjeu svo skýrar og ljósar, að þær þurfi engrar sjerstakrar skýringar við. Breytingar nefndarinnar miða allar til þess, að láta landstjórnina hafa sem óbundnastar hendur, svo að hún geti haft fyrirkomulag skýrslnanna svo haganlegt, sem reynslan sýnir að bezt er.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 5. gr. frumv., að felld verði úr orðin: »á undantörnu ári«, þá skal jeg sjerstaklega geta þess, að sú breyting stafar sjerstaklega af því, að nefndin álítur, að heppilegast sje, bæði til þess að íþyngja eigi skýrslugefendum frekar en nauðsynlegt er, og til þess að tryggja áreiðanleik skýrslnanna og eptirlitið með rjettleik þeirra, að verzlunarskýrslurnar verði heimtaðar og gefnar eins eptirleiðis og hingað til, af hverju einstöku skipi fyrir sig, en ekki eins og frv. gjörir ráð fyrir, að þær sjeu heimtaðar af kaupmönnum einu sinni á ári fyrir allan út- og innflutning á því ári, enda gæti ekki sú regla staðizt að því lausakaupmenn og aðra snertir, þá er eiga hjer eigi fasta dvöl yfir árið.

Klemens Jónsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. frumv. Það er sjálfsagt gáleysi nefndarinnar, að breyt.till. hefir orðið heldur stutt: fyrir »skepnuhöld« komi: »fjenað«, því í frumv. stendur »nokkur skepnuhöld«, svo að breytingin ætti að verða: »nokkurn fjenað«, en þetta má sjálfsagt laga án sjerstakrar breyt.till. (Margir: Já).

ATKV.GR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. í einn hlj. hvor; breyt.till. 1 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; breyt.till. 2 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; breyt.till. 3 á þingskj. 142 samþ. án atkv.gr.; breyt.till. 4 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; 3. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. í e. hlj.; breyt.till. 5 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; breyt.till. 6 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; 4. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj.; breyt.till. 7 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; breyt.till. 8 á þingskj. 142 samþ. í einu hlj.; 5. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj.; 6. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hlj.; 7. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hlj.; breyt.till. 9 á þingskj. 142 samþ. án atkv.gr.; breyt.till. 10 á þingskj. 142 samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 11 á þingskj. 142 samþ. með 19 samhlj. atkv.; 8. gr. frumv. þannig breytt samþ. í einu hlj.; 9. gr. frumv. óbreytt samþ í einu hlj.; breyt.till. 12 á þingskj 142

samþ. með 19 samhlj. atkv.; 10. gr. með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj.; fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu svo vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um stefnur til œðri dóms í skiptamálum (C. 104); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í einu hlj., og sent til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (C. 165, 178); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Það er vegna breyt.till. á þingskj. 178 að jeg stend upp, en jeg þarf ekki að vera langorður, þar eð þessi breyt.till. er í raun-inni hin sama sem felld var við 2. umr. málsins, að eins að borgunin er hjer lægri. Ástæðan til þess að tillagan var felld við 2. umr. mun hafa verið sú, að of langt var farið í hækkuninni, úr 50 aurum upp í upp í 2 kr. Jeg get ekki ímyndað mjer annað en að hin háttv. þingd. sjái, að 50 aur. er ótilhlýðilega lág borgun til áríðandi sýslunarmanns, fyrir verk hans. Slík smásálarborgun getur haft illar afleiðingar, gefið hreppstjórum hvöt til að vanrækja skyldu sína, og skuldaþrjótum ástæðu til að þrjózkast.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd; mig langaði til að fá að vita hvers vegna h. flutningsm. (Guðj. G.) hefir bætt við breyt.till.: »gjaldið greiðir sá er fjárnámið er gjört hjá«. Er það meiningin að hann skuli greiða þetta gjald, hvort sem fjárnámsgjörðin er gild eða hún verður annúlleruð? Annars hefði jeg kunnað betur við, að breyting þessi hefði verið sjerstök grein, því að hún getur valdið ruglingi, þar sem hún nú kemur til að standa, í upphafi 4. gr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki fullkomlega athugasemd hæstv. landshöfðingja. Þessi breyting á orðunum er ekki gjörð í annari meiningu en að fá viðfeldnara orðalag, en alls ekki til þess, að breyta meiningu laganna, enda fæ jeg ekki sjeð annað, en þetta sje alveg hið sama, sem tekið er fram í lögunum af 13. jan. 1882, þar stendur: »Fyrir fjárnámsgjörðir bera hreppstjórum 50 aur. af hverjum, sem fjárnám ter fram hjá«, að eins sagt með öðrum orðum.

Að hinu leytinu sje jeg ekki að það geti valdið neinum ruglingi, þótt þessu sje bætt framan við 4. gr. Þótt þetta ákvæði sje í annari grein í lögum 13. jan. 1882, þá finnst mjer það ekki þurfa að gjöra mikið til, því að jeg sje ekki að greinatala frumv. og laganna frá 1882 þurfi endilega að vera hin sama, enda er það algengt, að greinatölu og greinaskiptingu er breytt í lögum án þess, að það valdi nokkrum ruglingi. Jeg sje því eigi, að þessi athugasemd hæstv. landsh. þurfi að verða breyt.till. til falls.

Jens Pálsson: Jeg vildi að eins taka það fram, að hreppstjórar geta framið mjög margar fjárnámsgjörðir á dag í kauptúnum og sjóplássum, þar sem þjettbýlt er, og þar sem um smágjöld er að ræða, sem ef til vill ekki nema meiru en 20—30 aurum, t. d. orgelgjöld, þá hlýtur að koma fram óeðlileg upphæð, ef laun hreppstjórans eru hækkuð úr 50 aurum upp í 1 krónu fyrir hverja fjárnámsgjörð.

Í öðru lagi er það bert, að það er annað, sem tekið er fram í breyt.till. á þingskjali 178, en það sem stendur í lög. frá 13. jan. 1882; í lögunum er að eins tekið fram, að borgunin fyrir hverja fjárnámsgjörð skuli vera 50 a.,

án þess að ákveðið sje á hverjum borgunin eigi að lenda. Því vildi jeg mælast til, að forseti skipti atkvæðagreiðslunni um breyt.till. þannig, að hann bæri síðari lið hennar, er hljóðar svo: »Gjaldið greiði sá, sem fjárnámið er gjört hjá«, sjerstaklega undir atkvæði.

Halldór Daníelsson: Jeg ætla að eins að segja fáein orð í þessu máli. Jeg er fremur á móti tveimur seinustu greinum frumvarpsins, ekki svo mjög af því, að jeg álíti það ekki í sjálfu sjer rjett, sem greinar þessar fara fram á, þó að mjer sýnist hreppstjórar hafa nú fengið svolitla hugnun, þar sem laun þeirra hafa verið bætt að litlum mun, heldur af því að jeg álít rjettast, að ekkert væri átt við einstök atriði í aukatekjum hreppstjóra, heldur væri þau tekin öll fyrir í einu og endurskoðuð öll í einu. Það eru ýms fleiri atriði, sem breytingar þurfa, t. d. ákvæðin um ferðakostnað stefnuvotta við stefnubirting; hann er ákveðinn 50 aur. fyrir hverja mílu fram og aptur, en jeg þekki mörg dæmi þess, að reikningurinn er settur á 1 krónu, því að þeir reikna eina mílu hvora leið.

Aukatekjureglugjörðin frá 1830 mun að mestu úr lögum numin, og þó er vitnað í hana í lögum 13. jan. 1882 um laun hreppstjóra, og virðist mjer það, að aukatekjur hreppstjóra væru endurskoðaðar, í beinu samræmi við það, að við höfum nú nýlega fengið lög um aukatekjur sýslumanna, og þær aukatekjur, er renna í landssjóð.

Jón Jensson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara fáum orðum um þetta frumv., sjerstaklega breytingartillöguna á þingskj. 178, og gera nokkrar athugasemdir við það. Jeg sje að í breyt.till. er að eins átt við borgun fyrir fjárnámsgerðir, en ekki hreyft við borgun fyrir lögtaksgjörðir. En það er ósamkvæmni eptir því hvernig gjaldið er ákveðið eptir hinni núgildandi lög. gjöf fyrir gjörðir þessar (sbr. lög um lögtak 16. des. 1885), og ef hækkað er gjaldið fyrir fjárnám, er því sjálfsagt, að hækka það fyrir lögtaksgjörðir líka.

Hvað áhrærir 5. gr., þá þykist jeg sjá, að hún er nokkuð ófullkomin. Þar er ákveðið, að gjaldið fyrir skoðun og virðing á lausafje fari eptir fjárhæð gerðarinnar, en þar stendur ekkert um, að virðingarmenn eigi að fá ferðakostnað endurgoldinn; þessi grein á að vera breyting á 8. gr. í lögum frá 13. jan. 1882, en þar er auk gjaldsins fyrir starfið sjálft ákveðið endurgjald fyrir ferðakostnað.

Ákvæði um ferðakostnaðar-endurgjald þarf nauðsynlega að bætast inn í greinina, því að annars verður að líta svo á, sem þeim, er að virðingunni vinna, beri ekkert endurgjald fyrir ferðakostnað, sem þó líklega er ekki meining flutningsm.; ef, sem jeg get mjer til, þessir agnúar eru ekki eptir vilja h. flutningsm., þá væri nauðsynlegt fyrir þá, að fá umr. um málið frestað, en annars væri það helzt ósk mín, að þessi ákvæði um aukatekjur hreppstjóra og fleira, sem verið er að bæta inn í frumv. stjórnarinnar, væru öll felld í burtu og ekkert sett í staðinn.

Málið tekið út af dagskrá eptir ósk flutningsmanna.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum sem hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi (C. 157); 1. umr.

Eiríkur Gíslason: Af skjölum sem liggja á lestrarsalnum viðvíkjandi þessu frumv., sjest, að tekjur Hólmaprestakalls eru ordnar mjög litlar; eptir mats-

gjörð, sem þar er, eru tekjurnar að eins 5—600 kr., þegar búið er að gjalda uppgjafapresti og í landssjóð. Það er því von til, að viðkomandi prestur hafi farið fram á, að þessi útgjöld verði að einhverju leyti minnkuð. En nú eru komnar úr öðrum áttum, frá prestum og prestaköllum, óskir um svipað; í fyrra dag kom frá h. Ed. frumv. er fór fram á breyting á skipun nokkurra prestakalla, og námu þau útgjöld, er það frumvarp hafði í för með sjer, 450 kr. fyrir landssjóð; enn fremur liggja á lestrarsalnum bænarskrár frá tveimur prestum, það er: prestunum í Staðarhrauns- og Miklaholtsprestaköllum, og óska þeir báðir, að árgjöld þau, er greiða ber í landssjóð af þeim prestaköllum, sjeu færð niður að miklum mun. Þessar óskir um breytingu á prestaköllum og árgjöldum brauða eiga rót sína að rekja til prestakallalaganna frá 27. febr. 1880. Þau lög hafa reynzt óvinsæl og óhentug í framkvæmdinni, bæði fyrir söfnuði og presta, eins og sjest á því, að nálega á hverju þingi koma fram óskir um, að þeim lögum sje breytt að einhverju leyti. Eptir þeim lögum eiga, eins og kunnugt er, flest hin tekjumeiri prestaköll að greiða ákveðið árgjald, sem ýmist á að greiðast með afgjöldum fasteigna til hinna fátækari eða tekjuminni prestakalla, eða þá beint í landssjóð í peningum. Þessar peningagreiðslur hafa reynzt prestum mjög erviðar, því að flestir prestar fá lítið af tekjum sínum goldið í peningum, og sumir alls ekki neitt. Auk Hólmaprestakalls munu það vera 11 prestaköll alls, er eiga að greiða ár hvert meiri og minni upphæð í peningum. Það er nú eptirtektarvert, að af þessum 12 brauðum, sem árgjöldum eiga að svara í landssjóð, liggja hjer fyrir óskir frá 5 um að árgjöldin af þeim verði færð niður, atnumin, eða að áfallnar skuldir verði gefnar eptir. Ef þingið fer að sinna þessum óskum og kröfum, þá leiðir af því mikil útgjöld fyrir landssjóð, en hins vegar geta sjerstakar ástæður og sanngirni mælt með því, að þetta sje að einhverju leyti tekið til greina.

Viðvíkjandi þessu prestakalli er farið fram á, að uppgjafaprestinum verði eptirleiðis launað úr landssjóði, og nemur sú upphæð hart nær 600 krónum; enn fremur er í þessu frumvarpi farið fram á það, að presti þeim, er hlut á að máli, sje gefin upp helmingur skuldar þeirrar, er hann nú á ógreidda í landssjóð.

Að mínu áliti stendur hjer sjerstaklega á, og virðist mjer því mál þetta mjög íhugunarvert. Verð jeg að ætla af þeim ástæðum, er jeg nú hefi tekið fram, að þörf sje að skipa nefnd til að íhuga mál þetta. Gæti sú nefnd einnig tekið til íhugunar óskir, sem komið hafa fram í sömu átt frá öðrum prestaköllum, og látið uppi álit um, að hve miklu leyti ástæða væri fyrir þingið, að taka þær til greina.

Þorlákur Guðmundsson: Nýlega var hjer í deildinni kosin nefnd í mál, er snerti prestaköll og presta; þess vegna leyfi jeg mjer að stinga upp því, að þessu máli, er hjer liggur fyrir, og er skylt hinu fyrra, verði vísað til sömu nefndar; jeg er samdóma h. þm. Snæf. (E. G.) um það, að þetta mál sje svo vaxið, að þörf sje að setja það í nefnd.

Sigurður Gunnarsson: Jeg er samþ. þeim h. þingdm., er látið hafa í ljósi þá skoðun, að heppilegast mundi að setja þetta mál í nefnd, hvort sem menn vilja fylgja nefndaruppástungu h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) eða h. þm. Snæf. (E. G.).

Jeg sje ekki betur, en að öll sanngirni mæli með því, að frumv. þetta sje tekið til greina, en þar sem mörg skjöl fylgja þessu máli, sem jeg á hinn

bóginn býst við, að h. þingdm. sje eigi svo kunnug sem æskilegt væri, og í annan stað af því, að til álita getur komið þýðing á einum lögum í sambandi við þetta mál — þess vegna finn jeg ástæðu til að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til nefndar þeirrar, sem hefir Eyvindarhólabrauðið til meðferðar.

ATKV.GR.: Samþ. með 15 samhlj. atkv. að vísa málinu til nefndar þeirrar, er hefir frumv. um breyt. á skipun prestakalla til meðferðar.

Frumv. til fiskimannalaga (C. 161); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Fyrir fáum árum var fyrir hjer í þinginu uppástunga um það, að nema úr gildi hin almennu farmannalög að því er snertir íslenzk fiskiskip. Það var skömmu eptir að farmannalögin voru staðfest, því að menn fundu fljótt hversu illa þau eru fallin til að gilda sem fiskimannalög hjer við land. En þessi tilraun, að fá farmannalögin úr gildi numin fyrir íslenzk fiskiskip, misheppnaðist, að líkindum mest vegna ókunnugleika þingmanna á útgerð þilskipa til fiskiveiða; en líklega meðfram af því, að þá lá ekkert frumv. fyrir þinginu, er gæti orðið lögleitt, um fiskiskipa úthald í stað farmannalaganna, sem öllum kemur saman um, að sjeu hentug og vel gerð lög fyrir farmenn; en fiskisleifarnar okkar hjer við land þurfa hvorki svo margbrotna stjórnarskrá að lifa eptir nje heldur geta ákvæði hennar gilt fyrir þau eða átt við þau, eins og jeg tók áðan fram.

Utgjörðarmannafjelag við Faxaflóa hefir í vetur unnið að því að semja þessi lög, er hjer liggja fyrir, og verð jeg því að álíta, að rjettir hlutaðeigendur hafi fjallað um málið, einmitt þeir menn, sem bezt er til þess treystandi að vita hvað við á.

Jeg skal drepa á nokkur atriði í farmannalögunum, sem einkum hafa þótt óhagfelld fyrir fiskiskip.

Lagaákvæðunum um lögskráning hefir þótt nauðsyn að breyta. Það, að skylda menn til að ráða sig í skiprúm til viku eða hálfsmánaðar tíma í viðurvist yfirvalds, er nærri því hlægilegt, auk þess sem af því flýtur opt fjártjón fyrir útgerðarmann; en tryggingin fyrir hvorugan málspart meiri en þó að skriflegur samningur sje gerður, sem hjer er gert ráð fyrir í frumv. þessu. Það hefir komið fyrir, að skip hefir tafizt í heilan sólarhring vegna lögskráningar, af því yfirvaldið var ekki við látið í það skiptið; að leggja slík höpt á atvinnuvegi manna sýnist vera þarflaust.

Jeg hef heyrt því slegið fram, að þessi lög skertu rjett fiskimanna; en jeg veit, að Útgerðarmannafjelagið hefir vakað yfir því, að slík mótmæli væru á engum rökum byggð; rjettur fiskimanna er í engu skertur; þetta held jeg menn hljóti að játa, er menn lesa lögin. Samt skal jeg kannast við það, að frelsi skipstjóra er takmarkað með frumv. þessu, þar sem honum er gert að skyldu, að stunda verk sitt með alúð og samvizkusemi, og að bera ábyrgð á verkum sínum. Þetta get jeg ekki álitið að vera ranga takmörkun á frelsi; það eru nauðsynleg ákvæði til að tryggja þennan atvinnuveg, en hjer er einmitt stór galli á farmannalögunum, því að þau hafa engin ákvæði um skyldur og rjettindi skipstjóra og útgerðarmanna hvors gagnvart öðrum; hjer eru slík ákvæði gerð, svo skipstjóri getur ekki leyft sjer, eins og borið hefir við áður, að liggja inni á höfn í góðu veðri. Hann getur samkvæmt farmannalögun-

um rekið útgerðarmann sinn í land, ef hann vandar um þetta við hann.

Sá bálkur farmannalaganna, sem bezt á við fiskiskip, er auðvitað skipsagabálkurinn, enda viðurkenna menn, að hann hafi gert mikið gagn, þess vegna hafa ákvæðin um skipsagann verið tekin upp í þessi lög; góður skipsagi er svo nauðsynlegur, að líf manna og skipið sjálft er opt undir því komið, að menn kunni að hlýða.

Enn er eitt atriði, ákvæðið um matarræði skipverja, sem hjer er tekið upp úr farmannalögunum; það er sanngjarnt, að þegar útgerðarmaður á að sjá skipverjum fyrir fæði, sje honum gert að skyldu, að hafa það sæmilegt; þó hefir þessum ákvæðum farmannalaganna verið vikið dálítið við, eptir því sem til hagaði hjer við land, t. d. sett »saltkjöt« í staðinn fyrir »flesk«, af þeirri eðlilegu ástæðu, að íslenzkir sjómenn margir hverjir kunna ekki að jeta flesk. Nú eru margir útgerðarmenn, sem ekki gera skipverja út að mat; þessi ákvæði ná ekki til þeirra, enda væri undarlegt að binda alla skipverja svo við borð, að þeir mættu ekki ráða því eins og aðrir menn, hvað þeir leggja sjer til munns, þegar þeir borga það sjálfir.

Jeg get hugsað mjer, að einhverjir kunni að reka augun í að útgerðarmenn eiga ekki eptir þessum lögum, að bera sömu umönnun fyrir sjúkum skipverjum og farm.lögin ákveða. Hjer er gert ráð fyrir einni viku, en í farm.-lög. er ákveðið, að útgerðarmaður annist sjúklinginn í 4 vikur; svo langur tími sýnist vera ósanngjarn á fiskiskipum, þar sem hásetar opt eru ráðnir upp á svo stuttan tíma. Jeg sje enga frekari ástæðu til að skylda útgerðarmann til að annast háseta, sem veikist á skipi hans, vikum saman sjúkan, heldur en hvern annan vinnuveitanda, ef vinnumaður sýkist.

Jeg get loksins ekki leitt hjá mjer, að minnast á það, sem mjer barst til eyrna í gær; það er eins konar prótest, sem hefur komið á móti þessu frumv. frá stýrimönnum við Faxaflóa. Þeir vita reyndar ekki, hvernig frumv. er, en þeir ætla sjer að gera við ókomnum leka; það er þeim í sjálfu sjer ekki láandi, þó þeir komi fram með mótmæli móti því, að þeir sjeu einvaldir yfir skipi og fólki útgerðarmanns; það er svo eðlilegt, að þeim þyki það þægilegt að vera sjálfráðir og ábyrgðarlausir; en hitt væri óeðlilegt, að alþingi tæki minnsta tillit til þessa kvaks þeirra.

Jeg þykist vita, að ýmsir agnúar muni vera á frumv., þó það þegar hafi gengið í gegnum ýmsa hreinsunarelda; er ef til vill ástæða til, að setja það í nefnd; jeg fyrir mitt leyti er ekki á móti því, mjer er engan veginn um að gera að koma því fram í flýti. Í frv. er, að mínu áliti, rjettarbót fyrir íslenzk þilskip; það er aðalatriðið.

Það er galli á öllum lögum, ef þau eru svo, að þeim verður ekki hlýtt; en þetta er einmitt einn gallinn á farm.-lög. Þau kenna mönnum fyrirlitningu fyrir lögunum; menn geta ekki einu sinni trúað því, að þau sjeu gerð fyrir íslenzk fiskiskip, heldur fyrir farskip, skip, er fara milli landa, sem raunar er alveg eðlilegt.

Jeg vona að h. deild verði málinu hlynt, það er þess vert, tilgangurinn er að tryggja sem bezt annan aðal-atvinnuveg landsins.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst undarlegt, að fara nú þegar að breyta nýjum lögum, og það góðum lögum. Farmannalögin eru ung, frá 1890. Það hljóta því að

vera sterkar ástæður, brýn þörf á að breyta þeim svo fljótt, þau hafa hlotið að vera mjög slæm eða óbrúkleg, fyrst farið er fram á að kollvarpa þeim rjett að kalla undir eins og þau eru farin að verka. En af því að jeg er einn af þeim 4—5 lögskráningarstjórum hjer á landi, sem hafa beitt þessum lögum, og því ætti að vera þeim nokkuð kunnugur, þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um þetta mál. Og þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg sje alls ekki þá galla á farm.lögunum, að ástæða sje til að breyta þeim, og sízt að þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, bæti nokkurn hlut úr þeim ágöllum, sem á þeim eiga að vera eptir sögn h. flutnm. (J. Þór.). Af því að ekki má fara út í einstök atriði við þessa umræðu, þá skal jeg tala almennt.

Mjer er kunnugt um það, að í fyrstu var á Norðurlandi nokkur óánægja með þessi lög, og var óánægja þessi einkum fólgin í þessum þremur atriðum: 1., að lögskráning skyldi þurfa að eiga sjer stað á íslenzku fiskiskipi, 2., að matarreglugjörðin væri óhafandi, og 3. ákvæðið um, að hafa með sjer lyf á skipum; af þessum 3 atriðum, var auðvitað lögð mest áherzlan á lögskráninguna, eins og líka hinn h. flutningsm. (J. Þór.) nú gjörði. Mönnum þótti hún óþörf, þar sem skipin gengju skammt frá landi, og menn væru opt ráðnir í eina og eina ferð, er á stundum ekki tæki nema svo sem hálfan mánuð; auk þess væri lögskráningin tafsöm og kostnaðarsöm. Jeg játa það, að þessi ástæða er þó nokkurs virði, en jeg get samt ekki gert svo mikið úr henni. Hún miðar til þess, að gefa hásetunum tryggingu, og þá trygging vil jeg ekki missa; að hún sje tafsöm, og því hapt á atvinnufrelsinu, eins og hinum h. flutningsm. fórust orð, nær engri átt, því þó sýslumaður ef til vill vegna embættisanna sje hindraður frá að framkvæma lögskráninguna sjálfur, þá getur hann haft og hefur umboðsmenn og það víðar en á einum stað. Kostnaðarástæðan er hreint og beint hlægileg, þar sem er að ræða um 4—5 krónur fyrir skip með 9—12 hásetum á.

Það getur vel verið, að matarreglugerðin sje ekki sem heppilegust, en það er auðvelt að gera við því, biðja landshöfðingja að breyta henni; en hve mjög menn eru óánægðir með hana, sjest af því, að ekki ein beiðni hefur komið til hans um það.

Þá hefur þeirri mótbáru verið hreyft gegn þessum lögum, að óþarft og kostnaðarsamt væri að hafa lyf um borð. Lyf fyrir 10—20 kr., á skipum, sem liggja úti vikum og mánuðum saman! Jeg get ekki hugsað mjer annað en að flestir sjái, að sú mótbára er ekki þung á metunum. Þessar mótbárur, sem einkum komu fram gegn farmannalögunum fyrst, eru nú víst hjerumbil alveg horfnar, svo að jeg sje engar ástæður til þess, að fara að breyta lögunum, og það því fremur, sem í lögunum er rjettur háseta að öllu leyti tryggður, þar sem mark og mið þessa frumv. virðist vera að svipta hásetana öllum rjetti.

H. flutningsm. (J. Þór.) gat þess viðvíkjandi »mótmælum« þeirra skipstjóranna og stýrimanna, sem fram eru komin, að þau væru mjög eðlileg, o: eðlilegt, að þeir frá sínu sjónarmiði prótesteruðu móti þeirri breytingu á gildandi lögum, er sviptir þá þeirri tryggingu, sem þeir eiga heimtingu á. Þetta er alveg rjett, og jeg er því fullkomlega samdóma; en hvernig hinum h. flutningsm. finnst þetta eðlilegt, um leið og hann þó ber fram annað eins frumv. og þetta, það skil jeg ekki.

Þetta skjal hef jeg í höndunum, og skal leyfa mjer að lesa upp niðurlag þess, með leyfi h. forseta:

»Það væri sorgleg fyrirmunun, og naumast samboðið þjóð, sem er að berjast fyrir frelsi, að láta það viðgangast, fyrir fortölur einstakra útgerðarmanna, sem ef til vill alls enga skuldbindingu vilja hafa, að svipta oss sjómennina þeirri einu og ómissandi rjettarbót, sem oss hlotnaðist með ofangreindum lögum. En vjer treystum hinu háttvirta Alþingi voru til þess, að gera ekki annað að gildandi farmannalögum en það, sem næg sönnun er tengin fyrir, að taki núgildandi lögum fram, en vjer sjáum ekki hvað það ætti að vera«.

Hjer er yfirlýsing frá 31 skipstjórum og stýrimönnum hjer við Faxaflóa, eða nálega öllum þeim, sem hjer eru, þeim mönnum, sem eru kompetent til þess að dæma um hvað bezt hagar hjá þeim, og langtum meir kompetent en við. Þessi mótmæli hlýtur alþingi að taka til greina, því hjer er ótvíræð yfirlýsing frá þeim mönnum, sem lögin aðallega snerta, að þeir óski engra breytinga á hinum gildandi farmannalögum.

Loks benti h. flutningsm. (J. Þór.) á, að farmannal. kenndu mönnum fyrirlitningu fyrir lögunum, því að ákvæðum þeirra væri eigi fylgt, enda væru menn eigi alveg vissir um, að þau í heild sinni giltu fyrir íslenzk fiskiskip. Þessi setning kom mjer satt að segja nokkuð á óvart. Jeg skil hreint ekki í því, hvernig h. flutningsm. þorir að segja það hjer í þingsalnum, að lögreglustjórar hjer sunnanlands, sem eru rjett undir handarjaðrinum á háyfirvöldunum, forsómi að framfylgja gildandi lögum. Þar sem jeg þekki til, er lögunum í öllu framfylgt. Að nokkur vafi geti verið á því, að lögin gildi fyrir íslenzk fiskiskip, nær engri átt. Það hefur aldrei verið neinn vafi á því, að 4. bálkur gilti fyrir ísl. fiskiskip, og landshöfðingi hefur í brjefi 8. maí 1891 látið það álit sitt í ljósi, að einnig 2. og 3. bálkur gilti fyrir ísl. skip og skipað fyrir að framfylgja einnig þessum köflum laganna í þessu efni.

Þó jeg þannig verði að álíta, að hið fyrirliggjandi frumv. langt frá miði til að bæta úr hinum gildandi lögum, þá get jeg þó gjarnan gjört hinum h. flutningsm. það til geðs, að vera með, að nefnd sje sett í málið.

Þórður Guðmundsson: Þegar jeg las frv. þetta, sá jeg strax að það mundi vera athugavert fyrir h. deild að samþykkja það eins og það er. Jeg get nú sem stendur ekki sagt, hvort frv. muni að nokkru leyti vera betra en farmannalögin frá 22. marz 1890, en tvísýnt sýnist mjer það, einkum eptir að hafa heyrt ræður h. flutningsm (J. Þór.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), og eptir að jeg hefi heyrt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lesa upp niðurlagið á skjali skipstjóra og stýrimanna hjer við flóann. Jeg álít það varúðarvert að breyta jafnþýðingarmiklum lögum og farmannalögunum eptir að eins 5 ára reynslu, og því varúðarverðara er það, sem það snertir þann flokk þjóðarinnar, sem mest og bezt þarf að hlynna að, nfl. sjómannalýðinn. Það er auðsjeð, að þetta frv. miðar að því að bæta hag útgerðmannanna; jeg kannast við, að það sje og rjett, að taka tillit til hans, svo að þeir tapi ekki á útgerðinni; en eigi er þó síður áríðandi að gæta hags og rjettinda þeirra, sem á skipunum eiga að vera. Jeg ímynda mjer að það sjeu fleiri en jeg, sem ekki eru búnir að átta sig á, hvort þessa hvorstveggja sje gætt að rjettu hlutfalli, og yfir höfuð ekki búnir að átta sig á frumv. og bera það saman við farmannalögin.

Jeg skal ekki segja að ekki kunni að vera einhver atriði í þessu frv. til bóta, en þó finnst mjer nauðsynlegt að málið sje athugað í nefnd, og vil jeg því stinga upp á að 5 manna nefnd sje skipuð í því.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 gegn 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Pjetur Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Tr. Gunnarsson,
Guðl. Guðmundss.,	Þórður Thoroddsen,
Halldór Daníelsson,	Þórh. Bjarnarson,
Jens Pálsson,	Þorl. Guðmundss.
Jón Jensson	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Þórð. Guðmundss.	

Skúli Thoroddsen var ekki inni í salnum, þegar nafnakallið fór fram.

Kosningu hlutu:

Klemens Jónsson	með	16	atkv.
Jón Jensson	—	15	—
Jón Þórarinsson	—	14	—
Skúli Thoroddsen	—	7	—
Þórhallur Bjarnarson	—	7	—

Var svo 1. umr. frestað.

Frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. 154); 1. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Hið fyrsta spor til þess að koma á hinni svo nefndu sveitakennslu eða umgangskennslu var stigið á þinginu 1887; þá voru á fjárlögunum veittar 1500 kr. til sveitakennslu; síðan hefir þessi fjárveiting smátt og smátt aukizt. Á þinginu 1889 voru veittar 2500 kr., á þinginu 1891 4000 kr. og nú síðast á þinginu 1893 4800 kr. Á fyrsta þinginu voru engin skilyrði sett fyrir fjárveitingunni, landstjórninni að eins falið á hendur að úthluta fjenu; en á þinginu 1889 voru sett þau skilyrði, sem síðan hafa staðið óbreytt. Eins og menn vita, eru skilyrði þessi að ýmsu leyti ófullkomin, enda sýnir það sig á skýrslunum um sveitakennslu, að henni er ýmislega hagað, og ýmislegt athugavert við fyrirkomulagið á henni; er nokkuð af því tekið fram í nefndarálitinu. Eitt af því er það, í hvað mörgum stöðum kennslan fer fram og hvað stuttan tíma hún þar af leiðandi fer fram á hverjum stað; á þann veg er hætt við að nemendurnir hafi ekki eins mikið gagn at kennslunni. Þó sýna skýrslurnar ekki nákvæmlega, hve langur kennslutími hvers barns hafi verið, með því sama barnið kann að hafa notið kennslu á fleiri en einum stað. Á skýrslunum sjest það, að sumir umgangskennarar hafa kennt fleiri námsgreinir en tekið er fram í skilyrðunum 1889; en þar sem kennslutíminn er svo mjög af skornum skamti, sýnist yfir höfuð varla vera farandi út yfir þau.

Á þinginu 1887 var og veittur 2500 kr. styrkur handa barnaskólum í verzlunarstöðum og sjávarþorpum. Síðan hefir þessi styrkur verið hækkaður upp í 4000 kr. Skilyrði fyrir þeirri styrkveitingu voru sett á þinginu 1889, sama árið og skilyrðin fyrir styrkveitingu til sveitakennslu. Þau eru töluvert fullkomnari en hin skilyrðin, sjerstaklega að því að heimtað er að próf fari fram við skólana, og að reikningur yfir efnahag skólans skuli ár hvert fylgja skýrslu þeirri, sem stiptsyfirvöldunum er send. Ýmislegt vantar þó á að skilyrði þessi sjeu svo fullkomin sem æskilegt væri; það eru engin skilyrði sett um skólahúsin, nje um kennsluáhöld; heldur ekki um kennararáðningu, hvort þeir skuli ráðnir um óákveðinn tíma

eða visst tímabil, nje heldur um kennaralaunin. Þetta allt áleit nefndin annmarka á fyrirkomulaginu, en þótti þó ekki enn tími til kominn að fara að endurskoða skilyrðin frá rótum. En auk þess sem nefndinni þóttu fjárveitingarskilyrðin ófullkomin, komst hún líka að þeirri niðurstöðu að eptirlitið væri ófullkomið. Skýrslum þeim sem skipað er að senda, fylgja að sönnu vottorð um framfarir barna þeirra er sveitakennslu njóta, og prófskýrslurnar frá barnaskólum, en þó er af þessu ekki eins hægt að dæma um skólana, eins og ef nákvæmara eptirliti yrði við komið. Jafnvel þó nefndinni kæmi saman um að fara ekki svo langt, að koma með ákveðnar uppástungur um nákvæmara eptirlit með barnakennslu, áleit hún þinginu skylt um leið og það veitir fje til ungmennafræðslu, að setja nokkra tryggingu fyrir að fje þetta komi að tilætluðum notum, og höfuðtryggingin fannst henni að mundi fólgin í því að völ veittist á hæfum kennurum, sem gætu tekið að sjer kennslustörfin. Menn vita að kennslustarfið er mjög mikið vandaverk, og að til þess þurfi, ef vel sje, sjerstaka menntun og að eigi sje nóg að kennarar hafi aflað sjer ákveðinnar þekkingar í almennum fræðigreinum, heldur þurfi þeir einnig að hafa kynnt sjer uppeldis- og kennslufræði. Vjer vitum að kennslan er ekki í því einu fólgin, að veita unglingunum ákveðna þekkingu, heldur líka í því að veita þeim þessa þekkingu á sem rjettastan hátt, kennararnir þurfa að hafa vit og lag á að haga kennslunni þannig, að nemendunum verði ekki ofþyngt með of erfiðu námi; þeir þurfa að hafa lag á að gjöra námið að áhugaefni, gjöra það skemmtilegt, þeir þurfa og að taka tillit til mismunandi hæfileika nemenda og þroskastigs þeirra; líka þurfa þeir að reyna að hafa áhrif á hugsunarhátt ungmenna í ýmsar stefnur, sjerstaklega ríður á að reyna að bægja á burt þeim hugsunarhætti, sem virðist brydda á hjá sumum þeim, sem við bóknám fást, að þeir fái óbeit á líkamlegri vinnu, því fái sá hugsunarháttur ráðrúm til að grafa um sig, er bæði þeim, sem hann ala, og þjóðinni í heild sinni sýnn háski búinn.

Til þess að tryggja sjer nokkurnveginn hæfa kennara, sýndist nefndinni beinasti vegurinn vera sá að stofna sjerstakan kennaraskóla. Í nefndinni kom það sjerstaklega til íhugunar, hvort heppilegra mundi að stofna sjerstakan kennaraskóla, sem þá mundi heppilegast settur í Reykjavík, eða þá að breyta alþýðu og gagnfræðaskólanum í Flensborg í kennaraskóla. Nefndin hefir nú valið síðari veginn, sjerstaklega til að spara með því kostnað. Vjer vitum að Flensborgarskóli er stofnaður með gjöf eins einstaks manns, þar sem svo er ákveðið, að gjöfinni skuli varið til alþýðufræðslu. Jafnvel þótt frv. nefndarinnar fari eigi alveg eptir ákvæðum gjafabrjefsins, þá er þó ekki hægt að neita því, að undirbúningur alþýðukennaraefna undir stöðu sína er svo náskyldur tilgangi gjafabrjefsins, að naumast er hægt að segja að gengið sje á bug við það, þótt Flensborgarskóla yrði breytt í kennaraskóla, og sízt samkvæmt yfirlýsingu þeirri, sem nefndin hefir fengið frá syni þess manns, sem gjöfina gaf.

Mjer sýnist rjett að geyma það til annarar umr., að tala um fyrirkomulag skóla þessa. En í sambandi við þetta mál skal jeg nú geta þess, að nefndin mun bera sig saman við fjárlaganefndina um að fá aukinn styrkinn til sveitakennara og barnaskóla. Eins og jeg gat um áður var styrkur sá, sem á síðustu fjárlögum var veittur

handa sveitakennurum, 4800 kr. Eptir síðustu skýrslum var styrkur þessi fyrir árið 1894 veittur 126 kennurum og koma þá ekki nema rúmar 38 kr. á hvern kennara; sýnist það vera í allra minnsta lagi, og þegar gáð er að nemendafjöldanum, 2558, þá koma að meðaltali ekki fullar 2 kr. af landssjóðsstyrknum á hvert barn, sem sveitakennslu hefir notið hjá þessum 126 kennurum. Þegar skoðaður er landsstyrkurinn til barnaskóla, þá sjest, að honum hefir verið skipt niður á 30 fastakennara, og auk þess nokkru varið til tímakennara, þannig, að 128 kr. hafa komið til jafnaðar á hvern kennara. Kennaralaunin öll eru rúmar 8000 kr., og svarar það til þess að landssjóður borgi helming þeirra; börn þau, sem á skólana gengu, voru 533, og samsvarar þá landssjóðsstyrkurinn rúmri 7½ kr. á barn.

Fje það, sem barnaskólarnir fá auk landssjóðsstyrksins eru tillög úr sveitarsjóðum, skólagjald, og á nokkrum stöðum tekjur af eignum sem skólunum heyra til; má þar sjerstaklega nefna rentur þær, sem barnaskólunum í Kjalarnesþingi hlotnast af Thorchilliisjóði. Skólagjöldin eru samtals 3271 kr. eða til jafnaðar rúmar 6 kr. á barn. Þetta skólagjald er mjög mishátt; í sumum skólum er ekkert skólagjald tekið; víðast veltur það á 8—12 kr., og sumstaðar nemur það 20 kr. Allar tekjur skólanna nema hjer um bil 13000 kr. Auk þess, sem þessi fjárupphæð er í sjálfu sjer lítil, þá virðist öll ástæða til að taka tillit til þess, að menningarkröfurnar fara alltaf vaxandi hjá oss, eins og öðrum þjóðum. Það er eðlilegt, að sveitirnar sjálfar leggi fram meiri hlutann af fjenu til ungmennafræðslu, en hitt er líka eðlilegt, að þingið hlaupi undir bagga með þeim, og veiti þeim uppörfun með fjárframlagi af landsfje.

Viðvíkjandi frumv. sjálfu er þess að gæta, að það er tilætlun nefndarinnar, að skóli sá, sem þar ræðir um, veiti þeim sem á hann ganga í fyrsta lagi almenna menntun, og í öðru lagi sjerstaklega undirbúningsmenntun undir kennarastörf; og af því að nefndin gengur út frá því, að slíkur skóli, er hefir það verkefni að búa menn undir sjerstaka lífsstöðu, hafi svo háan rjett á sjer, vonar hún eptir að frv. fái góðar undirtektir hjá h. d. Sje jeg því ekki ástæðu til að mæla frekara með því, en leyfi mjer að mælast til þess að málið fái að ganga til 2. umr.

Björn Sigfússon: Jeg hafði reyndar heldur búizt við því, að h. nefnd mundi komast að annari niðurstöðu, og jeg verð að láta í ljósi furðu mína á því, að hún skyldi ekki eiga neitt við að breyta skilyrðunum frá 1889 fyrir styrkveitingu til barnafræðslu. Að vísu hefir hún komið með ýmsar athugasemdir, hvað styrkveitinguna snertir, en niðurstaðan verður þó sú, að hún breytir engu og gerir ekkert, nema í þess stað að leggja til, að hjer sje stofnaður kennaraskóli.

Jeg býst nú reyndar við, að h. þingdm. þyki ef til vill nokkuð djarft af mjer að fara að tala um þetta skólamál, þar sem jeg er ekki skólamaður, hefi ekki gengið á annan skóla en þann, sem lífið og reynslan veitir. En þó svo sje, hefi jeg talsvert hugsað um málið, og hefi opt átt tal við ýmsa skólagengna menn um þetta efni og þar á meðal skólakennara, og hefir skoðun þeirra yfir höfuð farið í sömu stefnu, að hjer væri ekki tiltækilegt eða þörf á að koma á kennaraskóla að svo komnu, og að bezta kennarafræðslan sje það, að læra af góðum kennara,

taka upp hans aðferð og fylgja hans dæmi; og þetta skilst mjer, að muni vera rjett. En þurfi að stofna hjer kennaraskóla, þá er sá agnúi á því, að hjer á landi er enginn, sem hefir gengið á kennaraskóla og sem geti kennt á skólanum. Ef þessi fyrirhugaði skóli ætti að vera í lagi, þyrfti fyrst að kosta mann til að læra kennarafræðslu, eða að minnsta kosti jafnframt því, að skólinn væri stofnaður, því það er fyrsta stigið til þess, að fyrirtæki þetta verði að notum.

Eins og menn vita, hefir nú fyrir 4 árum verið komið á vísi til kennarafræðslu í Flensborg með ærnum styrk af landsfje. En hvernig er hún notuð? Sárlítið. Jeg játa reyndar, að jeg hefi ekki kynnt mjer skýrslu skólans rækilega, en jeg held að það sjeu ekki nema 3—4, sem hafa notað kennsluna árlega og ekki nema 6 vikur í í einu, — og þetta á að vera kennarafræðsla! En á hvað bendir þetta? — Óneitanlega á það, að ekki megi búast við, að kennaraskóli verði notaður. Ef menn treysta sjer ekki til að fara á skóla, sem stendur að eins 6 vikur, þá er ekki að búast við því, að þeir treysti sjer til að fara á skóla heilan vetur eða meir. Þess er heldur ekki að vænta, að fátækir alþýðumenn, sem ganga á þessa gagnfræðaskóla, vilji eða geti kostað því til, að ganga lengi á kennaraskóla eptir að þeir hafa lokið gagnfræðanáminu, þar sem staðan, sem þeir eiga von á, nefnilega barnakennslan, gefur ekki og getur aldrei gefið nema lítið af sjer.

Jeg er hræddur um, að þó skólanum væri komið á fót, þá mundi hann verða auður og ekki notaður.

Að vísu má ekki fara inn á einstakar greinar við þessa umræðu, en jeg get þó ekki varizt með öllu að koma við einstök atriði.

Í frumv. er gjört ráð fyrir því, að þeir sem kennslunnar njóta, fái verklega æfingu í barnakennslu. Þetta er sjálfsagt æskilegt og rjett hugsað. En er þá nokkur trygging fengin fyrir því, að hún fáist við þenna skóla? Að vísu hefir barnaskóli staðið í sambandi við hann; en hvernig fer, ef sveitarstjórnin neitar að veita fje til barnaskólans á þessum stað, flytur skólann og velur aðra kennara? Þá verður lítið úr þessari verklegu æfingu.

Af þessum orsökum og fleiru, sem jeg get ekki farið út í nú, er mjer það ekki enn þá ljóst, að fyrirtæki þetta sje tiltækilegt, og því get jeg ekki verið með málinu að svo komnu. Þetta er engan veginn af því — og jeg vona, að menn skilji ekki orð mín svo —, að jeg sje mótfallinn alþýðumenntun. Nei, jeg kannast fullkomlega við það, að menntunin er hið bezta meðal til að hefja fólkið á hærra stig. En það er líka engan veginn hægt að segja annað en að barna- og unglingafræðslu hafi fleygt hjer áfram á síðari árum, og það er ekki hægt að búast við meiru á jafnstuttum tíma. Ef þjóð vorri hefði miðað eins vel áfram í verklegum framförum, þá væri ekki ástæða til, að vjer stöndum í stað. Einkum er þessi framför að þakka bæði gagnfræðaskólunum og kvennaskólunum, því margir allvel menntaðir menn eru nú komnir út frá gagnfræðaskólunum, og kvennaskólarnir hafa sömuleiðis gjört mjög mikið gagn, svo engin blávandræði eru fyrir hendi með kennaraefni, þó þessi kennaraskóli komist ekki nú þegar á. Það er ekki orðið svo torvelt að fá nokkurn veginn nýta kennara, þar sem svo margir, karlar og konur, bjóðast nú til þess starfa, að talsvert má velja úr. Jeg tek það fram aptur, að þótt kennaraskólinn væri stofnaður, er jeg mjög hræddur um, að hann yrði svo lítið notaður fyrst um sinn, að fje

því, sem til hans yrði varið, væri líkt og kastað í sjóinn.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg treysti því, að frumv. þetta fái að ganga til 2. umr. og þá verður tími til að svara rækilegar mótbárum h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) og öðrum fleirum mótbárum, sem fram kunna að koma. Jeg vil þó nú þegar víkja að nokkru af því, og þá er fyrst fyrir það, að nefndin hefði ekki komið með neina breyt.till. um skilyrðin fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu, sem ákveðin eru með landshöfðingjabrjefi 16. nóv. 1889. Þessi orð h. þm. (B. Sigf.) get jeg tekið sjerstaklega til mín, því jeg var fastastur á því í nefndinni, að breyta ekki þessum skilyrðum að svo komnu, sízt í nokkru verulegu. Þessu ætti þá fyrst að breyta, þegar búið er að fá fullkomnari kennarastjett. Þá fyrst er hægt að setja strangari skilyrði fyrir styrk til sveitakennara og annað sem þar að lýtur. Þá mætti heimta meira af kennurunum og þá yrði þeim launað betur. Þess vegna vakti það fyrir nefndinni, að höfuðatriðið og undirstaðan fyrir allri alþýðumenntuninni væri að fá góða barnakennara.

Nú er jeg alveg samdóma h. þingm. Húnv. (B. Sigf.), að bezta kennarafræðslan sje, að læra af góðum kennara og taka upp aðferð hans, en þar sem góðir kennarar eru ekki á hverju strái og ómögulegt að búast við því, að margir hæfir kennara-kennarar sjeu til á voru landi, þá er eina ráðið þetta, að fá til þess ákveðna starfa einn eða tvo menn, sem helgað geta því starfi allt sitt líf og gefið sig óskipta að því. Öll þjóðmenning þessara tíma byggist á skiptingu vinnunnar, þ. e., að hver maður sje tekinn til að vinna það verk, sem hann er hæfastur fyrir og fullkomnast stöðugt í við að leika sömu listina upp aptur og aptur.

Jeg get ekki álitið annað, en það mundi vera heppilegt, að kennaraskólinn væri settur í Flensborg, því þar eru þeir menn kennarar, sem mundu framar flestöllum vera færir til þess starfa, að standa fyrir slíkum skóla. Þeir hafa sjerstaklega lagt stund á uppeldisfræðina, þeir hafa haldið úti riti um það efni, og ritað all-mikið um það, og enda ferðazt til útlanda til þess, að afla sjer fræðslu í þeim efnum, svo þeir ættu að geta verið færir um, að halda kennarafræðslu áfram í stærri og fullkomnari stíl en hingað til.

Þá er önnur mótbára h. þingm., að skólinn væri lítt notaður. Af skýrslu þeirri um hann, sem nýlega hefir verið útbýtt meðal hinna h. þingmanna, má þó sjá, að í vor sóttu 5 kennarafræðsluna, þar af 4 karlmenn og 1 kona. Jeg játa að vísu, að þetta er lítið. En hvers vegna? Af því, hversu kennarastaðan er hjá oss ljeleg og illa launuð, en um verulega bót á kjörum þeirra er eigi að ræða fyr en kröfurnar eru orðnar strangari um menntun þeirra. Takmarkið er þetta, að til kennarastöðu sje eins ákveðin menntun, alveg sjerleg uppeldis- og kennslufræðsla, eins og t. d. þarf til læknis- og prestsstöðu. Það næðist smám saman, ef krafizt væri sjerlegrar kennaramenntunar af öllum hinum nýjum kennurum — engum dettur í hug, að hafna gömlum og reyndum kennurum — og styrkurinn til hinna nýju kennara væri bundinn því skilyrði. Þegar svo er komið, þarf ekki að óttast, að nógir verði eigi til að sækja kennaraskólann, er þess er gætt, að framt að 200 manns fást við barnakennslu, og þeim fækkar eigi.

Þriðja mótbára h. sama þm. (B. Sig.) var sú, að nemendur mundu ef til vill ekki fá verklega æfingu á hinum fyrirhugaða skóla, því að barnaskólinn, sem er tengdur gagnfræðaskólanum í Flens-

borg, mundi kannske leggjast niður, eða verða fluttur í burt, ef sundurþykkja kæmi upp milli kennaranna og sveitarstjórnarinnar í Garðahreppi.

Jeg álít óhugsandi að barnaskóli leggist niður í jafn-fjölmennum kaupstað og sjóplássi, og geri heldur alls ekki ráð fyrir neinu slíku ósamkomulagi.

H. þm. Húnv. (B. Sig.) taladi og um, að barnakennsla hefði batnað við gagnfræðakennsluna á Möðruvöllum og í Flensborg og við kvennaskólana. En þótt svo sje, vantar þó aðal-stykkið, sjálfa uppeldisfræðsluna, og hana þurfum við að fá. Jeg tel þetta frumvarp, að því leyti, sem það ætlar að ráða bót á þessu, eitt hið þýðingarmeira, sem komið hefir á þing, þar sem með því á að leggja grundvöllinn til kennarafræðslu, og þá um leið grundvöllinn fyrir fræðslu æskulýðsins á ókominni tíð, og jeg óska því, að það fái góðan framgang.

Það var eitt sem jeg heyrði ekki, hvort h. framsögum. (Ól. Br.) tók fram, að eptir er að vita með fullri vissu, hvort gjafabrjef það, sem Flensborgarskólinn er stofnaður með, er ekki þessu máli til fyrirstöðu. Sá nefndarmaðurinn sem því er kunnugastur fullvissaði nefndina um, að svo væri eigi, en sjálft gjafabrjefið höfðum vjer eigi við hendina.

Þetta mun nefndin kosta kapps um, að kynna sjer áður en 2. umræða fer fram, svo það verði ekki frumv. að fótakefli, ef það færi hjeðan samþykkt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um fjárhald landssjóðskirkna (C. 132); ein umr.

Flutningsmaður (Halldór Daníelsson): Jeg skal lýsa þessu máli í fáum orðum. Mál þetta kom fyrst til umræðu á þinginu 1885, og var þá samþykkt frumv. um afhendingu Ingjaldshóls og Flateyjarkirkju, sjá lög 4. nóv. 1887. Fyrir þingið 1887 var lögð samskonar tillaga, og gaf landshöfðingi þinginu 1889 skýrslu um árangur hennar (sjá B. deild Alþingistíð. 1889 dálkinn 111), og eptir henni virðast sumir söfnuðir ekki ófáanlegir til þess, að taka að sjer fjárhald kirknanna. Þannig vill Bjarnarness-kirkjusöfnuður taka kirkjuna að sjer með 3000 kr. álagi, Munkaþverárkirkjusöfnuður með 3500 kr., og Möðruvallaklausturs-sóknarmenn vilja einnig taka kirkjuna að sjer. Við hina aðra söfnuði hafa enn þá ekki náðzt samningar enn. En af því kostnaðarminna og sjerstaklega umsvifaminna væri fyrir landssjóð að losast við þessar kirkjur, og af því að þeim mundi óefað vera betur borgið í höndum safnaðanna, hefi jeg komið með þessa tillögu.

Hvað snertir tekjur og útgjöld kirkna þeirra, sem eru í höndum landssjóðs, þá voru þær 429 krónur 69 aur. fyrir fjárhagstímabilið 1892 og 1893. Fyrir komandi fjárhagstímabil 1896–1897 eru þær áætlaðar 300 kr. hvort árið. Aptur á móti hafa útgjöld til kirkna 1892–93 verið áætluð 1000 kr., en þar af hafa þó ekki verið notaðar nema 500 kr., svo að, án þess að farið sje nokkuð frekara út í reikninga kirkna þessara, sjest ljóslega, að þær eru ekki gróðavegur fyrir landssjóð.

Jeg vildi því leyfa mjer að beiðast þess, að h. deild styðji þessa tillögu, því hún er saklaus, þó menn samþykki hana.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 17 shlj. atkv., og afgreidd til landshöfðingja.

Tillaga til þingsályktunar um að verkfræðingur skoði suðausturströnd landsins (C. 140, 168); síðari umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Tillaga sú, sem hjer er um að ræða, er á þingskj. 140, en við hana er komin fram breyt.-

till. á þingskj. 168, og skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekkert á móti breyt.till., því þó hún gjöri það að verkum, að verkið gangi nokkuð seinna, þá er ekki ástæða til að gjöra það að kappsmáli, því væntanlega mun verkinu verða hraðað svo, að nokkuð af því mun verða gjört á fjárhagstímabilinu.

Klemens Jónsson: Samgöngumálanefndin hefir komið með eina breyt.till. við aðaltill., og er breyt.till. þessi á þingskj. 168, en jeg þarf ekki að fara um hana mörgum orðum, þar eð h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðm.) tók vel í hana. Samgöngumálanefndin hefir rætt mál þetta ýtarlega, því henni finnst, að það sje þess vert, að það væri tekið til nákvæmrar yfirvegunar. Henni virtist eðlilegt og nauðsynlegt, að verkfræðingur skoðaði þennan hluta landsins bæði vegna hafnarlegu og þrautalend inga, en þar sem hins vegar að hún verður að leita fjármálanefndarinnar með töluverð fjárframlög, sem þarf að setja á næstkomandi fjárlög, og hún bjóst við, að verkfræðingur landsins mundi fær um að framkvæma þetta verk, og þar sem hún væntir eptir að landsh. sjái um, að því sje hraðað eptir því sem verður, leggur nefndin til, að láta verkfræðing landsins leysa þetta starf af hendi.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) talaði um, að hann væri ekki á móti því að breyt.till. væri samþ.; en jeg álít, að hún sje óheppileg. Það er vafalaust rjettara að fastbinda eigi hvaða maður skuli gera verkið, því sje verkfræðingur landsins eigi fær um að leysa þetta verk vel af hendi, þá er óheppilegt að binda það við hann einan. Þótt frv. sje óbreytt og breyt.till. felld, þá er innan handar fyrir landstjórnina að brúka verkfræðinginn S. Thoroddsen, ef hún álítur hann færan til þess, og hann treystir sjálfum sjer.

Það kom til tals millum okkar flutningsm., að það mundi þykja of kostnaðarsamt fyrir landið, að fá útlendan verkfræðing til að skoða ströndina, og segja álit sitt um kostnað við hafnargjörð eða viðgjörð á lendingum, og þess vegna væri reynandi að láta Sigurð Thoroddsen gjöra undirbúninginn til nákvæmrar rannsóknar. Það er sitt hvað, að leggja vegi, eða hafa kunnáttu til að sprengja klappir niður í sjó, og meta hvað það mundi kosta. Við álítum að hinn íslenzki verkfræðingur gæti mælt hæð, breidd og legu skerjanna og tekið uppdrætti af þeim, en svo mætti senda mælingar hans og myndir til sprengingafróðra manna erlendis, sem þá gætu gjört áætlun um kostnaðinn, eða í hið minnsta sagt, hvort verkið væri framkvæmanlegt; og færi svo, að verkið álitist mögulegt, og efnum landsins ekki ofvaxið, þá væri sjálfsagt að fá æfðan mann útlendan til að framkvæma verkið.

Jeg álít því óhentugt að breyt.till. sje samþ., því það má nota hr. Sigurð Thoroddsen jafnt sem áður, eins og jeg nýlega sagði, þótt hún sje ekki samþ., en geti hann ekki gjört verkið, en tillagan þó samþ., þá er búið að binda hendur stjórnarinnar frá því að fá útlenda menn, sem til þessara verka kunna. Jeg álít að það sje ekki svo mikils vert, þó maðurinn sje nokkuð dýrari, ef hann kann verkið, og getur orkað því að búa til þrautalending fyrir fiskimenn, sem opt eru í lífsháska staddir við þessa hættumiklu strönd landsins, þar sem svo margir lifa af fiskiveiðum. Það varðar minna, þótt koma mætti einni kaupsskipsfleytu nokkrum föðmum nær landi, heldur en ef hægt vært að fá þrautalending fyrir sjómenn, er þurfa að bjarga lífi sínu,

Hvergi í heiminum drukkna að tiltölu jafnmargir menn eins og hjer við land, og aptur hvergi jafnmargir á landinu að tiltölu eins og við þessa strönd, sem hjer ræðir um, eins og eðlilegt er, þar sem hún er snauð að höfnum, og engin tilraun gjörð til að bæta hana. Jeg álít því, að þó tilraun sú, sem hjer er farið fram á að gjörð verði, yrði til einkis, þá ætti ekki að horfa í það, þó tilraun þessi kostaði 2—3 þúsund kr., því sú upphæð er ekki mikil hjá því, ef það heppnaðist, að viðkomandi mönnum, sem sækja alla lífsbjörg sína út á sjóinn, og eru opt í lífshættu, yrði einhver hjálp veitt.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Jeg hafði tekið fram álit mitt við fyrri umr. þessa máls viðvíkjandi breyt.till., og jeg get látið nægja, að tala nú að eins fá orð, því h. varafors. (Tr. G.) er búinn að taka allt það fram, sem jeg hafði fram að færa, og jeg skal taka það fram, að jeg er alveg sömu skoðunar, að jeg álít varhugavert, að samþ. þessa breyt.till., þótt jeg játi, að það verði ekki sjeð af breyt.till., að þeir, sem flytja hana, vilji málinu mein. Ekki vil jeg heldur bera brigður á, að herra Sigurður Thoroddsen sje fær um að leysa starf þetta af hendi, þótt jeg ekki viti það, hvort hann sje lærður í þeirri grein, sem hjer ræðir um, því allt er það annað að fást við vegagjörðir og brúabyggingar, ellegar það að mæla og álíta hafnarstæði. Jeg álít heppilegra, að landstjórnin hafi óbundnar hendur með að ráða, hvern hún tekur.

Niðurlag breyt.till. álít jeg einnig, að sje ekki sem heppilegast, þó jeg hinsvegar voni að stjórnin flýti málinu svo fljótt sem kostur er á; en samt sem áður get jeg ekki gefið breyt.till. atkvæði mitt.

Jens Pálsson: Það var rjettilega tekið fram af þeim 2 h. þm., sem síðast töluðu, að samgöngumálanefndin er hlynnt þessu máli; þess er í sannleika brýn þörf, að reynt verði að bæta hafnir og lendingar á suðausturströnd landsins, þar sem svo lítið er um lendingar og hafnir, að það hefir að mestu leyti bannað samgöngur á sjó, og staðið atvinnuvegum fyrir þrifum. En nefndin gat ekki sjeð, að það væri gefið, að hinn íslenzki verkfræðingur ekki gæti orðið landinu að liði einnig í þessari grein. Hún bjóst við, að meiningin með þingsál.till. væri, að fá útlendan verkfræðing til þess að standa fyrir verkinu, en hún áleit, að ef fenginn væri sá maður, er væri í nokkru áliti, þá mundi hann verða nokkuð dýr, sjálfsagt einar 10—16,000 kr., ef honum væri ætlað að starfa að þessu í 2 ár, sem ætlað er, að ekki mundi af veita; ef nú að hinn íslenzki vegfræðingur gæti unnið það hið sama verk, þá væri þessu fje svo gott sem kastað í sjóinn. *Eg sannfærðist* ekki af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um, að hinn íslenzki verkfræðingur geti ekki unnið verk þetta svo að gagni verði. Jeg veit að hann hefir fengið góða undirbúningsmenntun undir stöðu sína, staðizt próf með mikið góðum vitnisburði, og er vel að sjer í sinni mennt. Jeg get ekki skrifað undir það sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að verkfæðingurinn gæti efalaust annast hina minni háttar vinnu, hvi þá ekki eins hina meiri háttar? Hann hefir ekki tekið hið lægra ingenienr-examen, hann hefir tekið hið almenna próf í ingenieur-vísindum við háskólann í Kaupmannahöfn, en ekki hið norska vegfræðingapróf, þeirra sem standa fyrir vegavinnunni.

Jeg get ekki sjeð, að það sje svo voðalegt mannvirki, að sprengja klett, og það þótt með dynamit sje, *(Tr. G.*: Svo?). Það skyldi þá vera að það

þyrfti sjerstaka þekkingu á umbúnaðinum; en að það sje svo miklu vandasamara en svo margt annað, sem verkfræðingar gera, það get jeg ekki sjeð.

Jeg skal játa, að jeg get ekki nje vil takmarka hvað hinn íslenzki verkfræðingur »sje lærður upp á«, en jeg ímynda mjer, að hann hafi undirbúning til að geta unnið að þessu verki.

Byggðirnar með fram þessari strönd hafa svo lengi átt í stríði við þá erfiðleika, sem hjer ræðir um, og eru orðnar svo vanar þeirri baráttu, að mjer finnst ekki leggjandi mikla áherzlu á, hvort framkvæmdunum verður framgengt nokkrum mánuðum fyr eða síðar; jeg verð því að álíta að það sje ekki frágangssök að beita verkfræðingi landsins fyrir þessu máli, þótt hann verði jafnframt að starfa að fleiru. Hann hefir að vísu nóg að gera á sumrin við að segja fyrir um vegavinnu, en á haustin, þegar vegavinnan er hætt, getur hann sinnt þessu; þá er hinn hentugi tími að því leyti, að þá má sjá náttúruna í sínum algleymingi, sjá hvernig brimið og ólgan hagar sjer á hverjum stað, og hvar sje líklegast um þrautalendingar o. s. frv. Jeg álít það siðferðislega skyldu, að úr því búið er að leigja verkfræðing í þjónustu landsins, þá að brúka hann sem mest, og ekki að fá útlenda til þeirra starfa, sem enginn vissa er fyrir, að hann geti ekki leyst af hendi. Jeg ætla því rjettast að lofa þessum manni að gera hvað hann getur, og rjettara en að fá til þess útlending, sem óvíst er hvað getur.

Jeg mæli því fastlega með breyt.till. nefndarinnar, enda felst í henni hyggilegur fjársparnaður.

Tryggvi Gunnarsson: Það er óþarfi að hafa langar ræður um þetta mál, en af því mjer skilst að h. þm. Dal. (J. P.) tæki það óstinnt upp sem jeg sagði um verkfræðinginn íslenzka, að hann mundi ekki vera fær um að sprengja klappir í sjó, þá skal jeg taka það fram, að það er alls ekki meiðandi fyrir hann, því að jeg ímynda mjer, að hann mundi játa það sjálfur, að hann hefði ekki þekking eða æfingu til að byggja hafnir og sprengja klappir niðri í sjó. Jeg minnist þess, að fyrir nokkrum árum þurfti að sprengja með »dýnamít« stórt skip, sem sokkið hafði á höfninni í Þórshöfn á Færeyjum, og var voði fyrir skip, sem þar lögðust, og til þess þurfti að fá æfðan sjóliðsforingja, og sagði sá maður mjer, að verkið hefði verið mjög vandasamt, því að hann þurfti að leggja þræði neðansjávar langa leið í dynamít-hleðslu þá, sem hleypt hafði verið niður í skipið; að sprengja klappir undir sjó er vandasamara verk en þeir halda, sem ekkert þekkja til þess.

Jeg hef heyrt sagt, að á fleirum en einum stað þar eystra hagi svo til, að þar sjeu djúpir pollar upp við land, og skerjagarður fyrir framan, svo ef skarð væri sprengt í þennan skerjagarð, þá yrði þar skipalega; nú gæti íslenzkur verkfræðingur mælt dýpt vatnsins fyrir utan og innan skerjagarðinn, og hversu hár og breiður hann væri, og yfir höfuð gert undirbúnings-verkið, sem svo væri sent til manns ytra, er stjórnin áliti hæfan, og hann segði sitt álit, gerði áætlun um, hvað verkið mundi kosta og fleira; ef það til dæmis kostaði 100—200 þús. kr., þá mundi það verða álitið efnahag landsins of vaxið, og yrði þá hætt við að leggja út í það; en ef nokkur líkindi væru til þess, að hægt yrði að koma upp höfn eða þrautalendingu með litlum kostnaði, þá kæmi fyrst til, að fá æfðan sprengingamann og verkfræðing hingað upp.

Svona hef jeg hugsað mjer þetta mál; en sem sagt, jeg vil ekki gera breyt.-

till. að miklu kappsmáli, en hitt er mjer kappsmál, að þingsályktunin nái fram að ganga.

Þorlákur Guðmundsson: Við fyrri umr. þessarar till. var það tekið fram, að hjer væri einkum um það að gera, að fá þrautalendingar á suðausturströndinni, því að þar verða mestir mannskaðar í lendingu; á allri ströndinni frá Reykjanestá til Víkur er engin þrautalending, þar sem skip gætu leitað inn í ofviðrum hættulaust, enda farast þar flest skip í lendingu, en nær engin úti á rúmsjó. — Það er sjálfsagt meira vandaverk eða rjettara sagt allt annað að standa fyrir hafna- og þrautalendingagerð en segja fyrir um vegagerð, en ekki get jeg verið samþykkur h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) um að álíta hinn innlenda verkfræðing eigi vaxinn því að takast starfann á hendur, jeg get ekki um það sagt, og jeg ímynda mjer, að svo sje um fleiri h. þingm., og jeg ímynda mjer þó, að hann sjálfsagt geti gert ýmisleg forvirki og undirbúið ýmislegt, sem þá síðar mætti senda útlendum mannvirkjafræðingi til álita og umsagnar, en jeg vildi gjarnan heyra álit hæstv. landshöfðingja um þetta.

Landshöfðingi: Jeg get ekki látið uppi neitt eindregið álit um þetta málefni, því að það hefir aldrei borizt í tal milli mín og hins íslenzka verkfræðings, hvort hann hafi lært nokkuð viðvíkjandi því, sem á dönsku er kallað ‚Havnebygning'. En jeg ímynda mjer, að það þurfi ekki að vera að ræða um það nú; fyrst um sinn gæti hann sjálfsagt skoðað ströndina, og gert uppmælingar á þeim stöðum, sem hann áliti líklega til, að á þeim mætti gera hafnir; þær mælingar og athuganir mætti síðan senda útlendum manni, sem hefir lagt þess háttar rannsóknir fyrir sig, og væri þá mælingar hins íslenzka verkfræðings eins konar grundvöllur, er byggja mætti á af öðrum, svo framarlega sem hann gæti það ekki sjálfur, en um það getur hann bezt sagt sjálfur, hvað hann treystir sjer til að gera, og hvað ekki.

Vegna þessa álít jeg að það sje nóg, að verkfræðingur landsins sje fenginn til að vinna að þessu verki. En til þess þarf líka fje; hann getur ekki fengizt einn við uppmælingarnar, til þess þarf hann að leigja menn með sjer, einn eða fleiri, þar að auki þarf hann að fá endurgoldinn ferðakostnað, svo að hin h. fjárlaganefnd þyrfti að gera ráð fyrir einhverri upphæð til þessa.

En jeg tek það upp aptur, að jeg álít, að hinn íslenzki verkfræðingur geti framkvæmt nægilegar bráðabirgðarannsóknir, hvort og hvar tiltækilegast sje, að gjöra þrautalendingar og hafnir, og mætti svo leggja þær til grunvallar fyrir áætlunum hans eða annara, sem kunna góð skil á þeim hlutum.

Guðjón Guðlaugsson: Það hafa engin mótmæli komið fram gegn þessari till. fyrr en þessi breytingartill. kom; jeg held að það sje af því, að menn hafa ekki fullkomlega gert sjer grein fyrir, hvað af því mundi leiða, ef hún yrði samþykkt; þeir hafa ekki gáð að því, að hún er alveg þýðingarlaus, ef ekki fara á eptir úr landssjóði ríflegt fjárframlög. En það er sannarlega varúðarvert, að taka fje frá ýmsum fyrirtækjum, sem liggja langt um beinna við en þetta, því að tillagan fer að eins fram á, að skoðun verði gjörð, sem að engin vissa er fyrir, að nokkur árangur verði af. Ef nokkur árangur verður af rannsókninni, þannig, að ætla mætti, að unnt væri að gjöra höfn á einhverjum stað, þá hlyti þar af að leiða stórkostleg fjárútlát. En við höfum svo mörgu í lag að kippa, sem að liggur opið fyrir allra augum; við þurf-

um ekki að kosta neinu upp á, að láta segja okkur, hvaða vegi við eigum að leggja, hvar við eigum að láta skip ganga o. s. frv. Hjer er um það að ræða, að leggja fje til þess, að fá vissu um, hvort unnt sje, að leggja út í stórt fyrirtæki, sem ekki er einu sinni víst, að framkvæmt verði, jafnvel með stórkostlegum fjárframlögum. Jeg skal játa það, að vissan er góð, en mjer þykir það óviðkunnanlegt, að eyða fje landssjóðs í slíkt, þegar nóg verkefni eru til, hvar sem litið er.

Meðan vegirnir eru svo á mörgum stöðum, að maður verður að búa sig út með bönd og reipi til að draga upp úr hestana, og krækja langar leiðir til þess, að komast lifandi yfir jörðina, meðan svo er, þá sýnist það óþarfi, að leggja fje til þess, að rannsaka, hvort hægt sje að sprengja sundur klappir einhversstaðar og einhversstaðar.

Hvað viðvíkur breytingartill., þá mun jeg gefa henni atkvæði mitt af þeirri ástæðu, að verði hún samþykkt, þá verður þingsályktunartill. sjálf skaðlaus, en að sama skapi gagnslítil. Jeg gef breyt.till. atkvæði mitt, en mun þó greiða atkvæði móti þingsál.till. á eptir, því að ef breyt.till. er samþykkt, þá er tillagan sjálf einskisverð.

Jeg get ekki dulið það, sem mjer býr í brjósti, jeg vil segja hreint og beint meiningu mína, og þá verð jeg að geta þess, að jeg get ekki hugsað mjer, að nokkrir aðrir þingmenn en úr sunnlendingafjórðungi hefðu verið svo djarfir, að koma með slíka kröfu. Þegar þm. úr öðrum fjórðungum þora ekki að krefjast viðgerðar á póstleiðum, auk heldur annars, þegar þeir geta horft rólegir á það ár eptir ár, að öllu er hrúgað í vegi rjett í kringum Reykjavík, en strandferðir látnar sitja á hakanum, hvernig ættu þeir þá að geta komið fram með aðra eins kröfu og þessa? Nei, að eins óskabörn þingsins geta komið fram með beiðni um svona ótilhlýðileg fjárframlög!

Björn Sigfússon: Mál þetta hefur ekki mætt mótmælum fyr en nú frá h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) og jeg verð að segja, að mig furðar á, að hann skuli taka svona í þetta mál, af því jeg veit að honum er þó mikið áhugamál að fá samgöngur vorar bættar. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje ósamkvæmni í því, að vilja verja miklu fje til strandskipaferða, en ekki jafnframt vilja styðja að því, að skipum verði lent sem víðast við strendur landsins. Það hagar nú svo til á þessum hluta landsins, sem hjer ræðir um, að þar má heita algjört hafnleysi. Jeg skil þess vegna ekki, að það skuli vera nokkur sá þingmaður, sem annars lætur sjer annt um, að bæta samgöngur hjer við land, sem ekki jafnframt álítur sjer skylt, ef hægt er, að gjöra eitthvað til að bæta lendingar á þessari strönd. Jeg játa það, að h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) hefur mikið til síns máls í því, að miklu fje hafi verið varið til að bæta samgöngur á landi í Sunnlendingafjórðungi. Þar hefur verið varið ósanngjarnlega miklu fje til vegagjörða í samanburði við það, sem varið hefur verið í sama skyni í öðrum landsfjórðungum, og það er vonandi, að fjenu hjer eptir verði beint í aðrar áttir. En þetta hefur þó ekki þau áhrif á mig, að jeg vilji synja um fjárframlag til þessara rannsókna á suðurströnd landsins. H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) taldi sjálfsagt, að af þessari rannsókn hlyti að leiða afarmikill kostnaður fyrir landssjóð, en jeg sje ekki, að það sje sjálfsagt að hann þurfi að verða neitt gífurlegur. Það er auðvitað, að verkfræðingur sá, er tækist þessa rannsókn á hendur, yrði að hafa með sjer hjálparmann við rannsóknina, en þó það kosti

nokkuð, þá sje jeg ekki eptir því fje, því það er hugsanlegt, að það gæti leitt til óendanlega mikils góðs, t. d. ef það sannaðist, að gjöra mætti örugga höfn eða öruggar hafnir á þessu svæði, kannske fyrir tiltölulega lítið fje. Ef sá er rannsóknina gjörir, kemst að þeirri niðurstöðu, að ekkert sje hægt að gjöra til hafna- eða lendingabóta, þá kemur ekki til fjárframlags; en ef hann aptur á móti álítur, að eitthvað verulegt megi gjöra þar til gagns með miklu fjárframlagi, þá kemur til þingsins kasta að skera úr, og mun það þá sníða sjer stakk eptir vexti.

Jeg álít þetta að sínu leyti eins nauðsynlegt og sjálfsagt, eins og að leggja fje til skipaferða milli landa og samgöngubóta á sjó hafna á milli innanlands, því það sjá þó allir, að það er engin meining í fjárframlögum til þessa, ef skipin geta svo ekki lent eða komizt í höfn þegar að landi er komið, eins og hjer stendur á, á afarstórum fláka. Það dugar ekki að þingið hafi þá fyrir olnbogabörn, sem náttúran landsins er andstæð, ef hægt er að bæta úr því.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er leiðinlegt að heyra önnur eins orð og ummæli eins og h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) ljet falla hjer í þingsalnum. Það er þinginu í heild sinni og einstökum þingmönnum til svívirðingar, að slíkur munnsöfnuður skuli eiga sjer stað hjer. Að vera að ástæðulausu að sletta Sunnlendingum því í nasir, að þeir hafi fengið meira fje til samgöngubóta á landi o. s. frv., það er í meira lagi ósæmilegt, þegar allir ættu að vita, hvernig til hagar í þessum hjeruðum. Ástæður þær, sem h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) bar fram á móti tillögunni, vil jeg þó fremur álíta að sjeu sprottnar af ókunnugleika hans á því, sem hjer er um að ræða, en af öðru verra. Á svæði því, sem á að rannsaka, búa 12—14 þúsundir manna, og hjeruð þau, er þær byggja, eru hin mestu landbúnaðarhjeruð landsins. Fyrir öllu þessu svæði má heita að sje ein hafnleysa. H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) leggur, eins og aðrir, mikla áherzlu á það, að fengizt geti skip, er gangi kringum strendur landsins, en jeg veit ekki hvað á að gjöra við skip, ef þau geta ekki lent við strendurnar.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) sagði, að menn hefðu enga hugmynd um, hvort mögulegt væri, að gjöra höfn eða hafnir nokkursstaðar á þessu svæði. Þetta er ekki rjett. Menn hafa töluverða hugmynd um, að það sje mögulegt, en menn vilja fá að vita það fyrir víst, með því að fá verkfræðing til að rannsaka svæðið. Frá þessari strandlengju sækja ákaflega margir sjó, sjer í lagi á vetrarvertíð. Á síðastliðinni vertíð komust 51 skip, hvert með 16—18 manns, í sýnilegan lífsháska, af því þeir gátu hvergi náð landi fyrir brimi og ósjó, en hvergi var afdrep við land, og þó þessum skipum tækist að ná landi í þetta sinn, þá druknuðu þó alls á þessu svæði 30—40 manns sama dag við þessa strönd. Ef það er nú svo, að um 1000 manns sæki sjó á þessu svæði á hverri vertíð, og líklega eru þeir fleiri, og tekið er tillit til þess, að allur þessi mannfjöldi stofnar sjer í lífsháska sökum hafnleysis á hverjum degi, sem hann fer út fyrir landsteinana, þá er mjer næst að halda, að færri kröfur sjeu rjetthærri en þær, sem fara fram á, að eitthvað sje gjört til að afstýra þessum voða. Hvernig h. þm. fer að bera þetta saman við það tilfelli, að maður verði að draga hest upp úr dýi, það skil jeg ekki. Jeg ímynda mjer, að þessi orð hans í okkar garð sjeu sjerlega vanhugsuð, og vona, að hann finni, þegar hann er

búinn að sansa sig, að slíkt á ekki við. Það er ekki rjett, sem h. þm. bar fram, að öllu vegabótafjenu sje og hafi verið hrúgað í landið hjer í kringum Reykjavík. Það er satt, að það hefur verið varið meiru fje til vegabóta hjer en annarsstaðar, en þess ber að gæta, sem líka er margsinnis búið að taka fram, að þessi hjeruð hafa engin beinlínis not af samgöngunum á sjó.

Hvernig h. sami þm. fer að kalla t. d. mitt kjördæmi óskabarn þingsins, það get jeg aldrei skilið, því hafi nokkurt kjördæmi verið olnbogabarn þings og þjóðar, þá er það Skaptafellssýsla. Það er fyrst á allra síðustu árunum, sem ofurlítið hefur verið gjört fyrir það til samgöngubóta á sjó og hefur það kostað ærna fyrirhöfn að fá því framgengt. Að kalla það ótilhlýðilegt, að fara fram á fjárframlag, sem miðar til að bjarga lífi margra manna og margra heimila, eða til að gjöra nauðsynlegan undirbúning undir samgöngur á sjó, það er nokkuð fjarstætt því rjetta. Mjer finnst slíkt fjárframlag mjög svo rjettmætt.

Jeg lýsti því yfir þegar í byrjun umræðunnar, að jeg væri ekki á móti breyt.till. þeirri, sem fram væri komin, en það var af allt öðrum ástæðum en h. þm. Strandam. (Guðj. G.) sagðist hafa til að vera henni ekki mótfallinn. Hann sagðist geta greitt athvæði með henni af því hún væri meinlaus og gagnslaus, en svo mundi hann greiða atkvæði á móti sjálfri tillögunni. Með öðrum orðum: hann ætlar bara að leika sjer að því, að greiða atkvæði með breyt.till. Jeg þar á móti álít, að þó breyt.till. gangi í gegn og þó hún að vísu þá geti orðið til þess, að seinka fyrir framkvæmd þessa fyrirtækis, þá gæti þó verkfræðingur landsins, eins og h. þm. Dal. (J. Þ.) tók fram, undirbúið málið, þegar ekki lægi önnur störf fyrir, er hann þyrfti að leysa af hendi. En það er auðvitað, að þegar þessum undirbúningi væri lokið, þá gæti að því rekið, að leita þyrfti fjárframlaga úr landssjóði, t. d. ef það sýndi sig, að gjöra mætti höfn eða lendingar á þessu svæði

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Mjer kom það ekki óvart, þó h. þm. Strandam. (Guðj. G.) yrði til þess, að andmæla þessari tillögu okkar Sunnlendinga. Hann hefir áður sýnt sig í því, að vera okkur andstæður. Það hafa fallið orð frá honum í okkar garð jafnvel hvern fundinn eptir annan, sem ekki geta kallazt sjerlega þingmannleg. Það er ekki þingmannlegt að kasta þannig orðum fram alveg ástæðulaust. Á hinn bóginn skal jeg játa, að jeg vil líta svo á, að framkoma hans í þessu máli sje sprottin að nokkrum hluta af ókunnugleika, en ekki öðru verra. Hann verður að gæta að því, að það, að hrekjast í stórsjó fyrir suðurströnd landsins og geta hvergi lagt að landi, er allt annað en að liggja rólegur eða velta sjer í rúmi sínu inni í baðstofu. Hrakningur sjómanna fyrir suðurströnd landsins er sannarlega ekkert leikspil, heldur er vert að gjöra allt mögulegt til að ráða bót á þessu. Hann áleit, að ekki væri vert að hugsa um að bæta lendingar við suðurströnd landsins, meðan ekki væri lengra komið vegagjörðum úti um landið. Með öðrum orðum: meðan vegirnir eru ekki búnir, þá mega fara í sjóinn svo margir, sem vilja, á þessu svæði. Þetta er rjett hugsanasamband; en mannúðleg er hugsunin ekki.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) vill láta kaupa skip fyrir landssjóð. Það er vel meint. En jeg ímynda mjer, að hann vilji líka, að þetta svæði hafi einnig not af skipskaupinu. En ef ekki eru bættar hafnirnar fyrir suðurströnd landsins, geta gufuskipaferðirnar aldrei orðið

þar að notum. Jeg ímynda mjer nú, að þessi h. þm. (Guðj. G.) átti sig á því, að hjer sje ekki án nauðsynja kvartað, og jeg vona, að ræða hans hafi ekki þau áhrif, að tillagan komist ekki fram.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, því ræða h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) gekk mest út á að kenna mjer, hvernig jeg eigi að haga mjer hjer í þingsalnum, en það má varla búast við því, að sú tamning fari vel, því hann er ljeleg fyrirmynd sjálfur í þeim efnum. Hann gerði sig nú, eins og áður hefir komið fyrir, sekan í rúddalegri árás á mig með mjög ótilhlýðilegum orðum um mig persónulega. Jeg áleit og álít enn, að úr sunnlendingafjórðungi komi djarfari fjárkröfur til þingsins en úr öðrum fjórðungum landsins, en þetta er nú orðið mjög svo eðlilegt, þar sem þeir fá og hafa tengið svo góðan byr hjá þinginu. Það, sem jeg sagði í þessu sambandi, var fremur álas til þingmanna úr öðrum landsfjórðungum, sem gefa atkvæði með því og styðja að því, að svo miklu fje er eytt í einum fjórðungi. Jeg skil því ekki, að þau ummæli mín geti talizt mjög meiðandi fyrir þingmennina hjer fyrir sunnan. En það sannast á þeim, að »sannleikanum verður hver sárreiðastur«, og þó þeir sjeu opt búnir að heyra þetta, þá á jeg þó eptir að láta þá heyra hann enn einu sinni og enn betur síðar.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að það væri ótilhlýðilegt fjárframlag, sem gengi til að bjarga lífi manna, en þetta er algerlega rangt, því það kemur hvergi fram í tillögunni, sem jeg var að tala á móti, að verja skuli fje til rannsókna þessara í því skyni að bjarga lífi manna, og heldur ekki hefir þetta atriði komið fram í umræðunum fyr en nú.

Þar sem h. 2. þm. Rang. (Þórð. G.) var að tala um, að það væri munur að vera í lífsháska úti á sjó en að liggja rólegur inni í rúmi sínu, þá veit jeg ekki hvort hann hefir meint, að jeg væri svo gjarn á að liggja inni í rúmi, en það get jeg sagt honum, að jeg hefi verið þar, sem bátur fórst í brimi svo að segja í höndunum á mjer. Það var á Sandi undir Jökli. Af því þetta hefir komið fyrir þar og getur komið fyrir, þá væri kannske rjettast af h. þm. Snæf. (E. G.) að koma með þingsályktunartill. í þá átt, að einnig verði rannsakað, hvort ekki muni hægt að lægja brimið undir Jökli. Þá mætti líka benda á það, að ferðir á landi, t. d. um heiðar á vetrardag, eru engan veginn hættulausar. Þar verða menn opt úti af vegaleysi og vörðuleysi, og jeg veit ekki, hvort betra er, að frjósa í hel uppi á heiðum eða að drukkna í sjó. Mjer finnst full ástæða til að segja, að það sje skeytingarleysi af þingi og þjóð, að varða ekki heiðarnar.

Að Skaptafellssýsla út af fyrir sig hafi ekki verið óskabarn þingsins, get jeg vel játað, en jeg tók til Sunnlendingafjórðung í heild sinni, en ekki einstök hjeruð. Það mætti víst finna mörg einstök hjeruð í öðrum fjórðungum landsins, sem segja mætti um, að ekki hefðu verið nein sjerleg óskabörn þingsins, þó fjórðungarnir í heild sinni hafi notið nokkurs góðs af landsfje.

Jeg get, sem sagt, verið með breyt.-till. af því, að jeg álít hana ekki skaðlega, enda þótt við á hinn bóginn höfum nóg annað að gjöra við þennan eina verkfræðing vorn. Hann mun einkanlega hafa verið fenginn til að standa fyrir vegagjörðum og getur haft nóg við þau störf að gera um mörg ár,

mæla vegastæði, gefa skýrslur um vegi, líta eptir þegar gjörðum vegum o. s. frv., og er því ekki nein sjerleg ástæða til að ætla honum þetta verk, enda ekki alveg víst, að hann sje því fyllilega vaxinn. En aðalástæða mín á móti tillögunni sjálfri er sú, að jeg veit ekki, hvort landssjóður verður fær um að halda þessu verki áfram, þó hann byrji á því, en það virðist þó sjálfsagt, að þegar maður er búinn að segja a, með því að samþykkja þessa tillögu, þá verði maður að segja b, með því að veita nægilegt fje til rannsóknarinnar, og þegar vjer erum búnir að segja a og b, þá erum vjer skyldugir til að segja c, með því að leggja það fje sem þarf til þess að framkvæma það, sem skoðunin er gjörð til.

Jens Pálsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að deila við h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um það, hvað verkfræðingur vor geti gjört og geti ekki gjört. Jeg er enginn verkfræðingur og það er h. þm. heldur ekki. En af því, að það kom fram í ræðu þessa h. þm. og eins í ræðu h. þm. Strandam. (Guðj. G.), að verkfræðingur vor mundi ef til vill ekki vera fær um annað en að leggja vegi, þá vil jeg taka það fram, að hr. Sigurður Thoroddsen hefir tekið fullkomið ingeniörexamen, og á því að hafa vit á miklu fleiru en vegagjörð og geta sett sig inn í stórverkleg fyrirtæki. Mjer finnst þess vegna óþarfi, að ganga út frá því sem gefnu, að þessi verkfræðingur geti ekki leyst þetta verk af hendi.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg get skrifað undir það með h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm), að það er hugsun samgöngumálanefndarinnar, að þegar verkfræðingurinn væri búinn að rannsaka ströndina og kynna sjer álit þeirra manna, er byggju þar og bezt vissu hvernig þar hagaði til, þá gæti það komið fyrir, að fá þyrfti annan mann til að starfa að þeim verkum, sem menn vildu láta framkvæma þar frekar. En ef til þess kæmi, að fá þyrfti annan verkfræðing sjerstaklega, t. d. til að standa fyrir hafnargjörð, þá gæti sá hinn sami haft nóg að gjöra einnig annarstaðar. Það hefði t. d. ekki verið ónýtt að hafa slíkan mann til ráðagjörðar hjer í Reykjavík, þegar steinbryggjan var gjörð, sem ekki verður lent við öðrum skipum en opnum smábátum, en er að sögn búin að kosta 20—30 þús. kr.

Jeg treysti því, að h. þingd. samþ. þessa tillögu, og að hún svo verði tekin til greina á sínum tíma, þó hún ef til vill ekki verði framkvæmd.

ATKV.GR.: Eptir ósk 8 þingmanna var samþykkt að hætta umræðunni.

Breyttill. (168) samþ. með 19 atkv. þingsál.till. þannig breytt samþ. með 20 atkv. Málið afgreitt til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tuttugasti og þriðji fundur

laugardag 27. júlí kl. 10 f. h. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði (C. 120); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþykkt með 16 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu (C. 159); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 16 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um löggilding verzl-

unarstaðar á Hjallasandi í Neshrepp ytri í Snæfellsnessýslu (C. 171); 1. umr.

Flutningsmaður (*Eiríkur Gíslason*): Jeg hefi komið fram með þetta frumv. eptir ósk kjósenda minna, sjerstaklega úr 2 yztu hreppum sýslunnar. Þar er fjölmennt fiskiver, gott útræði og opt aflasælt. Ástæðan til þess að menn þar óska, að fá þessa lögildingu, er sú, að verzlunin í næsta verzlunarstað, Ólafsvík, er mjög óhagfelld, svo að hún mun varla vera annarstaðar á landinu verri en þar. Á hinn bóginn ætla menn í þessum sveitum, að verzlunin mundi batna ef samkeppni kæmi, og föst verzlan yrði sett á Sandi. Árið 1891 var þar sveitaverzlun og þótti að henni talsvert hagræði, en af því að sá maður, er rak hana, fluttist burtu úr Ytri-Neshrepp og tók sjer fyrir hendur annan atvinnuveg, þá lagðist sú verzlun aptur niður.

Að því er sjálfan staðinn snertir, þá er skipalægið á svo nefndri Sandalegu; þar er góð innsigling, nóg dýpi og ágætur botn. Veðranæmt er þar að eins í norðanátt, en skjól fyrir vindum af öðrum áttum.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta mál, en að eins óska þess að h. deild leyfi málinu fram að ganga.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög (C.122);3.umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna (C. 131); 3. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Eins og jeg ráðgerði við 2. umræðu þessa máls, ætla jeg nú að fara nokkrum orðum um meðferð stjórnarinnar á frv. þessu, sem synjað var staðfestingar með konungsúrskurði 15. febrúar þ. á., og eru synjunar-ástæðurnar tilgreindar í rhbr. 21. febr. síðastl.

Af rhbr. þessu sjest það þá fyrst, að það er landshöfðinginn, sem, eins og fyrri daginn, hefir ráðið frá því að frv. þetta væri staðfest, og enda þótt það sje þýðingarlítið, að færa rök fyrir málum á þessu þingi, meðan stjórnarástand vort er þannig, að það er vilji landshöfðingjans eins, sem öllu ræður hjá stjórninni, hversu mjög sem þessi hans einvaldsvilji ríður í bága við skoðanir þings og þjóðar, þá ætla jeg þó að minnast á ástæður þær, sem hann ber fram fyrir stjórnina í Kaupmannahöfn, með nokkrum orðum.

Fyrsta ástæða h. landshöfðingja gegn frumvarpinu er sú, að það sje skerðing á jafnrjetti því, er dönsk lög heimili ísl. kaupmönnum, þar sem þeir hafi rjett til, að hafa selstöðuverzlun í Danmörku. En hjer til er því að svara, að Íslendingar hafa aldrei æskt slíks rjettar, og að því mjer er kunnugt aldrei heldur notað hann. Eða hvaða Íslendingar skyldu það vera, sem hjer eru búsettir, en hafa selstöðuverzlun í Danmörku?

Það er ólíku saman að jafna oss og Dönum í því efni; það er sem sje sá mikli munur á, að Dönum, sem eru fjölmennur þjóðflokkur í samanburði við oss, getur aldrei gert það neitt, þó að Íslendingar njóti slíkra rjettinda í Danmörku, því að þeir geta aldrei notað þau í stórum stýl; selstöðuverzlun Íslendinga í Danmörku getur aldrei haft neina verulega þýðingu fyrir verzlun Dana í heild sinni, þótt einhverjir Íslendingar færu að nota sjer selstöðurjettinn. En hvað verzlun Dana á Íslandi snertir, þá er allt öðru máli að gegna, þar sem danskir kaupmenn

hafa megnið af verzlun Íslands í höndum sjer, og hafa fastar selstöður í kringum land allt; en skyldi t. d. Dönum þykja það heppilegt ástand, ef allur þorri kaupmanna þeirra væri búsettir í Hamborg og flyttu þangað verzlunararðinn úr selinu í Kaupmannahöfn? Jeg held varla, að þeir gætu unað slíku ástandi betur en vjer. Í öðru lagi hefir landsh. slegið því fram, að fastar verzlanir borgi sömu gjöld til lands og sveitar hjer á landi, hvort sem eigendur þeirra eru hjer búsettir eða ekki; þessi ummæli landshöfðingja eru ekki alls kostar rjett, eins og jeg benti á við 2. umr. málsins, og furðar mig það stórum, að hann skuli ekki gera sjer far um að skýra ráðherranum rjettar frá í opinberum embættisbrjefum. Selstöðukaupmennirnir greiða sem sje engan eignartekjuskatt hjer á landi; en að því er hjer búsetta menn snertir, þá eltum vjer hverja krónuna, sem þeir hafa í tekjur af eignum sínum, og heimtum $^1/_{25}$ í landssjóð, en hvað mikið sem þessir útlendu kaupmenn græða á verzlun sinni hjer á landi, og þótt þeir hafi fje á vöxtum þúsundum saman í útlöndum, þá borga þeir engan eyri af þeim eignartekjum sínum hjer á landi, og jeg gat þess við 2. umr., með hve góðu geði margir þeirra greiða tekjuskatt af atvinnu, þar sem þeir þykjast ár eptir ár skaðast á verzluninni, og það þótt hún sje í sýnilegum uppgangi.

Í þriðja lagi tekur landsh. það fram, í nefndu brjefi sínu til ráðherrans, að það sje ósamkvæmni, að banna fastakaupmönnum að reka hjer verzlun, nema þeir sjeu hjer búsettir, þar sem lausakaupmenn megi verzla hvar sem er kringum strendur landsins án þess að gjalda nokkuð til almenningsþarfa; en þetta er ekki heldur rjett, með því að lausakaupmenn, sem reka vilja verzlun utan löggiltra kauptúna, verða að kaupa leyfisbrjef, og kostar það 100 kr. á ári hverju; og gegnir það furðu, að landshöfðingi skuli hafa gefið ráðherranum ranga skýrslu einnig í þessu atriði; og svo er einnig á það að líta, að það er sitt hvað, að gefa lausakaupmönnum leyfi til, að verzla hjer, eða að leyfa fastakaupmönnum, sem ekki eru hjer búsettir, að hafa hjer sölubúðir allt árið um kring, því að lausakaupmenn verzla næstum eingöngu með bráðnauðsynlegar vörur, svo sem timbur og kol, sem örðugt er að flytja, og opt er ómögulegt að fá hjá fastakaupmönnunum, eða þá mjög örðugt, nema með mjög háu verði; og þar á ofan selja lausakaupmennirnir opt fastakaupmönnum megnið af farminum. Það er því engin ósamkvæmni í því, þótt löggjafarvaldið vilji ekki bægja slíkum mönnum frá landinu, en bindi verzlun fastakaupmannanna búsetuskilyrðum.

Þá kemur landsh. ennfremur með þá kenningu, að frumv. miði að því, að hnekkja samkeppni í verzluninni, og get jeg ekki heldur fallizt á það, því að hver er samkeppin, sem dönsku kaupmennirnir hafa ¡skapað í verzluninni hjer á landi, hvar er hún, og í hverju er hún fólgin? Hún er að minni vitund sjaldnast fólgin í því, að lækka verð á útlendum vörum, og hækka verðið á innlendum varningi; en hitt er oss kunnara, að þeir bindast samtökum, og eiga með sjer fjelag í Kaupmannahöfn, sem aðallega mun ganga í þá átt, að ná sem hæstu verði fyrir útlendar vörur, og að sleppa með að gjalda sem lægst fyrir innlendan varning. Nei, sú samkeppnin, sem vottað hefir fyrir hjer á landi, er ekki að þakka dönskum kaupmönnum, heldur er hún íslenzkum borgunum að þakka, og einkum og sjerílagi afleiðingin af kaupfjelaga-breifingunni, sem hefir neytt kaupmenn til þess,

að vilna einstökum viðskiptamönnum ofurlítið í, til þess að halda þeim við trúna; en að öðru leyti þekkjum vjer lítið til samkeppni meðal dönsku kaupmannanna; að minnsta kosti höfum vjer lítið af henni að segja út um sveitir þessa lands. Það kann að vísu að vera, að þeir skapi nokkra samkeppni hjer í Reykjavík, en annarstaðar ekki. Á Ísafirði eru t. d. 3 stórar verzlanir, og eru eigendur þeirra allir búsettir í Kaupmannahöfn, og koma sjer þar hjartanlega vel saman um vöruverðlagið, en um samkeppni þessara verzlana á Ísafirði heyrist lítið talað, því að jeg tel það ekki með samkeppni, þótt þeir gefi stöku mönnum einhverja launprísa, einkum þeim, sem þeir vita, að hafa mikið vörumagn; en þetta kemur sjaldnast opinberlega fram í viðskiptareikningum þeirra, enda eru það ekki nema efnuðustu mennirnir, eða hinir svo nefndu »hala-forstjórar«, sem eiga slíkum kjörum að sæta, og það sem kaupmenn vilna þessum »hala-forstjórum« í, því munu þeir optast ná upp aptur hjá »halanum«, o: þeim mönnum, sem hlut: eiga að taka hjá efnabændunum. En þetta er ekki eðlileg samkeppni, heldur öllu fremur leynilegt pukur, sem stafar af röngu verzlunarfyrkomulagi.

Ennfremur hefir hæstv. landsh. frætt ráðherrann á því, að lög þessi komi í bága við þá stefnu, sem alþingi hafi fylgt að undanförnu, að vilja gjöra aðganginn að verzluninni sem greiðastan; en þegar jeg las þessi orð hæstv. landsh., datt mjer í hug, að hjer væri það »procuratorinn», sem gægðist út á milli línanna; en það eru til tvennskonar procurator-brellur, bæði kænlegar og einfeldningslegar, og jeg held satt að segja, að þessar heyri til hinum síðarnefndu, því að landsh. rökstyður þetta eigi með öðru en því, að skírskota til löggildinga ýmsra verzlunarstaða og laganna frá 7. nóv. 1879; en jeg hygg, að þessi stefna þingsins komi, rjett skoðað, í engan bága við búsetulögin, því að það er sitt hvað að vilja gera aðganginn til verzlunarinnar sem greiðastan landsins börnum, eða að láta verzlunina eigi vera í höndum erlendis búsettum mönnum, sem að eins hafa hjer í seli, en flytja verzlunar-arðinn úr landi, því að það er þetta verzlunarfyrirkomulag, sem hefir verið þess valdandi, að land vort er nú jafn-snautt og beinabert, og hefir því þessari selstöðuverzlun ekki að ástæðulausu verið jafnað við blóðsugu, er sýgur merginn úr þessari þjóð.

Að síðustu færir landsh. það lögum þessum til foráttu, að þau muni ekki koma að tilætluðum notum, með því að þau leiði að eins til undanbragða; en þetta virðist mjer vera æðidjörf tilgáta af hálfu hæstv. landsh., og þess utan virðist það einnig vera töluvert einfeldnislegt, að ímynda sjer, að almenn undanbrögð eigi sjer stað, eða að gera ráð fyrir, að verzlunareigendur, sem búsettir eru erlendis, láti umboðsmenn sína í orði kveðnu vera eigendur verzlananna, þar sem þeir eiga svo mikið á hættu, ef slíkt kæmist upp, að gjöra má hús og eignir verzlunarinnar upptækar; einmitt í þessum ströngu ákvæðum laganna virðist mjer vera fólgin nægileg trygging, svo að eigi þurfi undanbrögð að óttast.

Eptir að lsh. hefir þannig fært fram ástæður sínar gegn frv. þessu, klikkir hann að lokum út með þeim dómi í brjefi sínu til ráðherrans, að frv. sje »óhyggilegt og óhentugt«, og sýnir hann með því berlega það tvennt, hve lítils hann virðir vilja þingsins og þjóðarinnar, og hvílíkan speking hann telur sjálfan sig vera, þar sem hann telur sig einn vera færari um það, að kveða upp dóm um

það, sem þjóðinni sje fyrir beztu, heldur en fulltrúa hinnar íslenzku þjóðar, sem þó eru kosnir sinn úr hverju hjeraði landsins, og því gagnkunnugir því, hver á sínum stað, hvar skórinn kreppir að; en það er nokkuð annað að sitja í embætti í kaupstað með 13—14,000 kr. laun á ári, og hafa allt sem hendinni þarf til að rjetta, eða að vera bóndi upp í sveit, og þurfa að sækja allt í hendur kaupmanna fyrir það litla vörumagn, sem búið getur af sjer gefið. Það er engin furða, þótt þeir menn geti talað drýgindalega, og finni lítt til verzlunar-ókostanna, sem engar áhyggjur þurfa að hafa um nauðsynjar sínar, og því ekki eru bundnir við að kaupa varning sinn fremur innanlands en utan; og að hinu leytinu er þessi dómur landsh. heldur ekkert óvanalegur eða kynlegur, því að lesi menn Stj.tíð., sjá menn, að það gengur eins og óslitinn þráður gegnum alla framkomu hans gagnvart þingi og þingmálum, hve sáralítils hann metur allt, nema sinn eina eigin vilja.

Jeg heyrði í gær hæstv. landsh. fara þeim orðum um mig, að jeg hefði gjörzt forgöngumaður hinna römmustu æsinga gegn stjórninni, og hann bar mjer á brýn, að jeg hefði spillt hinu góða samlyndi, sem ætti að vera milli þjóðar og stjórnar; en þetta er algjörlega rangt hermt af honum, eins og svo margt annað í minn garð, því að sannleikurinn er sá, að það er einmitt hann, sem með lítilsvirðingu sinni á gjörðum þingsins, og ýmsum tillögum sínum til stjórnarinnar í Khöfn, hefir skapað alla þá óánægju, sem nú ríkir meðal þjóðarinnar gagnvart stjórninni, og sem hefir spillt, og spillir, allri góðri samvinnu og samlyndi milli þings og stjórnar, svo að rjett skoðað er það því einmitt hann, en ekki jeg, sem er landsins rjettnefndi æsingamaður. En hvers er líka annars að vænta af honum? Höfum vjer ekki einmitt í gær fengið forskript hans fyrir því, hvernig embættisstjettin á að vera, og þar með jafnframt skýringu á allri framkomu hans sjálfs í þjóðmálum vorum? Það er eptir þeirri forskript ekki gagn og velferð ættjarðarinnar, heldur velþóknun yfirboðaranna, eða að því er hann sjálfan snertir velþóknun danska ráðherrans í Khöfn, sem á að vera leiðarstjarnan. Og með þetta fyrir augum verða tillögur hans til stjórnarinnar viðvíkjandi frumv. um búsetu fastakaupmannanna o. fl. skiljanlegar.

Viðvíkjandi frumv. þessu á jeg loks eptir að taka það fram, að þegar það síðastliðinn vetur var komið til stjórnarinn, og skyldi berast fyrir konung til staðfestingar, þá tóku hinir dansk-íslenzku fastakaupmenn í Khöfn sig saman, og sneru sjer til ráðherrans, og báðu hann að sjá svo um, að frumv. þetta yrði ekki staðfest af konungi; og sýnir þetta, að þeir skoða heimaland sitt í Danmörku, en ekki hjer á Íslandi, því að ella myndu þeir í tíma hafa snúið sjer til alþingis, í stað þess að snúa sjer eptir á til hinnar útlendu yfirstjórnar landsins, og biðja hana að eyðileggja löggjafarstarf þingsins.

Jeg finn svo ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um frumv. þetta, en að eins skal jeg að lokum taka það fram, að með því að synja því staðfestingar, hefir stjórnin gjört óhyggilega; hún hefir með því kastað glófanum til þjóðarinnar, og þannig eggjað hana á, að grípa til annara meðala, til þess að útbola hinni dönsku selstöðuverzlun hjer á landi.

Tryggvi Gunnarsson: Þótt jeg sje mótfallinn þessu frumv., þá má h. deild ekki skilja orð mín svo, að jeg sje móti þeim tilgangi þess, að gera verzlunina innlendari; jeg vil að það verði á eðli-

legan hátt, en mjer virðist, að þetta frumv. fari ekki þá leiðina.

H. flutningsm. (Sk. Th.) kannaðist við, að Íslendingar hefðu jafnan rjett í Danmörku innlendum mönnum þar, en hann bætti því við, að þetta væru gagnslaus rjettindi fyrir þá, því að þeir notuðu þann rjett aldrei. Þetta er sagt af ókunnugleika; bæði reglulega íslenzkir kaupmenn og »selstöðukaupmenn« hafa stórmikið gagn af þeim rjettindum. Jeg sje, að h. 1. þm. Ísfirð. (Sk. Th.) hristir höfuðið, en það sýnir, að honum er þetta mál ókunnugt; Ísland græðir margar þúsundir kr. á þessum rjettindum; íslenzkir kaupmenn hafa að vísu ekki útsölubúðir í Kaupmannahöfn, en þeir flytja marga skipsfarma frá Íslandi, sem koma þar á land án innflutningstolls. Meðan jeg var við verzlun, bar það opt við, að vörur komu til Kaupmannahafnar yfir Noreg og England, og varð þá að greiða af þeim háan innflutningstoll, þegar ekki fylgdi með greinileg skýrsla viðkomandi sýslumanns um, að vörurnar væru íslenzkar; jeg hefi ekki skýrslur við hendina, svo jeg gæti sýnt nú þegar, hve hár tollurinn er af ýmsum vörum, en jeg man t. a. m., að greiða þurfti innflutningstoll, 2—3 a., af hverju tólgarpundi og af öðru að því skapi. Hvað mundi nú leiða af því, ef slíkan innflutningstoll þyrfti að greiða af öllum íslenzkum vörum, sem flytjast til Danmerkur? Það, að þá væri ekki hægt að gefa eins mikið fyrir hina íslenzku vöruna hjer á landi eins og nú; tollurinn yrði auðsjáanlega að dragast frá innkaupsverðinu. Þó jeg taki þetta eitt, þá eru það fleiri hlunnindi, sem íslenzkir kaupmenn hafa í Danmörku, t. d. geta þeir selt allan varning sinn sjálfir frá skipi jafnt búsettum mönnum, sem er mikið hagræði fyrir þá, í samanburði við, ef þeir þyrftu að flytja allar sínar vörur í pakkhús og láta þar búsetta kaupmenn selja þær fyrir sig. Mundi það ekki líta nokkuð skrítilega út, ef þetta frumv. yrði að lögum? Þá hefðu Danir engu meiri rjett hjer en Norðmenn, Englendingar eða Frakkar, en Íslendingar hefðu hin sömu rjettindi og hlunnindi í Danmörku sem innlendir menn. Er þetta jafnrjetti?

Stórmikil misrjettindi eru það líka í frumv. þessu, að enginn má verzla á landi nema hann sje búsettur hjer, en á sjó fáa faðma frá landi má hverrar þjóðar maður sem er verzla á skipi, þó hann eigi sje búsettur. Sá búsetti maður — borgari landsins — þarf að greiða skyldur og skatta í landsþarfir; lausakaupmaðurinn útlendi — þegn annara ríkja — þarf engu að svara til almennra þarfa. Er þetta jafnrjetti? er þetta til að styðja innlenda verzlun?

H. þm. Ísfirðinga (Sk. Th.) hjelt því fram, að vöruverð hjer á landi væri óþolandi, af því, að hinir útlendu fastakaupmenn vildu enga innbyrðis samkeppni hafa; en eru hinir innlendu kaupmenn betri í þeirri grein, vilja þeir eigi líka fá vöruna svo ódýra sem þeir geta, og er það ekki eðli allrar verzlunar? Hið sanna er, að hinir útlendu kaupmenn auka samkeppnina engu síður en hinir innlendu; að því þarf ekki langt að leita. Það er ekki lengra síðan en næstliðið sumar, að tveir útlendir fastakaupmenn kepptu um ull hvor við annan á Eyrarbakka svo mikið, að það gekk fram af innlendu kaupmönnunum.

Flutningsm. (Sk. Th.) kallaði hina útlendu kaupmenn blóðsugur; hvað eru þá hinir íslenzku? Ef þeir gefa í engu betri prísa en »selstöðukaupmennirnir«! Eru þeir þá ekki blóðsugur líka? Er vanalega betra vöruverðið hjá innlendu kaupmönnunum en hinum?

Ef þetta frumv. eða annað líkt þessu

kemst í gegn um þingið fyr eða síðar, þá vildi jeg óska, að í því væri dálítið meira af samkvæmni og jafnrjetti, heldur en hægt er að finna í þessu frv.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg ætla að eins að gera litla athugasemd út af orðum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.); hann spurði, hvort hinir íslenzku kaupmenn, sem hjer eru búsettir, væru síður »blóðsugur« en hinir útlendu, þegar hvorirtveggju gæfu sömu kjör; en jeg tók það fram áðan, þegar jeg brúkaði orðið »blóðsuga«, að jeg nefndi útlendu selstöðuverzlanina þannig að eins að því leyti, sem hún drægi verzlunararðinn út úr landinu, en mjer hefir aldrei komið til hugar að nefna neinn kaupmann, innlendan eða útlendan, því nafni.

Annars ætla jeg ekki að fara mikið út í ræðu þm. (Tr. G.); mjer fannst hún í engu hnekkja frumv. nje stefnu þess, og þar sem hann minntist á þetta samkeppnistilfelli á Eyrarbakka í fyrra, þá á slíkt sjer ekki opt stað og þá óvíða nema rjett í kring um Reykjavík, þar sem verzlunin er í mun betra horfi en annarsstaðar á landinu.

Að öðru leyti finn jeg enga ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en óska að eins, að frumv. verði samþykkt.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 14 : 1 atkv., og afgreitt til Ed.

Tuttugasti og fjórði fundur, þriðjudag 30. júlí, kl. 10 f. hád. Allir á fundi, og Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., sem sökum sjúkleika hafði verið fjarverandi allt til þessa, var nú kominn til þings og hafði tekið sæti í deildinni.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 176); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefir nefndin ekkert að athuga við stjórnarfrumvarpið; en að því er snertir viðaukatillögur nefndarinnar, þá gat henni ekki dulizt, að betur hefði átt við, að þær hefðu komið fram í frumv. stjórnarinnar, en tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna voru ekki tilbúnar svo snemma, að þetta gæti orðið. Vjer vildum, að fjárveitingar þessar kæmu undir atkvæði þingsins, en þar með er ekki sagt, að nefndin sje þeim alveg samþykk, sjerstaklega fjárveitingu undir síðasta lið tillögunnar, um greiðslu á ferðakostnaði 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar í einu prestakalli. Til skýringar við þann lið hefir nefndin fengið að láni brjef biskups til landshöfðingja, sem skýrir frá, hvernig hjer stóð á. Verður brjef þetta lagt fram á lestrarsalinn þingdm. til athugunar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. 175); 1. umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er mjög gamall gestur hjer í þingdeildinni, og á þinginu yfir höfuð að tala. Það kom fyrst fram á þinginu 1885 eða fyrir 10 árum síðan, og hefir síðan verið rætt meira og minna á þingi. Það var samþykkt í neðri deild á þinginu 1893, en fellt þá í efri deild með eins atkvæðis mun. Loks var það borið upp í efri deild á aukaþinginu í fyrra. Þar var því 9. ágúst vísað til nefndar, sem kosin hafði verið til að íhuga kirkjugjaldamálið, en svo heyrðist ekki meira um það. Nú er málið komið fram enn á ný, en af því það hefir verið rætt mjög ýtarlega að und-

anförnu, þá finn jeg ekki ástæðu til, að fara nú um það mörgum orðum.

Það hafa komið fram tvær aðal-mótbárur gegn þessu máli. Önnur er sú, að hjer væri ekki um neinn þjóðvilja að ræða, en nú hefir komið fram á nokkrum þjóðmálafundum ósk um, að þingið samþykki þetta frumvarp. Hin mótbáran kom sjerstaklega fram í Ed., þar sem menn sögðust ekki geta skilið, að fram kæmi frumv. um að gjöra borgaralegt hjónaband »obligatoriskt«, en ekki, eins og hjer, »facultativt«.

Þó að jeg fyrir mitt leyti sje á þeirri skoðun, að hjónabandið sje eingöngu borgaraleg stofnun, og eigi því að stofnast af veraldlegum valdsmanni, þá hefi jeg þó ekki sjeð mjer fært, að breyta frumv. í þá stefnu, að gjöra öllum að skyldu, að ganga í borgarlegt hjónaband, því málið hefir átt of erfitt til þess, sjer í lagi í h. efri deild, að von gæti verið um, að fá slíkt frumv. fram, enda hefir frumv. verið samþykkt í þessu formi í h. neðri deild á undanförnum þingum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 10. febr. 1888 um veitingu og sölu áfengra drykkja (C. 174); 1. umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Það verður aptur á móti ekki sagt um þetta frumv., eins og það næsta á undan, að það sje gamall gestur hjer á þinginu. Það hefir ekki komið fram áður frumv. um að gjöra breytingu á lögunum um veitingu og sölu áfengra drykkja, enda eru þau lög ekki eldri en frá 10. febr. 1888.

Hjer er að eins farið fram á, að veita einstökum mönnum eða einstakri stjett manna, þ. e. þeim, sem halda og kosta sjónleikahús í kaupstöðum, ljettari aðferð til að fá leyfi til að veita áfenga drykki en þeir nú hafa. Það er að eins um það að ræða, að þeir geti fengið leyfi til, að veita í sjónleikahúsunum sjálfum, og að eins þau kvöld, sem leikið er.

Tilgangur hinna gildandi laga var þrenns konar:

1., að stemma stigu fyrir staupagjöfum og smá-veitingum í verzlunarbúðum;

2., að sporna við því, að námsmenn á skólum þeim, sem kostaðir eru af landsfje, neyttu um of áfengra drykkja; og,

3., að gjöra mönnum erfiðara fyrir eptir en áður að fá veitingaleyfi, en áður var það amtmaður, sem gaf veitingaleyfi, með því skilyrði þó, að umsækjandi gæti hýst svo og svo marga ferðamenn.

Þetta frumv. fer nú alls ekki fram á, að breyta tveimur fyrstu atriðunum, en þriðja atriðið breytist auðvitað, ef þetta frumv. verður samþykkt. Aðalmótbáran, sem menn auðvitað geta komið með gegn þessu frumv., er sú, að ekki eigi að svipta hjeraðsbúa því frelsi, sem með lögum er þegar veitt þeim; en þar sem reyndin hefir orðið á, að borgarar t. d. hjer í Reykjavík fyrir skömmu hafa notað rjett sinn í hinum gildandi lögum nokkuð stranglega, þá virðist ástæða til, að gjöra dálitla breytingu á lögunum í þá átt, sem frumv. bendir á.

Jeg þarf nú ekki að fara að útlista, hvaða gagn getur orðið af því, ef sjónleikjahús geta komið upp í kaupstöðum. Það hlýtur öllum að vera ljóst. Þessi hús eru því miður ekki mörg enn, en það er þó eitt slíkt hús komið á fót hjer í Reykjavík. Eigandi þessi hefir varið til þess stórfje, um 30,000 kr., auk þess sem hann verður að gjalda

af því öll gjöld, húsaskatt, lóðargjald o. s. frv. Til þess nú að fá fje sitt aptur, verður hann að geta notað húsið samkvæmt tilgangi sínum, en það getur hann ekki fyllilega, nema hann fái þetta leyfi. Jeg álít, að það sje því minni ástæða til, að neita þessum dugnaðarmanni um leyfi til að selja áfenga drykki á þennan mjög svo takmarkaða hátt, sem veitingahús er rjett hjá sjónleikjahúsi hans, þar sem þeir, er vilja, geta keypt sjer þessa drykki hvort sem er. Hjer er því að eins að ræða um dálítil hlunnindi, sem þessum manni og öðrum, er líkt stendur á fyrir, yrði veitt.

Jeg get nú reyndar skilið, að þeim, sem eru mjög strangir Good-Templarar hjer í deildinni, sje ekki um að samþykkja frv., en á hinn bóginn ímynda jeg mjer ekki, að bindindismenn yfir höfuð að tala og því síður aðrir verði því mótfallnir, að gjöra megi þá saklausu undantekningu frá gildandi lögum, sem ræðir um í þessu frumv.

Jeg vona þess vegna, að þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, þá greiði þeir að minnsta kosti ekki atkvæði gegn frumv. þessu.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þykir h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) mælast til heldur mikils, sjerstaklega af mjer, sem er kunnugt um, hverjum augum að jeg lít á slík mál, að jeg láti slíkan vanskapnað, sem þetta frumv., afskiptalausan. Mjer getur ekki dottið annað í hug en að gjöra það sem í mínu valdi stendur til þess, að frumv. þetta verði fellt þegar í stað; þingið hefir annað þarfara með sinn tíma að gjöra en að vera að ræða þvílík mál. Jeg ætla ekki að fara að halda langa ræðu um málið frá mínu sjerstaka sjónarmiði, þótt það sje næsta auðvelt, en jeg vil taka fram eina almenna ástæðu, sem ein út af fyrir sig er nóg til þess, að málið sje ekki látið fara lengra. Hin almenna ástæða er sú, að mjer þykir það harla undarlegt at þinginu, þegar það einu sinni hefir gefið kjósendum í hjeruðum atkvæðisrjett í einhverju máli, að fara svo að grípa fram fyrir höndurnar á þeim, og skerða rjett þennan með undantekningarlögum; slíkt er svo ófrjálslegt, sem frekast má verða. Það er hreint og beint röng aðferð.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vildi rjettlæta þessa aðferð með því, að þeim lögum, sem hjer er um að ræða, hafi á einum stað verið beitt heldur stranglega. Jeg álít að þingið hafi með því, að samþykkja lögin, afsalað sjer rjettinum til þess, að dæma um, hve nær hjeruðin beittu þessum rjetti heldur stranglega, og hve nær ekki; þeim dómi ræður atkvæði hjeraðsbúa í hverju einstöku tilfelli; jeg ímynda mjer, að t. d. kjósendur hjer í Reykjavík mundu þakka kærlega fyrir, ef þingið færi að taka fram fyrir hendurnar á þeim í máli, sem það var áður búið að fá þeim í hendur.

Þessi ástæða út af fyrir sig er skiljanleg og nóg fyrir alla, sem geta litið á málið óháðum augum, til þess að hafna þegar þessu frumv. En það er svo ótal margt annað, sem má hafa á móti frumv. Orðalag þess allt er svo, að það má teygja það eins og hrátt skinn; það getur orðið bezti hlífiskjöldur fyrir drykkjuskaparbæli. Það er vandalítið, að halda uppi á hverju kvöldi árið um kring einhverjum skrípaleikjum í þessum svonefndu »leikhúsum«, og gjöra þau þannig að standandi drykkjustofum. Mig furðar allramest á því, að flutningsmaður þessa frumv., sem er lögreglustjóri í kaupstað, skuli ekki hafa augu fyrir því, hve örðugt mundi verða að halda þessum veitingum innan rjettra takmarka, sem hann ætlast til að farið sje að stofna í leik-

húsunum. Það verða fyrirsjáanlega fastar drykkjustofur í framkvæmdinni.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) minntist á hið mikla gagn, sem væri að opinberum leikhúsum. Jeg játa það, að jeg hef heldur gott auga á opinberum leikhúsum, ef þau eru í lagi. En þetta frumv. miðar ekki til að styðja opinber leikhús, í öllu falli er það alveg óþarft í þá stefnu; jeg er viss um, að þau geta staðið eins vel eða jafnvel betur, þótt þau hafi ekki vínveitingaleyfi.

Jeg get nefnt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) dæmi þessu til sönnunar einmitt frá því leikhúsi, sem hann benti á í ræðu sinni. Í vetur sem leið ætlaði maður, sem vínveitingaleyfi hefir, að hafa þar vínsölu þegar leikið var; hann flutti þangað ölföng í þeim tilgangi, en eptir tvö kvöld hætti hann við ölfangasöluna af því, að hún borgaði sig ekki.

Þetta sýnir, að ekki er þörf á, að hafa ölfangasölu í sambandi við leikhúsin handa þeim, sem leikhúsin sækja; það skyldi vera, að það væri þörf á því vegna leikendanna sjálfra. En sje svo, að þeir komist ekki af ölfangalausir, þá er ekki annað fyrir þá en að stinga brennivínspela í vasa sinn, þegar þeir fara í leikhúsið, eins og tíðkaðist í gamla daga á ferðalögum.

Eins og jeg sagði áðan er fjarri því, að jeg hafi á móti stofnun leikhúsa, en svo nauðsynlega tel jeg hana þó ekki, að hún megi ekki bíða fyrst um sinn, ef hún endilega þarf að hafa í för með sjer aukinn drykkjuskap. Þar er og reyndar annars ekki um neina nauðsynjabið að ræða, því að það er víst, að leikhús geta eins vel staðizt án vínveitingaleyfis eins og með því.

Jeg skal alls ekki mæla neitt sjerstaklega á móti þeim manni, sem h. þm. Eyf. (Kl. J.) mun sjerstaklega hafa haft fyrir augum; jeg viðurkenni fúslega dugnað hans og framtakssemi, en þar af leiðir alls ekki, að jeg vilji stuðla á nokkurn hátt að því, að löggjafarvaldið færi að veita honum þau einkarjettindi, sem farið er fram á í þessu frumv.

H. flutningsm. þessa frumv. (Kl. J.) flutti áðan frumv. hjer í deildinni og bar fyrir sig allmeunan þjóðarvilja, enda mun hann þar hafa haft nokkuð fyrir sjer; en hjer heyrði jeg hann ekki nefna almennan vilja hlutaðeigandi kaupstaðarbúa, þessu frumv. til stuðnings; ástæðan fyrir því liggur líka í augum uppi. Það er lýðum ljóst, að stefna manna hjer á landi fer ekki í sömu átt sem frumv; stefnan og hugsunarhátturinn gengur í þá átt, að takmarka veitingastaðina, en eigi að fjölga þeim, eða að stuðla á nokkurn hátt að útbreiðslu drykkjuskaparins.

Í leikhúsunum mundi drykkjuskapardæmið verða enn verra og skaðlegra en á opinberu veitingastöðunum. Á leikhúsin sækja unglingar hópum saman, og það er hætt við, að þeir mundu þar leiðast til drykkju af dæmum þeim, sem þeir sjá þar fyrir sjer, og sú drykkja getur ofurhæglega leitt af ofdrykkju. Nú er það aptur á móti orðið fátítt, að sjá unglinga á hinum opinberu veitingastöðum. Mjer finnst löggjafarvaldið geti lofað borgurum að ráða sjálfum, hvaða stefnu þeir vilji halda í þessu máli, og að ekki sje ástæða fyrir það að fara að stofna opinberar uppeldisstofnanir til drykkjuskapar fyrir unglinga, sízt á meðan heimilin kæra sig ekki um þessar stofnanir.

Jeg gæti fært ýtarlegar og rökstuddar ástæður frá heilsufræðislegu sjónarmiði fyrir því, að drykkja sje enn hættulegri hjer en á hinum reglulegu drykkjustofum, en það yrði allt of langt mál að fara að rekja það hjer, og sleppi jeg því þess vegna.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg verð að játa það, að jeg bjóst helzt við mótmælum gegn þessu frumv. frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), enda var þess eigi langt að bíða, að hann tæki til máls á móti því, með sínum vanalegu gífuryrðum; hann kallaði frumv. vanskapnað, og hinn fyrirhugaða veitingastað drykkjubæli og fram eptir þeim götunum. Aðalástæða hans gegn frumv. var, eins og jeg hafði tekið fram, sú, að það væri óheyrt að taka það frelsi af hjeruðunum aptur, sem nýbúið væri að veita þeim. Þetta er alls ekki óheyrt og hjer er einmitt sjerstakleg ástæða fyrir hendi til þess að gjöra það, ef það er rjett, að Reykjavík hafi misbeitt þessu frelsi sínu, og það verð jeg að ætla, að hjer hafi verið gjört. Jeg skal taka það fram, að hjer er ekki talað um neinn einstakan mann, þótt sá maður, sem hefur gefið tilefni til þess, að þetta frumv. er komið hjer fram, sje maklegur þess, að hann sje styrktur, þar eð hann hefur varið mjög miklu fje til að koma hjer á fót leikhúsi, heldur á þetta frumv. að miða til þess að styrkja viðleitni manna í því að stofna slík leikhús, sem innan skamms munu komast á víðar en hjer í Reykjavík. Það, að leiknir mundu verða einhverjir skrípaleikir á hverju kvöldi að eins til þess að geta haldið uppi veitingum, á við engin rök að styðjast og er að eins sagt til að villa fyrir. Hjer er að eins að tala um reglulega sjónleiki, sem leiknir verða tiltölulega fá kvöld. Að lögreglustjóraeptirlitið verði að miklum mun erfiðara get jeg ekki skilið. Jeg á sem lögreglustjóri í Akureyrarkaupstað að hafa eptirlit með tveim veitingahúsum og finnst mjer það engum sjerlegum erfiðleikum bundið, og þori óhætt að skírskota til þeirra þm., sem til þekkja, hvort þar viðgangist meiri óregla en annarsstaðar.

Jeg skal játa það, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram, að það væri enginn þjóðarvilji á bak við þetta frumv.; en það eru heldur ekki öll mál, sem hjer koma fram á þinginu, sem hafa að styðjast við almennan þjóðarvilja; jeg skal taka til dæmis næsta mál hjer á dagskránni (löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi), og svo er um flest smámál. Það er aðeins í stórmálum og principmálum, sem hægt er að tala um almennan þjóðvilja.

Jens Pálsson: Jeg þarf ekki að vera fjölorður um þetta mál, eptir hina ýtarlegu ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), en vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að það gengur yfir mig, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lætur sjer svo annt um jafn-fráleitt og mjer liggur við að segja jafn-óforsvaranlegt frv. og þetta. Það gengur yfir mig, að nokkur þingmaður skuli að ástæðulausu vilja stíga fyrsta sporið til þess að skerða það vald, sem hjeraðsbúar nú hafa til að ráða sínum eigin málefnum til lykta. Alþingi hefur hingað til ekki viljað skerða þetta vald með sjerstökum lögum og jeg vona að það einnig haldi fast við þá stefnu framvegis, nema að brýna og almenna nauðsyn beri til. Hjer er engin slík almenn nauðsyn fyrir hendi og þessi viðleitni til að raska þessu principi er því alveg óhafandi. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta því að jeg ímynda mjer, að svo verði sjeð fyrir þessu frumv. bráðlega, að það verði oss eigi til tafar.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): H. þm. Dalam. (Jens P.) þarf jeg ekki að svara neinu. Þar sem hann vitnaði til h. þm. Vest.Skapt. (Guðl. G.), þá álít jeg það enga nægilega sönnun frá hans hendi. Það var hjer á þinginu fyrir nokkrum dögum mál, mig minnir það

væri varnarþing í skuldamálum, sem h. þm. V-Sk. var mjer samdóma um, en h. þm. Dalam. (Jens Pálss.) á móti; og þá tók hann það ekki gilt, þótt jeg skírskotaði til orða h. þm. Vest.-Sk. og því finnst mjer það nú engin sönnun frá hans hendi, þótt hann gjöri það.

Jeg ætla að eins að vona það, að þótt frv. þetta verði fellt, þá hugsi kjósendur hjer í Reykjavík sig betur um það næst, að beita þessum lögum mjög stranglega í undantekningartilfellum, og þá er tilganginum með frv. þessu að nokkru leyti náð, því annarsstaðar er jeg ekki hræddur við, að þeim verði beitt svo stranglega.

ATKV.GR.: Málið fellt frá 2. umr. með 16 gegn 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónss. þm. Eyf.	Björn Sigfússon,
Pjetur Jónsson,	Eir. Gíslason,
Sighv. Árnason,	Guðjón Guðlaugss.,
Tr. Gunnarsson,	Guðl. Guðmundss.,
Valt. Guðmundss.	Halldór Daníelsson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jensson,
	Jón Jónss. þm. ASk.
	Jón Þórarinsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Sk. Thoroddsen,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórhallur Bjarnars.,
	Þorl. Guðmundsson.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald (C. 167); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg skal játa það, að þetta frumv. er ekki stórt, nje ekki neitt sjerlega mikils virði, þar sem hjer er um lítla fjárupphæð að ræða, og það verður ekki sagt að það hafi við neinn þjóðvilja að styðjast. Tilefnið til þess er það ójafnræði, sem á sjer stað með útflutningsgjald á fiski. Jeg skal fyrst geta þess að jeg álít óeðlilegt að útflutningsgjald sje á nokkrum fiski; og þar við bætist að þetta gjald verður óeðlilega hátt á heilagfiski, sem flutt er út blautt; jeg skil ekki hvers vegna svo hátt gjald hefir verið sett í lögin frá 1894, að tollurinn af 100 pundum af útfluttu heilagfiski skuli vera 30 au. Nú er svo talið til, að 650 pd. af blautum fiski samsvari að meðaltali 320 pd. af þurkuðum saltfiski og þannig verður þá útflutningsgjaldið af blautu heilagfiski sexfalt meira en af saltfiski, sem goldið er með 10 au. af hverjum 100 pd. samkvæmt lögum 4. nóv. 1881. Við samning laganna 13. apríl 1894 hafa menn líklega haft fyrir augum útflutningstollinn á laxi, sem í lög. 4. nóv. 1881 er ákveðinn 30 au. af hverjum 100 pd., en þess ber að gæta, að hjer í verzlunum selst lax á 50—80 a. pd., en heilagfiski að eins 6 aura. Ef útflutningsgjaldið af heilagfiski ætti að vera í samræmi við útflutningtoll á saltfiski, þá ætti það að vera 5 aur. af hverjum 100 pd. Auðvitað kemur þetta gjald ekki niður á menn almennt, en lendir hjer um bil eingöngu á litlu fjelagi hjer í Reykjavík, Ísfjelaginu. Það kemur mjög hart niður á fjelaginu; sem dæmi þess skal jeg geta þess, að hjer um daginn sendi fjelagið til útlanda 37 þús. pd. af heilagfiski og varð að greiða í toll af því 111 kr., sem ekki er lítið fyrir nýbyrjað og fátækt fjelag. Auk þess sem þetta er allt of hár tollur, þá hefir stjórnin skilið lögin frá 4. nóv. 1881 þannig, að gjaldið eigi að eins að greiðast af því heilagfiski, sem skipað er út hjer, en þótt skip fiski hjer við strendurnar heilagfiski, eins og alkunnugt er að Ameríkumenn og Englendingar gjöra, þá þurfa þeir ekki að

greiða neinn toll af því, vegna þess að fiskurinn er veiddur af skipverjum og ekki fluttur út í skipið frá landi. Þannig eru þessir útlendingar tollfríir, þótt þeir flytji marga stóra farma af heilagfiski hjeðan til útlanda.

Fyrir nokkrum dögum kom skip hingað frá Önundarfirði og tók áðurnefnd 37 þús. pd. af heilagfiski frá ísfjelaginu; þetta var ekki nema 1/10 hluti af farmi skipsins, en fyrir það varð fjelagið að borga 111 kr.; en af hinum 9/10 sem útlendir menn áttu, þurftu eigendurnir ekki að greiða neitt. Þetta er auðsjeð mjög öfugt, að útlendingar greiði engan toll, en landsmenn háan toll af fiski í sama skipsfarmi.

Þegar vjer frumvarpssemjendur fórum fyrst að hugsa um frv. þetta var það ætlun vor að orða það öðru vísi, þannig að greiða skyldi 5 au. af hverju 100 pd. af heilagfiski af öllum þeim skipum, er legðist við akkeri á einhverri höfn hjer við land, en vjer hjeldum að það kæmi í bága við lögin frá 4. nóv. 1881, þar sem eingöngu er tekið fram, að þau skip, sem hafa um hönd síldarveiði í fjörðunum og við strendurnar eða sem leggjast við akkeri innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, til þess að fiska á bátum, skuli greiða útflutningjald, hvort sem fiskurinn er verkaður í landi eða fluttur út á skip óverkaður; með þessu ákvæði er nokkurn veginn skýrt tekið fram, að hjer sje eingöngu átt við síldarveiði, en ekki aðra veiði. Jeg treysti því, að h. d. sje fús á að laga rangar álögur til landssjóðs, þótt um lítið sje að gjöra, og til að styrkja þetta unga ísfjelag í viðleitni sinni

Ef h. deild ekki vill fallast á frumv. þannig lagað, að enginn tollur greiðist af heilagfiski, þá vona jeg að hún reyni að koma á breytingu við hin gildandi lög, þannig, að útlendingar, sem fiska hjer við land og flytja út heilagfiski, verði einnig að borga útflutningsgjald engu síður en landsmenn.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshrepp ytri í Snæfellsnessýslu (C. 171); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 15 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvgr. Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð (C. 159); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir (C. 132); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eins og jeg ráðgerði við 1. umr. þessa máls, höfum við flutningsmennirnir nú komið fram með viðaukatill. við frv. sem fer í þá átt, að nema úr lögum skyldu þá, er nú hvílir á embættismönnum, að hreinsa sig með dómi af ærumeiðandi sakargiptum, þegar yfirboðarar þeirra mæla svo fyrir, enda virðist það eðlilegast, að nema þessa skyldu úr lögum, um leið og embættismenn eru sviptir gjafsóknarrjettinum. Ef embættismanninum finnast sakargiptir þær, sem á hann eru bornar, vera svo ærumeiðandi, að hann geti ekki unað þeim, þá getur hann höfðað einkamál á sinn eigin kostnað; en annars er yfirmönnum hans innanhandar, ef þeim virðast sakargiptirnar svo þýðingarmiklar, að komast fyrir það með opinberri rannsókn, hvað þær hafa við að styðjast.

Jeg hefi svo engu frekara við að

bæta, en óska að eins, að deildin samþykki viðaukatillöguna. og síðan frv.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþykkt með 16 samhlj. atkv.; viðaukatill. samþ. með 15 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um nýja frímerkjagjörð (C. 155); 2. umr.

Flutningsmaður (*Þórh. Bjarnarson*): Þar eð engin breyt.till. hefir komið fram við þetta frumv. og h. þingdm. hafa tekið vel á móti því, virðist engin ástæða til, að fara um það mörgum orðum. Að eins vildi jeg tala nokkur orð um einstök atriði þess, sem gætu orðið leiðbeinandi athugasemdir fyrir h. stjórn, þá er lögin eiga að koma til framkvæmdar; sjerstaklega gerist þess þörf, þar sem ekkert nefndarálit hefir fylgt frv. frá nefnd þeirri, sem flytur það fyrir þingið.

Það er þá fyrst við 3. gr.; þar segir svo fyrir, að hin nýju frímerki, sem leidd sjeu í gildi árið 1897, skulu vera sem einkennilegust, og sem fegurst að allri gerð. Vakti það fyrir nefndinni, að ef þau væru með myndum, sem minntu sjerstaklega á Ísland og væru sem fagurlegast úr garði gerð, mundu þau komast í hærra verð og seljast enn betur, enda ætti slíkt vel við, þar sem um minningarár er að ræða. Datt nefndinni ýmislegt í hug í því efni, svo sem fjallkonumyndin o. fl.

Annað í þessari grein, sem þyrfti að minnast á, er verðgildi hinna nýju frímerkja. Nú sem stendur eru notuð 3—50 aura þjónustufrímerki og 3—100 a. almenn frímerki, og er farið fram á, að öll hin núverandi verðgildi haldist, en auk þess sje bætt við 25 aura og 30 aura almennum frímerkjum. Hjer gæti verið spursmál um, hvort ekki ætti einnig að bæta við lágum tegundum, t. d. 1 og 2 aura. Í Noregi og að því er mig einnig í Svíþjóð, eru notuð 1 eyris frímerki, og 2 aura frímerki eða frímerki, sem til þeirra svarar, eru víða í öðrum löndum. Þó þessi frímerki kunni að virðast síður nauðsynleg hjer, þar sem minnsta undirborgun er 3 aurar, eru þau þó handhæg til að fylla með í snatri það sem á vantar, þegar verið er að frímerkja brjef eða sendingar. Þeir sem mikið fást við útsendingar með póstum, og get jeg um það talað af eigin reynslu, kannast við það, að opt verður það í flýtinum að misreikna sig, og þurfa þá annaðhvort að taka frímerkin af aptur eða frímerkja of mikið. Ef fleiri eru samdóma um það, að gott væri að fá þessar allra lægstu frímerkjategundir, væri hægt að koma með breyt.till. í þá átt til 3. umr.

Við 4. gr. varð að sönnu enginn ágreiningur, en þó skoðanamunur um það, hvort ekki ætti að setja stjórninni í sjálfs vald, hvenær hún felldi hin nýju frímerki úr gildi, þannig, að hún gæti látið þau falla úr gildi einhvern tíma á árinu, öllum að óvörum, því frímerkjakaupmenn mundu ef til vill kaupa upp nýju frímerkin með sínu ákvæðisverði, þá er þeir vissu fyrir, hvenær þau fjellu úr gildi, en væri það óvíst, þyrftu þeir meira fyrir að geta, er þau væru úr gildi numin. Mjer hefir þannig verið sagt, að rjett áður en skildingafrímerkin íslenzku hættu, þá hafi frímerkjakaupmaður einn keypt hjer frímerki fyrir 1,000 kr., og eins mundu frímerkjaspekúlantar fara að nú; en þar sem ekki er hægt að breyta þessu hvort sem er hjer á landi, nema með nokkrum fyrirvara, sem getur orðið heyrum kunnur um öll lönd, hallaðist nefndin að því, að láta frímerkin gilda út allt árið 1897 og innleiða þá aptur ný frímerki, en þó ekki hin sömu og

gilda nú. Þau þurfa ekki að vera mikið frábrugðin til þess að gilda sem ný tegund í frímerkjaverzluninni.

Ákvæði 5. gr. segja sig sjálf, að óbrúkuð ógild frímerki verði ekki keypt aptur fyrir peninga, heldur að eins, að þeim sje skipt í staðinn fyrir önnur ný.

Hvað ákvæðin snertir í 6. gr. um sölu frímerkja þeirra, sem gengin eru úr gildi, þá hugsaði nefndin, að rjett væri að setja stjórninni það sem mest á sjálfsvald, að eins að hún seldi þau ekki undir ákvæðisverði. Eins hvarf nefndin frá því, að setja nokkur takmörk fyrir því, hvað upplagið megi vera mikið. Nefndin býst við því, að töluvert verði selt árið 1897 fram yfir hið venjulega til frímerkjaspekúlanta og að stjórnin bæti þá við upplagið eptir því, sem þurfa þykir; hún gerir það auðvitað ekki lengur en frímerkin eru í gildi.

Vjer göngum út frá því, að þingið samþykki frumv. þetta og stjórnin staðfesti það með fúsu geði, og hún telji sjer ánægju, að gera þetta sem haganlegast og arðsamast fyrir landið.

Þá er síðara ákvæðið í 6. gr., að eigi sje skylt við sölu frímerkjanna, sem úr gildi eru gengin, að selja minna í einu en sem svari 10 frímerkjaörkum. Það er ómögulegt að ætlast til þess, hvort heldur af póststofunni hjer í Reykjavík eða af ministeríinu í Kaupmannahöfn, að það hafi eða láti hafa slíkt í smásölu, enda eru það stórkaupmennirnir í frímerkjaverzluninni, sem þá kaupa.

Í 7. gr. er það ákvæði, að allur ágóði af sölu frímerkjaleifanna og sömuleiðis fje það, er á árinu 1897 greiðist póstsjóði fyrir seld frímerki fram yfir þær tekjur sjóðsins, að meðaltali 3 næstliðin ár, að frádregnum kostnaðinum við gjörð frímerkjanna í bæði skiptin, geymist í sjersjökum sjóði og bíði nánari ráðstöfunar fjárveitingarvaldsins. Jeg hefi heyrt mótbáru utan þings gegn því, að þetta fje sett í sjerstakan sjóð, heldur eigi það að renna beinlínis í landssjóð. En nefndin er einhuga í því, að fje þetta sje lagt í sjerstakan sjóð, sem hafður sje til sjerstakra afnota, og að ekki sje með það farið sem skatt eða toll eða hverjar aðrar landstekjur til hinna sjálfsögðu og árlegu útgjalda landsins, heldur að því sje varið til að framkvæma eitthvað það, sem ekki er bein skylda að gjöra, og sem hvorki þingið nje þjóðin treystist til að gjöra að öðrum kosti.

Jeg get skýrt frá því, að það hefir vakað fyrir þorra nefndarmanna, að fyrir fje þetta væri reist museum eða safnahús landsins. Það sýndi sig í fyrra og mundi optar koma í ljós, ef á reyndi, að þjóðin treysti sjer eigi að sinni til aukinnar skattabyrði til að reisa slíkt hús, hversu ánægjulegt og fagurt sem það væri; en þegar fjeð er ekki tekið úr vasa þjóðarinnar, geta gjaldendur ekki á móti því mælt. En á hinn bóginn virtist óþarfi, að setja þetta beint í sjálft frumv., því það væri að skipta húðinni áður en ljónið væri unnið, en jeg vildi að eins minnast á þetta, svo að það væri heyrum kunnugt, að þetta sje tilgangur þingsins með fje það, er fæst fyrir frímerkjabreytinguna, ef ekki verður á móti því mælt.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var að eins stutt aths. við frv., sem jeg vildi gjöra, í fyrsta lagi viðvíkjandi ákvæðunum í 3. gr. um verðgildi frímerkjanna. Eptir því sem jeg kemst næst er ópraktiskt að hafa bæði 25 og 30 aura frímerki; jeg ímynda mjer að heppilegra væri að eins að hafa aðra tegundina, og þá 25 aura frímerki. Eins álít jeg, að af lágum frímerkjum, eins og tveggja aura, sem h. flutningsm. (Þ. B.) talaði um, mundi vera heppi-

legra að hafa ekki nema aðra tegundina, og held jeg að 2 aur. frímerkin væru hentugri. Jeg hef borið þetta undir menn, sem eru vanir frímerkjaverzlun, og þeir álitu heppilegast að hafa að eins aðra tegundina; þess vegna vil jeg leggja það til, að bætt sje inn í 3. gr. »að viðbættum 1 eða 2 og 25 eða 30 aur. frímerkjum«. Svo skal jeg taka það fram sjerstaklega viðvíkjandi 2 aur. frímerkjum, að ef einhver kaupstaður hjer á landi yrði »Postkreds«, þá mundu slík frímerki vera hentug þar, eins og víða er í Danmörku, og jeg ímynda mjer að Rvík sje komin á það stig, að slíkt geti borið sig hjer.

Annað atriði í frumv. vildi jeg einnig gera aths. við; það eru þau ákvæði 6. gr., að »eigi sje skylt að láta minna úti í senn en svarar 10 frímerkjaörkum«; jeg held þetta sje ákveðið of hátt, jeg vildi láta færa það niður í 5 arkir; það munaði miklu og kæmi sjer vel fyrir marga, sem fást við frímerkjasölu.

Sjöunda gr. frumv. álít jeg ætti að falla burt; jeg ímynda mjer, að þann ágóða, sem yrði af frímerkjunum, sje engin ástæða til að skoða öðruvísi en vanalegar landssjóðstekjur; sjerstaklega kann jeg illa við það, að fjárveitingarvaldið bindi hendur sínar með loforðum; en ef fjárveitingarvaldið vill binda hendur sínar, þá ætti fyrir fram að vera ákveðið eitthvað víst, sem fjenu skuli varið til. Hinn h. flutningsm. (Þ. B.) hugsaði sjer, að fjenu yrði varið til »Museums«; mjer finnst liggja nær, ef menn á annað borð vilja binda sig við eitthvað víst, að verja fjenu til pósthúsbyggingar; það ætti tímans vegna mjög vel við.

Helzt vildi jeg, að fjárveitingarvaldið alls ekki byndi hendur sínar fyrir fram.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): Jeg er þakklátur h. þm. V.-Sk. (Guðl. G) fyrir aths. hans við frumv. Bending hans snertandi 3. gr. kemur saman við það sem jeg tók fram áðan; þetta mundi verða frumv. til bóta, og má breyta því við 3. umr. Eins get jeg eigi haft á móti aths. h. þm. við 6. gr.; það skal verða tekið til íhugunar, hvort betra muni vera að breyta ákvæðunum um arkatöluna, þau eru kannske ekki sem heppilegust, þar sem arkirnar eru svo misjafnar að verðgildi.

Aptur á móti get jeg ekki verið samdóma h. þm. (Guðl. G.) viðvíkjandi 7. gr., að ágóðinn af frímerkjunum skuli renna beint í landssjóð eins og annað eyðslufje eða tollur. Fjárlaganefndin áleit að þingið með þessu frumv. ætti ekki að hugsa um að auka tekjur landsins eða spara útgjöld, heldur sje það gjört til þess að fá eitthvað, sem geti verið landinu til minningar og prýði. Það er auðvitað mjög áheyrilegt og gott samræmi þar í milli, að fá upp fallegt pósthús fyrir þetta fje, en vjer álítum að það sje beint skylduverk landssjóðs, sem innan skamms komi að. Það kom einnig til tals í nefndinni, að verja fjenu til holdsveikraspítala —; eins og h. þm. mun vera kunnugt kom frá dr. Ehlers þess háttar uppástunga; en vjer álitum eins um það, að það væri bein skyldukvöð landssjóðs, að koma spítalanum upp. Vjer hugsuðum oss að fjenu skyldi verja til einhvers, sem landið ekki rjeðist í með vanalegum fjárframlögum, og nefndin var á einu máli í þeirri grein. Þess vegna get jeg ekki verið samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um þetta atriði; hann verður að láta sjer nægja að frumv. ákveður ekkert fast í þessu efni, enda er bezt að svo sje.

ATKV.GR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. í einu hlj. hvor; 3. gr. frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. samþ.

með 22 samhlj. atkv.; 5.—6. gr. frumv. samþ. í einu hlj.; 7. gr. frv. samþ. með 21 samhlj. atkv.; fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 185); ein umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tuttugasti og fimmti fundur, þriðjudag 30. júlí kl. 5 e. hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 182); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg ætla mjer ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv., á þessu stigi málsins, en að eins geta þess, að jeg geri ráð fyrir að sumum h. þingdm. muni þykja það undarlegt, að þetta frumv. skuli ekki vera orðjett eins og það er samþ. var af báðum deildum alþingis 1893. Til þess liggja tvenn rök. Fyrst það, að jeg geri mjer fullt eins góða von um að þetta frv. svona lagað verði samþ. óbreytt í h. efri deild, því hún samþ. fyrst svona lagað frumv. 1893, orðjett eins og hjer liggur fyrir; og annað hitt, að jeg fyrir mitt leyti felli mig miklu betur við það líka. En eins og menn munu hafa tekið eptir, voru gerðar breytingar á frv. í h. Nd., sem jeg fyrir mitt leyti felli mig ekki eins vel við.

Jeg skal svo ekki að sinni fara fleirum orðum um málið, en vil geta þess, að jeg vil ekki halda því fast fram að hafa frumv. í þessu formi, ef h. deildarmenn hafa í móti því, heldur halla mjer þá að því formi, sem það var samþ. í 1893.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 189, 192); 3. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg vil geta þess að nefndinni hefir borizt beiðni frá ábúanda einnar þjóðjarðar, og til þess að geta komið með breyt.-till. í þá átt, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók þá málið út af dagskrá.

Frumv. til laga um fjárrð giptra kvenna (C. 177); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Frumv. til laga um hagfræðisskýrslur (C. 193); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv., og sent forseta Ed.

Frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 125, 190, 200, 201, 203, 204, 209, 210); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Við fyrri hluta 2. umr. komu fram ýmsar mótbárur frá nokkrum mönnum, er ekki var tími til að svara þá; jeg ætla því að athuga þær nú.

Hæstv. landsh. tók yfir höfuð vel í málið, taldi þó ýmsa annmarka á því og þar á meðal það, að ekki fylgdi frumv. nein áætlun um tekjur og útgjöld, og yfir höfuð vantaði tilfinnanlega skriflegar upplýsingar frá nefndinni; nú er komið nefndarálit, sem þm.

sjálfsagt hafa fengið, svo að ætla má að bætt sje úr þeim ágallanum, þó eitthvað megi ef til vill út á það setja.

En það sem hann lagði mestan þunga á var, að hann ætlaði ekki fullkomlega nauðsynlegt að kaupa skipið, og skildi ekki í, að ef ekki væri unnt að fá hentugt skip á leigu, þá skyldi vera auðveldara að fá það keypt. Munurinn er, að ef við kaupum skipið, þá getum við látið smíða það eptir okkar höfði, eptir því sem við álítum að sje bezt við okkar hæfi; auk þess getum við, ef við kaupum gamalt skip, látið breyta því eptir þörfum, en leiguskipi megum við ekki breyta.

Viðvíkjandi því er jeg taldi sem erviðleika á að leigja skip, hjelt hæstv. landsh. því fram, að auðgert mundi að fá línuskip á leigu, þar sem margar »línur« hafi orðið fjárþrota í ár. Þetta er rjett. En getur hæstv. landsh. bent okkur á nokkurt línuskip, er sje við okkar hæfi? Nei, þó allar heimsins línur hafi komizt í fjárþrot, þá er það okkur ekki neinn hagur; því að öll þeirra skip eru svo stór, að þau eru ofurefli vort; línurnar, sem eg þekki, í Kaupmannahöfn, eiga langt um minni skip en hinar ensku, og þó eru þau skip þrefalt stærri en þau sem gufuskipafjelagið lætur ganga hjer uppi. Nú er það kunnugt, að hafnargjald er greitt eptir lestatali; í nefndarálitinu er gert ráð fyrir 2000 kr. í hafnargjald á mánuði, en af þessum báknum, ef þau væru leigð, yrði þá að gjalda minnst 6000 kr. á mánuði, og allt eptir þessu. Mjer er óhætt að fullyrða, að það mun veitast ervitt að fá hentugt skip á leigu; jeg veit t. a. m. um gufuskipafjelagið, að í sínum yfir 100 skipa flota hefir það ekkert skip, er okkur hæfir; það gerir ráð fyrir að þurfa að smíða skip beinlínis til Íslandsferða, ef það skyldi koma fram með tilboð um að annast auknar skipaferðir hjer við land.

Hæstv. landsh. fann það enn að, að alþingi á að semja ferðaáætlun fyrir skipið, sjerstaklega fyrir næsta fjárhagstímabil, og ætlaði, að það mundi verða gert út í bláinn. Nefndin hefir tekið þetta til íhugunar, og komizt að sömu niðurstöðu, að þetta mundi ekki vera heppilegt, og tekið það upp í nefndarálitið; það er auðvitað ekki allskostar heppilegt, að ákveða ferðaáætlun strax fyrir næsta fjárhagstímabil, enda liggur hjer nú fyrir breyt.till. um að farstjóri semji ferðaáætlun með ráði landshöfðingja. Jeg get nú ekki fallizt á þetta, þó meiri hluti nefndarinnar sje með því, mjer lízt það varúðarvert, að alþingi sleppi öllum tökum á ferðaáætlun skipsins, því að atjend mun það fara næst um þarfir landsmanna, svo í þessu efni sem öðru.

Hæstv. landsh. var ekki vel til fargæzlumannanna, og hjelt að þeir mundu ekki geta komið sjer við, þar sem farstjóri væri opt í útlöndum; það kann nokkuð í þessu að vera, og nefndin hefir því komið með breyt.till. í þá átt, að þeir hafi gát að eins á fjármálum. Hann kallaði, að það væri að fara inn á svið hins umboðslega valds, að alþingi kýs fargæzlumenn. — En þegar bankinn var stofnaður, þá voru gæzlustjórar hans kosnir undir eins og lögin voru samin, og hjer er alveg sama máli að gegna; og hafi það getað staðizt þá, mun það líka geta gert það nú.

Enn var það, að hæstv. landsh. þótti það óeðlilegt, að fargæzlumenn fengju að ráða nokkru um, hver yrði farstjóri; ekki finnst mjer það, því ekki get jeg búizt við, að landsh. sje ávallt svo verzlunarfróður, að ekki sje trygging í, að tveir fróðir menn hafi hönd í bagga með, hver mestu rjeði um samgöngur vorar.

Viðvíkjandi því, að hann vildi fá inn í frumv. ákvæði um, að setja 1 eða 2 endurskoðara til þess, að líta eptir reikningunum, því að hinn umboðslegi endurskoðari hafi svo mikið að starfa, að því sje ekki á hann bætandi, þá skal jeg geta þess, að nefndin hefur tekið þetta til greina, en af sjerstökum ástæðum gat hún ekki komið með breytingartill. í þá átt nú, en mun gera það við 3. umr.

Aptur á móti verður 3. liður breyt.-till. á þingskj. 201 tekinn aptur, af því að okkur virðist hann ekki vel heppilegur. 1. og 3. breyt.till. á þingskjali 190 getur nefndin ekki fallizt á. Við þær breyt.till. er aptur komin varatillaga á þingskj. 210: að í stað »kaupa« komi »leigja eða kaupa«; hana getur nefndin heldur ekki fallizt á, vegna þess, að eptir því sem fram hefir komið má ætla, að ef stjórninni er sett í sjálfsvald, hvort leigja skuli eða kaupa skipið, þá muni tillögur landshöfðingja ganga í þá áttina, að það verði leigt.

Þar sem 12. liður breyt.till. á þingskj. 190 fer fram á, að laun farstjórans verði færð niður í 2500 kr. úr 4000 kr., þá þykir okkur það nokkuð mikil niðurfærsla; en jeg skal þó játa, að laun hans hin föstu þurfa ekki að vera mjög há, því að prósenturnar eru mjög ríflegar. Nefndin hefir því komið fram með breytingartillögu í þá átt, að hin föstu laun hans yrðu færð niður í 3000 kr.

En síðari grein hins 12. liðar get jeg fallizt á; nefndinni þykir 500 krónur full-góð borgun handa fargæzlumönnum, því að það er betur borgað en gæzlustörfin við landsbankann.

Stríðið við þessa umræðu mun standa um þetta: Á að leigja eða kaupa?

H. þm. Reykv. (Jón Jenss.) tók það fram í upphafi þessarar umr., að hin fyrri aðferðin væri heppilegri, vegna þess, að þá bæri eigandinn ábyrgðina, og ef skipið laskaðist, þá sendi hann annað skip í staðinn. En að leigja skip með þessu móti skoða jeg sem hugsjón eina, er ekki komi fyrir í virkileikanum, eða að minnsta kosti veit jeg ekki til þess, að slíkir samningar eigi sjer stað. Það mætti að vísu hugsa sjer það, en þá yrði leigan svo afar-há, að hún næmi miklu meiru en þessum 120,000 þús. kr., sem áætlaðar eru til útgjalda skipsins.

Sá hinn sami h. þm. var svo mjög hræddur við kaupin, að hann ætlaði oss ekki mundu losna við skipið, nema ef gufuskipafjelagið af náð sinni keypti það af okkur fyrir hálfvirði!

Og þó sjáum við Túlinius, Wathne, Ásgeir Ásgeirsson, Vídalín & Zöllner hafa skip sín hjer í förum, ár eptir ár, og komast þó hvorki í kröggur nje fjárþrot! Það er með öðrum orðum, reynslan bendir alls ekki á, að tekjuhalli verði, heldur einmitt þvert á móti.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) hjelt því fram, að hjer væri farið fram á fimmta hundrað þúsund króna útgjöld; þetta er ekki rjett, því að það er gert ráð fyrir töluverðum tekjum, svo að útgjöldin verða í rauninni ekki nærri svo mikil.

Hann áleit, að gera mætti ráð fyrir, að gufuskipafjelagið hætti við, að senda skip sín hingað upp, ef við færum að láta okkar skip ganga; þá stæðum við uppi með þetta eina skip, og ætlaði hann, að ekki mundi þurfa lengi að bíða eptir óánægju landsmanna með það; skrítið er það, að ýmist á gufuskipafjelagið að hætta við ferðir sínar, eða herða svo á, að það roti okkur með samkeppni — hvorttveggja er brúkað sem ástæða móti því, að kaupa skip! Getur þeim háttvirtu herrum þá ekki skilizt, að ef fjelagið keppir við oss,

þá hafa landsmenn allan hagnaðinn, og að ef það hættir ferðunum, nú, gott og vel, þá borga ferðir landsskipsins sig þeim mun betur, og mun þá ekki lengi þess að bíða, að við fáum okkur annað skip í viðbót.

Aðal-ástæðurnar fyrir því, að betra sje að kaupa skip en leigja, eru þá þessar:

1., að erfitt verður að fá hentugt skip, er lagað sje bæði til fólks- og farmflutninga hjer við land;

2., að það er langt um dýrara að leigja skip en kaupa; leigan verður sjálfsagt ekki minni en 10% af verði skipsins. Og það er hart að gjalda útlendum manni 30—40,000 kr. í leigu, en þurfa ekki að spila til nema 14,000 kr. í hæsta lagi, ef við keyptum skip.

Bóndi sem byrjaði búskap mundi ekki lengi hugsa sig um, hvort hann ætti heldur að kaupa eða leigja bústofn sinn, ef hann ætti kost á, að velja um það.

Jeg þarf að minnast nokkuð á ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), og skal gjarnan gera það áður en hann deyr. — (*Aths.*: Þegar þingmaður, sem hvorki er framsögumaður eða flutningsmaður, hefir talað tvisvar við eina umr., má hann ekki tala optar, og er þá kallað að hann sje dauður). Hann fór hörðum orðum um samgöngumálanefndina, sagði, að ef hún hefði viljað vera kurteis, þá hefði hún ekki komið með þetta frumv. fyrr en fjárlaganefndin var búin að ljúka sínum störfum; hann brá henni um sjálfbyrgingsskap og annað fleira þess háttar. En nú hafa einmitt úr fjárlaganefndinni sjálfri heyrzt raddir, sem ekki viðurkenna þetta. En það er annað, sem margir hafa tekið eptir, sem sýnir, að fjárlaganefndin er ekki eins kurteis og búast mátti við eptir hinum háværu kurteisiskröfum formanns hennar (Tr. G.); hún hefir fengið margar tillögur frá samgöngumálanefndinni og tekið þær allar saman upp undir sínu eigin nafni, nema að eins eina; hún hefir ekki einu sinni minnzt á samgöngumálanefndina einu orði, ekki getið um, að hún sje til. — Kalli það kurteisi hver sem vill.

H. þm. Árn. (Tr. G.) tók það líka fram, að það væri ómögulegt að kjósa fargæzlumenn á þessu þingi, og ekki fyrr en 1897; en hvernig var það 1885, þegar bankalögin voru samþykkt? Voru þá ekki kosnir gæzlustjórar við bankann þá þegar? Og hví skyldi ekki mega fara eins að nú?

Jeg verð að halda að samgöngumálanefndin hafi fulla ástæðu til að hafa trú á sjálfri sjer, eins h. formaður fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) brá henni um, því að frá mótstöðumönnum þessa máls hafa engar mótbárur komið fram af þekkingu og umhugsun, heldur allar af — hjartveiki. Jeg hefi orðið var við, að síðan stóra málið var fyrir í fyrra hafa þingm. engra upplýsinga aflað sjer, enga aukna þekking við að styðjast. Gera menn ekkert milli þinga, hugsa menn ekkert? Hvar eru þær ástæður mótstöðumanna þessa máls, er byggðar eru á þekkingu? Hvar er votturinn um að þeir hafi leitað sjer nýrra upplýsinga? Það erum við, sem komum með nýjar upplýsingar, og leggjum þær fram.

Ástæðurnar móti þessu frumv. eru hinar sömu og móti stóra málinu í fyrra: hræðsla. Jeg hefi tekið það fram. í ritgerð, sem jeg vona að nú sje komin út um allt Ísland, að ef landsmenn fá ekki samgöngurnar bættar hið bráðasta, þá væri það hugleysi, dugleysi og þekkingarleysi þeirra að kenna, og jeg vildi að það hljómaði sem víðast. — Mótstaðan er af þekkingarleysi; en jeg get sagt um sjálfan mig, að jeg get bent á upplýsingar, sem jeg hefi aflað

mjer; það er þess vegna ekki rjett að bregða samgöngumálan. um að við byggjum allt á sjálfstrausti. Hjartveikin er mikil hjer í þingsalnum, en ekki hjá þjóðinni. En þessi hjartveiki sýnist að vera mjög smittandi, ef hún einu sinni kemur upp hjer í salnum, sjerstaklega ef hjartveikisbakterían kemur frá landshöfðingjastólnum, og þá rýkur hún jafnan fyrst í bændurna, þótt undlegt megi virðast — jeg segi þetta hjer, af því að jeg vil að það spyrjist um allt land, af því jeg vil láta þjóðina heyra það, að þessir menn komi hjer þing eptir þing til þess að toga í skæklana og halda aptur af, til þess að andæfa móti þeim, sem vilja hrinda einhverju fram á leið til framfara og þjóðþrifa.

Hvað snertir afstöðu stjórnarinnar í þessu máli, þá hefir hæstv. landshöfðingi tekið mjög liðlega í þetta mál; jeg ímynda mjer að margur framsögumaðurinn mundi, eptir því sem hjer er siður, hafa flutt honum langa þakklætisromsu fyrir undirtektirnar; en mjer er ekki svo varið; enda finnst mjer hann ekki hafa gert annað en ganga ekki beint á móti skyldu sinni; það er skylda hverrar góðrar stjórnar að undirbúa fyrir þing þau mál, sem á hverjum tíma eru hin mestu áhuga- og nauðsynjamál þjóðarinnar, svo að menn gangi ekki að þeim með tómar hendur, en við því er ekki að búast af stjórninni í Kaupmannahöfn, meðan hún er skipuð útlendum mönnum, sem vantar til þess bæði áhuga og þekkingu á högum vorum. Verði því eitthvað gert í þá átt, hlýtur það að koma frá landshöfðingjanum; en hann hefir nú ekkert gert í þessu máli, þótt honum hlyti að vera fullkunnugt um, hvílíkt áhugamál það er hjá þjóðinni. En þá finnst mjer landshöfðinginn ekki gera annað en skyldu sína, þegar hann leggst ekki á móti þeim mönnum, er einhverja viðleitni vilja sýna til þess að hrinda því í lag og bæta úr því sem stjórnin hefir forsómað. Hjartveiki þurfum vjer ekki að sækja til landshöfðingjastólsins, því af henni er nóg fyrir í þingsalnum, en þekkingu vildum vjer þaðan hafa, því af henni er ekki of mikið í þessum sal, hvorki í þessu máli nje öðru, — af henni er aldrei of mikið.

Jeg verð að ljúka máli mínu með þeirri yfirlýsing, að allar ástæðurnar fyrir mótstöðu gegn þessu máli má fela í einni: Hjartveiki, byggðri á vanþekkingu.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer dettur ekki í hug að svara í dag «gæsinni sem í gær flaug», og jeg hefði varla farið að yrðast við h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), þótt jeg hefði fengið orðið strax á eptir honum um daginn; mjer finnst það ekki eiga við í öðru eins stórmáli að eyða tíma í orðahnippingar. Eitt af því sem kom fram hjá þeim, h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) var, að við sem erum á móti skipkaupunum, vildum ekki bæta samgöngurnar, og að slíkt mætti ekki eiga sjer stað á þingi. Ef hjer væri um samgöngubætur að ræða, þá skyldi jeg sannarlega ekki vera frv. mótfallinn, en það sem frv. fer fram á eru hreint og beint samgönguskemmdir, en eigi samgöngubætur, og þess vegna er jeg á móti því; það er miklu verra en það sem vjer höfum. H. þm. mega ekki ætla, að jeg vilji ekki betri samgöngur en nú eru. Jeg skal leyfa mjer að fara stuttlega yfir ferðaáætlun þá, sem hjer liggur fyrir; það er nauðsynlegt til þess að geta gjört sjer glögga grein fyrir, hversu hagkvæmt þetta nýja fyrirkomulag muni reynast landsmönnum, og hversu miklar samgöngubætur þeir muni fá með því. Þegar jeg lít á ferðaáætlunina, þá er eins og hún sje búin til af mönnum, sem eru allsendis

ókunnugir hjer á landi, og að þeir hafi hugsað að hjer væri allt af blíðalogn, og bryggjur á viðkomustöðum skipsins, þar sem það gæti lagzt við og affermt sig á svipstundu; eða þá að þeir hafa ekki ætlað landsmönnum að hafa annað gagn af því, en að sjá reykinn úr því, og sjá nokkrum farþegum hleypt í land á nokkrum höfnunum; hefði skipskipið átt að vera til þess að flytja vörur og aðrar nauðsynjar til landsmanna, þá hefði ferðunum verið hagað öðru vísi en gjört er í ferðaáætlun þeirri, sem nú loksins er fram lögð og liggur hjer fyrir. Í Reykjavík á skipið að koma 10 sinnum og aldrei standa þar lengur við en einn dag; þetta er þó höfuðstaður landsins. Er þetta nýja fyrirkomulag til mikilla bóta fyrir Rvík? Nei, engan veginn. Það er auðsjeð, að skipinu er eigi ætlað að flytja nokkra vöru þangað. Í fjórðu ferðinni á skipið að fara frá Dýrafirði 22. maí, koma við á Önundarfirði, Ísafirði, Borðeyri og Reykjarfirði og þaðan á það að fara 24. maí. Vjer vitum að Ísafjörður er mikill verzlunarstaður og strandferðaskipið fær þar jafnaðarlega mikið af vörum. Sama má búast við að yrði á Borðeyri. En það er auðsjeð að þetta skip getur ekki á þessum tveim dögum komið á alla þessa staði og skilað þar vörum og tekið aptur vörur. Í sömu ferð á skipið að vera á Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði sama daginn. Þetta er nú ofurlítið hrafl úr áætluninni um 4. ferðina; en svo kemur 5. ferðin, og skal jeg að eins nefna þar eitt af mörgu; skipið á að ljúka sjer af sama daginn, 21. júní, á Sauðárkrók, Skagaströnd og Blönduós. Jeg ímynda mjer að það megi ekki vera mikill norðanstormur, til þess að þessir þrjú kauptún geti verið ánægð með jafnlitinn hlut úr degi og hverju þeirra er ætlað. Mun það ekki vera nokkuð naumt skammtað, að ætla tveim hinum fjölbyggðari sýslum landsins, með ekki tryggari höfnum en þær hafa, ekki lengri umferðar- og viðstöðutíma fyrir skipið en hjer er gjört?

Í 6. ferð á skipið að vera 10. júlí á Ísafirði, 11. júlí á Sauðárkrók, 12. júlí á Akureyri og 14. júlí á Seyðisfirði. Sú ferð á auðsjáanlega ekki að vera til vöruflutninga, heldur að eins til að hleypa farþegum á land og til að skila pósti á viðkomustöðunum. Ef einhverjir ætluðu sjer að fá vörur með skipinu, þá hlyti svar skipstjórans að verða, Nei, jeg má ómögulega vera að tefja mig við slíkt, jeg þarf að flýta mjer, jeg er orðinn langt á eptir tímanum. Jeg bið h. þm. að gæta þess, að samgöngunefndin þykist ætla með þessum skipkaupum að bæta samgöngurnar og fullnægja samgönguþörfum vorum. En þegar jeg lít á ferðaáætlunina, þá á landsskipið að eins í tveim ferðum að koma við á öllum hinum venjulegu viðkomustöðum strandferðaskipanna og í einni ferð ekki nema á helztu stöðunum. Nú fer »Thyra» 4 heilar ferðir kringum landið og «Laura» eina; en í staðinn fyrir þessar 5 ferðir eigum við að fá tvær heilar ferðir og brot úr tveimur öðrum. Eru þetta samgöngubætur? Það skyldi vera að landsskipið væri lengri tíma en verið hefir á ferðum í landsins þarfir, og er þá bezt að athuga það. Jeg tel ekki fyrstu ferðina; hún er víst alveg út í loptið. Aðra ferðina á það ekki að byrja frá útlöndum fyr en 20. febr. og vera fyrst í Reykjavík 12. marz. Nú byrjar þó fyrsta ferð »Lauru» til landsins 14. jan. og skipið komið til Reykjavíkur seinast í janúar. Nú hætta strandferðir hjer í október, en landsskipið á að hætta þeim í september, heilum mánuði fyr en vant er. Þá á það að fara að flakka í fjárflutningum. — Ja, því

líkt! (Hlátur). Það á að koma í Rvík 28. september, vera á Borðeyri 29. Sauðárkrók 30. sept. og á Akureyri 1. október og fara þaðan þann dag. Skárri er það nú hraðinn, allra helzt þegar þess er gætt að skipið á að tína upp á þessum stöðum 2—3000 fjár. Skyldi það ekki vera vissara að bæta því inn í áætlunina, að þá daga mættu alls ekki vera íslenzkir hauststormar eða sjógangur, heldur blíðalogn? 20. okt. á skipið að vera á Vopnafirði, líklega til að taka sauðfje; fráleitara hefi jeg ekki heyrt en þetta, að vera með stórt gufuskip á þeim stað svo seint á hausti; flestir sjómenn eru þó hræddir við Vopnafj. á þeim tíma, þar á meðal sjálfur Robinson, sem var á Camoens, og var hann þó ekki hræddur við að mölva skerin á Hrútafirði með skipskilinum sínum, þegar hann var að heimsækja Borðeyri. Jeg hefði óskað nefndinni til lukku, að þetta væri prentvilla, en jeg sje það er ekki, því að skipið á að koma 28. okt. á Seyðisfjörð. 14. nóv. á skipið að koma til Seyðisfjarðar og fara þaðan aptur 15. nóv. Jeg veit reyndar ekki, hvað skipið á þá að gjöra þangað, nema ef það ætti að fá síld til flutnings; 16. nóv. á það að vera í Vestmannaeyjum, og degi síðar í Rvík. Eptir að það hefir farið frá Reykjavík 22. nóv., eða rjettara sagt í sept., álít jeg að það sje horfið úr þjónustu landsins sem póstskip til 20. febr.

Jeg sje ekki hvaða hagur það getur verið fyrir landið að eiga skip til fjárflutninga; til þess ætti þó að vera betra að leigja skip. Landskipið á að hafa rúm handa 100 farþegum; ekki er hægt að hafa sauði í því plássi; þeir mundu skemma sófana; svo allt farþegaplássið dregst frá því rúmi sem sauðirnir ættu að vera í, en af því leiðir, að sauðaflutningur í þessu skipi hlýtur að verða miklu dýrari en í hentugu leiguskipi.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði svo mikið um hjartveiki og þekkingarleysi. Hann má úr flokki tala, því flestir munu játa, að hann er ekki hjartveikur þegar ræða er um peninga úr landssjóði, en um það skal jeg ekki ekki dæma, hvort það er af þekkingarskorti á ástandi landsmanna eða ókunnugleik á samgönguþörfum hjer á landi, að hann barðist fyrir járnbraut í fyrra og gufuskipskaupum nú; í það minnsta sje jeg á ýmsu, að hann er ekki kunnugur vöruflutningum og skipagjöldum í útlöndum. Eptir ferðaáætluninni á skipið að koma til Reykjavíkur 6. jan. og fara þaðan 15. janúar. Hvað á það eiginlega að flytja frá Reykjavík á þeim tíma? Líklega á það að vera saltfiskur, fyrst skipið á að fara suður í Miðjarðarhaf, en um það leyti árs er mjög lítið af saltfiski til hjer sunnanlands. En ráðgjörum samt, að skipið kunni að fá svo sem hálfan farm af fiski, til að flytja suður í Bilbaó, Lissabon, Barcelóna, Genúa, Livornó og Trapaní. Á alla þessa staði er skipið skyldugt að koma, fyrst þeir standa ákveðna daga á ferðaáætluninni, og einnig getur það ekki neitað að taka vörur á þessa staði, þótt eigi sje meira til sumra þeirra en 3—5 tons. Nú vil jeg spyrja h. þm. (V. G.), veit hann hve há eru skipsgjöld af 600 tonna skipi í Bilbaó, Genúa o. s. frv.? Eru þau ekki svo há, að það geti alls eigi borgað sig, að senda svona stórt skip á alla þessa staði, þar sem það þó að eins á sumum þeirra skipar upp litlum hluta farmsins, ef það á annað borð hefir nokkurn farm til þeirra? Norðmenn hafa þá reglu, að senda ekki stærri skip með fisk sinn til Spánar en svo, að sama skipið geti skilað af sjer öllum farmin-

inum á einni höfn. Það er líka auðsjeð, að mikill munur er á því, hvað skipagjöldin snertir, að senda lítið skip að eins á einn stað, heldur en að senda stórt skip á marga staði. Sumstaðar á Englandi eru skipagjöld nálægt 300 kr. af 100 tonna skipi, þegar þau afferma eða taka vörur. Á Spáni eru skipagjöld miklu hærri. Auk þess sem það er nokkuð hlægilegt að láta póstskip Íslands vera að flækjast suður um Spán og Ítalíu, þá er það svo vanhugsað, að ákveða slíkar ferðir í prentaðri póstskipsferðaáætlun, því þá er skipið skyldugt að fara hjeðan á alla þessa staði, þó það því nær engan farm hefði; þar á móti er auðvelt að fragta vöruskip, þegar svo vill til, að fiskur í heilan skipsfarm liggur hjer og kaupmenn vilja senda hann til þessara staða. Jeg held varla að það geti verið af þekkingarleysi, heldur af íhugunarleysi, að svona löguð ákvæði eru komin inn í ferðaáætlunina. Þó er enn þá eitt eptir, sem sýnir enn þá fullkomnari þekkingarskort. Í ferðaáætlun þessari er ekki einn dagur ætlaður til vara á öllu árinu. Skipið á alveg eins að hlaða og afferma á sunnudögum og hátíðum eins og aðra daga, og komast á hinar ákveðnu hafnir, hvort heldur er stormur eða logn, sólskin eða kafniðaþoka. Enn fremur er enginn tími áætlaður yfir sumarið til að hreinsa gufukatlana. H. nefnd veit þó líklega, að ekkert gufuskip getur gengið heilt ár án þess að katlar þess sjeu hreinsaðir; það þarf við og við að verka úr þeim saltstein, er sezt í þá úr sjónum, sem daglega er fylltur í þá; til að kæla katlana og hreinsa þá ganga í hvert skipti nokkrir dagar.

Jeg get sagt h. þm. Vestm. (V. G.), að þó hann sje ekki hjartveikur sjálfur, þá mun hann fáa gufuskipastjóra hitta svo óhjartveika, að þeir þori að láta skip sitt ganga heilt ár án þess að hreinsa katlana. Jeg er hræddur um að landskip þetta mundi verða eptir þessari ferðaáætlun ekki færri daga á eptir rjettum tíma en »Thyra« varð í vor.

H. framsögum. (V. G.) sagði áðan, að nefndin hjeldi fast við það, að kaupa skip en ekki leigja. Jeg hef sagt áður, að mjer þætti undarlegt, að mál þetta væri drifið inn á þingið án þess nokkur ferðaáætlun væri fram lögð, en nú skil jeg í hvorutveggja þessu, bæði, að nefndin vill kaupa skip, og að hún eigi vildi jafnframt láta sjá, hvernig hún hugsaði sjer að ferðum þess yrði hagað. Jafnframt sagði jeg þá, að mjer þætti undarlegt, að málinu væri flýtt svo inn á þing, áður en kunnugt væri orðið, hvernig fjárlaganefndin áliti, að hagur landsins mundi standa. Nú er álit fjárlaganefndarinnar komið, og ber það með sjer, að útlit er fyrir, að rúmra 70,000 kr. tekjuhalli muni verða á fjárhagstímabilinu, og þennan tekjuhalla hefir samgöngunefndin að mestu leyti á sinni samvizku.

Jeg bið h. framsögum. (V. G.) að gæta að 17. fylgiskjalinu við landsreikninginn 1893; af því sjest, að við árslok 1893 voru innritunarskírteini 207,800 kr., veðskuldabrjef með ½ árs uppsagnarfresti 309,046 kr., skuldabrjef með árlegum afborgunum 371,500 kr. og eptirstöðvar af andvirði seldra þjóðjarða 27,000 kr. Þetta eru aðal-upphæðirnar, sem landssjóður hefir til umráða.

Af þessu yfirliti er auðsjeð, að landssjóður hefir ekki fyrirliggjandi 350,000 kr. til að kaupa skip fyrir, nema því að eins að farið sje að segja upp einhverju af lánum viðlagasjóðsins. *(V. G.:* Þetta er ekki rjett, það er meira fje

til en þm. (Tr. G.) nefndi). Jú! Jeg veit, að það eru til nokkrir peningar liggjandi í jarðabókarsjóði, en h. þm. (V. G.) vill þó líklega að þar sje eitthvað fyrirliggjandi til þess að hægt sje að borga út laun embættismanna, vegabótafje og margt fleira. Vjer verðum því að halda oss til viðlagasjóðsins. En ef fara ætti að segja upp landssjóðslánum, til þess að kaupa skip fyrir, þá er jeg viss um, að eigi falla síður hatursfull orð hjá þjóðinni til þingsins fyrir þær tiltektir en h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þótti að fallið hafi um daginn hjá mjer í þessu máli. Jeg tek það upp aptur, að þjóðin mun ekki taka með þökkum slíkri ráðsmennsku þingsins, einkum þegar Norðurland og jafnvel allt landið fær verri samgöngur eptir en áður.

Jeg get ímyndað mjer, að til sje í viðlagasjóði rúmlega 1 miljón kr. Af því fje á svo að taka 350,000 kr. til að kaupa skip fyrir, 170,000 kr. er ætlazt til, að lánaðar verði á fjárhagstímabilinu til tóvinnuvjela, þilskipakaupa, gufubátakaupa og fl., og loks er gjört ráð fyrir rúmum 70,000 kr. tekjuhalla. Þetta allt til samans eru 590,000 kr., sem gjört er ráð fyrir, að eyðist af viðlagasjóði á næsta fjárhagstímabili; og þegar nú ekki eru til í honum nema rúm mill. kr., þá fer að grynnast á honum, þegar þetta gengur frá. Mjer þykir óhyggilegt fyrir suma þingm. í samgöngunefndinni, að rýra landssjóðinn svo mjög nú; því það kann vel að vera, að þeim detti eitthvað fallegt í hug á næsta þingi, ekki síður en gufuskipskaup nú og járnbraut í fyrra, en sem þeir þá verða að láta ógjört, af því að þeir hafa tekið svo margar handfyllir úr landssjóði á þessu þingi.

Nú skal jeg víkja að hinni ferðaáætluninni, sem hjer liggur fyrir; hún er miklum mun skynsamlegri og hentugri fyrir landsmenn, en undarlegt er það, að samgöngunefndin skuli setja »Thyra« og »Laura« í aðrahvora línu í ferðaáætlun þessari. Fyrir nokkrum dögum mátti ekki þessi nöfn nefna til póstferða. En hvernig stendur annars á því, að þessi skip skuli vera sett á áætlunina? Hefur nefndin hugsað sjer nokkurt fjárframlag til ferða fyrir þau skip? eða hefur hún gjört nokkra samninga við gufuskipafjelagið danska, eða ætlar hún sjer að gjöra þá? eða hefir hún von um, að þeir samningar takist? Það er hálf-skrítilegt að vera að gjöra ferðaáætlun fyrir skip hins danska gufuskipafjelags, án þess að áætla neitt fjárframlag til þeirra.

Jeg held að óhætt sje að fullyrða, að ef frumv. þetta um eimskipskaupin nær fram að ganga, þá muni danska gufuskipafjelagið ekki senda skip upp hingað til strandferða, og sízt að það láti það ganga eptir ferðaáætlun samgöngunefndarinnar.

Jeg tek það fram aptur, að vjer getum ómögulega komizt af með eitt skip til að fullnægja samgöngum og vöruflutningum; það er varla hægt að komast af með minna en þrjú skip, sem gengju nokkuð í líkingu við hina síðar umtöluðu ferðaáætlun. Jeg vildi helzt óska, að veittar væru á þessu þingi 35—40,000 kr. til að semja við eitthvert óákveðið fjelag, sem fengist til að senda skip til Íslands og kringum það, eptir líkri ferðatilhögun eins og er í nýnefndri ferðaáætlun. En reynist það ómögulegt, þá verður að grípa til þess, sem síðustu úrræða, að leigja skip; en að kaupa skip sýnist mjer óráðlegt.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að fjelagið »Dan« væri komið á hausinn; jeg held það hafi verið nokkuð djarflega mælt af honum. Það getur verið, að það hafi átt að vera til þess að spilla fyrir því, að fjelagið fengi þessar 5000

kr., sem fjárlaganefndin leggur til, að því sjeu borgaðar fyrir að flytja póst 14. hvern dag á sumrin til útlanda. H. framsögum. (V. G.), mun þó játa, að gott sje að hafa svo tíðar samgöngur við útlönd, og engin hætta á, að peningarnir verði borgaðir út, nema á meðan fjelagið heldur uppi ferðunum. H. framsögum. (V. G.) þótti fjárlaganefndin ekki síður hafa verið ókurteis en samgöngunefndin, þar sem hún hefði tekið tillögur samgöngunefndarinnar upp þegjandi, án þess að geta um, hvaðan þær væru komnar. Jeg held það hafi verið óþarfi að feðra þessar tillögur í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar, því að mjer heyrðist við umræðu þessa máls um daginn, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefði þá skilið það, að jeg eignaði samgöngunefndinni tillögur þessar úr brjefum til fjárlaganefndarinnar, og það áleit jeg vera nóga kvittun til hennar. En satt er það, að jeg gat þá ekki um eitt brjef frá samgöngunefndinni, en sem hún nú hefir sjálf minnzt á í nefndaráliti sínu; hún fór þar fram á, að vegabótafjeð væri fært úr 50,000 kr. niður í 30,000 kr., hinum 20,000 kr. átti að verja til að byggja dálítinn járnbrautarstúf; satt að segja get jeg ekki skilið í, hvernig h. nefnd gat dottið í hug, að fjárlaganefndin mundi aðhyllast þessa tillögu; fyrir þessar 20,000 kr. hefði eigi verið mögulegt að byggja járnbraut nema í hæsta lagi 1—2 bæjarleiðir, og hefði þá sá spotti verið harla gagnslítill, því að ferðamönnum mundi varla þykja tilvinnandi að taka ofan klyfjarnar af hestum sínum til að flytja þær á járnbraut svo stuttan veg, og verða svo að láta þær upp aptur á klárana, þegar brautinni sleppti.

Jeg tala nú að líkindum ekki optar í þessu máli við þessa umræðu, en enda mál mitt með því, að láta þá von í ljósi, að vjer munum geta fengið hagkvæmar samgöngur, ef h. deild vill hallast að því, að semja við eitthvert gufuskipafjelag um að taka að sjer póstferðirnar, með svipuðu fyrirkomulagi og ráðgjört er í síðari ferðaáætluninni; samt þyrfti talsvert að laga ferðir þriðja skipsins.

Jens Pálsson: Mjer þykir leitt, að jeg var of seinn að biðja um orðið, því jeg vildi gjarna hafa talað áður en h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók til máls, en úr því svo er komið, verð jeg að taka því.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) er sá eini maður, sem af alefli hefir viljað reyna til að eyðileggja þetta mál, og er hann því sá maður, sem samgöngunefndin þarf aðallega að svara, og því vil jeg fyrst víkja orðum mínum til hans. Það hefir áður verið farið nokkrum orðum um, hversu ósanngjarnlega hann mælti í garð samgöngumálanefndarinnar við hina fyrri umræðu, og hið sama hefir klingt enn hjá honum, þar sem hann ásakar samgöngumálanefndina fyrir ókurteisi, sjálfsálit, frekju, og að hún gerði þær kröfur, að deildin hefði traust á henni, og á bak við það lá sá dómur, að samgöngumálanefndinni bæri ekki að hafa traust þingdeildarinnar. Hann álasaði samgöngumálanefndinni fyrir, að hún hefði beitt gjörræði; jeg skil ekki í, að hann skuli geta látið sjer slík orð um munn fara. Hann álasaði henni fyrir, að hún hefði komið með tillögur sínar áður en fjárlaganefndin væri búin með sitt álit; en man hann ekki, að það var áskilið, þá er samgöngumálanefndin var valin, að hún yrði búin að ljúka starfi sínu á undan fjárlaganefndinni? Hvernig á að sameina þetta tvennt? Hún á að vera búin nógu snemma með starf sitt, svo fjárlaganefndin geti hagað eptir því tillögum sínum, en hins vegar má hún

ekki vera búin að ljúka starfi fyr en fjárlaganefndin hefir lokið við gjörðir sínar. Hjer er ósanngirnin komin svo langt, að hún heimtar það sem er ómögulegt. Ástæður þær, sem fjárlaganefndin ber tyrir sig, að hún þurfi að vita fyrst, hvernig fjárhag landsins líði, áður en hún geti lagt til, að ráðast í þetta fyrirtæki, eru ekki heldur mikils virði. Það er ekkert útgert um það, þó fjárlaganefndin hafi komið með álit sitt. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði svo borginmannlega, eins og hann ætti einn landssjóðinn; en hann á nú ekkert meira í honum en við hinir.

Þar sem hann talaði um, að samgöngumálanefndin hefði gengið fram hjá fjármálanefndinni, þá fer fjarri því, því eptir hvern fund þar sem nokkuð var afráðið, sendi hún bæði mann og brjef til fjármálanefndarinnar og tilkynnti henni gjörðir sínar, og fór allt í bezta bróðerni, og kom samgöngumálanefndinni því óvart, að fá þungar ákúrur frá fjárlaganefndinni, þegar komið var hjer inn í salinn.

Hvað snertir þá fullyrðingu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) að þetta skip verði samgönguspillir, þá er hægt að fullyrða slíkt, en tilraunir hans til að sanna það hafa mistekizt. Það er ekki gjörlegt, að þreyta þingmenn við að elta þær, því jeg gjöri líka ráð fyrir, að þeir hafi allir áttað sig á þeim. Hann tók þessa ferðaáætlun, sem hjer hefur verið lögð fram, og hafði ákaflega margt út á hana að setja, en flest af því var ekki á rökum byggt. Og eptir að hann hafði rakið ferðaáætlunina til enda, varð hann forviða og sagði: »Ja þvílíkt!« Jeg get ekki annað en gjört eins og sagt: ja þvílíkt! að taka ferðaáætlun, sem maður fyrir utan þingið hefir samið til að sýna, hvaða gagn hann álítur, að skipið geti gjört.

Samgöngumálanefndin hefir nú ekki samið ferðaáætlunina. (*Tr. Gunnarss.* Jú). Og sami maður, sem hefir samið ferðaáætlunina, hefir látið fylgja henni skjal, sem sýnir, að hún er að eins bending, sem samgöngumálanefndin hefir þakksamlega þegið til að leggja fyrir þingið, og það er því fráleitt, að halda sjer við þessa ferðaáætlun og rífa hana niður, þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að alþingi sjálft samþykki ferðaáætlun skipsins. Ferðaáætlunin er undir dómþingsins, þótt sú breyting sje í ráði, að farstjóra sje falið að semja ferðaáætlunina að mestu leyti, en þingið setji að eins fasta punkta, sem farstjóri verði að miða við.

H. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) tók ferðaáætlun þá, sem áður hefir verið nefnd og lýst hvernig stæði á, og prentuð hefir verið upp í sambaudi við ferðaáætlunina fyrir Laura og Thyra 1893. Jeg játa, að skjal þetta er frá samgöngunefndinni, og er það prentað að eins til að sýna, hvernig ferðirnar mundu taka sig út, og er það byggt á þeirri von, að gufuskipafjelagið haldi áfram sömu ferðum og 1893, þegar því enginn styrkur var veittur.

En af því, að hjer er ekki að tala um neina áætlun, sem samgöngunefndin hafi búið til, eða ætlazt til að væri rædd og samþykkt, þá leiðir af því, að ekki er hægt að tala um hin einstöku atriði.

H. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) segir, að ferðaáætlunin sje svo vitleysislega fijót. Við hvað er miðað? Við skip, sem fer með svo eða svo litlum hraða? Við það »slendrian«, sem hjer á sjer stað, í afgreiðslu skipa, þegar menn róa á 4 árar og ekkert gengur. Það er ekki ætlað upp á slíkt, heldur að skipinu fylgi gufubátur, sem flýti fyrir, enda væri frámunalegt, að tefja um skör fram eins dýrt »apparat« og skipið er,

fremur en þörf krefur; jeg efa ekki, að flýtt verði fyrir fermingu og affermingu, og að menn æfist í fljótri afgreiðslu, allra helzt er þeir fá betri verkfæri til hennar.

Jeg ætla ekki að gera h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) getsakir um, að það sje af illvilja, þótt hann tali gegn þessu máli, en það er leiðinlegt, að hann skuli reyna til að rífa niður þetta fyrirtæki, sem óefað er mesta áhugamál þjóðarinnar. Hann talar eins og viðurkennt sje, að hann sje viðurkennd »capacitet« í þessum efnum, eins og hann væri fyrirtaks-gufuveljameistari, skipstjóri og skipsútgjörðarmaður. Jeg skal játa, að jeg trúi því ekki, að h. þingm. hafi í þessum sökum eins mikið til brunns að bera, eins og hann virðist gefa í skyn með ummælum sínum.

Hvað gufuskipafjelagið »Dan« snertir, þá mundu íslenzk fyrirtæki þykja illa standa, ef actíurnar stæðu að eins í 5%, eins og sagt hefir verið hjer á þingsalnum, að actíur þess fjelags standi. Að fara að tilnefna slíku fjelagi fjárstyrk, sem stendur eins valt, virðist ekki bera vott um varfærni hyggins »forretningsmanns«. Jeg vil ekki byggja von um neinar samgöngubætur á jafnvöltu fjelagi, eða styrkja það með fjárframlagi.

Væri fjelag þetta hjálparhella fyrir oss með að selja frosinn fisk, þá væri öðru máli að gegna, en jeg held, að það hafi ekki verið nein gullnáma fyrir Ísfjelagið hjerna með frammistöðu sinni. *(Forseti*: Þetta kemur gufuskipsmálinu ekkert við). Jú, því h. 1. þm. Árnes. (Tr. G.) setti styrk til gufuskipsferða í beint samband við þetta mál.

Jeg skal ekki tala mikið lengra í garð h. 1. þm. Arn. (Tr. G.); þó þarf jeg að minnast á eitt atriði enn, nefnilega þá mótbáru hans, að okkur vantaði fje til að kaupa fyrir gufuskip, því vjer hefðum ekkert laust fje fyrir hendi. Jeg segi ekki annað en að þá fyrst gekk yfir mig. Jeg skal ekki fara út í það, að rekja þetta út í æsar, eða benda á hvar fjeð eigi að taka, því mjer finnst þess ekki þurfa við. En jeg vil segja, að það er lítið gagn í að eiga meira en miljón króna í viðlagasjóði, ef hann er þeim fjötrum reyrður, að allt er fast, þegar eitthvert stórt fyrirtæki þarf að framkvæma, og ekki er hægt að ná lausum 1/3 hans. En sje nú svo, að allt fje viðlagasjóðs standi fast, svo að ekki sje hægt að fá lausar 350,000 kr., þá get jeg ekki skilið í, að það sje nein vandræði að fá lán; og það gæti ef til vill verið búmannlegt, því líkindi eru til, að fá mætti lán með talsvert lægri vöxtum en 4%, og þá væri svo langt frá, að lántakan væri frágangssök, að hún þvert á móti væri auðsær gróðavegur.

Annars skilst mjer að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi gert þetta mál að kappsmáli, og hann leiðist því nokkuð langt í að leiða mögulegar og ómögulegar og jafnvel fráleitar ástæður móti því, því jeg hefi ávallt álitið hann of mikinn riddara innanbrjósts sem utan til þess, að beita vísvitandi ástæðum, sem hann vissi og hefði athugað, að ekki væru á góðum og sönnum grundvelli byggðar.

Þá er eitt atriði, sem jeg álít rjett, að taka fram, þó það viti flestir, að fari svo, sem við má búast, að landssjóðsskipið taki að sjer að einhverju leyti að flytja Kaupmannahafnarpóstinn, t. d. á vetrum, ef skip kemst ekki þaðan, er líklegt, að landssjóðsskipið fái brot af tillagi því, sem lagt er til gufuskipafjelagsins fyrir póstflutning. Jeg tek þetta að eins fram af því, að ekki hefir verið á það minnzt, en þó þetta

sje mjög líklegt, þá er ekki hægt að byggja neitt á því.

Jeg hefi opt heyrt talað niðrunarorðum til þeirra manna, sem hafa gjört mestar tilraunir til að bæta samgöngur vorar á síðari árum, þótt sumar þessar tilraunir hafi ekki komizt enn þá í framkvæmdir; það hefir verið ekki að eins í gamni, heldur af grænzku fært að þeim sem loptsiglingamönnum, og jafnvel brugðið um fjeglæfra; en mjer þykir ekki drengilegt af vorum eigin löndum, að niðra mönnum fyrir slíkar tilraunir, hvað sem þær heita, hvort heldur það eru akbrautir, gufubátaferðir, gufuskipsferðir eða stóra málið svo kallaða, því þeir sem hafa stutt þessi mál hafa gjört það af heilum huga, og verið sannfærðir um blessun þeirra fyrir land og lýð, ef þau kæmust í framkvæmd.

En þegar jeg nú lít á þetta frumv. sjálft og breyt.till. þær, sem fram hafa komið við það, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en mál þetta hafi fast og öruggt fylgi í h. deild, því þó talsverður munur sje á því, að kaupa eða leigja, þá hefi jeg beztu von um, að sá ágreiningur jafnist, því þar sem sumir vilja kaupa en aðrir leigja, þá er tilgangurinn hinn sami, að fá þær samgöngur, er skip þetta á að veita okkur.

Þótt jeg að ýmsu leyti játi það vera álitlegt, að setja »alternativt« annaðhvort kaupa eða »leigja«, þá styrkist jeg þó allt af í þeirri trú, að betra sje að kaupa en leigja, og að það gæti orðið fleiri sannir erviðleikar — jeg tala ekki um ímyndaða — við að leigja, í stað þess að kaupa.

Mun jeg því fyrir mitt leyti halda mjer fast við tillögur samgöngumálanefndarinnar um að kaupa, að minnsta kosti að svo vöxnu máli.

Framsögumaður (*Valt. Guðmundsson*): Jeg skal ekki vera langorður í þetta sinn; að eins vil jeg svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) með fáum orðum, en jeg skal ekki taka hart á þm., af því hann nú er dauður; jeg ætla mjer að minnast á hinar helztu mótbárur, er þingm. færði fram.

H. þm. (Tr. G.) spurði, hvað landsskipið ætti að gera til suðurlanda um hávetur, ekki gæti það farið með fiskfarm á þeim tíma árs. Jeg skal benda h. þm. (Tr. G.) á, að á seinni árum hefir það opt komið fyrir, að skip færu með fulla fiskfarma til Spánar um vetrartíma; meira að segja þekki jeg dæmi, er skeði ekki fyrir löngu; 1894 fór gufuskipið Maja með 1600 skpd. af saltfiski frá Knudtzons verzlun til Barcelona á Spáni, einmitt um hávetur. Færeyingar senda árlega skip með saltfisksfarma suður í lönd; Norðmenn hafa 7 gufuskip, sem þeir láta ganga til Spánar með fisk, og því til styrktar leggja þeir 75,000 kr. úr ríkissjóði. Til Ítalíu ganga seglskip hjeðan að vetrarlagi næstum á hverju ári; en til þeirra ferða ættu menn helzt að hafa gufuskip, því reynsla er fengin fyrir því, að seglskipum er ekki leggjandi í slíkar ferðir um þennan tíma árs; tvö skip, sem send voru til Portúgals fórust, og þrjú skip, er send voru með fisk að vetrarlagi fórust á árunum 1888, 90 og 95. Hvort þessar ferðir landsskipsins þar á móti muni borga sig skal jeg eigi segja neitt um; má vel vera, að það sje rjett, að hafnargjaldið tæki allan ágóðann af ferðunum; þetta er heldur engan veginn tillaga nefndarinnar; og jeg skal taka það fram nú, svo að ekki fleiri h. þm. villist á því, að í nefndarálitinu er það greinilega sagt, með berum orðum, að þessi ferðaáætlun komi fram til þess, »að h. þm. gefist kostur á að kynna sjer, hvernig verzlunarfróðir menn hugsa sjer að haga mætti ferðunum fyrst um sinn« o. s. frv.

Nefndin fjekk þessa ferðaáætlun gerða til þess að láta undan þeim háu kröfum um einhverja ferðaáætlun, er komið hafa fram hjer í deildinni, en hún álítur ekki, að þingið nú geti samið nokkra fasta ferðaáætlun.

Jeg sagði áðan, að nefndin hefði aðhyllzt þá breytingu á frumv., að farstjóri með ráði landshöfðingja semji ferðaáætlun skipsins, en ekki þingið, svo það er æðimikill óþarfi að vera að berjast út af þessari ferðaáætlun, og jeg fyrir mitt leyti mun eptirleiðis eigi svara þeim ræðum, er snúast um þetta atriði.

Að öðru leyti er áætlunin til þess að sýna, hvernig þetta skip gæti gengið í sambandi við hið sameinaða gufuskipafjelag, því vjer getum gert ráð fyrir, að hið sameinaða gufuskipafjelag muni halda uppi líkum ferðum, þó landskipið sje, og það gerði 1893, þegar það fjekk ekkert tillag úr landssjóði; meira að segja veit jeg, að skipstjóri á skipi hins sameinaða gufuskipafjelags hefir skýlaust sagt, að fjelagið hefði meiri hag af þessum ferðum, sem það ákvæði sjálft, en ef það fengi styrk úr landssjóði og yrði að fylgja ferðaáætlun þingsins.

H. þm. (Tr. G.) fann það líka að ferðaáætluninni, að þar væri ekki gert ráð fyrir sunnudögunum. Þá vil jeg spyrja h. þm. (Tr. G.): halda skip ekki áfram ferðum sínum á sunnudögum? Ekki þekki jeg annað; ekki halda skip hins sameinaða gufuskipafjelags kyrru fyrir á sunnudögum, það veit jeg, því jeg hefi ferðazt með þeim.

Þá er sú mótbára h. þm., að vjer hefðum ekki ráð á að verja svo miklu fje úr viðlagasjóði. Jeg kalla það undarlegt, að sjálfur formaður fjárlaganefndarinnar skuli ekki þekkja betur hag landsins; hann sagði, að viðlagasjóður hefði ekki meira fje en 207 þús. til umráða og byggði þetta á reikning frá 1893; en nú er 1895 og jeg veit ekki betur en að viðlagasjóðurinn sje nú yfir eina miljón, t. d. í innritunarskírteinum einum á hann um 207 þús. kr., og svo skal jeg bæta því við, að vjer eigum inni í ríkissjóði Dana mikið fje; það hefir einhvern veginn æxlazt svo, að þó Eiríkur segði, að landssjóður væri að fara á hausinn, þá eigum vjer nú inni hjá Dönum. (*Tr. G.*: Ekki nema 125,000). Jú, en mundi ekki þetta, að viðbættum þeim 207 þús. kr. í innritunarskírteinum, sem eru fyrirliggjandi í viðlagasjóði ásamt peningaforða landssjóðs, vera nóg til að kaupa gufuskip fyrir. Þess vegna er ekki hægt að berja því við, að oss vanti fje; en þó svo sje ekki, þá er jafnvel ekki víst, nema eins heppilegt væri, að fara þá leið, sem h. þm. Dal. (J. P.) benti á, að taka lán; það er vel líklegt, að með því móti mætti fá peninga með lægri vöxtum en ella; svo það verður ekki með sanni sagt, að vjer höfum ekki nóg fje til umráða; eins neita jeg því, að vjer hefðum ekki nóg fje til taks; jeg hefi leitað mjer upplýsinga um þetta, jeg hef farið til landfógetans og spurt mig þar fyrir, og hann hefir sagt, að engin vandræði mundu verða úr því, að leggja fram fjeð til skipakaupanna, ef á þyrfti að halda.

Þetta segi jeg til þess að sýna, að jeg tala ekki alveg út í bláinn, því jeg leita mjer upplýsinga um það sem jeg ekki veit.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þykir viðkunnanlegra að segja fáein orð, af því jeg á hjer breyt.till.; jeg hef verið svo heppinn, að menn hingað til hafa haft annað að rífast um, svo ekki hefir enn komið að þeim.

Það er undarlegt, að aðal-ágreiningurinn sýnist vera um ferðaáætlunina; þegar svo búið er að sýna, að ferða-

áætlunin sje alveg ónóg, þá lýsir nefndin því yfir, að hún hafi ekki látið gera hana, eða eins og þingm. Dal. sagði: »hefði ekki framlagt hana sem sitt skjal«.

Jeg var einn af þeim, sem við byrjun 2. umr. skoraði á nefndina að koma fram með sýnishorn af ferðaáætlun, og þegar hún kom fram, þá skoðaði jeg hana sem svar upp á áskorunina; en nú segir nefndin, að áætlunin sje ekki hennar, svo ekkert er á henni að byggja um það, hve mikið landskipið getur gjört.

Eins og búast má við, er þess ekki að vænta, að vjer með einu skipi fáum eins margar ferðir og með fleirum, en jeg fyrir mitt leyti geri ekki svo mikið úr þessu atriði.

Mjer hefir skilizt, að það sem nefndin leggur mesta áherzlu á, sje þetta, að koma samgöngum vorum í nýtt horf, gera algjörða breyt. á stefnu þeirra og stjórn, og fela þær ekki öðrum en þinginu eða landsmönnum sjálfum. Auðvitað er þetta gagngjörð breyt., en ef hún reyndist vel og sýndi sig að vera landinu til bóta, ímynda jeg mjer, að allir sem fylgja þessari stefnu í samgöngum vorum, mundu sætta sig við breytinguna, þó einhverjir agnúar kynnu að finnast á henni svona fyrst í stað; þess vegna legg jeg ekki svo mikla áherzlu á sjálfa áætlunina; auðvitað er hún ófær; verzlunarfróðir menn hafa bent mjer á, að þessi ráðgerða janúarferð t. d. sje alveg út í bláinn, því þá væru allir búnir að selja sinn saltfisk og byrgja sig upp með salt, og menn mundu ekki fara að eiga það undir einni ferð og einu skipi. Þannig er áætlunin villigjörn eptir minni skoðun; en sem sagt, jeg legg ekki mikla áherzlu á hana.

Jeg sný mjer svo að breyt.till. mínum; h. nefnd vill, eptir því sem mjer sýnist, ganga inn á þá breyt., að farstjóri með ráði landsh. ákveði ferðirnar, en ekki alþingi.

Aðalágreiningsatriðið milli mín og nefndarinnar er, hvort skipið skuli kaupa eða leigja. Jeg held það sje grýla hjá h. flutningsm. (V. G.), að ekki sje hægt að fá leigt skip, sem sje við okkar hæfi; jeg hef borið þetta undir 2 verzlunarfróða menn, sem eru gagnkunnugir erlendis, og þeir sögðu að það mundi auðgert í Danmörku, og sjerstaklega í Noregi, að fá hæfilegt skip leigt, svo engin ástæða er til að hafa það sem grýlu á menn. Annað hef jeg líka heyrt, að menn gjöri sjer að grýlu: það, að stjórnin mundi et til vill sporna á móti því að skip yrði leigt, en hún mundi ekki geta spornað á móti því að skip yrði keypt. Jeg sje ekki betur, en að hugsun frumv. sje sú, að farstjóri ráði, hvort heldur á að kaupa skip eða leigja, en ekki stjórnin; auðvitað hefir hún sinn »tekniska konsulent« til þess að dæma um hvort skipið sje hentugt til ferðanna eða ekki; en aðallega er það farstjóri, sem ræður kaupinu eða leigunni. Jeg finn enga ástæðu til að halda annað en að stjórnin gjöri allt hvað í hennar valdi stendur til þess að þetta fái verklega framkvæmd; þetta er þannig líka ástæðulaus grýla.

Jeg sagði áðan, og jeg held því fram enn, að það sem við nú erum að gjöra, er tilraun til þess að hrinda samgöngum vorum í nýtt horf; við getum ekki og ekki heldur h. flutningsm. (V. G.), þrátt fyrir hans miklu þekkingu, sem hann stappaði svo fast á áðan, vitað fyrir, hvort tilraunin muni heppnast eða ekki, hvort ferðirnar muni bera sig; það er ómögulegt fyrir oss að segja um það með fullri vissu. Við vitum að í svona löguðum málum þarf sjerstaka þekkingu, sjerstaka fag-menntun, til

þess að kveða upp þann dóm, er heimtað geti opinbera viðurkenningu. Og þrátt fyrir eljusemi og dugnað hins h. framsögum. (V. G.) efast jeg um, að hann hafi slíka þekkingu; jeg efast um það af því, að jeg hef líka leitað mjer upplýsinga hjá verzlunarfróðum mönnum, og þær koma í bága við skoðanir h. framsögum. (V. G.). Jeg skal til nefna eitt atriði, kolaeyðsluna; hún er í nefndarálitinu ágizkuð þriðjungi of lágt; hafnargjaldið, 2000 kr., er of lágt, miðað t. d. við ferðaáætlunina, sem hjer liggur fyrir; og ábyrgðargjaldið, 2500 kr., er of lágt sett; það er part af árinu minna, en annan hluta ársins meira. Einu atriði hefir nefndin gleymt, slitinu á skipinu; reyndar er ákveðið til viðgjörðar árlega 800 kr., en það er ekki nóg; fyrir sliti eru menn vanir að áætla 8—10% af verði skipsins. Jeg vona h. framsögum. (V. G.) játi, að þessar áætlanir eru of lágar.

Um ferðaáætlun nefndarinnar get jeg ekkert sagt, af því hún er í lausu lopti gerð, og hjer er við enga reynslu hægt að styðjast. Jeg álít það alveg nauðsynlegt og sjálfsagt, að haga þessu máli svo, að áhættan fyrir landssjóð sje sem minnst, en um það getur enginn ágreiningur verið, að miklu minni áhætta er í að leigja en kaupa. Jeg fyrir mitt leyti vil gefa 10—20 þús. kr. fyrir tveggja ára reynslu í þessu máli; sem stendur höfum við enga reynslu og engar skýrslur, svo við vitum ekki hvernig við stöndum hjer að vígi; þessa reynslu getum við fengið eptir 2 ár, eins vel með því að leigja skip.

Líka er það aðgætandi, að samgöngumál vort og stjórn er ekki komin í svo fast horf, að menn nú vilji binda atkvæði sitt; þetta er enn í umbrotum. Enginn mun kannast betur við þetta en h. þm. Dal. (J. P.); hann hefir fylgt fast fram þessu frumv. á þinginu, og mun enginn lasta hann fyrir það; allir skoða hans eljusemi virðingarverða, og jeg fyrir mitt leyti viðurkenni hans dugnað í því að berjast fyrir nýjum hugmyndum; en þessum hugmyndum hefir verið misjafnt tekið, og þær, sem fram hafa komizt, — það sem eitt árið þótti gott, gekk næsta ár úr gildi, t. d. akbrautirnar; þær komu frá h. þm. Dal. (J. P.) á þingi 1893; þeirri hugmynd mun hafa verið tekið vel um land allt, og allir hafa kannazt við að hún væri ágæt; nú sje jeg ekki betur en að samgöngumálanefndin með h. þm. Dal. (J. P.) í broddi fylkingar sje vikin frá þeirri hugmynd, og segi að það sje »yfirunnið standpunkt«. Líkt get jeg hugsað mjer að fari með samgöngurnar á sjó, að á næsta þingi hverfi samgöngumennirnir frá þeim, og það er enn ein ástæða fyrir því að betra sje að leigja skip nú, en kaupa eigi að svo stöddu. Það er ekki af neinni hjartveiki, að jeg segi þetta, og mjer kemur það dálítið undarlega fyrir, að h. þm. bregður mjer um slíkt; jeg læt frýjunarorð h. framsögum. (V. G.) sem vind um eyrun þjóta, jeg vil ekki einu sinni svara þeim nú, en áðan, þegar jeg heyrði þau, vildi jeg hafa svarað h. þm. með því, að hann gæti djarft úr flokki talað, þar sem hann væri ekki skattgreiðandi hjer á landi, og það kæmi því ekki á hans bak, að bæta á síðan úr þessari fjáreyðslu úr landssjóðnum.

Jeg álít yfir höfuð, að í slíku máli, sem varðar svo stórkostlegum útgjöldum úr sjóði landsins, sje það skylda hvers einasta þingm. að viðhafa hina mestu varhyggð og forsjá, og jeg álít meiri forsjálni í því að leigja skipið; gagnið verður eins mikið, og með því móti verður fengin sú reynsla, sem oss vantar; jeg ætla mjer ekki að gjöra þetta að kappsmáli, jeg vildi láta skýrt

í ljósi mína skoðun á því, og hvaða stefnu jeg vildi fylgja, en fari svo að mín uppástunga falli, verða það aðrir sem bera ábyrgðina gangvart landi, þingi og þjóð.

Jeg finn enga ástæðu til að fara út í hinar einstöku breyt.till., aðaltill. er að leigja en ekki kaupa, og (alternativt) til vara að leigja eða kaupa; hinar breyt.till. eru sniðnar eptir þessari. Af þeim er helzt till. um ferðaáætlunina, »er farstjóri með ráði landsh. ákveður«. Breyt.till. við 5. gr. »með ráði« er að eins orðabreyt.; á hinn bóginn skal jeg kannast við það, að breyt.till. nefnd. á þingskj. 201, 2 tölul., er betur orðuð en *mín á* þingskj. 190, tölul. 9, svo jeg tek þessa mína breyt.till. aptur.

Annars er engin ástæða til þess að fara í kappræður, eða senda mönnum persónuleg hnífilyrði; það á ekki við þegar svona lagað mál er til umr.

Jens Pálsson: H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) minntist dálítið á ferðaáætlun þá, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði svo ítarlega um áðan, en hann minntist rjettilega á, að þar sem nefndin hefði lýst því yfir að áætlunin væri ekki hennar verk sjálfrar, þá væri það eðlilegt þó hún fyndi ekki köllun hjá sjer til að fara út í sjerstaka liði hennar. Á hinn bóginn skal jeg geta þess, að mjer fellur illa, að þessi ferðaáætlun skuli hafa verið tekin fyrir og harðlega að henni fundið, og það af því, að hún er verk manns, sem hefir gjört hana af sannri velvild til málsins, og sem með þessu og öðru hefir sýnt nefndinni sjerstaklega og deildinni í heild sinni mikla góðvild. Hann hefir áður unnið verk í þarfir landsins og gefið skýrslu um það verk svo góða, að hver maður hefir lokið lofsorði á hana. Hann er alkunnur að góðvild til landsins og verzlunarmálefnisins. Hann átti því síður skilið, að lagt væri svo mikið verk í að finna að áætlun hans. Þvert á mót verðskuldar hann fulla þökk deildarinnar fyrir samning þessarar áætlunar, sem telja má víst að hann hefir byggt á álitlegum ástæðum, sem hann mundi geta varið og sýnt góðar og gildar, ef hann ætti sæti hjer í deildinni. Fyrir samgöngumálanefndarinnar hönd er jeg honum þakklátur fyrir aðgjörðir hans, og leyfi mjer að vefengja, að aðfinningarnar sjeu á rökum byggðar, en ætla að áætlun hans sje á góðum rökum byggð.

Það mun rjett, sem h. þm. V.-Sk. (G. Guðm.) sagði, að eitt skip getur ekki gjört eins mikið gagn eins og tvö, en eitt skip, sem fer beina leið og er laust við allt Færeyjadroll og slíkar frátafir, getur þó gjört margfalt meira en hvort skip gufuskipafjelagsins gjörir nú.

Jeg er þakklátur h. þm. V.Sk. (G.G.) fyrir þau velvildarorð, sem hann talaði í minn garð, en jeg vil benda honum á, að þó að jeg hafi verið á að lækka tillagið til akbrautanna næsta fjárhagstímabil, þá sannar það ekki, að jeg álíti ekki lengur, að akbrautalagning fari í rjetta samgöngubótastefnu, en þegar um akbrautirnar var að ræða, þá var ekki farið að hreifa í ræðu nje riti gagnsemi og notkun þessara svo nefndu þriðjungajárnbrauta. Það var því varfærnistillaga þetta, að ráða til að smækka tillagið til akbrautanna, meðan menn eru að þreifa fyrir sjer í því efni, hvort þriðjungajárnbrautir sjeu ekki heppilegri, rjett eins og það er varfærnistillaga h. þm. V-Sk. (G.G.) að þingið leigi heldur skip en kaupi til samgöngubóta á sjó. Reynist það augljóst, að þessar »tertiære« járnbrautir hljóti að vera heppilegri samgöngufæri en akbrautirnar, þá álít jeg ekkert spursmál um, að menn eigi að snúa sjer í þá áttina, og þætti mjer þá engin vanvirða, að breyta að þessu

leyti þeirri samgöngubótastefnu á landi, sem jeg hefi haft.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt í þessu máli, en af því að jeg hefi heyrt að jeg hafi verið misskilinn skal jeg tala fáein orð, úr því forseti vill leyfa það.

Mjer datt ekki í hug að tala neinum óvirðingarorðum til hr. kaupmanns D. Thomsen fyrir ferðaáætlunina, jeg met hann mikils, jeg skoða þessa áætlun ekki sem hans verk, því þegar h. samgöngumálanefnd er búin að taka þessa áætlun til sín og bera hana hjer fram, þá verður hún að kannast við hana sem sína eign og sitt verk, enginn maður utan þings getur borið hana eða nokkra þingstillögu hjer fram á þingi, það geta að eins þingmenn gjört. Það sem jeg þess vegna hefi sagt um þessa ferðaáætlun, það hefi jeg sagt hreint og beint til samgöngumálanefndarinnar, en ekki til neins annars.

H. þm. Dalam. (Jens P.) sagði, að mjer væri svo mikið kappsmál að berjast gegn tillögu samgöngumálanefndarinnar um kaup á þessu skipi. Já, það er rjett, mjer er það kappsmál, kappsmál af tilliti til þjóðar minnar. Jeg get ekki setið lengi þegjandi þegar jeg sje að menn vilja leggja út í það, sem þjóðinni er til skaða. Jeg er sannfærður um, að það er ekki rjett að leggja svona mikið fje fram í óvissu. En, þó undarlegt sje, þá finnst mjer menn ekki enn vera búnir að skilja, að ef þessi nýja stefna verður tekin, þá höfum við enga vissu fyrir neinum samgöngum á sjó kringum landið öðrum en þeim, sem fást með þessu eina skipi. Það er engin vissa fyrir því, að gufuskipafjelagið sendi sín skip til strandferða, og engin vissa fyrir, að þessir 4 strand-gufubátar komist á. Þar sem þess vegna margir ekki þykjast vilja fara af þingi fyr en þeir eru vissir um, að þeir sjeu búnir að koma samgöngunum í gott horf, þá er jeg nú viss um, að ef þessari stefnu heldur áfram, þá fara þeir heim án þess að vera vissir um neitt.

Jeg skal svo ekki tala meira um málið að þessu sinni. Mjer þykir það illt, að menn skuli ekki geta skilið, að eitt skip er of lítið, ef um nokkra samgöngubót á að vera að ræða. Jeg held því fram enn, að það hafi verið nauðsynlegt, að leggja fram ferðaáætlun betri en þessa, og sem hægt er að byggja nokkuð á, til þess að menn gætu sjeð, hvernig og til hvers skipið ætti að nota, rjett eins og maður kaupir ekki hest eða annan grip nema hann hugsi sjer áður, til hvers hann ætlar að brúka þá. Sjerstökum ónotum til mín persónulega ætla jeg ekki að svara.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg get verið þakklátur h. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.) fyrir ræðu hans yfir höfuð að tala, og finn ekki ástæðu til að svara henni, því hún gekk að eins út á, að rjettlæta breyttill. hans við frumv., og hann gjörði það á þann hátt, að hann gaf mjer ekki ástæðu til að svara öðru en því, sem jeg þegar er búinn að taka fram gagnvart hans tillögum. Jeg get vel skilið, hvað fyrir honum vakir, en það mun verða jafnerfitt fyrir mig að sannfæra hann, eins og fyrir hann að sannfæra mig, og er þess vegna rjett að við sjeum skildir.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vill láta ferðaáætlunina vera á ábyrgð samgöngumálanefndarinnar, af því hún lagði hana fram. Jeg get líka sagt h. þm. það, að nefndin er alls ekki hrædd við að taka áætlunina að sjer, því hún efast ekki um, að það væri hægt að fylgja henni og að hún sje á góðum rökum byggð. Hitt er annað mál, hvort ekki megi semja aðra betri og heppi-

legri. Hann sagðist vera sannfærður um að samgöngurnar yrðu ekki betri, heldur jafnvel verri með þessu fyrirkomulagi, því ekki væri nein vissa fyrir að fleiri skip gengi en þetta eina, en það veit hann þó, að allt af heldur skipið áfram, sem nú gengur milli Khafnar og Reykjavíkur. En þó nú skip gufuskipafjelagsins hætti strandferðunum, þá verða nógu margir aðrir til að halda þeim uppi, t. d. O.Wathne, Tulinius, Ásgeirson o. fl. Allt af verða miklir farmflutningar, og verði gufuskipafjelagsskipin ekki til að annast þá, þá reyna hinir að hafa hag af þeim. Gufuskipafjelagið hefur hvort sem er ekki getað annað öllum flutningum hjer við land, svo vörur hafa opt legið mörgum til stórskaða. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) álítur, að ekki muni nægja færri en 3 skip. Það væri auðvitað bezt, að geta haft skipin sem flest, en samgöngumálanefndin hefir ekki sjeð sjer fært að fara lengra en þetta. Sjái hann sem formaður fjárlaganefndarinnar ráð til að bæta enn við tveimur skipum, þá mun samgöngumálanefndin geta verið með honum í því.

Landshöfðingi: Það er að eins ofurstutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af því, að h. framsögum. (V. G.) blandaði inn í þetta mál manni, sem ekki er hjer í þingdeildinni. Hann sagði, að eptir upplýsingum, sem hann hefði fengið hjá landfógeta, væri nóg fje fyrir hendi í landssjóði til að kaupa skipið fyrir. Jeg er viss um, að ef landfógeti hefir gefið sögumanni þessar upplýsingar, þá hefir það verið áður en fjárlaganefndin kom fram með álit sitt, þar sem hún leggur til, að varið verði á næsta fjárhagstímabili til lána um 170,000 kr., og gjört er ráð fyrir hjer um bil 75,000 kr. tekjuhalla. Ef að þar á ofan ætti að kaupa eimskip handa landssjóði fyrir 350,000 kr., þá yrði hann að hafa á reiðum höndum alls 595,000 kr. á næsta fjárhagstímabili fram yfir tekjur fjárhagstímabilsins, en þessa upphæð hefur hann ekki til taks, nema með því að segja upp lánum, og er þó spursmál, hvort lán, sem veitt eru upp á uppsögn, kæmu inn svo greiðlega, sem þyrfti. Þá væri auðvitað ekki annað fyrir en að taka lán, eins og h. þm. Dal. (Jens P.) benti á, hvernig sem það nú tækist; og annaðhvort af þessu verður að ske, ef mögulegt á að vera að framkvæma það, sem samgöngumálanefndin vill hafa fram.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þessi skýring hæstv. landsh. er alveg rjett. Þegar jeg talaði við landfógetann, vissi enginn hvernig ástand landssjóðs yrði eptir áliti fjárlaganefndarinnar, sem er alveg nýlega komið fram. Ef útgjöldin verða 590,000 kr., þá verða ekki nógir peningar fyrir hendi, en jeg sje ekki, að þá sje neitt að því, að taka dálítið lán. Landssjóður er svo vel staddur, að hann mundi auðveldlega geta fengið lán, og enda spursmál, hvort það væri ekki einmitt hagur fyrir hann að taka lán, því hann ætti að geta fengið það í útlöndum fyrir $3^1/_2$%, en eins og menn vita, fær landssjóður 4% af því fje, sem hann lánar út. Jeg held þessi lántaka yrði ekkert háskaleg landssjóði.

Jón Jensson: Það er að eins mjög stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af nokkrum orðum, sem h. framsögum. (V. G.) mælti til mín, út af tillögu minni í þessu máli við fyrri hluta þessarar umræðu. Hann minntist á, að jeg hefði tekið það fram, að jeg áliti heppilegast að leigja skip, en jeg hefði viljað gjöra það með einkennilegu móti, sem hann kallaði hugsjón. Það mun vera með öðrum orðum, að uppástunga mín hafi verið nauða-ópraktisk. Hann

gat varla ímyndað sjer, að hægt væri að hugsa sjer slíkan leigumála. Mjer hafði komið til hugar, að heldur en að skip yrði keypt, þá yrði það leigt á þann hátt, að leigjandi byggi það út að öllu leyti, legði til kol, áhöfn og allt sem þyrfti, og sömuleiðis, að hann væri skyldaður til að setja nýtt skip í staðinn, ef hið upphaflega skip laskaðist eða hindraðist á einhvern hátt. Þetta segir h. framsögum. sje tóm hugsjón. Það sje varla hugsanlegt, að slíkir samningar geti komizt á. En jeg skal leyfa mjer að minna h. framsögum. á, að það er einmitt þetta, sem viðgengst hjá okkur nú og hefir viðgengizt svo lengi sem við höfum lagt fje til hins sameinaða gufuskipafjelags. Það fjelag leggur allt til, gegn tillaginu úr landssjóði og þeim hag, sem það vonar að hafa af ferðunum, og það er skyldugt að senda skip í staðinn, ef annað skip laskast. Allur munurinn á því, sem er, og því, sem jeg sting upp á, er sá, að leigjandinn, sem jeg tala um, þarf ekki að byggja neitt upp á þennan óvissa hag, sem gufuskipafjelagið byggir á nú, en það skil jeg ekki að þurfi að hindra mann frá að gjöra þennan samning. Það verð jeg að skrifa á sálarþreksreikning h. framsögum., að leggja út í málið á þennan hátt.

Aðalmótbára mín gegn því, að kaupa skip, er sú, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að þá yrði að leggja farstjóranum svo mikið vald í hendur, að hann yrði nokkurs konar einvaldur yfir landssjóði, þar sem hann hlyti að mega fara í hann eptir vild og þörfum, ef vissa ætti að vera fyrir því, að hann gæti haldið ferðunum gangandi, hvað sem í skærist.

Björn Sigfússon: Það er nú þegar búið að tala mikið í þessu máli, og jeg sje að menn eru farnir að þreytast, en jeg vildi þó, áður en gengið yrði til atkvæða um málið, gjöra grein fyrir atkvæðagreiðslu minni.

Mig greinir á við h. samgöngunefnd um samgöngurnar á sjó, en ekki þó þannig, að jeg álíti, að nefndin fari of langt eða sje of djörf í fjárframlögum. Nefndin ætlar á næsta fjárhagstímabili að láta sjer nægja með þær ferðir sem þetta eina skip getur farið, en jeg verð að álíta þær algjörlega ónógar, og í því atriði er jeg samdóma h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Það hefir verið minnzt á það, hve ákaft þjóðin hafi heimtað samgöngubætur, og sjerstaklega auknar strandferðir, og er ekki ofsögum sagt af því. En fáizt nú engar verulegar samgöngubætur, þá er jeg viss um, að þjóðin verður afar-óánægð með það — sem von er — að svona miklu sje varið af almannafje til að kaupa fyrir skip, án þess að uppfylltar sjeu hinar brýnustu þarfir landsmanna almennt. Þetta eina skip getur ekki orðið að notum, nema að eins fyrir Reykjavík og nokkrar aðalhafnir á landinu; en það er ekki nóg. Þess vegna vil jeg fara enn þá lengra en nefndin hefir farið. Jeg hafði hugsað mjer, að koma fram með breyt.till. við frumv. þegar við þessa umræðu, í þá átt, að auka ferðirnar og auka útgjöldin úr landssjóði fram yfir það, sem nefndin hefir farið fram á, en jeg hætti þó við það aptur að koma fram með hana við þessa umr., því að jeg vildi fyrst vita, hvernig h. deild liti á málið, heyra umræðurnar og sjá hvernig atkvgr. færi, en jeg mun þá koma með breyt.till. við 3. umr. Jeg skal aðeins nú skýra stuttlega frá því, hvernig jeg hef hugsað mjer tillöguna. Jeg vil að landssjóður kaupi 2 gufubáta í viðbót við þetta eina skip; þessir bátar eiga að hafa aðalstöð í Reykjavík og fara þaðan, annar vestur um land, en hinn suður fyrir og austur um og svo annaðhvort

mætist þeir fyrir norðan land eða fari á víxl. Bátar þessir ættu að vera líkir þeim bátum, sem hvalfangarar brúka; þeir eru sterkir og góðir og kosta hjerum bil 60 þús. kr. hvor, eða 120 þús. kr. báðir. Bátarnir ættu að standa undir umsjón farstjóra og setjast í haganlegt samband við skipið. Þetta eru nú aðalatriðin af því fyrirkomulagi, sem jeg hef hugsað mjer, og mjer blandast ekki hugur um, að þetta mundi fullnægja þörfum landsmanna í bráðina.

Jeg þykist nú viss um, að ýmsir munu telja þetta glæfraráð. Það hefir heyrzt hjer, að ekki væri svo mikið handbært fje í landssjóði, að hægt væri að kaupa skip. Jeg fyrir mitt leyti held nú að þessu sje ekki þannig varið, en sje það svo, þá álít jeg ekkert óvit að taka lán, og jeg álít jafnvel, að það gæti verið mjög hyggilegt.

Það sem kemur mjer til að hugsa svona hátt er það, að jeg álít það hreint og beint skyldu þingsins, að sjá um, að hinum brýnustu þörfum allra landsmanna verði fullnægt, úr því miklu fje er varið til skipaferðanna á annað borð, og að notin verði svo almenn sem auðið er, en ekki sum hjeruð eða einstakar sýslur settar hjá.

Að því er það snertir, hvort heldur skuli kaupa skip eða leigja, þá er jeg hlynntari því, að kaupa skipið, en þó hefir mjer dottið í hug, að sætta mig við að leigja skipið, af þessu sem jeg hef á bak við eyrað, þar eð jeg held, að mönnum muni þá síður vaxa í augum kostnaðurinn við bátakaupin. Jeg mun því greiða atkvæði með breyt.till. á þingskj. 190, sem fer fram á að leigja skip.

Jeg hef ekki af ræðu h. framsögum. (V. G.) getað sannfærzt um, að ómögulegleikarnir á því, að leigja skipið, sjeu eins miklir og hann vill gjöra þá. Jeg hef líka talað við menn, sem vit hafa á þessu máli, og þeir þekkja ekki þessa miklu örðugleika á að leigja, sem að nefndin talar um.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira að sinni, en láta hjer með staðar numið.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að koma fram með örfáar athugasemdir. Fyrst ætla jeg að minnast ögn á áætlun þá, sem liggur fyrir deildinni; það er ekki ætlun mín, að fara að segja neina lesti á henni, heldur að eins að gjöra grein fyrir því, hvaða þýðingu jeg lagði í hana; jeg lagði þá þýðingu í hana, að hún ætti að eins að vera til bendingar fyrir deildina, og til að sýna, hvað þetta skip gæti gjört. Það er auðsætt, að með þessu skipi er ekki hægt að hafa eins margar ferðir og áður hafa verið, eða yfirstandandi fjárhagstímabil; en þær geta orðið betri, haganlegri og skjótari, og komið oss í nánara og reglubundnara samband við útlönd, og þægilegri ferðir milli hafna. Það verður að líta bæði á kosti og lesti áætlunarinnar.

Eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók fram, þá er meiningin með því, að leigja eða kaupa skip, að við förum að eiga með okkur sjálfir í samgöngumálum vorum; í fyrstunni verðum við frumbýlingar og eigum ef til vill ekki við eins góð kjör að búa og áður að öllu leyti, en eitt skip ætti þó, í sambandi við gufubáta innfjarða, að gjöra svo mikið gagn, að vjer ættum að hafa betri samgöngur með því en nokkurri annari ferðaáætlun, sem hingað til hefir verið lögð fyrir þingið.

Hvað það atriði snertir, hvort betra sje að kaupa skip eða leigja, þá er það mjög íhugunarvert. Vilji menn leigja skipið, þá er það aðgætandi, að ervitt mun að fá skip leigt, sem samsvari okkar þörfum, en ef það ekki gjörir

það, þá verður að breyta því þannig, að það gjöri það. Leigjandi verður því að breyta skipinu talsvert, og þar sem leigusamningurinn ekki nær yfir nema 1—2 ár, þá verður leigjandi að hafa viðgerðina upp úr leigunni, og niðurstaðan verður hin sama sem við ljetum gera við skipið, og hefðum svo ekkert upp úr því á eptir.

Viðvíkjandi því, að hafa skip við hendina, ef leiguskipið kynni að bila, þá er það alveg óhugsandi, nema ef vera kynni eitthvert mjög óhentugt og lítilfjörlegt skip.

H. þm. Rvík. (Jón Jenss.) lagði það til að leigja skipið, og að leigjandi legði allt til, sem til skipsins þyrfti, bæði menn, kol og olíu, borgaði hafnargjöld og ábyrgðargjald og svo framv. Jeg veit að það er títt, að menn hafi leigt skip með mönnum á, og sjer skipseigandi þá um olíu og árlegt viðurhald. Hvort hann sjer um ábyrgðargjald á skipinu, veit jeg ekki með vissu, enda stendur það á litlu, því sú upphæð er fyrir fram alveg ljós, hvor sem hana greiðir.

Aptur á móti er það óhugsandi, að hann mundi leggja til kol og borga hafnargjöld, því að það eru óviss gjöld, sem komin eru undir því, hvernig að ferðum skipsins er hagað og hvaða höfnum og á hve mörgum það kemur við. Áhættan um þann kostnað verður því að minni hyggju hin sama, hvort sem skipið er leigt eða keypt, því að það eru að eins föstu póstarnir, sem leigjandi getur tekið að sjer strax.

Að farstjórinn þurfi að hafa óbundnar hendur, ef skip er keypt, til að fara í landssjóðinn, skil jeg ekki. Hann þarf að eins að hafa vissa áætlaða upphæð, sem hann getur gripið til, og þurfi hann að útvega annað skip, ef landsskipinu hlekkist á, þarf eigi að vera svo sjerlega stór upphæð til þess, því að ekki verður keypt nýtt skip fyrri en ábyrgðarsjóðurinn hefir borgað út ábyrgðar-upphæðina. Einræði þarf farstjórinn hvorki að hafa nje þarf að hafa, heldur að eins aðal-frumkvæðisrjett samkvæmt reynslu sinni og þekkingu; ráðin ættu að vera hjá landsh. og tilsjónarmönnum, er þingið velur, engu síður.

Annars finnst mjer, að það þurfi ekki að vera neitt kappsmál, hvort leigja skuli eða kaupa, því að aðal-áhættan liggur þó í útgjörðinni.

Björn Sigfússon: Jeg gleymdi áðan að geta þess, að jeg hafði búizt við, að h. samgöngunefnd legði fram eitthvert plan — einhverja beinagrind af ferðaáætlun frá sjálfri sjer, sem að sýndi, hvað hún áliti að skipið gæti gjört, og hvernig hún hugsaði sjer ferðirnar, og það því fremur, sem á hana var skorað, að gjöra þetta. Þessu hefir hún gengið fram hjá, en í þess stað lagt fram áætlun frá verzlunarmanni hjer í bænum, og vill svo ekki svara fyrir hana í neinu tilliti. Mig furðar á þessu. Það lítur helzt út fyrir, að hún hafi sjeð það, að hún mundi komast í ráðaleysi með að haga strandferðunum betur en gjört er í þessari áætlun, en ekki viljað sýna þetta svart á hvítu.

Eptir þessari áætlun yrðu strandferðirnar lítið betri, ef ekki verri en nú er, ef ekki er byggt á gufuskipafjelaginu danska, sem vjer alls ekki getum reitt oss á að muni halda áfram að senda skip hingað til strandferða. Þótt landsfjórðungunum sje veittur styrkur til gufubátaferða, þá höfum vjer enga tryggingu fyrir, að slíkar ferðir komizt á, á þessu fjárhagstímabili.

Jeg held þvert á móti að telja megi víst, að sumir fjórðungar mundu ekki

nota hann, eða hafa þor og framkvæmd til þess. Þeir standa illa að vígi bæði með stjórn slíkra fyrirtækja og annað, sem þar að lítur.

ATKV.GR.: Um 1. gr. og þar að lútandi breytingar og viðaukatill. var viðhaft nafnakall eptir ósk 8 þingm. Breyt.till. 1 á þingskj. 190 við 1. gr. felld með 13 atkv. gegn 10, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.
Jón Jensson,	Halld. Daníelsson,
J. J., þm. A.-Sk.	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	J. Jónss., þm. Eyf.
Tr. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Þórður Guðmundss.,	Olafur Briem,
Þórh. Bjarnarson,	Pjetur Jónsson,
Þorl. Guðmundss.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breyt till. 2 á þingskj. 190 þar með fallin.

Breyt.till. 1 á þingskj. 210 felld með 12 atkv. gegn 11, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eir. Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Jensson,	Halld. Daníelsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	Jón J., þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Þórður Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þórh. Bjarnarson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundss.	Valt. Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. 2 á þingskj. 210 þar með fallin.

1. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 15 atkv. gegn 8, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Jónsson,	Jón Jensson,
Björn Sigfússon,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Eir. Gíslason,	Sighv. Árnason,
Guðj. Guðlaugsson,	Tr. Gunnarsson,
Halld. Daníelsson,	Þórð. Guðmundsson,
Jens Pálsson.	Þórh. Bjarnarson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	
Ol. Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 4 á þgskj. 190 samþ. með 17 atkv.; breyt.till. 5 á þgskj. 190 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. með áorð. breyt., samþ. með 16 samhlj. atkv.; 3. gr., óbreytt, samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 6, á þingskj. 190, tekin aptur; 4. gr. frumv. óbreytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. óbreytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 7, á þingskj. 190, samþ. með 14 atkv. gegn 2; 6. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 8, á þingskj. 190, felld með 16 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Kl. Jónsson,
Jón Jensson,	Einar Jónsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Björn Sigfússon,
Sighv. Árnason,	Eir. Gíslason,
Þórð. Guðmundsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Þorl. Guðmundsson,	Halld. Daníelsson,
Þórh. Bjarnarson.	Jens Pálsson,
	Jón Jónss., þm. Eyf.
	Jón Þórarinsson,
	Ól. Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,

nei:
Valt. Guðmundsson,
Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. 2, 1. liður, á þingskj. 201, samþ. með 16 samþlj. atkv.; breyt.till. 2, 2. liður, á þingskj. 201, samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 9 og 10, á þingskj. 190, teknar aptur; 7. gr. frv. breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 11, á þingskj. 190, felld með 13 atkv. gegn 7; breyt.till. 3, á þingskj. 201, tekin aptur; 8. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 12, á þingskj. 190, felld með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Halld. Daníelsson,	Eir. Gíslason,
Jón Jensson,	Guðj. Guðlaugsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Jens Pálsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Tr. Gunnarsson,	Ól. Briem,
Þórð. Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þórh. Bjarnarson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson.	Valt. Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. 4, á þingskj. 201, samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 12, á þingskj. 190, samþ. með 12 samhlj. atkv.; 9. gr. frv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 10. gr. óbreytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við fyrirsögnina fallin. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv. gegn 2.

Tuttugasti og sjötti fundur, miðvikudag 31. júlí. kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. 212, 213, 216); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Þórh. Bjarnarson*): Við framhald þessarar umræðu get jeg verið stuttorður, og það því fremur, sem mönnum eptir umræðurnar í gær ekki er það nein nýjung, að þar sem stjórnin skilaði frá sjer frumv. með 32 þús. kr. tekjuafgangi, þá áætlar nefndin samkvæmt sínum tillögum yfir 70 þús. kr. tekjuhalla, þrátt fyrir það, að hún hefir áætlað tekjurnar 47,600 kr. hærri en frumv. stjórnarinnar gjörir. Brúttó-hækkun á útgjöldunum hjá nefndinni, fram yfir það, sem hún ræður til að færa niður í útgjaldakaflanum, er þannig samtals yfir 150 þús. kr., en hrein hækkun útgjaldanna á fjárhagstímabilinu um 106,000 kr., eins og menn geta reiknað af breytingartill. nefndarinnar.

Eiginlega er það að eins einn einasti útgjaldaliður, sem veldur allri þessari hækkun, og enda freklega það. Hækkunin til samgangna á sjó nemur hjá nefndinni 116 þús. kr., sem er nokkuð meira en sú hreina útgjaldahækkun nemur. Aðrar verulegar hækkanir eru til landbúnaðarins, yfir 15,000 kr., og til sjávarútvegsins, ef þar til er talinn kostnaður til hinna fyrirhuguðu vita við Faxaflóa, yfir 15,000 kr. Þessi mikla hækkun á útgjöldunum yfirleitt kann að vaxa mörgum í augum; þó er hún ekki mikið meira en það fje nemur, sem þingið hefir árlega um tvö síðastliðin fjárhagstímabil veitt til samgöngubóta, en ekki hefir verið notað, og svo runnið aptur inn í landssjóð. Benda má og á það, að nokkuð af þessari útgjaldahækkun er ekki árleg fjárveiting, heldur styrkur í eitt skipti fyrir öll, mestallt hið fyrra árið. Eptir því sem þessari hækkun er varið, vonast nefndin eptir góðum undirtektum hjá h. þingd.,

þetta er í fullu framhaldi þeirrar stefnu, sem þingið að undanförnu hefir tekið, ávallt með meiri og meiri festu, að leggja fje landsins ríflega fram til samgöngu- og atvinnubóta og horfa ekki í það, þótt nokkuð eyðist af stofnfje landsins.

Þetta er aðal-yfirlit yfir breyt. nefndarinnar.

Svo er ein athugasemd, er jeg vil gera nú, við sjálft form fjárlaganna.

Nefndin fann ýmislegt athugavert við það form, sem nú er, án þess að hún nú í þetta sinn vildi steypa frumv. í nýtt form, en jeg get þessa til athugunar fyrir stjórnina og þingið næst. Vjer nefndarmenn álitum æskilegt, að gera fjárlagafrumv. aðgengilegra og greinilegra til yfirlits og fróðleiks með því að flokka betur saman það, sem saman á, og hafa fyrirsagnirnar fleiri og nákvæmari; þannig ætti allt sem veitt er til atvinnubóta, að vera í kafla fyrir sig, sundurliðað eptir því, hvort fjenu er varið til landbúnaðarins eða sjávarútvegsins, og mætti fleira nefna. Það sem eigi þætti eiga heima í neinum sjerstökum flokki, gæti svo komið undir þetta »ýmislegt«, sem felur svo margt í sjer. Þá þyrfti eigi til þess að koma, sem nú er og hver rekur augun í sem ófæra niðurröðun, að í frumv. stjórnarinnar er styrkur til að kaupa harmónía í 3 landssjóðskirkjur færður undir töluliðinn, sem heitir »styrkur til eflingar búnaði«.

Eptir því sem þarfirnar verða fleiri og ráðsmennskan margbreyttari, er eðlilegt, að hinn gamli rammi geti ekki notazt til lengdar, en hljóti að breytast smátt og smátt, og það enn rækilegar en orðið hefir hingað til; og þessar breytingar er stjórnin bezt fallin til að gera, og gerir væntanlega í hinu næsta fjárlagafrumv. sínu.

Feira hefi jeg ekki að segja að þessu sinni, ef engar sjerlegar athugasemdir koma fram gagnvart nefndarálitinu við þessa umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 23, 215); frh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg finn eigi ástæðu til að hefja langar ræður um þetta mál, meðan það er eigi komið lengra áfram.

Eins og sjest á nefndarálitinu treystir meiri hluti nefndarinnar sjer ekki til að mæla með því, að hið fyrirliggjandi frumv. verði samþ.; í álitsskjali sínu (þingskj. 215) gjörir nefndin ýtarlega grein fyrir ástæðum sínum, og get jeg ekki fundið ástæðu til að endurtaka þær hjer, eða skýra þær ýtrar að svo stöddu, og við ástæður minni hlutans finn jeg ekki ástæðu til nú að gjöra neinar sjerstakar athugasemdir, frekar en tekið er fram í áliti meiri hlutans. Það eru að eins tvö atriði, sem jeg vil draga fram nú, málinu viðvíkjandi.

Það er tekið fram í nefndarálitinu, að eins og málið horfi við nú, sje engin ástæða til þess fyrir deildina að samþ. frumv. og afgreiða það til Ed. En jeg ætla að nefna eina ástæðu, sem mundi mæla mjög á móti því, ef í því lægi sú hugsun, sem beinast liggur við; jeg tek hana hjer fram, af því jeg vil að fylgjendum frumv. gefist kostur á, að koma með skýrar yfirlýsingar um þetta atriði. Ástæðan er sú, að ef deildin samþ. frumv., þá liggur beinast við að skoða það á þann veg, að deildin þar með lýsi því yfir, að hún vilji eigi þiggja neina sjálfstjórn, nje neina umbót á stjórn Íslands sjerstöku mála, nema því að eins að hún sje í því formi, þeim búningi, sem þetta frumv.

bindur sig við. Með öðrum orðum, að deildin vilji þetta frumv., en ella ekkert. Væri nú þetta meiningin — og jeg á bágt með að sjá aðra heilbrigða meiningu í því, — þá er það í marga stefnu mjög óheppilegt. Jeg skal að eins benda á eitt. Ef vjer viljum ráðgjöra að stjórnina langi til að taka öfugt í málið og virða að vettugi gjörðir þingsins, þá gæti þetta verið handhæg ástæða fyrir hana til að segja: það er ekki til neins fyrir mig að gera neitt nú, því hjer liggur fyrir yfirlýsing frá Nd. um, að hún vilji ekki þiggja neina sjálfstjórn fyrir Ísland nema í þessu ákveðna formi, sem þrásinnis er búið að neita að gengið verði að. Jeg býst raunar ekki við, að þetta sje í raun og veru meining deildarmanna, að gefa slíka yfirlýsingu, með því að greiða frumv. atkvæði, en jeg vildi taka fram, að það er þá nauðsynlegt, að lýsa því skýrt yfir, að svo sje ekki; annars getur það orðið að vopni í hendi stjórnarinnar til þess að gegna alls eigi áskorunum þingsins í þessu máli að neinu leyti.

Jeg vil jafnframt leyfa mjer að bera það undir álit hins hæstv. landsh., hvort hann ekki telur það líklegt, að stjórnin mundi leggja þann skilning í þetta sem jeg hjer hef bent á að liggi beinast við: að deildin, ef hún samþ. frv, lýsi því yfir, að hún vilji ekkert annað en það. Jeg þykist að vísu vita, að hæstv. landsh. hafi ekki umboð til þess, að gefa neinar bindandi yfirlýsingar í þessu máli fyrir stjórnarinnar hönd, svo að það er að eins eigið álit hans, sem jeg spyrst fyrir um.

Hitt atriðið, sem jeg vildi lauslega nefna, með skírskotun til þess, sem tekið er fram í nefndarálitinu, er það, að um þingsál.till. virðast bæði þjóðkjörnir og stjórnkjörnir þm. geta orðið sammála.

Þegar málið horfir þannig við, þá er það næsta ótrúlegt, að stjórnin virði málið að vettugi. Um frv. geta menn eigi orðið sammála, og það er útsjeð um, að það geti gengið alla leið gegnum þingið. Um tillöguna lítur út fyrir, að meiri hluti beggja deilda, þar á meðal hinir konungkjörnu þm., geti tekið höndum saman.

Jeg vil nú beina þeirri spurnigu til hæstv. fulltrúa stjórnarinnar á þinginu, hvort hann fyrir sitt leyti álítur líklegt, að stjórnin mundi þegjandi ganga fram hjá slíkri samþykkt af hendi beggja deilda alþingis. Jeg verð »á þessu stigi málsins« að leggja sjerlega mikla áherzlu á þetta atriði.

Um hin sjerstöku atriði þessa máls finn jeg enga ástæðu til að flytja langa ræðu nú, það er ætlandi, að þm. sje efni þess nægilega kunnugt, nje heldur finn jeg ástæðu til að koma á stað kappræðum; þær mundu ekki vera málinu til nokkurs gagns; jeg mun svara fyrir hönd meiri hlutans, ef einhverju verður að honum beint, en jeg kæri mig ekki um að vekja ófrið að óþörfu, og jeg vona að þeir h. þm. er tala um málið, beini ræðum sínum sem mest að málinu sjálfu, og haldi sjer við það.

Framsögumaður minni hlutans (Pjetur Jónsson): Jeg stend að eins upp til málamyndar, jeg hef ráðið h. deild til að samþ. frumv., og lýst yfir ástæðum mínum til þess í nefndarálitinu; jeg hef engu þar við að bæta; sjerstaklega þar sem h. framsögum. meiri hl. (Guðl. G.) ekkert hefir farið út í sjálft málið, hef jeg enga ástæðu til að lengja umr.

Mjer finnst heldur engin ástæða vera til þess fyrir mig, að svara þeim 2 atriðum í ræðu h. framsögum. meiri hl. (Guðl. G.), sem hann lagði mesta áherzlu á; mjer fanst hann beina þeim til hæstv. landsh., og vil jeg bíða svars frá honum.

Landshöfðingi: Það voru 2 atriði sem h. framsögum. meiri hl. (Guðl. G.) óskaði að fá svar upp á frá mjer, en hann gat þess um leið, að hann ekki byggist við svari gefnu í umboði stjórnarinnar, heldur fremur svari frá mínu eigin brjósti.

Viðvíkjandi hinni fyrri spurningu, er var um það, hvort stjórnin mundi ekki líta svo á, ef alþingi samþ. frumv. óbreytt ár eptir ár, að ekki mundi vera til neins að leita samkomulags við þingið á annan veg en með því að samþ. frumv., þá skal jeg svara því, að jeg ímynda mjer, að flestum muni vera fullljóst af því, hvernig stjórnin áður hefir tekið þessu máli, að hún muni ekki samþ. þetta frumv.; en þar sem stjórnin hefir látið sjer nægja að neita frumv. staðfestingar, og ekki látið neitt uppskátt um það, hverjar breytingar á stjórnarskránni hún kynni að vera tilleiðanleg til að samþ., þá liggur næst að líta svo á, að hún hafi gengið að því vísu, að ekki yrði leitað samkomulags á þessum grundvelli, að — þetta frv. vildi þingið og ekki annað. En þar sem stjórnin hefir ekki getað gengið svo langt, þá er það auðsætt, að það er engin ástæða til fyrir hana að koma með uppástungur, er hún veit fyrir fram, að ekki verður gaumur gefinn.

Viðvíkjandi hinu síðara atriði hefi jeg ekki öðru að svara en því, að jeg mun leggja sem bezt jeg get með því við stjórnina, að hún gefi ákveðin svör upp á þingsál.till., eins og hún var samþ. í Ed., ef þá sams konar till. verður samþ. hjer í deild.

Jeg held að það sje sjerstaklega tilgangur tillögunnar, er samþ. var í Ed., að fá svar upp á það frá stjórninni, hve langt hún gæti gengið til móts við þingið, og jeg mun leggja með því, að stjórnin láti skoðun sína í ljósi um þetta atriði.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 8 nafngreindra þm. (Sk. Thorodds., J. J. þm. Eyf., Eir. Gísl., Þ. Thorodds., Sighv. Árnas., Þórðar Guðm., Halld. Dan. og Kl. Jónss.), og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Jens Pálsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson
Halldór Daníelsson,	Jón Jónsson, A.-Sk.
Jón Jónss. þm. Eyf.	Jón Þórarinsson,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sighv. Árnason,	Tr. Gunnarsson,
Sig. Gunnarsson,	Valt. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Þórð. Guðmundss,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumvarp til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings (C. 124); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Reyndar er frá minni hálfu óþarfi að ræða frv. nú, úr því ástæðurnar fyrir breyt. þeim, er nefndin hefir gjört, eru teknar fram í nefndarál.

Eins og menn sjá eru breyt. fólgnar í 2 atriðum. Hið fyrra er skoðunargjörð á sauðfje, sem á að fara fram heima í sveitum, þegar það er selt til útflutnings. Hitt atriðið er um eptirlit með hrossum og sauðfje við útskipunina og á meðan það er geymt til útflutnings.

Bæði þessi atriði eru þýðingarmikil; sjerstaklega er það þýðingarmikið fyrir fjársölu vora, að sjúkt og illa útleikið fje sje ekki selt burt úr landinu, svo ekki komi óorð á hana. Í öðru lagi er slík aðferð vottur um skort á manndóð. Víða hagar svo til hjer á landi, þar sem hross eru flutt út, að með nokkrum tilkostnaði mætti reka þau út

í sjálft skipið, eins og alstaðar annarsstaðar er gert, í stað þess að hrinda þeim ofan í báta, eins og hjer tíðkast nú. Sá kostnaður, sem af þessu mundi leiða, yrði lítilsháttar, og ljettbær fyrir útflytjendur. Það má ganga að því vísu, að hann yrði mun minni, þegar öllu væri á botninn hvolft, en sá kostnaður nú er, sem af því flýtur að flytja skepnur út á bátum.

Að öðru leyti hefir nefndin ekki gjört efnisbreyting á frv.; þess vegna vona jeg að deildin taki málinu vel og láti það ganga til 2. umr.; þangað til mun jeg geyma mjer að tala frekar um hinar einstöku gr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg í Hafnarfirði (C. 154); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Frv. nefndarinnar um stofnun kennaraskóla í Flensborg er að efninu til engin nýung á þinginu, því á fjárl. fyrir 1892—93 var veittur 500 kr. styrkur til kennarafræðslu við Flensborgarskólann, og í fjárlögunum 1894—95 var sá styrkur hækkaður upp í 1600 kr., svo það sem hjer er farið fram á, er í fullu samræmi við þessa stefnu, og miðar að því að koma kennarafræðslunni í æskilegra horf.

Það sem einkum vakti fyrir nefndinni, er hún aðhylltist heldur að koma fram með sjerstakt frv., en fara fram á aukna fjárveitingu á fjárlögunum, var það, að eptir gildandi ákvæðum í reglugjörð 1. febr. 1892 er kennslan höfð í hjáverkum; til hennar er varið að eins 6 vikna tíma, frá 1. apríl til 14. maí. Auk þess að þessi tími er mjög stuttur, hagar svo til að hann er óhentugur fyrir fátæka pilta til að gefa sig að námi, af því að hann fellur saman við vorvertíð á Suðurlandi, og afleiðingin af því er, að piltarnir verða ekki að eins að kosta sig á skólanum, heldur missa þeir líka arðsama atvinnu. Það er meðfram þessi ástæða, sem gjörir, að kennslan hefir ekki verið notuð, sem annars mundi verða, eins og þegar hefir verið bent á við 1. umr. Og þess vegna er ekki hægt að byggja það á reynslu undanfarinna ára, að sá skóli, sem hjer er farið fram á að stofna, verði lítið notaður. Mjer finnst, að eptir þeim upplýsingum, sem komu fram við fyrstu umr., verði maður að álíta að slíkur skóli muni verða mikið notaður. Verksviðið er stórt, þar sem 160 manns fást við barnakennslu, og yfir 3000 börn njóta hennar, svo full þörf sýnist vera á því að leggja nokkuð í sölurnar til þess að fá vel menntaða barnakennara, sem geta staðið viðunanlega í þeirri stöðu.

Það segir sig sjálft, að þó þessi skóli sem hjer er farið fram á að stofna sje kallaður kennaraskóli, og eigi að hafa það í fyrirrúmi að kenna uppeldisfræði, þá á hann líka að kenna aðrar greinar, þær sömu og nú eru kenndar í alþýðu- og realskólum.

Viðvíkjandi kostnaðinum til þessarar fyrirhuguðu skólastofnunar, þá vil jeg bera hann saman við það, sem nú er veitt á fjárl. í sama skyni. Eptir þessu frv. eru kennaralaun við skólann ákveðin 4200 kr. Þar við bætast nokkur aukaútgjöld, eins og bent er á í 4. gr., til tímakennslu og fl. — þetta kemur til veitingar á fjárl. í hvert skipti. Eptir núgildandi fjárl. er veitt til skólans 4600 kr., svo á þessu sjest, að frv. fer ekki fram á mikil aukin útgjöld, hjer er ekki um nein ný fjárframlög að ræða, þess vegna vona jeg að h. þm. veiti frv. eins góðar undirtektir eins og við 1. umr.

Svo vil jeg að eins geta þess, að

nefnd. athugaði afstöðu þessa frv. gagnvart gjafabrjefi Flensborgarskólans dags. 10. ág. 1877, sem er breytt með skipulagsskrá gefendanna dags. 1. júní 1882. Samkvæmt þessum skjölum hefir landshöfðingi samþykkt reglugjörð fyrir skólann 21. júlí s. á. Eptir 1. gr. tjeðrar reglugjörðar er ætlunarverk skólans að veita lærisveinum almenna menntun og jafnframt gjöra þá færa um að taka að sjer barnakennslu.

Nefndin gat því ekki sjeð, að frv. kæmi í nokkurn bága við gjafabrjefið, eða ákvæði þau, er gilda um gjöfina. Ætunarverk skólans verður hið sama, að eins er það nú gert að ætlunarverki skólans, sem áður var haft í hjáverkum, enda treystir nefndin því, að með reglugjörð fyrir skólann, er stiptsyfirvöldin eiga að semja og landshöfðingi að staðfesta, verði fullkomlega sjeð fyrir því, að ekki sje brotið í bág við hin upprunalega tilgang gjafarinnar.

Að öðru leyti er mjer kærkomið að heyra álit hæstv. landshöfðingja um það atriði.

Landshöfðingi: Þegar h. framsögum. (Ól. Br.) talaði um afstöðu þessa frv. við gjafabrjef síra Þórarins heitins Böðvarssonar og konu hans, gat hann ekki um, hvað stæði í gjafabrjefinu sjálfu, heldur tók að eins fram, hvað stæði í reglugjörðinni fyrir skólann.

Í gjafabrjefinu sjálfu, sem dagsett er 1. júní 1882, stendur með ótvíræðum orðum, að eignum þeim, sem brjefið getur um, skuli verja til að stofna alþýðu- og gagnfræðaskóla, þar sem einneinnig börn í Garðahreppi gæti fengið kennslu, og Garðahreppur leggur þar til hæfilegan árlegan styrk. Mjer finnst að þar sem það er skýrt tekið fram í gjafabrjefinu, að gjöfin skuli vera til að stofna alþýðu- og gagnfræðaskóla, þá geti löggjafarvaldið ekki hreyft við þessum grundvelli. En hjer sje jeg að alþýðu- og gagnfræðaskólinn er bolaður burtu úr Flensborg, en kennaraskóli settur í staðinn. Það er ekki svo að skilja, að jeg álíti, að kennaraskólinn geti ekki gjört eins mikið gagn og alþýðu- og gagnfræðaskólinn, en af því gjafabrjefið er svona orðað, þá verður skólanum ekki breytt á þennan hátt. Ef menn þess vegna vilja stofna kennaraskóla í Flensborg, þá verður að stofna hann í sambandi við alþýðu- og gagnfræðaskólann, en ekki í staðinn fyrir þennan skóla; en þá eru tveir kennarar, að mínu áliti, allsendis ónógir. Það hefir verið tekið fram áður hjer á þingi, að það sje svo mikið starf að undirbúa menn til að verða kennarar, að til þess veiti ekki af 2 kennurum í 2 ár; þess vegna skil jeg ekki, að kennarakennslan verði sameinuð við alþýðu- og gagnfræðakennsluna með að eins tveimur kennurum. Jeg vildi þess vegna óska, að nefndin gæti komið frumv. í það form, að kennslan gæti samþýðzt við gjafabrjefið, t. d. með því, að bæta við einum kennara. Kennaraskóli yrði, eins og hjer stendur á, ódýrari á þessum stað en í Reykjavík, en að öðru leyti álít jeg rjettara og heppilegra að hafa hann í Reykjavík.

Að því er snertir einstakar greinar frumv., skal jeg að eins geta þess, að mjer finnst landsstjórninni gefnar of lausar hendur í 4. gr., þar sem svo er ákveðið, að öll gjöld til skólans skuli greiða úr landssjóði. Eptir þessu getur skólastjórnin keypt til skólans allt sem hún sjálf vill. Mjer finnst þurfa að ákveða í lögunum, hve miklu fje megi mest verja til útgjalda fyrir skólann, kaupa á áhöldum, eldiviðar o. frv.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg get fyrir nefndarinnar hönd verið þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir undirtektir hans undir þetta mál. Nefndin mun taka athugasemdir hans til íhug-

unar, og, að svo miklu leyti, sem henni sýnist nauðsynlegt, koma með breyt.-till. við frumv. til 3. umr.

Að því er sjerstaklega snertir athugasemdir hæstv. landsh. við 4. gr. frumv., þá hafði nefndin ákvæði þeirrar greinar óákveðin, af því hún hugsaði sjer, að í fjárlögunum yrði nákvæmar tiltekið það fje, er verja mætti til nauðsynlegra útgjalda fyrir hina fyrirhuguðu skólastofnun, en það var nú alls ekki meining nefndarinnar, að gefa landsstjórninni í sjálfsvald, hve miklu fje hún eyddi í þessu skyni.

Að öðru leyti má ræða málið frekar við 3. umr., þegar breyt.till. nefndarinnar eru komnar fram.

Pjetur Jónsson: Mjer finnst nauðsynlegt, að háttv. nefnd gjöri mönnum nú þegar ljóst, hvert fyrirkomulag hún hugsar sjer að eigi að vera á þessum skóla. Mjer er ekki ljóst, hvernig nefndin hugsar sjer, að sameina barnakennslu, real-kennslu og kennarakennslu í einum skóla með tveimur kennurum. Jeg vildi því fá að vita, hvernig nefndin hefir hugsað reglugjörðina fyrir þessa skóla, því þó að stiptsyfirvöldin eigi að semja reglugjörðina, þá mun það verða komið undir forkólfum þessa máls, hvernig hún verður.

Áður en jeg fæ þessar upplýsingar treysti jeg mjer ekki til að átta mig á, hvernig þessari þreföldu kennslu verður fyrir komið með að eins tveimur kennurum.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get verið með anda og stefnu þessa frumv. að því leyti, sem það fer fram á, að stofna kennaraskóla, því að það getur verið nauðsynlegt, að fá fullkomnari kennarakennslu en menn nú eiga kost á. En jafnframt vil jeg tryggja það, að þeir, sem gjörast vilja kennarar, hafi notið þessarar fræðslu. Jeg vil þá, að þeir, sem vilja verða kennarar, sýni það með vottorði, að þeir hafi tekið próf á þessum skóla, líkt og heimtað er t. d. í Ameríku.

En það sem jeg hefi aðal-lega á móti þessu máli er það, að mjer finnst það of snemma upp borið. Eins og menn vita, liggja nú fyrir talsverðar breytingar á skólamálefnum vorum. Meðal annars getur það t. d. komið fyrir, að Möðruvallaskólinn verði lagður niður, en verði það gjört, þá gæti komið til greina, að nota skólahúsið á Möðruvöllum fyrir kennaraskóla.

Jeg álít því heppilegra, að geymt verði, að ráða þessu máli til lykta, þangað til útsjeð er um skólamálið í heild sinni. Þó búið sje að fella skólamálið nú í h. efri deild, þá er málið þó ekki útkljáð með því; úrslit þess fáum við ekki að sjá fyrri en á næsta þingi.

Þórhallur Bjarnarson: Það kom til tals í nefndinni, að kennaraskóli væri bezt settur í Reykjavík. En eins og hæstv. landshöfðingi gat til, var það af sparnaðarástæðum, að hún hneigðist þó að því, að hafa hann fremur í Flensborg. Jeg hef reyndar ekki við hendina sundurliðaða áætlun nefndarinnar um árlegan kostnað við skólann, en get þó skýrt frá því, að eptir áætlun vorri var árlegur kostnaðarauki við það, sem nú er, ekki nema fullar 1000 kr., og var þar gjört ráð fyrir tímakennslu, áhöldum handa skólanum o. s. framv. Kostnaður við húsið sjálft gjörðum vjer ráð fyrir, að greiddist af eignum skólans.

Oss blandaðist eigi hugur um, að einn kennaraskóli fyrir allt landið væri bezt settur á Suðurlandi. Það er alls ekki víst, að Möðruvallaskóli leggist nú niður fyrst um sinn, og þótt hann legðist niður sem gagnfræðaskóli er næsta ólíklegt, að farið yrði að nota skólahúsið þar handa kennaraskóla; það eitt

mundi ríða baggamuninn, þótt ekki væri annað, að lítt mögulegt mun vera að hafa þar hæfilegan æfingarskóla í sambandi við kennaraskólann. Vegna væntanlegra afnota af Möðruvallaskólahúsinu mun því varla þurfa að fresta því, að stofna kennaraskóla hjer á Suðurlandi, og þá tel jeg Hafnarfjörð að ýmsu leyti eins vel fallinn til að hafa skólann í eins og í Reykjavík. Hvernig sem á því stendur, reynist það jafnan svo, að dvöl námsmanna hjer í Reykjavík verður þeim jafnan dýrari en jafnlöng dvöl utan Reykjavíkur.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um, að eitthvað þyrfti að gjöra til að laða nemendur að skólanum; það vakti líka fyrir nefndinni, og henni hefir dottið í hug, að koma með einhverjar tillögur, er stefndu að því, að tryggja þeim öðrum fremur atvinnu við kennslu, sem útskrifazt hefðu af kennaraskólanum.

Jeg hygg það hafi komið fram hjá mjer við 1. umr., að nefndin hafi hugsað sjer þessa tryggingu þannig, að þegar nógir kennarar hefðu útskrifazt af kennaraskólanum, þá skyldi það gjört að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði, að þar sem nýir kennarar væru í fyrsta skipti ráðnir, þá skyldu það vera þeir, sem próf hefðu tekið á kennaraskólanum. Þetta ákvæði ætti þó ekki að hagga rjetti þeirra, sem áður hefðu fengizt við kennslu.

Nefndin er þegar í undirbúningi með að gjöra þær lagfæringar á frumv. sem hæstv. landshöfðingi benti á að gjöra þyrfti. Hún ætlast til að skólinn sje í 3 bekkjum, en að þriðji kennarinn sje tímakennari. Tveir neðstu bekkirnir heita þá alþýðu- og gagnfræðaskóli, sem áður, en þriðji bekkurinn ætlazt nefndin til, að sje eingöngu til kennarakennslu, og það er sá bekkur, sem sjerstaklega er farið fram á, að styrkja með nýju fjárframlagi.

Það kom til tals í nefndinni, hvað mikið skyldi taka upp í lögin af því, sem eiginlega heyrir reglugjörðinni til, t. d. hvort hafa skyldi þessi lög í líkingu við lögin um stofnun stýrimannaskóla, þar sem mikið af reglugjörðinni er tekið upp í sjálf lögin; nefndin kom sjer þó niður á því, að hafa sjálf lögin sem stytzt, en gjörði þó ráð fyrir, að reglugjörðin yrði þá þeim mun fyllri.

Þar sem nefndin þannig hefir afdráttarlaust lýst því yfir, að hún ætli að koma með nauðsynlegar leiðrjettingar við frumv. til 3. umr., þá vona jeg eptir því, að h. deild gefi henni kost á því.

Jens Pálsson: Jeg vil mæla nokkur orð út af því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) rjeð til, að láta mál þetta bíða, þangað til að föst skipan kæmist á önnur skólamál vor. Jeg get ekki verið h. þm. Vestm. (V. G.) samdóma í þessu; mín skoðun er, að mál þetta megi ekki dragast lengur, og að vjer megum ekki bíða lengur með að gjöra eitthvað verulegra en hingað til til þess, að undirbúa hina mörgu barnakennara vora undir sitt þýðingarmikla og vandasama starf. Jeg hef fundið til þessarar þarfar í mörg ár, og mjer finnst ógjörningur að halda áfram, að láta menn með opinberum styrk fást við ungmennafræðslu, án þess þó að þeir hafi nokkra opinbera stofnun að leita til, þar sem þeir geti fengið verulegan undirbúning undir starf sitt. Mjer er næstum sama, hvar þessi stofnun er reist, allt hvað það er ekki gjört á einhverjum fráleitum stað. Æskilegast hefði mjer að vísu þótt, að skólinn væri stofnaður í Reykjavík; þar er beztur aðgangur að bókasöfnum og öðrum söfnum, og barnaskóli í mörgum bekkjum. En svo eru aðrar ástæður móti því, að hafa hann þar; fyrst og fremst sú, að það hefði svo mikinn kostnað í

för með sjer, að þurfa að reisa sjerstakt hús handa skólanum; þá mun það og, eins og h. þingm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram, reynast fullt svo dýrt fyrir nemendur, að lifa hjer í Reykjavík, sem annarsstaðar; en það er mjög athugavert atriði, þegar þess er gætt, hve launarýr sú staða er, sem kennararnir eiga í vændum.

Eins og h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram hneigðist nefndin að því, að kennaraskólinn yrði stofnaður í Flensborg, af því að lang-ódýrast verður að koma honum þar upp, svo ódýrt, að það munar sárlitlu við það, sem nú er lagt til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg. Það kemur ekki glöggt fram í frumv., að í raun og veru er tilgangurinn að sameina gagnfræðakennslu og kennarakennslu við skólann; þó er það óbeinlínis tekið fram, þar sem svo er komizt að orði, að körlum og konum gefist kostur á kennslu í uppeldisfræði og öðrum þeim fræðigreinum, sem nauðsynlegar eru til þess, að barnakennarar verði hæfir í stöðu sína.

Eptir bendingu hæstv. landsh. og eptir því sem nefndin sjálf hafði hugsað sjer, verður stefnan sjálfsagt sú, að taka það enn skýrar fram, að skólinn eigi að vera bæði gagnfræðaskóli og kennaraskóli, enda má vel samrýma þetta, ef námstíminn er ákveðinn 3 ár, og 3 kennarar eru við skólann. Nefndin hafði reyndar hugsað sjer, að þriðji kennarinn yrði tímakennari, en æski deildin þess heldur, að bætt sje við föstum þriðja kennara með lágum launum, þá mun nefndin fúslega taka það til greina.

Jeg stend svo að vígi, að jeg þykist geta gjört mjer all-glöggva hugmynd um það, hvaða þýðingu það hafi fyrir barnakennara, að hafa fengið góða fræðslu á kennaraskóla. Svo stendur á, að fjölsóttur barnaskóli er rjett hjá bústað mínum; skólinn hefir verið svo heppinn nú um nokkur ár, að hafa fyrir kennara einn af hinum allra-færustu barnakennurum þessa lands; það er mjer óhætt að segja. Þessi kennari hafði fyrst gengið á gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og útskrifazt þaðan með góðum vitnisburði; síðan gjörðist hann kennari við barnaskóla á Austfjörðum; en hann kvaðst ekki hafa kennt þar lengi áður en hann fann til þess, að hann þyrfti að leita sjer annarar hagkvæmari menntunar til þess, að geta staðið vel í stöðu sinni sem barnakennari; fór hann þá utan og gekk þar um hríð á kennaraskóla, og tel jeg sjálfsagt, að hann hafi tekið miklum framförum við þá ferð. Þegar hann kom til landsins aptur, barst hann að barnaskólanum á Útskálum, og hefir kennt þar síðan. Fyrir atvik bar svo við, að hann fór sendiferð til Ameríku; ætlaði hann að eins að fara þangað snöggva ferð, en þegar til kom, varð hann að dvelja þar vetrarlangt til þess, að geta lokið erindi sínu; þessum vetri varði hann til þess, að ganga á ágætan kennaraskóla rjett hjá Chicago og stundaði þar nám sitt af miklu kappi. Af því að sjá, hvílíkum kennsluframförum hann tók þennan vetur — og var hann þó, eins og jeg tók fram, góður kennari áður — af þessu, segi jeg, hefi jeg sannfærzt um, að vjer munum ekki getað stofnað aðra þarfari menntastofnun fyrir oss en góðan og praktiskan kennaraskóla.

Jeg leyfi mjer því að mæla með því að frumv. fái að ganga til 3. umr., og mun nefndin þá laga það eins og ástæða þykir til vera.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg er sömu skoðunar og h. þm. Vestm. (V. G.), að málefni þetta sje heldur snemma

borið upp. Jeg held, að ekki sje hægt að laga frumv. þetta svo í lagi fari, því eins og búið er að taka fram, kemur frumv. þetta í bága við gjafabrjefið og stofnfje skólans, og þar að auki opnar það beinan, takmarkalausan veg til landssjóðs hvað útgjöldin snertir. Jeg býst við, að jeg kunni að standa fáliðaður uppi með það hjer í deildinni, að vjer stöndum ekki svo illa uppi með krapta til að kenna æskulýðnum, því jeg ímynda mjer, að þau lönd sjeu fá, þar sem sje 1 prestur fyrir hver 500 manns, og jeg álít, að það muni vera eitt hið bezta og blessunarríkasta starf prestsins, að ala upp og fræða æskulýðinn, og að því leyti álít jeg ekki brýna þörf hjer á kennaraskóla. Menn munu reyndar ef til vill segja, að prestar sjeu ekki skyldir að hafa kennslu á hendi, heldur eigi þeir að eins að sjá um, að börnunum sje kennt það sem lögboðið er; en þó þeir sjeu eigi nú beinlínis skyldir að kenna, er hægt að skylda þá til að gera það meira en nú er. Auk þess hagar svo til, að barnaskólar eru og geta ekki verið nema á fáum stöðum hjer á landi, svo þeir geta ekki tekið á móti mörgum kennurum. Og geta menn þá ætlazt til, að margir vilji vinna til að ganga á kennaraskóla í 3 ár, og hafa ekki upp úr því annað en vonina, að komast einhvern tíma að einhverjum skóla, en vera þangað til umgangskennarar og fá fyrir það 60—100 kr. yfir veturinn? Ætli að þeir verði ekki örfáir? Og á þá að stofna mjög dýran skóla að eins vegna þessara fáu manna? Þess vegna álít jeg ekki tímann kominn til þess að stofna kennaraskóla að svo stöddu. Það kann að verða einhvern tíma á næstu öld, þegar komnir eru fleiri barnaskólar, enda þótt jeg álíti »disputabelt«, hvort æskilegt sje, að þeim fjölgi mjög.

H. þm. Vestm. (V. G.) vildi, að hlynnt væri að hinum nýju kennaraefnum á þann hátt, að þeir sætu fyrir öðrum kennurum með að fá opinberan styrk fyrir kennslu sína. Þetta mundi leiða til þess, að mikill hluti þeirra sveitarfjelaga, sem nú fá styrk til barnafræðslu, fengju hann engan, því sveitarfjelögin mundu heldur vilja borga ólærðum kennara 100 kr. og fara á mis við styrkinn, en borga kennaranum frá kennaraskólanum 3—400 kr., þótt hann yrði styrksins aðnjótandi.

H. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að kostnaðaraukinn við að gera Flensborgarskólann að kennaraskóla yrði ekki nema 1000 kr.; en þá er á það að líta, að þegar skólinn er byggður með lögum, verður landið að annast hann um aldur og æfi, nema hann sje afnuminn aptur með lögum, svo það er ekki hægt að bera hann saman við hinn núverandi alþýðu- og gagnfræðaskóla í Flensborg, sem að eins er veittur styrkur á fjárlögunum, sem þess vegna getur fallið í burtu hvenær sem vill.

Mjer skildist h. þm. Borgf. (Þórh. B.) ætlast til, að kennarafræðslan ætti að eins að fara fram síðasta veturinn af þremur; en því á þá að stofna 2 kennaraembætti? og því getur ekki einn kennari nægt? Mjer virðist, að nóg sje að hafa einn kennara, en tveggja þurfi ekki við, og þar sem h. þm. Dal. (J. P.) rjeð til að bæta frumv. með því, að bæta við þriðja kennaranum, þá get jeg því síður fallizt á það. Af þessum ástæðum treysti jeg mjer ekki til að gefa frumv. atkv. mitt til 3. umr.

Einar Jónsson: Það hefir verið fundið að frumv. þessu, að stofnun kennaraskólans kæmi í bága við vilja gefandanna, sem gáfu eignirnar handa Flensborgarskólanum, þar sem skólinn ætti að vera alþýðu- og gagnfræðaskóli. En

mjer finnst ekki þessi vilji gefendanna koma á neinn hátt í bága við stofnun kennaraskólans. Gjöfin er gefin með því skilyrði, að koma þar á fót alþýðu- og gagnfræðaskóla og þess vegna beinlínis til þess að mennta alþýðu. Þó að nú skólanum sje breytt þannig, að hann sje gerður að kennaraskóla, sem fyrst og fremst menntar alþýðumenn, og svo jafnframt undirbýr þá sjerstaklega að kenna æskulýðnum meðal alþýðunnar, þá liggur í augum uppi, að ekki er í rauninni vikið neitt frá tilgangi gefendanna, heldur mundi skólinn þvert á móti efla miklu meira alþýðumenntunina, ef honum væri breytt í slíkan kennaraskóla, sem hjer er farið fram á, enda hef jeg ekki heyrt, að nokkur sá maður, sem talað hefir um þetta atriði, hafi getað bent glöggt á, að þessi skóli geti eigi samrýmzt vilja gefendanna. Vjer munum einnig einmitt eptir því, að gefandinn hefir optar en einu sinni samþykkt hjer á þingi, að veita Flensborgarskólanum fje til kennarafræðslu, og það atkvæði hans sýnir bezt, að hann mundi ekki nú hafa verið á móti því, að skólanum yrði breytt í reglulegan kennaraskóla, heldur mundi hann þvert á móti beinlínis hafa fylgt því fram. Auk þess er aðgætandi, að kennarakennsla getur farið fram og fer að líkindum fram eptir sem áður á þessum skóla, þó að nafninu verði ekki breytt.

Jeg vil því næst geta þess um fyrirkomulag það, sem nefndin hugsar sjer á þessum skóla, að hún álítur að gagnfræðanáminu, sem auðvitað verður að eiga sjer stað á skólanum, ætti að vera lokið á tveim fyrstu vetrunum, og þá gætu menn útskrifazt úr skólanum sem gagnfræðaskóla, en svo yrði 3. árinu sjerstaklega varið til kennarafræðslu, og þeir sem vildu taka þátt í henni, hjeldu þá áfram að vera þriðja veturinn. Jeg verð því að álíta, að með því, að skóli þessi heldur þannig áfram að vera gagnfræðaskóli, þó að hann sje jafnframt sjerstaklega ætlaður til að veita kennaramenntun þeim, sem ætla á eptir að mennta alþýðuna, þá gefi þessi tilhögun skólanum fullkomnari þýðingu, einmitt samkvæmt vilja gefendanna, og að frá formsins hlið sje þess vegna ekkert á móti því, að þar sje stofnaður kennaraskóli.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) hafði það eigi á móti frumv., að stofnaður væri kennaraskóli, heldur það, að hann væri stofnaður svona fljótt, því vjer stæðum vel að vígi með barnafræðslu, og verður því ekki neitað, að vjer stöndum ekki illa að vígi í því tilliti. En þótt svo sje, þá er þó komin sú venja á meðal alþýðunnar, að taka kennara til að kenna unglingum; og af því að það er ekki til að ljetta öllu kennslustarfinu af foreldrunum, heldur til þess, að ljetta undir með þeim, og kenna það, sem foreldrarnir geta eigi sjálfir kennt, þá er nauðsynlegt, að þessir menn sjeu betur að sjer en foreldrarnir sjálfir. Og þetta frumv. fer fram á, að mennta svo þessi kennaraefni, að þau sjeu færari til að kenna og fróðari en almenningur. Jeg neita því ekki, að þeir, sem koma frá Möðruvallaskólanum eða Flensborgarskólanum, eins og hann er nú, hafi eigi nægan fróðleik til að geta kennt meira en almennt bændafólk, en það virðist mjer sjálfsagt, að þeir, sem auk þess eða jafnframt hafa gengið á kennaraskóla, verði hæfari til að verða kennarar við það, að hafa kennt með umsjón góðra kennara. Sveitakennararnir eiga að styðja foreldrana, þótt þar sjeu ekki barnaskólar, og taka að sjer þann hluta kennslunnar, sem foreldrarnir eru ekki færir um að veita.

Mjer fannst h. sami þm. (J. J., Eyf.)

gera mikið úr launum þessara kennara, þar sem hann hjelt, að þau mundu verða 300 kr. yfir veturinn. Reyndar er það ekki mikið fje, en það getur hugsazt miklu lægra, enda þótt þeir hafi forgöngurjett.

Til að sanna það, vil jeg geta um eitt dæmi. Í minni sókn hefir verið ráðinn kennari til næsta veturs, sem hefir notið kennarakennslu þeirrar, er nú tíðkast í Flensborgarskólanum, og hann sætti sig við að fá 10 kr. um mánuðinn, og höfum við áður borgað hið sama til sveitakennara. Þennan kennara fengum við af því, að oss langaði til að reyna kennara frá þessari kennslustofnun. Árangurinn af kennslu hans er auðvitað ekki sjeður enn, því að það er ekki kominn tími til þess.

Sami h. þm. (J. J., Eyf.) bjóst við, að kennaraskólinn mundi ekki verða sóttur, því staðan væri ekki svo glæsileg, sem biði kennaranna, þá er þeir kæmu þaðan. Jeg mæli ekki á móti því, að staðan sje ekki glæsileg, en þeir menn, sem ganga þennan menntaveg og langar til að halda áfram að auka menntun sína, munu gjarnan taka þennan veg, sem býður þeim betra tækifæri til að halda áfram að auka menntsína en margur annar vegur, þótt þeir eigi ekki von á háum launum.

Þm. (J. J., Eyf.) talaði um, að Möðruvallaskólinn eða gagnfræðaskólarnir eins og þeir eru nú, nægi til að veita oss kennara, en jeg fyrir mitt leyti kysi heldur mann, sem gengið hefði á kennaraskóla. En jeg vildi, að realstúdentar frá Möðruvöllum ættu kost á, ef þeir vilja, að ganga í þennan kennaraskólabekk, sem frumvarpið ætlast til, að bætt sje við Flensborgarskólann, því jeg álít, að þeir sjeu fullt eins vel menntaðir og þeir, sem verið hafa á Flensborgarskólanum hin fyrri 2 árin.

Jeg get ekki verið með því, að mál þetta sje of snemma borið upp, heldur álít jeg að það sje borið upp á rjettum tíma. Vjer höfum þörf fyrir hæfa kennara, og þegar á að bæta úr þörf þessari, verður það bezt gjört með því, að stofna kennaraskóla.

Hvar skóli þessi ætti helzt að standa, getur verið álitamál, en nefndin valdi til þess Flensborgarskólann einkum af sparnaðarástæðunni, og hefir ekki venjulega verið haft á móti þeirri ástæðu hjer á þingi.

Það getur verið nokkuð langt að bíða eptir kennslumálabreytingu þeirri, sem talað er nú um að gjöra á latínuskólanum, og enn lengra að bíða eptir því, að Möðruvallaskólinn leggist niður; og gæti þá dregizt of lengi að koma kennaraskólanum á fót. Reyndar má leggja Möðruvallaskólann niður með lögum, og taka upp realkennslu við latínuskólann, en Flensborgarskólann er ekki hægt að afnema með lögum; hann getur haldið áfram, hvort sem þingið vill eða ekki, það getur ekki lagt hann niður; það getur að eins neitað að leggja fje til hans, og máske eyðilagt hann á þann hátt, og einmitt af því, að þingið getur eigi lagt hann niður, þá er rjett að koma honum í það horf, sem heppilegast virðist að hann komist í, hvað sem hinum skólunum líður, og það er að mínu áliti það, að gjöra hann að kennaraskóla.

Jeg vil því mæla með því, að frumv. þetta fái að ganga fram á þinginu. En hvað snertir forrjettindi kennara af skólanum til að ganga fyrir öðrum, þá áleit nefndin, að það ætti bezt heima í fjárlögunum, sem skilyrði fyrir styrkveiting til barnakennslu.

Valtýr Guðmundsson: Þótt jeg raunar sje á þeirri skoðun, að þetta frumv. sje of fljótt upp borið, þá álít jeg samt

að eigi ætti að hafna aðalstefnu þess. En það eru ýmsir agnúar á því og ýms atriði, sem mig vantar skýringu á. Frumv. fer fram á, að stofna kennaraskóla í Flensborg, þar sem fyrir er bæði gagnfræðaskóli og barnaskóli, sem alþingi ekki hefir neitt vald til að taka burt, þar eð þeir eru stofnaðir með gjafabrjefi. Hjer verður því þrennt: kennaraskóli, gagnfræðaskóli og barnaskóli. En nú er mjer ekki fullkomlega ljóst, og um það stendur ekkert nákvæmlega tekið fram í frv., í hvaða sambandi kennararnir við kennaraskólann eigi að standa við gagnfræða- og barnaskólann, hvort þeir eigi að vera sjerstakir að eins fyrir kennaraskólann, eða þeir eigi líka að hafa á hendi kennslu við alþýðuskólann. Mjer virðist laun hinna fyrirhuguðu kennara vera svo ríflega ákveðin, þar sem þau eru alveg eins mikil og adjunktslaun við latínuskólann, að þeir mundu ekki þurfa að hafa nein önnur störf á hendi til að lifa af. Er það meiningin, að kennararnir skuli jafnframt hafa á hendi kennslu við gagnfræðaskólann og að eins hafa þetta sem aukagetu, eða að við þennan skóla skuli vera alveg sjerstakir kennarar? Á þessu atriði þarf jeg að fá skýringu. Sömuleiðis finnst mjer það athugavert, sem stendur í 4. gr. frv.: Öll nauðsynleg gjöld til skólans greiðist úr landssjóði. Er meiningin með þessu sú, að öll útgjöld við skólann, bæði við kennara- og gagnfræðakennslu, skuli greiðast úr landssjóði, þar sem þó er verið að tala um að setja á stofn gagnfræðakennslu hjer í Rvík? Enn fremur get jeg ekki sjeð, að nein þörf sje á 2—3 kennurum nýjum, ef aðeins er bætt við einum bekk.

Það er þá þetta, sem jeg vildi beiðast skýringar á, í hverju sambandi á þessi kennaraskóli að standa við hinn núverandi barna- og gagnfræðaskóla?

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Það er eigi rjett skilið hjá h. þm. Vestm. (Valt. G.), að barnaskóla skuli samkvæmt fyrirmælum gefandans halda í Flensborg, heldur er það aðeins þannig ákveðið, að barnaskóli Garðahrepps skuli eiga kost á að fá húsrúm þar, ef þess er óskað, og svo hefir það verið til þessa, en nú þykir barnaskólinn ekki heppilega settur í Flensborg og er því einmitt í ráði að flytja hann þaðan, svo að þetta spursmál fellur burtu af sjálfu sjer. En þar sem gengið er út frá í frumv., að kennaraefni fái verklegar æfingar við barnakennslu, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, þótt barnaskólinn væri fluttur, því að jeg vorkenni ekki nemendunum að ganga nokkurn spotta til þess.

En hvað gagnfræðakennsluna snertir, þá er svo til ætlazt, að kennararnir við kennaraskólann hafi hana á hendi, enda hafa þeir gagnfræðakennarar, sem nú eru, mest af launum sínum úr landssjóði.

Björn Sigfússon: Við fyrri umr. þessa máls leyfði jeg mjer að hreyfa nokkrum efasemdum um, að þetta frv. væri viðunanlegt og vel fallið til að verða lög, og get jeg ekki fundið, að þær mótbárur sjeu reknar aptur að neinu leyti.

Framsögum. (Ól. Br.) gat þess, sjálfsagt í tilefni af því, að jeg hjelt því fram, að kennarakennslan í Flensborg væri *lítið notuð*, — að ástæðan væri sú, að fátækir piltar gætu ekki sótt hana, þar sem hún færi fram á þeim tíma, er þeir stunduðu sjóinn. En þessi ástæða hlýtur að gilda áfram; þeir standa engu betur að vígi eptir en áður, þó að þessi tilhögun komist á, sem hjer er ráðgerð, — nema það sje mein-

ingin, að segja skólanum upp strax og afli kemur, eða í vertíðarbyrjun.

Við fyrri umr. þessa máls hafði jeg ekki fyrir mjer skýrsluna frá Flensborgarskólanum, og sagði jeg þá, að 3-4 hefðu notað þessa kennarafræðslu; h. þm. Borgf. (Þórh. B.) sagði, að þeir hefðu verið 5; það munar að vísu ekki miklu, en við það er að athuga, að aðeins 4 gengu undir próf, svo að það mál er skýrt. En hvað hafa nú þessir 6 vikna kandídatar kostað? 1600 kr. voru veittar til þess á fjárlögunum, svo þessi fræðsla kostar þá 400 kr. fyrir hvern.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) tók fram það, er jeg hafði látið uppi þegar við 1. umr. þessa máls, að tryggingu vantaði fyrir því, að þeir menn væru til, er færir væru til að taka að sjer kennsluna. Jeg skildi svo h. þm. Borgf. (Þórh. B.), sem hann ætlaðist til, að hinir sömu, sem nú hafa kennslu á hendi við skólann, mundu verða kennarar við hinn fyrirhugaða kennaraskóla. Það getur verið, að þeir menn sjeu allvel fallnir til þess starfs, þó að þeir hafi ekki specielt lagt sig eptir þeirri námsgrein, en fyrir því er ekki næg trygging, að minnsta kosti hafa þeir ekkert próf tekið í þessari fræðigrein. Jeg sje á skólaskýrslunni, að þessir (sömu) kennarar hafa haldið fyrirlestra um uppeldisfræði, kennslufræði og heilbrigðisfræði; þetta er mikið gott, en það sýnir líka, að ekki þarf að breyta nafninu á skólanum til þess að þessar fræðigreinar sjeu kenndar.

Jeg skal geta þess, að jeg þekki einn skóla, þar sem kennd er heilbrigðisfræði, það er kvennaskólinn á Ytri-Ey, og hefir þó ekkert sjerstakt fje verið veitt til þess, og jeg skal um leið geta þess, að jeg hygg það verulegt stig til framfara, að meiri áherzla sje lögð á, að kvennaskólarnir leiðbeini nemendum sínum í kennslufræði og uppeldisfræði, því reynslan sýnir, að konur eru miklu betur lagaðar til þess að hafa á hendi barnakennslu, heldur en karlmenn, og að minnsta kosti veit jeg, að húsfreyjur eru fúsari til að taka kvennkennara en karlkennara á heimili sitt.

Það stendur nú að vísu í frumv., að konur hafi jafnan rjett og karlar til að ganga í þennan kennaraskóla. En í reyndinni mundi þetta verða þannig, að að eins sárfáar stúlkur í grennd við skólann mundu nota þetta, en alls ekki víðsvegar að um landið. Jeg hygg það mundi reynast eins vel, að styrkja kvennaskólana til þess að geta haldið uppi sömu fræðslu í heilsufræði og uppeldisfræði, sem hinn fyrirhugaði kennaraskóli í Flensborg á að veita. Á þetta atriði mun hafa verið lögð allt of lítil áherzla hingað til, en jeg sje ekkert á móti því að mætti gera það hjer eptir. Eða er það nokkuð ótiltækilegra að veita kvennaskólum styrk í þessu skyni en Flensborgarskólanum? Það hefir verið minnzt á kostnaðinn við Flensborgarskólann, eins og hann er nú, og því haldið fram, að kostnaðurinn við hinn fyrirhugaða kennaraskóla mundi verða lítið meiri, en eptir því sem 4. gr. er orðuð, get jeg ekki betur sjeð en kostnaðurinn geti orðið ákaflega mikill. Eptir henni skal landssjóður greiða öll nauðsynleg útgjöld við skólann og er það allt of víðtækt. Það er ein fjárveiting til Flensborgarskólans, eins og hann er nú, sem jeg get alls ekki fellt mig við; það er styrkurinn til »slöjd-kennslu«, og er vafasamt hvort þingið lætur hann standa lengur. Því fje er alls ekki vel varið, og ætti að strykast út á fjárlögunum, og ef það væri gert, þá mundi þó útgjöldin til skólans lækka um 1000 kr. á fjárhagstímabilinu. Skoðun mín er því sú, að Flensborgarskólinn gæti verið og ætti

að vera talsvert ódýrari en hinn fyrirhugaði kennaraskóli.

Annað sem athugavert er við þetta frumv. held jeg að aðrir sjeu búnir að taka fram, svo að jeg ætla ekki að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Jens Pálsson: Ja, það var eitt atriði, sem jeg vildi taka fram í sambandi við þetta mál, af því að mjer hefir ekki fundizt það koma nógu ljóst fram í umr. Mjer hafa fundizt þær sumar hverjar byggðar á þeirri skoðun, að það væri gefið, að sá sem eitthvað kynni, hann væri fær um að kenna það. En það er mikill munur á að kunna eina fræðigrein og að kenna hana. Einmitt af því að sá munur er svo mikill, er það nauðsynlegt að menn sjerstaklega læri að kenna það sem þeir kunna. Þetta er viðurkennt í öllum löndum, sem hafa gert nokkuð verulegt fyrir alþýðumenntunina. Þar dettur engum manni annað í hug, en menn þurfi undirbúning og kennslu, »fagmæsig Uddannele«, undir það starf, sem önnur. Þetta er líka ofurskiljanlegt; jeg skal taka til dæmis mann prýðisvel reiknandi; það er fjöldi manns hjer á landi, sem kann mikið í reikningi; en eigi þessir menn að fara að kenna reikning, þá fer það optast allt í handaskolum. Það verður hreint engin mynd á því. Að kunna hin rjettu tök, þar á ríður; einkum og sjer í lagi ríður á því í skólum, barnaskólum, þar sem mörg börn eru í einni deild, á misjöfnum aldri og ólíku þroskastigi, þá er áríðandi að kunna rjett tök á því, að kenna hverri deild eins og samboðið er hennar þroskastigi. Og þetta á ekki eingöngu við reikninginn, heldur líka hverja kennslugrein sem vera skal. Jeg er viss um að okkar væntanlegu barna- og sveitakennslu fer ekki fram, verður ófullkomin og ófullnægjandi, ef ekki er gert neitt til þess að mennta kennaraefnin. Það er vandi að umgangast börn, og það hefir mikla siðferðislega þýðingu, hvernig kennarinn er.

H. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) talaði mikið um það, að einir 5 hefðu gengið á kennarakursus í Flensborg síðasta vetur, og af þeim 4 tekið próf. Að mínu áliti er þetta alls ekki fátt fólk; mjer lízt það mikið álitlegt, þegar þess er gætt, að þetta er að eins ófullkomin tilraun; og þegar tíminn er stuttur og lítið fjeð, er ekki að búast við mjög miklum árangri. Og ef maður ber það saman við prestaskólann og læknaskólann, þá sjest, að þeir hafa ekki fleiri nemendur, og þykir þó sjálfsagt að halda þeim skólum áfram.

Þar sem h. sami þm. (B. Sigf.) minntist á að heilbrigðisfræði væri kennd við kvennaskólann á Ytri-Ey — það er víst mismæli hjá h. þm., hann hefir víst meint uppeldisfræði (*B. Sigf.*: Nei;), — þá kalla jeg það ekki nema gott; en ekki er ástæða til að benda á þann skóla sem kennaraskóla. En ef h. þm. (B. Sigf.) hefir eittað betra að bjóða en það sem nefndin hefir farið fram á, þá skal jeg verða honum þakklátur og heita honum mínu fylgi.

Annars hafa menn í umr. eingöngu og að öllu leyti miðað við sveitakennara, en það er þó ekki svo lítið gerandi úr 20—30 barnaskólum, er börn ganga í hvern þeirra svo tugum skiptir, og því varðar það ekki litlu, að hafa góða menn til að veita þeim forstöðu, og jeg vil segja að barnaskóli með 2 bekkjum, með þetta frá 20—50 börnum, sje menningar- og framfaralind sveitarinnar, og það er sannarlega eitthvað verulegt gefandi fyrir að fá menn til að veita þeim forstöðu, er sjeu vaxnir stöðu sinni.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Halldór Daníelss.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-S.
Jón Þórarinsson,	J. Jónsson, Eyf.
Ólafur Briem,	Pjetur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	Sig. Gunnarsson,
Þórð. Thoroddsen,	Valtýr Guðmundss.
Þórh. Bjarnarson.	Þ. Guðmundsson,
	Þorl. Guðmundss.

2. gr. felld með 10 : 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Eir. Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Halld. Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.S.
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. Eyf.
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Valt. Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þórð. Thoroddsen,	Þ. Guðmundsson,
Þórh. Bjarnarson.	Þorl. Guðmundss,.

Jón Þórarinsson greiddi ekki atkv. Frumv. þannig fellt frá 3. umr.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1892 og 1893 (C. 172); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Hið fyrirliggjandi frv. er samið eptir reikningum þeim, er yfirskoðunarmenn alþingis hafa haft fyrir sjer, enda er að svo komnu enginn ágreiningur um annað en peningaforða landssjóðs, en það ágreiningsatriði álít jeg rjettast að geyma til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, fimmtudaginn 1. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Rvík (J. Jens.) sem var lasinn.

Forseti skýrði frá að fram yrðu lögð á lestrarsalinn skjöl snertandi kaup á bændaeigninni í Brjámslæk handa Brjámslækjarprestakalli.

Frumvarp til laga um breyting á 1. 6. og 8. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara sem gjöra rjettarverk (C. 165, 178, 195, 202); 3. umr.

Halldór Daníelsson: Eins og h. deild sjer hefi jeg leyft mjer að koma með breyt. sem fer fram á að tvær greinir hin 4. og 5. sjeu felldar úr frv. og að fyrirsögn þess breytist samkvæmt því. Þegar jeg fór að athuga málið virtist mjer það mundi vera heppilegra að fella greinar þessar í burtu og vona jeg að h. deild muni við nákvæma yfirvegun komast að sömu niðurstöðu, og vona jeg því að breyttill. mín fái góðan byr hjá henni.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og h. deild er kunnugt kom jeg ásamt fleiri h. dm. með þá viðaukatillögu við frv. þetta að framan við 4. gr. þess bætist: «Fyrir fjárnámsgjörð hverja ber hreppstjóra 1 kr. Gjaldið greiðir sá, er fjárnámið er gjört hjá». Hæstv. landshöfðingi gjörði þær athugasemdir við tillögu þessa, að það færi betur á að hún stæði sem sjerstök grein, og í öðru lagi að betur færi að breyta orðalagi hennar; honum þótti það athugavert að því leyti, að eigi væri hægt að sjá annað en að sá ætti jafnan að greiða fjárnámsgjaldið, sem lögtak færi fram hjá, hvort sem það væri lögmætt eða ekki. Sömuleiðis gjörði h. þm. Rvík. (J.Jenss.) þá athugasemd, að 5. gr. frv. væri óglögg að því leyti, að af henni yrði ekki sjeð, hvort virðingarmennirnir ættu að fá ferðakostnað greiddan eptir núgildandi lögum eða ekki. Þessar at-

hugasemdir hæstv. landsh. og h. þm. Rvík. (J. J.) höfum vjer nú tekið til greina með breyttill. á þingskj. 195, og leyfi jeg mjer þá jafnframt að taka aptur viðaukatillöguna á þingskj. 178. Jeg hefi tekið það fram áður að jeg álít að h. d. hafi fellt breyttill. um hækkun á borgun fyrir lögtak af þeirri ástæðu, að þeim hafi þótt of langt farið að hækka hana úr 50 au. upp í 2 kr. En nú vona jeg að h. d. samþykki þessa breyttill., sem fer meðalveg, og fer fram á að borgunin verði að eins 1 kr. fyrir hvert fjárnám og þykist jeg ekki þurfa að gjöra frekari grein fyrir þessari breyttill. en jeg hefi áður gjört, nje heldur 3. lið í breyttill. á þingskj. 195. Vjer höfum tekið upp í breyttill. ákvæði um, að borgun greiðist fyrir lögtak og fjárnám. En í lögunum nr. 3 13. jan. 1882 stendur að eins lögtak; rjettara virðist þó að ákvæði standi um hvorutveggja, þar sem það er sitt hvað.

Mjer þykir það undarlegt, ef h. deild fellst á breyttill. á þingskj. 202, sjerstaklega af þeirri ástæðu, að hún samþykkti fyrir fám dögum með allmiklum atkvæðamun þann lið, sem um er að ræða; jeg skil ekki í að hún þykist geta verið þekkt fyrir að fella hann úr. 4. greinin, sem h. þm. Mýr. (H. D.) vill fella burt, er til nákvæmari skýringar á gildandi lögum. Þegar hún kom til umræðu, töluðu nokkrir með henni, en engir á móti; h. þm. V-Sk. (Guðl. G.) taldi hana t. d. nauðsynlega, og niðurstaðan við atkvæðagreiðsluna varð sú, að hún var samþykkt með 17 samhlj. atkvæðum. Mjer þætti deildin fljót að skipta um sannfæringu, ef hún skyldi nú fella þetta, sem hún samþykkti fyrir 3 dögum síðan.

Af því er snertir 5. gr. um hækkun á borgun til virðingarmanna, þá er ekki alveg sama um hana að segja; hún var ekki samþykkt með samhlj. atkvæðum, heldur með 13 : 8 atkvæðum. En mjer sýnist ekki samkvæmni í því að hækka laun hreppstjóranna, en geta ekki fengið af sjer að hækka þetta. Mjer sýnist það ekki sanngjarnt að hreppstjórinn fái 5—6 kr. fyrir sama verk, sem hinn virðingarmaðurinn á að fá eina krónu fyrir, og sízt skil jeg í því að h. þm. Mýr. (H. D.), sem hefir tjáð mjer að hann væri sjálfur hreppstjóri, geti verið þekktur fyrir að koma með þannig lagaða breyttil.

Svo jeg víki þá aptur að atkvæðagreiðslunni, þá var 5. gr. samþykkt með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og með leyfi h. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa upp nafnakallið:

já:	*nei*:
Kemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Jón Jónss. þm. A.-Sk.
Eir. Gíslason,	Sighv. Árnason,
Guðjón Guðlaugss.,	Tr. Gunnarsson,
Guðl. Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Þórður Thoroddsen,
Jens Pálsson,	Þórhallur Bjarnars.,
Jón Jensson,	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sk. Thoroddsen,	
Valt. Guðmundsson.	

Af þessu nafnakalli sjezt að h. þm. Mýr. (H. D.) hefir nú fyrir 3 dögum samþykkt grein, sem hann í dag vill aptur fella burt (*H. D.*: Jeg veit það.); en mjer þykir til nokkuð mikils ætlazt af honum, ef hann ætlast til að allir hinir 12 komist á sama rekspöl sem hann og segi nú nei við því, sem þeir sögðu þá já við. Jeg trúi því ekki að þeir láti þann blett sjást á sjer, en blett verð jeg að álíta það, ekki einungis á einstökum þingmönnum, heldur allri deildinni, ef hún lætur þannig hafa sig að leikfangi, og blettur mun

það verða skoðaður meðal landsmanna.

Halldór Daníelsson: Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti því, að hækkuð sje borgunin til virðingarmannanna, en mjer sýnast lögin litlu betri þó þessi eina breyting sje gjörð á þeim. En það er svo margt að athuga við þessi lög um aukatekjur hreppstjóra og annara er gjöra rjettarverk, að mjer sýnist rjettast, að þau væru tekin fyrir til íhugunar öll í einu. Þau eru hreint ekki svo glögg, nje svo mikill jöfnuður í þeim, að ekki megi hreifa við fleiru en þessum atriðum og það með ástæðum.

Jens Pálsson: Af því að mitt nafn stendur á breyttill. á þingskj. 195, enda þótt jeg samkv. áður framfarinni atkvæðagr. auðvitað greiði henni ekki atkvæði, þá skal jeg skýra frá, að svo stendur á því, að h. þm. Mýr. (H. D.) kom til mín og bað mig að hjálpa sjer til að koma henni að með því að skrifa nafn mitt á hana. Jeg vildi ekki meina h. þm. að koma henni til umræðu og atkvæða, og því ritaði jeg nafn mitt á hana, eins og algeng þingvenja er.

ATKV.GR.: Breyttill. á þingskj. 178 var tekin aptur; 1. breyttill. á þingskj. 195 smþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðj. Guðlaugss.,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
Jón Jónss þm.Eyf.	J. Jónsson þm.A-Sk.
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,	Þórður Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thorodsen,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Valt. Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórhallur Bjarnars.	

Breyttill. á þingskj. 202, að 4. gr. falli burt, felld með 16 : 4 atkv.; brtill. á þingskj. 202, að 5. gr. falli burt, felld með 13 : 5 atkv.; breyttill. 3 á þingskj. 195 samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 18 samhlj. atkv., og endursent Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 189, 192, 230); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og jeg gat um við fyrri umræðu málsins, hefir nefndin leyft sjer að koma með viðaukatillögu við frumv., sem fer fram á að bæta við 35. töluliðnum. Um jörð þá, sem þar ræðir um, Leirvogstungu í Kjósar- og Gullbringusýslu, hefir nefndin ekkert annað að athuga en að söluverðið svarar hjer um bil til 25-falds eptirgjaldsins. Þá hefir nefndin leyft sjer að koma með breyt.till. við 7. tölulið frumv., um jörðina Húsavík í Strandarsýslu. Í stjórnarfrumv. var jörð þessi metin á 1000 kr., en eins og h. þingdm. muna, var við 2. umr. felld tillaga nefndarinnar um að hækka verðið upp í 1200 kr. Nú hefir nefndin farið meðalveg og lagt til, að jörðin verði seld fyrir 1100 kr. Jeg skal geta þess, að leigumáli sá, sem á henni á að verða við næstu ábúandaskipti, svarar til 4 % vaxta af 1400 kr., og nefndin gat ekki sannfærzt af upplýsingum h. þm. Strandam. (Guðj. G.) um, að ástæða væri til að færa jörðina niður meira en hún hefir gert.

Þá hefir nefndin og stungið upp á, að breyta tölulið 22, færa hann úr 2100 kr. niður í 2000 kr.; byggir nefndin þessa niðurfærslu á því, að við 2. umr. fjekk hún nákvæmari upplýsingar um jörð þá, er þar ræðir um, Hlaði í Eyjafjarðarsýslu, einkum að því er snertir

skemmdir af Hörgá, auk þess sem jörðin að öðru leyti er mjög kostarýr eptir skýrslum þeim, er fyrir liggja.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir stungið upp á að færa kaupverð jarðar þessarar niður í 1900 kr. og mun nefndin ekki gera það að neinu kappsmáli. Í breyt.-till. á þingskj. 102 við tölulið 5 og 9 er farið fram á, að lækka verð jarðarinnar Þverár í Skriðuhrepp í Eyjafjarðarsýslu úr 3200 kr. í 3100 kr., og verð jarðarinnar Gvendareyja í Snæfellsnessýslu úr 2700 kr. í 2600 kr.; þó að hjer sje ekki um mikla niðurfærslu að ræða, þá heldur nefndin fast við tillögur sínar, og getur eigi viðurkennt, að ástæða sje til að selja þær jarðir lægra verði en hún hefir lagt til.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar mál þetta var hjer til 2. umræðu, greiddi jeg atkvæði öðruvísi en aðrir h. þingdm. Jeg sat optast nær, en stóð að eins upp með þeim breyt.till., sem hækkuðu jarðaverðið, og svo móti því, að flestar af jörðunum væru seldar.

Jeg hef orðið þess var, að ýmsir á áheyrendapöllunum skildu ekki í þessari atkvæðagreiðslu minni, og skal jeg því nú gera nokkra grein fyrir henni, þó jeg frá byrjun málsins hafi ekki ætlað mjer að tala í því.

Jeg hefi í mörg ár verið mótfallinn takmarkalausri þjóðjarðasölu, en jafnframt hef jeg álitið sanngjarnt, að nokkrar af þjóðjörðunum væru seldar innan vissra takmarka. Jeg hefi verið á móti því, að hver jörð, sem um er beðið, væri seld; en þar sem svo stendur á, að einhver þjóðjarðarábúandi vill kaupa ábúðarjörð sína, sem hann hefir stórum bætt, þá vil jeg að hann fái að njóta verka sinna, og þingið gefi honum kost á að eignast ábúðarjörð sína.

Hjer á þingi ríkir með þjóðjarðasölunа lík stefna og með löggilding hafna; hver höfn er löggilt, sem um er beðið, hvort sem nokkur líkindi eru til þess eða engin, að nokkurt skip nokkurn tíma geti legið þar, og hverja þjóðjörð, sem um er beðið, gerir þingið fala, hvort heldur búið hefir verið vel eða illa á henni, og hvort nokkur von eða engin er til þess, að jörðin haldist í eign kaupanda stundu lengur.

Þjóðjarðasalan er rjettlætt með því, að við hana fjölgi sjálfseignarbændum í landinu, og um leið sje sjálfsagt, að sjálfseignarbændurnir bæti jarðir sínar meira en leiguliðarnir. En jeg þekki einmitt ekki svo fáar þjóðjarðir, sem hafa haft skaða af því að vera seldar; kaupendur hafa vegna jarðarkaupanna haft minni krapta til að bæta þær, eptir að þeir urðu sjálfseignarbændur, heldur en meðan þeir voru leiguliðar; því þeir hafa orðið að verja hverjum eyri, sem þeir hafa mátt án vera frá lífsnauðsynjum, til þess að borga með jarðarverðið.

Jeg skal nefna eitt af hinum mörgu dæmum, sem jeg þekki þessu til sönnunar.

Bóndi einn í Þingeyjarsýslu keypti ábúðarjörð sína, og bjó á henni eptir það í 20 ár; allan þann tíma byggði hann ekki eitt einasta bæjarhús, og var þó bærinn orðinn hrörlegur; en hann var að reita hvern skilding, sem hann gat án verið, til þess að afborga með jörðina, og svo dó hann, að jarðarverðið var eigi allt borgað, og bæjarhús flest að falli komin.

Jeg þekki líka jarðir, sem sjálfseignarbændur búa á, en eru svo illa setnar, að ef þeir hefðu verið leiguliðar, þá hefði þeim verið byggt út; þegar það heitir svo, að sumir búskussar eigi sjálfir ábúðarkot sitt, þá er ekki hægt viðgerðar, þó þeir niðurníði jarðirnar.

Sumir þjóðjarðakaupendur hafa orðið

að selja bráðlega jarðir sínar aptur vegna fjárskorts, svo að þeir hafa orðið leiguliðar privatmanna í stað þess að vera leiguliðar landssjóðs, og vona jeg, að menn játi, að eiginlega sjeu það ekki búnaðarbætur.

Þegar málið er skoðað með tilliti til landssjóðsins, hvort það muni vera hagur eða óhagur fyrir hann að selja þjóðjarðir sínar, þá mun sú verða niðurstaðan, að mikil líkindi sjeu til þess, að óhagur sje fyrir hann að selja jarðir sínar, eins og nú hagar til.

Búskapur og búnaðarframfarir er enn þá á lágu stigi, en vjer vonum að þessu fari fram ár af ári, svo að miklar framfarir verði komnar í búnaði eptir svo sem hálfa öld; þar af leiðandi verða jarðeignir bænda og landssjóðs miklu verðmeiri þá en þær eru nú. Mjer blöskrar að bera saman virðingargerðir á jörðum og húsum í kaupstöðum. Húskofar hjer í Reykjavík eru virtir á 2—3000 kr., eða jafnhátt og 20 hundraða jörð með öllum jarðarhúsum, sem í sjálfu sjer eru eins mikils virði og kaupstaðarhúsið. Þetta sýnir, að jarðeignir eru í allt of lágu verði, og að búskapur vor er á lágu stigi, eða kostnaður við hann svo mikill, að bændur þykjast ekki geta goldið mikla leigu eptir jarðarhúsin, haglendið og grasið á túnunum og engjunum.

Það er venjulegt, að 200 kr. leiga sje goldin eptir hvert af minni húsunum hjer í Reykjavík, en eptirgjald eptir 20 hundraða jörð er einatt ekki hærra en 90—100 kr. að kúgildaleigu meðtaldri. Á meðan svona stendur, sje jeg ekki, að leggjanda sje mikið kapp á það, að kasta frá sjer jarðeignum landssjóðs, þegar málið er skoðað frá hans hlið. Við þingmenn eru þó settir til að líta á hans hag.

Eins og jeg sagði í upphafi ræðu minnar, vil jeg að þjóðjarðir sjeu að svo stöddu ekki seldar öðrum leiguliðum en þeim, sem stórum hafa bætt ábúðarjörð sína, en alls ekki þeim, sem enga verðleika til þess hafa, eða sýnilegt er, að ekki geta haldið kaupinu nema lítinn áratíma, vegna fátæktar eða ómennsku.

Jeg þekki frá fyrri dögum, að þótt alltryggilega sje búið um virðingu jarða, þá hafa sumar þeirra þó verið næsta lágt metnar. Nýlega hefir þjóðjörð verið seld á vesturlandi, sem gefur af sjer 50—60 pd. af æðardún, fyrir 1500 kr. Yfir höfuð tel jeg rangt að selja hlunnindajarðir, einkum dúnjarðir, á meðan dúnninn er í svo lágu verði, því mjög er líklegt, að hann hækki aptur í verði t. d. þegar ástandið í Rússlandi batnar, eða móðar breytast.

Þessa dagana er verið að selja biskupshúsið gamla, svo kallað, hjer í bænum. fyrir 11,000 kr., sem er meira verð en Kaldaðarnesið var selt fyrir fám árum með öllum hjáleigunum og þeim mörgu hundruðum heyhesta, sem það gefur af sjer.

Svona er nú sem stendur verðið á höfuðbólum landsins, auk heldur kotum, í samanburði við timburhúsin, sem fúna á fáum áratugum.

Þótt jeg hafi mælt á móti þjóðjarðasölunni, þá hefir mjer ekki komið til hugar, að koma með breyt.till. í málinu, hvorki til 2. nje 3. umræðu; það er með þetta mál eins og löggildingarnar, að það mun ekki vera hægt að stöðva þann skoðanastraum að þessu sinni. En jeg vil biðja h. þingdm., að íhuga til næsta þings, hvort ekki muni vera rjett, að fara sjer dálítið hægra með þjóðjarðasöluna en gert hefir verið undanfarin ár, íhuga, hvort ekki sje rjett að hugsa dálítið meira um hag landssjóðs, allra helzt þar sem reynslan hefir sýnt, að það er opt ekki neinn hagur fyrir leiguliðann að kaupa ábúð-

arjörð sína; og engin veruleg vissa fyrir því, að margir af þeim, sem jarðirnar kaupa, bæti þær meir eptir en áður. Ef jeg ferðaðist með nokkrum þingmönnum um ókunnuga sveit, mundu þeir ekki geta sagt með vissu, hvort hjerna eða þarna búi eigandi eða leiguliði, þegar dæma á eptir útliti húsa og meðferð á jörðunni. Búskapurinn er ekki lengra kominn en svo.

Erfðalög vor eru líka svo, að þau gefa sáralitla tryggingu fyrir varanlegri sjálfsábúð, þar sem hver jörð getur skipzt milli erfingja í eins marga hluti og erfingjarnir eru margir.

Mig hefir furðað á því, að þeir sem mest hafa barizt fyrir þjóðjarðasölunni og lofað sjálfsábúðina, skuli ekki hafa borið fram breytingar á erfðalögunum.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) fáeinum orðum, þar sem hann beindist að þjóðjarðasölunni í heild sinni. Jeg er honum alveg ósamdóma í því, að það sje skaðleg eða gagnslaus stefna að selja þjóðjarðirnar. Jeg verð að álíta þessa stefnu mjög heppilega.

H. þm. Árn. (Tr. G.) vildi gjöra lítið úr því, að þjóðjarðasalan fjölgaði sjálfsábúð á landinu; þar sem jeg þekki til, hafa verið seldar ekki all-fáar þjóðjarðir, og það hefir verið hreinasta undantekning, ef nokkur annar hefir keypt þær en ábúendurnir, og jeg þekki varla dæmi þess, að á jörð, sem landssjóður hefir selt, búi aðrir en eigandinn. Það getur engum blandazt hugur um, hverja þýðingu það hafi fyrir landbúnaðinn og fyrir sjálfstæði bændastjettarinnar, að eiga sjálfir þá jörð, sem þeir búa á; þetta munu allir viðurkenna. Hins vegar álít jeg það ekki mögulegt, að tryggja það með þvingunar-ákvæðum í sölulögunum, að þessar jarðir skuli ávallt haldast í sjálfsábúð. Löggjafarvaldið hefir áður fyrri reynt að setja slíkar skorður við því, að kaupandi seldi undan sjer jörðina aptur. Í lögum um þjóðjarðasölu frá 8. nóv. 1883 er það tekið fram, að helmingur kaupverðsins megi standa í hinni seldu jörð, en landssjóður megi ekki segja upp láninu á meðan jörðin er í sjálfsábúð, og átti þetta að tryggja sjálfsábúðina; en það hefir eigi þótt verða að gagni, svo þessu er nú breytt þannig, að 1/4 jarðarverðsins skal greiða strax, en 3/4 verðsins á 28 árum með 6%. Þetta sýnir, að þingið hefir álitið þessi skilyrði sem sett voru í lögum 1883 þýðingarlaus, og sömu skoðunar er jeg.

H. þm. Árn. (Tr. G.) kvaðst þekkja dæmi þess að maður, sem keypt hefði landssjóðsjörð hefði dáið án þess, að geta byggt upp eitt einasta bæjarhús af því að allt sem honum hefði fjenazt hefði gengið til að borga jörðina. Þetta kann að vera satt, en sannar alls ekki neitt; það er ekki gott að fyrirbyggja það með lögum, að menn deyi áður en þeir eru búnir að borga jörðina, en kaupandinn hefir þó, og það tel jeg ekki minna vert, byggt jörðina undir fætur sjer og eptirkomendum sínum, ef jeg mætti svo að orði komast, þó ekki hafi hann getað hýst jörðina.

H. þm. Arn. (Tr. G.) tók það enn fremur fram, að óhyggilegt væri að selja þjóðjarðir nú sem stæði, þar eð þær væru í svo lágu verði, og tók til samanburðar húseignir hjer í Reykjavík. Jeg efast ekki um, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem einnig er bankastjóri, sje þessu mjög vel kunnugur, en mig furðar á því, að hann, svo glöggur maður á slíkt, skuli ekki hafa haft opið auga fyrir því, að hjer er tvennu alveg óliku saman að jafna. Jarðir eru ekki í lágu verði af því, að búskapurinu sje á svo lágu stigi eða að hann

sje svo dýr, heldur af því, að búskapurinn á svo illt með að framleiða peninga, en það gjörir markaðsleysið. (*Valtýr Guðmundsson*: Samgönguleysið). Þetta sjest bezt ef að ræktaður blettur hjer í Reykjavík er borinn saman við t. d. tún langt upp til sveita, sem gefur af sjer jafn-mikla töðu. Að það sje útsjón til að markaðir verði svo greiðir hjer á landi næsta fjórðung aldar, að veruleg breyting verði á þessu, það fæ jeg ekki sjeð, en auðvitað hækka jarðirnar smám saman í verði ef landið eyðist ekki að fólki af drepsóttum eða hallæri. Þetta gengur allt af svo og peningarnir lækka allt af í verði, en þetta þarf ekki að verða landssjóði neinn fjárhagslegur skaði. Selji landssjóður jarðeignirnar nú, þá er honum innanhandar, að gjöra peninga þá, er hann fær fyrir þær, arðberandi fyrir landið í heild sinni á enn betri hátt með því, að verja þeim í þau fyrirtæki, sem að gagni koma landinu, og við einmitt erum að brjótast í að koma fram. Jeg fæ því ekki sjeð, að þjóðjarðasalan sje neitt fjárhagslegt óráð. Jeg skal ekki tala neitt sjerstaklega um sölu á hlunnindajörðum, en þó skal jeg geta þess, að því er snertir varpjarðir, að dúnn er nú allt af lækka í verði, og ekkert útlit fyrir, að hann hækki aptur, því að bæði er það, að menn hafa nú komizt upp á það, að búa til dún, og svo er dúnn ekki talinn heppilegur frá heilsufræðislegu sjónarmiði. Annað mál er um selveiði eða laxveiði eða önnur hlunnindi, sem ekki er útlit fyrir, að lækki í verði.

Þegar nú á þetta er litið, að þjóðjarðasalan er til hagnaðar fyrir landbúnaðinn, og að landssjóður ekki bíður neinn halla við söluna, þá sje jeg ekki, hvað gæti mælt á móti henni.

Í þjóðjarðasölunefndinni kom það til tals, að innleiða erfðafestu á opinberum eignum, og álít jeg það í sjálfu sjer heppilegt. Með erfðafestu næst alveg hið sama sem með sjálfsábúð, að öðru leyti en því, að sá sem erfðafestu fær, verður að greiða víst árlegt afgjald. En jeg býst ekki við, að það geti orðið innleitt á þessu þingi, þar eð eigi er tími til þess.

Það var eitt atriði í ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sem jeg vildi minnast dálítið á, og það var um það, hvernig jarðir hlutast í sundur við erfðir eða sölu í marga parta. Jeg er honum alveg samdóma í því, að þetta sje mjög óheppilegt; það veldur opt miklum vafningum, og er gagnslítið fyrir búnaðinn í landinu, þegar ein jörð partast niður á milli 10—12 ábúanda.

Löggjafarvaldið gæti gripið inn í þetta á einhvern hátt, t. d. með því, að ákveða þann minnsta hluta, sem mætti ganga að erfðum í hlut, eða sem seljast mætti út af fyrir sig.

Eiríkur Gíslason: Það er út af brtill. á þingskj. 192, að jeg vildi leyfa mjer að segja fáein orð. Jeg fór fram á það við 2. umr. að verðið á jörð þeirri, sem hjer ræðir um, Gvendareyjum, væri fært niður úr 2700 kr. í 2500 kr. Jeg lýsti þá jörðinni svo, að hún væri nytjalítil sem landjörð og gæti naumast talizt betri en meðalsveitajörð hlynnindalaus, enda þó að hún hafi þau hlynnindi, sem jeg skýrði frá við 2. umræðu málsins að henni tilheyrðu. Þessi br.till. náði þá ekki fram að ganga. En nú hefi jeg komið með aðra br.till. sem fer fram á að verð jarðarinnar verði ákveðið 2600 kr., eða að eins fært niður um 100 kr. úr því, sem nefndin ákveður, og vona jeg að þetta hljóti betri byr hjá h. deild, jafnvel þótt h. framsögum. hafi lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hann gæti ekki fallizt á þessa niðurfærslu.

Ef söluverð jarðarinnar er ákveðið

2,600 kr., eins og jeg leyfi mjer að fara fram á í þessari breytingartill., þá eru ársvextir af þeirri upphæð 104 kr. eða rúmlega 20 kr. hærri en það eptirgjald er, sem nú er greitt eptir jörðina. Jeg hefi áður hjer í salnum sýnt fram á, að litlar eða eða engar líkur sjeu til, að jörð þessi verði framvegis byggð með hærri leigumála en þeim, er nú er á henni. Og það þarf alls eigi að gjöra ráð fyrir því, að unnt verði að færa fram eptirgjaldið, ef dúnn hækkar eigi í verði, en til þess eru litlar líkur að áliti verzlunarfróðra manna, eins og h. þm. V.Sk. (Guðl.G.) tók rjettilega fram í ræðu sinni. Jörð þessi er að nýju mati 14 hndr. og nokkrar álnir, og er þá hvert jarðarhundrað 185 kr. rúmar, ef breytingartillagan nær fram að ganga. Þetta virðist eigi vera lítið verð, þá er miðað er við jarðasölu yfir höfuð, og þess er jafnframt gætt, að jörðin hefir eigi meiri kosti en jeg er margbúinn að sýna fram á, enda vona jeg fastlega að allir, sem líta vilja sanngjarnlega á þetta, taki tillögu mína til greina og gefi henni atkvæði.

Jeg vil ekki að landssjóður bíði nokkurn halla við þjóðjarðasöluna, en jeg vil heldur ekki að beitt sje neinum ójöfnuði eða ósanngirni við kaupendurna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vona að eins að h. þingd. sjái að breyttill. hefir ekki við lítil rök að styðjast og leyfi henni fram að ganga.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi fyrst og fremst tala fáein orð um þetta mál frá mínu sjónarmiði með sjerstöku tilliti til breyttill., sem nefndin hefir komið með, og svo um þjóðjarðasöluna yfir höfuð frá almennu sjónarmiði. Viðvíkjandi breyttill. nefndarinnar á þskj. 230 við 7. lið í frv., þá var lík tillaga felld við 2. umr., sem fór fram á hækkun á jörðinni Húsavík í Strandasýslu úr 1000 kr. og upp í 1200 kr. Nú fer nefndin í þessari breyttill. fram á 1100 kr. Það er eðlilegt frá nefndarinnar sjónarmiði að hún komi með þessa breyttill., en það er nú mín sannfæring að allt hvað verðið fer fram úr 1000 kr. þá sje það ekki sala á jörðinni, heldur sala á verki ábúandans, sem nú hefir búið lengi á jörðinni og bætt hana. Jeg álít það því sanngjarnt að selja hana fyrir 1000 kr., en alls ekki meir. Annars skal jeg ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli. Jeg gat þess við 2. umr., að hinn núverandi leigumáli væri miklu lægri en sá sem verða mundi við næstu ábúendaskipti, og nú hefi jeg fengið upplýsingar þar að lútandi hjá endurskoðanda landsreikninganna. Hinn núverandi leigumáli er: 40 pd. smjörs og 80 álnir í landskuld, þar af 66⅔ ál. með 9 aura verðlagi og 13⅓ eptir meðalverði, eða að krónutali er leigumálinn nú að eins 36 kr. sem svarar til að eins 900 kr. verðs, með 4%, og þar sem þessi maður, sem hjer um ræðir, getur haft ábúðina lengi enn með þessum lága leigumála, þá sýnist mjer ekki ástæða til þess, að selja jörðina dýrari en á 1000 kr., eða 100 kr. dýrari en hún rentar sig nú, og það því síður, þar sem jeg er sannfærður um, að afgjaldshækkunin er að einhverju leyti miðuð við nýtilega ábúð þess, sem nú vill kaupa, og verður hann þá að kaupa sín eigin verk.

Að því nú er þjóðjarðasölu almennt snertir, þá skal jeg geta þess, þótt það ef til vill ekki verði skoðað alveg í samræmi við þess breyttill., að jeg er henni alveg mótfallinn. En sjeu þjóðjarðir seldar á annað borð, þá álít jeg að þær eigi að seljast með sanngjörnu verði.

Það er af mörgum ástæðum, að jeg tel þjóðjarðasöluna eitt hið mesta hörm-

ungaverk þingsins. Í fyrsta lagi veldur ókunnugleiki þingmanna því, að þeir við að ákveða jarðarverðin verða að fara eptir annara manna mati, mati sem stundum er ekki eins samvizkusamlegt og æskilegt væri, nje byggt á nægri þekkingu og sanngirni, og af því leiðir það, að verð það er þingið setur á jarðirnar er of hátt eða of lágt, og þegar verðið er of lágt vinnur þingið landssjóði til skaða, og það munu allir játa að er mjög ótilhlýðilegt, en sje verðið of hátt, þá eyðist sú vinna þingsins til einkis, því þá verður ekkert úr kaupunum. Jeg held jeg gæti bent á dæmi sem sannaði sögu mína í þessu tilliti. Jeg ímynda mjer að sumir í Strandasýslu mundu spaugast að því, og það ekki að ástæðulausu, ef þingið seldi nú Húsavík fyrir 1200 kr., í samanburði við jörð sem seld var í Strandasýslu af þinginu 1893. Þegar tvö þing hvort eptir annað fara svo að, að annað selur um 60 pd. dúnjörð fyrir 1500 kr., en hitt þingið hlunnindalausan landskika fyrir 1100 eða 1200 kr., þá er ekki að furða þótt mönnum blöskri.

Í öðru lagi eru þessi kaup opt leppuð, þannig að ábúandinn kaupir eigi jörðina sjálfur, heldur gengst fyrir kaupunum fyrir einhvern annan.

Í þriðja lagi næst ekki sá eini tilgangur, sem þjóðjarðasalan hefir, nefnil. lega sá að auka sjálfseignina í landinu, því að jarðirnar partast í sundur við erfðir og verða þannig margra eign í stað eins, og fá þarafleiðandi margfalt verri ábúð heldur en ef jarðirnar væru eign landssjóðs. Það fer líka opt svo eins og h. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, að kaupandinn deyr eða fer fallit áður en hann er búinn að borga jörðina, og afleiðingin af því verður sú, að ekkja hans og börn þurfa að hrekjast frá jörðinni, sem þau annars ekki þyrftu ef þau sæti í fastri ábúð landssjóðs.

Jeg held að það sje ekki heppilegt fyrir þingið að halda áfram í þessa stefnu. Það er ekki hægt, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gjörði, að bera saman verð á húseignum hjer í Reykjavík og jörðum til sveita, jeg skal játa það; en á hinn bóginn verð jeg líka að játa, að hús til sveita eru optast miklu meira virði en þau eru virt, og svo er það víst, að ef landið á nokkra framtíð fyrir höndum, og það munum vjer allir vona, þá stíga jarðeignir landsins í verði, sjerstaklega vegna aukinna og endurbættra samgangna, þá færast markaðirnir nær sveitabændunum og þá myndast nýir markaðir, sem gjöra það að verkum, að allar afurðir landbúnaðarins hljóta að stíga í verði og framleiðsla þeirra þar af leiðandi verða meiri, og hvorttveggja þetta hlýtur að auka verð allra jarða og þar á meðal landsjóðsjarða,og af þessu meðal annars er jarðasalan athugaverð frá sjónarmiði þingsins, sem er fjárráðandi landssjóðs. Það er athugavert fyrir þingið að breyta höfuðstól, sem væntanlega gefur hærri vexti síðar, í annan höfuðstól, sem maður veit með vissu, að vextir af munu ekki fara hækkandi, heldur þvert á móti. Það er ekki hægt að segja að slíkt sje hyggileg ráðsmennska. Einnig er það að athuga, að jarðirnar eru opt settar nokkuð hátt, því að þingmenn vilja ekki sleppa þeim nema fyrir fyllsta verð, og svo verður árangurinn sá, að helmingur af ábúendunum gengur ekki að kaupunum, og er þá þannig eytt til einkis tíma sýslunefndarinnar, umboðsmanns og alþingis. Hjer í þessu frv. eru t. d. jarðir, sem optar en einu sinni hafa verið fyrir þinginu áður.

Mín sannfæring er það, að einmitt

þetta þing hefði átt að taka fyrir þjóðjarðasöluna, en af því að menn út um landið voru ekki við því búnir, þá vildi jeg ekki fyrir mitt leyti láta hafa ábúendur þjóðjarða fyrir narra, en svo hefði mátt skoða það, þar sem undanfarin þing hafa alveg mótmælalaust samþykkt takmarkalausa þjóðjarðasölu, og þar af leiðandi gefið þessum mönnum, sem nú óska eptir að fá keypt ábýli sín, tilefni til þess að láta undirbúa söluna í hjeraði og vonir um, að hún gæti gengið fyrir sig, eins og að undanförnu; en nú getur þingið látið menn vita, að hjeðan af sjeu þjóðjarðir ekki falar. Jeg segi fyrir mig, jeg greiði ekki atkvæði með sölu þeirra aptur.

Af þeim ástæðum, sem jeg hef tekið fram, finnst mjer það ljóst, að þjóðjarðasalan er mjög óheppileg fyrir landið, og jeg ímynda mjer, að þingið fallist á það, þegar það gætir þessa:

1. Hve þingmenn eiga ervitt með að setja hæfilegt verð á jarðirnar.
2. Að opt kemur fyrir, að jarðakaupin eru leppuð.
3. Að einungis fáeinar af þeim jörðum, sem þingið lætur falar, eru keyptar þegar til kemur, og þar af leiðandi er eytt miklum tíma fyrir þinginu til einkis og um leið fje landssjóðs.
4. Að kaupendur landssjóðsjarða verða opt að hleypa sjer í stórskuldir fyrir jarðakaupin, og deyja svo frá skuldasúpunni, svo að ekkja og börn verða fyrir það að hrekjast af jörðunni, sem þau hefðu getað setið á með ró, ef landssjóður hefði átt hana.
5. Að vegna erfðalaganna er sjálfseignin mjög stopul, og það sem verst er, að bændaeignir skiptast opt í marga parta við fráfall eigendanna, ekki einungis að því er eign snertir, heldur líka ábúð, sem er nýtum landbúskap til hins mesta niðurdreps, en það kemur ekki fyrir á landssjóðsjörðum; og
6. Að miklar líkur eru til þess, að jarðir hækki í verði og að jarðeignir landssjóðs gefi meiri tekjur í framtíðinni en þær gjöra nú.

Þetta síðasta atriði er líka í fullu samræmi við álit nefndarinnar, þar sem hún vill hækka verð jarðarinnar Húsavíkur upp í 1200 kr., af því hún vonast eptir, að hún muni stíga í verði.

Eitt er það, að ábúðarkjör á landssjóðsjörðum eru þau beztu, sem leiguliðar eiga nú kost á. Jeg álít að þau kjör, sem leiguliðar hafa á bændaeign, sjeu hin verstu opt og tíðum, og ef eigendurnir eru ráðríkir bændur, þá geta þeir verið hinir verstu kúgarar.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) o. fl. þm. hafa minnzt á erfðafestu í sambandi við þetta mál. Sjerstaklega var það þessi h. þm., sem jeg nefndi, er skýrði greinilega frá, hvernig þær erfðafestureglur væru, sem hann þekkti að væru nú tíðkaðar hjer í Rvík og víðar hjer í grendinni, og eptir því sem hann skýrði frá, eiga þær reglur lítið skylt við byggingarreglur jarða, heldur má það heita bein sala fyrir ákveðið verð, þar sem þessi rjettur getur ekki að eins gengið að erfðum fram í það óendanlega, heldur einnig kaupum og sölum, og getur því í framtíðinni orðið fyrir hinni skaðlegu sundurskiptingu við erfðir, og jafnvel eins þegar erfðafesturjetturinn er seldur. Frá landssjóðsins sjónarmiði skoðað sje jeg enga minnstu ástæðu til þess, að breyta söluskilmálum á landssjóðsjörðum í þannig lagaða sölu, því með því er alveg loku skotið fyrir það, að landssjóður geti nokkurn tíma fengið hærri leigu af jörðum sínum en hann nú hefur, og á hinn bóginn sje jeg ekki nauðsyn til þess, að

fara svo langt í þessu efni, þegar jeg lít á það frá sjónarmiði ábúenda þjóðjarðanna. Jeg tók það áðan fram, að byggingarskilmálar þeir, er nú væru settir fyrir þjóðjarðir, væru þeir beztu sem leiguliðar ættu nú kost á, þar sem væri lífstíðarábúð fyrir hvert hjóna, er lengur lifði, og alltaf með sama leigumála, hve mikið sem jörðin batnaði og af hvaða ástæðum sem væri, og ef við þessa kosti væri því svo bætt, að byggingarrjetturinn skyldi með sömu kjörum ganga til einhvers afkomandans og það svo koll af kolli, beint fram í ættina, meðan einhver einn afkomandi þess leiguliða væri til, sem þannig löguð kjör hefði fengið, og sem jafnframt vildi og gæti notað sjer þennan rjett, þá verð jeg að álíta, að hvötin til þess að vilja kaupa sje með öllu horfin, og jeg get ekki skilið, að ábúendur þjóðjarða mundu þá óska eptir kaupum, þó þeir ættu kost á þeim, jafnvel þó þeir ekki hefðu leyfi til þess að selja þennan rjett hverjum sem þeir vildu.

Þrátt fyrir þessa kosti væri þó ekki horfin vonin um, að landssjóður hefði meira upp úr jarðeignum sínum í framtíðinni en hann gjörir nú, af því að búast má við, að ættir geti slitnað, svo að landssjóður fái fyr eður síðar sín fullu yfirráð yfir jörðum sínum, og um leið þann eignaauka, sem leitt hefir af langri og góðri ábúð þeirra, sem frá fara, og sem er afleiðing þeirrar vonar, er þeir höfðu um eigin hagsmuni af endurbótum sínum. Enn fremur má búast við, að einstöku ábúendur sleppi rjetti sínum fríviljuglega, af því þeir fari til annara landa, eða breyti svo stöðu sinni á einhvern hátt, að þeir geti ekki haldið í ábúðarrjettinn lengur, og þá álít jeg einnig, að landssjóður sje vel kominn að þeim endurbótum, sem honum á þann hátt kann að hlotnast.

Jeg sem sagt álít ekki nauðsynlegt, að þingið, þó það hætti þjóðjarðasölunni, eins og hún er nú, að það taki upp erfðafestureglur þær, sem gilda eða eru tíðkaðar hjer í Reykjavík, þegar óræktuð holt og hrjóstur er selt á erfðafestu, heldur að eins á líkan hátt og jeg hefi nú bent á, og skyldi jeg vera mjög þakklátur þeim þingm., sem kæmu með frumv. í þessa átt, enda þótt það gæti ekki orðið að lögum á þessu þingi.

Þórður Guðmundsson: Það vill svo vel til, að jeg þarf ekki að mæla með neinni breyt. í þessu máli, því að í mínu kjördæmi er svo gott sem engin þjóðjörð. Jeg skal strax geta þess, að jeg er á annari skoðun en þeir, sem álíta þjóðjarðasöluna óheppilega. Og satt að segja skil jeg ekki í ræðu h. varaforseta (Tr. G.), að hún skyldi koma fram við 3. umr., því að mjer fannst hún eiga miklu betur við 1. umr. Hið sama verð jeg að segja um ræðu h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), og skil jeg ekki, að slík orð skyldu koma frá þeim, sem báðir hafa verið bændur; annar þeirra hefir að minnsta kosti verið bóndi, og hinn er það. Það hefir löngum verið talið, að sjálfseign væri hið bezta meðal til eflingar á hag bóndans, og þá alls landsins. Hver bóndi viðurkennir, að það sje ekki lítið í það varið, að vita, að hann vinnur sín verk fyrir sig sjálfan og ekki fyrir aðra. H. varaforseti (Tr. G.) tók það fram meðal annars, að margar af landssjóðsjörðum væru illa setnar, og ætti því að bíða, unz ábúendurnir hefðu bætt þær að einhverju. Jeg álít, og segi það, þó að það kannske þyki sterkt til orða tekið, að þetta sje að níðast á ábúendunum. Það getur verið margur maður, sem ver öllum sínum kröptum og fje til að rækta jörð þá sem hann býr á, en þá segir þingið við hann þegar hann er búinn að því: Góður-

inn minn, þú mátt eyða kröptum þínum í að bæta jörðina, en ef þú vilt kaupa hana, þá geturðu fengið hana, en dýr verður hún, því nú er hún orðin svo mikils virði. Þetta kalla jeg ekki sem heppilegastan hugsunarhátt, því að ef þingið eftir hag landsmanna á einhvern hátt, þá eftir það undir eins hag landssjóðs. Það er sannarlega ekki heppilegt, þegar svona lagaður hugsunarháttar kemur í ljós hjá bændum.

Jeg skal játa, að þeir þingm. hafa rjett fyrir sjer, er segja að sundurskipting jarða sje stórt mein, og að þaðan sje sprottin ein hin versta plága landsins: fátækraskatturinn, en jeg vildi að það yrði takmarkað með lögum af löggjafarþingi Íslands. Og jeg fyrir mitt leyti vil óska þess, að svo lengi sem jeg sit á þingi, að jeg greiði þá atkvæði mitt með því, að bændum verði gefinn kostur á að fá landssjóðsjarðir keyptar. H. þm. Strand. (Guðj. G.), gerði mikið úr tímanum, sem færi í matsgjörðirnar; þetta þykir mjer heldur ljettvæg ástæða; jeg sje eigi betur, en meiri tími fari í að ná inn gjöldum af landssjóðsjörðum, og laun þau, sem fara til þeirra manna, sem kallast umboðsmenn, draga ekki lítið frá tekjum landssjóðs.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en að eins geta þess, að svona lagaðar umr. hefðu átt að fara fram við 1. umr. þessa máls, því að þar áttu þær betur við en við 3. umr., þar þetta er princip-spursmál.

Jens Pálsson: Sem einn af nefndarmönnum í nefnd þeirri, sem hafði þetta mál til meðferðar, skal jeg játa, að jeg átti í miklu stríði við sjálfan mig, hvort jeg ætti í þetta skipti að fylgja gamalli venju og þeirri stefnu, er hingað til hefir verið fylgt á þinginu, eða skilja við meðnefndarmenn mína og vera í minni hluta; jeg rjeðst samt í að fylgja venjunni og nefndinni, sakir þess, að allir, sem hlut áttu að máli, hafa skoðað sjer þann veg opinn; og jeg get ekki sjeð annað en það sje hart, að loka þeim vegi að óvörum og allt í einu, og eins og þverhöggva fyrir þær vonir, sem ábúendur landssjóðsjarða hafa alið í brjósti sjer, og haft ástæðu til að ala til þessa tíma, samkvæmt stefnu fyrri þinga, er seld hefir verið hver jörð, sem ábúandi hafa vildi.

Jeg lýsti því á síðasta þingi, að jeg áliti svona takmarkalausa þjóðjarðasölu mjög varhugaverða fyrir landssjóð og hag alls landsins. Mjer þótti því mjög vænt um, þegar h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) reis upp og talaði gegn henni eins vel og rækilega og honum fórst það í mörgu tilliti, og af því að hann og h. þm. Strandam. (Guðj. G.) hafa tekið svo margt fram skýrt og greinilega, þá þarf jeg ekki að vera langorður.

Það er fullsatt, að jarðir hjer á landi eru í svo lágu verði nú, að undrum sætir. Smájörð, sem ekki er vandræðagripur, getur þó lítil sje framfleytt lítilli familíu sómasamlega; slík jörð er metin þetta 800—1000 kr. eða litlu meira en 2 sexmannaför. Þetta hlýtur að breytast innan skamms; jarðir hjer á landi hljóta að hækka í verði; jeg byggi ekki þá skoðun mína á því, að afurðir jarðanna hækki svo mjög í verði eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) gerði; jeg ímynda mjer að verðhækkun verði ekki almenn á öllum eða flestum jarðarafurðum, heldur í hæsta lagi nái til einstakra afurða, og orsakist af því, að mönnum lærist að fara betur með hlutina, lærist að verka fiskinn og hreinsa smjörið betur. Eg byggi mína skoðun um verðhækkun jarða á allt öðru. Jarðyrkjan er enn sem komið er á tiltölulega mjög lágu stigi, menn sjá þetta æ betur og betur, og sá tími kem-

ur, þegar þeir skipta um búskaparlag, læra að brúka plóg og herfi, læra að beita meira hestakraptinum, að þá fyrst fara jarðirnar að hækka í verði, að jeg ekki tali um þegar menn hætta að hungurfóðra og fella úr hor, en sjá sjer fært að ala fjenaðinn, og sjá hagnaðinn mestan í sem beztri meðferð hans. Ef búnaðurinn breytist í þessa átt, þá á eg von á, að jarðirnar fari að hækka í verði, og þá verður það augljóst, hvort það er góð ráðsmennska af alþingi, að kasta jörðunum út svona takmarkalaust. Jeg játa, að þetta vakir sterklega fyrir mjer, enda hef jeg gert mitt til, að halda jörðunum í svo háu verði, sem eg álít forsvaranlegt.

En aðal-annmarkinn við þjóðjarðasöluna, sem líka hefir verið minnzt á, er þó sá, að engin trygging er fyrir, að sjálfseignarábúð aukizt í landinu fyrir hana. H. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) gerði svo mikið úr því, að sjálfseignarábúð ykist við þjóðjarðasöluna, að hann áleit það vítavert, að menn úr bændaflokki skyldu vera móti henni. En það er heimtandi að menn gangi svo langt í hugsun sinni, að ætla ekki, að þótt maður kaupi ábúðarjörð sína, þá sje það þess vegna víst, að sá hinn sami eða niðjar hans haldi jörðinni til langframa í eign og ábúð. Mjer detta í hug 2 hendingar úr gamalli vísu:

»Þó komst ekki' í þriðja lið
Þorleifs lögmanns auður«.

Maður sjer og veit, hve skamman tíma jarðir haldast í ættum, og má mörgu um það kenna, einkum og sjer í lagi fallvaltleik búnaðarins, meðan hann er rekinn á þann frumbýlingsbátt, sem nú, þar sem lítil áherzla er lögð á nóga fóðurtryggingu.

En svo er það hið þriðja, sem er mjög athugavert við þjóðjarðasöluna: að ekki er leitt í lög, að andvirði jarða verði ekki eyðslufje; það getur farið svo auðvitað, þótt það renni svona inn í landssjóð, að sú gætni verði jafnan viðhöfð, að því ekki verði eytt til miður þarflegra fyrirtækja, eða lítt arðsamra; en öruggara væri, að safna andvirði jarðanna í sjerstakan sjóð; þá mundu menn hafa miklu sterkari gætur á, að því yrði ekki eytt að nauðsynjalausu. En væri höfuðstólnum aldrei eytt, þá hefði maður þó alla daga rentur af honum, og fjeð allt af varanlegt og í hendi sjer. Jeg held að tími sje kominn til, að hrinda málinu á annan rekspöl. Jeg sje ekki að það sje nema um tvo vegi að velja: Annar, að tryggja með lögum, að þær jarðir sem landssjóður lætur af hendi, verði um aldur og æfi í eign ábúanda. Slík lög verða óhagkvæm, og þó að þetta fyrirkomulag sje hugsanlegt, þá er þó annað ráð til bæði heppilegra og sanngjarnara: erfðafestan, vegna þess, að þar með er tvennu náð: 1. að landssjóður hefir ævinlega fasta vexti af innstæðunni, og 2. að bændur hafa jafnan rjett yfir ábúðarjörðum sínum, landssjóðsjörðunum, sem þær væru þeirra eign, og þar með hvöt til að vinna að jarðabótum, því að jörðin hækkar í verði, eptir því sem hún er meira bætt.

Þessu var hreyft á þingmálafundi í Dalasýslu, og mjer er óhætt að segja, að ef allir eða þó að ekki væri nema helmingur landsmanna hefðu íhugað það jafn-rækilega, þá hefði jeg ekki hugsað mig lengi um, að flytja á þessu þingi frumv. í þessa átt, en það hefir dregið úr mjer, að meiri hluti landsmanna hefir ekki áttað sig á þessu enn þá. Jeg álít samt heppilegt, að lög í þessa átt verði borin upp á þessu þingi, þó þau verði ekki útrædd, því að það verður til þess, að landsmenn fara að hugsa um málið.

Það er enn eitt atriði þessu máli við-

víkjandi, sem jeg skal fara orðum um. H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) áleit lífstíðarábúð mjög mikils virði, og þegar ekkjan auk þess fengi að sitja á jörðinni eptir mann sinn, þá væri það svo mikilsvert, að það væri engin ástæða til fyrir bændur, að kaupa ábúðarjarðir sínar. Þessu get jeg ekki verið samþykkur, vegna þess, að þó ábúandinn hefði rjett til þess, að búa á ábúðarjörð sinni alla æfi, þá hefir hann bak við eyrað, að hann getur kallazt burtu á hverri stundu, og það er ekki víst, að ekkjan hans vilji búa á jörðinni eptir hans dag, — svo að það er ekki mikil hvöt fyrir hann til þess, að leggja krapta sína í, að bæta jörðina, en það er einmitt lífsspursmál fyrir landbúnaðinn íslenzka.

Samt sem áður, þó að mín afstaða til málsins sje svona, þá hefi jeg þó yfirgnæfandi ástæður til þess, að setja mig ekki á móti því, að þessar jarðir verði gerðar falar, af þeirri ástæðu sem jeg þegar hef tekið fram. Jeg get vel tekið undir með h. þm. Strand. (Guðj. G.), að óánægjan með þessa stefnu, sem þingið hefur fylgt í þjóðjarðasölu, hefir þroskazt svo mjög í brjósti mínu, að jeg mun tæpast fylgja straumnum hjer eptir.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal ekki bæta miklu við það, sem jeg hef áður sagt, af því að umræður um þetta mál eru orðnar svo langar.

H. 2. þingm. Rangæinga (Þórður G.) hefir misskilið mig, þar sem hann áleit, að jeg vildi níðast á góðum ábúendum þjóðjarða, þar sem jeg vildi ekki gefa þeim kost á, að njóta verka sinna. Jeg sagði einmitt hið gagnstæða því er h. þingm. kvað mig sagt hafa; jeg talaði um, að jeg áliti það sanngjarnt, að sá leiguliði, sem hefði mikið bætt þjóðjörð þá, sem hann lengi hefði búið á, ætti kost á að fá hana keypta, svo hann og hans erfingjar fengu að njóta verka hans, en takmarkalausri þjóðjarðasölu væri jeg mótfallinn. Því eins og nú stæði á í landinu, þá væru jarðir í svo lágu verði í samanburði við húsaverð í kaupstöðum, að ekki væri rjett að kasta þeim út nema þegar gildar ástæður væru til þess. — Þetta voru mín orð; og hitt sagði jeg líka, að jarðirnar mundu batna eptir því, sem lengur liði á, og því skaði fyrir landssjóð, að selja þær nú.

H. þm. Rangæinga (Þórður G.) furðaði sig á, að jeg, sem hefði verið bóndi, skyldi hafa þá skoðun, að það hefði ekki svo mikið að segja, að vera sjálfseignarbóndi. Úr því verið er að tala um mína persónu, þá skal jeg geta þess, að þau 14 ár, sem jeg bjó, var jeg á jörð, sem annar átti, en svo átti jeg aðra jörð í sömu sveitinni; á báðum þessum jörðum voru bæjarhús byggð því nær öll upp að nýju, og yfir höfuð setnar svo, að eigi var mikið betur gjört á öðrum jörðum í þeirri sveit þann tíma, þótt sjálfseignarbændur væru. Það er opt ekki undir því komið, hvort ábúandinn er leiguliði eða sjálfseignarbóndi, hvernig jörðin er setin, heldur undir hugsunarhætti þess, sem á henni býr.

Ef þjóðjarðasölunni heldur áfram á þingi eins og hingað til, þá fer svo á endanum, að allar beztu jarðirnar eru seldar, og að eins kotin verða eptir — því eðlilega sækjast menn eptir, að eignast beztu jarðirnar, en þegar svo er komið, að beztu jarðirnar eru seldar, svo landssjóður situr eptir með kotin og horjarðaskrokkana, þá verður sú landseign eigi gróðavænleg eða skemmtileg.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg þarf ekki að deila mörgum orðum við h. 1.

þm. Árn. (Tr. G.), samþingismann minn; jeg hef heyrt hann halda þessari skoðun sinni fram áður, og átt orðastað við hann út af því, bæði hjer á þingi og annarsstaðar, því að jeg er á gagnstæðri skoðun algerlega og hann í þessu máli; þar erum við aldeilis ekki sammála.

Hann vildi nú sem áður ekki selja jarðirnar af því, að þær tækju umbótum, og væru í meira verði, því lengur sem liði. En jarðirnar hækka ekki í verði, nema þær sjeu vel setnar, nema lagt sje í þær fje og kraptar, og hvaðan kemur það fje og kraptar nema frá ábúendunum? — Það er í stuttu máli að selja annara verk, það er að selja eptirkomendunum blóðdropa forfeðranna, að vilja ekki selja af því, að menn dæju, það er sama sem engin ástæða. En jeg er líka viss um, að enginn vildi kaupa landssjóðsjarðir, ef þær væru leigðar með þeim skilyrðum, að menn skyldu aldrei deyja, að ábúendurnir fengju að búa á þeim óendanlega æfi. Það mundi þykja í mesta máta ófrjálslegt og apturför af þinginu, að hætta nú allt í einu við þjóðjarðasöluna, þegar það hefir selt flestallar jarðir hingað til, sem menn hafa falað.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) minntist á erfðalögin og fann ýmislegt að þeim sjerstaklega vegna þess, að af þeim leiddi sundurskipting jarða. En það er ekki rjett að taka af þjóðjarðasöluna þess vegna, heldur ætti að semja ný lög, sem hindruðu þetta, það er, sundurskipti jarða eða erfðir. Það er eitt atriði sem stendur í nánu sambandi við þetta mál, það eru byggingarskilmálar jarða. Leigumálar landssjóðsjarða eru víst betri en prívatmenn almennt gefa leiguliðum; prestar ættu líka að geta byggt kirkjujarðir upp á óákveðinn tíma. En það mun all-títt, að leigumálinn er færður upp við ábúandaskipti, einkum ef nýir prestar koma í braud.

Jeg er samdóma h. þm. Strandam. (Guðj. Guðl.) um það, að byggingarskilmálar einstakra manna eru hinir verstu opt og tíðum, sjerstaklega að því leyti, hvað ábúðartíminn er opt takmarkaður; þegar einstakir menn fara að safna jörðum, þá er það ekki gert í þeim tilgangi, að þeir menn hafi almennt gagn fyrir augum, heldur sjálfs síns hag, og til að geta drottnað yfir öðrum.

Það getur sjálfsagt komið fyrir, að ábúendur eru leppar, eða sjeu hafðir fyrir leppa, þegar um jarðakaup er að ræða, en það eru undantekningarnar, og slík einstök dæmi ættu ekki að hindra þjóðjarðasöluna.

Jeg álít að sá bóndi, sem sækist eptir að verða sjálfseignarbóndi, sem leggur sig fram til að eignast jörðina, sem hann býr á, sje líklegur til að verða sjálfstæðari og uppbyggilegri í mannfjelaginu, heldur enn hinn, sem aldrei hugsar um annað eða hærra en svo, að vera öðrum háður sem leiguliði alla æfi, því að það er tvennt ólíkt, að eiga sjálfur hlut, sem maður þarf að brúka, og að þurfa að leigja hann.

Fyrsta meðal til eyðileggingar jarða og að hindra jarðabætur bænda er, að byggja þeim jarðir upp á eitt til 2 ár eða eptir því sem um semur. Það mun alltítt, að það er tekið svo til orða í byggingarbrjefum, og svo er viðkomanda sagt upp ábúðinni eptir kannske 1 ár. Það er áreiðanlegt, að það er gert, og það er landsyfirrjettardómur til fyrir því, að það sje rjett, að byggja útbyggingu á því orði: svo lengi sem um semur.

H. þm. Dal. (J. P.) taldi þjóðjarðasöluna viðsjárverða vegna þess, að jarðir hjer á landi væru í mjög lágu verði og að þær hækkuðu í verði við það, að ný

og betri verkfæri flyttust inn og yrðu meir notuð. En er nokkuð að því? Eigum við að fara að selja þeim það, þó að einhver framför verði í einhverju tilliti? Jeg vona nú, að svo verði, að betri og meiri þekking í jarðabótum og meiri dugnaður í því efni vaxi í landinu. En er nokkur ástæða til, að hætta við þjóðjarðasöluna af því, að jarðir hækki í verði fyrir jarðabætur og dugnað bænda? En jarðabætur hverfa ekki burt úr landinu, og það ætti að gleðja oss alla, að bændur í framtíðinni gangi dálítið óþreyttari heim frá verkum á kveldin en þeir hafa orðið að ganga um margar aldir og beri meira frá borði.

Jeg vil lýsa því að endingu, að það er álit mitt, að ekki sje rjett af þinginu að aftaka þjóðjarðasöluna, nema að það setji eitthvað annað hentugt í staðinn, sem miðar til framfara.

Það var h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem kallaði þjóðjarðasöluna neyðarsölu, en það hygg jeg óþarflega stórt orð; annað mál er það, að hjer mætti eitthvað breyta til.

Þórður Thoroddsen: Það voru sjerstaklega ástæður h. þm. Strand. (Guðj. G.) móti þjóðjarðasölunni, sem jeg vildi gjöra að umtalsefni. Jeg tek þær helzt fyrir, af því að mjer fannst hann setja ástæður sínar greinilegast fram.

Hann sagði, að þjóðjarðasalan væri yfir höfuð að tala hörmungasala, en jeg verð aptur á móti að leyfa mjer að segja, að mjer finnst þjóðjarðaeignin vera hörmungaeign fyrir landssjóð. Það þarf ekki annað en líta á landsreikningana fyrir 1892 og 1893 til að sannfærast um, að þessi skoðun mín sje á rökum byggð.

Eptir þessum reikningum má sjá, að bruttótekjur af öllum landssjóðsjörðum eru um 39,000 kr., en nettótekjurnar um 28,000 kr. Umboðskostnaður og annar kostnaður og útgjöld við þessar eignir er þá rúmar 10,000 kr. Með öðrum orðum: það er 1/4 af öllum bruttótekjunum af landssjóðsjörðunum, sem gengur í kostnað við að ná tekjunum inn og í önnur gjöld. En svo er ekki þar með búið, því að 1/4 af nettótekjunum kemur aldrei inn í landssjóðinn, stendur úti ógoldið, og svona gengur það ár frá ári. Þannig er í árslok 1892 úti standandi af tekjunum 7 1/2 þúsund kr., og af 27,000 kr. nettótekjunum árið 1893 eru útistandandi nær 7000 kr. Jeg ímynda mjer, að ef h. þm. sjálfur ætti jörð, þá gerði hann sig ekki ánægðan með svona lagaðar tekjur af henni. Þegar öllu er á botninn hvolft, fær landssjóður ekki meira en 2—3 % nettó af tekjum þessara eigna sinna, og gott ef svo mikið borgast inn árlega af þessum landssjóðseignum.

Þá hafði h. þm. (Guðj. G.) það sem ástæðu móti þjóðjarðasölunni, að þingmenn væru yfir höfuð ókunnugir jörðunum og salan færi því fram af handahófi. Jeg skal játa það, að jeg fyrir mitt leyti þekki ekki eina einustu af jörðum þeim, sem hjer ræðir um að selja, svo að þessi ástæða hans er að því leyti rjett, að því er mig snertir. En jeg geng út frá því, að ef landssjóður fær 4 % af peningum þeim, sem hann fær fyrir jarðirnar, þá sje hag hans vel borgið, þá get jeg verið ánægður fyrir hans hönd, og vil það heldur en þær 2—3 %, sem hann fær nú af tekjum jarðanna.

Jeg vil þess vegna þegar af þeirri ástæðu, að landssjóðsjarðir sjeu seldar, eins og gert hefir verið að undanförnu, nema, ef vera skyldi, einhverjar sjerlegar vildisjarðir eða jarðir, sem fyrirsjáanlegt er, að muni hækka bráðlega í verði.

Þá var það ein ástæðan móti þjóðjarðasölunni, að líklegt væri, að jarð-

irnar mundu yfir höfuð hækka í verði síðar meir. Það getur vel verið, en hjer til er því að svara í fyrsta lagi, að allt fer með svo hægum fetum áfram hjer á landi, að gera má ráð fyrir, að jarðirnar hækki ekki að mun fyrstu 10—20 árin, segjum fyrstu 50 árin; og eptir því, að þó jarðirnar aldrei nema hækki í verði, hvaða skaði er þá í því? Það var tekið fram undir umræðunum um eimskipið, að þó samkeppni yrði við það, þá væri það enginn skaði í sjálfu sjer, því samkeppnin kæmi þá landsmönnum sjálfum í hag. Sama má segja um landssjóðsjarðirnar, ef þær hækka í verði, þá lendir arðurinn af hækkuninni í landinu sjálfu, og arðurinn kemur þá landsmönnum, eigendum jarðanna, og þar af leiðandi einnig landssjóði, í hag, að minnsta kosti óbeinlínis.

Þá hefir það verið tekið fram, að sjálfsábúð mundi ekki verða meiri í landinu og ábúð ekki batna með þjóðjarðasölunni, og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók dæmi af jörð, þar sem sjálfsábúð hefði ekki orðið langvinn. Út af þessu skal jeg taka það fram og benda h. þingdm. á, að sjálfsábúð yfir höfuð að tala er mjög sjaldgæf langt fram í liðu hjer á landi. Það háttar svo til hjer á landi, að jarðir ganga ekki langt fram í liði sem sjálfseignir. Því er svo varið með allar jarðir, ekki fremur landssjóðsjarðir en aðrar jarðir. Þó vjer þess vegna biðum með þjóðjarðasöluna, þá getum vjer ekki með því tryggt sjálfsábúð í landinu fremur en nú tíðkast. Til þess þarf meira kapital inn í landið en nú er þar.

Loks hefir það verið tekið fram móti þessu máli, að til undirbúnings þjóðjarðasölunni væri sóað svo og svo miklum tíma, bæði heima í sveitunum og hjer á þinginu, og að tíminn væri peningar. Þetta er nú einkisverð mótbára. En tökum hana gilda. Ætli það mætti þá ekki koma með aðra jafngilda á móti? Eða má jeg spyrja: skyldi ekki ganga eins mikill tími og kostnaður í að endurskoða og færa alla þá reikninga, er lúta að þessum þjóðeignum, og til að skrifa öll þau brjef, sem skrifa þarf til að innheimta gjöldin af þessum jörðum, að öllu öðru umstangi slepptu?

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, vona jeg að sje ljóst, að jeg er með þjóðjarðasölu. Jeg vil ekki hafa hana takmarkaða, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), heldur ótakmarkaða. Jeg vil, að hver ábúandi geti fengið ábýlisjörð sína keypta, fyrir sanngjarnt verð, þegar hann óskar þess eða ef hann óskar þess. Jeg þykist sannfærður um, að landssjóður biði ekki óhag af slíku, landsmönnum sje það til góðs og jörðunum sjálfum fyrir beztu, og, að kaupin verði ekki til ills eða vanbrúkuð, nema kannske í einstökum tilfellum, sem engin áhrif á að hafa og getur ekki haft á þjóðjarðasöluna í heild sinni.

Klemens Jónsson: Jeg stend upp af því að jeg hefi leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frumv., sem jeg hingað til ekki hefi komizt að að tala um vegna hinna löngu ræða, sem haldnar hafa verið um þjóðjarðasölumálið í heild sinni, en sem hefðu átt betur við við 1. umr. málsins.

Tillaga mín fer fram á að færa lítið eitt niður verðið á tveimur jörðum. Jeg kom fram með breyt.till. við 2. umr. um að færa verð það, sem nefndin hafði stungið upp á á þessum tveimur jörðum, nokkuð niður, en sú tillaga fjell með litlum atkvæðamun. Þar sem jeg nú á þingskjali 192 fer fram á minni niðurfærslu en áður, vona jeg að hún verði samþykkt.

Jeg sting upp á því, að söluverð Þverár í Skriðuhreppi verði fært niður

úr 3200 kr. í 3100 kr. og vona að sú niðurfærsla verði því fremur samþykkt, sem mjer heyrðist h. framsögum. (Ól. Br.) segja, að nefndin gjörði hana ekki að neinu kappsmáli. En að því er snertir tillögu mína um að færa jörðina Hlaði undir 22. tölul. í 1. gr. frv. úr 2100 kr. niður í 1900 kr., þá er hún gjörð með samráði við h. framsögum. (Ó. Br.) sjálfan, sem sagði mjer utanþings, að nefndin mundi geta gengið að þeirri niðurfærslu. Mjer þótti þess vegna mjög kynlegt þegar jeg sá á þingskjali 230, að nefndin kom með þá tillögu að færa þessa jörð að eins niður í 2000 kr. Eins og jeg tók fram við 2. umr. liggur jörðin Hlaðir undir skemmdum, svo jeg vona, að tillaga mín fái góðan byr í h. þingd. Jeg sje heldur ekki að það sje nokkur meining af þinginu, að heimta meira fyrir jörðina en hún er verð.

Guðjón Guðlaugsson: Áður en h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) tók til máls, var jeg búinn að hugsa mjer að leiðrjettta misskilning á orðum mínum, sem kom fram í ræðu h. þm. Dal. (J. P.), sem þó er á sama máli og jeg um þjóðjarðasölurna. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að eptir þeim kjörum, sem leiguliðar landssjóðsjarða hefðu, væri engin ástæða fyrir þá að falast eptir kaupum á jörðunum. Þetta sagði jeg ekki, heldur það, að af því að kjör landssjóðsleiguliða væri betri en kjör annara leiguliða, og ef svo þar við bættist, að ábúðin gengi í erfðir, þá hyrfi að mínu áliti öll ástæða fyrir leiguliða til að fá landssjóðsjarðir keyptar.

Af því umr. eru þegar orðnar langar og forseti hefir skorað á menn að vera stuttorða, þá skal jeg ekki svara öllu, sem h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) tók fram í ræðu sinni með þjóðjarðarsölunni. En stutta athugasemd vildi jeg þó gjöra við tölur, sem hann nefndi. Þær 10000 kr., sem hann sagði að drægjust frá tekjunum af landssjóðsjörðum, taldi hann kostnað við þjóðjarðaeignina, en það er ekki svo, heldur er það að eins umboðslaunin, sem eru kostnaður við eignarhaldið. En það getur verið ýmislegt annað, sem hleypir fram þeirri upphæð, sem dregst frá tekjunum, t. d. skemmdir á jörðum og þess konar. Aptur ef landssjóður selur þær jarðir, sem prestsmata er tekin af, þá er hún dregin frá söluverðinu. Eins er ef jarðir eru seldar, sem hafa orðið fyrir skemmdum; þá verður landssjóður að taka þátt í þeim, og selja jarðirnar þeim mun lægra.

Þegar jeg nefndi tímann, sem eyddist við þjóðjarðasöluna, þá var það tími þingsins, sem jeg átti við, því jeg tel honum þá eytt til óþarfa. Þar á móti átti jeg ekki við þann tíma, sem embættismenn þurfa til að skrifa brjef út af þjóðjarðasölunni, því ekki mundu lækka laun þeirra fyrir það, þó þjóðjarðirnar yrðu seldar.

Jeg skal sjerstaklega taka það fram viðvíkjandi vanskilum þeim, sem h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) sagði að ættu sjer stað á tekjum þjóðjarða, að jeg er hræddur um að þau ummæli hans hafi verið byggð á vanþekkingu. Hann verður að gæta þess, að jarðirnar eru leigðar frá fardögum til fardaga. Þar af leiðandi koma gjöldin ekki inn fyr en eptir nýár. (*Þ. Th.*: Misskilningur). Auk þess má benda á, að dráttur á sjer stað á greiðslu fleiri gjalda en þessara. Það á sjer t. d. líka stað, að dráttur verður á afborgun af þeim jörðum, sem seldar hafa verið.

ATKV.GR.: Samþ. eptir uppást. 8 þingdm., að hætta umr.

Breyt.till. (192) við 5. lið 1. gr. felld með 11 atkv. á móti 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss. þm. Eyf.	Jón Jónsson, A.-Sk.
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Valt. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	Þórður Thoroddsen,
Skúli Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
Þórð. Guðmundss.	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. (230) við 7. lið 1. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. (192) við 9. lið 1. gr. felld með 12 atkv. móti 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelss.,	Jens Pálsson,
J. Jónsson, Eyf.	J. Jónss., þm. A.-S.
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þ. Guðmundsson.	Þórð. Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. (192) við 22. lið 1. gr. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eir. Gíslason,	Björn Sigfússon,
Halld. Daníelsson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. Eyf.	Guðl. Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. A.-S.
Pjetur Jónsson,	Sighv. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Tr. Gunnarsson,
Sk. Thoroddsen,	Þórð. Thoroddsen,
Valt. Guðmundss.,	Þórh. Bjarnarson.
Þ. Guðmundsson.	Þorl. Guðmundss,.

Breyt.till. (230) við 22. lið 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; viðaukatill. (230) samþ. með 19 samhlj. atkv.; frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 19 : 2 atkv.

Málið síðan afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. mai 1872 (C. 102, 231); 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg hefi ásamt nokkrum öðrum h. þingdm. leyft mjer að koma fram með nokkrar breyt.till. við þetta frumv. og eru þær prentaðar á þingskj. 231.

Fyrsta tillagan er sprottin af því, að mjer þótti orðið »afnot« nokkuð óákveðið, og gæti gjört það að verkum, að ekki yrði náð þeim tilgangi, sem flutningsm. ætla að ná með frumv. Í lögum þeim, sem þetta frv. á að breyta, stendur orðið »ábúð«, og því er hjer breytt í »afnot«, til þess að fyrirbyggja að menn geti með einhverri yfirhilmingu haft sömu not af jörðum eða jarðarpörtum í öðrum hrepp en þeir búa sjálfir í, sem full ábúð væri, án þess þó að þeir greiði af þeim sveitargjald í þeim hreppi, er jörðin er í. En orðið afnot er svo víðtækt, að hreppsnefnd gæti, ef hún vildi, látið það ná yfir margt smátt, sem flutningsm. þó ætlast til að sje undanskilið venjulegum sveitargjöldum. Undir þetta orð mætti t. d. taka ítök, og eins mætti leggja gjald á þann mann, sem yrði að fá torfristu eða mótak í annari sveit, af því það fengist ekki í hans landi. Þó er nú ekki líklegt að nein hreppsnefnd tæki þetta með. Hitt er meira vert, að undanskilin sje afnot af engjaláni og beitarláni, því ef orðinu afnot er haldið í frumv., þá má leggja gjöld á mann þó ekki verði talið svo, að hann framfleyti parti af búinu á jörð eða jarðarparti, heldur að eins fái þar engjalán og slái þar t. d. 10—20 hesta. Það getur ver-

ið fleira en þetta, sem vert er að undanskilja í lögunum, en mjer hefir ekki hugkvæmzt fleira í bráðina. Önnur breyt.till. við 1. gr. er framkomin til að fyrirbyggja misskilning. Mjer er það kunnugt, að ákvæðið um að gjald megi leggja á arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, hefir verið skilið svo, að gjald mætti leggja á fjelög þau, sem myndazt hafa víðsvegar um land til að greiða fyrir verzluninni, og sem nefnd eru ýmist kaupfjelög eða pöntunarfjelög. En þessi fjelög eru svo vaxin, að ekki virðist rjett að taka sjerstök gjöld af þeim, því arðurinn af þessum stofnunum rennur inn til einstakra manna í þeim hreppum, þar sem þeir eru búsettir, og þar greiða þeir gjöld sín eptir efnum og ástæðum, og þá einnig eptir þeim bætandi ástæðum, sem hluttaka þeirra í verzlunarfjelögunum nemur. Þess vegna er ekki rjett, að fjelagsmenn gjaldi líka á þeim stað, er þeir veita vörunum viðtöku. Aptur er rjett að leggja gjald á sjerstakar verzlunardeildir, sem fjelögin kunna að stofna til að hafa á hendi reglulega sölu á vörum. Þess vegna fer tillagan fram á, að leggja megi gjald á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er leyst hafa borgarabrjef og hafa sölubúð.

Þriðja breyttill. fer fram á að taka aptur inn í frumv. ákvæði úr hinum gildandi lögum. Í frumv. stendur, að gjald skuli leggja á þessa stofna eptir því er hæfa þykir «eptir árlegum arði», en í hinum gildandi lögum stendur, að það skuli gjört eptir «eptir árlegri veltu og arði», og álít jeg það ákvæði rjettara, því ef orðinu «velta» er sleppt, þá getur það komið fyrir að eigi verði hægt að leggja sveitargjöld á suma gjaldstofna, t. a. m. verzlanir, nema því að eins að sannað yrði, að þær hefðu haft ágóða af starfi sínu. Þessar stofnanir gætu því sloppið við hreppsgjöld t. d. þegar illt er í ári, en það mun þó ekki vera tilætlunin.

Halldór Daníelsson: Eins og getið hefir verið um, liggur hjer fyrir breyttill. á þingskj. 231, og af henni er auðsjeð að hinir h. flutningsm. hennar hafa hugsað til að tæma sem mest efnið með upptalningum þeim, sem standa í 1. breyttill. En mjer getur ekki blandazt hugur um, að hjer er margt ótalið enn, og jeg vil taka t. d. veiði eða slægjur, því ekki munu menn kalla það ítak, þó jarðeigandi leigi jörð með þeirri kvöð, að mega slá ef til vill 2—300 hesta í engjum jarðarinnar og það jafnvel án þess, að lækka afgjald hennar. Hið sama má segja, ef einhver tekur varpeyju frá jörðu, sem fylgt hefir henni frá ómunatíð kaupum og sölum. Mundu menn kalla það ítak? Mjer þætti vænt um að heyra álit manna um það efni. En hvað slík afnot af jörðu snertir álít jeg þó minna varið í þau en ef maður tekur jörðina með túni og öllu saman, því slíkt er ekki að eins hættulegt að því leyti, að hreppurinn missir gjaldanda, heldur það sem verst er, að tún slíkra jarða verða á skömmum tíma eyðilögð.

Björn Sigfússon: Lög þau, sem frv. þetta fer fram á að breyta, eru frá 9. ágúst 1889 og tilgangur þeirra var: 1, að lögleiða, að leggja mætti sveitargjald á fastar verzlanir þó eigendur þeirra væru þar ekki búsettir, þetta hafði að sönnu tíðkazt áður að nokkru leyti þótt það væri ekki fast ákveðið með lögum; 2, að gjöra þá menn gjaldskylda í þeim hrepp, þar sem þeir ræku atvinnu 4 mánuði þótt þeir væru þar ekki búsettir; og í 3. lagi, að gjöra þá menn gjaldskylda til sveita þar, sem þeir hefðu tekið jarðir til afnota, þótt þeir hefðu heimili sitt utansveitis.

Hvað 1. og 2. atriðið snertir, veit jeg ekki annað en lögin hafi náð tilgangi

sínum og engin óánægja hafi risið út af því. Aptur á móti hafa ákvæðin um 3. atriðið ekki náð tilgangi sínum, og aðalorsökin til þess er, að í lögunum stendur «ábúð», en það er ósköp hægt, að fara í kring um þetta atriði og leppa það, að menn þykjast ekki hafa ábúð á jörð þótt þeir hafi mestöll afnot hennar, en hafi að nafninu leigt hana öðrum að nokkru leyti; og ennfremur hefir landsyfirrjetturinn í eitt skipti komizt að þeirri niðurstöðu að ekki yrði talið að menn hefðu ábúð nema þar sem þeir hefðu föst hjú, en það er hægt að fara í kring um með því, að hafa kaupafólk eða lausafólk eða húsfólk, og þannig geta menn komizt undan að greiða gjöld í hreppum, þar sem þeir hafa jafnvel heilar góðar jarðir til afnota, og sloppið þar við öll sveitargjöld. Þetta munu flestir kannast við að er afarósanngjarnt, og getur enda verið mjög skaðlegt. Einmitt þetta áttu lögin frá 9. ág. 1889 að fyrirbyggja, en það hefir misheppnazt.

Þó lögin sjeu svona ung, er þetta þó ekki í fyrsta sinnið, að reynt hefir verið að ráða bót á þessu, því árið 1893 var frumv. um þetta efni borið upp í h. efri deild, í sömu átt og frumv. það, er hjer liggur fyrir, nfl. að gjöra menn gjaldskylda til sveitar í þeim hrepp er sú jörð lægi í, er þeir hefðu þannig tekið undir sig, en það frumv. gekk ekki fram.

Þeir sem flytja þetta frumv. vilja koma hinu sama fram, sem gjöra átti í hinu fyrra frumv., vilja gera tilraun til að slá varnaglann með því, að setja orðið »afnot» í stað «ábúðar». Hinar aðrar breytingar eru ekki efnis-, heldur orðabreytingar.

Nú eru komnar breyttill. við frumv. þetta, og við 1. lið breytingartill. þessara hefi jeg það að athuga, að mjer virðist, að verði hún samþykkt, þá missi frumv. tilgangi sinn, einmitt með upptalningum þeim, sem þar er farið fram á að undanskilja, nfl. «ítök, engjalán, beitarlán, eldiviðartak og torfristu». Því þó fleiri sjeu afnot landjarðar, þá sje þó búið að undanskilja hið allra helzta. Að vísu koma á eptir orð, sem eiga að bæta úr þessu; nfl. þessi orð: «er litlu verði nemur»; en þau orð eru svo óákveðin, að þau bæta líti ður, því einum getur virzt það lítið, sem öðrum sýnist mikið. Þetta er sjerstaklega athugavert með orðið »engjalán». Ef það er sett í frumv. getur sá maður, sem hefir jörð í öðrum hreppi, haft húsmann á jörðinni og haft allar engjar jarðarinnar án þess að vera gjaldskyldur. Jeg get því ekki verið með 1. lið breyttill., því mjer virðist hann vera til þess að spilla frumv. Aptur á móti er jeg samþykkur 2. lið b. og virðist hann nauðsynlegur. Sömuleiðis álít jeg rjett að samþykkja 3. lið (c), því það mun hafa orðið af vangá að orðin sem í honum standa: «veltu og», fjellu burt. Síðustu breyttill. álít jeg sjálfsagða, því hún er að eins til að lagfæra prentvillu.

Eins og jeg hefi sagt get jeg verið með 2 hinum síðari breyttill., en mun greiða atkvæði móti hinni fyrstu.

Einar Jónsson: H. þm. Mýr. (H. D.) hafði á móti 1. breyttill. af því, að hann sagði að hægt væri að fara í kringum hana, án þess það kæmi í bága við lög, og taldi til, að bóndi gæti leigt jörð með því skilyrði, að hann áskildi sjer nokkuð af nytjum hennar, en það getur hann eins nú sem stendur.

En komist það á, sem farið er fram í breyttill., þá er engu hætt í því efni, og hvað «engjalán» snertir, þá er þar sleginn varnagli með ákvæðinu: «sem litlu verði nemur».

Eins og h. þm. Húnv. (B. S.) tók fram, má að vísu skilja þessi orð á

ýmsa vegu og það getur auðvitað orðið álitamál, hvað er »lítið verð», en jeg held að enginn geti kallað það lítið engjalán, sem næmi 200 hestum, eða ef teknar væru allar engjar jarðarinnar. Jeg skal fullkomlega viðurkenna, að ágreiningur getur orðið um þessi orð, en jeg held, að hann verði ekki meiri en út af orðinu «afnot». H. þm. Húnv. (B. Sig.) álítur að ekki mundi verða tekið til greina við niðurjöfnun mótak, torfrista og beit, og það þurfi þess vegna ekki að valda miklum misskilningi. Það getur nú að vísu verið satt, en ef menn vilja, þá er hægt að heimfæra það undir orðið afnot. Jeg vissi ekki hvað h. þm. Mýr. (H. D.) skildi við orðið »ítök«, en jeg veit ekki betur en það tákni ákveðna og fasta hugmynd í málinu, t. d. rekaítök, upprekstrarítök, o. s. frv., og það geti því ekki verið misskilningi undirorpið, en þó einhver maður byggi jörð og áskilji sjer nokkuð af henni til afnota, þá er það ekki talið ítak, því til ítaka getur ekki talizt þótt einhver taki af jörð laxveiði og silungsveiði, þegar hann byggir jörð. Þegar frumv. til þeirra laga sem hjer á að breyta var til umræðu í e. deild, kom þetta atriði um ítökin til greina og þá þótti þar sjálfsagt að þau gætu orðið talin undir afnot af jörðu og því orðinu »afnot» breytt í «ábúð», því það þótti ekki sanngjarnt, að leggja sveitagjald á ítökin.

Jeg hefi ekki í þetta sinn fleira að athuga, en ef h. þingdeild þætti betur fara mætti greina í sundur 1. lið breyt. till. í tvennt við atkvæðagreiðsluna og bera upp fyrst fyrri hlutann aptur fyrir orðin »ítök», og seinni hlutann til enda greinarinnar sjer í lagi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samþykkur h. þm. Norður-Múl. (E. J.), að í orðinu ítak getur ekki legið neinn misskilningur, því það orð er búið að vinna sjer hefð í málinu. En aptur á móti er jeg samdóma h. þm. Mýr. (H. D.) í því, að erfitt er að tæma þetta efni með upptalningu, því til afnota getur talizt svo margt, t. d. skipsuppsátur, reki, sem frá er skilið í nýu byggingarbrjefi, en sem ekki á neitt skylt við gömul ítök o. s. frv. Jeg álít því heppilegast, að skipta 1. lið breyttill. í sundur í tvennt við atkvæðagreiðsluna, því það gæti hugsazt, að h. þingd. mundi heldur vilja samþ. breyttill. þannig, að nokkru leyti.

Björn Sigfússon: H. þm. N.-Múl. (E. J.) er sjerstaklega orðinn hræddur um, að afnot muni verða teygt svo, að hreppsnefndir leggi gjald á smánot af jörðu, svo sem eldiviðarítök, torfristu og annað slíkt lítilræði. Jeg skal játa, að það væri óheppilegt, ef farið væri að elta þess konar smáítök, og það hefir ekki verið meiningin með lögunum frá 9. ágúst 1889, og jeg get ekki fundið ástæðu til að vera hræddur við, að hreppsnefndir fari að leggja á óverulega gjaldstofna; en yrðu nú hreppsnefndir smásmuglegar í því efni, þá gæti þó gjaldið aldrei orðið nema sáralítið. En komi svo fyrir, að ósanngirni sje beitt, þá er hreppsnefndin enginn hæstirjettur, því það er hægur nærri, að skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar. Þótt hugsanlegt sje, að einstaka hreppsnefnd kynni að beita ósanngirni, er engin ástæða til að ætla, að sýslunefndin mundi ekki rjetta hlut þess manns, sem þannig væri lagður í einelti. Jeg er því alls ekki hræddur við þetta, því það mundi gjöra miklu minni skaða en að menn hafi heilar jarðir, og gjaldi ekki af.

Það er hart fyrir sveitarfjelögin, að menn utanhrepps hafi máske fleiri jarðir í einum hreppi til afnota, dragi arðinn burt úr sveitarfjelaginu, en beri að engu leyti byrði þess fjelags, þegar

hart er í ári, svo sem var sumstaðar nyrðra eptir harðærið 1882; þá voru í sumum fátækum hreppum orðin svo yfirdrifin sveitarþyngsli, að það var rjett komið að því, að þeir menn, sem bezt stóðu, flyttu heimili sín utanhrepps til að losna við gjöldin.

Sighvatur Árnason: Hvað 1. lið br.-till. snertir, þá finnst mjer hann vera óþarfur, því jeg veit ekki til, að við ítak sje skilið sama sem jörð eða jarðarhluti.

Aptur á móti get jeg miklu fremur aðhyllzt 2 síðari liði breyt.till. (b. og c.), því þeir gera ákvæðin skýrari viðvíkjandi kaupfjelögum og pöntunarfjelögum.

Einar Jónsson: Mjer þóttu nokkuð undarleg orð h. 1. þm. Rang. (Sighv. Á.) þar sem hann vildi ekki telja það undir afnot jarða, þótt menn hefðu torfristu, engjalán, eða beit.

Ef hann kallar þetta ekki afnot, þá hlýtur hann að skilja við afnot eitthvað annað en venjulegt er; en þyki mönnum þessi upptalning í frumv. geta valdið vafningum, þá er mjer ekki svo fast í hendi með hana, nema hvað ítökin snertir, því að þótt h. þm. Húnv. (B. Sv.) þyki það eigi geta valdið misskilningi, þá hefir það komið fram, að efri deild þessa þings þótti það geta valdið misskilningi, og því skyldu þeir þá ekki geta orðið fleiri, sem álitu, að »ítök« mætti heimfæra undir orðið »afnot«, eins og hún áleit?

Halldór Daníelsson: Jeg er þakklátur h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fyrir ræðu hans, og sjerstaklega er jeg á sama máli og hann, að rjett sje að skipta atkvæðagreiðslunni á 1. lið, þannig, að fyrst sje borið undir atkvæði: »Þó eru undanskilin afnot af ítökum«, en hvað síðara hlutann snertir, þá getur mjer ekki skilizt, að það hafi þýðingu að fara lengra, því með upptalningu verður aldrei komizt fyrir endann á afnotum af jörð, enda finnst mjer afnot og ítak geti gripið yfir eins mikið.

ATKV.GR.: Viðaukatill. við 1. gr. a á þingskj. 231, fyrri hlutinn samþ. með 17 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 1. gr. a, á þingskj. 231, síðari hlutinn felldur með 12 : 9; viðaukatill. við 1. gr. frv. b, á þingskj. 231, samþ. með 17 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 1. gr. frv. c, á þingskj. 231, samþ. með 18 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 2. gr. frv. á þingskj. 231 samþ. án atkvæðagr.

Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og sent til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi, (C. 171); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv., og afgr. til forseta Ed.

Frumv. til laga um nýja frímerkjagjörð (C. 155, 221); 3. umr.

Flutningsmaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Tvær óverulegar breyt.till. hefir nefndin leyft sjer að koma fram með við frv., eptir bendingum h. þm. við 2. umr.; báðar breyt.till. voru þá ræddar, og þóttu til bóta, sjerstaklega hin síðari, sem er um sölu á frímerkjunum, svo jeg þarf ekki að rökstyðja þær frekar.

Auk þessa hefir því verið hreyft af mönnum við nefndina utan þingfunda, að æskilegast væri að gefa stjórninni bendingar um það, hve mikla upphæð ætti að reyna að drífa upp fyrir frímerkin, sem úr gildi ganga og stjórnin hefur söluna á, en nefndin treystir sjer ekki til að gefa slíkar ákveðnar bendingar, hún ber það traust til stjórnarinnar, að hún geri allt sem hægt er að gera í þessu efni, og fái svo mikið upp úr frímerkjunum, sem auðið er. Framkvæmdin hlýtur öll að vera á hennar valdi.

ATKV.GR.: Báðar breyt.till. samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og afgreitt til forseta Ed.

Frumv. til laga um áfangastaði (C. 206); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þetta mál var hjer fyrir deildinni í fyrra, og var þá eptir nokkrar umræður gjörð sú ályktun, að málið skyldi ganga fyrir milligöngu landshöfðingja til viðkomandi sýslunefnda. Sýslunefndirnar hafa nú hugleitt málið, og sent tillögur sínar í frumv.formi, líku að efni því, sem hjer liggur fyrir. Jeg held og að það sje heppilegt, að gefa þeim, sem við lögin eiga að búa, kost á, að láta álit sitt í ljósi, hvernig þau geta orðið haganlegast samin. Það sem er mestum erfiðleikum bundið við þessi lög, var það, að sneiða á milli eignarrjettarins öðru megin og hagræðis ferðamanna hins vegar; jeg held að í þessu frumv. sje tekið svo mikið tillit til þessa hvorutveggja, sem hægt er. Ef jeg ætti að segja mitt persónulega álit, þá held jeg að frumv. hafi gengið of stutt í því, að láta ekki sama gilda fyrir gamla og nýja áfangastaði, hjer er að eins ákvæði í frumv. um nýja áfangastaði, en mjer virðist sanngjarnt að ábúendur á gömlu áfangastöðunum fengju einnig endurgjald fyrir ágang af mörg hundruð hestum yfir allt árið, en af því óskir viðkomandi sýslubúa hafa ekki farið svo langt, þá hefir því verið sleppt í frumv. þessu.

Það kom til orða í fyrra, sem margir könnuðust við, að þegar nýjar brýr væru gjörðar, og nýir vegir lagðir, þá gætu menn farið lengri dagleiðir, svo nýir áfangastaðir hlytu að myndast, en að þá væri hart fyrir ábúendur að fá ágang af mörg hundruð hestum án þess, að nokkrar bætur kæmu í staðinn. Jeg sá t. d. í fyrra í Hraungerði breiðu af hestum svo skipti hundruðum, sem var þar af ferðamönnum án nokkurs endurgjalds; í Þingeyjarsýslu og víðar, þar sem bæði er engjalítið og hagalítið, þá hefði það þótt hart að fá slíkan ágang endurgjaldslaust.

Jeg held sem sagt, að ábúendur í Árness- og Rangárvallasýslu muni geta verið ánægðir með frumv.; en skeð getur að í einhverjum öðrum hjeruðum hjer á landi eigi þessi lög ekki eins vel við, og þá mun jeg verða þakklátur bendingum til bóta frá h. þingm., sem valdir eru fyrir þau hjeruðin.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2.umr. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki (C. 207); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Eins og kunnugt er, er þetta sama frumv. að mestu leyti, sem var hjer fyrir þinginu í fyrra; þá fjekk það ekki sem beztar undirtektir, það var sett í nefnd, nefndin kom aldrei fram með neitt álit, og svo komst frumv. ekki lengra.

Aðal-lega var það fundið að frumv. þá, að það gengi of nærri persónulegu frelsi manna; þá var frumv. víðtækara en það er nú, þar sem það nú að eins bindur sig við að banna verzlun með áfengi. Þetta virðist ekki vera að ganga of nærri persónulegu frelsi einstaklingsins, svo það ætti ekki að verða frumv. til fyrirstöðu nú.

Eins og mönnum mun vera kunnugt eru til lög frá 10. febr. 1888, er leyfa að banna veitingasölu áfengis í sveitum. Þetta frumv. gengur að því leyti lengra, að hjer er farið fram á, að láta bannið ná til kaupmanna líka, svo að þeir megi ekki verzla með áfenga drykki á vissu svæði. Þetta getur ekki kallazt að ganga of nærri persónulegu

frelsi manna, það bannar ekki einstaklingnum að neyta víns, og þó hann geti ekki keypt sjer áfengi, þar sem sveitasamþykktin nær yfir, þá er honum í sjálfs valdi, að fá það úr öðru hjeraði, þar sem samþykkt ekki er; bandið sem frumv. leggur á, er því ekki þrengra en þetta, svo vjer flutningsm. treystum því, að frumv. fái betri undirtektir en í fyrra.

Jeg finn enga ástæðu til þess, að tala mikið nú strax um frv., meðan engin mótmæli eru komin fram; þó skal jeg geta þess, að einstaka fleiri breytingar eru gerðar á því frá því í fyrra, t. d. að ef einhver kaupstaður vill koma slíkri samþykkt á, en ekki hjeraðið í kring, þá getur hann gert það út af fyrir sig; þessu var ekki gert ráð fyrir í frumv. í fyrra, og jeg vona, að það spilli ekki fyrir málinu.

Þeir einu menn, sem kann að þykja gengið of nærri frelsi sínu með þessu frumv., eru kaupmenn, en jeg fæ ekki sjeð, að gengið sje nær frelsi þeirra en veitingamannanna með lögum frá 10. febr. 1888. Auðvitað þótti ekki veitingamönnum það bann gott, en jeg veit ekki til, að almenningur hafi verið óánægður með þau lög, og því ímynda jeg mjer, að almenningur verði ekki óánægður með það, þó kaupmönnum geti einnig orðið bannað að selja áfenga drykki, það er að segja í þeim sveitum eða kaupstöðum, þar sem $^2/_3$ hlutar almennings samþykkja það; því annars kemst það ekki á.

Þórhallur Bjarnarson: H. flutningsm. (E. J.) minntist á, að þetta frv. hefði verið sett í nefnd í fyrra, og að nefndin hefði ekki komið fram með neitt álit. Það var einmitt af því, að nefndin klofnaði, og svo sofnaði hún út af á eptir. Minni hluti nefndarinnar, jeg og h. 2. þm. Eyf. (J. J.), vildum ganga inn á það, að ákvæði laganna frá 10. febr. 1888 yrðu einnig látin ná líka til kaupmanna, það er að segja, að þegar einhverjir framvegis settu sig niður sem kaupmenn, þá mætti leggja það undir samþykki sveitarbúa, hvort þeir vildu leyfa þeim að selja áfengi; en við vorum fráleitir því, að láta þetta ná til þeirra, sem þegar væru orðnir kaupmenn; svo var það og ýmislegt annað fleira, er oss greindi á um í nefndinni. Auðvitað er stærsti agnúinn, sem var á frumv., nú í burtu, þar sem ekki hefir verið tekið inn í þetta frv. bann gegn innflutningi áfengis.

Jeg fyrir mitt leyti er sömu skoðunar á málinu nú og jeg var í fyrra, og mun þess vegna því að eins gefa því atkvæði mitt, að það gangi til 2. umr., að jeg fái frá flutningsm. skýra yfirlýsingu um það, að þeir gangi inn á þannig lagað samkomulag, að ákvæði laganna frá 10. febr. 1888 sjeu látin ná til þeirra, er verða kaupmenn framvegis, en jeg mun ekki ganga inn á neitt samþykktahringl, eins og hjer er farið fram á. Mjer mundi þykja vænt um að fá skýrt svar, því það mun sjáltsagt ráða atkvæði mínu og margra þingd.m., hvort þeir verða með því, að frumv. gangi til 2. umr. eða ekki.

Guðlaugur Guðmundsson: Þó að það sje ef til vill ekki geðfelt sumum h. þingdm., þá verð jeg þó að fara nokkrum orðum um þetta mál og get ekki lokið máli máli mínu í mjög fáum orðum. Málið er svo vaxið, að jeg hef mikla ástæðu til, að tala nokkuð ýtarlega um það.

Það er rjett, sem tekið hefir verið fram, að í fyrra var skipuð nefnd í þetta mál; nefndin hjelt marga og langa fundi, ræddi málið ýtarlega, en gat ekki að öllu leyti orðið á eitt sátt í öllum atriðum. Að einu leyti mátti þó segja, að nefndin ekki klofnaði, því að 4 af nefndarmönnum voru samdóma um, að

það væri rjett, að bannaður væri tilbúningur áfengra drykkja hjer á landi með almennu lagaboði, en einn þeirra, h. 2. þingm. Eyf. (J. J.), kvaðst ekki mundu greiða atkvæði á móti því.

Ágreiningurinn í nefndinni var sjerstaklega um það, hvernig samþykktunum um aðflutning og verzlun skyldi haga, hve yfirgripsmiklar þær ættu að vera, og hvernig þær ættu að myndast. H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hreifði þá einmitt í nefndinni þeirri tillögu, sem hann hefir haldið hjer fram, en jeg og fleiri vildum ekki ganga að henni. — Það getur mjög vel verið, að sumum, sem heldur vilja hlífa brennivínsbúðunum, kunni að virðast það heppilegt, að aðhyllast stefnu h. þm. Borgf. (Þórh. B.), þá nefnilega, að binda leyfi nýrra verzlana til að selja áfengi sömu skilyrðum og nú eru sett nýjum veitingamönnum; en það er ekki nóg, og auk þess ekki heppilegt. Að svo miklu leyti þetta frumv. snertir, þá mun jeg aldrei greiða atkvæði með, að það verði takmarkað þannig. Reyndar er jeg ekki flutningsmaður þessa máls, svo mín skoðun getur ekki verið bindandi fyrir aídrif þess.

Jeg býst við því, að mótspyrna manna á móti þessu máli sje, eins og jeg tók fram þegar í fyrra, frekast sprottin af því, að þeir ekki kæra sig um að kynna sjer það, og halda, eins og opt vill við brenna, að menn þurfi enga sjerstaka þekkingu til þess að geta dæmt um það með rökum; h. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók þessi orð fremur óstinnt upp fyrir mjer þá, en jeg segi það enn, og sannfærist æ betur og betur um, að svo sje.

Jeg ímynda mjer, að allir, sem hafa íhugað þetta mál rækilega, hljóti að játa, að það sje ákaflega þýðingarmikið og áríðandi fyrir landið í heild sinni, og jafnvel bein skylda þjóðfjelagsins að hepta drykkjuskapinn og afleiðingar hans, að svo miklu leyti sem í þess valdi stendur; það er ekki rjett að segja þetta sje ómögulegt, og heldur ekki rjett að segja, að það gangi of nærri persónulegu frelsi manna.

Að þetta sje ekki ómögulegt, sjest bezt, ef vjer berum saman þau lönd þar sem lítið er gert í þessa átt, eins og Danmörku, sem fram að þessum tíma hefir lítið eða ekkert gert til að hepta drykkjuskapinn, og sem mun vera viðurkennd sem einhver hin mesta drykkjuskaparhola í heimi, við önnur nágrannalönd, t. d. Svíþjóð og Noreg, þar sem gerðar hafa verið ýmsar tilraunir til að sporna við drykkjuskapnum. Fyrir oss Íslendingum er nú mjög líkt ástatt í þessu efni, eins og Dönum, að því leyti, að hið opinbera hefir litlar ráðstafanir gert gegn drykkjuskapnum, og fáum dönskum venjum hefir oss gengið betur að halda en drykkjuskaparvananum. Í Svíþjóð og Noregi þar á móti, þar sem mikið hefir verið gert til að stemma stigu fyrir drykkjuskap, er hann miklu minni. Í Danmörku er brúkað helmingi meira af áfengi en í Noregi og Svíþjóð, enda er þar einn útsölustaður á brennivíni fyrir hver 200 manns, í Noregi ekki nema 1 : 2000, og Svíþjóð 1 : 5000; eptir skýrslu, sem jeg þekki, er þó verst ástatt með drykkjuskapinn í Kaupmannahöfn sjálfri, þar er einn útsölustaður áfengis fyrir hverja 90 og 1 brennivínsknæpa fyrir hverja 174, og Danir segja einmitt sjálfir, að vissasta meðalið til að auka drykkjuskapinn sje, að veitingastaðirnir sjeu sem flestir, og aptur á móti vissasta ráðið til að minnka drykkjuskapinn sje, að fækka veitinga- og útsölustöðunum. Upp til sveita í Svíþjóð

er einn brennivínsútsölustaður fyrir hver 14—18,000.

Ef vjer berum þetta saman við ástandið hjer hjá oss, þá höfum vjer að vísu eigi hagfræðisskýrslur um tölu útsölustaða í hlutfalli við mannfjölda, en jeg hygg óhætt að fullyrða, að við stöndum þar engu betur að en Danir. Það er leyft í öllum löggildingum, svo vjer höfum sjálfsagt allt í allt eins marga útsölustaði að tiltölu eins og eru í Danmörku, með öðrum orðum einn fyrir hver 200 manns.

Nú miða þessar samþykktir, sem farið er fram á að veita lögheimild til að gera, að því, að viðkomandi hjeruð geti, ef þess þykir þörf — og þeim sem þar búa, er það næst að kunna að meta þörfina — fækkað útsölustöðum á brennivíni, og með því geta hjeraðsbúar stuðlað að því, að drykkjuskapurinn minnki í hjeraðinu. En að engin þörf sje á, að gefa hjeruðunum vald til að gera slíkar ráðstafanir, því get jeg ekki skilið, að nokkur maður, sem hefir gjört sjer far um að kynna sjer siðferðisleg og fjárhagsleg áhrif drykkjuskaparins á þjóðina í heild sinni, treysti sjer til að halda fram. Jeg skal tilfæra nokkur sýnishorn af þessum áhrifum; það er kafli úr skýrslu frá »Stat. Bureau« í Kaupmannahöfn, sem jeg vona að enginn treysti sjer til að rengja; því miður hef jeg ekki ritið sjálft, en kaflinn er tekinn orðrjett úr grein í Morgunblaðinu danska, nr. 252, árg. 1888, og þar getur hver sem vill lesið hana; með leyfi h. forseta skal jeg lesa upp kafla úr þessari skýrslu, sem sýnir, hvernig hin mörgu drykkjuskaparbæli hjá Dönum hafa stuðlað að því að eyðileggja þjóðina siðferðislega.

Fyrst eru almennar hugleiðingar um hinar illu afleiðingar drykkjuskaparins í ýmsum löndum, þannig, að á Englandi eiga 75% af sveitarlimunum, í Gent og París 80% og á Þýzkalandi 90% ógæfu sína að rekja til vín-nautnarinnar, en svo snýr höfundurinn sjer að Dönum og segir: — »Hinar sömu hryggilegu afleiðingar koma einnig í ljós hjer (o: í Danmörku) eins og annarsstaðar. Skýrslan frá landshags-skrifstofunni (Statistisk Bureau) fyrir áratuginn 1871—80 sýnir, að af 63,248 mönnum, er teknir voru á framfærishús fátækrasjóðanna, voru 1933 svo komnir beinlínis fyrir drykkjuskap; af 86 þúsund lögreglubrotum voru 64 þúsund og af stórglæpum 18% sprottnir af drykkjuskap. — Það er nú sannað, að meira en 1/3 af öllum sjálfsmorðingjum hjer í landi hafa verið drykkfelldir, karlar þó fleiri en konur, og tiltölulega flestir í kaupstöðunum, þar sem meir en helmingurinn (50,4%) af þeim karlmönnum, er fyrirfóru sjer, voru drykkjumenn.— Á tímabilinu 1871—80 stöfuðu af hverjum 1000 hjónaskilnuðum hjer í landi 209 af drykkjuskap mannsins, 15 af konunnar, og 2 af beggja, eða samtals 226, nálega 1/4 hluti beinlínis af drykkjuskapnum. — Af 2982 betrunarhússföngum í Vridslöselille, er þar voru settir inn á árunum 1871—1880, voru 791 drykkfelldir, en auk þess höfðu 120 verið drukknir, þegar þeir unnu glæpina. Hjá 1/3 hluta fanganna hafði þannig ofdrykkjan átt beinlínis þátt í glæpnum. — Af 1649 karlmönnum og 281 kvennmönnum, sem árið 1880 voru lagðar á letigarðinn í Kaupmannahöfn, voru 2/3 hlutar drykkfelldir; auk þessa var fluttur fjöldi kvenna og barna á framfærsluhúsin fyrir sakir drykkjuskapar forsjármanna þeirra, eiginmanna og feðra«.

Það eru þessir kaflar úr hagfræðisskýrslum Dana fyrir árin 1871—80, sem jeg vil benda mönnum á. Þar er talið upp ótal margt fleira, til að sýna, hversu drykkjuskapurinn er búinn að

fara með þá þjóð, en sem jeg hefi ekki tíma til að rekja í sundur hjer. Auðvitað höfum vjer ekki tilsvarandi skýrslur hjer á Íslandi, en vjer getum gengið að því vakandi, að þó áhrif drykkjuskaparins hjer á landi sjeu ef til vill ekki eins voðaleg og svæsin og í Danmörku, þá mundu þau þó sýnast oss nógu skaðleg og iskyggileg, ef vjer hefðum tölur til að sýna og sanna, hve mikil þessi áhrif í raun og veru eru; þau eru miklu stórvaxnari en almenningur manna hefir nokkra hugmynd um. Vjer erum að eins sjötíu þúsundir og fátæk þjóð, og þó brúkum vjer um 500,000 kr. á ári til vínfanga; af þessu geta menn sjeð, að það er ekki lítill hluti, sem kemur á hvern landsbúa, sjerstaklega þegar um leið er tekið tillit til, hve auðmagn er lítið í landinu og framleiðsla öll á lágu stigi. Svo er það aðgætandi, að þó að hagfræðisskýrslurnar sjeu nákvæmar og áreiðanlegar um það, sem þær ná til, þá sýna þær þó að eins hina opinberu hlið málsins: afbrot, glæpi, hjónaskilnað, sjálfsmorð o. s. frv., er af drykkjuskapnum leiða; þær ná að eins til þess, sem kemst svo langt, að það heimtar einhver afskipti hins opinbera, skýra að eins frá þeim tilfellum, sem komast á leiðarenda: »undir manna hendur«; en það sem liggur á bak við sýna þessar tölur ekki; þær segja ekkert um hina löngu leið glæpamannsins, áður en hann drýgir glæpinn, eða hið auma hjúskaparlíf drykkjumannsins, líf konu hans og barna, þangað til það allt lendir á sveitinni, eða skilnaður verður milli hjónanna, nje um hið andlega og siðferðislega stríð mannsins áður en hann tapar vitinu eða ræður sjer bana. — Auk þess nefna tölurnar að eins þau tilfellin, sem komast alla leiðina, en ekki þau, sem komast áleiðis eða rjett að segja á endann; en það má óhætt fullyrða, að þau eru eins mörg og hin. Frá þessu sjónarmiði finnst mjer það vera eðlilegt, að gefa hjeraðsbúum rjett til með samþykkt, að verja sína sveit fyrir þeirri bölvun, er drykkjuskapnum fylgir; það getur engan veginn kallast ófrelsi, að gefa sterkum meiri hluta þennan rjett; þvert á móti er það ófrelsi, að minni hluti íbúanna í einni sveit skuli geta kúgað meiri hlutann til, að þola þessa bölvun innan endimarka fjelagsins. Nú er þetta orðið viðurkennt all-víðast í hinum siðuðu löndum, að löggjöfin eigi að gera ráðstafanir til þess, að varna útbreiðslu og áhrifum drykkjuskaparins; en í því hafa þjóðirnar farið mismunandi leiðir, beitt mismunandi aðferð; víðast hafa menn fyrst ráðizt á veitingahúsin, og svo hefir verið gjört hjer á landi með lögunum frá 10. febr. 1888, sem eru þó dálítið betri en ekki neitt; sama hefir átt sje stað annarsstaðar á Norðurlöndum, en í dálítið öðru formi; þar hafa menn sumstaðar lagt skatt á veitingahúsin, og sumstaðar selt vissum fjelögum veitingaleyfi, eptir hinu svo kallaða Gautaborgar-»systemi«; þetta hefir verið gjört í Svíþjóð síðan 1865, og í Noregi þangað til í fyrra, að samþykktarlög komust þar í gildi; á Englandi mun nú vera verið að berjast fyrir »local option« eða líkum samþykktum og hjer er farið fram á; jafnframt þessu hafa víða verið sett þau ákvæði gagnvart veitingahúsum, að þau mættu ekki vera opin vissan tíma í vikunni, frá kl. 7 á laugardagskvöldum til kl. 9 á mánudagsmorgna; þetta hafa menn gjört vegna verkalýðsins, svo að hann ekki gæti strax drukkið upp vikulaun sín, því þau eru vanalega útborguð á laugardags-kvöldum. Þessar ráðstafanir eru gjörðar

gagnvart veitingahúsunum víða þar, sem ekki eru til slík heimildarlög er hjer er um að ræða, en jeg skal benda h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) á, að slík heimildarlög eins og þau, sem hjer liggja fyrir, eru mikið algengari, en Gautaborgar-systemið, einkum í Ameríku, og þykja alstaðar betri en það, og það sjest bezt á því, að í fyrra voru þau innleidd í Noregi, af því þau þóttu betri en Gautaborgar-systemið, sem Norðmenn áður höfðu haft.

Gagnvart verzlun með áfenga drykki hafa menn sumstaðar beitt háum sköttum, og það hefir ekki reynzt vel til að draga úr drykkjuskap; víða eru til samþykktarlög, og í nokkrum ríkjum í Bandaríkjunum er með lögum bönnuð öll verzlun með og aðflutningur áfengra drykkja, og til dæmis í Kansas eru lögin svo ströng, að ekki má flytja áfenga drykki eptir járnbrautum fylkisins.

Þegar verið er að tala um lögvarnir gegn drykkjuskapnum hjer á landi, þá sje jeg ekki að annað sje hentugra að gjöra eða samkvæmara okkar hugsunarhætti eða eðlilegra eða líklegra til góðs árangurs en þetta, því þegar meðlimir sveitarfjelaganna af drykkjuskap eru orðnir vesalir aumingjar og siðferðisleg úrþvætti, þá er þeim skellt upp á fjelögin og þau mega svo annast þá og fjölskyldur þeirra; þess vegna er það bæði eðlilegt og frjálslegt, að stjórn þessara fjelaga og meiri hluti atkvæðisbærra borgara í þeim geti gjört út um það sjálf, hvort þeir vilja þola þetta innan sinna takmarka. Og hvað löggildingunum sjerstaklega viðvíkur, þá er það eðlilegt og nauðsynlegt, að gefa stjórnum sveitarfjelaganna »korrektiv« gagnvart þeim, svo að þau geti bannað verzlun með áfenga drykki, ef þau vilja; jeg vil ekki banna löggildingarnar, en jeg vil hins vegar ekki, að alþingi sporni á móti því, að sveitarfjelögin geti útilokað brennivínsverzlunina, ef þau ekki vilja hafa hana.

Eina ástæðu heyrði jeg færða fram í fyrra á móti þessum lögum, og margir, sem hlaupa á hundavaði yfir allt, sem að þessu máli lýtur, og ekki hafa stöðvun í sjer til að íhuga það út í æsar, eru víst mjög trúaðir á gildi þeirrar ástæðu. Hún er sú, að landssjóður mundi bíða svo mikið tap á tollinum af innfluttu áfengi, ef þessi lög næði fram að ganga. Þetta er rammfölsk ástæða. Jeg fyrir mitt leyti álít, að þjóðin og landið mundi verða langt um sælli og auðugri, ef ekki kæmi inn í landssjóðinn einn einasti eyrir í áfengistoll; það er hjákátleg skoðun, að ímynda sjer, að það geti verið til góðs fyrir nokkra þjóð, að borga í sameiginlegan sjóð 1/3 af einhverri vissri upphæð, ef þetta verður að kosta þjóðina það, að fleygja um leið 2/3 pörtum hennar í sjóinn eða verja 2/3 upphæðarinnar enn þá ver en þó því væri kastað í sjó. Til þess að fá 100,000 kr. í landssjóðinn, kastar þjóðin 200,000 kr. í sjóinn. Hverjum getur dottið í hug, að þetta sje gróðavegur fyrir þjóðina? Engum mun detta í hug, að segja, að sá sem drekkur eða kaupir brennivín, auðgist við það eða verði betri; að brennivínið auki auðmagn í landinu hefir enginn enn komið með; brennivínið er sama sem ekkert frá þeirri hlið skoðað, það er meira að segja verra en ekkert; það er verra þjóðinni í heild sinni, að fá brennivín fyrir peningana en ekki neitt, verra en þó að þeim væri fleygt í sjó, því skaðinn, sem brennivínið, auk fjáreyðslunnar, hefir í för með sjer, er svo mikill, að hann verður trauðla metinn í tölum. — Það væri því mikill fjárhagslegur og siðferðislegur ágóði fyrir þjóðina, að borga 1/3 af því, sem hún árlega borgar fyrir brennivín, beina

leið inn í sinn sameiginlega sjóð, landssjóð, jafnvel þó að hún um leið fleygði hinum $^2/_3$ pörtunum fyrir sjávarhamra, hvað þá et hún væri svo viti borin, að gjöra það ekki, heldur verði þeim til einhverrar nytsemdar. Væri brennivínið meinlaust og gagnslaust, þá ljeti jeg það vera.

Í rauninni er sjálft kaupverð brennivínsins ekkert í samanburði við þann óbætanlega skaða, sem það gjörir; fyrir bónda, sem hefir sitt bú að stunda, er andvirði einnar brennivínsflösku ekki mikið fje, í samanburði við það, ef hann verður fullur og ráðlaus heilan dag; landssjóður fær fyrir þetta 30 aur., en það sjá allir heilvita menn, að þetta borgar sig ekki, hvorki fyrir landssjóðinn nje bóndann; þá er betri 30 aur. beinn skattur; hann mundi borga sig betur en fyrst að borga 1 kr. fyrir brennivínið og um leið bíða sexfaldan skaða, sem leiðir at að drekka það. Setjum nú, að af þeirri upphæð, sem brennivín er keypt fyrir í landinu árlega, sjeu það 300,000 kr., sem slíkar afleiðingar draga á eptir sjer, og það er ekki ot hátt reiknað, þá má meta þann skaða í fjárhagslegu tilliti sem það gjörir 1800 þús. kr. eða tollinn átján-faldaðan hjer um bil. Þetta er dálagleg upphæð fyrir þjóð, sem ekki er nema 70 þús. Brennivínstollinn má því með sanni kalla blóðugt fje, því sú upphæð, sem í landssjóð rennur, er ekkert til móts við þann skaða, sem þjóðin hefir af þessari verzlun. Við það, að aftaka brennivínsverzlunina aptur á móti, mundi drykkjuskapurinn minnka, og auðmagn landsins vaxa, því þá sparaðist það fje, sem til hans fer, og mjer er ómögulegt að sjá, að það gæti orðið nokkrum einasta meðlim þjóðfjelagsins til skaða.

Einn h. þm. hafði í fyrra margt á móti þessum lögum; það var h. þm. Vestm. (Valt. G.), og jeg man ekki betur en að hann kæmi fram með þá ástæðu, sem margir hafa á takteini, er vilja hrósa brennivíninu fyrir hve nauðsynlegt og gagnlegt það sje, þá ástæðu, að það, ef til vill, sje nærandi og að það hiti manni. Þetta vita náttúrlega allir fróðir menn, að er alveg rangt og ekki annað en kerlinga-hjátrú; en það er nógu gaman að heyra þá menn tala þannig, sem ekki vita hið minnsta um hvaða efni eru í áfenginu, nje heldur hver efni það eru, sem líkami vor þarfnast til næringar og til að leiða fram hita. Jeg veit, að þessi hjátrú er mjög rík, einkum hjá hinum miður upplýsta hluta þjóðarinnar, og þessvegna skal jeg fara nokkrum orðum um þetta atriði; þó það eiginlega ekki snerti beinlínis þetta frumv., þá á það samt skylt við það, því hjer er um það að gjöra, hvort frumv. gangi í rjetta stefnu eða ekki, og ef jeg get sýnt fram á, að brennivínið, sem hjer er um að ræða að takmarka, gjöri ekki líkamanum gagn í þessar stefnur, miklu fremur skaða, þá hef jeg um leið fært enn eina ástæðu að því, að frumv. gangi í rjetta stefnu. Til þess að geta dæmt um, hvort áfengi er nærandi, verða menn að þekkja efnasambönd þess. Svo verða menn líka að vita, hver efni það eru, sem líkaminn þarf og líffærin geta fært sjer í nyt. Hjer er mjer eigi mögulegt, tímans vegna, að skýra þetta svo ýtarlega sem þörf væri á, ef það ætti að verða öllum skiljanlegt; en jeg skal að eins taka fram, að alkohol inniheldur ekkert það efni, er geti orðið líkamanum næring. Þetta er sannað með vísindalegum rannsóknum, sem allir geta kynnt sjer, sem vilja, en hjer er ekki staður fyrir mig til að halda fyrirlestur í efnafræði. Að eins skal jeg benda mönnum á, að til eru margar mismunandi tegundir af áfengi (alko-

hol). Það sem hingað flytst af áfengi, mun venjulega ekki vera af hinum skaðminni tegundunum; jeg býst við, að það sje af hinum þyngri vínandategundum, sem eru miklu skaðlegri og margar hverjar taldar meðal sterkari eiturtegunda, og er alltaf mikið í þeim af öðrum efnum, sem ekki hafa hreinsazt úr við eiminguna, t. d. fúselolía, sem menn munu kannast við. Þá er þarnæst hitt atriðið, að brennivínið hiti manni, eða auki líkamshitann; sú hjátrú er nú enn ríkari, einmitt vegna þess, að öllum, sem brennivín drekka, finnst þeim hitna af því. En þetta er ekki annað en hjátrú samt, og tilfinningin einmitt í þessu efni villandi. Ástæður að þessu eru þannig: Alkohol hefir þau áhrif á hinar svonefndu háræðar, sem liggja við hörundið, að það linar tauga-aflið, sem að þeim heldur (»paralyserar« þær); við það raskast jafnvægið í blóðrásinni, svo að hún verður örari en eðlilegt er, hjartað slær tíðar og blóðið færist meir en eðlilegt er frá hinum innri líffærum út undir hörundið; við það finnst mönnum þeim hitna; en það er ekki annað en að heita blóðið streymir frá hinum innri líffærum út undir hörundið, en af því að tilfinningin á þar sitt aðsetur, þá finna menn til eins og þeim hitni, en það er í rauninni ekki annað en að hitinn er færður til í líkamanum. Hann hefir ekkert vaxið. Eðlishiti mannsins er 36°; áfengi getur hækkað hann um $^1/_2{}^0$ á yfirborði líkamans í svipinn, en svo gufar hitinn út aptur eptir stutta stund, og þá kólnar líkaminn niður fyrir hin eðlilegu takmörk, jafnmikið og hann áður hækkaði yfir þau; sá blóðhiti, sem áfengið flutti úr forðabúri líkamans, hinum innri líffærum, út undir hörundið, er þá alveg eyddur, tapaður líkamanum og gufaður út í loptið. Af því leiðir ónotahroll og magnleysi, sem allir drykkjumenn munu kannast við, og ýms önnur eðlileg eptirköst.

Af þessu vona jeg, að menn sjái, að það er misskilningur að segja, að líkamshitinn aukist hjer; hann flytst að eins út undir hörundið, og af þessu verður það skiljanlegt, að áfengi er hættulegt í miklum kulda; hitinn gufar við það fljótar út úr líkamanum og maðurinn helfrýs fljótar. Jeg gætti ýtarlegar útskýrt þessi atriði, ef tíminn leyfði, og rakið greinilegri rök að hverju þeirra um sig, en þetta verður hver sá maður að kynna sjer út í æsar, sem vill fella rökstuddan dóm um þessi efni. Auk þess hefir áfengið ýms önnur áhrif á líffærin, breytir og spillir þeim á marga vegu, sem jeg hjer ekki hef tíma til að lýsa, en sum af þessum áhrifum eru svo, að þau valda varanlegum skemmdum eða afmyndunum, sem því næst ganga í ættir til afkomendanna.

Þetta vildi jeg benda á, og þó er það að eins fátt af því ótalmarga, sem mætti taka fram því til stuðnings, að fullkomin ástæða er til þess fyrir löggjafarvaldið að skipta sjer af þessu máli, og fulkomin sanngirnisástæða til þess að gefa hjeruðunum það vald, sem hjer er farið fram á. Jeg fyrir mitt leyti gæti gengið inn á, að málið væri sett í nefnd, þó að jeg alls ekki sje samþ. h. þm. Borgf. (Þórh. B.) um það, að láta ekki samþykktirnar ná til hinna gömlu verzlana.

Flutningsm. (Einar Jónsson): H. þm. Bf. (Þ.B.) skaut því að oss flutningsm. frv. hvort vjer vildum ekki ganga í samvinnu við hann með að laga frv.; mjer skildist á þann veg, að kaupmenn þeir sem nú reka verzlun og vínsöluleyfi hafa, skyldu undanþegnir samþykktarlögum þessum. Jeg vil sannarlega ekki kreppa að þessum mönnum meira en brýn þörf krefur; en svo framarlega

sem samþykktirnar eru orðnar áhugamál í einhverju hjeraði, þá er það mjög umhugsunarvert, hvort rjett sje að láta kaupmenn hafa leyfi til að halda vínsölunni áfram. Jeg hefi ekkert leyfi til að svara fyrir meðflutningsmenn mína, og um sjálfan mig get jeg ekki sagt með vissu, hvort jeg muni geta gengið inn á að greiða atkvæði með slíkri undanþágu; helzt vil jeg vera laus við hana, því þá finnst mjer samþykktin að hálfu leyti vera eyðilögð. Þó vil jeg heldur fá samþykktarlög þannig úr garði gjörð en engin samþykktarlög, því að þessi galli þeirra mundu smátt og smátt hverfa, jafnóðum og eldri kaupmennirnar líða undir lok, og sæi jeg að það væri verulegt spursmál fyrir framgang frv., að þetta ákvæði væri tekið upp í það, þá mundi jeg ganga að því.

Jeg legg áherzlu á það, að jeg álít þetta frv. horfa til hins mesta gagns fyrir þjóðina, og þetta er jeg viss um að h. þm. játa, eins og þeir líka munu játa, að rjett sje að það fái framgang, sem er til almennra heilla, þótt einhverjir einstaklingar hafi óhagnað af því, allra helzt þegar það þó engan veginn eyðileggur þá eða atvinnu þeirra. Jeg get ekki endað að tala almennt um þetta mál án þess að geta þess, að ekki svo lítill hluti af þjóðinni hefir skorað á þingið að taka þetta mál að sjer. Jeg vona að h. þing lítilsvirði ekki áskorun þá, sem þinginu hefir borizt um þetta mál og sem er undirrituð með nöfnum 7600 fermdra kvenna á Íslandi. Það er í fyrsta sinni sem alvarleg áskorun hefir komið frá kvennþjóðinni til þingsins, og því meiri ástæða er að taka hana til greina og alvarlegrar íhugunar og fella eigi frumv., nema að auðsæir sjeu svo miklir agnúa á því, að ófært sje að samþykkja það. Auk kvennanna er það fjöldi annara sem vill að máli þessu sje sinnt; það er því óhætt að segja að mjer sje um alvarlegt áhugamál að ræða hjá fjölmörgum Íslendingum. Jeg tek það upp aptur, að þetta er fyrsta sinni, sem konur skora á þingið að taka að sjer mál sín; ætti þingið því að bregðast vel við, eigi sízt þetta þing, sem einmitt vill veita konum svo mikil rjettindi, og helzt veita þeim jafnrjetti við karlmennina og koma þeim á þann rekspöl, að þær færi að gefa sig við alþjóðarmálum.

Jeg treysti því að h. deild leyfi málinu fyrst og fremst að ganga til 2. umr., og vona að hún lofi því yfir höfuð að ganga fram í svipuðu horfi og það er í nú.

Jens Pálsson: Þetta mál er áreiðanlega orðið mikið áhugamál þjóðarinnar; það sýnir ekki að eins áskorun hinna 7600 kvenna, heldur einnig yfirlýsingar á þingmálafundum og annarsstaðar. Á þingmálafundinum í Dalasýslu lýsti það sjer á umræðunum, að fundarmenn vildu láta gjöra hið ýtrasta til þess að útrýma vínfangasölunni. Af þessu ályktaði jeg, að þótt konur einar hafi sent áskorun til þingsins til að styðja mál þetta, þá mundi vera eins auðvelt að fá karlþjóðina til að senda þinginu samskonar áskoranir hvenær sem vill. Það er ekki nema eðlileg afleiðing af þeirri stefnu sem með ári hverju ryður sjer meira og meira til rúms hjá þjóðinni. Jeg vona að hin sama stefna verði föst og sterk hjá þinginu; jeg vona þetta af því, að málið er svo gott og þýðingarmikið. Jeg er ekki alveg viðbúinn að svara h. þm. Borgf. (Þ.B.) hvort vjer munum geta sameinað oss við hann með þeim skilyrðum, sem hann setti, það er að segja að samþykktin skyldi ná yfir heil lögsagnarumdæmi og að hún skyldi ekki ná til þeirra kaupmanna, sem nú hafa vínsöluleyfi.

Til þess að geta gefið ákveðið svar um það, hvort jeg muni geta gengið að þessum breytingum, vildi jeg fyrst fá að heyra glöggar ástæður frá honum fyrir því, hvers vegna hann álítur þessi skilyrði svo nauðsynleg.

Jeg sje ekki hvers vegna t. d. hálft lögsagnarumdæmi skuli ekki hafa sama rjett sem heilt umdæmi til að gjöra samþykktir til að sporna við vínnautn. En játi menn að það hafi jafnan rjett til þess, þá liggur það í augum uppi að þessi rjettur þess getur opt orðið fyrir borð borinn, ef samþykktin á endilega að ná yfir heilt lögsagnarumdæmi, því að hæglega getur svo staðið á, að helmingur umdæmisins vilji gjarna koma á samþykktinni, en hinn helmingurinn ekki. Þó gjöri jeg þetta atriði líklega ekki að miklu kappsmáli. En hitt, að samþykktin skuli að eins ná til væntanlegra verzlunarmanna, það þykir mjer óeðlilegt og ójafnaðarfullt.

Mjer sýnist það ekki svo hart fyrir kaupmenn, þó þeir verði að sleppa vínsölu, ef hið sama gengur út yfir alla kaupmenn í sama kauptúni, en það er hart að banna einum kaupmanni vínsölu, þegar tveir eða fleiri við hlið-ina á honum hafa vínsöluleyfi. Mjer finnst það ekki heldur hart að banna kaupmönnum vínsölu, þegar litið er á það, að flestir þeirra hafa að minni skoðun meiri skaða en gagn af henni; kaupstaðarskuldirnr vaxa við hana og verzlunarmennirnir hljóta að verða óskilvísari. Vjer vitum líka að það hefur verið töluverð hreifing hjá kaupmönnunum sjálfum í þá átt að hætta við vínflutning til landsins og hafa merkir kaupmenn verið þar fremstir í flokki; jeg get því ekki skilið að lög þessi verði óvinsæl hjá kaupmannastjettinni.

Þegar h. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir fært svo gild rök fyrir tillögum sínum, að hann hefir sannfært mig um nytsemi þeirra, þá mun jeg ásamt meðflutningsmönnum mínum leita samkomulags við hann; fyrri get jeg það ekki.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg skal ekki þreyta deildina með langri ræðu, og ekki heldur deila við h. þm. V-Sk. (G. G.) um skaðsemi áfengisdrykkjunnar; við erum þar báðir samdóma. Bindindið viljum við báðir styðja, en jeg vil að bindindishreyfingin og bindindislöggjöfin taki praktiska stefnu. Mjer finnst að verði að fara varlega í það, sem hlýtur að vekja mótspyrnu gegn bindindishreyfingunni og kala til bindindismálsins.

Það mundi reynast ákaflega erfitt í framkvæmdinni með þetta ótakmarkaða svæði, sem samþykkt á að ná yfir; úr því mundi verða ófriður, sem ekki er vert að leiða hjer í lög. Enn meiri áherzlu legg jeg þó á það, hve ósanngjörn þessi samþykktarlög mundu verða gagnvart hinum eldri kaupmönnum: að svipta þá einum verulegum hluta atvinnu þeirra; hjer er gengið svo nærri rjetti þeirra að harla óvíst er að mál þetta fái framgang. Hjer er svo margvitnað í lögin frá 10. febr. 1888, sem ná til veitingamanna einna, en þar er alls eigi farið fram á að taka atvinnuna af þeim gömlu; þau lög ná að eins til þeirra, sem ætla að byrja veitingar. Það er það sem skilur samþykktarfrv. sem hjer liggur fyrir, og sem nær bæði til kaupmanna og veitingamanna, frá lögunum 10. febr. 1888. Sje nú ekki hróflað við þessum lögum um veitingamennina, en samskonar lög samin fyrir þá sem í framtíðinni ætla að leysa borgarabrjef, þá ganga slík lög í gegnum þingið, og fá staðfestingu, og geta farið að verka á næsta vori. Slík lög eru seinvirk, en þau eru þess farsælli. Lögin frá 10. febr. 1888 hafa

gjört nokkuð gagn að minnsta kosti hjer í Reykjavík. Síðan hefir veitingahúsum fækkað hjer um helming, og ný veitingaleyfi hafa ekki verið gefin, þótt þess hafi verið farið á leit, og ekki horfur fyrir að slíkt leyfi veitist að sinni. Minna mætti og á það, að nú er stöðugt verið að löggilda nýja verzlunarstaði. Til allra slíkra staða, þar sem ekki er komin föst verzlun fyrir, geta slík lög, sem jeg hugsa mjer, náð, og komið að fullu haldi. Jeg hefi að eins það að athuga, að verði farið að smíða nokkurskonar viðaukalög við lögin frá 10. febr. 1888, þá ætti vínsöluleyfi kaupmanna ekki fyrst að ganga til hinna almennu kjósenda, heldur til hreppsnefnda, sýslunefnda og bæjarstjórna, og þá fyrst leggjast fyrir kjósendur, er hjeraðastjórnir hefðu veitt samþykki sitt.

Það má að vísu meta nokkurs, þetta áskoranafylgi við málið utan úr landinu; en þó mun eigi síður mega skoða það sem verk einstakra manna. Það er í sjálfu sjer gott og fagurt, að konur hafa beitt sje fyrir í þessu máli, en fæstar þeirra munu hafa getað gjört sjer glöggva grein fyrir, hvaða þýðingu þau lög mundu hafa, sem hjer er verið að reyna að koma á, og hvernig þau kæmu til framkvæmdar.

Það hefir verið minnzt á áhuga á þessu máli á þingmálafundum; í mínu kjördæmi kom þessi áhugi ekki fram. Á þingmálafundi, þar sem 40 kjósendur voru saman komnir, voru allir að tveimur undanteknum algjörlega á móti samþykktarlögum þingsins í fyrra. Það hefir verið tekið fram að lög þessi væru ekki ósanngjörn, af því að þau ættu að ná jafnt yfir alla. Það er mikið rjett að þau ná jafnt yfir alla á samþykktar-svæðinu, en hvernig ætli að færi, ef vínsölubann væri samþykkt t. d. í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík, eða í Reykjavík, en ekki í Hafnarfirði? Mundi samþykktin þar ekki verða til hnekkis kaupmönnum í því kauptúni þar sem hún kæmist á, ef aðrir kaupmenn rjett við hliðina í nágrannakauptúni seldu áfram áfenga drykki, og væri það þá ekki ójöfnuður?

Jeg hefi enn ekki fengið fullnægjandi svör frá flutningsmönnum frv. um það hvort þeir vilji taka tillögur mínar til greina; þeir hafa farið undan í flæmingi; og eigi get jeg tekið gilda þá viðbáru h. þm. Dalam. (J. P.), að hann sje ekki viðbúinn að gefa ákveðið svar. Hann hefði þó átt að vera undir það búinn, málið var svo mikið rætt í fyrra og þá stóð einmitt á þessu sama. Eptir þeim svörum sem jeg hefi enn fengið, býst jeg helzt við að greiða atkvæði móti því að málið gangi lengra, því að eptir þeim að dæma get jeg varla gjört ráð fyrir að samkomulag komist á milli mín og h. flutningsmanna frv.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Þó ótrúlegt sje, þá gladdi það mig að lesa þetta frumv. Það gladdi mig ekki að sjá frumv. koma fram, heldur að sjá, að flutningsmenn þess hafa fært talsvert saman kvíarnar í þessu máli frá því í fyrra. Jeg tel þeim þetta því meiri sæmd, sem stórkostlegar »agitationir« hafa farið fram um allt land síðan, um, að halda áfram frumv. því í fyrra. Hversu mikil þessi »agitation« hefir verið, má sjá svart á hvítu hjer frammi á lestrarsalnum. En þó jeg sje nú glaður yfir þessu, þá get jeg samt ekki lofað að vera með þessu frumv. Jeg þarf ekki að taka fram ástæður mínar móti málinu, því jeg gerði það í fyrra. En mig langar að spyrja h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) að einni spurningu. Hann talaði um, að vert væri að athuga afleiðingarnar af drykkjuskap í

þeim löndum, þar sem lítið eða ekkert væri gert til að stemma stigu fyrir honum, og hann tók til dæmis Danmörku og sýndi með tölum þá fátækt, glæpi, heilsuleysi og dauða, er drykkjuskapurinn þar hefði í för með sjer. Mundi nú ekki vera fróðlegt og gott að fá til samanburðar samskonar tölur frá þeim löndum, þar sem löggjafarvaldið reynir til að setja skorður við vínnautninni? Getur h. þm. (Guðl. G.) ekki gefið samskonar yfirlit frá þeim löndum? Það er kannske ekki vert að fara út í það, því »resultatið« verður líklega nokkurn veginn það sama!

Þá var það annað atriði í ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), sem jeg vildi að eins minnast á. Mjer fannst hann byggja á því, að allt vín, sem drukkið væri á Íslandi, gengi til þess að drekka sig fullan í. Því verð jeg að mótmæla. Jeg held minnstur hluti þeirra manna, sem drekka vín, drekki það svo, að þeir fyrir það verði ófærir til að gegna störfum sínum, og þá finnst mjer lítið um það að tala, og þá finnst mjer líka rangt, að sexfalda tollinn, þegar hann er að reikna út, hvað mikið vínið kosti.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Jeg held, að h. þm. V.-Skaptf. hefði tæplega þurft að eyða svo löngum tíma til að lýsa því, hvílík eymd leiði af ofdrykkjunni. Það vita allir, og mótstaðan gegn þessu frumv. er ekki sprottin af því, að allir vilji ekki gjöra sitt til að afstýra þessari eymd, heldur af því, að menn greinir á um aðferðina.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi því miður ekki við hendina nógu margar tölur til að sýna samanburð í öllum þeim atriðum, sem jeg tilgreindi, á hinum skaðlegu afleiðingum drykkjuskaparins í öðrum löndum en í Danmörku, eða til samanburðar við hana. Í nokkrum atriðum hef jeg þó hjer prentaðar samanburðarskýrslur fyrir tvö lönd önnur, nefnilega Noreg og Svíþjóð. Að því er snertir dauða af drykkjuskaparsjúkdómum hefi jeg skýrslu eptir alþekktan mann, professor Vestergaard. Hann hefir borið þetta saman í þessum þrem löndum. Í Svíþjóð er eptir skýrslu hans í bæjunum ½ % af öllum dánartilfellum afleiðing af drykkjuskap, en í Danmörku 1,3 %. Í Noregi eru tilfellin tiltölulega örfá, það heitir varla, að þau komi fyrir. Niðurstaðan er sú, að í Danmörku er drykkjuskapardauði miklu tíðari en í Svíþjóð og Noregi.

Sjálfsmorð eru miklu fleiri í Danmörku en í Noregi, því þau eru á tilteknu, jöfnu tímabili í Danmörku 500, en í Noregi 130, og er fólkstala þó lík í þessum löndum. Í Svíþjóð eru sjálfsmorð á sama tímabili 400, en þar er helmingi fleira fólk en í Danmörku. Niðurstaðan verður þá sú, að sjálfsmorð eru fjórum sinnum fleiri í Danmörku en í Noregi og 2 til 3 sinnum fleiri en í Svíþjóð. En eins og jeg hefi tekið fram, eru 20—30 % af öllum sjálfsmorðum afleiðing af drykkjuskap.

Í öðru lagi skal jeg benda á, að af samanburði eptir dr. Engelstedt sjest, að af 538 karlmönnum, sem fengu lungnabólgu, hafa verið 285 alkoholistar, sem hafa fengið »delirium tremens«, og af þeim dóu 25 %, en af hinum, sem ekki voru alkoholistar, dóu að eins 13 %.

Ef h. 2. þm. Eyf. (J. J.) vill kynna sjer »statistik« fyrir Danmörk, Noreg og Svíþjóð yfir fátækt og glæpi og fleiri afleiðingar drykkjuskaparins, þá eru til um það góðar bækur og ársrit, sem jeg skal síðar benda honum á. Jeg get ekki svarað spurningum h. 2. þm. Eyf. fyllilega nú. Það eru til næg gögn til að svara spurningu hans út í æsar, en jeg hef þau ekki við hendina hjer í salnum. Þau sýna öll, að þar sem lög-

gjöfin hefir stutt að því að útrýma brennivíninu, þar hefir ástandið batnað mjög í þessar stefnur.

Gagnvart ummælum h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) skal jeg taka það fram, að það getur ekki verið neitt á móti því, að gera með lögum breytingu á einhverri atvinnu, ef hún er skaðleg fyrir almenning. Þetta hefir líka verið gert jafnvel hjá oss fyrir skömmu. Alþingi hefir gefið út lög, sem banna botnvörpuveiðar bæði innlendum og útlendum, og það af því, að þessi veiðiaðferð er álitin skaðleg fyrir almenning, þó að henni geti verið stundarhagur fyrir einstaka menn. Þannig getur það verið margt í atvinnuvegunum, sem menn kynoka sjer ekki við að banna.

Um það er jeg samdóma h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.), að rjett sje að bera frumv. til samþykkta fyrst undir sýslunefndir og bæjarstjórnir.

Mjer fannst sumir h. þingdm. vilja gjöra lítið úr áskorunum þeirra 7600 kvenna, sem skorað hafa á þingið, að taka bindindismálið fyrir, sjerstaklega af því, að svo mikið hafi verið »agiterað« fyrir undirskriptunum, og af því, að þær mundu litla hugmynd hafa um, hvernig þessi lög mundu reynast. Það mun nú mega segja líkt um allar áskoranir, sem til þingsins koma; það mun ekki öllum ljóst, sem undir þær skrifa, hvað þeir biðja um, og þó vitna menn hjer á þingi opt og einatt í þessar áskoranir og fjöldann, sem undir þeim stendur. Það er þó víst, að þetta mál, bindindismálið, hefir fengið mikið fylgi út um allt land, miklu meira fylgi en jeg hefði getað gert mjer í hugarlund, og þó höfum við Íslendingar verið seinir á oss í þessu máli, nærri því eins seinir eins og Danir sjálfir.

Sigurður Gunnarsson: H. þm, Borgf. (Þórh. B.) gengur inn á það, að banna með samþykktarlögum að nýir kaupmenn fengju vínveitingaleyfi, en honum þótti ósanngjarnt, að banna hinum gömlu kaupmönnum, að halda vínsölunni áfram, því það mætti ekki takmarka atvinnu þeirra. Það er vanalega viðkvæðið, þegar ný launalög embættismanna eru samin, að þeir embættismenn, sem þá sjeu í embættum, skuli einskis í missa af launum sínum. Jeg hygg nú að líkt hafi vakað fyrir h. þm. Borgf. (Þórh. B), að honum hafi virzt svipað standa á með þá og embættismennina, og vilji hann því ekki láta þessa þörfu! embættismenn neins í missa af arðinum af vínsölunni. Þm. kallar þetta sanngirni, en jeg get ómögulega hrósað þeirri sanngirni. Mjer finnst sanngirnin öll í rauninni vera okkar megin, sem viljum takmarka vínsöluna af þeim ástæðum, sem h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðm.) tók svo ljóslega fram, er hann ræddi um eðli áfengisins. Það er sanngirni við mannfjelagið að forða það voðanum, sem af vínnautninni leiðir, sem mest má verða.

Mjer þykir skrítið hvað h. þm. Borgf. (Þórh. B.) og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) gera lítið úr ósk kvenuþjóðarinnar, sem hefir svo kröptuglega óskað þess, að frumv. þetta yrði að lögum. Mjer virðist alls ekki rjett að gera svo lítið úr öllum þeim áskorunum, og mjer sýnist töluverð ósamkvæmni vera fólgin í því, að vilja gefa þeim pólitiskt frelsi, eins og þessir þingm. samt vilja, en væna þær þó því, að þær í þessu máli hafi ekki vit á, hvers þær óski.

Þar sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) áleit það sæmdarauka fyrir oss flutningsm., að frumv. hefði fært saman hjá oss kvíarnar frá því í fyrra, þá get jeg ekki verið honum þakklátur fyrir þau ummæli; að vjer höfum farið skemmra stafar af hinni hörðu mótspyrnu þessara þm., en vjer viljum heldur komast

nokkuð áleiðis en ekkert; en hvað h. þm. Borgf. (Þórh. B.) snertir sjerstaklega, þá vil jeg ekki kaupa atkvæði hans með því, að lofa skýlaust fyrir fram, að ganga inn á að breyta frumv. í þá átt, sem hann hefir farið fram á; tilslökunin af okkar hendi er næg samt.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Út af orðum h. þm. Borgf. (Þórh. B.), þar sem hann áleit það ósanngirni gagnvart gömlu kaupmönnunum, að svipta þá vínfangasölunni, þá get jeg ekki gert svo mjög mikið úr því í þessu efni. Hann vill breyta frumv. á þann hátt, að samþykktin nái að eins yfir þá kaupmenn, sem byrja verzlun hjer á eptir. En þegar jeg lít fram á veginn, eru svo miklir agnúar á því, að undanskilja hina eldri kaupmenn, að mjer virðist það ógjörningur. Setjum svo að samþykktir komist á í einhverju hjeraði, og gömlu kaupmennirnir yrðu ekki útilokaðir frá vínsölu, heldur einungis hinir nýju. Þá mundi það leiða til ójafnaðar milli kaupmannanna. Því að það er alkunnugt, að kaupmenn þykjast hafa hag af vínsölu, og jeg hef ekki ástæðu til að rengja það. Þess vegna mundu hinir gömlu kaupmenn hafa hlunnindi fram yfir hina nýju, og hinir nýju kaupmenn því ekki geta þrifizt við hliðina á þeim. Því þegar þeim er meinaður arðurinn af vínsölunni, verða þeir að vinna það upp aptur á öðrum vörum, og selja þær með hærra verði en gömlu kaupmennirnir, og það mundi verða til þess að þeir fengju síður viðskiptamenn, enda er ekki ólíklegt að sumir viðskiptamenn kaupmanna muni fyrst um sinn heldur hneigjast að þeim verzlunum, þar sem vínsalan er. Af þessu leiðir, að sje ákvæði h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tekið inn í frumv., þá styður það hag vínseljanda, gömlu kaupmannanna, en hinir nýju hljóta að verða bolaðir burtu. Sje því þetta atriði tekið inn í frumv. hefir það að eins þýðingu á nýlöggiltum verzlunarstöðum, en kemur ekki að notum fyr en eptir langan tíma á þeim stöðum, þar sem fastaverzlun er þegar komin á.

Vjer munum, að nýlega var hjer fyrir deildinni frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna. Sje nú breyt.atriði h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tekið inn, þá miðar það til þess að styrkja útlenda fastakaupmenn til þess, að hafa öðrum fremur arð af selstöðuverzluninni hjer á landi, og fer þetta atriði því í beina mótsögn við tilraunina að gera kaupmenn búsetta innanlands.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) talaði um, að »agitationum« frá einstökum mönnum hefði verið beitt við að koma bænarskrám þeim af stað, sem biðja um þessi samþykktarlög, og undirskrifaðar eru af 7600 konum. Með sama rjetti mætti kalla allar bænarskrár »agitationir« frá einstökum mönnum, því þær eru auðvitað ætíð upprunalega sprottnar frá einstökum mönnum. Sje því um »agitationir« að ræða, þá er að eins á það líta, hvernig almenningur tekur undir þær, og þetta mál hefir fengið óvanalega almennt góðar undirtekir, eins og kunnugt er, og því ætti þingið að gefa gaum.

Jón Jónsson þm. A.-Skapf.: Jeg ætla mjer að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli nú, af því jeg gerði það ekki í fyrra. Jeg finn því fremur ástæðu til að taka til máls, sem mjer var borið á brýn í vetur í blaðinu »Austra«, að mótstaða mín gegn frv. því, sem hjer lá fyrir síðast um þetta mál, væri sprottin af því, að jeg ljeti mjer liggja í ljettu rúmi siðferði manna, en þeirri ásökun finn jeg mig knúðan til að vísa á bug, og jeg ætla mjer ekki að bera brigð á orð h. þm. V.-

Skaptf. (Guðl. G.) um skaðsemi áfengra drykkja. Hjer er fyrst að spyrja um það, hvort þjóðfjelagið eigi að setja mönnum reglur fyrir því, hvort þeir megi drekka eða ekki, eða hvers þeir megi neyta. Að vísu er það ekki beinlínis gjört í þessu frumv.; en þó fer það í þá átt, þar sem gjörð er tilraun til þess að banna alla verzlun með áfenga drykki. Að vísu skal jeg játa með h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að þar sem hjer er ekki algjörlega lagt bann fyrir innflutning þeirra, þá er þetta frumv. miklum mun frjálslegra en frumv. í fyrra, þótt það verði reyndar talsvert haft á viðskiptafrelsinu, og það ætti löggjafarvaldið ekki að takmarka um skör fram. En mjer finnst þó eigi að síður, að gengið sje inn á mjög viðsjárverðan veg, ef frv. þetta næði fram að ganga, með því að selja hjeruðunum ofmikið vald í hendur. Það var hjer nýlega fyrir deildinni frumv. um, að veita leikhúsa-eigendum hjer á landi vínveitingaleyfi og var þá tekið fram, að lögunum frá 10. febr. 1888 hefði verið misbeitt hjer í bænum, er um þetta atriði var að ræða, og jeg hefi heyrt, að þeir sem hafi verið móti því, að leyfi þetta væri veitt, hafi ekki verið allir bindindismenn, heldur einmitt fremstir í flokki hinir vínsölumennirnir og þeirra áhangendur. Eigi að síður gat jeg ekki verið með því að þingið færi að gjöra hjer undantekningar, og taka aptur vald það, er það hefir gefið hjeruðunum, því þegar þingið hefir gefið þeim samþykktarlög, álít jeg ekki rjett að svipta þau aptur rjettindum þeim, er þau veita, nema knýjandi nauðsyn sje til. En jeg álít íhugunarvert, að gefa hjeruðunum meira vald, og jeg vil ekki ganga lengra á þeim vegi (*Guðl. Guðm.*: En vatnságangsfrumv.?); og ef lengra væri gengið vildi jeg helzt fara þá leið sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefir bent á, að veita sveitunum leyfi til að koma í veg fyrir, að menn taki upp nýja vínverzlun, þar sem löggiltir eru nýir verzlunarstaðir.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) minntist á vatnságangsfrumv. Það munu ekki eins miklar æsingar verða hafðar til að fá þeim samþykktum framgengt, og hjer mundu eiga sjer stað. Jeg hefi allt af nokkra óbeit á málum, þar sem ofstæki er beitt og æsingum, og jeg vil ekki, að reynt sje að þröngva sannfæringu manna, en slíkt er nokkur ástæða til að óttast hjer, því mjer finnst, að bindindismenn vilji reyna til, að keyra sannfæring sína inn í aðra með storkun og stóryrðum, og það getur verið, að sumir fylgi þessu máli af því þeir álíta, að það heyri til, aðra skoðun tjái ekki að hafa, og þeim verði annars lagt það til lýta og varla taldir menn með mönnum, og að margir sem hafa enga fasta sannfæringu í þessu máli gefi því svo atkv. sitt hálfnauðugir, sem getur haft illar afleiðingar síðar meir.

Mjer finnst því þingið ganga mjög viðsjárverðan veg, ef það samþ. þetta frumv., enda þótt það sje miklu frjálslegra en frumv. í fyrra.

Jeg tel ekki hyggilegt að þingið afsali sjer þessum rjetti í hendur hjeraðanna, sem frumv. fer fram á að veita þeim. Jeg hefði kunnað miklu betur við, að þingið hefði sett algjör bannlög fyrir land allt. (*Guðl. Guðm.*: Heyr!), enda mun og þetta liggja undir niðri og hafa vakað fyrir konum þeim, er skrifað hafa undir bænarskrárnar. En þetta virðist mjer þó að ýmsu leyti varhugavert, því jeg er hræddur um, að það mundi vekja óróa og valda undanbrögðum fyrst í stað, meðan menn eru ekki betur undir þau búnir. En hvað samþykktarlögin snertir þá vildi jeg ef þau gengi fram, að þau næði yfir sem

minnst umdæmi, helzt ekki meira en að eins hvern hrepp, svo að allir gæti haft færi á að nota atkvæði sitt.

Valtýr Guðmundsson: H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) vitnaði til orða minna frá í fyrra hjer í deildinni í þessu máli. Jeg skal geta þess, að jeg minntist alls ekki á þetta hitaspursmál, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði svo mikið um, en hitt má vera, að jeg hafi sagt, að vínið fjörgaði menn.

Að því er snertir frumv. sjálft, þá verð jeg að játa, að það er talsvert aðgengilegra en frumv. í fyrra, þótt ýmsir annmarkar sjeu reyndar á því.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) gekk út frá því, að allt það vín, sem neytt væri, gjörði svo afar-mikinn skaða, og að allir, sem þess neyttu, hlytu að verða ölvaðir, og út frá hinu sama virðist vera gengið í sjálfu frumv., þar sem það er tekið fram, að eigi megi afhenda vín gegn sama lyfseðli nema einu sinni. Það er því farið með vínið eins og eitur, því að þetta ákvæði er ekki haft nema um eitur. Jeg get varla hugsað mjer að þær konur, sem hafa skrifað undir áskorun þá, sem hjer liggur frammi á lestrarsalnum, hafi ætlazt til þessa. Það er og al-kunnugt að vín er opt notað, eptir læknisráði, til að styrkja sjúklinga, sem eru á batavegi, og þá mundi það opt þykja óhentugt, eins og hjer stendur á, þar sem svo strjálbyggt er, og opt langt til læknis, að þurfa að senda eptir nýjum lyfseðli í hvert skipti, sem sjúklingurinn þyrfti að fá dálítinn dropa af víni til að hressa sig á.

En viðvíkjandi áskorunum frá kvennfólkinu, þá skal jeg geta þess, að það er ekki alveg að marka nafnafjöldann, því að sum nöfnin standa þar optar en einu sinni. Jeg hefi rekið mig á, að sömu nöfnin standa þar á tveim til þremur listum, og jeg gæti nefnt fleiri dæmi þess. Annars álít jeg að þessar konur gætu unnið miklu meir í þarfir bindindishreyfingarinnar hver í sínu hjeraði með því, að kenna börnum sínum hófsemi og reglusemi, en með því að heimta, að löggjafarvaldið taki í taumana.

Viðvíkjandi skýrslum h. þm. Vestur-Skaptf. (Guðl. G.) um skaðsemi áfengisins, þá byggði hann mikið á sjálfsmorðum í Danmörku. En þetta er ekki eins mikið að marka eins og hann heldur og í fljótu bragði virðist. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að í Svíþjóð eru það lög, að lík allra sjálfsmorðingja skuli þar fengin líkskurðarstofnunum og læknisfræðis-stúdentum leyft að flá þau í sundur, en í Danmörku eru engin lög, sem heimila slíkt. Til þess nú að losast við, að lík þeirra komi til slíkrar meðferðar, þá er það alls ekki ótítt, að menn fari úr Svíþjóð og yfir til Danmerkur til þess, að drepa sig, og lesi h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) dönsk blöð, þá mun hann opt sjá þess getið.

Auk þess ber þess að geta, að sjálfsmorð eru ætíð tíðari í stórborgum en í sveitum eða minni bæjum, en nú stendur svo á í Danmörku, að 1/4 hluti allrar þjóðarinnar býr þar í höfuðstaðnum, sem er stærsti bærinn á Norðurlöndum, og er því ekki að furða, þótt þar komi fyrir fleiri sjálfsmorð en í Noregi og Svíþjóð, þar sem bæirnir eru svo langt um minni.

H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) gerði mikið úr því, hve auðmagn ykist og velmegun í löndunum með minnkun drykkjuskaparins. Hann sagði og, sem satt mun vera, að drykkjuskapurinn væri mestur í Danmörku á Norðurlöndum, en þá ætti auðmagnið í Noregi og Svíþjóð að vera miklu meira en í

Danmörku, en þessu er engan veginn þannig varið, því að auðmagnið í Danmörku er miklu meira en í Noregi og Svíþjóð, (*Guðlaugur Guðmundsson:* Jeg neita því); en það getur auðvitað með fram legið í því, að landið sje betra.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 11 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðjón Guðlaugss.,
Guðl. Guðmundss.,	Halld. Danielsson,
Jens Pálsson,	J. J., þm. A.-Sk.
Ólafur Briem,	Jón Jónss., þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Valt. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
Tr. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 182); 2. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg finn ekki enn á ný ástæðu til þess, að tala nema örfá orð að svo stöddu; engin andmæli hafa hreyft sjer gegn þessu máli, og engar breyt.till. fram komið í deildinni. Jeg finn heldur ekki ástæðu til þess, að rekja sögu málsins frá fyrstu tímum hjer á þingi, því að hún mun h. þingdeildarm. kunn. Ekki heldur finn jeg ástæðu að svo stöddu til þess, að minnast afdrifa frumv. frá alþingi 1893, jafnvel þó að sumum kunni að virðast ástæða til þess, að hreyfa því atriði, en jeg mun líklega minnast þess áður þessu máli er lokið hjer í deildinni.

Jeg vona að frumv. fái góðan byr, ekki einasta hjer í þessari deild, heldur líka á þinginu í heild sinni, svo að það nái fram að ganga.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Þetta frv. er gamall gestur hjer í deildinni, en í þetta sinn dálítið breytt frá því, er það fór hjeðan í fyrra, síðari partur 2. gr. er kominn aptur, og vildi jeg stinga upp á, að hann væri felldur burt og greininni skipt í tvennt við atkvæðagreiðsluna.

Jeg finn ekki brýna þörf til að auka tölu dómenda í landsyfirrjetti, því að starf þeirra mun ekki aukast svo mjög við það, þótt hætt verði að skjóta málum til hæstarjettar í Höfn. En að því er sjálft málið snertir, þá er jeg með því, að hæstirjettur verði afnuminn sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum, og álít, að hann eigi að vera inni í landinu sjálfu, af því að hæstirjettur Dana er of ókunnugur vorum sjerstöku lögum, venjum og þjóðháttum, og í því styrkist jeg því lengra sem á líður, og ekki sízt við það, er fram hefir farið nú á síðustu tímum.

Flutningsmaður (*Sighv. Árnason*): Jeg gat þess við hina fyrstu umræðu þessa máls, að frumv. væri ekki með öllu eins orðað og það, er samþ. var á þinginu síðast, og segi jeg fyrir mig, að jeg geri ekki þessa breytingu af kappsmáli. Í efri deild í hitt eð fyrra var því bætt við, en fjell aptur við breyt.till. hjer í deild, og síðan gekk frumv. fram, í því formi sem það var lagt fyrir ráðherrann. En svo að jeg eyði ekki fleiri orðum að þessu, þá, að því er snertir fjölgun dómenda, er jeg að vísu á því, að það sje tryggara, ef þeim er fjölgað en ella. Að ekki aukist starf yfirdómsins við það, að hann verður hæstirjettur, get jeg ekki samþykkt, því að jeg er viss um, að menn verða ósparari á að leggja mál sín fyrir hann, af því að kostnaðurinn við málskot til hæstarjettar hefir fælt margan mann frá því að leggja í mál. En samt sem áður, ef

það er almennings vilji, að kippa þessu ákvæði burt, þá er jeg fús á það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi að eins segja nokkur orð viðvíkjandi þeirri breytingu, sem orðin er á frumv. síðan það var hjer síðast á ferðinni, og er það þá mitt álit, að engin ástæða sje til að bæta inn í það ákvæðum um fjölgun dómara í yfirdómi, því að í fyrsta lagi er engin ástæða til þess, að fara að fjölga embættismönnum í landinu, þeir eru nógu margir samt, í öðru lagi hefir yfirdómurinn kynnt sig svo svo vel, er í svo miklu áliti, að Íslendingar geta unað við hann eins og hann er, og í þriðja lagi, og það atriði legg jeg mesta áherzlu á, kemur það þessu frv. ekkert við, því það á að leggjast fyrir ríkisdaginn, og hann á að samþykkja aðskilnaðinn — um hann snýst allt, en ríkisþingi kemur ekki nokkurn skapaðan hlut við tal dómenda í landsyfirrjettinum, hann lætur sig litlu skipta, hvort við aukum við hann dómendum eða ekki.

Enn fremur veit maður, að dómendur í landsyfirrjettinum ekki hafa svo mikið annríki, að þeir geti eigi annað meiru, svo að frá því sjónarmiði sjeð er heldur engin ástæða til að reka þennan fleyg í frumv. En fyrst og fremst er sú ástæðan sterkust, að þetta ákvæði kemur þessu frumv. ekkert við. Hjer er að eins að tala um skilnaðinn á dómsvaldi hæstarjettar. Þegar hann er fenginn, getur stjórnin lagt frumv. fyrir þingið um fjölgun dómenda í landsyfirrjetti, ef henni þykir það nauðsynlegt. Fyr kemur ekki til að tala um þetta. Jeg vildi því stinga upp á því, að greinin verði borin upp í tvennu lagi, þannig, að fyrst sje borið upp: »Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum«, og síðan: »og skal tala dómanda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor«.

Valtýr Guðmundsson: Jeg lít svo á þetta frumv., að það sje mun aðgengilegra einmitt fyrir þetta ákvæði í 2. gr. um fjölgun dómendanna, svo að ef það væri ekki, þá væri frumv. með öllu óaðgengilegt. Yfir höfuð álít jeg, að sem stendur sje engin ástæða til, að afnema hæstarjett sem dómstól í íslenzkum málum, jeg álít það rjettarmissi, en ekki rjettarbót, ekki sízt, ef æðsti dómstóllinn innanlands verður skipaður einum 3 mönnum, og jeg ímynda mjer, að það sjeu fleiri en jeg, sem ekki vildu eiga líf sitt undir atkvæði þriggja manna, það er að segja eins manns atkvæði, því í rauninni er það svo, ef 2 eru hvor á sinni skoðun, þá sker sá þriðji úr. Það er miklu meiri trygging að því að hafa hæstarjett, því að annars höfum við ekki nema tvo dómsliði, »instantser«, og enginn skal telja mjer trú um, að ekki sje tryggara, að hæstirjettur fái málin til athugunar á eptir, einkum þar sem það er almennt viðurkennt, að hann sje mjög óhlutdrægur, í dönskum málum, auk heldur í íslenzkum, þar sem enginn af dómurunum þekkir neitt til manna hjer á landi, svo að þeir geta engin áhrif fengið utan að, nema af skjölum málanna og lögunum (*Guðl. Guðm.*: sem þeir eigi skilja); en dómarar eru menn eins og og aðrir, og geta lagt mismunandi þýðingu í lögin, eptir því sem þeir sjálfir óska helzt eptir að úrslit málsins verði, en að þeir sjálfir hafi fyrirfram einhverjar ákveðnar óskir í því etni, við því er allt af hættara í fámennu þjóðfjelagi, þar sem hver þekkir annan, — þess vegna finnst mjer að við ættum að halda hæstarjetti, — þar sem við líka höfum hann kostnaðarlaust.

Síðasta greinin sje jeg ekki hvað

kemur lögunum við, því að það er bein skylda stjórnarinnar, samkvæmt stöðulögunum, að leggja frumv. fyrir ríkis þingið, og að því er snertir neitunina síðast, án þess að frumv. hafi verið lagt fyrir ríkisþingið, þá skoða jeg það sem gjörræði af stjórninni; jeg get eigi sjeð, að ráðgjafinn hafi haft nokkra heimild til þess, að ráða konungi til þess að neita því staðfestingar fyrr en ríkisþingið hafði sagt sitt álit um það.

Að því er snertir þá athugasemd h. þm. Strand. (Guðj. G.), að ákvæðið í 2. gr. um fjölgun dómenda sje óþarft og komi ekki ríkisþinginu við, þá er jeg því alls ekki samþykkur. Ríkisþingið hefir í þessu máli löggjafarvald alveg samhliða alþingi og samþykkir eðlilega ekki frumv. nema það sjái, að við höfum fengið annan brúklegan dómstól í stað þess, sem á að afnema, nema það sjái, að trygging sje fyrir, að dómgæzla hjer sje í lagi; þess vegna kemur það ríkisþinginu fyllilega við, hvort fjölgað verði dómendum í yfirdóminum.

Flutningsmaður (*Sighv. Árnason*): H. þm. Vestm. (V. G.) áleit viðaukann við 2. gr. heppilegan, og færði rök að því, og skal jeg ekki minnast á það frekar, því við erum sammála um það atriði; en skal að eins minnast á það, sem hann færði fram viðvíkjandi því, að hann ekki vildi missa hæstarjett. Og skal jeg þá fyrst geta þess, að jeg gerðist ekki flutningsm. þessa máls af því, að jeg ekki áliti, að hæstirjettur ætti fullkomlega það lof skilið, sem hann hefir áunnið sjer sem dómstóll í Danmörku; en það stendur allt öðruvísi á með oss, því að þess ber að gæta, að hve vel sem einn dómstóll er skipaður af mönnum, þá þarf hann þó að þekkja þjóðarháttu, kjör og lífernishætti þeirra manna, er hann dæmir mál þeirra. Dæmin sýna það deginum ljósara, bæði dómar og málsfærsla, að hæstirjettur er alókunnugur þjóðerni og háttum vor Íslendinga, að því leyti sem þeir eru frábrugðnir háttum þeirra eigin þjóðar. — Annað er það, að öll mál, sem leggjast fyrir hæstarjett, eru þýdd, en öllum mönnum kemur saman um það, að þó að þýðingarnar sjeu vel af hendi leystar, þá verða þær aldrei eins glöggar og góðar eins og málið á frumskjölunum sjálfum.

Þetta eru þeir annmarkar, sem eru á því að hafa hæstarjett í jafnmikilli fjarlægð og hjer á sjer stað, fyrir utan það, hve fáir hafa efni á því að skjóta málum sínum til hæstarjettar.

H. þm. Vestm. (V. G.) taldi 3. gr. óþarfa, en jeg er ekki á sama máli um það; greinin var eðlilega látin vera í frv. vegna þess, að hún er beint frh. af 3. gr. stöðulaganna, og það er ekkert á móti því að við látum ráðherrann sjá að við göngum ekki þegjandi fram hjá ákvæðinu um hið almenna löggjafarvald í þessu máli, eða minna hann á að hann á að leggja málið fyrir ríkisþingið, og jeg get tekið undir með h. þm. Vestm. (V. G.), að það er óskiljanleg aðferð af ráðherranum að gera það ekki, þegar málið í fyrra kom í hans hendur sem lög frá alþ.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. — — — 14 samhlj. atkv.; 3. — — — 12 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. Frv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tuttugasti og áttundi fundur, föstudag 2. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Rvík. (Jón Jensson), sem var veikur.

Frumvarp til laga um breyting á lög-

um 12. júlí 1878 um gjafsóknir (C. 220); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 17 samhl. atkv. og sent til Ed.

Frumvarp til laga um breyting á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. okt. 1884 (C. 122); 3. umr

Jens Pálsson: Frumv. þetta, sem h. Ed. hefir samþykkt og nú er komið hjer til 3. umr., hefir, eins og h. þingdeildarm. er kunnugt, þann lofsverða tilgang að laga þá ósamkvæmni, sem er milli 6. gr. laga 27. febr. 1880 um eptirlaun presta, og 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884 um eptirlaun prestsekkna.

Í lögunum um eptirlaun presta er þeirri grundvallarreglu slegið fastri, að skerða ekki tekjur prestakalla meira en svo, að 1200 kr. verði eptir þegar búið er að greiða eptirlaunin. En í 2. gr. laga 3. október 1884 er svo ákveðið, að eptirlaun prestsekkju skuli greidd af brauðinu, ef tekjur þess eru meiri en 1200 kr. Jeg nefndi ósamkvæmni í þessu tilliti, en jeg ætla að þetta sje orðið þannig fremur fyrir ónákvæmt orðalag en að það hafi verið meining löggjafarvaldsins að þessi ósamkvæmni skyldi vera milli þessara laga. Afleiðing þessarar ósamkvæmni verður augljós, þegar þess er gætt, að þar sem kvæntur uppgjafaprestur er í brauði, sem er metið lítið eitt meira en 1200 kr., þá geta tekjur brauðsins rýrnað og orðið minni en 1200 kr., ef uppgjafapresturinn deyr, en ekkjan lifir eptir.

Þetta hefur, að því er mjer er kunnugt, komið tilfinnanlega niður á einstökum prestum. Prestar hafa, þegar þeir sóttu um slík brauð, gengið að því vakandi, að 1200 kr. hjeldust allt af af tekjum brauðsins, en svo hefir það komið fyrir, að prestar, sem hafa haldið 1200 kr. meðan uppgjafapresturinn lifði, hafa orðið að gjalda af þessum 1200 kr. til ekkjunnar, þegar uppgjafapresturinn dó. Þannig getur svo farið, að ef prestakall að eins losar einar 1200 kr. þá verði presturinn að borga 120 kr. til prestsekkju í brauðinu.

Þó nú sú breyting yrði gjörð, sem hjer er farið fram á, þá geta útgjöldin aldrei orðið mikil fyrir landssjóð, því að þau prestaköll, sem metin eru til þeirrar upphæðar, sem hjer ræðir um, eru ekki svo mörg. Þó maður hugsaði sjer, að eptirlaun til prestsekkna kæmu til útgjalda í öllum þessum prestaköllum í einu, þá yrðu útgjöld landssjóðs ekki nema 779 kr. á ári, en það er óhugsandi, að það kæmi fyrir, að prestsekkja yrði á sama tíma í sjerhverju því prestakalli, sem svo stendur á, að það er metið 1200—1320 kr.

Jeg hefi kynnt mjer gang málsins og meðferð þess á þinginu 1883, þegar lögin um eptirlaun prestsekkna voru rædd þar og samþykkt, og þykist jeg hafa sjeð, að það var tilætlun þingsins, að láta 1200 kr. tekjur brauðs halda sjer, þó prestsekkja væri í brauðinu. Þetta ræð jeg ekki sízt af því, að þegar borin var upp í neðri deild breyttill. í þá átt, að eptirlaun prestsekkju skyldu greiðast af brauðinu, ef tekjur þess væru 1000 kr. eða meira, þá var hún felld, en látið halda sjer, að miða eptirlaunin af brauðinu við 1200 kr. Það virðist líka hafa verið meining merkra þingmanna, sem tóku til máls um frv. og breyttill. þessa, að það «princip» hjeldist, að 1200 kr. tekjur skertist ekki, þegar um útborgun eptirlauna þessara væri að ræða. Þessu til sönnunar vil jeg með leyfi h. forseta lesa upp nokkur orð úr ræðum tveggja merkra þingmanna, sem ræddu málið þá á þinginu.

Síra Arnljótur Ólafsson segir: «En «aðalatriðið í þessu máli er, að vjer «viljum eigi, að ekkjan sje ver farin «en uppgjafapresturinn; hann á eigi að «taka eptirlaun sín frá brauðum, sem «hafa minni tekjur en 1200 kr. Og «hvaða ástæða er þá til að láta, ef til «vill, örfátæka ekkju með mörg föður-«laus börn verða að taka eptirlaun sín «af fátækari brauðum en uppgjafaprest-«ana?» Þetta segir þingmaðurinn af því, að hann telur meiri vandkvæði á að fá eptirlaunin hjá prestunum en úr landssjóði.

Hinn þingmaðurinn, sem talar á móti breyttill., er síra Þórarinn prófastur Böðvarsson. Hann kveðst vera á sama máli og h. 1. þm. Eyf. (Arnlj. Ól.) og segir meðal annars: «þm. hefir talað «með hinu mesta rjettsýni og með fullri «samkvæmni við sjálfan sig og undan-«farnar gjörðir þingsins, er hann nú «heldur því fram, að brauð, sem eigi «nái 1200 kr., skuli eigi rýrast með «eptirlaunagjaldi. Þingið hefir áður «samþykkt að brauð undir 1200 kr. «skuli eigi standa straum af «uppgjafaprestum, heldur landssjóður, «og þá er rjettlæti og samkvæmni í «því, að láta hina sömu reglu gilda um «eptirlaun prestsekkna». Þetta var, sem sagt, talað móti breyttill., sem vildi hafa lægsta takmarkið 1000 kr., og sannar það, að það hafi verið meining þingsins, að 1200 kr. tekjurnar skyldu ekki skerðast af eptirlaunagjaldi.

Eptir að hafa gefið þessar skýringar á málinu, óska jeg að það verði afgreitt hjer eins og h. Ed. þóknaðist að skilja við það.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 18 samhl. atkv. og sent landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 229, 234, 237, 243); 3. umr.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Nefndin og einn h. þingdm. með henni hefir komið með breyt.till. (234) um að breyta ákvæði frumv. um endurskoðun skipsreikninganna. Hæstv. landsh. tók það fram við 2. umr. þessa máls, að hann álíti það ofætlun, að leggja þessa endurskoðun á herðar hinum umboðslega endurskoðanda, nema þá fyrir sjerstaka þóknun. Nefndin hefir nú tekið þessa athugasemd hæstv. landsh. til greina, og álítur rjettast að fela endurskoðunina sjerstökum manni. Hún álítur nóg, að til þessa starfa sje tekinn einn maður, því að gjöra má ráð fyrir að þetta sje ekki eins um fangs-mikið starf eins og endurskoðun bankareikninganna, sem falin er einum manni. Nefndin stingur þó upp á því að þessi endurskoðari fái 500 kr. þóknun, eins og endurskoðari bankans.

Þá er komin fram breyt.till. (237) frá nokkrum h. þingdm., um að setja það ákvæði aptur inn í frumv., að annaðhvort skuli leigja skipið eða kaupa. Þegar samskonar tillaga lá fyrir við 2. umr. var töluvert rætt um þessa uppástungu, og er ekki líklegt að henni verði tekið öðruvísi nú en þá. Að minnsta kosti er nefndin henni jafnmótfallin nú eins og þá. Í viðbót við þær ástæður, sem jeg hefi áður tekið fram gegn því að leigja skipið, get jeg nú tekið fram þá ástæðu, að erfitt mundi verða að fá vel hæfan farstjóra, ef hann ætti ekki víst að geta fengið að gegna þeim starfa lengur en 2 ár. Það er hætt við að nýtur maður fengist ekki til að taka að sjer svo óvissa stöðu.

Í sömu tillögu, 3. tölul., er farið fram á að færa prócentur þær, sem ætlazt er til að farstjóri fái af fargjöldum og

farmeyri skipsins, úr 4% niður í 2%. Það getur verið álitamál, hvað langt eigi að fara með þennan hluta launanna. 4% er sjálfsagt nokkuð hátt, ef skipið verður mikið notað. Nefndin hefði kannske getað gengið að 3%, en af því sú uppástunga liggur ekki fyrir, heldur hún fast við ákvæði frumv. um 4%, því 2% þykir henni of lágt. Duglegur farstjóri yrði vel að 4% kominn, ekki sízt, ef breyt.till. á þingskjali 243 kæmist að, þar sem ætlazt er til að farstjóri stjórni gufubátunum fyrir ekkert, því í breyt.till. um leigu á 2 gufubátum er engin breyting á 9. gr. í þá átt, að farstjóri skuli hafa procentur af tekjum þessara báta.

Að því er snertir þessa tillögu að öðru leyti, að teknir verði á leigu 2 gufubátar til strandferða, þá hefir hún komið of seint fram til þess að hægt hafi verið að athuga hana nógu vandlega. Það mun mörgum þykja töluvert mikið í ráðizt, að láta landssjóð gera út þrjú skip. Það hafa margir verið öllu hræddari við útgerðina en kaupin, og eptir þeirri reynslu, sem menn hafa fengið, virðist mega ganga út frá því með nokkurnveginn vissu, að ekki mundi verða tap á ferðunum milli landa, þar sem á hinn bóginn má búast við að landið muni einatt tapa á strandferðunum. Það eru því mikil líkindi til að með útgerð þessara báta mundi landssjóður líða töluverðan halla. Hinsvegar er þess að gæta, að þessum bátum yrðu samgöngurnar töluvert betri en þær hafa verið nokkru sinni áður og töluvert betri en með þessu eina skipi, því það verða allir að játa, að með því einu er ekki hægt að fullnægja öllum kröfum. En það er spursmál, hvort það er hyggilegt að gjöra þetta allt í einu, eða hvort ekki er hyggilegra að hafa þolinmæði og bíða svo sem tvö árin enn með bátana og bæta svo samgöngurnar smátt og smátt, þangað til þær eru orðnar vel viðunandi. Jeg fyrir mitt leyti get gengið töluvert langt í að bæta samgöngurnar, og mundi enda ekki horfa í að taka lán í því skyni. En þessi tillaga um að leigja gufubáta kemur nokkuð seint og kemur heldur ekki vel heim við frumv. Það væri líka, ef til vill, fullt eins rjett, að setja bátana inn á fjárlögin, úr því að eins er að ræða um að leigja þá fyrir eitt fjárhagstímabil. Jeg vil því skjóta því til h. flutningsm., hvort þeim sýnist ekki rjett að taka tillöguna aptur og reyna að koma upphæðinni, sem þeir hugsa sjer að leigja gufubátana fyrir, inn á fjárlagafrumv. Þá fá menn betri tíma til að átta sig á þessu atriði, sem er fullkomlega þess vert, að það sje vel íhugað.

Björn Sigfússon: Jeg skal fyrst svara því, sem h. framsögum. (V. G.) sagði í niðurlagi ræðu sinnar. Hann skaut því til flutningsm. breyt.till. á þingskj. 243, hvort þeir vildu ekki taka hana aptur að því er snerti þá uppástungu að leigja 2 gufubáta til strandferða, en setja þessa uppástungu aptur inn á fjárlagafrumv., en jeg skal taka það fram strax, að jeg sje enga ástæðu til að taka þessa tillögu aptur, og sje engin vandræði á, að skeyta hana við þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Mjer finnst slík ákvæði, sem hjer ræðir um, eiga betur heima í þessu frumv. en á fjárlögunum.

Þá er annað atriði í ræðu h. framsögum. (V. G.), sem jeg vildi gjöra athugasemd við. Hann sagði, að landið mundi bíða halla af strandferðunum. Jeg hefði skilið hann betur, ef hann hefði sagt landssjóður. Því þó landssjóður bíði halla af þessum strandferðum, þá græðir landið eða landsmenn á þeim.

Jeg gat þess við 2. umr., að strand-

ferðirnar mundu alls ekki nægja með þessu eina skipi. Þvert á móti: það mundi verða allsendis ónógt. Hvort sem jeg virði fyrir mjer ferðaáætlun þá, sem lögð hefir verið fram, eða jeg reyni að gjöra mjer grein fyrir ferðunum sjálfur, þá stendur það ljóst fyrir mjer, að eitt skip geti alls ekki fullnægt öllum samgönguþörfum vorum. Það hljóta með því fyrirkomulagi að verða stór svæði — já — heil hjeruð útundan, sem alveg fara á mis við bættar samgöngur. Mjer fannst þess vegna vert að reyna að bæta úr þessu, og til þess gat mjer ekki hugkvæmzt betra ráð en það sem gefið er á þingskjali 237, um að leigja eða kaupa skip til ferða milli landa, og svo það í viðbót, að leigja ennfremur tvo gufubáta til strandferða. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett stefna í samgöngumálinu, að verja mörgum hundruðum þúsunda af almannafje í samgöngur, en tryggja þó ekki, að þær komi almenningi að gagni. Það er þó þetta, sem þjóðin heimtar og hefir rjett til að heimta, og ef því er fullnægt, þá er henni alls ekki sárt um, að lagt sje fram mikið fje. Jeg er samdóma h. samgöngumálanefnd um það, að með einu skipi geti millilandaferðirnar orðið mjög góðar. En til þess að sjá strandferðunum borgið, sje jeg, sem sagt, það ráð vænst, að ráðast í að leigja þessa tvo gufubáta. Jeg gat þess við 2. umr., að rjett væri, að landssjóður keypti bátana, en við nákvæmari yfirvegun hefi jeg sannfærzt um, að rjettara væri og áhættuminna að byrja með því að leigja þá.

Af því jeg fór svo lítið út í það við 2. umr., hvernig jeg hugsaði mjer, að ferðum bátanna yrði hagað, skal jeg fara nokkrum orðum um það atriði nú. Jeg ætlast til, að bátarnir hafi aðalstöðvar sínar í Reykjavík, og að þeir standi undir sömu farstjórn og stóra skipið. Annar báturinn ætlast jeg til, að fari austur með landi og norður fyrir, en hinn vestur og norður, og að farstjórinn komi þeim í sem bezt samband, bæði hvorum við annan og báðum við stóra skipið. Jeg hygg að það sje rjettast, að láta farstjórann að miklu leyti sjálfráðan um það, hvernig ferðunum skuli hagað. Jeg álít, að það sje ekki gjörlegt fyrir þingið, að setja honum neinar bindandi reglur í því tilliti, nema ef vera skyldi í aðalatriðunum. Vjer hljótum auðvitað að eiga talsvert undir þessari farstjórn og því er ekki lítið undir því komið, hvernig farstjóravalið tekst, því undir því vali er framgangur og afdrif þessara fyrirtækja að miklu leyti kominn. Auðvitað þyrfti farstjóri helzt að vera »fagmaður«, en slíkur maður er að líkindum ekki til innanlands, er fullkomlega megi treysta, og því yrði líklega að leyta til útlanda. Jeg sje heldur ekki, að það sje svo voðalegt, því jeg held að maður, sem hefði góða þekkingu á öllu því, er að farstjórn lýtur yfir höfuð að tala, yrði fljótur að kynna sjer, hvað hjer ætti bezt við sjerstaklega, og fljótur að setja sig inn í málið. Jeg álít að það sjeu mikil líkindi til, að einmitt þessir bátar gætu stutt mikið að því, að aðalskipið fengi meiri farmflutninga en annars. Hugsum oss t. d., að kaupmaður á Vestfjörðum þyrfti að fá sjer vörur frá Englandi. Hann skrifar farstjóranum, og vill fá með landsskipinu svo og svo mikið af vörum á vissum tíma, en nú stendur svo á, að skipið á ekki að fara til Vestfjarða á þessum tíma. Þar af leiðir þá, að farstjóri verður að neita vöruflutningnum. En ef farstjóri hefði bátana, þá gæti hann vel tekið að sjer flutninginn, því þá gætu þeir tekið við vörunum úr stóra

skipinu og flutt þær á höfn kaupmannsins. Þannig gætu bátarnir þráfaldlega hjálpað aðalskipinu til að fá »fragt«.

En þó menn gætu nú orðið samdóma um, að það yrði fullkomnara og tryggara fyrirkomulag, að bæta bátunum við, þá er jeg hræddur um, að talsverður ágreiningur verði um það, hvort heldur eigi að kaupa eða leigja.

Jeg skal játa, að jeg í fyrstu hneigðist heldur að því, að rjettara væri að kaupa bæði skipið og bátana. Síðan hef jeg bæði reynt að hugsa þetta mál sjálfur og leita mjer upplýsinga um það hjá þeim mönnum, sem jeg þóttist mega treysta, og sem jeg vissi, að höfðu nokkra reynslu í þeim efnum, og því meir sem jeg hefi hugsað málið og því meiri upplýsinga, sem jeg hefi getað aflað mjer, því sannfærðari hefi jeg orðið um það, að rjettara væri að leigja í fyrstu, sjer í lagi bátana. Þar sem h. framsögumaður hefir haldið því fast fram, að ekki mundi hægt að fá hentug skip til leigu í öðrum löndum, þá hefi jeg borið þessa spurningu upp fyrir þeim mönnum, sem jeg gat um, að jeg hefði leitað upplýsinga hjá. Þeir hafa sagt mjer, að þeir skildu ekkert í því, að ekki væri hægt að fá skip leigð, því að það væri vitanlegt, að mörg gufuskipafjelög hefðu fleiri skip en þau þyrftu að nota. Gufuskipa-eignin er ekki orðin eins arðsöm nú og áður, vegna þess, að þau eru orðin svo mörg, og algengt er það, að þau liggi ónotuð um styttri eða lengri tíma. Danska gufuskipafjelagið hefir stundum ekki gefið hluthöfum sínum meira en 4%, og hefir það þó eins og kunnugt er optast komið ár sinni vel fyrir borð.

Sipseigendur mundu því þakka fyrir að geta leigt skip, og það jafnvel fyrir lága leigu. Ef um stuttan tíma væri að ræða, t. d. einn mánuð, þá væri kannske örðugt að fá skip með ákveðnu fyrirkomulagi, en þetta væri strax auðveldara, er um tvo mánuði væri að ræða, og til eins eða tveggja ára væri enginn efi á, að fá mætti skip svo útbúið sem menn óskuðu. Fjelögin mundu þakka fyrir, að geta komið skipinu á leigu, þegar um svo langan leigutíma væri að ræða, og það jafnvel þótt þau yrðu að breyta skipunum með töluverðum kostnaði. Setjum svo, að það kostaði 10,000 kr. að breyta skipi, sem leigja ætti til tveggja ára. Það skerti leiguna um 5000 kr. á ári, en það getur ekki talizt mikill kostnaður, þegar svo mikið er í aðra hönd. Það er ekkert óvanalegt, að menn verði sviknir á skipum, að þau sjeu að einhverju leyti gölluð, sem ákaflega torvelt er að sjá við, og komi það tyrir, er enn óhægra að losast við þau aptur, ef þau eru keypt, heldur en ef þau eru leigð. Jeg hirði ekki að svo stöddu, að nefna þá menn, sem jeg hefi leitað mjer upplýsinga hjá, en það eru menn, sem geta talað af töluverðri reynslu og þekkingu, líklega meiri reynslu en samgöngumálanefndin og ráðanautar hennar.

Jeg talaði um það áðan, að það væri töluvert áhættuminna að leigja skipið en að kaupa það. En svo er annað: þó vjer færum að láta byggja skip, þá megum vjer ekki gleyma því, að vjer getum ekki sagt með neinni vissu, hvernig skipið á að vera. Eptir eins eða tveggja ára útgerð fengist kannske reynsla fyrir því, að skipið væri óhagkvæmt og ekki sniðið eptir vorum þörfum. Ef við þá erum búnir að kaupa skipið, verðum við að sitja með það, hversu óhentugt sem það reynist, en ef við höfum að eins leigt skipið, þá yrði þetta ekki eins óþægilegt, og hægra viðfangs að skipta um. Við höfum skipið að vísu leigutímann út, en svo ekki lengur. Í sambandi við þetta vil

jeg benda á, að Fischer kaupmaður keypti fyrir fám árum gufubát, sem hann þá áleit mjög hentugan til flutninga hjer á Faxaflóa, en nú er svo komið, að Fischer vildi gjarnan, að hann hefði ekki keypt bátinn, heldur leigt hann, því reynslan hefir sýnt, að bátur þessi er hvergi nærri hentugur til þess, sem hann var ætlaður. Nú á Fischer óhægra með að breyta til; en ef hann hefði að eins leigt bátinn, þá væri hann nú sjálfsagt búinn að fá sjer annan betri og hentugri. Þetta, sem jeg nú hefi tekið fram, má heimfæra bæði upp á aðal-skipið og bátana.

Þá skal jeg með nokkrum orðum minnast á kostnaðinn við þessa útgerð. Samgöngumálanefndin gjörir ráð fyrir því í nefndarálitinu, eptir að hún hefir sundurliðað öll mánaðarútgjöld: laun skipverja, fæði, kol o. s. frv., að kostnaður sá verði alls á 12 mánuðum 100,800 kr., og svo segir hún: sje nú bætt við vöxtum af höfuðstól þeim, sem liggur í skipinu, skrifstofukostnaði farstjóra o. s. frv., virðist mega áætla allan árskostnað við útgerðina um 120,000 kr. Þetta finnst mjer dálítið athugavert. Jeg er hræddur um, að nefndin reikni skakkt kostnaðinn við farstjórnina og vexti af höfuðstólnum.

Vextir af andvirði skipsins, sem eptir frv. er 350 þús. kr., eru þó, ef gjört er ráð fyrir 4% . . . = kr. 14,000
Laun farstjóra og fargæzlumanna . . . . . — 5,000
sem bætt við ársútgerðina — 100,800
gerir samtals . . . . . — 119,800
Skrifstofukostnaður farstjóra, og ýms ófyrirsjáanleg útgjöld, má því ekki yfirstíga — 200
til þess að standi í járnum — 120,000
Hjer virðist mjer auðsætt að síðasti liðurinn nær engri átt; hann hlýtur að verða talsvert hærri.

Svo sje jeg heldur ekki, að nefndin hafi áætlað neitt fyrir rýrnun og viðhaldi á skipinu, sem hlýtur þó að verða töluvert, já, skipta mörgum þúsundum, sjerstaklega ef keypt verður nýtt skip. Jeg held þess vegna, að kostnaðurinn verði töluvert meiri en h. nefnd gjörir ráð fyrir.

Þegar jeg á hinn bóginn reyni að gjöra mjer ljóst, hvað kostnaðurinn muni verða mikill við að leigja skip, þá skal jeg játa, að jeg í því efni hefi ekkert verulega fast að byggja á, en það hefir nefndin heldur ekki í áætlun sinni um kostnaðinn við að kaupa skipið; hún veit að eins, hvað skipið fæst byggt fyrir. Jeg miða þá helzt við, að skip á þessari stærð, t. d. »Laura«, kostar allt í allt um 300 kr. á dag eða um 109,500 kr. á ári. Svo gjöri jeg laun farstjórnarinnar 5,000 kr. og ófyrirsjáanleg útgjöld 5,500 kr. Verður þá árskostnaðurinn hjá mjer við að leigja skip 120,000 kr. eða sama upphæðin, sem nefndin áætlar til kostnaðar við það skip, sem hún vill láta landssjóð kaupa, og er þó mín áætlun ríflegri en nefndarinnar, o: meira ætlað fyrir ófyrirsjáanlegum útgjöldum. Fyrning skipsins kemur oss ekki við, ef vjer leigjum.

Að því er snertir kostnaðinn við að leigja bátana, þá hefi jeg þar heldur ekkert að byggja á, sem er alveg víst, en jeg hefi þar hliðsjón af því, sem gufubáturinn »Elín« kostar. Hún kostar 95 kr. á dag og eru þar í reiknuð öll útgjöld: vextir af bátsverðinu, ábyrgðargjald, slit, kol o. s. frv. Þó að bátar þeir, sem jeg gjöri ráð fyrir, eigi að vera talsvert stærri en »Elín«, verða þeir ekki þeim mun dýrari. Mörg útgjöld við þá verða hin sömu, t. d. mannahald líkt, eða máske einum fleira. Eptir þessu álít jeg sennilegt, að kostnaður við bát af þeirri stærð, sem jeg ætla að muni nægja til strandferðanna,

muni ekki verða meiri en 150 kr. á dag eða 4,500 kr. á mánuði, en 31,500 kr. í 7 mánuði, og þá fyrir báða bátana 63,000 kr. um árið. Eptir þessu yrði allur kostnaður við leigu allra þriggja skipanna 183,000 kr.

Jeg er samdóma nefndinni um, að tekjur milli-landa-skipsins muni varla verða minni en 90,000 kr., en til þess, að síður sje hætt við, að áætlunin verði of há, ætla jeg að gjöra þær að eins 80,000 kr. Tekjur bátanna er auðvitað erfitt að áætla, en í því efni mætti kannske líka hafa ofur-litla hliðsjón af »Elínu«. Hún hefir »siglt upp« 10,000 kr. á 6 mánuðum, auk þess, sem hún hefir gjört verzluninni töluvert gagn. Þegar nú jafn-ófullkominn bátur eins og þessi litla »Elín« er, hefir haft svona miklar tekjur á þessum eina flóa, Faxaflóanum, þá álít jeg óhugsandi að tveir bátar, sem fara með fram ströndum alls landsins og inn á hvern fjörð, hafi ekki að minnsta kosti 50,000 króna tekjur alls. Þetta er auðvitað áætlun, en jeg skil ekki, að hægt sje að segja, að hún sje mjög gapaleg.

Það er álit þeirra, sem jeg hefi leitað mjer upplýsinga hjá, að tekjurnar verði ekki minni en þetta. Ef að því er þá slegið föstu, að tekjurnar af allri útgerðinni verði 80,000 kr. + 50,000 kr. eða alls 130,000 kr., og þessi upphæð síðan dregin frá kostnaðinum, sem var gjörður 183,000 kr., þá verður mismunurinn 53,000 kr. Gætum við nú fengið millilandaferðir og strandferðir eins haganlegar eins og jeg hefi hugsað mjer þær fyrir einar 53,000 kr. á ári, þá þætti mjer það gott kaup fyrir landið, og það jafnvel þótt kostnaðurinn yrði töluvert meiri. Þess má líka geta, að við þetta fyrirkomulag ynnist það, að fella mætti burtu styrkinn til fjórðungsbátanna, 32,000 kr., því þeirra þyrfti þá ekki með, ef landið gerði út þessa tvo báta. Sömuleiðis mætti fella burtu 45,000 kr. til strandferða og millilandaferða. Þetta yrði alls 77,000 kr. eða 24,000 kr. meira en jeg áætlaði allan útgerðarkostnaðinn.

Enn fremur gjörir fjárlaganefndin ráð fyrir, að lagðar verði 5000 kr. á ári til fiskiveiðafjelagsins »Dan« fyrir að flytja póst hingað til lands. Mjer dettur í hug, að ekki væri óhugsandi, að þessi upphæð mætti sömuleiðis falla burtu, því þegar landsskipið fer svo títt milli landa og ríkissjóðurinn samkvæmt skyldu sinni kostar póstflutning hingað eptir sem áður, þá mætti virðast svo, sem það gæti fullnægt póstflutningaþörfinni. Auðvitað gæti þessi fjárveiting staðið laus við þetta mál.

Þó jeg þannig hafi reynt að afla mjer sem beztra og áreiðanlegastra upplýsinga í þessu máli, og að gjöra mjer málið svo ljóst, sem mjer hefir verið frekast unnt, þá er það engan veginn trúa mín, að jeg hafi hitt á rjetta áætlun, en það hygg jeg, að mín áætlun sje eins rjett og sennileg eins og áætlun samgöngumála-nefndarinnar. Enn það er innileg og föst sannfæring mín, að ef vjer fengjum þetta eina skip til millilandaferða og þessa tvo gufubáta til strandferða, þá höfum við fullnægt þeim kröfum, sem þjóðin gjörir til bættra samgangna, en alls ekki með þessu eina skipi, sem nefndin vill láta kaupa. Því að með því, að stíga sporið hálft, töpum við, en með því að stíga það fullt, græðum við og vinnum alþjóð þessa lands meira gagn.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg stend ekki upp til þess, að svara ræðum þeirra, er talað hafa, heldur til þess, að skýra málið frá mínu sjónarmiði, því mjer finnst eiga við, að fengnar sjeu sem beztar upplýsingar í málinu. Jeg skal heldur ekki fara mörgum orðum um, að jeg álít, að bættar sam-

göngur sjeu lífsskilyrði í framförum vorum og þess verðar, að þær sjeu studdar af alefli.

Þegar jeg kom til þings nú fyrir fám dögum, frjetti jeg, að »stóra málið« á þessu þingi væri komið vel á veg, og því væri slegið föstu, að þingið legði til, að landssjóður gerði út skip. — Ef það atriði lægi nú fyrir til umræðu, hvort landssjóður ætti að gera út skip, mundi jeg hugsa um það vandlega, áður en jeg gæfi því atkv. mitt, því að jeg tel aðal-áhættuna, vogunina fólgna í því, en ekki í því, hvort skipið er leigt eða keypt. En nú er því aðal-atriði slegið föstu, og ágreiningur er að eins um það, hvort heldur eigi að kaupa eða leigja skip.

Jeg játa fúslega, að auknar skipaferðir sjeu eitt aðal-atriðið í samgöngubótum. En það sem hjer er að ræða um, að láta að eins eitt skip ganga milli Íslands og annara landa, og umhverfis Ísland, þá geri jeg mjer engar glæsilegar vonir um það, að það veiti oss miklu betri samgöngur en vjer höfum átt að venjast að undanförnu, eða meira að segja jafn-góðar. En með því að gera sjálfir út skip, stígum vjer spor í nýja átt og leggjum inn á þá leið, sem jeg hygg, að vjer verðum að halda í framtíðinni, og sje sú rjetta. Ef vjer gerðum út 2 skip, gætum vjer bætt samgöngur vorar að miklum mun; en það er þó enn annað, sem jeg fyrir mitt leyti álít enn nauðsynlegra til byrjunar á samgöngubótum og sem væri enn meir þess vert, að verja til fje og krapti, en það er »telegraph« hingað til lands og um landið.

Jeg lít svo á, að það mál sje svo vaxið, að það væri engin óhæfa, að ætlast til, að danska stjórnin legði hingað »telegraph«, því jeg sje ekki betur en að þetta sje sameiginlegt mál, og æði skylt póstgöngum, er við vitum bæði af lögum og reynslu, að Danir eiga að kosta að öllu hingað til vor frá öðrum löndum. Og jeg tel það tæplega vanvirðulaust fyrir danska stjórn, að hafa enn, undir lok 19. aldar, ekkert verulegt gert í þátt átt, að láta oss fá þá samgöngubót, »telegraphinn«, sem allar siðaðar þjóðir nú njóta, og telja lífsskilyrði til starfa og framfara. Danir hafa ekkert verulegt gert til að koma oss, sambandsþjóðinni, á þennan hátt í samband við sig eða umheiminn, og kostar það þó tiltölulega mjög lítið, að koma oss í frjettaþráðarsamband við næstu lönd, jafnvel þó miðað sje við ekki hærri tölur en eru í reikningum ríkissjóðs Dana.

Jeg álít að þetta mál sje svo þýðingarmikið til samgöngubóta, að væri því fullnægt, mundu skipsferðirnar og aðrar samgöngubætur koma að mestu af sjálfu sjer, og við mundum, þótt við sjeum fátækir, leggja frjettaþráðinn á skömmum tíma, eða þá »telefóna« um land allt, ef að eins »telegraphinn« væri hingað kominn. — Um gagnið skal jeg ekki margt tala; ekki hefðum við nú þurft að deila um það dag eptir dag, hvort hægt væri að fá hentugt skip leigt; við hefðum getað spurt okkur fyrir og fengið vissu í gegn um »telegraphinn«. Eða þegar »Thyra« lagði af stað hingað í annari ferð sinni í sumar 12 dögum á eptir áætlun, en margt fólk beið á hverri höfn. Hefðum við haft »telegraph«, þá hefðum við fengið að vita fyrir fram um seinkun skipsins, og enginn þurft að búast heiman að fyr en hálfum mánuði seinna. Það mundi hafa sparað mikið fje og erfiði, og þessu lík eru dæmin nærri daglega. Það, að við höfum enn ekki fengið »telegraph«, er ein af hinum mörgu syndum dönsku stjórnarinnar,

og það synd, sem er rauð sem purpuri í mínum augum. En nú er búið að samþykkja nýlega hjer á þingi þingsályktun í þessa átt, þótt mjer þyki hún nokkuð dauf frá þingsins hálfu, þar sem einkum er lögð áherzla á veðurfræði, eins og þingið viti ekki, að hjer er margt fleira, að hjer eru menn og »production«. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta að þessu sinni. Ef til vill get jeg það einhvern tíma seinna. Jeg sný mjer nú að máli því, er hjer liggur fyrir.

Ágreiningur sá, sem hjer er í þessu máli, er einkum um það, hvort heldur eigi að kaupa eða leigja skip til útgerðar. Jeg er að sönnu hvorki verzlunar- nje siglingafróður maður, og mjer finnst enda, að álit verzlunarfróðra og siglingafróðra manna sjeu komin í miscredit hjer í salnum, þar sem þau hafa farið í mjög gagnstæða átt. Jeg hefi þó eigi að síður notað dagana síðan jeg kom hingað með að leita mjer upplýsinga, hvað snertir kaup og leigu á skipinu, og jeg gjörði í gær áætlun, sem að nokkru leyti var byggð á áætlun nefndarinnar, og nú í morgun leitaði jeg upplýsinga hjá Mr. Vaughan, sem byggt hefir Þjórsárbrúna og kom í nótt að austan. Skal jeg bráðum skýra h. deild frá þeim upplýsingum; en áætlun mín, sú er jeg gerði í gær og samanburður á, að leigja og kaupa skip, er svona: Árskostnað við keypt skip hefir nefndin gjört á ári 120,000 kr. með rentum og höfuðstól, en hún hefir gleymt að taka til greina fyrning og áhöld, og verður því að gjöra áætlun um það. Jeg gjöri fyrninguna hjer um bil 1/30 af verði skipsins sjálfs, því að gjöra má ráð fyrir, að nýtt skip geti enzt að minnsta kosti í 30 ár, en fyrning katla og annara áhalda gjöri jeg 1/15 af verði þeirra, og verður það samtals 13,000 kr. á ári; árskostnaðurinn við skipið verður því 133,000 kr. eða 266,000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Hvað leiguskip snertir, þá gjöri jeg ráð fyrir, að leigan mundi verða 160,000 kr. á ári. Jeg þekki dæmi um skip, sem er ekki mikið stærra en skip það, sem hjer um að ræða, en mikið óvandaðra; það var ekki falt á næstliðnu hausti fyrir 1 mánuð fyrir minni leigu en svaraði 200,000 krón. á ári. Þetta skip var »Constantin«, eign hins sameinaða gufuskipafjelags. Jeg þekki skip þetta, því jeg hef farið með því; þar er ekki rúm fyrir marga farþega, heldur er það að miklu leyti fragtskip. En þar sem þess er að gæta, að skip þetta átti að leigjast að eins til eins mánaðar, en leigan er auðvitað hærri, þegar um skamman tíma er að ræða, þá slæ jeg af, þannig, að jeg virði ekki leiguna nema 160,000 kr.

Jeg spurði Mr. Vaughan í morgun, hvað mikil leiga eptir skip með þess konar stærð mundi verða, sem hefði káetuplass það, sem farið er fram á, og annað allt það, er frumv. heimtar, og auk þess tvöföldan botn. Hann ætlaði að hún mundi verða að minnsta kosti Lstr. 800 = 144,000 kr., og þó yrðum við sjálfir að kosta kol og hafnargjöld, svo sem eðlilegt er, og ávallt er venja. En hafnargjöld og kol eru eptir áætlun nefndarinnar 40,000 kr. á ári. — Ef vjer göngum út frá áætlun minni, að leigan mundi verða 160,000 kr. að viðbættum 40,000 kr. á ári fyrir kol og hafnargjöld, þá er það alls 200,000 kr. á ári eða 400,000 kr. á fjárhagstímabilinu; en ef keypt er skip er kostnaðurinn 266,000 kr. Landssjóður græðir því mismuninn, 134,000 kr. yfir fjárhagstímabilið með því, að kaupa heldur en að leigja; jeg held því ekki fast fram, að áætlun þessi sje

áreiðanleg, en hún er að minnsta kosti eins áreiðanleg og aðrar áætlanir, sem hjer hafa komið fram.

Eptir því sem Vaughan sagðist frá, mundi árslega fyrir skipið verða 144,000 kr., eins og jeg hefi þegar sagt. Þá spurði jeg hann, hvort ekki mundi vera hægt að fá billeg fragtskip og útbúa þau eptir þörfum okkar með káetum og öllum þeim þægindum, er heimtuð eru á fullkomnum mannflutningaskipum á þessum tímum. Hann svaraði, að ef ætti að útbúa skipið að eins til tveggja ára, og svo yrði það ekki brúkað lengur á sama hátt, mundi umbreytingin kosta svo mikið, að það mundi lítið gefa eptir að kaupa skip. Þá spurði jeg, hvar mestar væru líkur til að slíkt skip gæti fengizt til leigu. Svar: Óvíða, líklega helzt hjá danska gufuskipafjelaginu. Síðustu orð hans um, hvort hægt mundi að fá leigt skip að öllu svo gott og fullkomið, sem frumv. áskilur, og auk þess með tvöföldum botni og tvöföldum framstafni, voru, að þess konar skip mundi allsendis jafn-ómögulegt að fá leigt, eins og að finna jarðarber uppi á há-jökli. Hvað kolaeyðslu skipa snerti, þá sagði hann að svo mikill munur væri á henni, að ný skip með hentugasta útbúningi eyddu 10—12 tons á dag, en flest eldri skip miklu meira, upp í 18 eða jafnvel 20 tons á sólarhring. — Hann miðaði við skip af líkri stærð og hjer er farið fram á, og með hinum ákveðna hraða allt að 12 mílum.

Hvað svona lagað skip snertir, eins og vjer viljum hafa, þá er samkvæmt hlutarins eðli auðsætt, að það liggur ekki laust fyrir til leigu, því þess konar skip er allt of dýrt til að flytja almennan vörufarm. Svona lagað skip er ekki byggt nema í ákveðnar »router«, en ekki til að »spekúlera« með.

Í öðru lagi hefir mjer verið sagt, að skip sem hefðu þá eiginlegleika, sem vjer þörfnumst, væru fremur torgæt, þ. e., að þau væri með tvöföldum botni og framstafni. (*Tr. G.*: það stendur ekki í 1. gr. frumv.). Þó það standi ekki í frumv., er það jafn-nauðsynlegt fyrir því, og það er ekkert vit annað en hafa þannig búið skip, sem á að nota hjer til vetrarferða, og því þarf að geta mætt hafís, án þess að vera þegar í voða, því þótt gat komi á það, getur það þó haldið áfram ferða sinna. Jeg veit tvö dæmi, að skip, sem þannig hafa verið smíðuð, hafa brotnað, en getað þó haldið áfram. Annað þeirra braut botninn úr sjer á skeri við Færeyjar, og biluðu margar plötur undir sjálfu maskínurúminu; það komst þó til Englands. Hitt skipið, »Avocet«, rakst á á Húnaflóa og braut botninn, en tók þó fjárfarm á Borðeyri og fór með hann til Englands. Skip með tvöföldum botni hafa það einnig sjer til ágætis, að þegar þau eru tóm, og það kann opt að verða, má taka í þau barlest af sjó á örstuttum tíma, að eins 2 stundum. Þetta byggingarlag er á skipsuppdrætti þeim, sem hangir hjer frammi á lestrarsalnum, og þar geta h. þingdeildarmenn sjeð það.

Eitt af því, sem jeg hefi fyrir mjer um, að torvelt muni að fá hentugt skip til Íslandsferða, er, að jeg fór í vetur til kommandör Normanns í Kaupmannahöfn, formanns danska gufuskipafjelagsins, og bar upp fyrir honum raunir okkar, að Thyra væri ekki gott skip til standferðanna, hin óþolandi töf skipanna í Færeyjum o. fl. Tók hann mjer vel, og sagði mjer, að til orða hefði komið, að láta Thyru hætta ferðum sínum og láta Lauru ganga kring um landið í stað Thyru, en byggja svo skip í stað Lauru til Reykjavíkurferðanna, og

það væri líka að hugsa um að byggja skip til líkra ferða og Randúlffsferðanna og bjóða svo þinginu að taka þær að sjer. Þetta sýnir, að hentug skip liggja ekki á lausu, og þó er þetta eina fjelagið, sem Mr. Vaughan hjelt, að hafa mundi hentugt skip aflögu, enda á það um 120 skip af ýmum stærðum, en ekkert vel fallið til Íslands ferða nema Lauru, því ella mundu þeir ekki hafa þurft að byggja sjerstök skip til þeirra.

En síðan hefir danska gufuskipafjelagið syndgað á ný á móti okkur, eins og kunnugt er, með aðra ferð Thyru í vor, og það eru lítil líkindi til, að það muni bæta bráðlega ráð sitt, og alls ekkert tilboð hafa þeir sent þinginu um nokkrar ferðir, því síður auknar og bættar, og þær góðu vonir, sem jeg gerði mjer, er jeg hafði talað við formanninn, hafa gjörsamlega brugðizt.

Jeg hygg, að þessi ummæli Normanns sanni samt, hversu erfitt væri að fá skipið til leigu með þeim eiginlegleikum sem krafizt er, og auk þess tvöföldum botni og stafni; og mundi hann ekki vera þeim efnum fullt eins kunnugur og þeir kaupmenn hjer, sem h. þm. eru að fá leiðbeiningar hjá? — En þeir hafa í mesta lagi fragtað einhvern fragtdall, og þá spyrja þeir víst optast um, hvað fragtin sje pr. ton og hvort hægt sje að fá assúrerað, en ekki til hvaða flokks skipið heyri eða um kosti þess að öðru leyti.

En þótt skipið fengist með öllum hinum ákveðnu eiginlegleikum, er þó eptir eitt, sem ekki má gleyma: kolaeyðslan. Gleymi maður því, getur verið að maður fái skip, sem eyðir um 30 tons kola á dag. Jeg þekki þess dæmi, að hingað til lands hefir verið leigt skip, sem brúkaði nærri 30 tons á dag, en var þó að öðru leyti gott skip. Setjum svo, að nýtt skip mætti fá, sem eyddi 12 tons á dag, en leiguskipið 18 tons. Setjum svo, að skipið væri á ferð 24 daga í mánuði hverjum, sem mun láta nærri, og að kolin kosti 8 kr. pr. ton, og brúkleg kol fást ekki fyrir minna, þá er mismunurinn á kolaeyðslu þessara skipa 6 tons á dag í 288 daga eða á ári 1728 tons á 8 kr. og gerir það þá 13,824 kr. á ári. Enn fremur getur þessi upphæð orðið meiri, því sje skipið kolaæta, má búast við því, að það kunni að þrjóta kol, þegar það er hjer við land og þá sje örðugt að fá þau, og ekki fyrir minna en 20 kr. hvert ton. — Svona getur orðið í ýmsu öðru með leiguskip, og allt finnst mjer því benda á, að áhættan sje meiri að leigja en að kaupa.

Það hafa fleiri gengið í vatnið en við hvað þessar kolaætur snertir. Þegar Tietgen, hinn alkunni og frægi kaupmaður í Danmörku, keypti skipið »Ameríka« fyrir Þingvallafjelagið, stórt skip mjög og alldýrt, þá gat það ekki borið sig vegna kolaeyðslu, og fjelagið varð að leggja það upp sem ónýtt járn.

Wathne, Tietgen Islands, keypti fyrir nokkru hjólgufubát, er virtist vel brúklegur, en hann eyddi svo miklum kolum, að það gleypti upp fragtina og meira til. Báturinn liggur einhversstaðar fyrir austan hjólalaus, en þúsundirnar eru í sjónum. Það er ólíklegt, að vjer fáum betri farstjóra en Tietgen, og ef leiguskipið skyldi bregðast hrapallega, er hætt við, að kjarkur okkar yrði lítill næsta sinn, þegar tala væri um, hvort halda skyldi áfram, þótt óhöppin stöfuðu að eins af skakkri stefnu í málinu, en ekki af því, að ókleyft væri að láta fyrirtækið bera sig í raun og veru.

Enn er eitt atriði, sem að sönnu var dálítið minnzt á við 2. umræðu, hvert skipið ætti að ganga, og jeg verð að drepa dálítið á það, af því að mjer sýnist eiga vel við, að þingmenn láti í

ljósi vilja sinn í því efni, jafnvel þótt þingið eigi ekki að búa til áætlunina sjálfa, sem jeg álít rjett ráðið.

H. formaður og framsögumaður samgöngumálanefndarinnar (V. G.) lýsti því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún legði ekki fram þá áætlun, sem hjer liggur fyrir, sem sína, en jeg hygg þó að lík áætlun hafi vakað fyrir nefndinni, og byggi það meðal annars á 2. gr. í nefndarálitinu, þar sem talað er um, hverjar vörur skipið eigi að flytja hjeðan og hingað. — Þar er sagt, að skipið ætti að ganga beina leið til Englands og flytja þaðan kol, salt og steinolíu, og hjeðan aptur ull, saltfisk og nýjan fisk í ís. Þetta er eitt af því í áætluninni, sem gerir hana óaðgengilega. Skipið á að flækjast með alls konar ódýra »fragt«, svo sem kol og salt, áður en sjeð er dálítil reynsla fyrir, hvernig skipið muni borga sig. Hvenær hafa skip danska gufuskipafjelagsins flutt salt og kol? Aldrei, því þessi skip eru allt of dýr og vönduð til þess.

Aðalatriðið í ferðaáætluninni, sem gerir hana óaðgengilega í mínum augum, er það, að nálega algerlega er gengið fram hjá Kaupmannahöfn, einmitt þeim staðnum, sem mest er að flytja til og frá, en í þess stað á það að ganga þangað, sem von er um miklu minni farm, svo auðsætt er, að með því móti yrði »undirballance« voðalegur. Það hefir verið sagt, að allt af væri hægt að fá nóg að senda til Englands. Jeg hygg ekki.

Hvaða fragt á að senda frá Íslandi til Englands? Það er hægt að fá miklu meiri vörur til að senda hjeðan frá Íslandi til Hafnar. Á sumrin eru það íslenzkar vörur, ull og saltfiskur, því þó að ullin sje síðar seld til Englands og saltfiskurinn annaðhvort þangað eða til Suðurlanda, þurfa kaupmenn að flytja vörur þessar fyrst til Hafnar og geyma þær í pakkhúsum sínum þangað til kemur hentugur tími að selja þær. Á haustmánuðunum er það enginn vafi, að nóg er fyrir skipið að flytja til Hafnar, svo sem ull og saltað sauðakjöt, en það tekur ekki tali, að nota fínt 1. klassa farþegaskip til fjárflutninga, þó það standi í áætluninni; en jeg held, að engum geti dottið slíkt í hug.

Jeg vildi helzt, áður en málið gengur nú frá þinginu, að þingm. ljetu í ljósi, til hvaða landa þeir álitu bezt að skipið ætti að fara, nema ef það stendur á sama þó það fari til hinna og þessara óviðkomandi landa, svo sem Kína og Ástralíu, og segjum Stettin, en þá gæti það líka farið þá framaför, að fara í gegnum Kílarkanalinn. En eigi skipið nokkurnveginn að bera sig, virðist mjer hyggilegast að það sje sem optast látið ganga þá »route», sem meiri hluti verzlunar vorrar fer, frá Kaupmannahöfn via Leith, en það muni ekki borga sig að láta það ganga eingöngu frá Englandi.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer virðist allar umræðurnar hjer í dag bera það með sjer, að breyttill. sú, sem jeg og fleiri h. þm. hafi komið fram með, sje nauðsynleg. Flestir þeir sem talað hafa, hafa komið með áætlanir um kostnaðinn og borið saman kostnaðinn við að kaupa og leigja, en þær tölur, sem þeir hafa komið með, hafa verið svo ólíkar, að mjer virðist h. þingdm. vaða reyk í því, hvort heppilegra sje að kaupa eða leigja skip. Þess vegna álít jeg brýna nauðsyn á, að samþykkja þetta breyt.atkv. Farstjórinn ætti að hafa frían hendur til að kaupa eða leigja skip til tveggja ára, eptir því sem hann álítur hentugra, þegar hann hefir verið erlendis og kynnt sjer málið; svo getur stjórnin haft hönd í bagga með og valið með honum það sem álízt betra. Jeg skil ekki, hvernig h. þm

eins ófróðir og þeir nú eru í þessu efni, treysta sjer til að ákveða það, hvort skuli kaupa skipið eða leigja.

H. 2. þm. Eyf. (J.J) tók fram ýms atriði, sem mæltu með því að kaupa skip, en margt af því virtist mjer ærið ljettvægt. Hann kvað það mundi verða erfitt að fá leigt skip með tvöföldum botni og tvöföldum stafni, en það væri þó alveg bráðnauðsynlegt; hann nefndi sem dæmi skip, sem brotnað hefði gat á á ferð til Borðeyrar, en þó getað farið til Englands með fjárfarm, af því að botninn hefði verið tvöfaldur; skip þetta var leiguskip, svo þetta dæmi sýnir einmitt, að það er mögulegt að fá skip til leigu með tvöfuldum botni; líklega er eins auðvelt að fá svoleiðis skip leigt til póstflutninga eins og fjárflutninga. Jeg get heldur ekki sjeð að þetta sje svo bráðnauðsynlegt atriði; má jeg spyrja h. þm.: er «Thyra» með tvöföldum botni og stafni? (J. J.: Já, í botninn). Nei! hún er með einföldum botni, og hefir mörg ár farið norðan um landið svo útbúin. Eða Arcturus, sem hingað kom í mörg ár, var hann með tvöföldum botni, eða Stamford? (J. J.: Hann fer ekki hjer á veturnar). Hafísinn er mestur fyrir norðurlandi á vorin, enda á þetta skip heldur ekki að fara neinar vetrarferðir í kringum landið samkvæmt þeirri áætlun, sem hjer liggur fyrir; eptir henni heldur skipið ekki áfram strandferðum lengur en til 18. sept., því að jeg tel það ekki, þótt það skjótist inn á Vopnafjörð í október til að taka fjárfarm, en svo er það að flækjast suður í Miðjarðarhafi nokkurn hluta vetrarins og þar er þó ekki svo mikill ís, að þörf sje á tvöföldum botni.

Það er ekki nóg að tala um hve samgöngubætur sjeu nauðsynlegar og koma svo ekki með neinar samgöngubætur, því þessi áætlun, sem hjer liggur fyrir, er ekki til bóta; hún er auk heldur svo, að h. samgöngumálanefnd vill ekki einu sinni kannast við hana sem sitt atkvæmi. Það væri gaman að sjá, hvort þjóðin mun kalla þetta samgöngubætur, að fá 3 hálfar ferðir í staðinn fyrir 10, sem við höfum nú, og svo kasta út fyrir þetta 350 þús. kr. af landsfje til skipakaupanna og 45 þús. kr. að auki til ferðakostnaðar, og svo er engin vissa fyrir, að þessar 45 þús. kr. hrökkvi, því það er auðvitað að landið verður að greiða þann kostnað, sem af útgerðinni leiðir, hvort sem hann verður 45 þús. eða 95 þús. kr.; stjórnin getur ekki neitað farstjóranum um fje, þegar hann heimtar það, því að það er með lögum ákveðið, að halda skipinu í ferðum eptir útgefinni ferðaáætlun, svo eigi má hætta þó þær veittu 45 þús. kr. sjeu uppgengnar. Farstjórinn er þannig voldugur í fjármáli landsins.

Það hefir verið talað mikið um þessa ferðaáætlun sem hjer liggur fyrir; mjer finnst það rangt af h. samgöngunefnd, að leggja þessa ónýtu ferðaáætlun fyrir þingið alveg undirbúningslaust. Þetta sem hjer er farið fram á er svo langt frá því að geta kallazt samgöngubætur, að mjer finnst þingið ekki geta forsvarað fyrir þjóðinni að kasta út til þessa fyrirtækis 350,000 kr. Þegar þessir peningar eru settir fastir í skip, þá minnka tekjur landssjóðs um c. 14 þús. kr. á ári; það er sem svarar rentunum af þessum höfuðstól. Og nú er þetta fje, þótt það reyndar sje til í landssjóði, ekki á lausum kjala, en það mundi verða í meira lagi óvinsælt, ef að krefja þyrfti inn hjá lántakendum landssjóðslánin; h. flutnm. málsins segja að sönnu, að ekki sje annar vandinn en að landið taki lán. En væri það gjört, þá er jeg hræddur um að næstu þing yrðu eigi viljug á að veita fje til ýmsra þarflegra fyrirtækja. Á næsta

þingi liggur fyrir að veita fje til holdsveikisspítala, einnig vantar pósthús og safnahús, og margar ár þarf enn að brúa, hjer liggur frumv. á borðinu um að leggja póstveg milli Reykjavíkur og Stykkishólms o. m. fl., allt þetta kostar mikið fje; en líklega verður þetta látið ógjört um nokkurra ára tíma vegna fjárskorts, ef skip þetta og máske annað til verður keypt. Jeg álít þessi skipkaup munu verða hepting á ýmsum framförum innanlands. Jeg vil spyrja: geta þingm. forsvarað að taka svona mikla upphæð og fleygja í eitt skip, þegar auðsjeð er, að hægt er að komast hjá því með því að leigja skip eða semja við útlend fjelög? Segjum svo, að það sje yfir árið 10—15 þús. kr. dýrara að leigja skip en kaupa, þá álít jeg það þó betra en að binda landssjóði stóra byrði með því að kaupa skip. Mín skoðun hefir frá upphafi þessa máls verið sú, að hentugast væri að fá mann til að fara utan og útbúa hann með fje og fullt umboð þingsins til að semja við útlend fjelög um að fá þriðja skipið í viðbót við þau tvö sem við nú höfum. Jeg ímynda mjer að þetta fengist hjá fjelögum annaðhvort í Englandi eða Hamborg. En reyndist það ómögulegt, þá ætti þessi maður að hafa umboð til vara til þess að leigja þetta þriðja skip fyrir reikning landssjóðsins, því að það er auðsætt, að ef gufuskipafjelagið danska hættir að senda hingað skip til strandferða, þá er oss ómögulegt að halda uppi samgöngum svo í nokkru lagi sje með einu skipi. Eins og nú horfir til, getum við hvorki reitt okkur á gufuskipafjel. eða skip kaupm. Ásgeirs Ásgeirssonar nje strandferðabátana. Það er furða að þeir menn sem svo mikið tala um nauðsyn á samgöngubótum skuli þora að hleypa málinu þannig út í óvissu. Í fyrra þegar «stóra málið» var hjer fyrir á þinginu, þá var ekki talað um að kaupa skip eða leigja, þá voru þessir sömu menn svo hjartanlega ásáttir um, að semja við útlend fjelög fyrir 30 ára tímabil, að flytja póstinn til og frá útlöndum á sínum skipum; þá var ekki talað um landsskip; en nú er það orðið óhæfa, að fylgja því fram, að samið sje við útlent fjelag. Hvernig er nú hægt að bera traust til þeirra manna, sem þannig kútvelta skoðunum sínum á einu ári? Jeg skal geta þess að þótt jeg hafi komið fram með þessa breyttill. á þingskj. 237, þá hefir það aldrei verið minn vilji að leigt væri skip, en «af tvennu illu skal taka það minna», segir máltækið.

H. framsögum. (Valt. G.) sagði að erfiðara væri að fá farstjóra, sem væri þeim vanda vaxinn, ef leigt væri til tveggja ára, heldur en ef skipið væri keypt. Eru menn þá búnir að fá farstjóra fyrir keypta skipið, eða hvað? vill hann síður taka skip á leigu? Jeg hefi mörg ár haft mörg seglskip í förum, sum leigð og sum eign fjelags þess er jeg var fyrir, og hafði jeg sama notkunarrjett á báðum, meðan á leigu tímanum stóð.

Mjer finnst breyttill. h. þm. Húnv. (B. Sigf.) miklu skynsamlegri en tillögur samgöngumálanefndarinnar. Hann vill ekki hálfverk, en hún vill ekki stíga sporið nema hálft, og afleiðingin af því verður sú, að næsta þing verður að kaupa annað skip til, en þegar það er gjört, þá er jeg nú hræddur um að litið fari að verða eptir í landssjóði. H. þm. Húnv. (B. Sig.) hefir auðsjáanlega reynt til að hugsa málið og kynna sjer það eptir því sem hann hefir átt kost á, og þó segist hann vera ánægður með millilandaferðirnar, sem fást með þessu eina skipi; jeg skil ekki þann hugsunargang, að vera ánægður

með jafnófullkomið. Jeg get ekki hrósað mjer af að vera ánægður með þetta. Hjer er ekkert annað að halda sjer til en þessi áætlun, sem fyrir liggur, og út á hana eigum við að fleygja út úr landssjóði 350+45 þús. kr.

Jeg hefi heyrt menn segja að jeg hafi meira rifið niður í þessu máli en byggt upp, og skal jeg ekki bera á móti því, að svo kunni að vera, en jeg verð að hafa það mjer til afsökunar, að grundvöllur samgöngumálanefndarinnar var svo sendinn, að ekkert varð á honum byggt. Jeg ímynda mjer að ef ís lægi nú fyrir Norðurlandi, þá dytti engum manni í hug að fara að kaupa skip, en af því að nú lætur bærilega í ári, þá vilja allir »eignast skip, þó enginn kunni að sigla». Svona mikilstundarbörn erum vjer.

Þórður Thoroddsen: Það er um breyt.-till. á þingskj. 243, um að kaupa tvo gufubáta og láta þá annast strandferðir í sambandi við landsskipið, sem jeg ætla að tala fá orð. Jeg get ekki sjeð að það bæti að neinu leyti úr því sem bæði h. framsögum. (V. G.) og aðrir hafa látið í ljósi, að ábótavant væri við landsskipið, að því er samgöngur vorar snertir. Þeir hafa sagt, að eitt skip fullnægði ekki samgönguþörfinni fullkomlega, en að bátarnir bæti úr þeirri skák; það getur vel verið að þeir bæti nokkuð úr, en að þeir geri það fullkomlega, get jeg með engu móti sjeð. Og eitt er mjer óhætt að fullyrða, og það er það, að þetta fyrirkomulag með bátana yrði landssjóði svo kostnaðarsöm útgerð, að þó að gera mætti ráð fyrir að landskipið bæri sig með útgerðina, eða hefði einhvern afgang, þá mundu bátarnir eta þann arð upp og meira til. Og þetta fyrirkomulag á ferðum bátanna, að þeir gangi kringum landið, sinn hvoru megin, hitti landsskipið í Reykjavík og flytji að því vörur og frá, er að minni hyggju óheppilegt, og mundi í reyndinni ekki verða eins affarasælt eða gagnlegt og menn gjöra sjer í hugarlund eða ætlast til.

Jeg held að takmarkið, sem við eigum að keppa að í samgöngumálum vorum, eigi að vera þetta: að hver kaupstaður í landinu standi í sem beinustu sambandi við útlönd; þá fyrst álít jeg að samgöngur vorar sjeu komnar í gott lag. En hitt, að gera Reykjavík eða einhvern annan stað að nokkurskonar centrum, eða að mynda einn eða fleiri upplags-staði í landinu, og flytja þangað vörur með landsskipinu frá útlöndum, og láta bátana taka þær þar og flytja þær kringum landið, það er að minni hyggju ekki praktiskt. Því að fyrst og fremst er á það að líta, að við þannig lagaða milliflutninga á vörum verða flutningarnir langt um dýrari; það gjörir upp- og útskipun varanna að verkum. Og enn er það, að með því er öðrum gefin bending um að konkurrera. Jeg get ímyndað mjer að þessu verði svarað með því, að þá sje ekki annað en færa niður fragt á vörum, með bátunum og landsskipinu, svo mikið, að allur konkurrance sje útilokaður. En, þó landsmenn sjálfir ef til vill græði á því, þá eru það útgjöld, og það eigi alllítil, fyrir landssjóð. Mótmælendur þessara gufuskipakaupa hafa fundið það að, að landssjóður mundi missa fje við úthaldið, mundi tapa stórkostlega á því. Ef nú svo yrði, sem jeg skal láta alveg ósagt um, hversvegna vilja þeir þá líka bæta þeim kostnaði við sem úthald bátanna hefir í för með sjer?; og sá kostnaður verður að mínu áliti auðsjáanlegt tap fyrir landssjóð.

H. þm. Húnv. (B. S.) ætlaði bátana ekki svo kostnaðarsama, að ekki væri tilvinnandi að halda þeim úti. Honum reiknaðist útgjöldin vera 150 kr. á dag, og

rúmar 30,000 kr. um árið. Þetta held jeg sje ekki rjett reiknað. Jeg geri ráð fyrir að þeim verði ekki haldið úti lengur en 300 daga af árinu, en þá verða útgjöldin þó 45,000 kr. Jeg ímynda mjer, að svo framarlega sem menn álíta að ónógar ferðir fáist með því eina skipi, sem frumv. gerir ráð fyrir, að þá muni öllu betra auk þessa skips í stað þessara tveggja báta að taka eitt lítið skip á leigu, eða minna en það skip, sem gert er ráð fyrir í frumv., og láta það ganga í kringum landið og til útlanda, ásamt hinu. Með því móti fengi maður sem beinastar ferðir og ódýrastan flutning til og frá útlöndum hvar sem er að landinu. Einhver skaut því að mjer, að það mætti byggja vörugeymsluhús fyrir þær vörur, er bátarnir ættu að taka og flytja kringum landið. Sjálfsagt mætti það, og líklega yrði það gert, því að líkindum verður vörunum ekki kastað á mölina eða kastað í sjóinn, og geymdar þar. En vörugeymsluhús kosta líka nokkuð, og hvaðan á að taka peninga til að byggja þau, halda þeim við og annast? Þann kostnað verða þeir að borga, sem vörurnar eiga, nema landssjóður fari að gefa þeim hann.

Vegna þessa er mjer ómögulegt að greiða atkv. með breyt.till., ekki af því að jeg álíti ekki nóg handa bátunum að gjöra, ekki af því að jeg vilji ekki auka strandferðirnar, heldur af því jeg álít eimbáta til strandferða með svona fyrirkomulagi ónóga, og of kostnaðarsama, eins og jeg nú hefi tekið fram. Ennfremur er á það að líta, að verði það nú samþykkt að kaupa þessa báta, þá er hætt við, að það geti orðið því til fyrirstöðu, að á næsta þingi yrði bætt við öðru skipi, sem jeg tel sjálfsagt að gjöra ætti. Þetta eina skip, sem hjer er um að ræða, er ekki nema byrjun, eins og h. þm. Árn. (Tr. Gr.) tók fram, reyndar í öðrum skilningi en jeg, og jeg vona til svo góðs af forgöngum. þessa máls, að þeir á næsta þingi komi með tillögu um að bæta öðru skipi við. Jeg held að eimbátar sjeu beztir, og þeir eiga eingöngu að vera til flutninga innanlands, bæta úr innanlands-flutningaþörfinni, flytja höfn af höfn fólk og farm, en ekki varning, er kominn er frá útlöndum, nema til þeirra staða, er stóru skipin komast ekki á. Varningur frá útlöndum á að komast beina leið á sína tilætluðu staði, en sem minnst að fara krókaleiðir.

Það hefir verið tekið fram, að landssjóður hefði ekki ráð á að kaupa þetta skip; en aptur hafa aðrir sýnt, að hann á meira en fyrir því. Hæstv. landsh. gat þess, að það væri ekki hægt að leggja peninga út fyrir skip, nema með því að taka lán, eða segja upp lánum einstakra manna. Mjer fyrir mitt leyti finnst ekkert á móti því, að taka lán til þess, ef á þyrfti að halda; en þess þarf alls ekki, því að jeg sje ekkert á móti því að sagt sje upp lánum, sem landssjóður á með $^1/_2$ árs uppsagnarfresti; jeg ímynda mjer ekki, að hlutaðeigandi skuldunautum geti komið það illa, eða þeir komist í vandræði út af því. Jeg geri ráð fyrir að þeir geti fengið það fje í bankanum, því að veð landssjóðs ætla jeg ekki svo lítilsvirði, að bankinn ekki taki þau góð og gild fyrir sömu upphæð og landssjóður. Bankinn tekur að vísu $^1/_3$% meira í leigu en landssjóður, en það er ekki ósanngjart, þó að mennirnir verði að sæta því, þegar um þessa þjóðarnauðsyn er að gera.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) gerði glögglega grein fyrir, að það er miklu kostnaðmeira að leigja skip en kaupa. Þrátt fyrir það munu margir hjer í deildinni á því, að það sje miklu betra að leigja. Mjer hefir aldrei blandazt hugur um það,

að affarsælla muni að kaupa en leigja, en þrátt fyrir það mundi jeg þó greiða atkv. með því að leigja skipið, ef ekki væri annars kostur, eða ef jeg væri viss um að málið fremur fyrir það kæmist gegnum þingið. Jeg er líka sannfærður um, að það líður ekki langt um, áður en menn komast að raun um, að affarasælla muni vera að eiga skipið sjálfur heldur en leigja það, og jeg tel víst að kaup gengju fram þegar að ári; jeg ímynda mjer að menn verði þá þegar búnir að fá svo mikið af leigunni.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að minnast á breyt.till. á þingskj. 243. Mjer finnst að h. flutningsm. (V. G.) hugsi sjer sem þessir gufubátar eigi að koma í staðinn fyrir þá gufubáta, sem fjárlaganefndin hefir viljað veita styrk til. Jeg álít, að svo framarlega sem þessi tillaga um að kaupa gufubáta verður samþykkt, þá verði auðvitað að taka í burtu uppástungu fjárlaganefndarinnar viðvíkjandi gufubátum. Jeg fyrir mitt leyti álít rjett, að ekki sjeu kostaðar tvennar gufubátaferðir um landið. En jeg hef alls ekki áttað mig á því, hvor tillagan sje betri, og dettur ekki í hug, að vera mikið á móti þessari tillögu á þingskj. 243. Satt að segja hef jeg ekki virt hana nógsamlega fyrir mjer, og ekki borið hana nógu rækilega saman við tillögu fjárlaganefndarinnar. Þess vegna held jeg að heppilegast væri, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) stakk upp á, að þessi tillaga verði tekin aptur og að eins tekin upp sem breyt.till. við fjárlögin; þá væri meiri tími til þess að athuga hana og bera hana saman við hina tillöguna, en ef hún verður útkljáð á þessum fundi, þá eru að eins 1—2 klukkustundir til þess að íhuga og ræða hana, og jeg ímynda mjer, að það hafi engin heppileg áhrif á afdrif málsins, að fjalla um hana með slíku flaustri. Þetta er sá stóri munur á því að taka hana nú fyrir og á því að setja hana inn í fjárlögin, að þá gefst þingmönnum nægur umhugsunartími, því þeir hafa allan þingtímann fyrir sjer, þangað til fjárlögin verða til fulls útkljáð. Jeg fyrir mitt leyti er ekki á móti hugsuninni í breyt.till., en jeg verð, af því sem jeg hef áður tekið fram, að greiða atkv. á móti henni sem breytingu á frv.

Þá vil jeg fara fáum orðum um það, hvort betra sje að kaupa skip eða leigja.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) endaði með því að lýsa þeirri von sinni, að h. þm. aðhylltust breyt.till. í þá átt, að setja inn í frumv. »leigja eða kaupa«. Jeg skil ekki í því, að h. þm. (Tr. G.) skuli eigi vera mótfallinn því hvorutveggja, því að allar þær grýlur, sem hann raðaði fyrir framan sig, eiga jafnt við hvorutveggja, bæði það að leigja og það að kaupa.

Í fyrsta lagi er ferðaáætlunin; hún yrði sú sama, hvort sem skipið er leigt eða keypt, svo af þeirri ástæðu er eigi betra að leigja skip en kaupa.

Í öðru lagi hlýtur farstjórinn sömu ráðin yfir landssjóði, hvort heldur við leigjum eða kaupum, en jeg stend við það, sem jeg sagði áður viðvíkjandi þessu atriði, að farstjórinn þarf ekki að hafa ótakmörkuð fjárráð, og vona, að jeg þurfi ekki að útlista það fyrir h. þingmönnum.

Í þriðja lagi. Útgerðin hlýtur að vera hin sama og tekjurnar hinar sömu, útgjöldin til kola, hafnargjöldin, og óviss útgjöld, t. d. olía o. fl., hljóta að verða hin sömu, hvort sem skipið er leigt eða keypt.

Þá ætla jeg að taka þau útgjöld við keypt skip, sem standa alveg samsíða skipleigunni:

Arslaun skipverja	15000,00
Fæði þeirra	7000,00
Olía og árlegt viðhald . . .	10000,00
Ábyrgðargjald c. 9—10 % .	33000,00
Rentur af höfuðstóli	13000,00
Slit á skipi og kötlum . . .	15000,00
Samtals kr.	93000,00

Þetta er þannig sú upphæð, sem búast má við, að hið keypta skip hafi í för með sjer á móts við leiguna á hinu leigða; þá mundi eptir þessari áætlun borga sig, að leigja skip, ef það fengist með mönnum og öðru, er jeg hefi nú talið, fyrir 93,000 kr. á ári, en yrði leigan dýrari, þá væri skaði að því að leigja.

Nú vil jeg leggja þá spurningu fyrir h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), því að jeg álít, að hann sje eins verzlunarfróður maður eins og þeir menn hjer í bænum, er svo margir þingmenn hafa leitað sjer upplýsinga hjá, og sem segja sitt hver: Hvort unnt muni vera að fá skip sem líkast þessu, er menn hugsa sjer að kaupa, leigt fyrir 93,000 kr. á ári. Því ef hann getur ekki fært líkur fyrir því, þá mun hann heldur ekki geta fært líkur fyrir hinu, að betra sje að leigja en kaupa.

Þórður Guðmundsson: Það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn, að halda ræður um þetta mál, því að það er sannarlega óhætt að segja, að búið sje að ræða það frá ýmsum hliðum. Að vísu lýsti jeg skoðun minni að nokkru leyti við 1. umr., en af því því að þá var málið svo skammt á veg komið, þá gat jeg ekki látið í ljósi hvernig jeg mundi greiða atkvæði um það, en þar sem ræðurnar hafa nú skýrt málið og jeg því búinn að átta mig á þessu nýmæli, skal jeg láta í ljósi skoðun mína og gera grein fyrir atkvæði mínu.

Hjer er um tvö atriði að ræða, nefnilega að kaupa eða leigja.

Allir eru samdóma um, að bætur þurfi að ráða á samgöngum vorum, bæði á sjó og landi, um það kemur öllum saman, en um aðferðina kemur mönnum ekki saman.

Ef nægilegt fje væri fyrir hendi til þess að fullnægja samgönguþörfinni, þá væri ekki um neitt vandamál að ræða. Mín skoðun er sú, að ekki sje fje fyrir hendi nægilegt til þess, að fullkomna samgöngbæturnar á sjó með skipkaupum eins og hjer er farið fram á, meðan samgöngurnar á landi eru eins og þær eru, meðan vantar brýr og vegi á ótal stöðum, á meðan er ekki að búast við, að samgöngur á sjó komist í það horf, sem þær eiga í að vera. Jeg sje ekki, að vjer höfum efni á því, þó að hagur landsins standi með blómlegasta móti. En jeg álít, að hagur landsins taki ekki stakkaskiptum til hins betra við þetta eina skip, að því skapi sem útgjöldin verða við það að kaupa það og allt sem af því leiðir; jeg get ekki sjeð, að auðmagn landsins aukist við það, en það þarf þingið að hafa hugfast, að vinna að því að auka framleiðsluna, jafnframt því að auka útgjöld landssjóðs.

Það er enginn vafi á því, að bæta þarf samgöngurnar, en þann veginn vil jeg fyrir mitt leyti fara, sem áhættuminnstur er, og sem líka gefur reynslu. Jeg álít það misráðið af deildinni, að stíga svo stór spor í þessu samgöngumáli, eins og hjer er farið fram á; því að það er ekki lítill munur á þeim samgöngum, sem nú höfum vjer, og þeim, sem farið er fram á í þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Þar á milli eru margir vegir. Hið fyrsta, sem þingið ætti að mínu áliti að gera í þessu máli, væri, að skora á stjórnina, að leita samkomulags við eitthvert gufuskipafjelagið um, að það tæki að sjer ferðir, sem fullnægðu samgönguþörf landsins í bráðina.

Mjer er sama, hvort það væri danskt fjelag eða enskt, bara að það bæti úr þörfum okkar með nokkurn veginn aðgengilegu móti. Enn skal jeg taka það fram, að jeg hneigist helzt að því, sem farið er fram á í breyt.till. á þskj. 243; ekki svo að skilja, að jeg álíti, að þar með sje algerlega bætt úr þörtum vorum; en úr því þetta eina skip getur ekki annazt þær, þá býst jeg við, að bezt verði úr þeim bætt með þessu. Það er ómögulegt að neita því, — og jeg veit, að h. þingdm. vilja láta sem flesta landsmenn verða aðnjótandi þeirra gufuskipaferða, er hjer er um að ræða, og öllum kemur víst saman um, — að því marki verði bezt náð með því að hafa smá skip í förum í kring um strendur landsins.

En af því, eins og jeg áður hefi tekið fram, að ekki er nóg fje til þess að stíga svo stórt spor, þá hneigist jeg helzt að því, að leigja eitt skip næsta fjárhagstímabil, af því að við þurfum reynslu. Vitanlega mætti svara því á þá leið, að sú reynsla væri of dýr, en jeg skil ekki þá mótbáru gegn leigunni, að hún sje of dýr, borgi sig ekki, svo að menn fælist þess vegna frá að kaupa skip. Ef reynslan sýnir, að það borgi sig ekki, að taka skip á leigu, þá mundi líka koma í ljós, að skip, sem landið ætti, borgaði sig ekki heldur. Jeg held því einmitt fram, að með því að leigja skip eitt fjárhagstímabil, fáum við reynslu, sem sýnir, hvort óhætt sje að ráðast í að kaupa skip. Jeg held einmitt, að þegar menn sjá, hve flutningsþörfin er mikil, þá muni menn fúsari til kaupanna, þá fá menn einmitt áhuga á því, að fá henni fullnægt.

Því verður heldur ekki neitað, að við vitum ekki, hvort þjóðin út um landið vill láta fleygja út sjer að fornspurðri 1/3 af landssjóði fyrir eitt gufuskip, sem svo allur þriðjungur landsmanna hefir engin bein not af; en mjer týnist, að vjer eigum að taka tillit til, hvernig þjóðin lítur á þetta mál, því að hjer er mikið í húfi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál; jeg er búinn að segja það, sem jeg ætlaði að skýra frá, hvernig atkvæði mitt mundi falla í þessu máli. En jeg skal taka það fram, að jeg tek samgöngumálanefndinni það alls ekki illa upp, að hún hefir komið fram með þetta frumv., því að jeg veit, að hún hefir gert það í beztu meiningu og af því, að hún ímyndar sjer, að fyrirtækið borgi sig og verði þjóðinni til hagsbóta.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að lengja mikið umræðurnar, og ekki koma með neinar tölu-áætlanir, eins og sumir h. þingm. hafa gjört svo mjög mikið að, svo jeg held að menn sjeu nú næstum drukknaðir í tómum tölum, þar sem einn hefir komið fram með þessa áætlun um kostnaðinn og annar með hina, en þó ber engum þeirra saman, svo mjer fyrir mitt leyti finnst það standa heima, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að þetta sje allt á sandi byggt. Með öðrum orðum, menn vaða í villu og svíma um það, hver kostnaðurinn í virkilegleikanum muni verða.

Eins og jeg hef lýst yfir áður finnst mjer ekki að eins tveir vegir vera fyrir hendi í þessu samgöngumáli, heldur þrír; eins og jeg líka hefi tekið það fram áður, hvern þessara vega jeg vildi að þingið tæki, nefnilega þann, að þingið semdi við einhvern mann, er ljeti gufuskip ganga hjer milli landa og kringum það, þá get jeg ekki vikið frá því. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta atriði nú.

En jeg vil líka minnast nokkrum orðum á hina 2 gufubáta, sem nú eru leiddir fram á skoðunarplássið. Satt

að segja ljeði jeg nafn mitt á breyt.-till. til þess, að hún gæti komið til umræðu, án þess, að jeg væri fast-ráðinn í því, að gefa henni atkvæði mitt fyr en jeg heyrði, hvaða undirtektir hún fengi í h. þingdeild.

Mitt álit er, að þó þessir 2 gufubátar, sem breytingartill. fer fram á, verði samþykktir, þá sjeu þeir ekki í alla staði hentugir til, að koma í staðinn fyrir þá smá-gufubáta, sem nú eru í gangi, og allra sízt hjer með suðurströndinni, hvað sem öðru líður; svo ef það er meining manna, að láta þessa 2 stærri báta koma í staðinn fyrir hina smærri gufubáta, sem nú eru, þá kalla jeg ver farið en heima setið fyrir þau hjeruð, sem ekkert gagn geta haft af þeim gufubát, sem ætlaður er heilum landsfjórðungi, og hlýtur að binda sig við vissa ferða-áætlun, og getur því ekki sætt nauðsynlegum tækifærum, t. d. að Rangársandi.

En á hinn bóginn sje jeg ekki neitt á móti því, að hafa þessa 2 stærri báta með, því að þeir mundu verða betur fallnir til hinna stærri ferða með fram ströndum landsins, og gætu haft þar nóg að starfa. Hins vegar get jeg vel tekið undir það, sem einhver háttv. þingm. minntist á, að láta umræðuna um þessa 2 báta bíða, þangað til hinir gufubátarnir í fjárlögum nefndarfrumv. koma til sögunnar.

Með tilliti til frumv. sjálfs um hið stóra eimskip er nú sem sagt ekki nema um tvo kosti að velja: annaðhvort að samþykkja að kaupa eða leigja skip, og þó mjer þyki hvorugur góður, vil jeg af tvennu illu heldur taka það skárra, sem mjer virðist að vera, nefnilega að leigja skip.

Jeg get tekið undir með hinum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) í því, að svo framarlega sem nú væri ísár, mundum vjer hjer á þingi ekki vera svona stórtækir í þessu efni, þar sem gufuskip ekki einu sinni geta þá komizt ferða sinna kringum landið um há-sumartímann, auk heldur á veturna.

Þetta mál er svo risavaxið, eða rjettara sagt hálf-gerður loptkastali, að jeg er hræddur um, að fyrir því kunni að fara eins og »stóra málinu« í fyrra; það tók upp hálfan þingtímann þá, og þetta tekur upp hálfan þingtímann nú; en hvað skeði svo með það mál er leitað var til hins mikla áuðmanns á Englandi sem átti að vera, og standa á bak við fyrirtækið? Hann hafði ekki einn einasta eyri, er til kom, og hafði ekki von um einn einasta eyri á Englandi til fyrirtækisins.

Og því vil jeg taka upp þau orð hins sama h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að það er full ástæða til þess, að menn gugni í tiltrú sinni til þeirra manna, er smíða slíka loptkastala þing af þingi.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi eigi við umræður þær, sem orðið hafa um mál þetta hjer í deildinni, tekið til máls fyr en nú, en eins og h. þingdeildarmönnum er kunnugt, lýsti jeg nokkuð skoðun minni á því á privat-fundi, sem þingmenn hjeldu, áður frumv. kom fyrir þingið, svo að þeim getur eigi verið ókunnugt um álit mitt, og það því síður, sem jeg er einn í samgöngumálanefndinni, þessari nefnd, sem hlotið hefir svo misjafna dóma hjer í h. deild.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) fóru all-þungum orðum um mig og aðra, sem riðnir vorum við »stóra málið« svo nefnda í fyrra; en líti menn á sögu samgöngumálsins hjer á þingi, þá held jeg, að enginn geti með rökum áfellt mig eða aðra fyrir framkomu vora í því máli í fyrra; flestum mun það kunnugt, að

vjer Íslendingar höfum að undanförnu ekki átt kost á öðrum samgöngum á sjó en á ferðum hins sameinaða gufuskipafjelags, sem fjöldi landsmanna er óánægður með, ekki eingöngu af því, að ferðirnar hafa ekki verið eins tíðar og haganlegar eins og æskilegt hefði verið, eða nauðsyn krafði, heldur líka af því, að fargjald og flutningseyrir með skipum þess fjelags hefir verið svo ósanngjarnlega hátt og miklu hærra en tíðkast um mann- og vöruflutninga í öðrum löndum.

Til þess að bæta úr þessu, hefir þingið orðið að reyna að fálma sig fram á leið; það hefir gjört hverja tilraunina eptir aðra, til þess að leitast við, að fá samgöngur vorar bættar á sjónum, en þetta hefir veitt örðugt, sumpart vegna algjörðs aðgjörða- og afskiptaleysið stjórnarinnar í þessu máli, og sumpart og engu síður vegna þroskaleysis og þröngsýni þingmanna sjálfra. Á hinu fyrsta þingi, sem jeg sat á, á alþinginu 1891, gjörðist jeg, og nokkrir þingmenn fleiri, flutningsmenn þeirrar tillögu, að landið tæki sjálft að sjer strandferðirnar, gerði út skip á eigin kostnað í því skyni, með því að jeg var þá, og er enn, sannfærður um, að þá fyrst, er þetta spor verður stigið, myndi samgöngumál vort komast í viðunanlegt horf; en þessi tillaga fekk eigi betri byr en svo, að hún fjell hjer í neðri deild, af því að þingmenn þorðu ekki að ráðast í slíkt, álitu það landinu of vaxið, að hafa á hendi útgerð einnar einustu fleytu; sá pólitiski þroski þingmanna í þessu máli var enn ekki orðinn meiri; og þegar svo kom á þingið 1893, þá vissum vjer, sem haldið höfðum fram þeirri stefnu, að landið ætti sjálft að annast strandferðirnar, og millilandaferðirnar að nokkru leyti —, hversu lítinn byr þessi stefna hafði þá enn á þinginu, svo að vjer álitum það árangurslaust, að halda henni þá frekar fram á því þingi, en kusum hitt heldur, að reyna að haga seglum eptir vindi, eða rjettara sagt eptir því þroskastigi, sem þingið þá stóð á í samgöngumálunum, og því hölluðust menn að Randulffsferðunum fyrirhuguðu, í því trausti, að þetta yrði nokkur bót í svipinn, eða á meðan skoðanir þingsins og þjóðarinnar væru ögn betur að festast; og þó að þingið 1893 hallaðist að þessum ferðum, þá hygg jeg eigi rjett, að ámæla mjer eða öðrum fyrir það, eins og á stóð; capt. Randulff, sem taka átti að sjer ferðir þessar, var staddur hjer í bænum um þingtímann 1893, og bauðst til þess, að taka að sjer ákveðnar ferðir fyrir ákveðið gjald, og af því að þessar ferðir þá þóttu vissar, og af því að vjer, eins og jeg áðan drap á, álítum þær þó nokkra bót í svipinn, þá hölluðumst við að þeim, en alls ekki af því, að vjer álitum, að með því fyrirkomulagi væri fundin rjetta og heppilegasta leiðin; en þetta fór eins og kunnugt er, að capt. Randulff sá sjer þegar til kom eigi fært að annast um ferðirnar, og hið »sameinaða gufuskipafjelagið« hjelt því enn sínu einveldi.

Fyrir þinginu 1894 lá svo nokkurt tilboð í þá átt, að komið væri á mjög hentugum millilandaferðum og strandferðum fyrir útlent (enskt) kapítal, og er eigi hægt að segja, hver árangur þeirra tilrauna kynni að hafa orðið, ef þingið hefði eigi tekið því máli, »stóra málinu«, svo sem kunnugt er, og synjað um þau heimildarlög, sem um var beðið í því efni.

Og nú erum vjer þá komnir að árinu 1895 og svo er ástatt fyrir oss, að óánægjan með samgöngurnar á sjó er almennari og megnari en nokkru sinni fyr, en hins vegar liggja engin þau tilboð fyrir þinginu, sem hægt er

að ganga að. Reyndar hefir þinginu borizt tilboð nokkurt frá Wathne, þar sem hann býðst til að taka að sjer strandferðir á norður- og austur-kjálka landsins fyrir 35 þús. kr. árstillag úr landssjóði, og gegn því, að hann megi haga fargjöldum og flutningsgjöldum, eins og »sameinaða gufuskipafjelagið» gjörir; en þetta tilboð mun fáum þykja fýsilegt; í annan stað hefir og enski fjárkaupmaðurinn Mr. Franz boðizt til að reyna að koma á hlutafjelagi, er annist millilanda- og strandferðir gegn því, að landssjóður leggi fram nokkurn hluta fjárins, og borgi fjelaginu 45 þús-kr. árstillag um nokkur ár; en þetta tilboð hefir meðal annars þann ókost; að Mr. Franz treystist eigi til þess, að gefa tryggingu fyrir því, að fjelag þetta komist fót, svo að málinu væri þá ráðið í óvissu, og áleit samgöngumálanefndin því ekki rjett að hallast að þessum tilboðum; og að því er hið sameinaða gufuskipafjel. snertir, þá hefir það ekki einu sinni virt þingið svo mikils, að láta eitthvað frá sjer heyra; og þannig stöndum vjer nú, að vjer hljótum að berjast upp á eigin spýtur; og af því að þær raddir hafa mjög fjölgað, er fylgja vilja stefnunni frá 1891, þá gaf það samgöngumálanefndinni hug til þess, að taka þessa stefnu nú upp aptur, þessa stefnu, sem jeg og aðrir, sem í samgöngumálanefndinni erum, erum sannfærðir um, að sje eina rjetta og hyggilega stefnan; og þó svo fari, að þessi stefna falli nú hjer á þinginu, þá er það mín sannfæring, að þjóðin muni þá fyrir næsta þing krefjast svo eindregið svipaðra samgöngubóta, að þeir, sem nú eru deigir, verði ærðnari á næsta þingi, svo að málið beri sigur úr býtum.

Frumv. samgöngumálanefndarinnar fer fram á, að landssjóður leggi fram fje til skipakaupa, og hefir h. framsm. (V. G.) sýnt fram á, að fjárhag landssjóðs er þetta engan veginn of vaxið sem stendur, þar sem viðlagasjóður á nú yfir 1 millj.; og enda þó það fje, sem þarf að leggja út til skipkaupanna, sje ekki að öllu leyti handbært sem stendur, þá myndu landinu engin vandræði verða úr því að fá lán, og það væri ef til vill öllu heppilegra en að farið væri að segja upp landssjóðslánum, enda myndi landið geta feugið lánið gegn 3½ %, svo að það yrði hagkvæmara, þar sem viðlagasjóður fær 4% af sínum lánum.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) áleit, að með einu skipi væru engar verulegar samgöngubætur fengnar, og jeg er viss um að öll samgöngumálanefndin játar þetta fúslega; en á hinn bóginn er samgönguþörfin svo rík, að alls ekki þarf að óttast, að eitt eimskip geti ekki fengið meira en nóg að gjöra; meira að segja: vjer hefðum þörf á miklu fleiri skipum, því neitar samgöngumálanefndin sízt allra manna; en vjer verðum í fyrstunni að sníða oss stakk eptir vexti, og láta oss nægja, að eignast að eins eitt gufuskip, enda held jeg, að þá myndi sumum þm. þykja nóg um, ef samgöngunefndin hefði farið fram á að kaupa fleiri skip, jafnmikið kapp sem þeir hafa lagt á það, að berjast gegn þessu eina skipi. Meining samgöngumálanefndarinnar er að eins, að þetta sje fyrsta sporið, en að vjer t. d. á næsta þingi, eða þriðja þingi, eigum að bæta við fleiri skipum. Allir Íslendingar hljóta að viðurkenna, að samgöngurnar eru í því ólagi, að ekki er við unandi, og jeg treysti því, að þó þeir ekki í þetta skipti fái fullkomnari samgöngubætur en þær, sem eitt skip getur í tje látið, þá muni þeir samt sætta sig við þær eitt fjárhagstímabil, þegar þeir sjá, að hjer er byrjað á rjettri leið.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) var mjög fjölorður um áætlunina, sem fylgir áliti nefnd.; en það hefir þegar verið tekið ljóslega fram af nefndarinnar hálfu, að þessi áætlun, sem ekki er nefndarinnar verk, var að eins látin fylgja, til þess að gefa h. þingdm. hugmynd um, hvað eitt gufuskip gæti afrekað; en það hefir aldrei verið nefndarinnar skoðun, að ferðunum skuli endilega þannig hagað, enda var við 2. umr. samþ. sú breyt. á frv., að það skuli vera á valdi farstjóra, með ráði landshöfðingja, að ákveða ferðirnar, svo að þingið hefir ekki annað að gjöra en að gefa bendingar um það, hvernig það álítur rjettast að haga ferðunum, og það álít jeg sjálfsagt, að þingið gjöri í hvert skipti með þingsályktun.

Þá kemur aðalatriði málsins, eins og það liggur nú fyrir, hvort heldur eigi að kaupa eða leigja skip. Þetta atriði hefir verið mikið rætt, og skoðanir manna um það hafa verið mjög mismunandi; en jeg fyrir mitt leyti er eindreginn á því, að það verði happasælla að kaupa en leigja, og það sjerstaklega af því, að ef vjer kaupum skip, og eigum það, þá er því «principi» slegið föstu, sem þetta frv. fer fram á; en þó vjer grípum til þess að eins sem neyðarúrræðis, að leigja skip, að eins fyrir eitt fjárhagstímabil, af því vjer höfum engin aðgengileg tilboð fengið, þá er «principinu» ekki allt um það slegið föstu, og jeg gæti trúað því, að á næsta þingi þyrfti langan tíma til þess að fjalla um þetta mál, og koma sjer niður á hina happasælustu stefnu. Á þetta atriði legg jeg töluverða áherzlu, og auk þess fæ jeg ekki betur sjeð, eptir því sem jeg sjálfur hefi hugsað um málið, eptir áliti verzlunarfróðra manna, og eptir því sem jeg hefi heyrt á ræðum ýmsra þm., en að það verði ódýrara að kaupa en leigja; sjerstaklega var greinilega sýnt fram á þetta í hinni glöggu ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að það mundi verða mörgum þús. dýrara að leigja en kaupa; og eptir mínum reikningi myndi það nema 60 þús. kr. á ári, eða 120 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, sem landssjóðnum yrði það kostnaðarsamara að leigja en að kaupa, því leigan myndi verða þeim mun hærri en renturnar af því fje, sem vjer legðum í skipkaupin; og verði hallazt að breyttill. þeirri, sem hjer liggur fyrir, og frv. orðað: «leigja eða kaupa», þá er jeg sannfærður um, að stjórnin, sam kvæmt því sem komið hefir fram í ræðum h. landsh., mundi gjöra sjer allt far um að fá skip fremur leigt en keypt; og væri þá samgöngumál vort ekki komið í það fasta og rjetta horf, sem jeg tel heillavænlegast.

Þá er það og eitt þýðingarmikið atriði í þessu máli, að ef vjer látum oss nægja að leigja skip, þá getum vjer gengið að því vísu, að hið sameinaða gufuskipafjel., sem nú hefir mesta vöruflutninga hingað til landsins, og sem, eins og eðlilegt er, ekki vill missa þá, myndi gjöra allt sitt til þess að keppa við leiguskipið, svo að reynslutími þess yrði oss sem kostnaðarsamastur, og jeg tel það víst, að þá myndu renna tvær grímur á marga á næsta þingi; þeir myndu verða deigir á að kaupa; og enda þótt þessi samkeppni ekki gjörði oss beinan skaða, með því að landsmenn myndu þá drjúgum græða við lækkun fargjalds og flutningseyris, þá mundi hún verða dýr fyrir landssjóð, og landsmönnum einnig að því leyti, ef hún drægi kjark úr þeim til þess, að halda áfram á þeirri leið, sem jeg álít vera þá einu rjettu í þessu máli.

Viðvíkjandi breyttill. h. þm. Húnv. (Bj. Sig.) get jeg fyrir mitt leyti lýst því yfir, að jeg er ekki á móti því, að hún verði samþ., en eptir því sem and-

inn í þinginu er, og eptir því hve deigir mjer finnst þm. vera á skipkaupin, þá þykist jeg vera fullviss um það, að breyttill. aldrei nái meira hlut atkv. í þinginu, og þannig held jeg, að þessi breyttill. geti orðið nokkurs konar fleygur, sem geti orðið frv. að falli, og að svo kunni að fara, að vjer í þinglokin rekum oss á, að vjer erum enn staddir á þeirri vandræðahöfn, sem h. 1. þm. Árn. (Tr.G.) vill hafa oss inn á, o: höfn samein. gufusk.fjel.

Af því umræðurnar eru nú orðnar svo langar, og af því svo margt sem jeg vildi taka fram, hefir þegar verið sagt af öðrum þm., þá finn jeg ekki ástæðu til að gjöra fleiri aths., en skal að eins taka það fram að lokum, að jeg álít rjettast, að samþ. frv. eins og það liggur fyrir frá samgöngumálanefndinni; svo fáum vjer að sjá, hvernig h. Ed. lítur á málið; verði hún, gegn von minni, mótfallin skipkaupunum, þá fyrst getur komið til mála, hvort menn eigi til samkomulags að að hneigjast að breyttill.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Það er ekki vert að lengja umr. mikið, því að menn munu lítt sannfærast af þeim hjeðan af. Jeg byrja með því, að víkja fáum orðum að því sem h. framsögum. (V. G.) talaði um hugleysið og hjartveikina hjá ýmsum þm. Hann talaði um að þetta hugleysi gengi eins og sóttnæmur kvilli, eins og eins konar hjartveikis-»baktería«, út frá landshöfðingjastólnum, og sýkti þingið, ekki síst bændurna. Þessum frýjunarorðum vil jeg ekki láta með öllu ósvarað, með því að jeg hefi jafnan talið mjer það sóma að vera í flokki bændanna. Jeg get vorkennt h. þm. Vestm. (V. G.), þó hann hafi þessi stóryrði, svo sterka trú sem hann hefir á máletni sínu og óskeikulleik skoðana sinna. En má það eigi svo vera, að þessi sterka trú h. þm. Vestm. (V G.) sje hjátrú eða oftrú? Mjer dettur í hug einn skemmtilegur fyrirlestur eptir Gest heitinn Pálsson, þar sem hann er að tala um framfarirnar og framfaratrúna. Segir hann að fyrst hafi komið upp hjer á landi námatrú, þá kolatrú og síðan vjelatrú; en nú held jeg að mætti bæta við, að upp sje komin gufutrú, þar sem menn eru farnir að halda, að allt megi reisa við »með eldi og eim«, og telja það eitt aðalskilyrði fyrir framför landsins, að það eignist gufuskip og haldi því út á sinn kostnað, og þessi trú er svo ofsafengin, að eigi þykir minna gagn gjöra, en að stormur sje gjörður að mönnum, svo að þeir þori ekki annað en ganga á gufutrúna. Það er langt frá því að jeg lasti samgöngubætur, en betri tel jeg sígandi arð en svífandi, og vorkunn tel jeg það bændum, þótt þeir hugsi sig um áður en þeir kasta út mörgum hundruðum þúsunda króna í samgöngubætur, sem ekki verða nema nokkrum hluta landsins að notum, og það þó engan veginn að fullum notum. En ef hugir manna hneigjast að því að gjöra stórt stökk — en það vildi jeg helzt að væri ógjört látið — þá sýnist bezt að gjöra það þegar svo stórt, að það verði fyllilega gagn að því, og að því leyti hneigist jeg tremur að tillögu h. 1. þm. Húnv. (B. S.). En yfirleitt álít jeg það varasamt að gjöra út skip á kostnað landsins, og miklu fremur vildi jeg að samningar næðust við einhvern einstakan mann eða fjelag um gufuskipaferðirnar. Vjer vitum að það verður allt dýrt, sem unnið er fyrir landssjóð, og hann á að standa straum af. Jeg tek til dæmis Reykjavíkurkirkju; árleg útgjöld hennar eru yfir 2000 kr., þar sem árleg útgjöld annara kirkna eru ekki nema 100 kr. og þaðan af minna. Það er sannreynt að flestir þeir, sem fyrir landssjóð

vinna, vilja hafa gott upp úr því sjálfir, og jeg ímynda mjer að farstjórinn muni verða sömu lögum háður sem aðrir. Ýms óhöpp geta komið fyrir skipið, það getur bilað í ís eða á annan veg, og ferðir þess þannig tálmazt, og viðgerðin orðið óhæfilega dýr, svo að vjer yrðum að því leyti ver staddir en ef þeir hefðu ferðirnar á hendi, sem yfir fleiri skipum ættu að ráða. Hvernig sem jeg lít á málið, álít jeg að varlegra sje að fara sjer hægt í því, en byrja ekki á að setja stórfje í eimskipskaup, og jeg þoli það vel, þótt mjer sje brugðið um hugleysi; jeg læt ekki neinn slíkan þyt fara með sannfæringu mína.

Það hafa komið fram ýmsar áætlanir um það, hvort hentugra muni að kaupa eða leigja skip, og eru verzlunarfróðir menn bornir fyrir þeim; en það versta er að þeim ber engum saman, og eiginlega ekki annað á þeim að græða en að þær sýna, hve ófróðir h. þingdm. eru um mál þetta. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) kvað það afardýrt, að leigja skip fyrir einn mánuð, en annar h. þm. svaraði honum því, eins og sjálfsagt er rjett, að stórum ódýrara væri að leigja það um langan tíma, hjer í 2 ár. Hann sagði og, að verkfræðingurinn Vaughan hefði skýrt sjer frá, að ómögulegt mundi vera að fá hentugt leiguskip; á þessu held jeg að eigi sje vert að byggja mjög mikið, þar sem hann mun sjálfur ætla að bjóða skip til kaups (*V. G.*: Það er ekki rjett); jeg hefi að minnsta kosti heyrt það, og eitthvað mun hann vera fús á að vera viðriðinn bina fyrirhuguðu skipsútvegun. Við, sem ekki erum verzlunarfróðir, þykjumst mjög vaða í villu og svíma með fyrirtæki þetta, innan um alla þessa sundurleitu kostnaðar- og gróðareikninga; það er h. framsögum. (V. G.), sem þar þykist fullfróður, honum farast í þessu máli svipað orð og Friðrik 6., er hann sagði: »Vjer vitum það einir«. En samt get jeg nú ekki beygt mig undir þessa fullyrðing h. þm. Vestm. (V. G.), hversu mikið sem hann lætur af þekkingu sinni á þessum efnum, og hversu mikla virðingu sem jeg ber fyrir fróðleik hans.

H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) kvaðst verða á móti tillögunni um að leigja tvo gufubáta, af því að þeir gætu ekki komið í stað fjórðungsbátanna; en jeg álít að þeir bæði eigi og geti komið í þeirra stað; þeir fara kringum allt landið og tengja alla hluta þess saman; en miklu hættara við að einhver hlekkur bili í festinni, ef bátarnir eru fjórir; það er svo hætt við að einhver þeirra kunni að ganga úr leik.

Fyrst ekki er hægt að komast að öðrum kostum, þá tek jeg það enn fram, að jeg tel heppilegra að leigja skipið en að kaupa það; þá er allt af hægt að losa sig við það, ef svo sýnist, og þó að hættara kunni að vera við að gufuskipafjelagið danska muni hefja samkeppni, ef vjer leigjum skip en ef vjer kaupum, þá tel jeg það ekki nema hag fyrir landsmenn, ef afleiðingin yrði sú, að flutningsgjöld lækkuðu að stórum mun. Eptir því sem málinu horfir nú við, sje jeg ekki betur en að rjettast muni að hallast að breyt.till. um að leigja eða kaupa, og þá jafnframt að því að leigja tvo eimbáta, til þess að fara með ströndum fram.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hafði gjört svo glögga grein fyrir skoðun minni á málinu við 2. umr. þess, að jeg bjóst ekki við að þurfa að taka aptur til máls í því. Jeg hafði þá komið með breyt.till. um að leigja skip eða kaupa, en þegar hún var felld, ætlaði jeg að lofa þeim sem að því unnu að bera ábyrgð af málinu, og skipta mjer

ekki af því framar. En nú er aptur komin fram breyt.till., sem fer í sömu átt sem breyt.till. mín, og auk þess viðaukatill. um að leigja tvo báta til þess að ganga með ströndum fram. Af því að málið hefir nú nokkuð aðra afstöðu en það hafði við lok annarar umr., þá finn jeg ástæðu til þess að gjöra að nýju grein fyrir atkv. mínu, og mun jeg þá um leið minnast á nokkur atriði, sem komið hafa fram í málinu nú við þessa umr. Eins og jeg hefi áður tekið fram, er jeg h. samgöngumálanefnd samdóma um það, að nauðsynlegt sje að koma samgöngumálum vorum og stjórn þeirra inn á nýja braut, og þótt jeg sje á því að það sje ekki hinn heppilegasti vegur, að landið kosti sjálft útgerð á skipi eða skipum, þá get jeg þó gengið inn á, að þann neyðarkost verði nú að taka, fyrst ekki liggur annað fyrir. En heldur mundi jeg hafa kosið að vjer hefðum átt kost á að ganga að tilboði í einhverja líkingu við tilboð það, sem Mr. Franz gerði, þannig að útgerðarfjelag væri stofnað, þar sem landið ætti tiltölulegan hlut í útgerðinni, og hefði sinn fulltrúa við hliðina á stjórn fjelagsins, svo að það gæti haft áhrif bæði á ferðaáætlun, verðskrár o. fl. Þetta fyrirkomulag mundi reynast haganlegra. Privat-hagur meðeigandanna mundi tryggja það, að kostnaðurinn yrði ekki eins gífurlegur og ella; stjórn fyrirtækisins mundi verða ódýrari, og sækja fastara að útvega fjelaginu sem mestar tekjur.

En fyrst nú sýnist ekki annar vegur fær en sá að kaupa skip eða leigja, þá get jeg gengið inn á hann; en glæfraráð tel jeg það, að binda sig eingöngu við að kaupa skipið.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að ein af ástæðunum fyrir því að nefndin hefði ekki gengið að boði Mr. Franz hefði verið sú, að það hefði verið með öllu óvisst. Þessu víkur dálítið undarlega við; hann er þó nokkuð kunnur hjer á landi; við vitum að hann hefir staðið í þjónustu auðugs fjelags, sem hefir keypt hjer sauðfje, og heldur því líklega áfram; hann hefir staðið í þjónustu stórrar útflutningalínu á Englandi, og er þar töluvert kunnur. Mjer þykir það undarlegt, segi jeg, hve óálitlegt nefndinni hefir þótt að semja við þennan mann, þegar jeg lít til þess, hve mikið traust þingið í fyrra bar til manns, sem það hafði aldrei áður heyrt nefndan á nafn. En það má máske segja hjer, að »brennt barn forðast eldinn«.

Það er rjett að á sínum tíma voru Randúlfs-ferðirnar taldar vissar; en þá varð þinginu sú yfirsjón á, að heimta ekki nægа tryggingu fyrir þeim. Ef það gengur fram, sem nú er til ætlazt, vona jeg að þingið gjöri sig nú ekki sekt í hættulegra ógáti í aðra átt, í þá átt, að ganga svo frá þessum lögum, að farstjórinn geti takmarkalaust heimtað peninga úr landssjóði, eins og þetta frumv. gjörir ráð fyrir; það gæti orðið dýrt spaug. (*J. J.*, þm. Eyf.: Hvernig?). Jeg skal reyna að skýra h. þm. þetta með dæmi, er sýnir, að landssjóðstillagið til ferðanna getur orðið meira en ráð er fyrir gjört. Maður einn keypti gufubát erlendis átta mánaða gamlan; hann gjörir kaupin með því skilyrði, að báturinn sje gallalaus og af fyrsta klassa; hann lætur svo fagmenn skoða bátinn, og kveða þeir þann dóm upp um hann, að hann væri í alla staði fullkominn (»first class«); kaupmaðurinn þurfti að láta búa til nokkur vara-áhöld handa gufubátnum, og var hann sendur yfir að skipsmíðastöð þeirra Burmeister og Wain, en þegar þar var farið að skoða bátinn, komu þeir upp með það, að maskínan í honum stæði ofurlítið skökk, 1/8 hlut úr þumlung, og

töldu skipstjóra og stýrimanni trú um, að ekki væri siglandi með bátinn, nema við þetta væri gjört; sú viðgjörð kostaði 5000 kr., en upphaflega hafði báturinn ekki kostað nema 20,000 kr. Þetta eina dæmi sýnir, hve viðsjárverð skipakaup eru, og hve hæglega óvæntur kostnaður getur lagzt á skipsútgjörðina. Hættan er þó allt af meiri fyrir landssjóð en einstaka menn, það má allt af búast við að hann verði ver úti, og hann á verra með að bera hönd fyrir höfuð sjer gegn slíkum fjárdráttarárásum. Það hefir verið gjört mikið úr því, hve miklu dýrara sje að leigja skip en kaupa, en fyrir því hefi jeg enn enga fulla sönnun fengið. Það er valt að byggja á áætlunum þeim, sem fram hafa komið, þeim ber ekki saman, og eru þær þó hafðar eptir verzlunarfróðum mönnum; hið eina, sem þær sýna, er, að þingið hefir ekki í höndum þau gögn, sem þarf til þess að geta gjört áreiðanlega áætlun um útgjörð á skipi, hvorki leigðu nje keyptu. Að því að jeg þekki hvaðan h. 2. þm Húnv. (B. S.) hefir upplýsingar sínar, þá veit jeg að þær eru komnar frá gætnum manni og áreiðanlegum, og jeg verð að leggja fullt svo mikinn trúnað á þær eins og á áætlanir nefndarinnar, ekki sízt nú eptir að Ditlev kaupmaður Thomsen hefir lýst því yfir, að hann hafi engan þátt átt í tilbúningi þeirra, og maður því ekki einu sinni veit, hvort þær eru samdar af verzlunarfróðum manni. Jeg ímynda mjer að nefndinni detti ekki í hug, að berja það fram, að áætlun hennar sje sú eina rjetta, og hvernig stendur þá á því, að hún vill ekki trúa landstjórninni og farstjóra fyrir því, að gjöra það sem rjettast þykir, þegar betri upplýsingar eru fengnar en nú er kostur á? Hvernig stendur á því að hún vill ekki lofa farstjóra með aðstoð þeirra fagmanna, sem stjórnin mun fá honum, skera úr því, hvort rjettara muni að kaupa skipið eða leigja? Mjer virðist stefna nefndarinnar fremur lýsa kappi en forsjá.

Af sömu ástæðum og h. þm. A.-Sk. (J. J.) get jeg ekki gjört mjög mikið úr upplýsingum ingenieurs Vaughans, því að fyrst og fremst hefir hann líklega miðað upplýsingar sínar einmitt við samskonar skip, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) spurði hann um, skip með tvöföldum botni og stafni, og að öðru leyti með ákveðnu fyrirkomulagi, stærð og hraða, og í öðru lagi er þess að gæta, að þó hann hafi ekki beinlínis sjálfur komið með tilboð um að smíða skip, þá getur hann þó búizt við, að sjer verði að einhverju leyti falið á hendur að annast útvegun skipsins, og þá sýnist mjer ekkert óeðlilegt og jafnvel ekkert óráðvandlegt í því, þótt hann kunni að hafa gjört nokkuð mikið úr örðugleikunum á því að útvega hentugt leiguskip.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að eptir þeirri leigu að dæma, sem hann vissi til, að sett hefði verið upp fyrir gufuskip eitt um mánaðartíma, mundi landsskipið ekki kosta minna en 200,000 kr. um árið; reyndar færði hann þessa upphæð niður um 40,000 kr. eða ofan í 160,000 kr., svo miklu ódýrara hjelt hann að hægt væri að leigja skip heilt ár, en jeg hygg, að sú niðurfærsla hafi verið allt of lág; að minnsta kosti hefir h. þm. ekkert annað en handahóf við að styðjast í áætlun sinni um það. Dæmi það, sem h. þm. Eyf. (J. J.) tók af bátum þeirra Tietgens og Wathne, sem þeir hefðu keypt, en nú lægju ónotaðir, sýnir einmitt ágætlega, að hyggilegra mundi vera að leigja en kaupa, jafnvel þótt það kunni að vera einhverju dýrara í bráð. *(J. J.* þm. Eyf.: Þeir voru gamlir). Landsskipin geta líka orðið gömul, og breytingar á

samgöngufærum eru svo tíðar nú á dögum, að þótt landið eignaðist fullgott skip nú, getur það, eptir ein 3 ár, verið orðið ein af »kolaætunum«, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) var að tala um. Einmitt vegna þess, að nú um þessar mundir er að verða svo mikil breyting á hreifiafli og byggingarlagi skipa og svo torvelt er nú sem stendur að sjá, hvern enda þær breytingar fá, þá er miklu hyggilegra að bíða að sinni með skipakaupin, og sjá, hverju fram vindur. Misheppnuð skipakaup höggva meira skarð í landssjóð en vjer megum vel við. Stefnan nú horfir og dálítið undarlega við, þegar jeg ber hana saman við skoðun h. 2. þm. Eyf. (J. J.) á þinginu í fyrra. Þá lágu hjer fyrir hin álitlegustu tilboð um samgöngubætur á sjó, sem vjer hingað til höfum fengið, en bundin því skilyrði, að landssjóður legði fram 50,000 kr. á ári í 30 ár; þessa áratölu færði þingið niður í 20, en h. 2. þm. Eyf. (J. J.) þótti það of lítið, og þá þótti honum varúðarvert að binda landið við borð um svo langan tíma; færði hann meðal annars þá ástæðu fyrir skoðun sinni, að samgöngufæri væru nú á dögum óðum að breytast; þetta er einmitt sama ástæðan, sem meðal annars vakir fyrir mjer, þegar jeg tel það hyggilegra, að leigja skip en kaupa.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) bar það fram sem ástæðu fyrir því, að rjett væri að kaupa skip, að með því væri slegið föstu því principi, að landið sjálft gjörði út skip til samgöngubóta; þá yrði ekki svo auðgert að breyta til, þótt útgjöldin yrði nokkuð dýr. En jeg sje enga ástæðu fyrir þingið að binda sig svo nú, að lítt sje mögulegt að breyta út af, þótt það liggi í augum uppi, að sú stefna, sem tekin hefir verið, reynist óheillastefna. Öll sú trú, sem h. skipakaupendur hafa á því, að þeir hafi fundið heppilegasta veginn til að hrinda samgöngumálum vorum á rjettan veg, er byggð í nokkuð lausu lopti, og getur eins vel verið oftrú.

Eins og jeg sagði við fyrri umræðu málsins, þá vil jeg leggja í sölurnar 10—20,000 kr. eða jafnvel meira til þess að kaupa mjer reynslu í þessu efni, því jeg skoða það skyldu hvers þm., að leggja ekki reynslulaust út í þau stór-fyrirtæki, sem geta stofnað landinu í voða. Vissu í þessu efni getum vjer nokkurn veginn fengið með 2 ára reynslu, en nú höfum vjer hana ekki. Því þykir mjer afar-varúðarvert, að slá þannig föstum principum, að vjer getum ekki snúið inn á annan veg, hve æskilegt sem það væri, nema með stórtjóni. Jeg vil fara stillilega á stað og þreifa fyrir mjer.

Jeg get ekki gjört mikið úr því, þótt forstöðumaður hins sameinaða gufuskipafjelags teldi mikla örðugleika á því að fá hentugt skip til Íslandsferða; það var hreint og beint eðlilegt, að hann gjörði sem mest úr þeim örðugleikum við h. 2. þm. Eyf. (J. J.), til þess að koma inn hjá honum þeirri trú, að rjettast mundi að halda sjer við hið sameinaða gufuskipafjelag, og að hjá því einu væri eiginlega liðs að leita.

Það hefir verið tekið fram, að það væri ekki ofvaxið fyrir landssjóð, að kaupa eitt gufuskip, og jafnvel ekki heldur, þótt 2 gufubátar væru keyptir líka. Jeg er þessu samdóma, að svo sje í raun og veru, ef örugg trygging væri fyrir því, að kaupin væru hagvænleg fyrir landið; jeg segi, að þó upphæðin væri tvöföld, sem út þyrfti að leggja, þá væri það enginn ógjörningur í sjálfu sjer. En jeg álít að landssjóður sje því ekki vaxinn, að fleygja út 400,000 kr., og fá eigi haganlegri samgöngur fyrir, máske ekki einu sinni jafnhaganlegar og fá mætti fyrir

40,000 kr. Ef gjöra má ráð fyrir, að vjer fengjum aptur af þessum 400,000 kr. einar 200,000 kr., þegar vjer neyddumst til að selja skipið, af því að vjer sæjum að útgerð þess væri óhagkvæm og borgaði sig alls eigi í samanburði við það, að taka leiguskip, eða fá einstaka menn til að taka að sjer skipaferðirnar, þá verð jeg að telja það samvizkusök að leggja í áhættu að óþörfu þótt ekki sje nema 200,000 kr. af landsfje, en mögulegt er, að svo geti farið.

Jeg álít, að það sje skylda vor, að sporna á allan veg við að leggja út í jafn-glæfraleg fyrirtæki sem þetta, og því mæli jeg eindregið með því, að skip sje leigt, en eigi keypt, enda er það samhljóða við varatillögu þá, sem jeg kom fram með, við 2. umr. Þá skal jeg víkja fám orðum að breyt.till. á þingskj. 243; hún er spónný, og dálítið frábrugðin þeirri stefnu, sem fylgt hefir verið að undanförnu.

Það hefir áður komið fram í umræðunum, að heppilegt mundi að hafa tvö skip til strandferða, þar sem annað gengi sunnan um land, en hitt norðan; þetta hefir fengið talsverðan byr, og verið talið heppilegt fyrirkomulag, en þó álitið, að strandferðaskipin þyrftu að vera svo, að þau gætu skroppið 2—3 ferðir til útlanda á sumri. Breyt.till. fer fram á dálítið annað, hún vill láta skipin vera 3, eitt þeirra annast milliferðirnar milli landa, en hin tvö eingöngu strandferðirnar. Jeg álít þetta fyrirkomulag ekki svo óheppilegt, því að ef milliferðaskipið á að fara að geta sig mikið við strandferðum, þá mun sambandið við útlönd varla geta orðið svo, að vel megi við una. Það mun ætlazt til, að þessir tveir bátar komi í stað fjórðungsbátanna, og þá um leið, að landssjóður haldi þeim einn úti, í stað þess sem ætlazt er til, að það sjeu meðfram sýslufjelögin, sem haldi fjórðungsbátunum úti.

Nú er svo ætlazt til, að gufubátunum sje veittur 32,000 kr. styrkur af landsfje, gegn því, að sýslufjelögin leggi fram 1/4 á móti; verða það alls hjer um bil 43,000 kr. Þá ætlar fjárlaganefndin 45,000 kr. til milliferðaskipsins og auk þess vill hún, að gufuskipafjelaginu »Dan« sjeu veittar 5000 kr. til þess að flytja póst til útlanda. Þetta verður samtals 82,000 kr. af landsfje eða hjer um bil 93,000 kr. af opinberu fje, að meðtöldu tillagi sýslufjelaga. Ef till. á þingskj. 243 fær framgang, ef þeir gera sama gagn og fjórðungsbátarnir, og ef það er rjett, að þeir fáist leigðir fyrir 70,000 kr., þá mundi verða mikill hagur að þessari breytingu fyrir landssjóð og hjeruðin, þótt bátarnir gæfu ekki af sjer meir en 40,000 kr. á ári, og það lágt lagt í.

Jeg geri ráð fyrir, að komist skilyrðið um tillag úr sýslusjóðum í gegn, þá muni ekki einn einasti af fjórðungsbátunum komast í gang á næsta sumri. Fyrir það fyrsta er varla við að búast, að tilboð verði komið í tíma um bátana, og í öðru lagi mun það hafa langan aðdraganda, að heill fjórðungur komi sjer saman um leiguna. Fyrst þurfa sýslunefndirnar að koma saman, og síðan senda menn úr sínum flokki á sameiginlegan fund, og þegar þangað er komið, þá er ekki einu sinni víst, að fundarmenn verði sammála. Yfir höfuð getur orðið löng rekistefna áður en heill fjórðungur hefir komið sjer saman um, að leigja gufubát, og að minnsta kosti er sá kostur við, að landið taki að sjer útgerð hans, að menn eru lausir við allt þetta vafstur og tímatöf.

Það hefir verið bent á, að ómögulegt væri fyrir sama farstjóra að annast bæði aðalskipið og bátana. Jeg fæ eigi sjeð að svo sje; ekki þarf annað en að

hann hafi umboðsmann hjer, sem hafi umsjón með bátunum, og getur hann optast verið kyr á sama stað, því að það mun nægja, að hann taki sjer að eins við og við ferð með bátunum til þess að líta eptir.

Jeg skil ekki, hvernig hægt er að skoða breyt.till. á þingskj. 243 sem fleyg í frumv.; jeg mun fylgja henni af því, að jeg tel hana fremur til bóta. En ef tillagan um að kaupa eða leigja skipið gengur ekki í gegn, þá vil jeg helzt, að allt frumv. falli, því að án þess álít jeg frumv. svo óaðgengilegt, að það sje deildinni fremur til vanvirðu, og eigi sízt það, að drífa það í gegn með slíku kappi og flaustri, sem gert er.

Tuttugasti og níundi fundur, laugardag. 3. ágúst, kl. 10 f. hád. Allir á fundi nema þm. Rvík. (Jón Jensson), sem var veikur.

Frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 229, 234, 237, 243); frh. 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Næstum allar þær ræður, sem hjer hafa verið fluttar í þessu máli, hafa mestmegnis snúizt um það, hvort hentugra mundi vera að kaupa skip eða leigja, hvort mundi verða betra, og hvort mundi verða kostnaðarminna. Mjer finnst samgöngumálanefndin og þeir, sem halda fram kaupunum, hafi ekki tekið nægilegt tillit til þess, hve mikill fjársjóður er fólginn í þeirri tveggja ára reynslu, sem getur fengizt við það að leigja skip í 2 ár, og hve varúðarvert það er, að setja svo mikið »kapítal« af viðlagasjóði fast í þetta fyrirtæki. Mjer þykja þessi tvö atriði mjög þýðingarmikil, og hvað mig snertir, álít jeg hyggilegra að leigja, því þó leigan kunni að verða fullt svo há, sem að gera út skip, sem keypt hefði verið, en jeg ætla, að reynslufjársjóður sá, sem fæst við að halda skipinu úti í 2 ár, muni margfalt bæta það upp, og að þannig verði í rauninni hyggilegra, að leigja en kaupa, þótt það kunni að verða dýrara á pappírnum.

Það kom hjer til umræðu í gær hjá h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.), að ef handbærir peningar væru ekki fyrir hendi til skipskaupanna, væri ekkert á móti því, að taka lán, því að því kynni að reka, að við yrðum að kaupa annað skip til á næsta þingi. En áður en menn ráðast í að taka lán, vildi jeg, að menn gerðu sjer ljóst, með hvaða kjörum lánið mundi fást, og annað, sem þar að lýtur. Það hefir verið gjört ráð fyrir því, að fje fáist með minni leigu en með því að taka viðlagasjóðsfje, en jeg vil þó, að þingmenn geti gert sjer þetta ljóst, og geti sýnt þjóðinni fram á, hvernig menn hafa hugsað sjer málið.

En jeg býst við, að þegar búið sje að kaupa skipið og gera það út, þá sje helmingur viðlagasjóðs búinn, og þegar svo annað skip væri keypt á næsta þingi, þá er viðlagasjóður að mestu leyti tæmdur, og þá eru líka að öllu horfnar tekjur þær, sem landssjóður hefir nú af vöxtunum af viðlagasjóði, sem nemur nálega 34,000 kr. á ári eða 68,000 kr. af fjárhagstímabilinu, og þá er ekki orðið annað gagn að þessu fje en það sem landsmenn hafa óbeinlínis af hinum auknu samgöngum. En þá getur líka rekið að því, að leggja verði nýjan skatt á þjóðina, því þegar á næsta þingi koma ýms mál, sem fje þarf til að framkvæma, svo sem stofnun holdsveikisspítala, og það má búast við mörgu fleira. En hafa h. þingmenn gert sjer ljóst, hvort þjóðin hefði gjaldþol, ef leggja ætti nýja skatta á þjóðina, og hvar og hvernig ætti að leggja á penn-

an skatt. Væri æskilegt, að þingmenn gerðu sjer það ljóst og þjóðin fengi að vita aðgerðir og stefnu þingsins í þessu efni.

Ef vjer lítum á ástandið í Kjósar- og Gullbringusýslu nú, sem er kjördæmi h. þm. (Þ. Th.), þá er það að sönnu búið að losa sig að mestu við hallærislánið, en búast má við því, að nokkurn tíma eimi eptir af hinu örðuga ástandi, sem verið hefir þar á næstliðnum tveimur árum, og það er ef til vill óvíða meiri þörf á hallærisláni heldur en þar einmitt nú, en það er vonandi, að sýslunefndirnar hugsi sig vel um, áður en þær taka þannig löguð lán. Frá hallærislánunum eru hjer víða ógoldnar upphæðir, sem örðugt mundi veita að ná inn, og þá er jeg hræddur um, að örðugt mundi að ná t. d. hjá vesturamtinu, ef það ætti nú að ábyrgjast 60,000 kr. lán, enda þótt það væri með 28 ára borgunarfresti, þannig, að borgað væri af láninu 6 % á ári.

H. framsögum. (V. G.) talaði um, að á þingmálafundum í vor hefði verið mjög beðið um, að þingið gerði hvað því væri auðið til samgöngubóta, og á sumum fundanna hefði jafnvel verið farið fram á að kaupa skip. En þegar nú vjer stöndum í vafa hjer, hvað gera skuli, með óvissum áætlunum og órökstuddum tölum, er ekki ósennilegt, að þetta mál hafi ekki verið betur hugsað hjá 2 eða 3 þingmálafundum, sem hafa mörg mál til meðferðar og standa að eins fáar stundir. Það er því vafasamt að byggja á þessum fundarályktunum, hvernig þjóðin mundi taka því að tekið væri lán, svo að leggja þyrfti á nýja skatta, og það væri allt gert að henni fornspurðri, því vjer vitum, að margt er henni viðkvæmt, en þó »specielt« nýir skattar.

Eins og kunnugt er var hið svonefnda »stóra mál«, járnbrautarmálið, fyrir þinginu 1894; var þá sem opt vill verða, að sumir vildu ganga lengra en sumir skemmra; mjer og fleiri þingmönnum, sem vorum í hinum svonefnda aptur-haldsflokki, var þá brugðið um hugleysi, að þora ekki að ráðast í þetta fyrirtæki, en hinum var aptur brugðið um of mikla framsókn án fyrirhyggju. Mjer dettur ekki annað í hug en að þeir, sem eru annarar skoðunar en jeg, láti leiðast eingöngu af hreinskilnum framfarahug, og það sæti sízt á oss þingm., að kasta þungum steini hverjum á aðra, því vjer eigum ekki að dæma oss sjálfir, heldur er það þjóðin, sem á að dæma oss fyrir gjörðir vorar, hvort heldur er í stjórnarskrármálinu eða öðrum málum. En úr því sem fór með »stóra málið«, að það var ekki betur undirbúið en vjer hjeldum, þá er auðsjeð. að vjer, sem vorum á móti því, höfum ekki verið á rangri hillu, og menn mega þakka okkur fyrir, að það varð ekki að lögum.

Og jeg vona, að samgöngumálanefndin taki tillit til þess, að það er eðlilegt, þótt jeg og ýmsir aðrir vilji fara varlega í því máli, sem liggur fyrir nú, þegar fara á að greiða atkvæði um, hvort frumv. á að verða að lögum.

Sigurður Gunnarsson: Jeg held að jeg hafi við 1. umr. þessa máls gjört nokkra grein fyrir því, hvers vegna jeg mundi greiða atkvæði með því, að kaupa skip til samgöngubóta fremur en leigja. Jeg held að enginn efi sje á, að þingið og þjóðin sje fullkomlega samdóma í því, að gufuskipaferðum okkar sje afar-ábótavant, og að því fari svo fjarri, að þær fari batnandi, að þær þvert á móti fari stöðugt versnandi, og svo bætir ekki úr, að hið sameinaða danska gufuskipafjelag hefir ekki látið svo lítið, hvorki fyr nje nú, að senda þinginu nokkurt tilboð um gufuskipaferðir framvegis.

Mjer finnst á ræðum sumra háttv. þingdeildarmanna nú, að þeir sjeu búnir að gleyma því, hve bág kjör vjer höfum orðið að þola í þessu efni, og að oss er sýnd slík lítilsvirðing af hálfu hins sameinaða gufuskipafjelags. Eina ráðið til að bæta úr ókjörunum í þessu efni er það, að minni ætlun, að vjer náum ferðunum í okkar eigin hendur, svo að vjer getum, eins og h. þm. Dal. (J. P.) sagði, orðið herrar í okkar eigin húsi, að því er gufuskipaferðirnar snertir. Það er þetta, sem jeg hefi haft fyrir augum, og jeg sje ekki betur, þegar jeg ber frumv. saman við tilganginn, en að það sje sjálfsagt hinn beinasti vegur til að fá þessu framgengt, að vjer kaupum sjálfir skip, með öðrum orðum, að það sje tryggasta ráðið til að ná ferðunum í okkar eigin hendur.

Jeg vil líta meir á þetta höfuð-atriði heldur en hitt, að ferðir með einu skipi geti ekki á næsta fjárhagstímabili fullnægt samgönguþörf vorri að öllu; því það játa jeg. Jeg skoða þetta sem trygga byrjun, og vil að vjer gjörum oss næstu 2 ár ánægða með þær ferðir, er við gætum þannig fengið, og svo smærri bátana, sem fjárlaganefndin hefir lagt fje til, í viðbót. En vitanlegt er það, að áætlunin verður að vera samin eins hentuglega og hægt er.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir verið að hampa sýnishorni af ferðaáætlun framan í okkur hjer í deildinni, ferðaáætlun, sem jeg sje ekki á miklu viti byggða, í því er jeg honum samdóma; en hann má ekki dæma fyrirtæki þetta eptir henni; mjer sýnist skynsamlegast, eins og hæstv. landsh. benti á um daginn, að þingið semji enga nákvæma ferða-áætlun sjálft, heldur að eins grind hennar, þannig, að það bendi á, til hvaða landa skipið ætti að ganga, og hverjar endastöðvarnar skyldu vera o. s. frv., en hæstv. landsh. og farstjórinn semdu svo ferða-áætlunina með tilliti til þessara bendinga frá þingsins hálfu. En í þess stað hefir þessari ófugu ferða-áætlun, sem skotið hefir verið inn í þingdeildina, verið notuð af mótstöðumönnum málsins til þess, að sýna ómöguleika þess.

Sem sagt: af öllum hinum löngu ræðum, sem haldnar hafa verið í þessu máli, hef jeg þó ekki getað sannfærzt um, að betra væri að leigja en kaupa. Jeg vil sjerstaklega taka til dæmis hina löngu ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Jeg hefi einatt haft meira gagn af að hlusta á röksemdafærslu hans. Það var eiginlega lakast við hana, að mjer virtist hann sanna of mikið, en svo er mælt, að sá er sannar of mikið, sannar í raun rjettri ekkert. Mjer virtist mega draga þá ályktun út úr ræðu hans, að það væri ófært fyrir þing og þjóð, að leggja út í þetta fyrirtæki, af því ekki væri hægt að sýna með ljósum rökum fyrir fram, að það væri áhættulaust; en jeg held, að ef eigi skyldi nokkru sinni leggja út í neitt fyrirtæki nema menn sæi það skýlaust fyrir fram, að engin áhætta fylgdi því, þá yrði ekki byrjað á mörgum nytsömum fyrirtækjum, enda virðist mjer þingið sjálft hafa opt byrjað og haldið fram slíkum málum, og liggur það í hlutarins eðli.

H. þingm. A.-Sk. (J. J.) talaði hjer í deildinni í gær í þessu máli, og hefir hann víst viljað sýna með þeirri ræðu sinni, að hann væri varkár maður, en þurfti ekki að halda þá ræðu þess vegna, því vjer vissum það löngu áður. En svo er um varkárnina, sem annað, að að öllu má of mikið gjöra.

Þessi sami h. þm. A.-Sk. (J. J.) gat þess út af þessu gufuskipsmáli, sjerstaklega gagnvart h. þm. Vestm. (Valt. Guðm.), að hjer væri komin upp nokk-

urs konar hjátrú í deildinni, og vildi nefna hana gufutrú.

Mjer virðist það ekki rjett af h. þm. að henda gaman að h. þingdeildarm., þótt þeir vilji neyta allrar orku til að hrinda samgöngumálum vorum í tryggara horf, og vilji gjarnan að vjer fengjum notað þann náttúrukrapt, sem hefir einna mest stutt að því, að hrinda heiminum áfram.

Jeg get ímyndað mjer, hverju hinn menntaði heimur mundi svara þingmanninum: »Það er einmitt mesta hjátrú, góðurinn minn, að hafa ekki trú á gufunni. Sjerðu ekki hve mikið hún hefir afrekað, hversu hún hefir umbreytt heiminum og hrundið af stað hverju framfarafyrirtækinu á fætur öðru«, og jeg held, að Ísland sje ekki svo úrkynja öllum heimi, að það sem hefir slík áhrif á framfarir annara þjóða, muni ekki geta orðið oss til gagns og góða, og hafa hið sama gildi sem í öðrum löndum.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að lengja umræðurnar, en jeg treysti því, að þingdeildin hugsi sig vel um, áður en hún snýr af þeim vegi, sem þetta frumv. bendir til.

Eiríkur Gíslason: Þótt umræðurnar um þetta mál sjeu nú þegar orðnar nokkuð langar, þá vil jeg þó leyfa mjer að segja fáein orð um það, áður en atkvæðagreiðslan fer fram og það fer hjeðan úr deildinni. Það er þó ekki til þess, að koma með neinar nýjar upplýsingar, að jeg stend upp, heldur til að sýna, hvernig jeg lít á málið og gjöra grein fyrir mínu atkvæði í því.

Aðalspurningin er sú, eins og margbúið er að taka fram, hvort leigja skuli skip eða kaupa; h. þm. eru á eitt mál sáttir um, að annaðhvort skuli gjöra, og ágreiningurinn er því að eins um **það, hvor leiðin sje betri og heppilegri.** Í öllum þeim löngu ræðum, sem hjer hafa verið haldnar, þá finnst mjer ekki að mönnum hafi enn tekizt að sýna, hvort heppilegra væri. H. þm. hafa komið með útreikninga og töflur, sem enga fullnægjandi vissu gefa um þetta atriði, af því að þær eru allar gripnar úr lausu lopti. Í 1. gr. frv. er ákveðið, að kaupa skuli skip og verja til þess allt að 350 þús. kr.; hjer hefir maður þó fasta, ákveðna upphæð að halda sjer til, en þegar litið er á útgjörðarkostnaðinn, þá er öðru máli að gegna. H. framsögum. og fleiri hafa sýnt fram á, í hverju útgjörðarkostnaðurinn sje fólginn, og hafa komið með reikninga þar að lútandi, en ýmsir h. þingdm. hafa orðið til að efast um, hvort þeir væru rjettir.

En það er eitt atriði viðvíkjandi kaupunum, sem mjer finnst vera mjög þýðingarmikið, og það er það, að með því að kaupa skipið er hægt að fá það eins traust og hentugt og föng eru á, með því að láta smíða það, en það hlýtur aptur að verka mikið á útgjörðarkostnaðinn, t. d. kolabrúkunina o. fl.; h. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók þetta atriði nokkuð skýrt fram í gær, svo að jeg skal ekki fara um það frekari orðum nú.

Um leiguna verður það sama sagt og um útgjörðarkostnaðinn, og það er allt fremur óvíst. Reyndar hafa komið fram ýmsar áætlanir um þetta atriði, en þær hafa verið svo ólíkar, að hæpið er á þeim að byggja, og þess vegna finnst mjer allt svo óljóst frá þessari leiguhlið. En sjerstaklega er það eitt atriði, sem snertir leiguna, er ekki hefir komið fram undir umræðunum, og það er það, að þegar að ræða er um leigu á skipi, þá finnst mjer eðlilegast að ákveða vissa upphæð, sem leigja mætti fyrir og ekki mætti fara

fram úr, eins og tekið er fram í frv. að því er kaupin snertir.

Jeg vil þess vegna heldur halla mjer að kaupunum, af því að leigan er svo á reiki, að sumir nefna tugi, en aðrir hundruð þúsunda, og þótt bornir sjeu fyrir þessum áætlunum verzlunarfróðir menn, þá er þetta svo óvíst og áætlanirnar svo sundurleitar og hver annari ólíkar, að jeg fyrir mitt leyti hlýt að telja það með öllu ógjörlegt að byggja á þeim. Mjer finnst þess vegna að í breyttill. á þingskj. 237 hefði þurft að tiltaka einhverja vissa upphæð til leigunnar, en eptir því sem mjer skilst, þá er það allt óbundið og takmarkalaust. Þetta er í mínum augum mjög viðsjárvert. Útgjörðarkostnaðurinn er reyndar áætlaður, hvort heldur er leigt eða keypt. Ef leigan hefði verið fast ákveðin, verð jeg að álíta, að breyttill. á þingskj. 237 hefði verið mun aðgengilegri, en að gefa henni atkvæði, eins og hún hjer liggur fyrir, tel jeg allt of mikinn ábyrgðarhluta.

Svo er br.till. á þingskj. 243 frá h. 1. þm. Húnv. (Bj. S.), sem hann hefir komið með af því að honum þótti ekki strandferðunum komið í nægilega gott horf með einu skipi. Jeg er samdóma h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) um það, að mikil og veruleg bót sje ráðin á samgöngunum, ef þessi br.till. nær fram að ganga.

Eins og vjer vitum allir, þá eru samgöngurnar eitt hið mesta áhugamál þjóðarinnar og hún á heimting á því, að því máli sje ráðið til lykta svo vel sem unnt er, svo hún geti vel við það unað.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hefi hingað til setið og ekki tafið fyrir þessu máli með því að taka þátt í umræðunum, en sýnt með atkvæði mínu hvoru megin jeg stend, og hver mín skoðun er á þessu máli, og hún stendur óbifuð ennþá, því að hin æðri og betri þekking framsögum. (V. G.) hefir ekki haggað henni um eitt hænufet.

En eptir því sem umræðurnar hafa fallið, sjerstaklega nú við 3. umr., finn jeg þó ástæðu til að segja fáein orð.

Menn hafa sagt það opt og aptur og mörgum sinnum, að hjer væri um þetta tvennt að gjöra: Á að leigja skipið, eða kaupa það? Það er rjett eins og engin önnur úrræði sjeu fyrir hendi.

Jeg fyrir mitt leyti vil lýsa því yfir, að fyrir mjer er þetta ekki aðalspursmálið. Jeg lít svo á sem hjer ætti einkum að vera um það tvennt að ræða: Á landið sjálft að annast skipsútgerð, eða á það að fá eitthvert fjelag eða einhvern mann til að gera það?

Jeg er eindregið með hinu síðara; hið fyrra, eða alla að hafa skipsútgjörð á landsins kostnað, tel jeg hættulegt og sjerstaklega skoða jeg skipskaupin sem glæfraráð. Jeg hefi að vísu greitt atkvæði mitt eins og nokkrir aðrir þm. með því að leigja skip, ekki af því að jeg ætli þann kost góðan, heldur til þess að afstýra kaupunum, sem jeg álít svo margfalt viðsjárverðari og hættulegri.

Forvígismenn þessa frv. hafa vitnað í þjóðarviljann hver um annan þveran; í mínu kjördæmi var talað um kaup og útgerð á skipi, en jeg get fullvissað h. deild um það, að þar voru menn eindregið á móti því að fara að leggja út í skipseign og skipsútgerð.

Fyrir mjer er það að leigja skip einungis varaatriði út úr neyð; jeg kysi helzt að þingið veitti vissa fjárupphæð til þess að einhver fengist til að taka að sjer viðunanlegar ferðir, eptir ferðaáætlun, er samin væri eptir bendingum þingsins. Jeg hefi hjer ekki í huganum hið sameinaða gufuskipafjel., ferðir þess hafa ekki gefizt svo vel, en leita

má til fleiri; það er nóg af slíkum útgerðarfjelögum, enskum og norskum. Og ef rjett er að farið, fengist eitthvert slíkt tilboð, ef ekki væru heimtaðar óskynsamlegar ferðir, inn á allar smávíkur og voga, og vel borgað fyrir ferðirnar.

En þessu mun nú eigi vera að heilsa eptir þeim rekspöl, sem málið hefir fengið hjer í deildinni, og þá er eigi annað fyrir en að hallast að því, sem er hættuminna, og kvíði jeg því ekki að það yrði til þess að ferðirnar færust fyrir, því eptir mínu viti, og af þeim kunnugleika, sem jeg hefi af lestri útlendra blaða, enskra og danskra, þá mun nóg vera til af leiguskipum; og ekki get jeg metið það mikils, þó að maður, sem hefir gefið teikningu af hinu tilvonandi landsskipi, og líklega ætlast til að það verði keypt af sjer, eða fyrir sína milligöngu, hafi fullyrt hið gagnstæða.

Að lokum lýsi jeg enn því trausti á h. Ed., að hún kippi í lag þeim agnúum, er jeg býst við að á málinu verði, þegar það fer hjeðan, og segi það vel komið aptur á sínum tíma til frekari umræðu í þessari deild.

Halldór Daníelsson: Jeg er sammála h. þm. Borgf. (Þ.B.) að því leyti að jeg vil helzt hvorugt af þessu sem hjer er um að ræða, hvorki leigja nje kaupa, en svo fylgi jeg honum heldur ekki lengra. Jeg vil heldur kaupa en leigja, því að úr því að landsmenn eru óánægðir með ferðirnar eins og þær eru, og engin viðunanleg tilboð fást eða eru nú við hendina, þá álít jeg að þeir ættu að reyna sjálfir að halda þeim uppi á sínu eigin skipi. Svo hefi jeg ekki meira að segja.

Jens Pálsson: Jeg vil byrja ræðu mína á því, að lýsa því yfir, að jeg af öllum umræðunum, sem jeg hefi heyrt um málið, hefi sannfærzt allt af betur og betur um það, að einmitt sá rjetti vegur fyrir þessa þjóð, svo smá sem sem hún er, sje, að taka í sína eigin hönd þessar samgöngur á sjó, á þann hátt, sem hjer er farið fram á, að hafa sjálf framkvæmdina á hendi, svo að ferðirnar verði landsbúum sem haganlegastar að auðið er. Jeg get eigi sjeð, að hjer sje nokkur áhætta. Vitanlega hlýtur nokkur fyrirhöfn að verða þessu samferða, og nokkur kostnaður; en sá kostnaður, sem þetta fyrirtæki útheimtir, er ekki ægilegur í mínum augum. Í raun rjettri eru þessar samgöngubætur miklu ódýrri en vegabæturnar okkar, og minni áhætta að ráðast í þær en stórfelldar vegagjörðir; vegirnir skemmast árlega, ofaníburðurinn týkur úr þeim, þeir skemmast af vatnagangi, svo þeir þurfa mikið viðhald. Vegirnir gefa ekki arð nema á eina hliðina; þeir gera ferðir og flutninga um landið hægari. En samgöngubætur á sjó gera tvennt: þær gera þeim sem ferðast hagræði og flýti, en hinum sem flytja afla þær fjár. Jeg fyrir mitt leyti get ekki álitið það annað en grýlu, að það sje meiri áhætta að annast þessi samgöngumeðul en vegina, sem áreiðanlega verða oss ætíð mjög dýrir, vegna hins nauðsynlega, stöðuga viðhalds.

En þegar kemur til þess, að framkvæma þessar samgöngur á sjó, þá liggja tveir vegir fyrir: annar sá, að kaupa skip, hinn sá, að leigja skip til ferðanna.

Af umræðunum öllum saman hef jeg styrkzt í þeirri sannfæringu, að það mundi verða ódýrara fyrir oss, og yfir höfuð betra að kaupa en leigja, og bezt álít jeg væri, að láta smíða sjer hentugt skip, með því vjer getum gert oss all-glögga hugmynd um, hvers vjer þörfnumst í því tilliti, þar sem vjer nú í nokkur ár höfum haft millilandaferðir, og vitum, hvað að þeim skipum er. Sú

mótbára, að af því samgöngufærin breytist með tímanum, þá sje óráðlegt að kaupa skip, er að engu nýt, eða á að hætta við öll nútímans samgöngufæri af því önnur enn hentugri einhverntíma á ókomnum tíma kunna að koma í þeirra stað? Allt, sem mannlegt vit finnur upp, breytist; samt sem áður dugar ekki að hafna gagnlegum uppfundningum, af því, að menn með tímanum muni koma fram með eitthvað betra. Þetta fyrirtæki verður auðvitað að vera háð áhrifum breytilegrar framtíðar, eins og öll mannleg fyrirtæki, og tjáir eigi um slíkt að fást.

Það er að eins einn verulegu agnúi, sem mjer finnst vera á því, að landið sjálft eigi skip; það er sá, að verði skipið fyrir skemmdum, án þess þó að það nái til vátryggingarinnar, þá mundi aðgerðin verða töluvert dýrari en annars, svo framarlega sem eigandinn, eða sá, sem er í eigandans stað (farstjórinn), ekki getur sjálfur sjeð um það. En þessi agnúi er ekki svo mikill þyrnir í mínum augum, vegna þess, að þær hafnir, sem þetta skip verður látið koma á, mundu vera svo kunnar, að ekki þarf mjög að óttast, að skipið brjóti sig þar á skerjum; en hvað hafísinn snertir, þá geng jeg út frá því, að hinnar mestu varúðar verði gætt á ferðunum, eins og hingað til hefir verið gert, því að tiltölulega hafa ekki komið fyrir mörg slys af hafís á þeim ferðum, sem vjer höfum haft.

H. þm. Mýr. (H. D.) sagði, að ofurkappi hefði verið beitt í þessu máli. Jeg get ekki kallað það ofurkapp, þó menn haldi fast við sína sannfæringu; það er eðlilegt, þegar um alvarleg mál er að ræða, að ágreiningur verði á milli manna; en hann þarf ekki að verða að ofurkappi, og jeg veit ekki til, að því hafi verið beitt hjer.

Hvað þessi tvö atriði snertir, að kaupa eða leigja, þá vil jeg einmitt ekki gera þau að kappsmáli; og jeg dreg enga dul á, að þótt jeg heldur vilji kaupa en leigja, þá mundi jeg þó ekki verða á móti því, að sett væri inn í frumv.: »kaupa eða leigja« —, ef jeg sæi, að það væri nauðsynlegt til að bjarga málinu.

Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Húnv. (B. Sigf.), skal jeg geta þess, að jeg álít þá báta, sem hann gerir ráð fyrir, ef þeir væru hæfilega stórir og svo hentugir, að þeir gætu bætt innanlandssamgöngurnar, betri en hina fyrirheitnu fjórðungabáta, sem fjárlaganefndarfrv. vill veita styrk til að kaupa. Svo getur annað komið hjer til skoðunar; h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) áleit betra að bæta úr samgönguþörfinni á annan hátt, með því að kaupa annað gufuskip, sem einnig gæti gengið beint til útlanda; það má vel vera, að þm. Húnv. (B. Sigf.) hafi mjög mikið til síns máls. Það er víst, að bátarnir mundu verða til töluverðra bóta, en það vakir fyrir mjer, að það er viðurhlutamikið, að taka svo mikið fyrir í einu, enda mundi það verða of mikið fyrir farstjórann, að taka þá upp á sig að auki, auk skipsins, því jeg hugsa mjer, að farstjórinn eigi ekki að hafa sitt starf í hjáverkum; hann ætti ekki að fást við verzlun, heldur hugsa jeg mjer, að til slíks starfa sje fenginn maður af skrifstofu einhvers útlends gufuskipafjelags eða gufuskipaútgjörðarmanns, og það held jeg væri heppilegra en að farstjórinn væri einhver maður, er ræki verzlun hjer við land. Farstjórinn ætti helzt ekki að gefa sig við öðru en farstjórninni. Og þar sem jeg hugsa mjer, að farstjórinn sje útlendingur og verði hjer ókunnugur í fyrstu, þá vil jeg ekki láta ofhlaða á hann, með því að fela honum báta-

ferðirnar líka, sjerstaklega meðan hann er ókunnugur landshögum. Þess vegna finnst mjer tillagan vera of snemma upp borin, svo þó mjer þyki hún betri en uppástungan um fjórðungabátana, þá get jeg ekki gengið að henni nú. Svo er ekki ólíklegt, að þeim þingm., sem vex eitt gufuskip í augum, þyki þetta keyra úr hófi, ef á að kaupa tvo stóra gufubáta í tilbót, og má vera, að þeir hafi nokkuð til síns máls. Þetta eru þær ástæður, sem gera, hve vel sem mjer annars er við breyt.till. þm. Húnv. (B. Sigf.), að jeg ekki get verið með henni í þetta skipti.

Framsögumaður (*Valt. Guðmundsson*): Umræðurnar um þetta mál eru nú orðnar svo langar, að jeg get farið fljótt yfir.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) tók það fram, að hann væri ekki meðmæltur skipakaupum í sjálfu sjer, en af því vjer ekki vissum, hvernig skip vjer þyrftum, þá vantaði oss reynslu í því efni og hana gætum vjer fengið eptir 2 ár, ef vjer leigðum skip. Jeg fæ eigi sjeð, að þetta sje nokkur ástæða; vjer höfum nú um 20 ára reynslu um það, hvers konar skip vjer þurfum, og jeg sje ekki, að vjer verðum betur staddir eptir 2 ára reynslu í viðbót. Vjer fáum ekki, þó vjer leigjum skip um 2 ár, betri reynslu um alla tilhögun skipsins en þá sem vjer þegar höfum fengið; að vísu fengjum vjer þá að vita um tekjurnar, hve miklar þær geta orðið, en aðra reynslu fáum vjer ekki, svo það er ekki til neins að vera að slá því fram. En þó oss nú vanti reynslu um tekjurnar, þá getum vjer gert oss nokkra hugmynd um þær af ferðum hins sameinaða gufuskipafjelags.

Svo tók h. þm. það fram, að hann hefði talað við einn verzlunarfróðan mann, sem hefði álitið hyggilegra að leigja en kaupa (konsul G. Finnbogason). En það er það merkilega, að þetta er einmitt sá sami maður, sem sjálfur hefir keypt gufuskip til að láta ganga hjer um Faxaflóa, og þó hann nú óskaði, að hann hefði heldur leigt en keypt, þá er það nokkuð öðru máli að gegna, því engin reynsla var fengin fyrir því, hvernig þær ferðir mundu gefast, en hjer höfum vjer reynslu, margra ára reynslu, svo þetta tvennt er ekki saman berandi.

Jeg gat þess áður, að þó mjer fyndist margt mæla með breyt.till. h. þm. (243), þá væri það heppilegra, að mönnum gæfist lengri tími til að athuga hana, og þess vegna áliti jeg æskilegra, að h. flutningsm. tækju hana aptur nú, og kæmu aptur fram með hana inn í fjárlagafrv., því hún er ekki nauðsynlegur dilkur við þetta frv.

Nú er tíminn svo naumur til að glöggva sig á breyt.till., en margt er í henni, sem mjer sýnist vera athugavert, t. d. stærðin á bátunum, 40 tons, held jeg sje nokkuð lítið, ef ætlazt er til, að þeir geti gengið kringum allt landið; eins er hinn ágizkaði útgerðarkostnaður varhugaverður. Að bera þetta saman við gufubátinn »Elínu«, og hvað tekjur hennar eru, er ekki rjett, fyrst og fremst af því, að nokkuð er síðan Elín fyrst byrjaði ferðir sínar, svo þær hafa aukizt með tímanum, eptir því sem menn hafa betur lært að nota þær, en sjerstaklega af því, að hvergi eru slík skilyrði til fyrir gufubátaferðum hjer á landi, sem á Faxaflóa; vjer getum þess vegna ekki gjört ráð fyrir, að tekjur þessara gufubáta verði að sama skapi og Elínar eru.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) áleit æskilegt, að þingið ljeti í ljósi, til hvaða landa skipið ætti að ganga; jeg er samdóma h. þm.; þetta gæti þingið gjört með þingsál.tillögu.

Margir hafa minnzt á ferðaáætlun

nefnd., og mörgum hefir þótt hún óaðgengileg; jeg held, að ef gengið er út frá því, sem haft var fyrir augum við samningu hennar, að ferðir gufuskipafjelagsins yrðu líkt og árið 1893, þá verði ekki annað sagt með sanni, en að áætlun þessi sje góð, og að ferðirnar sjeu betri en þær hafa verið nokkurn tíma áður. Þetta er mín skoðun; en sem sagt, mjer dettur ekki í hug að fara að þrátta um þetta; þessi áætlun sem hjer er, er að eins til sýnis, því eins og menn vita, er þingið þegar búið að samþ., að landsh. með ráði farstjóra ákveði ferðaáætlun fyrir hið fyrirhugaða gufuskip.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) komst svo að orði, að hann sæi hjer engar samgöngubætur nema þetta eina blað (ferðaáætlunina). Jeg skil ekki hvað h. þm. meinar; eitthvað má þó gera með einu gufuskipi. Eða veit ekki þm., að þessi ferðaáætlun er alls ekki fastákveðin fyrir skipið, heldur á landsh. og farstjóri að ákveða hana, eptir því sem landsmönnum verður haganlegast?

Enn fremur tók h. þm. (Tr. G.) það fram, að vjer hefðum ekki nóg fje fyrirliggjandi til að kaupa skip fyrir, svo að vjer annaðhvort yrðum að taka lán eða segja upp föstum lánum; við 2. umr. komust fleiri h. þm. inn á þetta atriði, svo jeg verð að fara nokkuð nákvæmar út í það nú, hvort þessi skoðun sje rjett eða ekki.

H. þm. (Tr. G.) sagði, að hálfum viðlagasjóðnum yrði kastað í þetta skip. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje á rökum byggt, því viðlagasjóðurinn var við árslok 1894 að upphæð 1,300 þús. kr. eptir skýrslu í Ísafold, sem blaðið segist hafa tengið á skrifstofu hæstv. landsh. Við árslok 1894 var fjárhagur landssjóðs þannig — ef h. þm. vill rengja það, getur hann gáð að því í Þjóðvinafjelagsalmanakinu, sem hann sjálfur hefir gefið út, og víðar:

1.	Peningaforði landssjóðs	223,344 kr.
2.	Á hlaupareikningi í landsbankanum	100,000 —
3.	Útistandandi tekjur . .	44,000 —
4.	Innritunarskírteini . .	207,800 —
5.	Tekjuafgang eptir '95 má áætla nál. . . .	60,000 —
	Samt.	635,144 —

Nú hefir eptir reynslu hinna undanfarinna ára tekjuafgangurinn verið þessi:

eptir	1890	104,961 kr.
—	1891	129,762 —
—	1892	101,196 —
—	1893	127,762 —
—	1894	65,000 —

auk aukaþingskostnaðar á fjárhagstímabilinu (um 22 þús. kr.); svo var auk þess í fjárlögunum gjört ráð fyrir tekjuhalla (áætlaður fyrir bæði árin 33,521 kr.), svo tekjuafganginn fyrir 1894 má í rauninni reikna 104 þús. Þegar allt þetta er tekið til greina, virðist ekki vera of í lagt, þó tekjuafgangurinn fyrir 1895 sje áætlaður um 60 þús. kr. eða 40 þús. kr. minni en fyrir 1894; samkvæmt þessu ætti landssjóður að hafa ráð yfir 635 þús. kr.

Gjörum nú ráð fyrir, að samþ. verði að kaupa eimskip, og að sömuleiðis verði samþ. þau lán, sem fjárlaganefnd hefi mælt fram með; þá yrðu aukaútgjöld landssjóðs á næstkom. fjárhagstímabili þessi:

1.	Kaup á eimskipi . . .	350,000 kr.
2.	Lán til tóvinnuvjela .	40,000 —
3.	— — þilskipakaupa .	40,000 —
4.	— — gufubátskaupa	60,000 —
5.	— — ísgeymslu . .	30,000 —
	alls	520,000 —

og ef viðbætt er þeim ágizkaða tekjuhalla eptir fjárl.n. frumv. um . . . . . 70,000 —

þá alls 590,000 —

Ef svo þessi útgjaldaupphæð, 590 þús. kr., er dregin frá þeim peningaforða, sem landssjóður hefir, og sem nemur 635 þús., eins og jeg hef sýnt fram á, þá verður þó talsvert fje eptir, svo jeg get ekki sjeð, að sú mótbára sje á nokkrum rökum byggð, að vjer ekki höfum nægilegt fje til taks. En þó svo væri, þó oss vantaði nægilegt fje að grípa til, þá gætum vjer annaðhvort tekið lán, eða gripið til þeirra skuldabrjefa með hálfs árs uppsagnarfresti, sem vjer eigum, og sem eru að upphæð 302,396 kr. Enn fremur er þess að gæta við útgerðarkostnað skipsins, að vjer höfum ekki reiknað þær tekjur, sem mundu koma inn jafnóðum og sjálfsagt nema talsverðri upphæð; jeg er jafnvel sannfærður um, að tekjurnar mundu verða svo miklar, að hinn áætlaði útgjörðarkostnaður, 45 þús. kr., eða 90 þús. kr. á öllu fjárhagstímabilinu, mundi aldrei koma til útborgunar á fjárlögunum.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. þm. Borgf. (Þórh. B.) vilja hvorki leigja nje kaupa; þeir eru á móti öllu, nema því, að alþingi veiti ríflegan styrk til þess, að semja við eitthvert gufuskipafjelag að taka að sjer ferðirnar. Mjer finnst þær gufuskipaferðir, sem vjer höfum haft, hafa reynzt svo, að ekki sje ráðlegt að leggja út í þær optar. Það er mín sannfæring, að gufuskipið mundi borga sig vel, og jeg veit, að margir h. þingm. eru á sama máli, en hitt dettur mjer ekki í hug, að reyna að sannfæra aðra h. þingdm. um það. Jeg hef leyfi til að hafa sjálfur þá sannfæringu, sem jeg vil, og jeg vil heldur spara þessar 45 þús. eða rjettara sagt 90 þús. kr. (tillagið til útgjörðarkostnaðarins), heldur en að kasta þeim út að óþörfu; með því fje mætti gjöra eitthvað af því, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) segir sje svo nauðsynlegt að koma í verk.

Það er annars merkilegt, hvernig farið hefir fyrir h. þm. 1. þm. Árn. (Tr. G.); jeg man það frá því jeg var þingskrifari, að h. þm. barðist þá á þingi öfluglega fyrst á móti Ölfusárbrúnni, og svo á móti bankanum, en nú hefir einhver undarleg forsjón (nemesis) stýrt því svo, að það tvennt, sem hann hefir barizt mest á móti áður, hefir hann orðið mikið riðinn við seinna: staðið fyrir byggingu Ölfusárbrúarinnar og orðið bankastjóri; svo mig skyldi ekki kynja, þó það færi svo, að h. þm. Árn. (Tr. G.) yrði á endanum farstjóri fyrir hið keypta gufuskip. Honum virðist svo einkar-lagið að láta ekki á sjer standa að grípa til ávaxtanna af því, sem aðrir eru búir að framleiða þrátt fyrir megna mótstöðu frá hans hálfu.

H. þm. A.-Sk. (J. J.) hjelt, að upplýsingar Vaughans væri ekki mikið að marka. En jeg skal taka það fram, að tilboðið er ekki frá honum, heldur frá ensku fjelagi; jeg varð honum samferða á leiðinni hingað upp, og eptir tilmælum mínum skrifaði hann til Englands og útvegaði þetta tilboð.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kom fram með dæmi upp á það, hve hættulegt gæti verið að kaupa skip, því jafnvel »fagmenn« flöskuðu á því; af dæminu er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að menn ættu aldrei að hætta sjer út í skipskaup yfir höfuð, af því skipin geta verið gölluð. Jeg verð að ganga út frá því sem gefnu, að þegar að því kemur að kaupa skipið, fái stjórnin til þess einhvern mann, sem vit hefir á því, líkast til frá »Orlogsværftet« í Khöfn, eða Burmeister & Wain; jeg efast alls ekki um að stjórnin mundi fara svona að. Sami h. þm. talaði um það, að áætlunin um útgerð skipsins

mundi vera eptir Ditlev kaupmann Thomsen; jeg skal geta þess, að hún á ekkert skylt við hann. Nefndin leitaði sjer upplýsinga úr mörgum áttum, sjerstaklega skal jeg nefna einn mann, sem nefndin leitaði til, og sem jeg vona h. þm. játi, að hafi vit á slíku, það er skipstjórinn á Stamford, sem hefir siglt hingað til landsins í mörg ár, og sjálfur er gufuskipseigandi.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) tók það fram, að það væri jafn-nauðsynlegt að ákveða vissa fjárupphæð til að leigja skip fyrir, eins og til að kaupa; þessu er jeg alveg samþykkur; það er fyllilega rjett hugsað. Þó h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) segi, að leigunni verði slegið saman við útgjörðarkostnaðinn, þá verður allt um það að tiltaka einhverja upphæð, sem megi brúka, og ekki meira. Mjer þótti vænt um þessa aths. h. þm. Snæf. (Eir. G.), og jeg býst við því, að ef það verður ofan á hjer í deildinni að leigja, þá muni Ed. taka hana til greina.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) kallaði það glæfralegt að kaupa skip; jeg ætla mjer ekki að svara h. þm. upp á það; hann má hafa sína skoðun fyrir mjer. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sje einmitt sparnaðarhugmyndin og búmannshnykkurinn, sem ræður mestu hjá oss, er viljum kaupa, því þá vitum vjer að hverju vjer göngum, hve mikið fje vjer þurfum að leggja fram og hvað vjer fáum fyrir það.

Björn Sigfússon: Jeg ætla mjer ekki að þrátta um það, hvort rjettara sje, að kaupa skip eða leigja, það hefir verið svo margt um það talað af öðrum h. þm. Að eins skal jeg benda á, að ef svo færi að mögulegt reyndist að fá hentugt leiguskip með góðum kjörum, þá væri mjög óheppilegt að geta ekki sætt því, vegna þess að lögin einskorðuðu að skipið væri keypt. Jeg skal svo einkum snúa mjer að breyt.till. minni á þingskj. 243. Jeg hefi ritað hjá mjer ýmislegt, sem h. þm. hafa haft á móti henni, en sumu af því hafa aðrir þm. þegar svarað, og geng jeg þess vegna fram hjá því.

H. 1. þm. K.-G. (Þórð. Th.) hjelt fram, að jeg hefði reiknað skakkt kostnaðinn við strandferðagufubátana; þetta liggur í því, að hann reiknaði leigu þeirra fyrir allt árið, en jeg að eins í 7 mánuði. Jeg gjöri ráð fyrir að bátarnir sjeu leigðir frá 1. apríl til nóvembermánaðarloka, og sje þá skilað. Reikningur minn er því rjettur. Hann leit einnig svo á, sem hið fyrirhugaða eimskip ætti því nær eingöngu að fara milli Reykjavíkur og útlanda. Það er öldungis ekki mín skoðun, og ekki heldur samgöngumálanefndarinnar. Skipið á að fara kringum landið nokkrum sinnum, þó bátunum sje bætt við.

H. þm. Mýr. (H. Dan.) sagði í upphafi ræðu sinnar, að hann vildi hvorki kaupa nje leigja skip. Eptir því ætti hann að eins að vilja semja við einhvern um ferðirnar, ef hann annars vill nokkuð; en svo kom í ljós, að það var ekki heldur meiningin, því áður en hann lauk máli sínu, kvaðst hann greiða atkv. með að kaupa skip! (Hlátur.). H. þm. (H. Dan.) hefir sjálfsagt kastað þessu fram í spaugi, enda var hann mjög brosleitur, þegar hann sagði þetta. Það er því ekki vert að treysta því að hann greiði atkvæði með kaupunum, enda væri það blátt áfram hlægilegt eptir fyrri yfirlýsingu hans.

Hinn h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) gaf í skyn, að breytingartillaga mín væri eins og fleygur, sem gjörður væri til að sundra málinu og eyða því. Jeg verð að frábiðja mjer þvílík ummæli, og furðar mig það stórum, að slíkum orðum skuli vera kastað fram hjer í deildinni. Þess konar getsakir geta trauðlega komið frá öðrum en þeim,

sem sjálfir ganga með óhreinar hugsanir, sem ekki eru vopnavandari en það, að hlífast ekki við að beita allskonar brögðum til þess, að koma sínu fram. Jeg er sannfærður um, að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) er ekkert meira áhugamál að bæta samgöngurnar en mjer. Út af þessu kemur mjer í hug, að það er einkennilegt, að sumir þeirra, sem vilja láta sjer nægja þetta eina skip, það eru einmitt menn, sem eiga heima á þeim stöðum, þar sem skipið að sjálfsögðu kemur við á. Hvað á maður að halda um þetta? Það kemur þó líklega ekki af of miklu tilliti til eigin hagsmuna? Hef jeg ekki eins mikinn rjett til að segja, að hann hafi ekki almenningsgagnið fyrir augum, heldur einstakra manna og einstakra hjeraða, sem þó þurfa þess sízt með, eins og hann hefir rjett til að segja, að jeg vilji spilla málinu?

H. framsögum. (V. G.) sagði, að við hefðum 20 ára reynslu um gufuskipaferðir, og gætum af henni sjeð, hvers við þyrftum með. En jeg vil segja, að hann geti ekki byggt á þeirri reynslu. Í fyrsta lagi af því, að við höfum engar skýrslur eða töflur, þar sem skýrt sje frá farmflutningum og mannflutningum þessi ár, og í öðru lagi af því, að nú erum við ekki að ræða um ferðir, sem eigi að vera eins, heldur allt öðru vísi ferðir, allt annað fyrirkomulag. — Nýtt fyrirkomulag hlýtur að leiða í ljós nýja reynslu og áður ópekktar þarfir, og á þeirri reynslu eigum vjer svo að byggja. Hann sagði líka, að maður gæti ekki byggt á reynslu »Elínar«, þar eð ferðir og vöruflutningar væru miklu meiri hjer á Faxaflóa en annarsstaðar. Það játa jeg líka, að ekki megi vænta jafnmikilla flutninga á hverjum flóa, og einmitt þess vegna hef jeg líka áætlað bátunum tiltölulega miklu minni tekjur, þar sem jeg gjöri ráð fyrir, að þeir báðir fái að eins 50,000 kr. á öllum flóum og fjörðum landsins, en litla »Elín« ein hefir yfir 10,000 kr. tekjur á þessum eina flóa.

Sumir óttast, að flutningar með bátunum verði mjög dýrir. Það getur nú virzt svo í fljótu bragði, en það þarf þó alls ekki að vera svo. Farstjóri hefir alveg óbundnar hendur í því tilliti, og getur látið vera sama flutningsverð fyrir vörur, sem fluttar eru með skipinu frá Englandi til Reykjavíkur, og þaðan með bát til Seyðisfjarðar, eins og þær væru fluttar beina leið frá Englandi til Seyðisfjarðar, og það mundi hver hygginn farstjóri gjöra, þegar að hann sæi, að með því fengist meiri flutningur en ella.

Reynslan ein sker úr flutningaþörfunum, og þarfirnar eru töluverðar víðast hvar hjer á landi, já miklu meiri en menn nú vita af. Jeg vil taka til dæmis Húnavatnssýslu, því að þar er mjer kunnugast um. Þar eru hjer um bil 400 byggð býli. Hún er nær því öll landbúnaðarsveit, og þarf því mikinn aðfenginn vinnukrapt á sumrum, einkum síðan vinnufólkseklan varð þar svo mikil, eptir Ameríku-flutningastrauminn þaðan. Jeg hygg, að ekki sje of mikið í lagt, þó gjört sje ráð fyrir, að á hverjum bæ sjeu tekin 2 kaupahjú að meðaltali, þegar allt er talið, fullorðnir karlmenn, kvennfólk og smaladrengir. Á sumum heimilum eru auðvitað engin kaupahjú, en aptur á mörgum 3—5 og jafnvel fleiri. Það verður þá samtals hjer um bil 800 manns. Megnið af þessu kaupafólki kemur frá Suðurlandi. Ef nú skipaferðir, haganlegar og ódýrar, væru frá Suðurlandi, þá myndi auðvitað fjöldi fólks nota þær fram og aptur. Jeg ætla þó ekki að gjöra ráð fyrir að meira en helmingurinn af þessu fólki

myndi gjöra það fyrst um sinn, heldur myndu sumir leggja það á sig að ganga, og sumir að ferðast á hestum, þó dýrt sje. Það yrðu þá um 400 manns. Þetta sýnir ljóslega, að hjer er um mannflutningaþörf að ræða, og hana ekki svo litla; þetta hefir auðvitað ekki getað sýnt sig enn þá, af því að engar sjóferðir hafa verið, sem menn hafa getað notað almennt. Enn fremur er í þessu hjeraði kaupafólkinu að mestu leyti goldin vinnulaun sín í smjöri. Setjum svo, að hvert hjú fengi upp í sumarkaup sitt hjer um bil 100 pund af smjöri; það yrði þá 40,000 pund; þó nú að eins helmingurinn af þessu, eða 20,000 pd. flyttist með strandferðabát eða strandferðaskipi sem farmflutningur, þá er það þó æði-mikið. Hinn helminginn, 20,000 pd., myndi það hafa í fari sínu. Hjer er því annarsvegar um stórkostlegan hag að ræða fyrir mikinn flokk manna, sem leitar sjer atvinnu, og hins vegar um mikla tekjugrein fyrir strandferðaskipið, bæði fargjöld og farmeyri.

Samkvæmt útflutningsskýrslunum hefir árið 1893 verið flutt út frá Blönduósi og Skagaströnd 172,587 pund af ull. (Meiri hlutinn frá Blönduósi). Það er 36,090 pd. meira en frá Sauðárkrók. Ár eptir ár hafa kaupmenn á Blönduósi ekki getað komið ull sinni fyrir á seglskipin á vorin, og orðið að sæta þeim kostum, að geyma hana til haustskipanna, og stundum hefir það komið fyrir, að þeir þá ekki hafa getað komið allri ullinni fyrir á skipin ásamt slátursvörunum, og hafa svo látið flytja afganginn út á Skagaströnd með ærnum kostnaði, eða legið með talsverðar vörur yfir veturinn, sjer til mikils skaða. Líkt þessu getur víðar verið á landinu.

Er þetta ekki nóg dæmi upp á það, að við höfum enga hugmynd um þá flutningsþörf, sem kann að koma upp síðar meir, ef að henni er leitað? Hún getur komið í ljós, þó við nú þekkjum hana ekki.

Jeg ætla nú ekki að fjölyrða meira um þetta mál. En eins vil jeg þó geta. Jeg vil ekki taka aptur breytingartillögu mína um bátana nú, þó það sje hugsanlegt, að koma henni inn á fjárlögin. Jeg vil gefa mönnum færi á, að sýna með atkvæði sínu, hvort þeir vilja bæta samgöngurnar almennt, eða bara á einstöku stöðum.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg ætla einungis að segja örfá orð út af ræðu h. 1. þingm. S.-Múl. (Sig. Gunn.). Mjer fannst hann vilja leiða það út af orðum mínum, að jeg hefði enga trú á gufunni; en það er misskilningur hjá honum. Jeg kannast fúslega við hin miklu stórvirki, sem gufan hefir til leiðar komið, og jeg vil einmitt efla gufuskipsferðir hjer við land. En á landssjóðsskipinu hefi jeg enga sjerlega trú, og jeg býst ekki við því, að framför landsins myndi fleygja fram með risafetum, þótt það kostaði of fjár til að kaupa eitt gufuskip, og gjöra það út. Það hefir enginn getað hrakið það enn þá, að landssjóðsfyrirtæki eru miklu kostnaðarmeiri en fyrirtæki, sem stafa frá einstökum mönnum. En ef landssjóður á að takast slíkt fyrirtæki á hendur, þá aðhyllist jeg meira leiguna en kaupin.

Sigurður Gunnarsson: Jeg finn litla ástæðu til að nota orðið nú; h. þingm. A.-Skaptf. (J. J.) hefir skýrt orð sín betur, og því hefi jeg ekki meira að segja um það.

Þórhallur Bjarnarson: Það var haft eptir mjer, að jeg kallaði þessi skipskaup fjeglæfraráð, það gjörði jeg ekki; jeg kallaði það glæfraráð; hitt var fjarri huga mínum, að hjer væri nokkur mað-

ur að seilast til fjár fyrir sjálfan sig; jeg átti að eins við hina miklu áhættu samfara öllum þeim vandkvæðum og aukakostnaði, sem slík landsútgerð hefir í för með sjer. Annars er það bágt að þurfa að vera svo staddur, að neyðast til að greiða atkvæði með því að taka skip á leigu, til að afstýra öðru verra, ef unnt væri, sem allt stafar af því, að stjórnin hefir ekkert undirbúið þessar samgöngubætur, þó að hún viti ónægjuna með ástandið eins og það er.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gera stutta athugasemd. H. þm. Húnv. (B. Sigf.) sagði að þingm. gætu sýnt það með atkvæðagreiðslunni í þessu máli, hvort þeim væri virkileg alvara með að bæta samgöngurnar almennt, en þeim væri það ekki, ef þeir felldu breyttill. á þingskj. 243. Jeg vona nú að samgöngunefndin hafi sýnt það, að henni er alvara með að vilja bæta samgöngurnar kringum allt land, og það sjest bezt á því, að hún hefir stungið upp á gufubátum í hverjum landsfjórðungi. Þó að nú svo fari, að br.till. á þingskj. 243 verði eigi samþykkt, þá er jeg þó engu að síður þm. Húnvetn. þakklátur fyrir hana, því að hann hefir sýnt með henni, að hann er fullkomlega samdóma nefndinni í aðalefni málsins, að efla sem mest samgöngurnar kringum allt land, þó hann greini á við nefndina um það, hver vegur til þess sje heppilegastur.

ATKV.GR.: Breyttill. á þingskj. 237 við 1. gr. frv. 1. stafl. felld með 12 atkv. gegn 9; stafl. 3 og 4 þar með fallnir; breyttill. á þingskj. 243 við 7. grv. frv. felld með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
J. Jónsson þm.A Sk.	Pjetur Jónsson,
Jón Jónss þm.Eyf.	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Þórður Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundss.	Tryggvi Gunnarss.
	Valt. Guðmundsson,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórhallur Bjarnars.

Breyttill. á þingskj. 234 við 8. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.; stafl. 2 og 3 þar með fallnir; breyttill. á þingskj. 237 3. stafl. við 9. gr. frv. felld með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Kemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Eir. Gíslason,
Jón Jónss. þm. A Sk.	Guðjón Guðlaugss.,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	J. J. þm. Eyf.
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Þórður Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Sk. Thoroddsen,
	Valt. Guðmundsson.
	Þórður Thoroddsen,
	Þórhallur Bjarnars.

Frv. í heild sinni samþykkt með 14 atkv. gegn 6 og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzluuarstaðar við Salthólmavík (C. 242); ein umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 19 sh. atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um kjörgengi kvenna (C. 226); ein umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannah. sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 182, 251); 3. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Það hafa komið fram talsverðar breyt. við frv., sem jeg ekki að svo stöddu sje mjer fært að ganga inn á. Málið er svo þýðingarmikið, að br.till. við það þurfa og útheimta nákvæma og rólega yfirvegun. Jeg álít ófært að hrapa mjög að því og vil því óska þess að málið sje tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 23, 215); 2. umr.

Jens Pálsson: Það hefir komið fram í deildinni og nefndinni í þessu máli ágreiningur um það, hvor vegurinn væri heppilegri fyrir málið, frv.leiðin eða þingsályktunarleiðin, eða nákvæmar sagt, hvort rjettara væri að samþykkja frv. óbreytt eða aðhyllast þá tilraun, sem þingsályktunartillagan fer fram á, til þess að koma málinu á nýjan rekspöl, líklegri til árangurs og frambúðar í sjálfsstjórnarbaráttu vorri. Meiri hluti nefndarinnar hefir ráðið til að fara tillöguveginn. Jeg var einn í þeim meiri hluta, og við atkvæðagreiðsluna frá 1. til 2. umræðu málsins greiddi jeg því að sjálfsögðu atkvæði með tillögunni, en á móti frv., því jeg áleit það heppilegast, að frv. færi eigi lengra en til 1. umr. Jeg vissi líka þá, að Ed. hafði þegar samþ. þingsályktunartillöguna og að hún þannig fyrir sitt leyti hafði ráðið málinu til lykta á þessu þingi. Jeg fjekk því ekki sjeð, að það gæti verið neitt gagn í því fyrir málið, að halda frv. fram úr því sem komið var, því að jeg varð að álíta forlög þess fyrirfram ákveðin, — þau forlög sem sje, að geta eigi orðið að lögum á þessu þingi. Jeg ætla það sje ósamboðið þeirri alvöru, sem þetta mál verðskuldar, og virðingu þingsins, að vera að fjalla um lagafrv., sem það veit fyrirfram að eigi muni ganga fram, sem það veit að þegar hefir verið kveðinn upp yfir dauðadómur.

En allt um þetta er þó nú svo komið, að greiða á atkv. um hinar einstöku greinar frv., og þar sem mig hefir aldrei greint á um aðalefni — aðalatriði — máls þessa, þá mun jeg greiða atkvæði með flestum hinum einstöku greinum frv., en eigi með framgangi þess til 3. umr.

Jón Jónsson, þm. A.Sk.: Jeg vil gjöra stutta grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, með því að jeg er sá eini af hinum núverandi þm. — auk forseta — sem var í stjórnarmálsnefndinni í Nd. á þingi 1885, er þetta mál var fyrst afgreitt frá þinginu. Jeg var þá ungur þm. og óreyndur, og þótt jeg ætti ætti bágt með að fallast á ákvæðin í frv. um skipun hinnar æðstu landsstjórnar, þá beygði jeg mig samt fyrir skoðunum mjer reyndari þingmanna. En síðan eru liðið 10 ár, og hefi jeg á þeim tíma hugsað mikið um málið, og alltaf komizt lengra og lengra frá landstjóra-hugmyndinni, sem mjer þykir mjög varhugaverð í ýmsu tilliti. Það hefir verið viðurkennt af ýmsum, jafnvel forvígismönnum þessa máls, að þetta stjórnarfyrirkomulag væri margbrotið og kostnaðarsamt, en hins vegar vil jeg að stjórnarfyrirkomulagið sje sem óbrotnast. Jeg álít að óþarft sje að bæta fleiri hálaunuðum embættismönnum við tölu þeirra, sem nú eru, álít að landið hafi nóg af þeim. A þingunum 1893 og 1894 samþykkti jeg reyndar flestar greinir stjórnarskrárfrv. og greiddi atkvæði með málinu í heild sinni, en það gjörði jeg að eins fyrir

tilhliðrunar sakir við aðra þm., sem vildu gjöra nýja tilraun til að vita, hvort stjórnin hefði enn sömu svör og áður, og með því að þá var nýafstaðin hörð rimma um þetta mál á þinginu, vildi jeg ekki vekja nýja deilu um það. En það get jeg ekki unnið til friðarins, að halda stöðugt fram frv. sem jeg er alls ekki ánægður með, og nú finn jeg enga ástæðu til að fara frumv.leiðina, með því jeg sje fram á, að frv. muni ekki geta gengið lengra. Jeg greiði því atkvæði móti frv. í heild sinni og hinum einstöku greinum þess, það er að skilja þeim greinum, sem koma í bága við álit mitt um það, hvernig stjórnarfyrirkomulagið eigi að vera.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get að nokkru leyti sagt hið sama sem h. þm. A.Sk. (J.J.), að jeg greiddi atkvæði með frv. þessu á þingunum 1893 og 1894, og gjörði jeg það eptir beinu samkomulagi við kjósendur mína. En nú horfir málið nokkuð öðruvísi við; þá var verið að leita fyrir sjer, hverju stjórnin mundi svara enn á ný, og til þess að fá vissu sína um það, var ekki nóg að samþykkja frumv einungis 1893, heldur varð og að gjöra það 1894. Þrátt fyrir það þótt hingað til hafi orðið árangurslaust að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir, þá mundi jeg þó ef ekkert hefði legið annað fyrir en frv. frá 1894, enn hafa greitt því atkv. mitt, þótt jeg sje í ýmsum greinum óánægður með það og hafi verið. En þar sem nú er komin fram í þinginu og hefir fengið allmikið fylgi ályktun sem innibindur í sjer meginatriði málsins, þá er töluvert öðru máli að gegna. Ef komið hefði fram ályktun er að eins hefði farið þess á leit í almennum og óákveðnum orðum, að stjórnin legði stjórnarskrármálið í einhverri mynd fyrir þingið, þá mundi jeg ekki hafa greitt atkvæði með henni. En eins og þessi ályktun, sem nú hefir komið fram, er úr garði gjörð, sje jeg ekki að í nokkru sje hörfað á hæl í sjálfsstjórnarkröfum vorum. Jeg get ekki sjeð, að minnstu líkindi sjeu til þess að nokkur árangur geti orðið af því, þótt vjer greiðum atkvæði með frv., og því greiddi jeg ekki atkvæði með því við 1. umr. og mun ekki heldur gjöra við þessa umræðu.

Eptir því sem málinu er nú komið á þingi, þar sem þingsályktunin hefir þegar verið samþykkt í Ed. og fyrirsjáanlegt að frv. muni ekki ganga í gegnum hana, þá er ekki gott að sjá, hvernig málinu getur þokað eitt einasta hænufet áfram við það, að samþykkja frv. í þessari deild. Það sýnist og ljóst, að þótt frv. sje ekki samþ. á þessu þingi, þá er auðgefið að taka málið upp í frumvarpsformi á næsta þingi, ef vjer höfum annaðhvort ekkert svar fengið frá stjórninni fyrir þann tíma eða ófullnægjandi svar. Ef þingsályktunartillaga sú, sem fram er komin, hefði legið fyrir þingmálafundum í vor, þá er alveg eins líklegt að meiri hluti þeirra hefði hallazt að henni, fremur en frumvarpinu, hefðu viljað gjöra tilraun til að vita, hvort ekki væri betra að ganga þann veg heldur en hinn, sem áður hefir verið farinn árangurslaust.

ATKV.GR.: 1. gr. smþ. með 19 atkv.

2. gr.	samþ.	með	18	samhl.	atkv.
3. —	—	—	14	—	—
4. —	—	—	16	—	—
5. —	—	—	17	—	—
6. —	—	—	14	—	—
7. —	—	—	12	—	—
8. —	—	—	12	—	—
9.—15. —	—	—	13	—	—
16. —	—	—	12	—	—
17. —	—	—	13	—	—
18. —	—	—	14	—	—
19. —	—	—	13	—	—

20.—23.	gr. samþ.	með	14	shlj.	atkv.
24.—47.	—	—	16	—	—
48.—53.	—	—	15	—	—
54.	—	—	11	—	—
55.	—	—	17	—	—
56.	—	—	13	—	—
57.	—	—	17	—	—
58.—70.	—	—	18	—	—
71.—72.	—	—	13	—	—

Ákvæði um stundarsakir samþykkt með 13 samhl. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 : 6 atkvæðum.

Frumv. til laga um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki (C. 207); 2. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það var talsvert rætt um þetta mál við 1. umr., en síðan hafa engar breyt.till. komið fram við það, svo jeg finn ekki ástæðu til að orðlengja um það að sinni. Jeg óska því að eins, að málinu verði vísað til 3. umr. á greiðlegan hátt.

Sighvatur Árnason: Jeg hefi ekki hingað til tafið menn með umræðum um þetta mál. Jeg greiddi atkvæði með málinu til þessarar umræðu og sömuleiðis greiddi jeg atkvæði með því, að málið um vínsöluleyfi, sem nýskeð lá fyrir, gengi til 2. umr. Í hvorttveggja skiptið greiddi jeg þannig atkvæði af mannúð, en ekki af því, að jeg væri fylgjandi þessara mála. Jeg játa það fúslega, að hjer er nokkuð öðru máli að gegna. Jeg heiðra alla bindindisviðleitni: bindindisfjelög, Good-Templararegluna, eða hverju nafni sem þetta nefnist. Jeg ann þessari viðleitni sigurs, ef hún er á rjettri braut. En jeg er einn af þeim, sem álíta, að löggjafarvaldið eigi sem minnst að blanda sjer inn í þetta mál, allra sízt á þann hátt, sem getur orðið að þvingunarlögum, eins og jeg álít, að slíkar samþykktir, sem hjer ræðir um, geti leitt til. Þar að auki er jeg hræddur um, að ef þessi samþykktarlög komast á og samþykktir verði gjörðar eptir þeim í hjeruðunum, þá hafi menn ótal vegi til að komast í kring um þær, eins og gefur að skilja, þar sem viljinn og hvatirnar eru annars vegar, en hægðin á að komast í kring um þær hins vegar. En það er verra en engin lög, að hafa slík lög í landinu, því þau brjóta ekki að eins sjálf sig niður, heldur brjóta þau líka niður þá virðingu, sem sjerhver maður á að hafa fyrir lögunum.

Jeg hlýddi á ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) við 1. umr. þessa máls, en hann er nú því miður genginn út úr salnum, svo jeg get ekki átt tal við hann. Það er töluvert einkennilegt við þessa bindindisspostula, að mjer finnst. Þeir ganga í þessari sinni frammistöðu allt of langt, og með því vinna þeir ef til vill minna gagn en annars með framgöngu sinni.

Hann lagði mikla áherzlu á brennivínsdrykkjuna hjer á landi. Jeg skal játa það, að hún er kannske of mikil; jeg hata ofdrykkjuna, ef hún á sjer stað, en jeg vil lofa þeim, sem drekka í hófi, að neyta víns, ef þeir vilja, og svo geta þessi bindindisfjelög haldið í áttina að sigrast á því, sem helzt þarf að sigra, en slíkt á ekki að gera með þvingunarlögum. Það dugir ekki að setja ástandið fram í löngum tölum, sem þá eru hálfgerðar öfgar. Jeg kalla það öfgar t. d., að hver pennadropi af víni skemmi mann og skaði. Þegar þetta tal er borið saman við það, að menn lækna sig á víni innan um og saman við, þá sýnist sannarlega, að hjer sje farið með öfgar. Það eru til menn og hafa verið til menn, sem hafa læknað sig á brennivíni, og jeg þekki mörg dæmi þess, að menn, sem hafa drukkið brennivín í hófi um mörg ár,

eða lengst af æfinni, hafa verið stálhraustir alla æfi og orðið manna elztir. Þess vegna ætla jeg að fara muni líkt fyrir þeim, sem aldrei smakka dropa af víni, eins og sumir segja að fari fyrir piparsveinunum.

Þórður Guðmundsson: Í fyrra, þegar frumv. líkt þessu lá fyrir þessari h. þingd., var jeg því mótmæltur. Þetta frumv. er nú mun aðgengilegra en það í fyrra, og því gaf jeg því atkvæði mitt við 1. umr. í von um, að til þessarar umræðu kæmi fram breyt.till., sem gerði það enn aðgengilegra, eða að umræðurnar sýndu, að það væri framkvæmanlegt, sem hjer er farið fram á. En um þetta hefi jeg ekki getað sannfærzt af umræðunum. Jeg tók það fram í fyrra og tek það fram enn, að jeg óska, að hvötin til að hætta að drekka, í óhófi að minnsta kosti, komi innan að, en ekki, að beitt sje þvingunarlögum til að hætta að brúka áfengi. Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið, en að eins taka það fram, að jeg get ekki gefið frumv. atkvæði mitt nú, úr því engin tilraun hefir verið gjörð til að færa það í annað aðgengilegra horf. Sjálfur hefi jeg ekki viljað koma með breyt.till., af því, að jeg álít mjög misráðið að fara þennan lagasamþykktaveg.

Jeg tók það fram í fyrra, og get einnig endurtekið það nú, að jeg er mjög meðmæltur bindindishreifingunni og mun ekki telja eptir styrkinn til útbreiðslu bindindis, en jeg get ekki verið með að binda menn með svona lögum.

Þórhallur Bjarnarson: Mig furðar á því, að þetta frumv. skuli vera komið hjer til 2. umræðu án þess að nokkur breyt.till. hafi komið við það frá h. flutningsm., þar sem þó ýmsar mótbárur hafa komið fram á móti því og það vitanlega hefir heldur lítið fylgi hjer í í deildinni. — Með þessari aðferð verð jeg að lýsa því yfir, að verði ekkert gert á þessu þingi til að hrinda bindindislöggjöfinni áfram, þá hvílir ábyrgðin fyrir það ekki á mjer, heldur á flutningsmönnum þessa frumv. Jeg tók það fram við 1. umr., hverja breytingu jeg vildi láta gera á frumv., og slík lög, sem jeg hugsa mjer, gætu haft mjög mikla þýðingu sjerstaklega fyrir kaupstaðina, bæði fyrir hina gömlu, þótt þau yrðu þar nokkuð seinvirk, en einkum fyrir hina nýju, sem allt af eru að rísa upp með nýjum löggildingum.

Hjer í frumv. eru og eiga að standa óbreytt þessi óaðgengilegu atriði, sem jeg minntist á við 1. umræðu. Það eru engin takmörk sett fyrir því svæði í hverju sýslufjelagi, sem samþykktirnar geti minnst náð yfir. Enn fremur er ekki til tekið, hve margir skuli mæta á fundi til þess að hann sje lögmætur. Það tjáir ekki að bera þetta saman við fiskiveiðasamþykktir, þar sem svo er ástatt, að menn, sem reka sama atvinnuveg, gera samþykktir sín á milli fyrir sjálfa sig í sinni atvinnugrein, en hjer eiga allt aðrir menn að grípa inn í atvinnu einnar stjettar. Eins og jeg ekki vildi búa til lög, sem sjerstaklega væru kaupmönnum í vil, þegar rætt var um varnarþing í skuldamálum, eins vil jeg heldur ekki búa til lög, sem eru á móti þeim.

Jeg get gjarnan tekið embættismennina til samanburðar, eins og h. þm. S.-Múl. (Sig. G.) hjelt, að hefði vakað fyrir mjer, sem þó var alls ekki. Jeg ímynda mjer, að þeim þætti það hart, ef búin væru til lög, sem sviptu þá nokkru af þeim tekjum eða rjettindum, sem þeir fengu með veitingu embættisins.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók til dæmis botnvörpulögin. Jeg skal játa, að þessi samanburður hefði verið alveg rjettur, ef einhver íslenzkur borgari hefði, áður en lögin komu út, verið búinn

að kaupa borgarabrjef til þess að mega veiða með botnvörpum í landhelgi, en mjer er ekki kunnugt um, að slíkt hafi átt sjer stað.

Jeg sje ekki betur en að h. flutningsm. með þessu móti leiði frv. undir högg deildarinnar. Berji þeir frumv. þannig lagað blákalt áfram, þá er það dautt áður en við göngum af þessum fundi.

Þórður Thoroddsen: Mig furðaði satt að segja mjög að heyra ræður h. þm. Rangv. (S. Á. og Þórð. G.), því að eptir umræðum þeirra að dæma virtust mjer þeir ekki hafa lesið frumv. Það má nú ef til vill ekki ætlast til þess, að þeir færu að leggja sig niður við lesa svona lítilfjörlegt frumv. allt enda á milli, en til svo mikils má þó mælast, að þeir hefðu að minnsta kosti lesið fyrirsögnina. Ræður þeirra gengu allar út á þindindi, en í frv. er bindindi ekki nefnt á nafn. Frumv. er um »samþykktir, er banna verzlun áfengra drykkja«, og h. þm. Rangv. geta eins eptir sem áður neytt svo mikils víns sem þeir vilja, þó að þetta yrði að lögum, og kalla jeg það ekki bindindi. Frumv. fer að eins fram á að banna verzlun með áfenga drykki í því hjeraði, sem samþykktin nær yfir. Þeir mega því ekki verzla með áfenga drykki, þó að þeir drekki þá sjálfir. Þetta er allt og sumt. Jeg vona að það sjeu ekki fleiri h. þm. sem hafi misskilið frumv. þannig, því að þetta er allt annað heldur en að sje verið að þröngva mönnum til að vera í bindindi. Jeg álít því ræður h. þm. Rangv. gengnar út í hött og finn ekki ástæðu til að fara að þrátta við þá um það, hvort löggjafarvaldið eigi að þvinga menn til að hætta að drekka eða ekki, því að um það er hjer ekki að ræða.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, einkum út af orðum h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), þar sem honum þykir það órjettlátt að svipta kaupmennina þeirri atvinnu, sem þeir hafa af brennivínssölunni, að jeg veit ekki til að það sje beint tekið fram í borgarabrjefum þeirra, að þeim veitist heimild til að verzla fremur með eina vörutegund en aðra, og sjerstaklega veit jeg það, að í þeim stendur ekkert einkaleyfi um sölu áfengra drykkja. Kaupmenn yrðu að bíða það bótalaust, þó að kippt væri af þeim verzlun með áfenga drykki, eða yfir höfuð hvaða einstök vörutegund sem er, að eins að þeir fái að halda hinu almenna verzlunarleyfi. Jeg veit líka til að kaupmenn sjálfir hafa verið að reyna til að koma á samtökum sín á milli til að hætta við sölu áfengra drykkja. (*Þ. B.:* Það er allt annað). En h. þm. Borgf. (Þ. B.) gengur út frá því að þeir vilji alls ekki hætta því, því að það sje svo mikill gróðavegur, en þetta sýnir að þeir álíta það ekki eins mikinn gróðaveg eins og h. þm. Borgf.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) vildi ekki bera þetta frumv. saman við fiskisamþykktir, af því að hjer væri um atvinnuhnekki að ræða, en jeg vil einmitt bera það saman við þær. Ef það er atvinnuhnekkir fyrir kaupmann að mega ekki selja, segjum 2 tunnur af brennivíni, þá verð jeg að álíta það atvinnuhnekki fyrir mig sem sjávarbónda, að mega ekki leggja netið mitt, þótt fullt sje af fiski fyrir utan landsteinana. En enginn talar um, að það sje atvinnuhnekkir, og jeg verð að líða það nauðugur viljugur.

Jeg get ekki skilið orð h. þm. Borgf. (Þórh. B.) og framkomu hans alla öðruvísi en þannig, að hann sje á móti málinu í heild sinni, og það hefði jeg þó sízt ætlað honum.

Þetta frumv. miðar til að minnka of-

drykkjuna; það er sprottið af »filantropí«, og gjört til að reyna að sporna við nautn áfengra drykkja, með því að gjöra mönnum óhægra fyrir að ná í þá, og einkum til að vernda þann flokk mannfjelagsins, sem verst ráð hefir á öllu óhófi, svo í þessu sem öðru, frá óhóflegri nautn áfengis. Þar á móti leggur það enga þvingun á menn og bannar ekki þeim sem ráð hafa á, og sem meiri líkur eru til að neyti vínsins með skynsemi, að ná í það fyrir utan það svæði sem samþykktirnar ná yfir. Jeg álít það ekkert gjörræði þótt löggjafarvaldið reyni að betra mannkynið með því að koma í veg fyrir alla þá örbirgð og volæði, sem af drykkjuskapnum leiðir.

Jeg vil biðja menn vel að gæta þess að þetta er ekkert bindindisfrumv. í eiginlegum skilningi, en það reynir að eins að sporna við verzlun með áfenga drykki. Og þó að sumum hjer í þingsalnum þyki við bindindismennirnir fara nokkuð geyst að, þá er það þó ekki í þessu frumv., og þeir þurfa ekki af þeim ástæðum að vera því andstæðir.

Sigurður Gunnarsson: Jeg þarf að gera örfáar athugasemdir við ræðu h. þm. Borgf. (Þórh. B.), þar sem hann ber enn þá fyrir brjóstinu þessa atvinnurekendur, gömlu kaupmennina, sem selja vín, og að það mætti ekki gjöra þeim það tjón, að þessi atvinna yrði tekin af þeim með samþykktarlögum. Hann stendur við þá þýðingu, sem jeg lagði í ræða hans við fyrri umr. málsins; hann segir það nú, að sjer þyki svipað standa á með brennivínsseljendur og lector við prestaskólann og sóknarprestinn að Helgafelli, þannig, að eins og ekki mætti svipta þessa embættismenn launum þeirra, svo mætti ekki heldur svipta þessa uppbyggilegu brennivínsembættismenn atvinnu sinni. Nú, get jeg skilið þetta frá hans sjónarmiði, úr því hann metur embættisverk lectorsins við prestaskólann og sálusorgaraembætti sóknarprestins að Helgafelli að jöfnuði við starf þeirra atvinnurekenda, sem selja eiturblandaðan vökva. En jeg er aptur á móti þeirrar skoðunar, að hjer sje allólíku saman að jafna. Það mætti og í þessu sambandi minna h. þm. Borgf. (Þórh. B.) á frumv. um búsetu fastakaupmanna.

Jeg vona, að hin h. deild láti ekki blekkja sig með slíkum ástæðum og samþ. frumv. þrátt fyrir mótmæli h. þm. Borgf. (Þórh. B.).

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg þarf að svara h. þm. Borgf. (Þórh. B.) þar sem hann lagði áherzlu á, að það væri á ábyrgð okkar flutningsm., ef frumv. fjelli, þar sem vjer hefðum ekki tekið til greina orð hans við 1. umr., en vill þvo sjálfan sig hreinan hvað þá ábyrgð snertir. Nú kemur hann fram beinlínis á móti málinu, en mjer skildist þó svo um daginn, sem hann vildi styðja bindindismálið hjer á þingi, svo það kæmist í gegn á einhver hátt. En nú sje jeg, að honum hefir ekki verið þetta nein alvara, þar sem hann hefir ekki komið fram með neina breyt.till., því ef hann hefði viljað styðja málið, þá hefði hann hlotið að koma fram með breyt.till., því hann mátt bezt vita sjálf ur hvernig hann vildi hafa þær breyt.till. En þar sem hann hefir ekki komið fram með neinar breyt.till. álít jeg, að þessi ábyrgð hvíli ekki á okkur, heldur beinlínis honum sjálfum, og þeim öðrum, sem þykjast vilja styðja málið, en gjöra þó ekkert til að hjálpa okkur með að fá því framgengt. En jeg get vorkennt honum þótt hann hafi ekki haft tækifæri til að koma fram með breyt.till., vegna þess, hve tíminn hefir verið naumur, þar sem málið var til 1,

umr. í fyrradag, og afarmikið hefir verið að gjöra síðan, en hann ætti þá ekki heldur að ámæla okkur flutningsm., því vjer höfum einnig haft nóg að gjöra eins og hann. Jeg vona, að þeir, sem vilja styðja málið felli það því ekki nú, og viðurkenni að það var ekki þægilegt, að koma með breyt.till. á þessum tíma. Og jeg vil helzt skilja h. þm. þannig, að hann vilji styðja málið og koma að breyt.till. Jeg hef því hugsað að biðja forseta að taka málið út af dagskrá, svo hægt sje að koma að breyt.till. En áður en jeg fer fram á það, vildi jeg heyra, hvað h. þm. Borgf. (Þórh. B.) segir um þetta atriði, því sje svo, að hann sje á móti þessu frumv. í heild sinni, þá þýðir ekki að taka það út af af dagskrá til þess, að koma breyt.till. að.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg er þakklátur h. 1. þm. S.-Múl. (Sig G.) að hann skyldi minnast á búsetulög fastra kaupmanna, því að þar segir svo, eins og deildin hefir skilið við þau: »að kaupmenn þeir er nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skuli þó meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft«, og virðist mjer frumvarp það sem hjer liggur fyrir, koma einmitt í bága við þetta ákvæði.

Gagnvart h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vil jeg svara því, að það hvíldi ekki á mjer sú skylda, að koma með breyt.-till. við frumv., heldur beinlínis á flutningsmönnum, enda er alls ekki hægt að koma með breyt.till. við þetta frumv. til þess, að fá lögin í það form, sem jeg vil hafa þau í. Hjer er beinlínis farið fram á, að veita hjeruðunum samþykktarvald til að ráða, hvort áfengir drykkir sje seldir á því eða því svæði, en jeg vil, að leitað sje atkvæða viðkomandi hjeraðsbúa, þegar nýr kaupmaður ætlar að setja sig niður til verzlunar, hvort veita skuli honum vínsöluleyfi. Þetta er því allt annar grundvöllur, og sje jeg því ekki að þetta frumv. verði lagað þannig með breyt.till., heldur verði að semja nýtt frumv. eða setja nefnd í málið.

Þessi leið, sem jeg hefi bent á með bindindislögin, er fær, og jeg er viss um, að slíkt frumv. á vissan veg í gegnum h. efri deild, en fari það hjeðan í þessari mynd, sem það er nú í, er því dauðinn vís jafnskjótt og það kemur upp í h. efri deild, þó að þessi deild ljeti það komast í gegn. Jeg vil fara þá færustu leið smám saman, því jeg álít það í alla staði hyggilegra, og jeg endurtek það, að h. flutningsmenn bera ábyrgðina, ef frumv. skyldi ekki komast frá þessu þingi, og læt jeg mjer það liggja í ljettu rúmi, þótt h. flutningsm. vilji væna mig svikráðum fyrir það, að jeg vil fara hina færustu leið, og ekki beita ósanngirni.

H. 1. þm. K.- og Gullbr. (Þ. Th.) tók ekki fram í ræðu sinni, að það er munur á fiskiveiðasamþykktum og þessu frumv., því að í fiskiveiðasamþykktum greiða atkvæðisbærir menn atkvæði um atvinnu, sem þeir reka sjálfir, en í frv. því, sem hjer liggur fyrir, eiga menn að greiða atkvæði um atvinnu, sem aðrir reka. (*Þórður Thoroddsen:* Misskilningur). Nei, það er alls enginn misskilningur.

Þar sem hinir h. flutningsmenn vilja ekki taka tillögur mínar til greina í þessu máli, þá sje jeg ekki fyrir mitt leyti, að það þýði, að málið sje tekið út af dagskrá, eða nefnd sje sett í það, en vilji hinir h. flutningsm. gjöra annaðhvort, er þeim það velkomið fyrir mjer.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg er nú

að vísu ekki spámaður, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), en hitt þykist jeg vita, að eptir ekki svo mörg ár verður þessi stefna sem frumv. fylgir fram í bindindislöggjöfinni orðin svo föst í sessi, að mönnum þykir það rjett, sjálfsagt og nauðsynlegt að semja slík lög eins og þessi, og þá munu menn ekki gera sig ánægða með þá kák-löggjöf, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) nú ber svo fyrir brjóstinu, til að bjarga gömlu brennivíns-búðunum.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) talaði um þorskanetasamþykktir, og bar þær saman við þetta mál. Það er mjög heppileg samlíking hjá honum, því að brennivínið er fisknara þorskanet en mörg önnur net — á þurralandsþorskana, vel að merkja. En auk þess eru það opt aðrir en atvinnurekendur sjálfir, sem eiga hlut í úrslitum þeirra mála, sem til þeirra taka, t. d. þegar um fiskiveiðasamþykktir hjer við Faxaflóa er að ræða. Þá greiða Innnesjamenn atkvæði um það, hve utarlega Suðurnesjamenn mega leggja net sín; þetta er einmitt grundvallað á því, að það er atvinnu þeirra til skaða, ef þeir af Suðurnesjum leggja netin svo og svo djúpt.

Yfir höfuð held jeg að það sje óhætt að halda því fram, að þjóðirnar megi með lögum verja sig fyrir atvinnu, hverri sem er, sje hún skaðleg í eðli sínu; og sje það augljóst, að atvinnan gjöri fjelagsheildinni skaða, er það viðurkenndur rjettur fjelagsins að banna hana með lögum.

Og hvað snertir skaðabætur til kaupmanna, sem verzlun hafa þegar lögin öðlast gildi, þá skal jeg skýra frá því, að þetta atriði hefir verið mjög mikið þrætuefni í Bandaríkjunum, og þar hefir hæstirjettur Bandaríkjanna skorið svo úr, að vínsalar ættu ekki skaðabótarjett, og þar þarf þó sjerstakt vínverzlunarleyfi; því síður getur slíkt komið til orða hjer á landi.

En ef það yrði sett inn í frumv., að samþykktir gætu því að eins náð gildi, að meiri hluti kaupmanna í hjeraðinu greiddi þeim atkvæði, mundi hinn háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) ekki geta gengið að frumv. með þeirri breyting? Jeg fyrir mitt leyti ætla ekki að fara að hreifa slíkri breyting, en hins vegar get jeg vel ímyndað mjer, að mikill fjöldi kaupmanna sjái, að verzlunin með brennivín er ekki til neins góðs fyrir verzlun landsins í heild sinni, og mætti vel missa sig. Gangi eitt yfir alla, sem hinn sama atvinnuveg reka, þá verður ekki talað um misrjetti, þá er einskis kosti þröngvað öðrum til hagsbóta. — Jeg er þess vegna eindregið móti aðal-tillögu h. þm. Borgf. (Þ. Bj.) í þessu máli vegna þess, að jeg álít það ranglátt, að banna megi sumum kaupmönnum að selja brennivín, en sumum ekki. Það verður þá einskonar privilegeruð brennivínssala.

Jeg furðaði mig mjög að heyra hjer flutta í salnum nú á þessum tíma jafnhreinhjartaða og fölskvalausa brennivínstrú og þá er h. 1. og 2. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þórður G.) sýndu að þeir höfðu. Sú trú stendur auðsjáanlega á gömlum rótum. Þeir lofuðu mjög hófdrykkju og hrósuðu mjög brennivíninu fyrir þess heilsusamlegu og læknandi áhrif. Það er furðulegt mjög, að heyra upplýsta þingmenn bera slíkt fram í hreinni trú. Hvað meina hinir h. þm. með hófdrykkju? Jeg er satt að segja opt búinn að velta því fyrir mjer, hvað menn meini með þessu orði, en jeg hef aldrei getað fundið takmörk þeirrar hugmyndar, og er jeg þó ekki vitlausari en hver annar. Jeg hef aldrei getað fundið takmarka-línuna milli hófdrykkju og ofdrykkju. Jeg er viss um, að það er enginn drykkjurútur til um

endilangt Ísland, sem ekki er einlæglega sannfærður með sjálfum sjer um, að hann sje hófdrykkjumaður. Hann getur vel sjeð ofdrykkju hjá öðrum fyrir því. Jeg hef mikla reynslu fyrir mjer í þessu af fjölda drykkjumanna, sem hafa snúið sjer til mín, og jeg er þessu kunnugri en margir aðrir háttv. þingdeildarm. Jeg þori vel að fullyrða, að það er ómögulegt að finna þau takmörk fyrir þessari hugmynd, sem nokkur meining er í. Ætti maður því nokkurn greinarmun að gjöra á hóflegum og hneykslanlegum drykkjuskap frá sjónarmiði bindindismanna, þá verður maður að segja, að hófdrykkjan er skaðlegri, að því leyti sem hún er eptirdæmi, en ofdrykkjan viðvörun.

Um það að vín sje fyrirtak til lækninga, skal jeg ekki fjölyrða; það er marghrakið mál, og yrði líka of langt mál til þess, að fara mikið út í hjer, enda mun enginn, sem þekkir nokkuð til, hnjóta um þá ástæðu.

Jeg hefi áður tekið fram lítilsháttar hina fysiologisku hlið og hina fjárhagslegu hlið þessa máls; jeg skal ennfremur taka fram, að þetta mál er ekki hvað sízt mannkærleikans mál. Við vitum, að þar sem drykkfeldnir fátæklingar eiga í hlut, sem eiga fyrir konum og börnum að sjá, þá er þeirra kostur svo aumur og illur, að enginn annar á jafnar andlegar og líkamlegar hörmungar við að búa. Jeg vona að löggjafarþingið, sem auðvitað byggir löggjafarstarf sitt á kristilegu siðferði, kristilegum mannkærleika, sjái og viðurkenni þá skyldu sína, að styðja tilraunir bindindisfjel. til hjálpar þessum hluta þjóðarinnar og að bæta úr eymdarkjörum hans. Og, frá þessu sjónarmiði sjeð, held jeg enginn geti sagt, að þær 7,600 konur, sem sent hafa áskoranir til alþingis, og beiðni um að semja lög gegn vínsölu, — hafi talað um hluti, sem þær ekki þekktu, því að, því er ver, margar þeirra eiga við bág kjör að búa einmitt vegna ofdrykkjunnar. Landið sjálft í heild sinni fer heldur ekki varhluta af áhrifum ofdrykkjunnar á marga þess efnilegustu menn, því að þess eru dagleg dæmin deginum ljósari, að við höfum misst marga dugandi menn út í brennivínið, og margir standa feti aptar en þeir gætu staðið, ef þeir hefðu aldrei þekkt það. — Við kvörtum um, að okkur vanti nýta menn, röska til framkvæmda og fljóta til ráða — og það er alveg rjett, okkur vantar fyrst af öllu nóg af slíkum mönnum; mundi brennivínið alveg saklaust í því?

Að þessi lög sjeu þvingunarlög, er misskilningur, því að það er undir borgurunum sjálfum komið, hvort þeir beita þeim; það eru ekki þvingunarlög, heldur heimildarlög; og jeg veit satt að segja ekki, hvort meiri þvingun er, að meiri hlutinn tekur skaðvæni frá minni hlutanum, eða að minni hlutinn geti kúgað meiri hlutann til að búa undir og þola slíkt niðurdrep alls góðs, þvert á móti vilja meiri hlutans. Í öllu falli er það reynsla fyrir því, þar sem þessi lög hafa komizt á, að menn vilja heldur ala upp sonu sína þar sem ekki má verzla með vín, heldur en þar sem þeir detta um brennivínsbúka-þrepskildina í öðru hverju spori; jeg sje ekki annað en að það sje ófrjálslegt gagnvart meiri hlutanum, að láta hann búa við það, sem hann álítur skaðvænlegt og viðbjóðslegt í alla staði.

Mjer liggur það í ljettu rúmi, þó frv. verði ekki samþ. á þessu þingi; jeg er vongóður um, að þessi stefna fái betri byr seinna; en jeg fyrir mitt leyti lýsi því yfir, að jeg vil ekki ganga að þeim kákvegi, sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) er að berjast fyrir; því að jeg er sannfærður um, að við fáum betri bindindislöggjöf áður en langt um líður.

Jens Pálsson: Eptir því sem jeg í huga rækilegar ástæður h. þm. Borgf. (Þórh. B.), þá verður mjer ljósara og ljósara, að það er ekki tiltækilegt fyrir oss flutningsmenn, að ganga að þeim skilyrðum, sem hann setti fyrir því, að frumv. fengi atkv. hans, í fyrsta lagi, af því að það er kák, og í annan stað er mikill ójöfnuður í því, að sumir kaupmenn hafi leyfi til að verzla með vín, en sumir ekki. Vjer álítum, að slíkt fyrirkomulag hljóti að hafa óheppilegar afleiðingar, að banna öðrum það sem leyft er öðrum. Þar sem þm. álítur, að í frumv. felist ranglæti við kaupmenn, þá skil jeg ekki annað en þetta hljóti að vera sprottið af röngum skilningi á verzlunar-heimild þeirri, sem kaupmönnum er veitt og tilskilin í verzlunarleyfisbrjefum þeirra. Þann rjett, sem kaupmaðurinn kaupir og fær til verzlunar, er hann leysir leyfisbrjef, vil jeg í engan stað skerða, en jeg vil heldur ekki leggja meira upp úr þeim rjetti en í honum getur falizt.

Það mesta sem hugsanlegt er, að í þessum keypta rjetti geti fólgið verið, er heimild til allrar löglegrar verzlunar, en ekki ævarandi einkarjettur til að verzla með ákveðnar vörutegundir, enda munu ekki í leyfisbrjefum þeirra taldar upp ákveðnar vörutegundir, sem þeir megi verzla með; minn skilningur á þessu máli er því sá, að þeir megi verzla með allar þær vörur, sem á annað borð er leyfilegt að verzla með, eða verður leyft með lögum seinna meir. Jeg get ekki skilið í, að nokkur maður með verzlunarleyfi geti verið undanþeginn þeim ákvörðunum, sem löggjafarvaldið kann að gera; jeg er viss um, að þessi skilningur hlýtur að vera rjettur.

Jeg get tilfært eitt dæmi: Á þinginu 1891 voru samþ. lög, er veita landsstjórninni heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar sútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi. Þá lá við sjálft, að mig minnir, að innflutningur þessarar vöru væri með öllu bannaður, að minnsta kosti kom það alvarlega til orða; en enginn varð til þess, að álíta að löggjafarvaldið hefði ekki heimild til að banna þenna innflutning, af því að verzlunarrjettur kaupmanna til þessarar vöru væri þarmeð skertur.

Annað dæmi skal jeg taka: Hugsum okkur, að í kaupstað, þar sem mikið er geymt af púðri, væru tíðar sprengingar og púðurkveikingar; mundi þá vera nokkuð óeðlilegt að banna almenna verzlun með púður?

Jeg verð því að álíta, að sú fullyrðing, að frv. feli í sjer ákvæði ósanngjörn og ranglát gagnvart kaupmönnum, sje byggð á rammasta misskilningi á því, hvað felst í verzlunarheimild kaupmanna.

Það hefir verið tekið fram, að þessi lög sjeu mannúðarlög, að tilgangur þeirra sje fagur, sá tilgangur, að aptra fátækum mönnum og ráðlausum frá, að eyða fje sínu í vínföng, frá því að skemma heilsu sína, og að frelsa ástvini slíkra manna frá drykkjuskaparófögnuðinum. En það eru fleiri en fátæklingar, sem mundu þurfa á þessum lögum að halda, — eða skyldu margir af h. þingdm. geta neitað því, að þeir viti mörg eptirlaun borguð úr landssjóði einmitt mönnum, sem hafa orðið ófærir til að standa í sinni stöðu vegna drykkjuskapar?; við höfum því miður mörg dæmi þess, að menntamenn og embættismenn hafa átt mikla ógæfu, já, mesta ógæfu sína upp á vínið.

Jeg ætla, að kaupmönnum vorum yfir höfuð að tala sjeu slík lög sem þessi alls ekki ógeðfelld; af þeirra hálfu hafa jafnvel verið gjörðar tilraunir til að sporna við innflutningi víns með

samtökum. Munu þeir einmitt hafa hag af, að hætta við vínsölu víðast hvar um land; enda er þeim treystandi til þess mörgum hverjum, að bera svo mikla mannúð í brjósti sjer, að þeir verði með því, að vínsala hætti. Þess vegna þykir mjer undarlegt, að svona frjálslegt frv., er ekki skerðir nokkurs manns rjett, heldur eingöngu gerir fátækum mönnum erviðara fyrir að ná sjer í áfengi, að það skuli mæta svo mikilli mótspyrnu hjer í h. deild.

Af því að h. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefir eins og boðið oss til ákveðinna samninga, þá er eins og skilja megi þar af, að hann ráði yfir fylgi margra manna í þessu máli. Vjer flutningsmenn höfum enga vissu fyrir, að svo sje, meðan fleiri þm. ekki lýsa því yfir, og verðum því að álíta, að ekki sje mikið á þessu samningstilboði byggjandi.

Til þess að setja nefnd í málið, sje jeg enga ástæðu; jeg get ekki sjeð að það hafi neinn árangur. Málið verður að ganga sína leið og falla, ef það á fyrir því að liggja; en að leggja það á ábyrgð vor flutningsmanna, það biður engra svara; ábyrgðin verður að hvíla á h. þm. Borgf. (Þórh. B.) og þeim sem honum fylgja, því hans stefna er allt önnur en vor; ef hans tillaga væri tekin upp í frv., þá væri það ekki lengur byggt á þeim grundvelli, er vjer flutningsmenn erum sannfærðir um, að sje hinn eini rjetti, og þess vegna í raun og veru fallið.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Það var áðan talað um, að taka þetta mál út af dagskrá; síðan hfir verið talað um, að setja það í nefnd, og væri það líklega rjettara. Raunar sje jeg ekki glögglega, hvaða þýðing nefnd ætti að hafa í þessu máli, þar sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) kvað sína tillögu svo fjarlæga stefnu þessa frv., að engin von væri á samkomulagi.

Mjer þykir það undarlegt, að þar sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) lætzt vilja styðja bindindislöggjöf á þinginu, að þá skuli hann sjálfur ekki hafa komið fram með neitt frv. til stuðnings þessu máli, og ekki einu sinni breytingartill við þetta frv., sem fram er komið, til að styrkja það, — en kasta svo allri ábyrgðinni á oss flutningsmenn þessa frv., ef engin lög ná fram að ganga á þessu þingi til stuðnings bindindismálinu.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 samhlj. atkv. og hlutu kosningu:

Þórhallur Bjarnarson	með	15 atkv.
Einar Jónsson	—	14 —
Guðlaugur Guðmundss.	—	11 —
Jón Jónsson, þm. Eyf.	—	8 —
Þórður Thoroddsen	—	7 —

Umr. um málið síðan frestað.

Frumvarp til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi (C. 157, 240); frh. 1. umr.

Framsögum. (Guðl. Guðmundsson): Eins og h. deild sjer af nefndarálitinu, er nefndinni á því, að samþykkja frumv., eins og það kemur frá h. Ed. Jeg óska að málið fái að ganga til 2. umræðu, og mun þá gjöra grein fyrir ástæðum þeim, er fyrir nefndinni vaka; það eru mjög sjerstaklegar ástæður, sem lúta að þessu prestakalli. Að sinni ætla jeg því ekki ekki að tala meira um þetta mál.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 16 samhl. atkv.

Frumvarp til laga breyting á 1. gr. í lögum 15. okt. 1875 um skipun læknahjeraðanna (C. 199); 1. umr.

Þórður Thoroddsen: Innihaldið í þessu frumv. er, að gjöra Seyðisfjörð að aðal-

læknishjeraði, þar sem nú er að eins aukalæknishjerað þar. Orsökin til að þetta frumv. er framkomið er auðsjáanlega sú, að Seyðisfjörður hefir nú á síðari tímum tekið geysimiklum framförum, bæði hvað fólksfjölda og verzlun snertir; það kveður svo mikið að því, að nú má kalla Seyðisfjörð aðalverzlunarstað Austurlands. En vegna hinnar vaxandi verzlunar og þar af leiðandi miklu viðskipti við útlönd, er hættara við því en annarsstaðar á Austurlandi, að þangað berist útlendar sóttir. En eins og nú stendur, getur maður gjört ráð fyrir því, að um hjerað með svo lágum launum sæki að eins þeir læknar, sem ekki eiga á betra völ. Með frumvarpi þessu er þar á móti duglegum læknum gefinn kostur á að sækja um þetta umdæmi, og það er líka sannarleg þörf á góðum lækni þar. Jeg vona að hin háttv. deild sje mjer samdóma um, að samþykkja frumvarp þetta.

Jeg vil geta þess nú þegar, að mjer finnst 3. gr. frumv. athugaverð, eins og hún nú liggur fyrir, og hefi jeg því, eptir samráði við einn h. þingm. hjer í deildinni, ætlað mjer að koma fram með breyttill. við þá grein, við 2. umræðu. Svo stendur nefnilega á, að í lögum 17. des. 1875 er ákveðið, að Eskifjörður skuli vera aðalsóttvarnarstaður á Austurlandi. Nú vill frumv. gjöra Seyðisfjörð að aðalsóttvarnarstað, og það er auðvitað alveg rjett. En þá þarf að taka ákvæðið um Eskifjörð burt úr lögunum frá 17. desbr. 1875, því þá verður óþarfi að hafa þar líka sóttvarnarstöð. Jeg vildi að eins benda á þetta, til athugunar fyrir h. deild, og óska svo að endingu að málið fái góðan framgang.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get verið á sama máli og h. 1. þm. K.-G. (Þ.Th.), að því leyti, að jeg álít það eðlilegt að gjöra Seyðisfjarðarumdæmi að aðallæknishjeraði. En þó álít jeg, að nú sje frv. þetta mjög athugavert. Það er komið svo mikið ólag á læknaskipun landsins, að það ber brýna nauðsyn til, að endurskoða hana alla saman. Mjer er því næst að skapi, að stinga upp á, að nefnd verði sett í þetta mál. Nefndin ætti svo að koma fram með þingsályktunartillögu, er gengi í þá átt, að skora á stjórnina að endurskoða læknaskipun vora, og leggja svo frumv. um það fram fyrir næsta þing. Þó vil jeg eigi nú þegar stinga upp á nefnd, til þess að taka ekki fyrir umræðurnar um málið, en mun gjöra það síðar á fundinum. Satt að segja gæti maður litið svo á þetta frumvarp, sem það miðaði einungis til að útvega núverandi aukalækni á Seyðisfirði hærri laun.

Jeg vona að hin h. deild athugi málið nákvæmlega áður en hún samþ. þetta frv. Jeg vildi helzt láta skoða málið í heild sinni.

Þórður Thoroddsen: Jeg álít ekki þurfa nefndar við, ef það ekki er í öðrum tilgangi en þeim að skora á stjórnina að endurskoða læknaskipun vora. Það geta einstakir þingmenn fullt eins vel gjört. Jeg og annar h. þm. hjer í deildinni höfum hugsað okkur að koma fram með tillögu í þá átt, er þm. Vestm. (V. G.) benti á, og hún kemur fram þótt engin nefnd verði sett í þetta mál. Jeg sje ekki að það geti verið því til fyrirstöðu að samþ. þetta mál, þó læknaskipun vor sje endurskoðuð og frumv. um hana komi fram á næsta þingi. Hvað því viðvíkur, að frv. miðaði að eins til að útvega núverandi aukalækni á Seyðisfirði hærri laun, eins og sami h. þm. tók fram, þá skal jeg geta þess, að ef frumv. þetta yrði að lögum, verður hjeraðinu slegið upp, og hinn núverandi aukalæknir þar yrði auðvitað að sækja um það

eins og hver annar. Jeg hefi skilið skipun þessara læknishjeraða svo, að það mætti breyta þeim hvernig og hvenær sem manni sýndist. Ef engu mætti breyta, þá kæmist góð læknaskipun hjer ekki á fyr en eptir 20—30 ár eða lengri tíma, þó að farið væri nú að endurskoða læknaskipunarlögin. Mjer finnst aukalæknar verða að skoðast sem praktíserandi læknar og laun þeirra sem styrkur til þeirra sem slíkra, en að þeir sjeu engir fastir embættismenn, sem ekki má við hreifa. Jeg hefi enda sjeð ritgjörð í dönsku tímariti eptir aukalækninn á Seyðisfirði, og þar kallar hann sig «praktiserende Læge».

Tillagan um að skora á stjórnina, eins og áður er á vikið, getur komið fram án þess málið sje sett í nefnd, en verði nefnd kosin, gæti það orðið til þess, að málið komist ekki fram á þinginu.

Valtýr Guðmundsson: Jeg vil enga breytingu gjöra á læknaskipuninni fyr en búið er að athuga það rækilega, hvort ástæða virtist til að gjöra gagngjörða breyting á allri læknaskipun landsins í heild sinni. Jeg vildi helzt, að nefnd væri sett til þess að athuga, hvort ástæða sje til, að gera slíka breytingu á læknaskipuninni. Það er mitt álit, að þó að aukalæknishjeraðið á Seyðisfirði væri gert að aðal-læknishjeraði, þá mundi hinum núverandi aukalækni á Seyðisfirði eigi verða veitt það embætti, og fengi hann ekki það embætti, er jeg vondaufur um, að hann fengi annað í þess stað. Jeg get ekki sjeð, að það væri rjett, að svipta þannig þennan aukalækni þeim rjetti til launa, sem hann hefir þegar öðlazt, enda veit jeg, að aukalæknarnir að minnsta kosti sumir hverjir skoða sig sjálfa sem embættismenn. Að minnsta kosti hefir mátt sjá það í blöðum, t. d. »Austra«, að sá læknir, er hjer er um að ræða, skoðar sig þannig, því hann skrifar sig sjálfur »læknirinn á Seyðisfirði« undir greinar sínar og auglýsingar, alveg eins og landshöfðinginn skrifar »landshöfðinn yfir Íslandi«.

Jeg tel það, sem sagt, óvíst, að hann fengi læknishjeraðið, en álít, að ekki sje gjörlegt, að svipta hann þeirri stöðu, sem hann hefir, nema unnt væri um leið, að bjóða honum eitthvert annað aukalæknishjerað.

Jeg held því fast við þá skoðun mína, að breyta eigi til í þessu fyrr en algjörð breyting verður gerð á læknaskipuninni, enda skilst mjer, að þá mundi veita hægra að koma þessari breytingu á. —

Einar Jónsson: Jeg er meðmæltur frumv. þessu, — og álít það rjettilega fram komið. Þó að læknaskipuninni yrði breytt yfir höfuð, mundi þetta læknishjerað verða hjerað út af fyrir sig, og sá læknir, sem yrði skipaður þar, mundi ekki fá minni laun en hjer er farið fram á. Jeg get því ekki sjeð, að þetta frumv., þó það verði að lögum, þurfi að koma í bága við væntanlega breytingu á læknaskipuninni. Embættinu yrði vitanlega slegið upp og hinn núverandi aukalæknir gæti þá sótt um það, og þó hann ekki fengi það, get jeg ekki sjeð, að fyrir það sje ástæða til að hafna frumv. þessu. Það er svo um alla aukalækna, að þegar breytt er til um læknahjeruðin, þá getur það verið tvísýnt, hvort þeir halda sínum læknisumdæmum. Það hefir verið tekið fram, að eigi sje minnzt á það í frumv., hvað gjöra skuli við sjúkrahúsið á Eskifirði, en um það gæti komið fram breytingartillaga, þó ekki sje sett nefnd í málið. — Það þarf ekki að setja nefnd í þetta mál til þess, að koma fram þingsályktunartillögu um breytingu á læknaskipuninni; það má gjöra það eins fyrir því. Jeg er heldur engan veginn viss um, að þingið

vilji breyta læknaskipuninni frá því, sem nú er. — Sumir eru á móti því, að fjölga föstum embættum með eptirlaunarjetti, og vilja því halda aukalæknisembættunum að minnsta kosti að einhverju leyti. Yrði sú skoðun ofan á, þá er því síður þörf á, að setja mál þetta í nefnd, þar sem menn hljóta að viðurkenna, að fast læknisembætti sje sjálfsagt að setja á Seyðisfirði.

Hinn h. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þ. Th.) mun hafa átt við mig, þar sem hann talaði um, að hann hefði í huga, að koma með þingsályktunartill. um breytingu á læknaskipuninni, og það munum við gera þótt mál þetta sje eigi sett í nefnd.

Jeg vil því óska, að mál þetta geti fengið sem beztan byr hjer í deildinni, þar sem jeg veit, að menn verða að viðurkenna, að það sje á rjettum rökum byggt.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg fyrir mitt leyti álít enga þörf á, að bæta við 21. læknishjeraðinu að sinni. Mjer fyndist það vera einfaldast — ef þess endilega þyrfti, að fá hjeraðslækni á Seyðisfjörð, sem töluverð ástæða gæti verið til — að haft væri skipti á læknum, og hjeraðslæknirinn í Fljótsdalshjeraði væri látinn fara á Seyðisfjörð, en aukalæknirinn á Seyðisfirði aptur upp í hjeraðið. Jeg hneigist og fremur að skoðun h. þm. Vestm. (Valt. Guðm.), að rjettara sje að gera eigi út um þetta á þessu þingi. Fjárlaganefndin var nærri því komin með áskorun til stjórnarinnar um breyting læknaumdæmanna, eins og sjá má af nefndaráliti hennar. Slíks er full þörf, og sumstaðar eru aðallæknahjeruðin orðin minni en aukalækna-umdæmin, og allt er komið á ringulreið við þessar viðbætur umdæmanna smám saman. Það eru og ef til vill víðar ástæða að færa til hjeraðslækna, eða setja aukalækni í þeirra stað, t. d. á eins afskekktum stað og Siglufirði.

Jeg mun því greiða atkvæði á móti frumv. í því formi, sem það liggur fyrir, og treysta upp á lagfæringu á þessu máli í heild sinni.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 12 atkv. gegn 7.

Frumv. fellt frá 2. umr. með 9 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jónss., þm. Eyf.
Jens Pálsson,	Sighv. Árnason,
J. J., þm. A.-Sk.,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Briem,	Valt. Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þórður Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.

Björn Sigfússon, Eiríkur Gíslason og Pjetur Jónsson voru ekki viðstaddir atkvæðagreiðsluna.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrár (C. 225); 1. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Af því jeg var annar flutningsmaður þessa máls hjer í deildinni í fyrra, þá ætla jeg að leyfa mjer, að minnast á málið nú.

Í sumar var frumv. fyrst borið upp í h. Ed., og þar sett í nefnd. Einn af nefndarmönnum var biskupinn yfir Íslandi, sá maður sem er allra manna kunnugastur undirbúningi verðlagsskráa, og er það nokkur trygging fyrir því, að það sje nú orðið vel úr garði gjört. Nefndin gjörði nokkrar breytingar á frumv., og jeg tel þær vera til bóta, og vil óska þess, að málið fái að ganga gegn um þessa deild eins og það liggur nú fyrir.

Klemens Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í þetta mál, því að þótt það

hafi verið í nefnd í h. efri deild, þá er það svo mikið mál, að eigi veitir af að íhuga það í nefnd einnig í þessari deild.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 11 : 5 atkv.

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Þrítugasti fundur, mánudag 5. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Dal. (Jens Pálsson), er hafði tjáð forföll.

Forseti gat þess, að fram yrði lögð á lestrarsalinn áskorun frá kjósendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um að halda áfram stjórnarskrármálinu í óbreyttu formi.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 23,215); 3. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg hefi, eins og h. þingdm. munu kannast við, ekki þreytt menn með löngum ræðum í þessu máli við 1. og 2. umr. málsins, og jeg hef gert það með vilja, til þess að ágreiningur sá, sem er um málið, ekki skyldi vekja of langar umræður um það og ef til vill sundurlyndi. Mjer virtist einnig eðlilegast að umræðurnar yrðu við 3. umr. Meiri hluti nefndarinnar fann ekki ástæðu til að vekja þras um frumv. við 2. umr.; þó að menn vitanlega greini á um ýms einstök atriði frumv., þá er það þó eins og kunnugt er ekki aðalágreiningsefnið, heldur gengur það í allt aðra átt. Jeg vona, að þótt nokkrar umræður verði um þetta mál í dag, þá gæti menn þess, að tala um það með alvöru og stillingu, því að málið er þess vert.

Sú spurning, sem fyrst og fremst hlýtur að vaka fyrir hverjum einum, sem hugsar þetta mál, er það, hverjum það sje til gagns eða góðs, að frumv. gangi í gegn á þessu þingi. Jeg vil spyrja h. þingdm., hvort nokkur þeirra gjöri sjer nokkra von um, að stjórnin muni nú staðfesta frumv., þótt það yrði samþykkt. Jeg hygg, að allir geti gengið að því vakandi, að allt fari á sömu leið um það og hingað til, að stjórnin segi stutt og þurt nei, og vísi að eins til hinna alkunnu nóvember- og desemberbrjefa sinna og segi svo eins og Pílatus forðum: »Það sem jeg hefi skrifað, það hefi jeg skrifað«. Það er óþarfi að lýsa því, því að það er öllum kunnugt, að þótt þessi svör, sem vjer höfum fengið, sjeu stíluð úr stjórnarráði Dana, þá er það í raun og veru að eins einn maður, sem vjer hjer eigum orðastað við, maður, sem nú í síðastliðin 20 ár hefir ráðið mestu um pólitiska stefnu Dana og opt hefir átt við stærri flokk að etja en hjer er um að ræða og í stærri málum, án þess að láta bilbug finna á sjer. Jeg skil ekki hvernig menn geta gert sjer nokkra von um, að ráðgjafinn fari nú að staðfesta frumv., eptir að því hefir verið synjað tvisvar sinnum samþykktar. En þetta gerði nú í sjálfu sjer eigi svo mikið til, ef nokkuð væri annars unnið með því að greiða málinu veg í gegn um þingið, ef það yrði til þess, að efla áhuga, styrkja traust og trú þjóðarinnar og festa sannfæringu hennar á málinu. Þá mundi jeg ekki vera því mótfallinn, að frumv. næði samþykki hjer í þinginu, jafnvel þó að ekki væri von um staðfesting. En þar skilur flokkana, að sumir halda því fram, að það sje í þessa stefnu heppilegast, að frumv. yrði afgreitt frá þessu þingi; en jeg álít þvert á móti, að það, að samþykkja málið nú, væri það þægasta verk, sem vjer gætum gert stjórninni, því að þá þyrfti hún ekki annað en að segja sitt venjulega nei og vitna í nóv.-

og des.-auglýsingarnar, og þá stæðum vjer alveg í sömu sporum 1897 og við stöndum nú 1895. Þetta finnst mjer liggja í augum uppi, og jeg er ekki í neinum vafa um, að það er aðallega þetta atriði, sem skoðanir manna skiptast um.

Jeg ætla nú að fara um það fáeinum orðum, hvort það mundi verða þjóðinni og málinu til gagns, ef það næði fram að ganga á þessu þingi.

Ef málið gengi nú í gegn um þingið, þá yrði aukaþing að ári, og þá er það mín sannfæring, að þetta yrði því valdandi, að óeðlilegur apturkippur kæmi í það aptur á þingi 1897. Jeg dæmi eptir þeim hluta landsins, sem jeg þekki til í, og jeg er viss um, að þar yrði það til þess, að veikja trú manna á því, að frumvarpsleiðin sje sú eina heppilega til árangurs og sigurs.

Sjálfsforræði þjóðanna er í mörgum myndum; það má svo heita, að búningar þeir, sem stjórnarskipanir þjóðanna eru klæddar í, sjeu eins margs konar og þjóðirnar. Það er varla hægt að finna tvenn stjórnarskipunarlög, sem steypt eru í sama mótinu, þótt undirstöðuatriðin sjeu þau sömu. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er fárra manna eða jafnvel eins manns verk. Það hefir sinn sjerstaka búning, en jeg efast ekki um og það munu h. flutningsm. sjálfir játa, að til eru ótal aðrir búningar, sem ef til vill væru engu óhentugri eða óheppilegri en þessi, enda eru það ekki nærri allir, sem halda því fram, að þessi búningur sje sá bezti, og það er einmitt þess vegna, að menn tapa trú á málinu. Mjer finnst menn geti látið sjer í ljettu rúmi liggja, hver búningurinn er, ef að eins er haldið fast við aðalkjarnann og aðalatriðin í sjálfstjórnarkröfum vorum.

Jeg skal að eins benda á eitt atriði í frv., sem kórónar þennan búning, en það er skipun hinnar æðstu stjórnar, landsstjórinn og landsráðið. Það munu víst margir verða til að játa, að margan heppilegri búning hefði mátt finna fyrir þetta atriði, sem bæði hefði verið landinu notasælla og kostnaðarminna. Því hefir verið haldið fram, að annaðhvort yrði að vera: »ráðgjafi við hlið konungs«, eða »ímynd konungs (ɔ: landsstjórinn) við hlið ráðgjafa«. Það verður nú að álíta óaðgengilegt fyrirkomulag, að hafa ráðgjafann við hlið konungs, því hann verður að vera hjer búsettur, og þó að menn ekki vilji aðhyllast landsstjórnarhugmyndina, þá er þó enn einn vegur til, og hann er sá, að setja ímynd ráðgjafa við hlið konungs. Jeg gæti nefnt ýmislegt fleira, t. d. skipun þjóðkirkjunnar, landsdómsins o. fl., sem meira snertir búninginn heldur en efnið. Þess vegna álít jeg það vera málinu til skaða, að leggja alla áherzluna á búninginn, ef menn að eins halda sjer fast við efnið. Jeg álít, að það sje fremur búningurinn, sem er frumv. til fyrirstöðu, heldur en efni þess og innihald. Það er mín sannfæring, að það sje ekki aðskilnaðurinn frá ríkisráðinu, sem standi því í vegi, að við fáum sjálfstjórnarkröfum vorum framgengt, heldur ráði landsstjórinn þar baggamuninn.

Þetta er það sem jeg vildi benda á til að sýna mína skoðun á þessu máli. Mín skoðun er sú, að ekki sje heppilegt að að afgreiða frumv. sem lög frá þessu þingi. Hvað sjerstaklega snertir þessa h. deild, þá eru fleiri ástæður sem mæla á móti því, að samþykkja það hjer, þar sem það er kunnugt, að h. efri deild er búin að samþykkja þingsályktunartillögu um aðalefni málsins, og jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það nokkuð »paagaaende«, eins og danskurinn segir, eða lýsa nokkuð mikilli heimtutrekju, að senda nú frv.

þetta til efri deildar, þótt reyndar ekkert sje því til fyrirstöðu frá formsins hlið, og í öðru lagi virðist mjer, að neðri deild með því að samþykkja frv. lýsi því yfir, að hún vilji enga aðra sjálfsstjórn hafa nema í þessum búningi.

Jeg ætla svo að víkja fáeinum orðum að nefndarálitinu. Ágreiningurinn er þannig lagaður, að minni hlutinn heldur því fram, að stjórnin muni skoða það sem þreytu og dignun hjá þjóðinni, ef frumv. verði eigi samþykkt, en meiri hlutinn álítur þá skoðun ranga og ekki á rökum byggða. Jeg get nú eigi verið samdóma um það, að slík skoðun mundi vakna hjá stjórninni, því hún getur þó ekki verið svo vanþroskuð að politiskum skilningi til, að hún sjái ekki, hvað er alvara og hvað er gaman í þessu efni. Ef stjórnin nú fær þannig lagaða þingsályktun, sem h. efri deild nú þegar hefir samþykkt, þá hlýtur hún að sjá, að það er alvara vor, að halda áfram þessum kröfum vorum, sem vjer allir erum sammála um, sleitulaust; en ef vjer sendum henni nú frv., sem hún tvisvar er búin að neita um samþykki sitt og sem hún veit, að margir eru óánægðir með, þá mun hún skoða það sem ljettúð og þrákelkni, og það mun ekki verða til þess, að bæta fyrir oss nje horfum málsins.

H. minni hluti hefir vitnað í þingmálafundagjörðirnar, en í upphafi nefndarálitsins er sundurliðuð skýrsla um ályktanir fundanna í þessu máli. H. minni hluti hefir verið með í að semja þá skýrslu, og hún er rjett.

Að því er snertir þær fundarályktanir, sem tara fram á að haldið verði áfram stjórnarkröfum vorum í óbreyttu frumvarpsformi, þá ber þess vel að gæta, að ekki má leggja allt of mikla áherzlu á þessar yfirlýsingar þingmálafundanna, því að fyrst og fremst hafa þeir, sem flutt hafa frv. og mest hafa barizt fyrir því, eðlilega skoðað þetta hinn bezta og æskilegasta búning, og mjer dettur ekki í hug að lasta þá eða ámæla þeim fyrir það, og gjört sitt til að sýna þjóðinni og sannfæra hana um, að þessi vegur væri sá bezti og heppilegasti, sem vjer gætum farið, til að fá framgengt sjálfsstjórnarkröfum vorum; og í öðru lagi er það, að annað en þetta frumv. hafa þingmálafundirnir ekki haft að halda sjer til, og með því að lýsa því yfir, að þeir væru frv. meðmæltir, þá er mjög trúlegt, að þeir hafi að eins viljað segja það, að þeir vildu, að haldið væri áfram sjálfsstjórnarkröfum þjóðarinnar afdráttarlaust, á þann hátt, er heppilegastur væri og líklegastur til árangurs, en þá hefir engum dottið í hug, að málið mundi liggja fyrir á þann hátt, sem nú hefir komið fram hjer á þinginu. Því hefir, veit jeg, víða brugðið fyrir, að menn hafa hugsað, að þetta frumv. væri hinn eini mögulegi vegur til að ná sjálfsforræði, eins og enginn annar vegur, enginn annar búningur eða aðferð væri til. Þess vegna get jeg ekki lagt eins mikla áherzlu á þingmálafundargjörðirnar eins og h. minni hluti. Á Þingvallarfundargjörðina get jeg heldur ekki lagt sjerlega mikla áherzlu, af því, hve naumman tíma slíkur fundur hefir til starfa síns, hvernig til hans er kosið og hvernig hann er samsettur.

Jeg áleit það skyldu mína, með þessum orðum að gera grein fyrir skoðun minni í þessu máli, og skal jeg svo ekki tala meira um það að sinni, en verði frekari umræður um málið, þá mun jeg gjöra nánari grein fyrir þeim ástæðum, sem jeg hefi að færa.

Pjetur Jónsson: Jeg þarf ekki að svara h. framsögum. meiri hl. (Guðl. G.) með langri ræðu, því ræða hins h. framsögum. var bæði skýr og greini-

leg, og mál þetta er svo margrætt bæði utan þings og innan; jeg hef því látið mjer lynda með fáum orðum að taka fram ástæður mínar í nefndarálitinu, og vegna þess að jeg veit að menn skilja afstöðu mína gagnvart málinu, álít jeg, að jeg þurfi ekki að eyða miklum tíma eða mörgum orðum til þess að skýra hana fyrir mönnum.

En það var einkum eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Við frh. 1. umr. kom sú skoðun fram í ræðu hæstv. landsh. og h. framsögum. meiri hl., og nú aptur í ræðu h. framsögum., að ef þingið nú samþ. þetta stjórnarskrárfrumv. óbreytt, þá mundi stjórnin líta svo á, sem ekki væri til neins að bjóða þjóðinni stjórnarbót í nokkru öðru formi en þessu. Jeg held það sje óhætt að skilja ræðu hæstv. landsh. svo, að þetta sje hans meining; hann sagði það skýrt, að stjórnin hefði að eins neitað þessu frumv., eða neitað stjórnarbótarkröfum vorum að eins í þessu formi. Mjer finnst stjórnin þegar hafa tekið af öll tvímæli, tekið af oss ómakið með allar getgátur, því í þau tvö skipti, sem hún hefir neitað frumv. staðfestingar, hefir hún skírskotað til nóvbr.auglýsingarinnar frá 1885; jeg skal með leyfi h. forseta lesa upp kafla úr þeirri auglýsingu: — »Ef æðsta stjórn Íslands yrði, eins og ákveðið er í hinu samþ. frumv., fengin í hendur ábyrgðarlausum landstjóra, skipuðum af Oss og með aðsetur í landinu sjálfu, er skyldi hafa vald til að ráða þeim málum til lykta í umboði Voru, er konunglegs samþykkis þurfa, — með þeim einum undantekningum, að hann gæti eigi staðfest breytingar á stórnarskipunarlögunum, eigi náðað menn nje veitt almenna uppgjöf á sökum — og sem skyldi taka sjer ráðgjafa og láta þá framkvæma vald sitt, og hafa ábyrgð á stjórnarstörfunum fyrir alþingi, þá myndi Ísland með þessu móti, eins og Vjer áður höfum tekið fram í auglýsing Vorri til alþingis 23. maí 1873, er um líka uppástungu frá alþingi var að ræða, í raun og veru verða leyst úr öllu sambandi við ríkið, þar sem æðsta stjórn þess þá yrði falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu, er óháð væri bæði hinni annari stjórn Vorri og eins ríkisráði Voru«. — Það eru þessi síðustu orð, sem eru ótvíræður vottur þess, að stjórnin vill ekki ganga inn á að vjer losumst undan ríkisráði Dana; hún getur ekki sætt sig við það, og á meðan svo er, finn jeg enga ástæðu til að halda að það sje eiginlega form frv., sem hún hafi að fetta fingur út í. Þetta styrkist líka af þeim orðum, er seinna koma í sömu auglýsingu: »Í Vorri konunglegu auglýsing til Íslendinga 14. febr. 1874 ljetum Vjer í ljósi, að Vjer álitum að með stórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 væri stjórnarskipunarmál þess að fullu og öllu til lykta leitt«. — Einmitt þetta tekur af öll tvímælin. 1874 var ef til vill ekki ástæða til að halda að meining orðanna væri sú, að »málið væri til lykta leitt« — um alla eilífð, en þegar sömu orðin eru tekin upp 10 árum seinna, þá er talsverð ástæða til að ætla, að þau muni eiga að hafa þá þýðingu. Á meðan svona er, finnst mjer það vera ástæðulítið, að óska eptir yfirlýsingu frá stjórninni um það, hvaða form á stjórnarbótarkröfum vorum henni mundi líka.

Í beinu samræmi við þetta gæti einhver sagt: »Það er ekki til neins fyrir oss að halda þessari stjórnarbaráttu áfram; það er rjettast að leggja árar í bát«. — En þetta dettur einmitt engum í hug, og hvers vegna? Af því menn vafalaust vona að sjórnin innan

skamms komist til »æðri og betri þekkingar« á kröfum vorum, kannist við að þetta sjeu þau lífsskilyrði, sem vor þjóð ekki getur án verið. Jeg er viss um að allir byggja von sína á því, að stjórnin með tímanum muni viðurkenna, hve mikils virði það er fyrir oss að ná voru sjálfsforræði, en hve lítils virði fyrir hana að fyrirmuna oss það. Þess vegna er það áríðandi, að stjórnin fyrir látbragð vort komist ekki í neinn vafa um, að vjer sjeum innilega sannfærðir um þetta, og að vjer stöndum fast á sannfæringu vorri. Það er engin frekja eða hranaskapur í því, þó vjer segjum, að vjer viljum fá stórnarbótarkröfum vorum fullnægt í þessu ákveðna formi, því aðalatriðið fyrir stjórninni er ekki formið, heldur efnið.

H. framsögum. (G. G.) minntist á það, sem jeg vitnaði í þingmálafundina og Þingvallafundinn. Jeg skal nú fúslega játa að jeg hefi enga oftrú á slíkum fundum, þegar þeir gera eitt árið það sem kemur í bága við það, sem þeir gerðu árið áður. En þegar eitt mál hefir verið á þingmálafundunum ár eptir ár, og þar framfylgt í sama anda alltaf gegnum þykkt og þunnt, og þegar þetta mál hefir verið samþ. á allsherjarþjóðfundi, Þingvallafundinum, sem er haldinn á þeim stað, þar sem flestir munu finna þá heilögu köllun, að láta það í ljósi, sem er þeirra innilegasta sannfæring — þá finnst mjer ástæða til að taka þær skoðanir til greina, sem koma fram á þessum fundum. Ef stefna þingmálafundanna og Þingvallafundarins í ár hefði komið í bága við þá stefnu, er þar hefir verið fylgt áður, þá hefði verið full ástæða til að taka lítið tillit til vilja þeirra.

En nú er það ótvírætt, hvernig sá hluti þjóðarinnar, sem sótti Þingvallafundinn, lítur á þetta mál.

Jeg ætla mjer ekki að hefja neitt stríð um þetta mál, því jeg álít, að öll deila verði því til skaða, en jeg verð að lýsa því yfir, að einmitt þetta, að þjóðin vill þennan búning málsins, frv.-búninginn, heldur en tillögubúninginn, hefir haft áhrif á afstöðu mína gagnvart málinu, auk þess sem það sama er mín innileg sannfæring.

Skúli Thoroddsen: Áður en gengið verður til atkv. um þetta mál, langaði mig til að gjöra grein fyrir skoðun minni á því, og sjerstaklega vildi jeg segja nokkur orð út af ýmsum atriðum í ræðu h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.).

H. framsögum. (Guðl. G.) taldi þess litla von, að það mundi leiða til nokkurs árangurs, þó að frumv. þetta yrði samþ., með því að stjórnin myndi ekki gjöra annað en að endurtaka sitt fyrra nei; en um þetta er ekki gott að segja, því að skipun stjórnarinnar getur breyzt, áður en minnst varir; vjer vitum ekki, hvort hinn núverandi ráðherra Íslands situr að völdum lengur eða skemur, og það hefir enda verið talið líklegt, að ráðherraskipti kynnu að verða í Danmörku á komandi hausti, áður en danska ríkisþingið kemur saman, og er þá bágt að segja, hvort hin nýja stjórn í Danmörku kynni ekki að líta sjálfstjórnarkröfur vor Íslendinga öðrum augum en sú stjórn, sem nú situr þar að völdum. Mjer finnst því, þegar á þetta er litið, að ekki verði mikið byggt á yfirlýsingum stjórnarinnar í kgl. auglýsingunum frá 1885 og 1893, því að vjer vitum, að það er vilji ráðgjafans, en ekki persónulegur vilji konungs, sem kemur fram í þessum auglýsingum, og enda sama ráðaneytið getur skipt skoðun sinni á málinu, svo að ómögulegt er að fullyrða, að þingið fái enn sömu svör í þessu máli, eins og að undanförnu.

Þá tók h. framsögum. meiri hlutans það fram, að víða væri megn óánægja með ýms ákvæði í stjórnarskrárfrumv. þessu og benti jafnframt á það, að stjórnarskipunarlög þjóðanna væru klædd í mjög misjafnan búning, svo að auðvelt væri að koma sjálfstjórnarkröfum þjóðarinnar öðru vísi fyrir, en gjört væri í frv. þessu. Mjer er nú að vísu ekki kunnugt um þessa óánægju, sem þingm. lýsir, en hitt er hverju orði sannara, að ekki eru öll stjórnarskipunarlög í alveg sama mótinu sniðin, og jeg hefi heldur aldrei haldið því fram, að sjálfstjórnarkröfur vor Íslendinga gætu ekki komið fram í neinum öðrum búningi en í frv. þessu, eða rígbundið mig svo við ákveðinn búning, að jeg hafi álitið, að í þessum búningi einum gætum vjer Islendingar fengið sjálfsstjórnarkröfum vorum fullnægt, en í öðrum ekki, og jeg leyfi mjer að mótmæla því, að stjórnin hafi nokkurn rjett til þess, að draga þá ályktun út af því, ef alþingi samþykkti nú frv. óbreytt, að þingið vilji ekki þiggja stjórnarbót í neinu öðru formi, eða í neinum öðrum búningi en þeim, sem sjálfstjórnarkröfur vorar eru klæddar í í frv. þessu. Stjórnin hefir ekki rjett til að draga aðra ályktun af þessu en þá, að Íslendingar myndu gjöra sig ánægða með þetta frv.; en þar með er alls ekki loku skotið fyrir það, að þeir gætu einnig fellt sig við frv., þar sem ýmsum atriðum væri nokkuð öðru vísi fyrir komið, ef að eins aðalkjarninn í sjálfstjórnarkröfum vorum væri hinn sami.

Þá tók h. framsögum. það fram, að hann gæti ekki byggt mikið á yfirlýsingum þeim, er komið hefðu fram á þingmálafundum í hjeruðunum, og því síður á ályktunum Þingvallafundarins í þessu máli, af því að menn þá hefðu ekki þekkt þingsál.till. þá, sem nú væri komin fram; og jeg skal auðvitað ekkert um það segja, hvaða byr þingsál.till. myndi hafa fengið, hefði mönnum gefizt kostur á að ræða hana; en það verð jeg að taka fram, að jeg hefði álitið það heppilegra, ef þeir menn, sem hafa borið þingsál.till. fram — jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að sumir þeirra að minnsta kosti hafi þegar fyrir þing hugsað sjer að fara þá leið — hefðu hreyft því á þingmálafundunum í vor og þar næst á Þingvallafundinum, að nú vildu þeir ekki hreyfa stjórnarskrármálinu öðru vísi en með þingsályktunartillögu þessari, því að jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að einhverjum þeirra tillögumannanna hafi þó hugkvæmzt þetta snjallræði, áður en þeir komu til þings; og einmitt á Þingvallafundinum var rjetti staðurinn til þess að leiða saman hesta sína, og komast að hinni rjettu niðurstöðu í máli þessu, og á þann fund hefðu menn því ekki hvað sízt átt að fjölmenna úr þeim hjeruðum, þar sem hikið og deigjan í sjálfstjórnarmáli Íslands er ríkust, að sögn þeirra tillögumannanna.

Jeg fyrir mitt leyti verð nú að líta svo á, að till.vegurinn sje ekki sá rjetti vegur í þessu máli; hvaða veg vjer eigum að fara, þegar um breytingar á stjórnarskrá vorri er að ræða, segir hún sjálf í 61. greininni, og jeg sje þar þingsályktun hvergi nefnda, heldur að eins þá einu leið, frumvarpsleiðina, sem farin hefir verið að undanförnu; það er því ekki rjett, að tala um þingsál.till. sem nýjan eða sjerstakan veg í þessu máli, því hún er í raun rjettri ekkert annað en beiðni til stjórnarinnar um að leggja sjálf stjórnarskrárfrv. fyrir þingið, svo að þingið á þann hátt fái að vita, hvort hún er tilleiðanleg til nokkurrar tilslökunar.

Annars get jeg ekki annað en látið í ljósi, að jeg hefði álitið það rjettara,

þar sem meiri hluti stjórnarskrárnefndarinnar segist vera óánægður með einstök atriði í þessu frv., að hann hefði þá valið þann veginn, að sníða og sýna þann búinginn, sem hann vill klæða sjálfstjórnarkröfur Íslendinga í. Það er ekki hægt að segja um það, þar sem það ekki hefir verið reynt, hvort vjer frumv.mennirnir hefðum ekki getað samlagað oss við till.mennina um breytingar á einstökum atriðum frumv., og það hefði jeg fyrir mitt leyti álitið mun heppilegra.

Það gjörir og þingsáltill. óheppilega í mínum augum, og gefur mjer litla von um árangur, að framsögumenn till. bæði í Ed. og Nd., hafa meðfram rökstutt hana með því, að menn væru óánægðir með ýms atriði frv., og fæ jeg því ekki betur sjeð, en að hjer sje stjórninni gefið undir fótinn, að hugsa og segja sem svo: «Nú eru Íslending-«ar svo staddir, að þeir geta ekki leng-«ur komið sjer saman um stjórnarskr.-«frv. það, sem þeir hafa verið að berj-«ast fyrir að undanförnu, og vita ekk-«ert hvað þeir eiga að setja í staðinn, «en lýsa því að eins yfir, að þeir haldi «fast við nokkur aðal-atriðin; en fyrst «nú svo er komið, þá er er mjer óhætt «að bíða og sjá, hvenær þeir verða «búnir að koma sjer saman um þenna «nýja búning, sem þeir nú látast vilja «klæða sjálfstjórnarkröfur sínar í».

Mjer finnst því þessi aðferð þingsins einmitt hvöt fyrir stjórnina til þess, að gjöra ekki neitt. Hún hlýtur að skoða þetta sem vott um þreytu og deyfð frá þingsins hálfu. Og svo framarlega, sem sú stjórn situr við stýrið, sem nú er þar, og engum breytingum á stjórnarskrá vorri segist vilja taka, þá kemur mjer það ókunnuglega fyrir, ef hún ekki verður sundrungu vorri fegin, og hugsar sem svo, að nú geti hún róleg setið hjá, á meðan vjer Íslendingar sjeum sjálfir að rífast og koma hinu nýja frumv. á laggirnar.

Þar sem h. framsögum., og meiri hluti nefndarinnar, lætur í ljósi, að hann óttist, að ef frv. yrði nú samþ. og fengi sömu afdrif hjá stjórninni, eins og að undanförnu, þá myndi koma hik og apturkippur í þjóðina, að því er aðalatriði málsins snertir, þá verð jeg að lýsa því yfir sem minni skoðun, að jeg óttast alls ekki neinn slíkan apturkipp. Jeg tók það fram þegar við 1. umr. þessa máls, að þörf vor Íslendinga á meira stjórnfrelsi væri svo brýn og knýjandi, og talaði til þjóðarinnar svo hátt og skýrt, að þjóðinni gæfist ekki tóm til að missa sjónar á málefninu, heldur hlyti hún jafnan, — þó að hik virtist koma í stöku kjördæmum í svip —, að rísa einhuga á ný vonum bráðar, og halda sjálfstjórnarkröfum sínum fram með nýjum og öflugri krapti.

Þegar jeg skoða gang málsins að undanförnu, verð jeg einnig að líta svo á, sem þingmenn sjeu ekki án saka um það, að málið er enn ekki komið lengra á leið. Vjer byrjuðum stjórnarskrárbaráttuna nokkru eptir 1880, og fyrst var frv. samþykkt á alþingi 1885 og síðan á aukaþinginu 1886, en jafnskjótt og stjórnin hafði synjað því staðfestingar í fyrsta sinn, þá kom hik á þingmenn á þinginu 1887; en jeg tek það fram, að þetta hik á þingmönnunum átti sjer ekki rætur hjá þjóðinni, því að það hefir sýnt sig í hvert skipti, sem þessu máli hefir verið skotið undir úrskurð þjóðarinnar, að þá þefir hennar dómur allt af orðið hinn sami, að halda málinu áfram. Á þinginu 1889 var frv. samþykkt í Nd., en strandaði í Ed., og svipuð afdrif fjekk málið á alþingi 1891; og fyrst á þingunum 1893 og '94 er svo önnur skorpan tekin, og svo fengum vjer þá annað nei-ið, og að

því fengnu þá kemur sami apturkippurinn aptur í þingið, enda þótt mikill meiri hluti af kjördæmum landsins hafi bæði á þingmálafundum og Þingvallafundinum í vor krafizt þess, að stjórnarskrárbaráttunni sje haldið áfram. En er nú þetta alvarleg barátta? Því fer fjarri, og sjeu þessi 2 nei stjórnarinnar í stjórnarskrármálinu t. d. borin saman við þau 17 nei, sem vjer höfum fengið í lagaskólamálinu, þá sje jeg ekki, að ástæða sje fyrir oss til að æðrast svo mjög, eða að kasta burt allri von um sigur í stjórnarbaráttu vorri. Vjer vitum, að okkar stjórn er svo gerð, að vjer þurfum að hamra á henni, ekki tvisvar eða þrisvar, heldur enda optar, til þess að fá ýmsum áhugamálum vorum framgengt; vjer höfum reynsluna fyrir oss í því efni; hvernig gekk t. d. með *hinn íslenzka texta laganna*, sjómannaskólann, læknaskólann og ótal margt fleira? Vjer höfum orðið að sætta oss, ekki við tvö nei, heldur langtum fleiri, en þó hefur stjórnin á endanum orðið að láta undan.

Jeg held því, að þjóðin verði að gjöra sjer það ljóst, að hún, eða öllu heldur fulltrúar hennar, hafa ekki sýnt þá alvöru og festu í þessu máli sem skyldi, og að hik þingsins í þessu máli er það hættulegasta vopn, sem vjer getum fengið stjórninni í hendur.

H. framsögum. spurði, að hvaða gagni það gæti orðið oss, að halda þessu frv. fram, og hefi jeg þegar svarað þessari spurningu með því, sem jeg þegar hefi sagt; það er eina og vísasta sigurleiðin í þessu máli, eins og í hverju öðru, sem menn taka sjer fyrir hendur, að sýna að manni sje full alvara, og að maður sje einráðinn í því, að halda málinu til streitu.

Stjórnin þarf að sjá, að þetta er vilji þingsins, og jeg álít, að einmitt frá þinginu eigi að ganga vekjandi straumar til þjóðarinnar, ekki sizt í þessu máli; það er ekki til neins að heimta, að sjerhver kjósandi geti gjört sjer glögga hugmynd um það, hve þýðingarmikið þetta mál er fyrir þjóðina; en þingmönnum er það ætlandi, að hafa þetta glöggt fyrir augum, og að telja fremur hug í þjóðina en kveða úr henni kjarkinn.

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg get ekki gjört eins lítið úr þýðingu Þingvallafundarins, eins og h. framsm. Þvert á móti verð jeg að álíta, að slíkir fundir, sem hafa hjeraðsfundina að bakhjalli, hafi mjög mikla þýðingu; á hjeraðsfundunum voru kosnir fulltrúar til Þingvallafundarins, og jeg veit til þess, að á vesturlandi var allur undirbúningur undir Þingvallafundinn víðast svo góður, sem kostur var á, með því að sveitafundir gengu víða á undan kjördæmafundunum; og þegar jeg lít á þetta, þá blandast mjer eigi hugur um það, að á ályktunum þessa fundar hljóti að mega byggja mun meira en á ályktunum fámennra þingmálafunda, að því er snertir vilja þjóðarinnar.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að svo stöddu, enda þykist jeg nú þegar hafa gjört grein fyrir því, hversvegna jeg álít frumv.-leiðina þá einu og rjettu leið í þessu máli, þá leið sem stjórnarskráin sjálf bendir oss á að ganga, þegar vjer viljum fá henni breytt.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það eru að eins fá orð, sem jeg vildi svara. H. þm. S.-Þing. (P. Jónss.) vitnaði í kafla, sem hann las upp úr auglýsingu konungs til Íslendinga 2. nóv. 1885, og dró þar af þá ályktun, að stjórnin hefði lýst því yfir, að æðsta stjórn ísl. mála mætti aldrei verða skilin frá hinu danska rík-

ísráði, og að hún þar með hefði tekið af öll tvímæli um, að samþykkja nokkurt slíkt stjórnarfyrirkomulag. Þetta þarf eigi að liggja í auglýsingunni. Orðið »stjórnarvald« í auglýsingunni á auðsjáanlega við landsstjórann og engan annan. Stjórnin eða konungur hefir því öldungis ekki sagt annað með þessari auglýsingu en það, að hún ekki vill eða þykist geta samþykkt frv. í þeim búningi, sem það nú er í. Annað eða meira verður ekki lagt í auglýsinguna.

Athugasemd h. þm. S.-Þing. (P. Jónss.) um Þingvallafundinn finn jeg alls enga ástæðu til að svara.

Það var eitt atriði í ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem jeg einnig minntist á við fyrstu umr. málsins, og sem hann nú gaf yfirlýsing um af hálfu þeirra, er frumv. fylgja. Jeg tók þá fram, að það væri nauðsynlegt, að deildin lýsti því yfir, að þó að hún samþykki þetta frumv., þá byndi hún sig eigi eingöngu við það. Það var þessi yfirlýsing, sem h. þm. nú gaf í ótvíræðum orðum, og sem jeg verð að leggja talsverða áherzlu á. Jeg álít hana nauðsynlega, til þess að stjórnin hefði ekki, — ef jeg mætti svo segja—, þá músarholu að smjúga í, til þess að komast hjá að svara, ef einhljóða samþykkt kemur frá báðum deildum, þá nefnil., að ekki sje til neins að gegna, því neðri deild hafi rígbundið sig við þetta frumv.; það áleit jeg, að hún annars mundi geta notað.

H. þm. sagði, að við, sem höldum fram þingsályktunartill., hefðum átt að bera hana undir þingmálafundi heima í hjeruðum út um allt land, áður en við komum með hana inn á þing. En þó jeg hefði gjarnan viljað hafa gjört það, þá verð jeg að segja það fyrir mitt leyti, að jeg gat það eigi. Jeg gat ekki borið tillöguna undir þingmálafundi eða aðra þingmenn áður en jeg fór til þings, af þeirri einföldu ástæðu, að þingsályktunartillagan var ekki komin í fast form í huga mínum fyr en jeg var kominn til þings, enda gat jeg eigi fyr sjeð, hvernig afstaða málsins var á þinginu.

H. þm. (Sk. Th.) benti á, að við hefðum átt að semja nýtt frv. Þetta kom einnig til umræðu í nefndinni. En bæði er það, að það er ekki á meðfæri þingnefndar, sem að eins hefir 3 vikna tíma til umráða og þar að auki er skipuð mönnum, sem jafnframt starfa í öðrum nefndum, að semja í hjáverkum slíkt frv., svo í lagi sje, og svo vakti það einnig fyrir mjer, að þó að við færðum frv. í nýjan búning, þá væri það engan veginn gefið — og enda jafnvel eigi líklegt, — að við hittum einmitt á þann búning, sem væri að vilja þings og stjórnar, eða sem stjórn og þing gæti fallizt á. Og þá áleit jeg betur heima setið, þar sem það mundi hafa vakið mikla og megna úlfúð og ósamlyndi í þinginu, og hins vegar mundi það óefað hafa spillt fyrir þingsályktunartill. í augum stjórnarinnar. Það eru nokkuð skiptar skoðanir okkar h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og mín um það, hvernig stjórnin muni líta á málið. Hann heldur því fram, að stjórnin muni skoða það sem hvöt fyrir sig að láta ekki undan, ef við breytum til um búninginn, að hún segi þá: lofum þeim að rífast, þeir eru ekki búnir að átta sig enn. Jeg lít aptur á móti svo á, að stjórnin, þegar hún sjer að allir eru á eitt mál sáttir um öll aðalatriði málsins, þá sje hún neydd til að gjöra eitthvað — neydd til að láta eitthvað ákveðið uppi. — Jeg fyrir mitt leyti geri mjer þá von. En gangi nú stjórnin ekki inn á ástæður vorar og láti ekkert ákveðið svar koma á móti, mun jeg ekki verða síðastur manna til að semja

nýtt frumv. á þeim grundvelli, sem þingsályktunartillagan byggir á; um annað álít jeg óþarft að berjast. Þannig lagað frumv. ætti að hafa þann mikla kost fram yfir þetta frv., að það ætti að verða klætt í allt brotaminni búning, og mundi, í stuttu máli, verða svo, að hver einasti maður á landinu gæti skilið innihald þess. Skilyrðið fyrir því, að menn sjeu staðgóðir í hverri baráttu, sem er, er örugg sannfæring og örugg trú á málefnið, en skilyrðið fyrir hvorutveggju þessu aptur er glögg og ljós þekking á málinu, en það er trauðlega heimtandi að öll alþýða manna geti þekkt og skilið út í yztu æsar jafn margbrotið frv. eins og það, er hjer liggur fyrir. Því neitar víst enginn, að allir sjeu á eitt sáttir um aðalatriðin, en um hitt eru deildar meiningar, hver vegurinn sje heppilegri; jeg fyrir mitt leyti álít nú þennan veg, sem þingsályktunartillagan fer, heppilegri. Það er mín sannfæring, að það þurfi að koma nýtt blóð inn í þessa hreifingu. Þjóðin verður þá betur vakandi og áhugi manna á málinu dofnar síður. Hjer er heldur ekki um neina apturför eða apturkipp að ræða, heldur aðeins um aðra vænlegri stefnu.

Þm. (Sk. Th.) minntist á neitun stjórnarinnar um lagaskóla, læknaskóla, ísl. texta laganna o. s. frv., en það er ólíku saman að jafna. Neitun stjórnarinnar á stjórnarskrárfrumvarpi þessu innibindur í sjer miklu meira en neitun hennar eða synjun á öðrum lögum gjörir. Það er ómögulegt að bera það saman. Hver kjósandi ætti að þekkja málið út í yztu æsar, það sem um er barizt, til þess að geta byggt sína sannfæring á eigin hugsun og þekking, en þurfa ekki að lepja eptir öðrum; þingsályktunin miðar einmitt til þess að gjöra baráttu-atriðin skýrari fyrir þjóðinni, þoka málinu í það horf, að þekking manna geti orðið glöggvari og betri á því. En skyldi nú sá vegur reynast árangurslaus, þá álít jeg rjett að halda málinu áfram í frumv.formi.

Þó að frumv. fari fram á, að íslenzk mál ekki skuli borin undir ríkisráð Dana, þá er það ekki annað en endurnýjun á þeim rjetti, sem vjer höfum eptir stjórnarskrá vorri. En jeg sje ekki neitt á móti því, að Nd. alþingis, ef stjórnin nú bregzt illa við væntanlegri áskorun beggja þingdeilda, gæfi hæstarjetti tækifæri til að skera úr því með dómi, hvort stjórnin hefir ekki farið í bága við stjórnarskrána og stöðulögin, með því á hinum liðna tíma að bera vor sjerstöku mál undir ríkisráðið.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) benti á, að vel gætu orðið ráðgjafaskipti í Danmörku innan skamms, og að hið nýja ráðaneyti tæki nýja stefnu í málinu. En fyrst og fremst er það nú óvíst, hvenær ráðgjafaskipti verða, og svo er hitt enn óvissara, að hið nýja ráðaneyti breytti stefnu í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti geri mjer engar glæsilegar vonir um það. Jeg þykist vita, að þeir sem þá koma, muni ekki verða stórum betri en þeir, sem nú eru. Þvert á móti er jeg hræddur um, að þeir muni feta í fótspor sinna fyrirrennara. Jeg hef enga trú á vinstrimönnum í Danmörku í þessa stefnu, fremur en hægrimönnum. Þeir eru oss ekki velviljaðri en hinir. Mín eina von er sú, að stjórnin muni eigi treysta sjer til að neita, ef þingið er á einu máli — heldur fast og eindregið fram aðalkjarna málsins—, og að hún þá sjái sjer ekki annað fært en að láta undan, og leggi fyrir þingið frv. til stjórnarskipunarlaga. Þá sjest, hvað langt stjórnin vill fara og hverja kosti hún býður, og þá er tími til að ræða þá ýtarlega. Jeg fyrir mitt leyti greiddi atkv. með þessu frv. 1893, þó

mjer líkaði ekki búningur þess, og eins mundi jeg gjöra með öðru frv. í öðrum búningi, þó mjer ef til vill ekki geðjaðist að öllu leyti að honum, einungis et öllum aðalatriðum í sjálfstjórnarkröfum vorum væri þar tryggilega fullnægt.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer, að bæta fáeinum orðum við ræðu h. þm. Suður-Þing. (P. J.). Hann las upp kafla úr svari stjórnarinnar frá 1885, þar sem stjórnin meðal annars heldur fast við hina fyrri yfirlýsingu sína um það, að með stjórnarskránni frá 5. jan. 1874 sje stjórnarskipunarmál landsins að fullu og öllu til lykta leitt. Hann gat þess og, að hjer væri um efnið að ræða, en eigi um búning þess. Orð stjórnarinnar eru ótvíræð, en þau eru líka ótvíræð fjarstæða, og það hefir líka öllum alþingismönnum komið saman um. Og þareð orð stjórnarinnar eru ótvíræð fjarstæða, getum vjer byggt á því þá vissu, að betri horfur komizt á málið, er ráðaneytisskipti verða, og annað sanngjarnara ráðaneyti kemur í stað þess, er nú situr að völdum. Því ráðaneyti, þar sem sanngjarnir menn sitja í, getur varla lengi haldið fram ótvíræðri fjarstæðu gegn rjettmætum kröfum þjóðarinnar. Frá þessu sjónarmiði er því fullkomlega óhætt, að halda málinu áfram, með von um sigur.

H. framsögum. meiri hlutans (Guðl. Guðm.) gat um kosti þá, er þingsályktunartillagan hefði fram yfir frumvarpið. Hann sagði, að hún hefði að innihalda föst aðal-atriði, sem allir þingmenn gætu sameinazt um, og það væri aðalkostur hennar. En má jeg spyrja: Eru ekki einmitt í frumvarpinu að finna næg undirstöðu-atriði, er allir gætu sameinazt um? Þó ýmsar einstakar greinar frumvarpsins sjeu ágreiningsatriði, hvað gjörir það til? Er stjórnin bundin við, að leggja þetta frumvarp óbreytt fyrir næsta þing? Nei! Svo heimtufrekt er alþingi ekki, en það heimtar svar á þann hátt, að stjórnin leggi fyrir þingið frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga, eins og henni sýndist nú að hafa það. Þá fyrst er fengin undirstaða fyrir samvinnu milli hennar og þingsins.

Frá þessu sjónarmiði hefir þingsályktunartillagan ekki líkt því neina kosti fram yfir frumvarpið. Og þó að frumvarpsleiðin sje máske ekki hin eina lögmæta, þá er hún hin eina heppilega leið í þessu máli.

Björn Sigfússon: Jeg sje að umræðum um mál þetta muni þegar lokið, þar sem enginn biður um orðið. Jeg finn ekki ástæðu til að fara út í málið sjálft, þar sem framsögumenn beggja flokka hafa hóflega, en all-ýtarlega gjört grein fyrir hinum mismunandi skoðunum af beggja hendi. En áður en atkvæðagreiðslan fer fram, vildi jeg gjöra grein fyrir atkvæðagreiðslu minni í þessu máli.

Það er orðið öllum h. þingdeildarm. kunnugt af þingmálafundargjörðunum, að kjördæmi mitt hefir óskað eptir, að önnur leið væri farin í þessu máli en frumvarpsleiðin.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) mælti í þá átt, að þeir af þingmönnum, sem aðra leið vildu fara, hefðu átt að bera það undir þingmálafundi í kjördæmum sínum. En í Húnavatnssýslu þurfti þess ekki með; þar er þetta engin ný stefna. Arið 1893 kom einmitt ósk um þá leið fram á þingmálafundi þar, og hið sama var í vor, eins og sjá má af þingmálafundargjörðinni. Þessi aðferð er því ýtarlega rædd þar, bæði í vor og áður.

H. sami þm. (Sk. Th.) sagði einnig, að kjördæmi þau, er hefðu haft þessa skoðun, hefðu átt að senda fulltrúa á Þingvallafundinn í vor, til að lýsa þar

þessari nýju stefnu og leita samkomukomulags við fulltrúa frá öðrum kjördæmum. Jeg verð nú reyndar að geta þess, að mjer er ekki vel kunnugt um, hvort nokkur áhugi á Þingvallafundi hefir verið til í Húnavatnssýslu á síðastliðnum vetri. Á þingmálafundinum í vor þar var reyndar rætt um, hvort senda skyldi fulltrúa þangað; en eins og þá stóð á (þingmálafundurinn var haldinn 8. júní), var mönnum þá ekki hægt að gjöra sjer ljóst, hvort nokkuð yrði úr því, hvort Þingvallafundurinn yrði haldinn eða ekki, og það sem olli því, var hinn mikli glundroði, sem á fundarboðinu var. Það er líka tekið fram í fundargjörðunum, að fundurinn vildi engan fulltrúa senda á Þingvallafund, »með fram sökum hins tvíræða fundarboðs«. Ef nokkur áhugi fyrir Þingvallafundi hefir því verið til í þessu kjördæmi — sem jeg alls ekki fullyrði — þá hefir honum verið hnekkt, einmitt af þeim manni, sem glundroðann vakti, og allir vita, hver hann er.

Eins og menn nú geta sjeð, er það í beinu samræmi við þetta, að jeg hefi gjörzt einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögu þessarar. Það var eindreginn vilji kjósenda minna, og ef jeg hefði ekki gjört það, þá hefði jeg algjörlega brugðizt þeim. En það kemur einnig fyllilega heim við mína eigin sannfæringu, að í þetta sinn sje rjett, að reyna nýja leið, og vita, hvort ekkert fæst annað frá stjórninni en þetta gamla stutta nei.

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkvæði með frumv. Jeg hefi farið tillögu-leiðina, og get ekki sjeð, að það sje samræmanlegt, að samþykkja hvorttveggja, bæði tillöguna og frumv. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frumv. við þessa umræðu.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt í heild sinni með 12 atkv. móti 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Jón Jensson,
Jón J., þm. Eyf.,	J. J., þm. A.-Sk.,
Pjetur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Tr. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Valt. Guðmundsson,
Þórður Guðmundss.	Þorl. Guðmundss.
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannaböfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 182, 251): 3. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Það eru komnar fram breytingartill. (251) við þetta frumv. frá nokkrum h. þingdeildarm., og vil jeg geta þess, að jeg vil til samkomulags, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, fallast á fyrri lið þeirra, þó að jeg hefði heldur viljað, að það ákvæði stæði óhaggað í frumv., að tala dómendanna í landsyfirrjetti skyldi aukin um tvo. En menn geta hugsað sem svo: þegar aðalatriðið, afnám hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem íslenzks dómstóls, er fengið, þá má álíta hægt í hendi fyrir þingið, að skipa hinn æðsta innlenda dómstól eins og bezt sýnist. Jeg vil þess vegna gjarnan fallast á, að þessi liður tillögunnar verði samþykktur.

En þegar kemur að 2. lið tillögunnar, þá get jeg ekki fellt mig eins vel við hann, því jeg vil ekki að þingið gangi þegjandi fram hjá 3. gr. stöðulaganna, 2. jan. 1871, sem beinlínis bendir á, að slíkt mál sem þetta eigi að leggja fyrir hið almenna löggjafarvald ríkis-

ins, enda hefir þetta ákvæði líka ávallt staðið í frumv. þingsins um þetta mál. Ef h. tillögumenn vildu taka þennan lið breytingartillögunnar aptur, og fyrri liður hennar yrði samþykktur, þá yrði frumv. orðrjett eins og það, sem samþykkt var á þinginu 1893, og þar með sýndi þingið þá í þetta sinn festu í málinu.

Þá skal jeg með fáum orðum minnast á málið sjálft. Frumv. var afgreitt sem lög frá þinginu 1893, en synjað staðfestingar, mjer liggur við að segja, á þeim mikla dómsdegi 10. nóv. 1893, þegar fleirum öðrum stórmálum vorum var synjað staðfestingar, svo sem stjórnarbótarmálinu og háskólamálinu. Óánægja þjóðarinnar yfir þessum sívaxandi synjunum ráðgjafa-stjórnarinnar er öllum kunn, því hún lýsir sjer á öllum þingmálafundum og hún lýsti sjer á Þingvallafundinum í vor. Það er viðkvæðið á öllum þessum fundum, að lýsa slíkri óánægju, og hún er í brjóstum vor allra.

Af því svona stendur á, vil jeg fara dálítið lengra út í þetta mál, og þá byrja á því með leyfi háttv. forseta, að lesa upp brjef ráðgjafans frá 10. nóv. 1893, þar sem hann ræður til, að synja þessu máli staðfestingar. Brjefið hljóðar á þessa leið: »Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hefir verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893 um afnám dómsvalds hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum.

Þjer hafið viðvíkjandi frumv. þessu látið í ljósi, að þjer álítið rjettinn til þess að geta skotið íslenzkum málum til hæstarjettar sem æðsta dómstóls svo mikil hlunnindi fyrir Ísland, að það væri ógæfa að missa þau og mjög óviturlegt að sleppa þeim sjálfviljugur, og að við þetta bætist, að sanngirnilegur æðsti dómstóll sje svo mikilsvarðandi liður í hinu stjórnarlega sambandi milli Íslands og konungsríkisins, að breyting á þessu sje að yðar áliti naumast hugsanleg, nema í sambandi við svo verulega breytingu á öðru stjórnarfyrirkomulagi, eins og til er ætlazt í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem alþingi nú á ný hefir samþykkt«.

Þetta er, eins og menn sjá, tilvitnun í brjef landshöfðingjans; en svo kemur svar ráðherrans sjálfs, og er þannig hljóðandi:

»Ráðaneytið, sem er yður samdóma um það, er þjer þannig hafið fram tekið, verður einnig að álíta, að þegar með tilliti til sjerstaklegra hagsmuna Íslands, þótt ekkert tillit sje tekið til tormerkja þeirra, sem vegna ríkiseiningarinnar mætti telja á það, að afnema stöðu hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, sje slík tilbreyting óráðleg. Ráðaneytið hlýtur að álíta það svo mikinn hag fyrir landið að eiga kost á því, að fá úrskurði hinna núverandi dómstóla kannaða af yfirdómstóli slíkum sem hæstirjettur ríkisins er, sem bæði að því er dómendur snertir og undirbúning þann og málaflutning, sem þar er kostur á, veitir tryggingu, sem er meiri en svo, að auðið verði að fá nándarnærri viðlíka mikla á Íslandi svo langt sem sjeð verður fram í tímann, að langt sje frá að upp á móti því geti vegið misfellur þær, sem stafað geti, sumpart af hinni miklu fjarlægð Íslands frá dómstaðnum, sumpart af því, sem í einstökum tilfellum getur komið fyrir, en ekki getur kveðið verulega að, að rjetturinn eigi örðugt með að ná fullum skilningi á lífsháttum, hugsunarhætti og þesshátt, sökum þjóðernisafbrigða.

Í allraþegnsamlegustum tillögum sínum hefir ráðgjafinn því lagt það til

við Hans Hátign konunginn, að frumv. þetta nái ekki allrahæstri staðfestingu, og hefir hans Hátign í dag allra mildilegast þóknazt að samþykkja þá tillögu«.

Jeg ætla mjer nú ekki að fara út í allt, sem tekið er til greina í þessu ráðherrabrjefi, en að eins minnast á tvö eða þrjú atriði í því, sem mjer finnast að vera mest athugaverð, og er þó, satt að segja, margt fleira íhugunarvert í þessu ráðherrabrjefi.

Vjer skulum nú bera þetta ráðherrabrjef saman við 1. lið. 3. gr. stöðulaganna 2. jan. 1871, sem hljóðar svo:

»Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur«.

Látum oss athuga þetta fyrst.

Þegar maður ber þetta saman við það, sem segir í ráðherrabrjefinu, að dómgæzla vor snerti ríkiseininguna, þá fer jeg að hætta að skilja það, sem jeg les, því dómgæzlan er þó í stöðulögunum einmitt talin til Íslands sjerstaklegu mála, að eins með því skilyrði, að þegar farið er fram á breyting á stöðu hæstarjettar í íslenzkum málum, skuli hið almenna löggjafarvald ríkisins taka þátt í því. Þessa synjunarástæðu ráðherrans skil jeg því ekki, enda álíta sumir, að hjer sje um lagabrot að ræða.

Hitt atriðið, sem einnig yfirgnæfir minn skilning og víst flestra, að minnsta kosti þeirra, sem ekki eru löglærðir, en sem jeg legg mikla áherzlu á, er það, að ráðherrann, að því er virðist, þvert á móti sínum eigin lögum, stöðulögunum, ber ekki við að leggja frv. það, sem þingið samþykkti 1893 og honum var sent, um afnám hæstarjettar sem ísl. dómstóls, fyrir hið almenna löggjafarvald ríkisins, heldur fer í þess stað með það beina leið fyrir Hans Hátign konunginn, og ræður honum að segja »nei« við því. Þetta sýnist mjer og mörgum með mjer röng aðferð, þar sem í 3. gr. stöðulaganna stendur: »Þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því«. Þessa tvo hlekki í lagasynjunarkeðjunni hefir hæstv. ráðgjafi Íslands sjálfur borið saman, því þessu getur hann þó ekki slengt á hið breiða bak landsh. eða borið hjer fyrir tillögur hans, að minnsta kosti ekki að því er hið síðara atriði snertir. Þegar menn bera þetta allt saman við stöðulögin, líta menn svo á, að með þessu háttalagi sje verið að draga úr höndum vorum þau rjettindi, sem stöðulögin veita oss. Sje þetta misskilningur, þá hefði verið gott að geta fengið skýringu á þessu atriði hjá hæstv. landsh., en hann er því miður ekki hjer í þingsalnum, svo ekki er hægt að beina neinni spurningu að honum þessu viðvíkjandi. Jeg vildi því mega snúa mjer til annara lögfróðra manna hjer í deildinni, en nú vill svo til, að h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðm.), sem jeg helzt hefði viljað snúa mjer til, er heldur ekki hjer inni. Jeg hefði sjerstaklega viljað biðja hann að lögskýra þetta atriði, því hann er þekktur að því, að gefa glöggar lagaskýringar, og honum er líka treystandi til að halla ekki málstað stjórnarinnar. Kannske h. þm. (Guðl. G.) verði kominn áður en jeg hefi lokið máli mínu, og gefst mjer þá kostur á, að beina að honum spurningu í þessa átt. En, sem sagt, jeg get ekki samþýtt þessi atriði í ráðherrabrjefinu við stöðulögin, og jeg hefi orðið var við þessa sömu skoðun hjá mörgum skynsömum mönnum utanþings, en því heldur er nauðsyn á að fá lagaskýring á þessum atriðum. Því ef menn stæðu ekki á

rjettri skoðun, þá væri gott að fá þessi atriði skýrð, svo menn gjörðu engum getsakir að ósekju, að hjer væri um lagabrot að ræða. Jeg ætlaði mjer ekki að tala mikið um málið, en hefði þó viljað segja fleira, einkum ef einhver rísi upp til að bera hönd fyrir höfuð stjórnarinnar að því er sjerstaklega snertir þessi spursmál, sem jeg hefi sjer í lagi gjört að umtalsefni.

Það er þó enn eitt sem jeg vildi sjerstaklega minnast á. Þegar jeg fer að bera saman þau góðu afnot og miklu gæði »og hag fyrir landið«, sem Íslendingar eiga að hafa eptir orðum ráðherrabrjefsins af hæstarjetti annarsvegar, og agnúana á þessu fyrirkomulagi hins vegar, þá kemur það til skoðunar, að vjer Íslendingar erum allt önnur þjóð en Danir að hugsunarhætti, lífsháttum og öðru. Mjer dettur ekki í hug að kasta rýrð á hæstarjett fyrir Dani sjálfa, en þegar verið er að ræða um þau miklu gæði fyrir Íslendinga, að koma málum sínum til hæstarjettar, hverjir eru það þá, sem njóta þessara gæða? Það eru að eins ríkismenn eða þá embættismenn, sem fá málssóknina gefins. En hvað verður þá um þá fátæku, sem þykir stundum lífsspursmál að áfrýja dómum frá yfirrjetti hjer? Þeir verða að stinga dómunum í vasa sinn vegna fjeleysis, og láta svo búið standa. Það sannaðist bezt, ef hinn æðsti dómstóll færðist inn í landið, hvort hann yrði ekki notaður. Jeg veit af um 20 málum, dæmdum í landsyfirrjetti, sem hlutaðeigendur sárlangaði til eða vildu fegnir geta skotið til hæstarjettar, en gátu ekki fjeleysis vegna. Þegar menn því eru að verja hæstarjett með því, að það sjeu að eins fá mál íslenzk, sem komi fyrir hann, þá er það að vísu rjett, en það kemur til af því, að menn hafa ekki ráð á að skjóta málum sínum þangað.

Jeg sje að h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðm.) ætlar ekki að koma inn í salinn, og skýt því þess vegna til annara lögfróðra manna í deildinni, að skýra þau atriði, sem jeg gat um áðan, svo hvorki jeg nje aðrir standi í þeirri meiningu, að hjer sje um lagabrot að ræða, ef allt er eins og á að vera.

Jón Jónsson (þm. A.-Skapt.): Af því að jeg er skrifaður fyrir tveimur breyt.-till. við þetta frumv. ásamt fleirum h. þingdm., skal jeg leyfa mjer að tala örfá orð.

Að því er snertir hina fyrri tillögu, þá hefir h. flutningsm. (Sighv. Á.) lýst því yfir, að hann geti fallizt á hana, og þarf jeg því ekkert um hana að tala frekar en jeg gjörði við 2. umr. málsins.

Síðari tillöguna kvaðst h. flutningsm. (Sighv. Á.) þar á móti ekki geta aðhyllzt, og færði nokkrar ástæður fyrir því, sem jeg hefi ekki á móti. Jeg lýsi því þess vegna yfir fyrir hönd mína og meðtillögumannanna minna, að við tökum þennan lið tillögunnar aptur.

Valtýr Guðmundsson: Jeg talaði í máli þessu við 2. umr. og ljet þá í ljósi, að jeg væri á móti máli þessu, sjerstaklega ef ekki væri bætt við tölu dómendanna í landsyfirrjettinum. En nú er komin breyt.till. um, að fella burt þetta atriði, og mjer virðist mjög óheppilegt, að h. flutningsm. (Sighv. Á.) hefir mælt með, að fella þetta burt, því sje það fellt burt, þá er frumv. algjörlega eyðilagt. Í minu kjördæmi voru menn algjörlega á móti máli þessu, nema því að eins, að tala dómendanna í landsyfirrjettinum væri aukin, enda er það óhugsandi, að hafa æðsta dóm landsins einungis skipaðann 3 mönnum, því þá gæti atkvæði eins manns ráðið lífi og eignum manna. (*Jón Jensson*, þm. Rvík.: Eins þó þeir sjeu fleiri). En

það er meiri trygging fyrir þessu, ef 5 menn sætu í dóminum.

Viðvíkjandi því, sem h. flutningsm. tók fram, að það væru ríkismenn einir, sem gætu skotið máli sínu til hæstarjettar, en hinir fátækari yrðu flestir að hlíta dómi yfirdómsins, þótt þeir væru sáróánægðir með hann, sem hann vissi mörg dæmi til, þá er ekki bætt úr þessu, þótt landsyfirrjetturinn verði æðsti dómstóll landsins, því úrslitin verða hin sömu og áður fyrir þá, sem ekki hafa getað skotið málum sínum til hæstarjettar, og hinir 20 menn, sem h. flutningsm. (Sighv. Á.) tók fram, að ekki hefðu getað skotið málum sínum til æðra dóms fyrir fjárskorts sakir, mundu hafa orðið jafnóánægðir með dómsúrslitin, þótt hæstirjettur hefði verið afnuminn með lögum sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum, því þeir hefðu þá orðið eptir sem áður að hlíta dómi yfirdómsins. Jeg sje því ekki, að með þessu sje bætt neitt úr óánægjunni með landsyfirrjettinn, þótt hann verði hæstirjettur landsins, sje ekki bætt við hann dómendum. Breytingin yrði því ekki önnur en sú, að þeir sem nú geta skotið málum sínum til hæstarjettar, yrðu sviptir möguleika með að gera það framvegis, og verða að hlíta dómi landsyfirrjettarins. Og þeir, sem nú verða að hlíta dómi hans, verða að gera það eins fyrir því, þó frumv. þetta sje samþykkt og yrði að lögum.

Flutningsmaður (*Sighv. Árnason*): Jeg ætla að eins að svara h. þm. Vestm. (V. G.) fáeinum orðum viðvíkjandi því, að þar sem menn væru nú óánægðir með, að geta ekki skotið málum sínum til æðra dóms, þá batnaði ekkert úr því, þó frumv. væri samþykkt, þar eð ekki væri aukið dómendum í landsyfirrjettinn, þá gekk jeg inn á breyt.till., sem leggur til, að fella burt þenna viðauka, að eins með tilliti til þess, að góð tök væru á því fyrir þingið að skipa dóminn, þegar búið er að fá aðskilnaðinn frá hæstarjetti, og það yrði aldrei nema mjög stuttan tíma, svo sem 1 eða 2 ár, að hann yrði svo fáliðaður sem hann er nú, meðan verið væri að koma honum á laggirnar með sjerstökum lögum, því þegar búið væri að staðfesta þetta frumv., væri tækifæri til, að fara að skipa dóminn með sjerstökum lögum. Jeg segi fyrir mig, að mjer dettur ekki í hug að leggja það til, að hafa dóminn svo fáskipaðan, sem yfirrjettur vor er nú.

Því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að hann treysti ekki dómnum betur eptir en áður, er jeg þá búinn að svara.

Halldór Danielsson: Jeg ætla að tala fáein orð viðvíkjandi fyrri lið breyt.till.

Mjer virðist mál þetta svo mikils vert, að talsvert sje til vinnandi, að fá frumv. framgengt. En sje breyt.till. þessi samþykkt, þá álít jeg, að búið sje að kippa fótunum undan frumv., því jeg álít heppilegra og viðkunnanlegra, að við látum ríkisþingið sjá, þegar mál þetta verður lagt fyrir það, hvernig vjer ætlum að haga þessum æðsta dóm landsins. Verði breyt.till. samþykkt, greiði jeg atkv. á móti öllu frumv.

Valtýr Guðmundsson: Jeg verð að svara h. flutningsm. (Sighv. Á.) viðvíkjandi því, ef breyt.till. verður samþykkt, að þá leiðir af því, að málið verður eigi samþykkt á ríkisþinginu, því það sleppir ekki þessu máli í hendur vorar, nema það viti, hvernig æðsti dómstóll landsins verði skipaður. (*Sighv. Á.*: Ríkisþingið varðar ekkert um það). Því það hefir fullkomið löggjafarvald jafnt alþingi, hvað þetta atriði snertir, og eins og búið er að taka fram, þá er kippt fótunum undan frumv., ef breyt.till. er samþ. En þar sem h. flutningsm. (Sighv. Á.) talaði um, að það væri meining manna, að laga þetta seinna, þegar

landsyfirrjetturinn væri orðinn hæstirjettur hjer að lögum, þá skal jeg taka það fram, að jafnskjótt og lögin eru staðfest, er landsyfirrjetturinn orðinn hæstirjettur og geta svo liðið tvö ár þannig, að að eins sjeu 3 dómendur í rjetti þessum, og þá getur viljað til, að hann verði að kveða upp fleiri dauðadóma áður en þing kemur saman, sem geti aukið tölu dómendanna.

Jeg greiði því atkvæði á móti frumv., ef fyrri liður breyt.till. kemst að, en hvað síðari liðinn snertir, að felld sje burt 3. gr. frumv., sem búið er að taka aptur, þá lýsi jeg því yfir, að jeg tek þá breyt.till. aptur upp.

Flutningsmaður (Sighv. Árnason): H. þm. Vestm. (V. G.) hjelt því fram, að ríkisþingið mundi ekki fallast á þetta mál, ef það sæi fyrir, að 3 menn ættu að sitja í æðsta dómi landsins. Jeg get ekki verið á sama máli. Jeg álít, að ríkisþingið varði ekkert um, hvernig dómurinn er skipaður hjer á landi, heldur að eins um aðskilnaðinn sjálfan. En ef þetta er ekki rjettur skilningur, þá vil jeg leyfa mjer, að skjóta því til h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Jeg beindi líka áðan til hans tveimur spurningum til lögskýringar, en ef hann hefir ekki heyrt þær vel, þá er velkomið, að jeg taki þær upp aptur.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Mjer fannst h. þm. Vestm. (V. G.) verða nokkuð skrafdrjúgt um dauðadóma, en jeg held, að þeir sjeu ekki svo algengir hjer á landi. Og þá sjaldan kemur fyrir, að þeir eru felldir, er það optast með öllum samhljóða atkvæðum allra dómstóla, að fengnum órækum sönnunum. Jeg álít það heldur ekki á gildum rökum byggt, að menn eigi síður líf og eignir undir eins manns atkvæði þó dómendurnir sjeu 5, því mjer virðist það geta orðið alveg jafnt, hvort sem þeir eru 3 eða 5. Það hefir verið talað um, að menn væru óánægðir með landsyfirrjettinn og dóma hans, er þeir gætu ekki skotið máli sínu til hæstarjettar, og er það eðlilegt, að menn uni því illa, ef þeir sökum fátæktar geta ekki látið mál sín ganga eins langt og hinir ríkari, en sú óánægja mundi hverfa, er ekki væri í annað hús að leita en til landsyfirrjettarins.

Hjer er einungis að ræða um aðskilnað þessa æðsta dóms vors frá hæstarjetti, og þegar sá aðskilnaður er fenginn, er hægt að skipa dóminn eptir þörfum vorum, en ríkisþingi Dana kemur ekkert við, hvernig hann er skipaður.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hefi hingað til setið fyrir þessu frumv. bæði við 1. og 2. umræðu. Í kjördæmi mínu er enginn áhugi á þessu máli. Jeg setti það einna efst á dagskrá á þingmálafundinum, en fundarmenn vildu enga ályktun gera í því, og sumir enda mótmæltu því. Jeg held að heppilegast mundi vera, að útkljá þetta mál í sambandi við lagaskólann. Mjer rís hugur við 5 háttlaunuðum dómendum við landsyfirrjettinn og 2 kennurum við lagaskólann. Það eru alls 7 embættismenn með eptirlaunarjetti, í stað 3 nú.

Mjer virðist sameinanlegt, að þessir 2 kennarar við lagaskólann væru aukadómarar við landsyfirrjettinn, bæði í dauðadómsmálum og öðrum stórmálum, og á hinn bóginn, að einn eða fleiri af hinum þremur föstu dómendum landsyfirrjettarins væru jafnframt aðstoðarkennarar við lagaskólann. Í þessu skyni er það, að jeg stend undir breyt.-till., að fækka tölu dómenda úr 5 í 3, og því að eins greiði jeg atkvæði með frumv., að sú breyt.till. verði samþykkt. Þó að frumv. í þeirri mynd verði ekki staðfest að sinni, er það þó að minnsta kosti yfirlýst rjettarkrafa vor, að hafa æðsta dóm landsins í landinu sjálfu, og

auk þess sem sú krafa er óaðskiljanleg frá sjálfstjórnarbaráttu vorri, hefir hún svo mikla praktiska þýðingu fyrir oss, þar sem einkamál hjeðan að heiman verða tíðast svo lengi að bíða dóms í hæstarjetti, að stór bagi er að.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi heyrt, að h. flutnm. (S. Á.) hefir borið undir mig, hvort það muni ekki vera brot á stöðulögunum, að ráðgjafi Íslands hefir ekki borið mál þetta upp fyrir ríkisþingið áður en hann hefir ráðið til að frumv. væri synjað staðfestingar. Því miður hefi jeg lítið hugsað um það efni, og treysti mjer því ekki að svo stöddu til að svara því með neinni vissu. Hvað snertir 3. gr. í hinu núverandi frv., þá álít jeg að ráðgjafinn sje ekki skyldur til að leggja þetta frv. fyrir ríkisþingið, enda er 3. gr. frv. öðruvísi orðuð en samskonar ákvæði í frv. fyrra.

Út af orðum h. þm. Borgf. (Þ. B.) þar sem hann lagði til, að kennarar við hinn fyrirhugaða lagaskóla væru jafnframt aukadómarar við yfirdóminn í stærri málum, þá álít jeg það ekki heppilegt, því starfi kennara og dómenda er svo ólíkur, þar sem kennarar eiga einkum að hugsa um hið »theoretiska», en dómendurnir verða að eiga við hið «praktiska». Jeg álít því ekki heppilegt að blanda saman kennarastöðu og dómarastöðu.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg ætla að eins að minnast nokkrum orðum á ræðu h. þm. A.Sk. (J. Jónss.) þar sem hann tók það fram áðan, að margan langaði til að skjóta máli sínu hæstarjettar, sem gæti það ekki fyrir fjárskorts sakir, og er jeg samdóma honum í því. Enginn má þó taka orð mín svo, sem jeg sje að drótta neinu að landsyfirrjetti vorum fyrir þá sök eða mistryggja hann, heldur er orsökin hin, að flestum er þannig varið, eða þeim, sem undir verða í máli, að þá langar til að fara eins langt og komizt verður, í von um að það kunni að hafa nokkurn árangur fyrir þá eða mál þeirra.

ATKV.GR.: Breyttill. 1. við 2. gr. á þingskj. 251 felld með 11 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Eir. Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jón Jónss. þm. A.Sk.	J. J. þm. Eyf.
Jón Þórarinsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Sk. Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þórhallur Bjarnars.	Valt. Guðmundsson.
Þorl. Guðmundsson.	Þórður Thoroddsen,

Breyttill. 2. á þingskj. 251 felld með 11 atkv. gegn 8.

Frv. í heild sinni samþ. óbreytt með 14 samhl. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa yfirkennara Halldóri Friðrikssyni (C. 217); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta frv., og vona jeg að fá góðar viðtökur hjer í deildi, því að allir þekkja þann mann, sem hjer er um að ræða, hve mikla verðleika hann hefir og hve mikið starf hann hefir leyst af hendi. Hann hefir verið kennari við latínuskólann í 47 ár, og er það 7 árum lengur en nokkur annar núlifandi embættismaður hefir þjónað embætti hjer á landi; og eptir því sem mjer nú er sagt, eru allir þeir menn sem eru í embætti hjer á landi lærisveinar hans, að einum undanskildum. Þar að auki hefir hann um langan tíma unnið mikið við landsmál; hann hefir setið á 17 þingum, frá 1855 til 1885, og svo 1893;

í skattanefnd á annað ár og umsjónarmaður skólahússins 17 ár. Auk þessa hefir hann gegnt mörgum störfum án þess hann hafi fengið nokkur laun fyrir, t. d. hefir hann verið 46 ár í stjórn landsbókasafnsins og formaður hennar í 20 ár. Formaður Búnaðarfjelags Suðuramtsins hefir hann verið 27 ár, og í bæjarstjórn Reykjavíkur 32 ár. Þetta allt að samanlögðu eru mikil störf, og hefir þurft mikla elju og atorku, til að leysa þau vel af hendi.

Það sem mjer kom mest til þess, að bera upp þetta frumv., var það, að mestan tímann, sem hann hefir gegnt embætti, frá 1848 til 1876, varð hann að búa við mjög lág laun; hann byrjaði með 500 rdl. launum, sem smáhækkuðu fimmta hvert ár, en urðu þó eigi meiri en svo, að hann hafði að meðaltali í 14 ár — frá 1848 til 1862 — 689 rdl. og í 13 ár, 1862 til 1875 — 800 rdl., það eru 1600 kr. á ári, og er næstum ótrúlegt, að hann skuli hafa getað framfleytt stórri fjölskyldu með svo lágum launum.

Jeg veit að mönnum mun ef til vill þykja undarlegt, að jeg skuli bera upp þetta frv. um hækkun eptirlauna á þingi, sem fer fram á að lækka eptirlaunin og helzt vill afnema þau með öllu. En eptir þeim orðum sem hafa komið fram á undanförnum þingum, þá er engin ósamkvæmni í því, þó þingið samþykki þetta frv., því að það hefir opt verið sagt, að menn vildu ekki hafa lögákveðin föst eptirlaun, heldur ætti þingið sjálft að veita þau þeim sem því þætti vera þess sjerlega maklegir; og fyrir mitt leyti finnst mjer, að sá maður, sem hjer er nefndur, sje einn í þeirra röð.

Hjer í h. deild eru margir hans lærisveinar, sem þekkja hann, og geta borið um, hvort jeg hefi eigi rjett að mæla. Sumum kann að þykja undarlegt, að jeg, sem ekki er hans lærisveinn, skuli verða til þess, að bera fram þetta frv. (*Jón Þór.*: Það er einmitt af því, að þm. er ekki hans lærisveinn). En jeg man það, að fyrir nokkrum árum var safnað í Kaupmannahöfn undirskriptum undir ávarp til hans, í minningu þess, að hann hafði þá verið kennari í 40 ár, og sögðu það flestir stúdentar og kandídatar þar, að af öllum kennurunum við latínuskólann hefðu þeir lært einna mest af Halldóri Friðrikssyni. Jeg get ekki borið um það, hvort þetta er rjett hermt, því að jeg hefi eigi notið kennslu hans; en þar sem svo margir af lærisveinum hans sögðu þetta, sem voru búnir að fá fullan þroska og gátu borið kennslu hans saman við kennslu við háskólann, þá verð jeg að vitna til þessara orða og trúa þeim.

Jeg ætti ekki að þurfa að fjölyrða um þetta, því að margir lærisveinar hans eru hjer í deildinni, sem þekkja, hve ötull og duglegur hann hefir verið og jafnframt samvizkusamur kennari. Jeg bið deildin líta á með mjer, hve ákaflega lítil laun hann hefir haft meiri hlutann af embættistíð sinni, og hve mikið hann hefir starfað fyrir landið. Hann getur þó eigi reiknazt í hóp þeirra hálaunuðu, sem sagt er um að eigi að safna til elliáranna. Jeg held að flestir h. þm. mundu segja við vinnumann, sem hefði unnið hjá þeim og feðrum þeirra í 47 ár, jafn-trúlega sem þessi maður, og aldrei hlíft sjer, og sem kominn væri hátt á áttræðisaldur: »Þú hefir unnið mjer trúlega og fengið lítið kaup — vertu ekki kvíðandi fyrir þeim fáu árum, sem þú átt eptir; jeg vil sjá svo til, að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur fyrir daglegu brauði í elli þinni».

Sumum kann að þykja nokkuð skrítin eptirlaunaupphæðin í frv., og eigi skilja, á hverju hún er byggð; en hún

er framkomin þannig, að jeg tók helming af mismuninum á launum þeim sem hann hefir nú, 3200, og þeim eptirlaunum, sem honum ber að lögum, 2100 kr. Nú þótti mjer 3200 kr. nokkuð mikið, en 2100 kr. oflítið, vegna þeirra sjerstöku ástæða, sem jeg hefi nefnt, og tók svo meðaltal.

Jeg ætla svo ekki að tala meir að sinni, en vona að einhver af þeim mörgu lærisveinum hans, sem sitja í þessum sal, styðji þetta mál.

ATKV.GR.: Málið fellt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugss.,
Jón Jensson,	Halldór Daníelsson
Ólafur Briem,	J. Jónsson þm.A-Sk.,
Sighv. Árnason,	Jón Jónsson, þm.Eyf.
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Tryggvi Gunnarss.	Pjetur Jónsson,
Þórður Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundss.	Valt. Guðmundsson,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórhallur Bjarnars.

Frumvarp til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings (C. 124, 214); 2. umr.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Það er hvorttveggja, að þessi fundur er orðinn langur, og mikið er eptir af dagskrá, og jeg tók það mesta fram við 1. umr. máls þessa, er jeg vildi sagt hafa, — enda skal jeg ekki tefja tímann með löngu máli; jeg skal að eins lýsa þeirri von minni, að h. þm. sjái að frv. hefir tekið breytingum til bóta, og láti það ganga óáreitt til 3. umr.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal strax játa það, að frumv. hefir að mörgu leyti batnað, en á hinn bóginn verð jeg að halda því fram, að ýms atriði í því eru vafasöm og hafa í för með sjer kostnað og fyrirhöfn. Jeg vil t. d. benda á, þar sem segir í 1. gr., að hross skuli járnuð, áður en þau eru rekin af stað til útskipunar-staðar, ef lengra þarf að reka þau en dagleið, þá verður það ákvæði erfitt í framkvæmdinni, þó jeg á hinn bóginn verði að játa, að það er nauðsynlegt, að hafa þau hross járnuð, er reka verður langa leið. En nú vitum við, að það er algengt að reka miklu fleiri hross til markaðs en seld verða, en áður en menn leggja af stað að heiman, er ómögulegt að vita, hver af hrossunum muni verða seld og hver ekki, og verður þá að járna þau öll saman, bæði þau er út ganga, og þau sem farið verður með heim aptur. — Því að framkvæma járningu á markaðinum munu menn kannast við, að sje lítt framkvæmanlegt, þar sem um svo mikið er að gera, og mörg hundruð hrossa saman komin, og markað opt ekki lokið fyr en undir nótt.

Þetta atriði vildi jeg minnast á; það hefir bæði fyrirhöfn í för með sjer, og kostnað fyrir viðkomendur, þó lítill sje. Svo er það, að þrátta má um, hvað dagleið er og hvað ekki; en þó að jeg sjái þessa ókosti á frumv., þá dettur mjer þó ekki annað í hug en að greiða atkvæði með því.

Hvað sauðfjenaðinn snertir, þá eru ákvæði frumv. því viðvíkjandi góð og nauðsynleg; því að það er reynsla fyrir því, að meðferð fjár í vöktun hjer í grennd við Reykjavík, áður en því er skipað út, er að mörgu leyti í ekki sem beztu lagi.

H. framsögum. (Jón Þór.) gerði við 1. umr. þessa máls of mikið úr því, hve illa væri farið með fje á leiðinni, þegar verið er að reka það hingað suður úr austur-sýslunum; jeg held jeg þori að segja, að jeg þekki eins mikið

til þess eins og þingmaðurinn og hver annar, og get jeg fullyrt, að hún er eins góð og kostur er á. Það er ekki við því að búast, að þeim, sem hjer búa, þyki það eins fallegt eins og það fje sem tekið er hjer úr högunum, og rekið út í skipið sama daginn; það er ólíkt heldur að reka það austan úr Skaptafells- og Rangárvallasýslum, yfir vatnsföll og vota vegu; það er ekki mannúðarleysi að kenna, að það lítur ekki vel út opt og tíðum, heldur vegalengdinni; menn brúka alla þá varkárni sem hægt er að við hafa, en fjeð getur ekki litið vel út eptir margra daga ferð og það kannske í rigningu og hrakviðrum.

En það er eitt af meinum austursýslnanna, að þurfa að reka fjenað hingað suður í pyndingar og misjafna meðferð, mönnum þykir það ekki neitt gaman eins og geta má nærri, en nauðin rekur oss til, austanmenn; eins og menn þekkja, og jeg hefi áður tekið fram, er það okkar mikla mein, austursýslubúa, að engin höfn er til austanfjalls fyrir fjenaðar-flutningaskip; það hefir mikið óhagræði og peningatap í för með sjer, að verða að reka fjenaðinn hingað til Reykjavíkur til útskipunar.

En eitt af hinum góðu ákvæðum frumv. eru hinar ströngu reglur um vöktun fjenaðarins hjer syðra, því að honum er sannarlega mikilla bóta vant, og það meiri en rekstri fjenaðarins og meðferð hans á austanleið.

Þó að jeg hafi nú fundið þetta að frumv., og sýnt fram á þessa erfiðleika við framkvæmd þess, þá hefi jeg alls ekki gert það í því skyni, að vilja leggja stein í götu þess, heldur mun jeg gefa því atkvæði mitt, en þó mun jeg koma með breytingartillögu til þriðju umræðu.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg ætla að eins að fá upplýsingar um tvö atriði, sem mjer eru ekki vel ljós, og vona, að h. framsögum. (Jón Þór.) geri svo vel og hjálpi upp á skilninginn.

Það segir í síðari hluta 2. breyt.till.: . . »þá skal hjúkra þeim skepnum og lækna á kostnað eiganda«. Er hjer meiningin sú, að eigandinn megi ekki sjálfur lækna það fje, sem sýkist af fje hans? Mjer þykir það óþarflega hart, ef baka á eiganda óþarfa kostnað, og tilgangur frumv. næst ekki betur fyrir það.

Svo er það niðurlag tilvonandi 4. gr.: »Launin greiðast af þeim er fyrir kaupum standa á fjenaðinum«. Það er í sjálfu sjer ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að eigandinn borgi kostnaðinn við þetta, en það er óljóst, því að hver »stendur fyrir kaupum« á því fje, sem hvorki er selt nje keypt í landinu, en þó flutt út, en svo er um allt fje kaupfjelaganna? Þetta ætti að orðast á annan veg, t. d. eins og stóð upphaflega. Mjer þætti vænt að fá að vita, hvernig nefndin sjálf liti á þetta.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla að eins að bæta við einu atriði, er jeg óska skýringu á. Í breytingartill. við 4. gr. segir: að eptirlitsmenn eigi að fá starfa sinn goldinn »eptir sanngjörnum reikningi«. Mjer lízt þetta ekki nógu nákvæmlega orðað; því að ef þeir, sem fyrir kaupum standa, kalla reikninginn ósanngjarnan, og hinir sanngjarnan — hver á þá að skera úr? (*Margir*: Dómstólarnir!).

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): Það hafa að eins fáar athugasemdir verið gerðar við frumv. þetta. H. þm. Rangv. (Þórður Guðm.) ætlaði, að af 1. greininni mundi leiða bæði kostnað og fyrirhöfn. — Það er vitaskuld, að ef menn vilja engan eyri leggja í sölurn-

ar fyrir að skepnunum líði vel, þá er ekkert hægt við það að gera, en vilji menn láta þeim líða vel, þá verða þeir að sætta sig við, að það kosti pen inga.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) vildi fá skýringu á niðurlagi 4. gr. Hann hefur sjálfsagt skilið það rjett, að svo framarlega sem eigandinn læknar ekki sjálfur hinar sjúku skepnur, þá verður það gert á hans kostnað. En gjöri hann þá gangskör að lækningunum, sem hlutaðeigandi yfirvald leggur fyrir hann, kemur auðvitað ekki til þess, að ráðstafa lækningunum á hans kostnað. Hið seinna atriðið er verra við að fást. Í nefndinni varð ágreiningur um þetta atriði. En oss leizt, að úr því mætti ráða á þann hátt, að sú skoðun, sem ráðgerð er í þessu frumv., kæmi í stað þeirrar skoðunar, sem nú fer vanalega fram á því fje sem fjelög t. d. kaupfjelög Þingeyinga og Árnesinga, láta halda á því fje, sem þau senda til útlanda. En hafi h. þm. Eyf. (J. Jónss.) nokkuð betra ráð, þá tökum vjer því fegins hendi, og mætti þá koma því að við 3. umr.

H. þm. Vestm. (V. G.) vildi endilega fá skýringu á því, hver ætti að skera úr því, hvort reikningar eptirlitsmanna væru sanngjarnir eða ekki. Við því liggur beint svar: alveg hinn sami í þessu tilfelli og öðrum: hlutaðeigandi yfirvald.

Halldór Daníelsson: Reyndar hafa aðrir h. þingdm. tekið fram mest af því, er jeg ætlaði að segja, en þó vildi jeg leyfa mjer að bæta fáeinum orðum við. Jeg játa það fyllilega, að það er mikil fyrirhöfn, að járna hrossin tryggilega áður en lagt er af stað með þau, þó mönnum virðist máske ekki horfandi í þá fyrirhöfn, því góð meðferð á skepnum er tilgangurinn, því þegar á markaðinn er komið, er optast nær alveg ómögulegt fyrir hrossakaupendur að láta járna þau þá; það eru þá svo mikil umsvif og þeir hafa þar í svo mörg horn að líta, svo járnunin getur hæglega farizt fyrir eða verið alveg ómöguleg og svo getur farið, að hrossin verði að fara af markaði ójárnuð, því eptirlit með þeim er kannske ekki ætlið framkvæmanlegt. En járnun á leiðinni til útskipunarstaðarins er auðvitað nauðsynleg, og á mörkuðunum verður að hafa strangt eptirlit með því, hvernig hrossin eru járnuð.

Ólafur Briem: Aðalkjarninn í frumv. þessu finnst mjer vera ákvæði 3. gr., um, að á útflutningsstaðnum skuli allur fjenaður vandlega skoðaður af tilkvöddum mönnum. Nefndin hefir stungið upp á þeirri breytingu, að skoðunin fari fram í hverjum hreppi. Ef sú er tilætlunin, að skoðun á útflutningsstaðnum eigi að falla burtu, verð jeg að telja þá breytingu mjög óheppilega. Við höfum reynsluna fyrir okkur í þessu efni. Eptir tilhlutun amtsráðanna hafa um nokkur ár að undanförnu fram farið skoðanir á öllu útfluttu sauðfje á hverjum framskipunarstað, og þar sem jeg þekki bezt til, hafa þessar skoðanir verið framkvæmdar með mjög mikilli nákvæmni. Aptur á móti hefir það komið fyrir, að skoðanir heima í hreppum hafa ekki reynzt nægilega tryggar. Einnig getur það komið fyrir, að þó skoðað sje heima í hrepp, geta óþrifakindur flækzt inn í reksturinn á leiðinni til útflutningsstaðarins.

Af því að svo mikið er í húfi, ef kláðasjúkar kindur flytjast til útlanda, álít jeg ekki horfandi í þann kostnað eða fyrirhöfn, að láta skoðanirnar fram fara bæði heima í hreppum og á útflutningsstaðnum, og óska, að frumv. verði breytt í þá átt.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að vera á allt annari skoðun en h. þm. Skagf.

(Ól. Br.). Jeg rjeð einmitt nefndinni til, að taka það ákvæði upp, að láta skoðunina á fjenu fara fram heima í hrepp. Því sú reynsla, sem jeg hefi haft, hefir sýnt mjer, að þar sem skoðun fer annarsstaðar fram en í hreppnum, verður hún naumast nema nafnið tómt. Og það eru mörg rök til þess, að það á sjer stað. Í kaupstöðum er fyrir margra hluta sakir óþægilegt að hafa fje lengi, og með innistöðu og hnjaski við skoðunina, þar sem allur fjöldi fjárins er saman kominn, getur það hæglega orðið fyrir illri meðferð. En að fjeð verði fyrir illri meðferð er þó ekki tilgangur frumvarpsins. Það er miklu hægra að skoða fje heima, þar sem nægilegir hagar eru og góðar kringumstæður til þess, að skoðunin geti farið vel frum.

En þar sem í 3. gr. frumv. stendur, að hafa skuli eptirlit með útflutningshrossum, þegar á útflutningsstaðinn er komið, þá vil jeg einnig láta ákvæði þeirra ná til sauðfjár, bæði hvað snertir meðferð og skoðun þess.

Skoðun og eptirlit eru sitt hvað. Jeg get sem dæmi tekið stað, sem jeg þekki vel; það er á Akureyri. Í fyrra voru þar 4 skoðunarmenn, en þeir gátu ekki skoðað nákvæmlega hverja kind; þeir tóku ofan í hrygginn á þeim, og ljetu svo allar fara út í skipið, nema þær, sem voru sjerstaklega tortryggilegar. Þeir gátu náttúrlega ekki fyrirtekið, að kláði kynni að hafa leynzt á einhverjum kindum. Aptur á móti í Þingeyjarsýslu er nákvæm skoðun heima í sveit, en auðvitað næstum eingöngu á kaupfjelagsfje. Þar er svo nákvæmlega gætt að, að þar er ómögulegt að láta burt nokkra veika kind. Og þar verður eptirlit með útflutningsfje fullt eins nákvæmt og hingað til, hvort sem þetta verður að lögum eða ekki.

Viðvíkjandi óákveðnum orðatiltækjum í frumv., sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) gat um, þá gæti jeg fyrir mitt leyti gengið inn á breyt.till., sem skýrði orð frumv. betur.

Guðjón Guðlaugsson: Það hafa komið fram tvær ólíkar skoðanir á þessu máli; önnur frá h. þm. Skagf. (Ól. Br.), en hinn frá h. þm. S.-Þing. (P. J.). Jeg er nú eindregið á skoðun þm. Skagf. (Ól. Br.), og byggi jeg það á reynslunni — á glöggri og ákveðinni reynslu. Jeg veit það, að hreppaskoðanir hafa reynzt alls ónógar; en aptur á móti hafa skoðanir, sem framkvæmdar hafa verið á útflutningsstaðnum, reynzt miklu betri. Reynslan hefir sýnt það með fje Dalamanna, sem rekið hefir verið til Hrútafjarðar; það hefir allt af verið skoðað heima af 2 mönnum áður en það var rekið á útflutningsstaðinn, en þó hefir árangurinn orðið sá, að árlega hafa fundizt um 10 kindur kláðaveikar í fjenu, þegar það kom á útflutningsstaðinn. Reynslan hefir því sýnt, að heimaskoðunin er miklu óáreiðanlegri en skoðun á útflutningsstaðnum. Skoðunarmönnunum heima í hreppum er vanalega ætlað of mikið verkefni, svo þeir komast ekki yfir að aðgæta hverja kind, allrasízt svo nákvæmlega, að þeir geti sagt með nokkurri vissu, hvort hún muni heilbrigð eða ekki. Skoðunin heima í hreppunum verður því ávallt ófullkomin. Aptur á móti er hægt á útskipunarstaðnum að skoða nákvæmlega hverja kind. Jeg veit þetta af reynslunni. Á Borðeyri t. d. er hver kind nákvæmlega skoðuð. Fjeð er látið renna kind fyrir kind eptir trjebryggju út í skipið og svo rennur það stíu úr stíu í skipinu, í gegn um margar og þröngar dyr, þar sem skoðunarmennirnir hafa hönd á hverri kind og hver tekur við af öðrum, og hver kind er margskoðuð og

fer þá engin kind óskoðuð til útlanda. Sem dæmi upp á þessa nákvæmu skoðun má geta þess, að opt eru kindur sem sendar eru með fjárrekstrarmönnum fjelagsins, látnar eiga sig í öllum hópnum, fleiri þúsund fjár, þótt lítt auðkenndar sjeu, þar til skoðunarmennirnir reka sig á þær; þannig átti sjer t. d. stað með hvítkollóttan hrút á næstliðnu hausti, en við skoðunina kom hann fram og var haldið til skila. Hefði nú skoðunin verið ónákvæm, hefði hrúturinn farið til Englands. Þannig hefir það opt komið fyrir, að hafi kind, sem send hefir verið, ekki náðzt úr hópnum, hefir ekki þurft annað en biðja skoðunarmennina á útflutningstaðnum fyrir hana, og hefir hún þá ætíð komið til skila. — Við skoðunina í fyrra á Borðeyri kom nokkuð af kláðaveiku fje fram. Fjeð var látið renna úr einni stíunni í aðra um borð og hver kind rannsökuð af fleiri en 2 mönnum. — Jeg álít því, að eptirlit það, sem nefndin hefir stungið upp á að fram skuli fara heima í hreppum, sje þýðingarlaust og óþarft í alla staði. — Borgunin fyrir skoðunina er og varhugaverð, einkum ef skoðað er heima í hreppunum. Sá, sem kaupir, á að borga skoðunina; ef það er nú kaupmaður, sem kaupir, þá lætur hann skoðunarkostnaðinn koma niður á seljendum. En ef kaupfjelög eiga hlut að máli, eiga bændur sjálfir að kosta skoðun á sínu eigin fje. Væri skoðunin borguð af því opinbera — t. d. af jafnaðarsjóði, mundi það fyrir komulag reynast tryggilegra. — Jeg get ekki verið meðmæltur tillögu nefndarinnar í þessu máli, að því er þessi atríði snertir, og jeg mun greiða atkvæði á móti frumv., ef sú tillaga kemst inn í það. — Hún er heldur ekki glögglega orðuð; eins og h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) tók fram, er allt annað kaupandi eða útflytjandi.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögum. (V. G.) hefir að nokkru leyti svarað þeim athugasemdum, sem fram hafa komið. Samt ætlaði jeg að minnast á fátt eitt.

Það gæti vel komið fyrir, að fyndust menn, sem ekki væri trúandi fyrir að lækna sinn eiginn fjenað, og hver ætti þá að hafa eptirlit með því, að fjenaðurinn verði læknaður? Það verður að gerast af öðrum. Skoðunarmenn heima í sveitum ættu einmitt að sjá um, að menn ljetu ekki kláðasjúkt fje frá sjer til útflutnings. Mín skoðun er sú, að þegar lögbundin skoðun ætti sjer stað, þá mundi meiri festa og meiri trygging fengin fyrir þessu. Það væri heldur ekki óþarft, þó að fjeð væri skoðað þegar á útflutningsstaðinn kemur, eins og viðaukatillagan fer fram á, heldur alveg nauðsynlegt. Sú skoðun yrði þá eins og nokkurs konar æðri rjettur — yfirskoðun — sem meðal annars gæti orðið til þess, að láta skoðunarmennina í sveitunum hafa hitann í haldinu með að vanda betur heimaskoðanir sínar. Sömuleiðis gerðu þessar skoðanir fjáreigendum verulegt aðhald, að láta ekki kláðafje fara frá sjer á markaði. Jeg álít því enga vanþörf á hvorugri þessari skoðun, enda sagðist h. þingm. Srand. (Guðj. G.) svo frá, að skoðun á útflutningstaðnum væri mjög svo nákvæm og nauðsynleg þar í sýslu, en heimaskoðanir ekki tryggar, en þó kláði til. Og þó þessar skoðanir taki nokkuð langan tíma og fyrirhöfn, ætti það ekki að vera til fyrirstöðu, þar sem allir verða að játa, að það er mjög svo áríðandi, að fjeð sje nákvæmlega skoðað, svo að komið verði í veg fyrir, að kláðasjúkt fje verði flutt út úr landinu, þar sem það mundi gjörsamlega eyðileggja söluna á öllum hópnum, sem sjúka fjeð fyndist í, og, það sem meira er, máske algjörlega markaðinn fyrir

íslenzkt fje. Mjer finnst því engin meining í því, að fella málið fyrir það, þó þessi litli ágreiningur eigi sjer stað, og jeg treysti því, að málið fái að ganga fram í h. deild.

Fundi frestað til kl. 6 e. hád.

Pjetur Jónsson: Br.till. nefndarinnar virðast fá heldur lítinn byr hjá h. deild, og mun það ekki sízt stafa af mótmælum h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) gegn einu meginatriði þeirra. Jeg sje annars ekkert á móti því að fullnægt sje vilja þeirra sem óska þess, að skoðun fari fram á sjálfum útskipunarstaðnum; það þarf ekki annað en víkja við einu orði í 3. gr. frv. til þess að ákvæði um það verði nógu skýr. En fyrir mitt leyti álít jeg að ákvæðið um skoðun heima í sveit megi þó ekki falla burt, því að jeg tel skoðun á sumum útflutningsstöðum þýðingarlitla, að minnsta kosti mundi hún verða það fyrir Þingeyjarsýslu; það kann að vera nokkuð öðru máli að gegna í Skagafjarðarsýslu, þar sem fremur stutt er að reka fjenað til útskipunarstaðarins, og jeg rengi það alls eigi, að þar kunni rækileg skoðun að hafa farið fram og geta farið fram við útskipun. Jeg vona að gallar þeir, sem þykja vera á frv. verði ekki því til fyrirstöðu að málið fái að ganga til 3. umr.; þá mætti koma með brtill. til þess að ráða bót á þeim.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er samþ. h. 2. þm. Eyf. (J.J.) um að heppilegra sje að orða seinustu línuna í 3. gr. í brtill. öðruvísi en gjört er; þar væri greinilegra og heppilegra að orða setninguna: »ef hann kýs eigi heldur að slátra þeim» þannig: «ef hann kýs eigi heldur að lækna þær eða slátra þeim». Sömuleiðis er rjettara að segja í hinni fyrirhuguðu 4. gr.: «launin greiðast af útflytjanda« í staðinn fyrir: «af þeim er fyrir kaupum standa á fjenaðinum».

Eptir minni meiningu er skoðunargjörðin ekki aðalkjarni þessa frv., heldur sá, að koma á betri meðferð á söluþeningi, og reyna að koma í veg fyrir að hann sje píndur og kvalinn. Það er eigi fögur sjón að sjá hross, sem hafa verið rekin ójárnuð, það er: berfætt, alla leið norðan úr Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, þegar þau eru rekin hjer niður í bæinn, til útskipunar; sum þeirra hafa í engan fótinn þolað að stíga og lagzt svo í fjöruna og legið þar sárfætt og dauðþreytt, þangað til þau hafa verið rekin á fætur og drifin út i útskipunarbátana. Það er aðalkjarni frv., að fyrirbyggja slíkt og þvílíkt. Þó er það ekki svo að skilja, að jeg telji ekki skoðunina nauðsynlega. En álit manna skiptist um það, hvar heppilegast sje að fjárskoðunin fari fram; sumir telja nauðsynlegt að hún fari fram heima í hjeraði, aðrir vilja láta hana fara fram á útskipunarstaðnum. En satt að segja held jeg, að skoðunin sje svo áríðandi, að hún ætti helzt að fara fram á báðum stöðunum. Það þurfa ekki að koma nema 10—20 sjúkar kindur til Englands hjeðan af landi, til þess að enska stjórnin banni alla innflutninga á íslenzku fje; og þó skoðun á fjenaði þeim sem út á að flytja kosti nokkra tugi króna, verður það aldrei nema dropi í hafi, í samanburði við tjónið af útflutningsbanni hjeðan.

Mjer er það kunnugt að fyrir nokkrum árum var komið á fremsta hlunn með, að innflutningur á íslenzkum fjenaði til Englands yrði bannaður, af því að hjer væri enginn dýralæknir til að skoða fjenaðinn; var ritað um þetta mál fram og aptur frá Englandi til Kaupmannahafnar, en fyrir öruggt fylgi ráðgjafans og hyggni varð þó ekki af

banninu í það sinn. Þetta sýnir hvílíka þýðing rækileg skoðun getur haft og vil jeg því helzt ráða til að skoðanir fari fram bæði heima í sveitum og á útskipunarstaðnum.

Einar Jónsson: Jeg get tekið undir með h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) að fjenaðarskoðanir heima í sveit sjeu, að minnsta kosti sumstaðar, heppilegar. Á austurlandi þar sem þó margt fje er flutt til útlanda stendur svo á, að menn reka fje sitt í síðustu lög til Seyðisfjarðar til útskipunar; hagar þar í grennd eru svo litlir, svo að menn vilja geyma fjenaðinn þar sem allra skemst. Þar mundi því verða lítill tími til að skoða vandlega fje svo þúsundum skiptir við útskipunina. Jeg álít því 1. gr. í nefndarálitinu, sem á að verða 2. gr. frv., nauðsynlega að því er það svæði snertir. Jeg hygg að hún muni koma því til leiðar, að nákvæmasta skoðunin fari fram heima í hjeraði, þar sem líka er hægast að koma henni við; en síðan á útflutningsstaðnum önnur skoðun, ekki jafnnákvæm, að því er heilbrigðisástand fjenaðarins snertir, en þó þarfleg að því leyti er meðferð á fjenaðinum snertir.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.; 1. breytill. á þingskj. 214 smþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. brtill. á þsk. 214 sþm. 15 samhl. atkv.; 3. breyttill. á þskj. 214 smþ. með 15 shl. atkv.; 5. gr. frv. samþ. með 14 samhl. atkv.; 6. gr. frv. samp. með 14 samhl. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 samhl. atkvæðum.

Frumvarp til laga um áfangastaði (C. 206); 2. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það hefir engin br.till. komið fram við frv. og tek jeg þögn h. þm. þannig, að þeir hafi ekki sjeð neitt í því, sem kæmi í bága við hagsmuni þeirra sveita sem þeir eru fyrir, því að óskiljanlegt þykir mjer það, að þögn þeirra sje merki þess, að þeir vilji fella frv. Mjer finnast svo sanngjörn ákvæði 3. gr., að þeir sem verða fyrir miklum ágangi af ferðamannahestum fái hæfilega borgun fyrir það eptir mati sýslunefndanna. Um hinar gr. frv. er mjer minna annt. Jeg skil ekki, að nokkur geti verið mótfallinn því, að það sje leitt í lög, sem farið er fram á í 3. gr. Mjer þykir heimtuð allt of mikil gestrisni af mönnum, ef þeir ofan á allar hýsingarnar eiga að þola bótalaust ágang af hestum svo hundruðum skiptir. Mjer sýnast það mikil meðmæli með frv., að það er ekki einstakra manna verk eða komið fram að hvöt einstakra manna, heldur hafa sýslunefndir í tveim sýslum undirbúið málið og óskað eptir því, að lík ákvæði væri leidd í lög; og í slíkum efnum sem þessum virðist mjer, að hjeraðastjórnir ættu sem mestu að ráða í sínu hjeraði. Þinginu væri meiri vorkunn, þó það felldi málið, ef það væri eptir hugþótta eins þingmanns.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki neita því að mjer þykir nokkuð undarlegt að þannig lagað frv. skuli vera komið hjer fram, og þó að ekki hafi komið fram br.till. við það, þá er það meðfram af því, að deildin hefir verið svo hlaðin af málum nú að undanförnu, að lítill tími hefir verið til að gefa minni háttar málunum mikinn gaum. Eins og kunnugt er bar h. 1. þm. Árn. (Tr.G.) á síðasta þingi fram þingsál.tillögu í líka stefnu og frv. þetta, en hún gekk þó aðallega út á að leitað væri álits sýslunefnda Árnes- og Rangárvallasýslna um frv., og nú er þetta álit komið fram. Það hefði því mátt búast við, að frv. þetta hefði að eins náð til þessara tveggja sýslna, en ekki annara, og það því fremur, sem sýslunefndum í öðrum

sýslum hefir ekki verið gefinn kostur á að segja álit sitt um málið. Jeg efast ekki um að í Árnessýslu og Rangárvallasýslu kunni að vera þörf á þeim lögum, sem hjer er farið fram á að setja, en vafasamt þykir mjer, hvort þau muni vera þarfleg eða nauðsynleg í öðrum sýslum landsins. Mjer finnst því ekki ástæða að svo stöddu að semja lög, er leggja allþunga kvöð á sýslurnar; að minnsta kosti vil jeg að þær fái fyrst að segja álit sitt um það, hvort þær vilji taka þessa kvöð upp á sig.

Mín þögn hingað til hefir þýtt það, að jeg er frv. mótfallinn, og aðalástæða mín er sú, að málið er óundirbúið, nema að eins í tveimur sýslum landsins. Ef komið hefði verið með frv. til laga, sem hefðu átt að gilda fyrir þessar tvær sýslur einar, þá hefði verið öðru máli að gegna; það frv. hefði að líkindum tengið fylgi allra þm., en þetta frv. getur varla búizt við slíku fylgli.

En jeg hefi fleira að athuga við frv. en undirbúning þess. Í því sjálfu eru ákvæði, sem jeg tel óheppileg. Jeg skal nefna það sem kveðið er á í 2. gr. að sú kvöð skuli hvíla á jörðu hverri að á megi á henni án endurgjalds, «þegar ferðamenn ná eigi í áfangastað af þeim ástæðum, sem þeim sje ósjálfrátt». Hver á nú að dæma um það, hvenær ferðamönnum sje ósjálfrátt um að komast í venjulegan áfangastað? Það má auðvitað láta dómara skera úr því. En líklega yrði það nokkuð umsvifamikið, að leita til dómara í hvert sinn, sem ágreiningur getur risið út af því, hvort ferðamenn hafi að sjálfráðu eða ósjálfráðu ekki náð í ákveðinn áfangastað. Það mundi ekki veita af því, að einhver sem nærbyggi en dómari optast mun vera, gæti skorið úr ágreiningnum. En hver á að gjöra það? Frv. ætlast þó varla til að ferðamaðurinn eða landeigandinn fái það hlutverk.

Í 3. gr. er sýslunefndum veitt heimild til að veita fastákveðna árlega þóknun fyrir áfangastaði. Með þessu er sýslunni ef til vill bundin allþung byrði á herðar, án þess þó að flestum sýslunefndunum hafi fyrir fram gefizt kostur á að segja álit sitt um málið.

Mig furðar á að h. þm. Rangv. (Þ. G.) skuli hafa gjörzt meðflutningsmaður þessa frv., því að jeg man ekki betar en að á þinginu 1893 væri hann mjög á móti launahækkun yfirsetukvenna einmitt af því, að sýslunefndum hefði ekki gefizt kostur á að segja álit sitt um málið.

Þetta frv. getur bakað sýslusjóðum töluverð útgjöld, ef það verður að lögum, og hafa þeir þó þegar svo mikið fyrir á sinni könnu, að ekki virðist að nauðsynjalitlu bætandi á þá. Lög þau sem hjer er farið fram á að setja hafa ekki þýðingu fyrir land allt; því hefi jeg hugsað mjer að h. flutningsmenn mundu ef til vill fáanlegri til að taka þetta frv. aptur, og annaðhvort búa málið betur undir áður en það er borið upp að nýju, eða koma þá fram með frv. sem að eins næði til hinna tveggja sýslna, Rangárvalla- og Árnessýslu.

Þórður Guðmundsson: Það, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafði mest á móti þessu frumv. var, að það ætti að ná til alls landsins, þar sem í fyrra hefði að eins verið að ræða um tvær sýslur, Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Það er rjett, að í þingsályktunartill. þeirri sem borin var upp í fyrra, var ekki talað nema um þessar tvær sýslur. En við flutningsm. ímynduðum okkur að þessi lög gætu víðar komið í góðar þarfir en í þessum tveim sýslum, og vildum því búa þau svo úr garði, að aðrir gætu einnig notað þau, ef þeir vildu. Það er undarlegt, þar sem

ekki er um umfangsmeira mál að ræða en þetta, að h. þingdm. skyldu ekki koma fram með breyt.till. við það, ef þeim hefði þótt þess þurfa; það er varla hægt fyrir þá, að berja við tímaskorti. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) áleit, að sýslusjóðum mundi mjög verða íþyngt með lögum þessum, og það að sýslunefndum fornspurðum. En jafnframt áleit hann að víða væri engin þörf á lögum þessum. En þar getur ekki heldur verið neinn gjaldauka að óttast, því að það er engin hætta á því, að farið verði að ákveða nýja áfangastaði þar, sem engin þörf er á þeim.

Hvað það snertir hjá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að jeg hafi verið á móti hækkun á launum yfirsetukvenna, þá er þar allt öðru máli að gegna, þar sem þetta eru að eins heimildarlög, en hækkun launa yfirsetukvenna eru það ekki, og þar að auki var þeim smellt á sýslusjóði án þess hlutaðeigendur óskuðu þess. Jeg hefi heyrt það á ýmsum h. þm., að þörf muni víðar á lögum þessum en í Árnes- og Rangárvallasýslum. Jeg tek það aptur upp, að mig furðar á að þeir, sem eru óánægðir með málið, skuli ekki hafa komið með breyt.-till.; en jeg vona að frumv. verði þó ekki fellt, heldur reyni menn að koma sjer saman um þær breytingar á því, sem þörf sýnist á.

Halldór Daníelsson: Það hefir verið tekið fram af h. flutningsm. þessa frv. og fleirum h. þm., sem talað hafa, að þessi lög ættu sjerstaklega við í Árnes- og Rangárvallasýslum, og skal jeg engan veginn mæla á móti því að þeirra sje þörf í þessum tveimur sýslum, þar sem vegirnir hafa nú á síðustu árum breytzt þar að miklum mun. En það eru ýms ákvæði í frumv., sem jeg get ekki fellt mig við, t. d. það sem stendur í 2. gr., að sjeu menn á ferð og nái eigi í áfangastað, þá megi þeir æja allt að 10 hestum þar sem engin áfangastaður er, án endurgjalds. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að í landsleigubálki Jónsbókar 24. kap., sem enn eru gildandi lög hjer á landi, stendur svo: »Mönnum er rjett að æja eykjum sínum um sumar í annars manns landi, þar eigi hefir áður slegið verið«, svo að þetta ákvæði frumv. er með öllu óþarft, þar sem tekið er fram í gildandi lögum, að slík áning megi eiga sjer stað án endurgjalds. Ennfremur finnst mjer það nokkuð ósanngjarnt, að ákveða borgun handa nýjum áfangastöðum, en láta þá gömlu, sem þó hafa nokkurnveginn jafnmikinn átroðning eptir sem áður, ekkert fá.

Þar sem jeg þekki til, er svo ástatt að í Borgarfjarðarsýslu eru tveir gamlir áfangastaðir, á Leirá og í Höfn, og engar líkur eru til að umferð aukist, þó hún á hinn bóginn minnki líklega ekki fyrst um sinn, svo að þörf verði á að taka upp nýja, en í Mýrasýslu er enginn áfangastaður, og þess gjörist heldur engin þörf, og engir sem munu óska eptir því. Jeg vildi því breyta ákvæðinu í 3. gr. í þá átt, að sýslunefndum veitist heimild til að greiða þóknun úr sýslusjóði til ábúenda á þeim stöðum er verða fyrir mestum átroðningi, af því að menn landslags og staðhátta vegna verða að æja þar hestum sínum, enda mundu ferðamenn gjöra sjer far um að æja helzt á slíkum stöðum. Jeg efast ekki um, eins og bent hefir verið á, að þessi þörf sje í Árnes- og Rangárvallasýslum og máske víðar, en sem sagt, virðist mjer málið ekki nægilega undirbúið; en í Mýrasýslu veit jeg að hún er alls ekki, og svo ímynda jeg mjer að sje víðar á landinu.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg held að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafi ekki hugsað þetta mál nákvæmlega,

enda er það vorkunn í öllum þeim málafjölda sem nú er hjer á þinginu, þótt menn hafi eigi tíma til að kynna sjer nákvæmlega hvert smámál sem fyrir kemur. Þar sem hann tók fram að þetta frumv. væri að eins fyrir 2 sýslur í landinu, Árnes- og Rangárvallasýslur, og ætti því ekki að binda aðrar sýslur við það, þá held jeg, að ef hann hefði litið betur á 3. gr. frv. þá hefði honum ekki virzt þetta svo hættulegt; þar stendur í upphafi greinarinnar, að: »Sýslunefndum veitist vald til að til að tiltaka nýja áfangastaði, þar sem reynslan sýnir að þess þarf við«. Jeg held að þannig löguð heimild geti aldrei orðið hættuleg, því ef sýslunefndin álítur enga nauðsyn til þess, að taka upp nýja áfangastaði eða leggja þetta gjald á sýslusjóðinn, þá hefir hún frjálsar hendur til þess, að láta það ógjört. Þetta á einnig við mótbárur h. þm. Mýr. (H. D.), þar sem hann fór fram á að tekið væri upp í frumv., að ekki skyldu teknir upp nýir áfangastaðir, nema brýna þörf bæri til þess. Af þeim ástæðum sem jeg hefi nú tekið fram, er engin ástæða til að semja sjerstök lög fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, það er óhætt að láta lögin ná yfir land allt, af því, að sýslunefndunum er að eins veitt heimild til að taka upp nýja áfangastaði þegar þær álíta það nauðsynlegt, en þeim er ekki skipað að gjöra það þar, sem þörfin er engin, með öðrum orðum, lögin ná eigi til þeirra sýslna sem enga áfangastaði þurfa að hafa, en hjer er ekki hægt að ákveða, hverjar þær sýslur eru, úr því verður reynslan að skera. Því næst talaði h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um ákvæðið í 2. gr., þar sem stendur: »Sú hvílir einnig kvöð á jörð hverri, að ferðamenn þeir, er eigi ná í áfangastað, af þeim ástæðum sem þeim er ósjálfrátt o. s. frv., þá megi þeir á allt að 10 hestum ókeypis«. Það var sjerstaklega þetta orð »ósjálfrátt«, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hneykslaðist á. Jeg sje eiginlega ekkert athugavert við þessa grein, því að ef maður nær ekki áfangastað, þá áir hann ókeypis alveg eins og nú á sjer stað, svo við frumv. verður engin breyting á þessu frá því sem nú er. Að þetta gjald sem farið er fram á, verði svo tilfinnanlegt fyrir sýslusjóði, get jeg ekki skilið, því að jeg held að sýslunefndirnar sjeu vanar að leggja heldur of lágt gjald á sýslusjóðina heldur en of hátt, þegar þær hafa sjálfsdæmi í sínu eigin máli, eins og hjer á sjer stað.

Við flutningsm. munum ekki taka málið aptur til nýrra breytinga; við álítum að það sje nægilega hugleitt af okkur og tveimur sýslunefndum.

Annars furðar mig mjög á því, að það skyldi verða h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sem hreyfði andmælum gegn þessu fr.; hann sem er svo hlynntur öllum samgöngubótum, og þetta er þó einmitt samgöngubót, sem hjer er farið fram á, með þessu á að tryggja ferðamönnum vissa staði, þar sem þeir mega ægja hestum sínum í góðu haglendi átölulaust og ókeypis, en á hina hliðina sjeð um, að einstakir menn verði ekki fyrir hóflausum ágangi ferðamanna án nokkurs endurgjalds.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa það, að jeg er einn af þeim, sem ógjarnan vilja íþyngja sýslusjóðunum. Við þingmenn, sem á síðasta þingi komum með þingsályktunartillögu í þessa stefnu, vildum ekki koma með frumv. þá, af því að við vildum fyrst leita álits sýslunefndanna um þetta mál. Þetta hefir nú verið gjört og fengið hinar beztu undirtektir í Árnes- og Rangárvallasýslum, og þá álít jeg sjálfsagt, að leyfa þessu að hafa framgang hjer á þinginu. Það er nú svo ástatt í þess-

um 2 sýslum, að þar mun þörfin vera mest fyrir þessi lög. Þar er áfangastaðanna mest þörf. Í sumum sýslum er þeirra alls ekki þörf, og svo skildist mjer á h. þm. Mýr. (Halld. D.) að væri í Mýrasýslu. En þar sem ekki er þörf á lögunum, þar þarf ekki að beita þeim, því að þau veita aðeins sýslunefndunum þetta vald, án þess að skylda þær til að beita lögunum eða taka upp nýja áfangastaði fremur en bein þörf krefur; það eru því aðeins heimildarlög, og það sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafði á móti frv., álít jeg byggt á misskilningi. Jafnvel sýslunefndirnar í Árnes- og Rangárvallasýslum þurfa ekki að beita lögunum fremur en þær vilja, og jeg fyrir mitt leyti treysti því, að þær muni beita þeim sem varlegast og ekki leggja gjöld á sýslusjóð, nema bein þörf krefji. Það er nokkuð annað með gamla áfangastaði en nýja áfangastaði, þeir gömlu eru kvöð sem hvílir á jörðunum frá gamalli tíð, alveg eins og með ítak, sem menn verða að þola, og hvað snertir ákvæði Jónsbókar um þessi atriði, þá eru þau ekki óbreytanleg eða vissa fyrir að þau standi um aldur og ævi, og sjeu óbreytanleg þó margt annað breytist.

Það getur því að minni hyggju ekki verið neinni hættu bundið, að láta lög þessi ná til allra sýslna á landinu, en finni menn það hættulegt, þá er ekki annað en breyta fyrirsögn frv. þannig, að það nái aðeins til þessa tveggja sýslna, Árnes- og Rangárvalla.

Einar Jónsson: Jeg verð að gjöra athugasemd við 1. gr. frumv. Sumar jarðir eru svo settar, að þær eiga afrjett, sem alfaravegur liggur í gegnum, og hefir það hingað til verið skoðað sem sjálfsagt, að þar ái hver sem vill. Mjer þykir því hart, ef þar mætti beita ákvæðum 1. gr. frv. þannig, að jarðarráðandi geti heimtað endurgjald fyrir, stóðhross sem rekin eru um landið og áð í afrjettinni. Þó hefir jarðarráðandi rjett til þess eptir 1. gr. frv. að fá þetta endurgjald, þegar stóðhrossum er áð í landi hans, og það getur haft áhrif á söluverð hrossanna, ef kaupendur eiga von á, að þurfa að borga svo og svo mikið fyrir áningu jafnvel á fjöllum uppi. Jeg vildi því óska, að gjörð væri breyting á þessari grein, til að koma í veg fyrir þetta, og það væri jafnframt tekið skýrt fram, að enginn vafi sje á, að hver sem vill megi ægja á þessum stöðum, hvar sem er.

Þar eð mjer finnst mönnum ekki koma saman um ýmislegt í frv. þessu og einnig þarf að taka til greina bendingu h. þm. Mýr. (Halld. D.) um það, hvað sje gildandi lög í þessu efni nú, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd í máli þessu, því h. flutningsm. munu ekki vilja taka frumv. aptur.

Nefndarkosning samþykkt með 13 samhlj. atkv. og kosnir í nefndina:
Tryggvi Gunnarsson með 13 atkv.
Einar Jónsson — 11 —
Klemens Jónsson — 8 —
og 2. umr. síðan frestað.

Frumvarp til laga um rjett þeirra manna er hafa þjóðkirkjutrú til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. 175); 2. umr.

Eiríkur Gíslason: Jeg hefi ekki getað sjeð af þingmálafundargjörðunum, að það sem farið er fram á í frumv. þessu sje almennur vilji þjóðarinnar, og sömuleiðis er mjer ekki kunnugt, að verulegur áhugi hafi lýst sjer í máli þessu; ekki hefir heldur verið mikið minnzt á það í blöðunum, og held jeg því, að þetta sje yfir höfuð að tala lítið áhugamál þjóðarinnar. En hvað sem því líður, er þó frumv. þetta eðlileg ósk frá hálfu þeirra manna, sem af

einhverjum ástæðum, geta ekki aðhyllzt kirkjulega vígslu, en vilja þó öðlast þau borgaralegu rjettindi, sem hjónabandinu eru samfara. Og þó ástæður þessar sjeu opt lítilsverðar og jafnvel ómerkilegar, þá eru þær þó í augum slíkra manna góðar og gildar, og er því vert að líta á það.

Á hinn bóginn hygg jeg, að frumv. þetta geri hvorki kirkju- nje kristindómi neitt tjón, því þótt hjónabandið væri stofnað af fullkomlega verzlegu yfirvaldi, þá dettur mjer eigi í hug að ætla, að það á nokkurn hátt dragi úr þýðingu þess frá kristilegu sjónarmiði. Jeg ímynda mjer, að hjónaefni, sem hefðu þjóðkirkjutrú, mundu jafnt biðja um blessun drottins til þessa fyrirtækis og velfarnaðar á hinum ókunna vegi, hvort sem hjónavígslan væri framkvæmd af verzlegum valdsmanni eða þjónum kirkjunnar, og því álít jeg ekki skipta neinu, hvor þeirra framkvæmir það.

Jeg mun því ekki hafa á móti þessu frumv., heldur gefa því atkvæði mitt, þó jeg játi að jeg er svo bundinn við fornan vana, að fjarri mjer er að líta svo á, að það sje eins eðlilegt, að verzlegur valdsmaður gefi hjón saman eins og presturinn. En jeg vil ekki með atkvæði mínu hindra, að þeir sem einhverra ástæðna vegna geta ekki fellt sig við prestlega hjónavígslu geti þó fengið að ganga í borgaralegt hjónaband og náð þeim rjettindum, sem hjónabandinu eru samfara.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Jeg sje enga ástæðu til að svara hinum h. þm. Snæf. (E. G.) mörgum orðum, þar eð hann er meðmæltur frumv., og jeg er þakklátur honum fyrir það, þar eð þjónar kirkjunnar hafa opt risið öndverðir gegn því, enda þótt sú mótspyrna sje óskiljanleg frá þeirra hálfu, því það getur ekki verið geðfellt verk fyrir þjóna drottins að stofna hjónaband milli þeirra persóna, er þeir eptir síðferði brúðhjónanna verða að álíta, að langt frá geti uppfyllt þær skyldur hjónabandsins, sem heimtist frá kristilegu sjónarmiði.

En þar sem h. þingm. Snæf. (E. G.) talaði um, að máletni þetta væri ekki almennur þjóðarvilji, og það hefði ekki komið fram í þingmálafundargjörðunum í vor, þá er jeg honum ekki samdóma í því atriði. Því frumv. hefir verið æskt í nokkrum þingmálafundargjörðum, sem hafa legið frammi hjer á lestrarsalnum, og þó mál þetta kæmi ekki fram í Eyjafirði í vor, hefir það þó komið þaðan áður og svo mun vera víðar. Og að töluverður áhugi sje á máli þessu sjest á því, að það hefir verið borið upp í báðum deildum, þing eptir þing, en hefir vanalega strandað í e. deild, af því prestar hafa verið því mótfallnir, sem er þó óskiljanlegt, eins og jeg hefi áður tekið fram.

En jeg hefi þó sjeð, að svo er ekki með alla presta, því rjett áður en jeg kom hjer inn á þing í kvöld, hitti jeg einn prest hjer úr Reykjavík, og hann ljet í ljósi, að sjer þætti mjög æskilegt, að slíkt hjónaband kæmist á, líklega af sömu ástæðum, og jeg hefi tekið fram.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald (C. 167, 278); 2. umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Það lítur ef til vill nokkuð undarlega út, að tvennar ólíkar tillögur skuli

koma frá sama manni. En svo stendur á því, að eptir lögum frá 13. apríl 1894 er útflutningsgjaldið á heilagfiski sett of hátt, svo auðvitað liggur þá beinast fyrir, að færa það niður svo, að af því væri goldið hlutfallslega jafnt við aðrar fisktegundir; og þess vegna liggur hjer fyrir önnur tillagan í þá átt.

En nú stendur svo á, að útlendir menn, sem fiska hjer við land og hlaða skip sín inni á höfnum, greiða ekkert gjald, eins og jeg tók fram við fyrstu umræðu þessa máls. Þegar á þetta er litið, væri rjettast að aftaka gjaldið alveg, svo innbornir menn þurfi ekki að greiða gjald af þeim fiski, sem útlendingar ekkert borga af. Þess vegna er hin tillagan fram komin, svo h. þingmenn geti valið í milli, hvort þeir vilja færa útflutningsgjaldið niður í 5 aura, eða afnema það með öllu.

Eins og kunnugt er, er nýlega stofnað innlent fjelag, sem flytur út nýtt heilagfiski í ís; ef báðar tillögurnar verða felldar, þá verður þetta fátæka fjelag að greiða þetta háa gjald, 30 a. af 100 pd., í tvö ár enn þá eptir núgildandi lögum, sem kæmi mjög hart niður á því, en jeg vil treysta því, að háttv. þingdeildarm. vilji styrkja þetta fjelag, í þeirri von, að það verði þarflegt og gott fyrirtæki, því að landssjóð munar heldur ekkert um þó gjaldið sje lækkað, eða alveg afnumið, en fjelagi dregur það mikið.

Jeg hefði helzt kosið að laga lögin frá 13. apríl 1894 svo, að þau nái bæði til útlendinga og Íslendinga, en lögvitrir menn hafa sagt mjer, að það væri miklum vankvæðum bundið, og hef jeg því sleppt því.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg sje mjer ekki fært, að vera með þessari breyt.till. eða móti; jeg hefði helzt kosið, að málið yrði tekið út af dagskrá. Jeg get ekki gefið breyt.till. atkvæði mitt, af því að hún er í því formi, að hún er ekki uppbærileg, en hins vegar verð jeg á móti frumv., ef því verður ekki breytt í þá átt, sem breyt.till. fer fram á, því að öðrum kosti verða þetta undantekningarlög og verndarlög, en það vil jeg ekki styðja.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki sjeð, að það ætti að vera breyt till. til fyrirstöðu, að það vantar í hana tilvitnun. Vitaskuld er ekki gott form á henni, en þar sem skýrskotað er með berum orðum til frumv., þá get jeg ekki skilið, að það geti valdið misskilningi, þar sem það er alveg auðsætt, að verði breyt.till. samþykkt er 1. gr. frumv. fallin; þetta er svo alveg vafalaust, að jeg fyrir mitt leyti hika mjer ekki við að greiða atkvæði með breyt.till.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Mjer þykir það undarlegt af h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að hann skuli halda því fram, að tillagan sje ekki frambærileg vegna formsins, þar sem forseti hefir tekið hana upp til atkvæðagreiðslu, og auðsjeð er, hvar hún á við; hjer vantar að eins einn í tölu framan við greinina, sem líklega hefir fallið burt í prentuninni, en þetta getur skrifstofustjóri hæglega leiðrjett.

Ef fleiri h. þingdeildarm. en h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) ætla sjer að greiða atkvæði móti frumv. formsins vegna, þá verður að sitja við það; jeg vil nú hleypa frumv. til skipbrots, jeg nenni ekki að elta ólar við það lengur. Sem stendur flytja ekki aðrir út heilagfiski en Ísfjelagið; falli frumv., þá greiðir fjelagið 30 a. af 100 pd., ef h. þingm. þykir það sanngjarnt, en jeg skil ekki hvers vegna h. þm. Eyf. (J. J.) vill hepta framgang þess.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg leyfi mjer að vísa þeim áburði af mjer; jeg

hef bent á einfalt ráð til þess, að laga þennan ágalla á breyt.till., að taka málið út af dagskrá og fresta því til næsta dags, eða þá, sem er enn einfaldara, að taka tillöguna aptur, og að koma henni svo að við 3. umræðu.

Forseti gat þess, að auðsjeð væri hvar breyt.till. ætti við; hann sæi vel það úrræði, er stungið væri upp á, en hann áliti það ekki nauðsynlegt.

ATKV.GR.: 1. liður breyt.till. á þingskj. 278 samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. liður breyt.till. þingskj. 278 samþ. með 15 samhljóða atkv.

1. gr. frumv. þannig fallin.

2. gr. frumv. samþ. með 13 atkv. gegn 1.

Málinu vísað til 3. umræðu með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (C. 119); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg vona að um þetta frumv. verði ekki langar umræður í þetta sinn. Jeg hefi tekið það fram áður, að nefndin, sem í fyrra var kosin til að fjalla um samþykktamálið, var því samþykk, að svona ákvæði ættu að vera í almennum lögum og með tilliti til þess hefi jeg ásamt 5 öðrum h. þingdeildarm. borið þetta frumv. fram.

Jeg ímynda mjer, að bindindismenn geti verið með þessu frumv., því að það sje gagnlegt frá þeirra sjónarmiði, og tollvinir vegna þess, að brennivínsgerð getur orðið hjer að atvinnuvegi og dregið úr tekjum landsins, og að því leyti gætu lögin orðið varnarlög. Auk þess miðar það til þess, að afstýra heimilisbrennslu, sem hefir reynzt mjög spillandi velferð manna alstaðar þar sem hún hefir átt sjer stað, og þar sem hún hefir verið upp tekin nokkuð almennt hefir reynzt mjög erfitt að afnema hana, og jafnvel orðið að reglulegu ófriðarefni.

Jeg skal svo ekki tala ýtarlegar um frumv. í þetta sinn; jeg vona, að það fái að ganga til 2. umr., og þá má skýra það betur, ef andmæli rísa gegn því.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Þrítugasti og fyrsti fundur, þriðjudag 6. ágúst kl. 11 f. hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 1, nr. 212, 213, 216 m. m.); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórhallur Bjarnarson*: Það verða væntanlega ekki miklar umræður um þennan fyrsta kafla fjárlagafrumv. eða tekjukaflann. Nefndin hefir á 6 liðum komið með þær breytingartillögur við hann, að tekjurnar hækka alls um 23,800 kr. hvort árið, eða 47,600 krónur á fjárhagstímabilinu. H. þingmenn sjá að nokkru leyti ástæðurnar fyrir þessum hækkunum í áliti nefndarinnar.

Nefndin hafði fyrir sjer landsreikningana fyrir árin 1892 og 1893 og þar að auki yfirlit yfir tekjur landssjóðsins 1894, sem hún fjekk hjá hinum hæstv. landshöfðingja. Við samanburð á tekjunum, eins og þær hafa verið þessi 3 ár, hefir nefndin komizt að þessari niðurstöðu; það er meðaltal af þessum 3 ára tekjum, sem nefndin hefir einkum farið eptir.

1. breyt.till. nefndarinnar er við húsaskattinn; nefndin hefir fært hann upp í 4500 kr. hvort árið, sem er sem næst meðaltal af því, er þessi tekjugrein hefir verið þessi 3 síðustu árin, enda fer sá tekjuliður jafnt og þjett hækkandi ár frá ári. Um 2. breyt.till. má

segja líkt; vitagjaldið hefir síðustu 3 árin numið að meðaltali nokkuð yfir 7500 kr. á ári. — Þá er 3. breyt.till., við útflutningsgjaldið af fiski og lýsi; það gjald hefir verið að meðaltali full 40 þús. kr., en nefndin vildi ekki fara svo hátt, þar sem þessi tekjugrein er eptir eðli sínu svo óviss, og áleit nóg, að hækka hana í 35,000 kr. hvort árið — Aptur á móti hefir nefndin farið dálítið fram úr meðaltalinu í 4. breyt.-till. Tóbakstollurinn hefir sem sje verið að meðaltali tæpar 64,000 kr. á ári, en árið 1894 komst hann upp í 68,000 kr., og áleit nefndin því óhætt að áætla hann eins og hún hefir gjört 65,000 kr. eða 5000 kr. hærra en gjört er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar.

Þá er 5. breyt.till., sem er hin allra verulegasta, að áætla aðflutningsgjaldið af kaffi og sykri 140,000 kr. hvort árið, eða 10,000 kr. meira en í frumv. stjórnarinnar. Hjer hefir nefndin farið svolítið fram úr 3 ára meðaltali, en síðasta árið var kaffi- og sykurtollurinn aptur töluvert hærri en þetta eða 148,000 kr., og nefndin áleit, að þessi tekjugrein landssjóðs væri eigi völt og færi ekki svo mikið eptir árferði; menn eiga ekki gott með að minnka við sig kaffið og sykureyðslan fer ávallt í vöxt. Síðasta hækkun nefndarinnar fer einnig svolítið fram úr meðaltalinu, en póstferðatekjurnar fara einnig stöðugt vaxandi og það enda nokkuð mikið ár frá ári, og árið 1894 voru þær komnar talsvert fram yfir þessar nú áætluðu 25,000 kr.

Það kann nú að verða haft á móti þessum hækkunum, að þingið verði þá að sama skapi örara á útgjöldunum, en allar horfur eru á því, að þingið verði það í ár hvort sem er. Aðalatriðið er, að áætlunin láti nokkuð nærri, og svo ætlum vjer að nú sje. Það hefir og sýnt sig undanfarið, að tekjurnar hafa numið fyrir hvert fjárhagstímabil mun meira en áætlað hefir verið. Og eptir þeirri reynslu verður nefndin vonandi ekki sökuð um það, að hafa verið of ör eða ógætin. Það hefði t.d. verið tilefni til að hækka dálítið útflutningsgjaldið af áfengum drykkjum, sem nefndin leiddi þó hjá sjer. Annars gefur það að skilja, að nefndinni er ekkert sjerlega sárt um þessar breytingartillögur sínar, það skiptir eigi svo miklu, en ástæður þykist hún hafa fært fyrir því, að óhætt sje að samþykkja þær.

ATKV.GR.: Tekjukaflinn 1.—6. gr. 2. gr. 1. a. samþ. í e. hlj.; 2. gr. 1. b. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 2 á atkv.-skr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. 3. samþ. í e. hlj.; 2. gr. 4. samþ. í e. hlj.; 2. gr. 5. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 3 á atkv.-skr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. 7. með athugas. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 4 á atkv.skr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. gr. 9. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 5 á atkv.skr. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 6 á atkv.skr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 7 á atkv.skr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. gr. 13. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 2. gr. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frumv. 1. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frumv. 2. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frumv. 3. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 3. gr. frumv. óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. 1. lið. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. 2. lið. samþ. í e. hlj.; 4. gr. frumv. óbreytt samþ. í e. hlj.; 5. gr. frumv. 1. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. 2. lið. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. 3. lið. samþ. í e. hlj.; 5. gr. frumv. óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv.; 6. gr. frumv. óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv.; 1. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 21 samhlj. atkv.

Þá var tekið til umræðu 7.—10. gr. frv., — upphaf útgjaldakaflans.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það er bezt að halda sjer við atkvæðaskrána og mun jeg því víkja máli mínu að breytingartillögum þeim, er þar eru greindar og enn fremur, að breyt.till. h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) á þingskj. 276, sem eigi finnst á atkvæðaskránni.

Fyrst vil jeg þá tala um breyt.till. nefndarinnar við 9. gr.

Alþingiskostnaðinn hefir nefndin eigi sjeð sjer annað fært en færa upp um 6000 kr. Hin þrjú síðustu þing hefir alþingiskostnaðurinn ásamt með yfirskoðun landsreikninganna numið að meðaltali 39,900 kr. Nefndin fer sem næst þessu með því að áætla kostnaðinn 39,600 kr., og lætur það duga, þó alþingiskostnaðurinn reyndar fari stöðugt hækkandi.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. A. 3. b.

Nefndin fer þar fram á, að hækka þóknunina til hins umboðslega endurskoðanda með 300 kr. á ári. Þar eð jeg þykist vita, að h. þm. hafi kynnt sjer málavöxtu af framlögðu brjefi endurskoðandans, þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um það. Starf hans hefir á síðari árum aukizt margfaldlega; einkum hafa tollarnir á kaffi og sykri og hinar auknu póstferðir stutt mjög að því. Hinn núverandi umboðslegi endurskoðandi hefir skýrt oss frá, að hann síðustu árin hafi orðið að kaupa út vinnu fyrir c. 300 kr. árlega í afskriptum o. fl., og er þar að auki annar skrifstofukostnaður ekki svo lítill við þetta starf.

Fjárlaganefndin var á einu máli um það, að stjórnin ætti jafnan að eiga upptökin til að hækka laun embættismanna eða þóknun til starfsmanna, er nauðsyn virtist vera til þess, og því var það, að einn nefndarmaður bar þetta atriði undir landshöfðingjann. Hann var nefndinni algjörlega samdóma um það, en sagði, að stjórnin hefði eigi fundið ástæðu til, að breyfa málinu nú, eptir afdrif þau, sem tillögur hennar um það fengu á þinginu 1893. Þá var farið fram á að gera þetta starf að föstu konunglegu embætti með 500 kr. hækkun, nú fer nefndin fram á 300 kr. hækkun til skrifstofukostnaðar, sem er helmingur þess, er um var beðið; það er sanngjarnt og mun enginn geta sakað nefndina fyrir óþarft örlæti í þessu atriði.

Þá er 10. gr. B. 1. a. Við breyt.till. nefndarinnar þar er ekkert að athuga. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hefir fengið lausn frá embætti og viðbótin fyrir sjálfan hann fellur því eðlilega burtu.

Þá eru breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. um styrkveitingar til búnaðarskólanna. Við þær er töluvert að athuga. H. þm. sjá að nefndin færir fjárstyrkinn til búnaðarskólanna alls á fjárhagstímabilinu upp um 3500 kr.; stjórnin ætlar þeim bæði árin 20,000 kr., en nefndin 23,500 kr. Þessi upphæð er þó 1000 kr. lægri en þeim er veitt á núgildandi fjárlögum. Þessi hækkun nefndarinnar kemur fram við 3 skólana, til Ólafsdalsskólans 500 kr., til Eiðaskólans 1000 kr. og til Hvanneyrarskólans 2000 kr. og hækkunin er til allra hið fyrra árið. Nefndin hefir aðhyllzt fjárveitingu stjórnarinnar óbreytta síðara árið. Þær 10,000 kr., sem þar eru veittar, álítur nefndin að sje og eigi að vera hin fasta, árlega fjárveiting, sem ekki beri að fara fram yfir, nema þegar sjerlegar ástæður eru fyrir hendi, og þær eru hvað þessa 3 skóla snertir. Það eru nauðsynlegar húsabyggingar, auk annars sjerlegs kostnaðar, sjerstaklega á Hvanneyri, sem skýrslurnar um skólana bera með

sjer. Slíkur sjerstakur kostnaður er nú sem stendur við alla skólana, nema Hólaskólann, sem mestan fjárstyrk hefir fengið undanfarið og fær enn, og er því bezt úr garði gjörður, enda hefir langflesta nemendur.

Seinna í umr. verður sjálfsagt tækifæri til að tala frekara um hina einstöku búnaðarskóla, og því er eigi ástæða til að fara að tala um ástand hvers einstaks af þeim nú. En þó vil jeg sjerstaklega færa ástæður fyrir hækkuninni á styrknum til Hvanneyrarskólans, því að hún gengur mest í augun. Nefndin hefir hatt fyrir sjer glögga skýrslu frá amtmanni yfir hinn mikla byggingarkostnað við skólann. Síðastliðið fardagaár var skólahúsið stækkað að mun og endurbætt og hafði sá húsauki hátt á 4. þúsund króna kostnað í för með sjer, og nú er í sumar verið að koma upp, eða þegar búið að koma upp, fjósi og hlöðu, sem kosta hátt á 3. þúsund kr. Við þetta bætist svo nýafstaðin endurbygging Hvanneyrarkirkju, sem gjörir fjárhag skólans enn örðugri. Þess má og geta skólanum til meðmæla, að ekki svo litlu fje hefir verið varið til að útvega kennsluáhöld, smíðatól og jarðyrkjuverkfæri. Hjer eru því allar sömu ástæður fyrir hendi til ríflegrar hækkunar á styrkveitingu og voru með Hólaskóla á þinginu 1893. Sjerstaklega er það og Hvanneyrarskóla til meðmælis, að nú er fenginn sá skólastjóri, sem að allra dómi er fullkomlega vaxinn stöðu sinni og lýsir amtsráðið því yfir í nefndri skýrslu, eða brjefi amtmannsins, að nú sjeu hinar beztu vonir um að álit skólans fari vaxandi undir nýrri skólastjórn. Skólinn er auðsjáanlega á bezta framfaravegi, og tiltölulega mikið unnið að jarðabótum, og skólabúið heldur í uppgangi. Amtsráðið fór fram á miklu hærri fjárveitingu, nefnilega 5000 kr. fyrra árið og 3,500 kr. síðara árið, þar sem skólinn er við þessar miklu byggingar mjög skuldugur, jafnvel þó jafnaðarsjóður hafi lagt mikið fje til skólans á þessum síðustu 3 árum. Á Hvanneyrarskólanum var í vetur sem leið að eins 1 nemandi, sem tók próf, en nú eru þar 4 nemendur, og pláss fyrir 6 nemendur að auk, eptir munnlegri skýrslu frá amtmanni. Þessi lága nemendatala má þó eigi fæla þingið frá að styrkja skólann ríflega að þessu sinni, því að í raun rjettri hefir skólinn allt til þessa, eins og amtmaður kemst að orði í brjefi sínu, að nokkru leyti verið í myndun, og er nú fyrst kominn í gott horf, en búast má við, að með vaxandi áliti fari vaxandi aðsókn að skólanum.

Við Eiðaskólann hefir komið fram breyt.till. á þingskj. 276 frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), um að hækka styrkinn til þessa skóla um 500 kr. einnig hið síðara árið, þar sem nefndin vill hækka að eins fyrra árið. Mjer þætti bezt að fá að heyra ástæður h. flutningsm. (E. J.) áður en jeg vík að því, en nefndin verður að fá knýjandi ástæður til að breyta tillögum sínum; hún reyndi að hnitmiða þetta niður eins rjettvíslega og hún gat, eptir þeim skýrslum og skilríkjum, sem hún hafði fyrir hendi, og varði miklum tíma til að íhuga. Um það ætla jeg því að sinni ekki að tala meira.

Þá kemur næst breyt.till. nefnd. við 10. gr. C, 4 b. eða styrkinn til búnaðarfjelaganna. Nefndin leggur til að færa hann upp í 13,000 kr. fyrra árið og 15,000 kr. seinna árið. Búnaðarfjelagi suðuramtsins vill nefndin veita sjer á parti, og mun jeg tala um það síðar. Hækkunin er því 3000 kr. fyrra árið og 5000 kr. hið síðara.

Mjög víða úr landinu hafa komið fram óskir um, að auka styrkinn til

búnaðarfjelaganna. Allflestir þingmálafundir hafa skorað á alþingi að gjöra það. Það er auðsjeð, að menn finna, hvað styrkur þessi gjörir mikið gagn. Og þessar skoðanir manna eru á miklum rökum byggðar. Mjer er sjálfum mjög kært að mæla sem bezt fram með þessari hækkun. Öll framtíðarvon mín og framtíðartrú á landinu byggist á túnræktinni. Mjer varð sem tvítugum námsmanni ákaflega minnisstæð ræða, sem Jón heitinn Sigurðsson hjelt hjer í Reykjavík í samsæti, sem honum var haldið. Hann mælti fyrir minni Íslands, og öll ræðan hnje að því, að allar vorar framfarir fælust í grasræktinni, hún væri landsins auður og landsins von. Þetta get jeg að fullu og öllu undirskrifað. Öll velmegun vor felst í grasræktinni, allar vorar framfarir verða að byggjast á henni. Fyrst grasrækt, og svo akbrautir og eimreiðir.

Jeg hefi hjer í höndum fróðlega töflu, sem jeg hefi dregið saman, yfir búnaðarfjelög í öllum sýslum landsins og tölu unninna dagsverka, fyrir árin 1891—1894. Tala búnaðarfjelaganna og dagsverka fer stöðugt hækkandi, og þó allra mest hið síðasta árið. Búnaðarfjelögin eru nú orðin 97 að tölu og dagsverkin, sem styrkur er veittur fyrir í ár 43—44,000. Auðvitað er sú tala eigi sem vissust enn, þar sem skýrslurnar fyrir 1894 eru eigi enn þá endurskoðaðar á skrifstofu landshöfðingja. Landssjóðsstyrkurinn hefir þessi 2 síðustu fjárhagstímabil verið hinn sami 10,000 kr. hvort árið, en þar sem komu 35 a. á dagsverkið 1892, þá koma eigi nema 23 a. á dagsverkið 1895, sem statar af fjölgun dagsverkanna. Þær mótbárur, sem menn færa sjerstaklega móti þessari styrkveitingu yfir höfuð, er, að menn eigi ekki að vera að borga bændum fyrir að bæta sínar eigin jarðir, og einkum þó það, að landssjóðsstyrknum sje bútað niður í marga smáparta, að lítið gagn verði að. En þetta er alveg rangt. Styrknum er nú orðið, þar sem jeg þekki til, varið mjög vel, honum er beinlínis varið til aukinnar vinnu, honum er breytt í nýja jarðabótarvinnu. Og vinnan margfaldast, þegar hverjum þeim manni, sem þess er maklegur fyrir áður unnar jarðabætur, er greitt þetta örlitla brot úr landssjóði fyrir nýjar jarðabætur, eða er af búnaðarfjelagi sínu styrktur til þeirra á einhvern hátt. Í Búnaðarritinu síðasta hefir komið fram uppástunga um, að snúa ábúðarskattinum upp í búnaðarstyrk, sem hver sýsla tæki undir sjálfri sjer, og væri það þó meira fje en hjer er farið fram á að veita til búnaðarfjelaganna. Annars vil jeg minna þá á það, sem helzt hafa á móti þessum búnaðarstyrk, að hann kemur öllum öðrum styrk fremur aptur í landssjóðinn, sumpart óbeinlínis, sumpart beinlínis, nefnilega í skattgreiðslu af lausafjenu, sem eykst um leið og jarðabæturnar fara vaxandi.

Þessi hækkun á búnaðarfjelagastyrknum hefir legið í loptinu. Aptur á móti er það nýtt, að fyrir utan hinn vanalega styrk til Búnaðarfjelags suðuramtsins, fer nefndin fram á 4000 króna fjárveitingu til þess, í eitt skipti fyrir öll, með því skilyrði, að hin ömtin gangi í samband við það um eitt allsherjarbúnaðarfjelag, sem nái yfir allt landið. Árið 1893 gekk þetta sameiningarmál milli amtsráðanna. Búnaðarfjelag suðuramtsins ætlaðist þá til, að fjelög í hinum ömtunum legðu fram árlega upphæð, sem svaraði til sjóðs þess, sem var c. 25,000 kr. og átti hið fasta árstillag amtanna að nema 1,000 kr. Hin ömtin synjuðu þessu boði; þó ekki svo mjög vegna þessarar fjárupphæðar, heldur vegna hins að þeim fannst ekki vera nægileg trygging fyrir því, að

þau gætu haft fullt gagn af þessu sambandi og haft afskipti af stjórn þess. En amtsráðin synjuðu ekki boðinu fyrir fullt og allt, heldur sáu þau sjer ekki að sinni fært að aðhyllast það. Nú er það tilgangur nefndarinnar að ljetta fyrir þessu sambandi með fjárveitingunni, sem auðvitað verður því að eins greidd, að allsherjarbúnaðarfjelag komist á fót á fjárhagstímabilinu. Þessar 4000 kr. má skoða sem framlagðan höfuðstól til hinna 3 amtanna, og stendur þá síður á fjárframlögum þeirra í hinn sameiginlega sjóð; en hvað hitt atriðið snertir um stjórnarfyrirkomulag slíks fjelags, efar nefndin eigi að megi finna einhverja þá fulltrúastjórn að rjettur allra fjórðunganna væri jafnhár.

Jeg vil leyfa mjer að sýna fram á, að slíkt fjelag gæti orðið mjög gagnlegt og uppbyggilegt fyrir allar búnaðarframkvæmdir landsmanna. Það er ekki nóg, þó við kunnum að sljetta túnin okkar, það þarf margt annað. Okkur vantar kunnáttu til allra verulegra nýbreytinga.

Okkur vantar rannsókn á fóðri, rannsókn á áburði, jarðtegundum og fleiru. Enginn af búnaðarskólum vorum hefir krapta, tje eða jafnvel þekkingu á slíku. Slíkt fæst að eins með allsherjarbúnaðarfjelagi, sem hefir öflugan sjóð og ríflegan styrk úr landssjóði og telur sjer skylt að vinna til búnaðarbóta fyrir landið í heild sinni. Jeg vona að allir þingmenn verði fúsir á að styrkja ríflega slíkt fjelag, sem næði yfir allt landið og vinnur fyrir allt landið, þar sem þeir undanfarið hafa veitt fjelagi, sem að eins nær yfir eitt amtið, talsverðan styrk.

Ef þetta fjelag fengi nægilega krapta, peningaafl samfara þekkingu, gæti það orðið eins og akuryrkju eða landbúnaðarráðaneyti í öðrum löndum. Vjer finnum sáran til þess, að oss vantar framkvæmdarsama stjórn til að bindast fyrir nauðsynjamálum vorum; hjer getum vjer sjálfir bætt úr slíku í einni grein. Slíkt fjelag ætti að vaka yfir öllum framförum í búnaði og efla þær á allar lundir og sjerstaklega glæða kunnáttuna með rannsóknum, tilraunum og nýbreytni, sem allt er ofvaxið einstaklingunum og smáfjelög ráðast ekki í. Mjer dettur í hug eitt dæmi, sem gæti sýnt gagnsemi slíks allsherjarfjelags. Hefði það verið árið sem leið undir góðri stjórn, blandast mjer ekki hugur um, að það hefði látið til sín taka með bráðafárið, sem er hinn voðalegasti hnekkir landbúnaðarins. Slíkt fjelag með sínum mikla fjárkrapti, skipað af þinginu til verndar og yfirstjórnar landbúnaðinum, hefði eflaust brugðið við og fengið hinn færasta mann frá útlöndum til að rannsaka þetta voðafár, meðan það stóð yfir, en nú líður allt og bíður til aðgjörða þings, sem vantar allajafnan nauðsynlegan undirbúning til að geta tekið hin heppilegustu ráð.

Þá er næst að minnast á viðaukatill. (252) h. þm. Mýr. (H. D.) við 10. gr. C. 4. um að veita 500 kr. styrk til bryggjugjörðar við Steinsvör á Skipaskaga. Beiðni um fjárframlag úr landssjóði í þessu skyni lá fyrir fjárlaganefndinni, en hún synjaði beiðninni vegna þess að hjer var ekki stofnað til meira mannvirkis en að koma upp 1000 kr. bryggju, og það fje áleit nefndin kaupmönnum í þessum verzlunarstað ekki ofvaxið að leggja fram. Það væri annað mál ef ræða væri um styrk til að gjöra þrautalendingu í þessa vör, en beiðni um það liggur hjer ekki fyrir.

Þá er næst breyttill. (213) frá nefndinni sjálfri. Í frumv. stjórnarinnar er farið fram á, að veittar verði 800 kr.

til að kaupa «harmonia« handa 3 landsjóðskirkjum í Vesturskaptafellssýslu, en nefndin stingur upp á, að þessi sama upphæð verði veitt til að járnklæða 2 af þessum kirkjum. Það lágu fyrir nefndinni skilríki og kröfur um að járnklæða Langholts- og Þykkvabæjarklausturs-kirkjur og vill nefndin láta þessa aðgjörð ganga fyrir hljóðfærakaupunum. Jeg hefi veitt því eptirtekt, að þingið 1891 veitti fje til að járnklæða Langholtskirkju en það fje hefir aldrei verið notað, hvernig sem á því stendur. Hafi nú verið orðin þörf á að járnklæða hana þá, má geta nærri að þess muni orðin þörf nú. Lög þau frá 22. maí 1890, sem vitnað er til í ástæðum stjórnarinnar fyrir því að fara fram á þennan styrk til hljóðfærakaupa, segja, að kaupa megi hljóðfæri til kirkna, «ef fje sje fyrir hendi». Það er sjálfsagt meiningin að þessi kaup megi fram fara, ef kirkjur hafa tekjuafgang, en það er víst ekki gott að segja, hve mikinn tekjuafgang landsjóðskirkjur hafa, því hann rennur í landssjóð árlega, þegar hann er nokkur, og mun enginn sjerstakur reikningur haldinn yfir það, en óhætt mun að segja, að ef Langholtskirkja og Þykkvabæjarklausturskirkja verða járnklæddar, þá hafa þær varla neinn tekjuafgang úr því. Það kann að vera öðru máli að gegna um Prestsbakkakirkju. Hún ætti kannske í sjóði, ef reikningur hennar hefði verið haldinn fyrir sig. Ef svo er, að hún greiðir og hefir um undanfarið ára skeið greitt meira í landsjóð en hann greiðir út kirkjunni til viðhalds, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að landstjórnin geti, samkvæmt lögunum frá 22. maí 1890, veitt henni fje til «harmonium»-kaupa, án sjerstakrar fjárveitingar frá þinginu.

Að því er snertir fjárupphæð þá, 5000 kr., sem stungið er upp á í stjfrv. til þilskipaábyrgðarfjelags við Faxaflóa, þá hefir nefndin, eptir bendingu frá formanni þess fjelags, gjört þá athugasemd við fjárveitinguna, að 2000 kr. af þessari upphæð skuli vera eign þeirra, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, og er þetta gjört til að hvetja menn til að ganga sem fyrst í fjelagið.

Þá kemur ný tillaga frá nefndinni um að veita 4500 kr. fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík. Þetta er í framhaldi af þingsályktunartillögu, sem samþykkt var hjer í deildinni í fyrra, um að grennslast eptir, hvort þessi hús fengjust keypt og fyrir hvaða verð. Húsin munu ekki fást keypt, en væntanlegt mun samþykki frönsku stjórnarinnar til, að landssjóður megi færa húsin á annan haganlegri stað hjer í bænum og koma þeim þar upp jafn-góðum á sinn kostnað, gegn því að fá hina umræddu lóð. Þessar 4500 kr. er að vísu ágizkaður kostnaður við þennan flutning, en líklegt þykir, að hann nægi. Í nefndarálitinu er vikið að tilgangi þessara lóðarkaupa landssjóði til handa.

Þá kemur einn af hinum verulegustu póstum eða nýjungum fjárlaganefndarinnar við þennan kafla, þar sem er hinn aukni kostnaður til vitagjörðar. Tilefni til þeirrar uppástungu fjárlaganefndarinnar er sumpart gefið af stjórninni í frumv. hennar, og sumpart er það komið frá útgerðarmannafjelaginu við Faxaflóa, sjerstaklega að því er snertir þá tvo vita, sem nefndin stingur upp á að byggja á leiðinni hingað inn til Reykjavikur, þ. e. vitann á Skagatá við Reykjanes og Gróttuvitann. Útgerðarmannafjelagið undirbjó það mál rækilega í nefnd á næstliðnum vetri, og varð fjárlaganefndin að fallast á

uppástungur og tillögur þeirrar nefndar, og leggur til, að gjörðir verði vitar á þessum tveimur stöðum fyrir 11000 kr., eins og nákvæmar er tekið fram í nefndarálitinu. Um þýðingu strandlýsinga þarf ekki að tala, því um hana eru allir samdóma. Sjerstaklega má benda á þá miklu þýðingu, sem þessir tveir vitar hjer við Faxaflóa mundu hafa ekki að eins fyrir hin mörgu skip, sem fara á milli hafna hjer við flóann og til útlanda, heldur einnig fyrir þilskipa-útgerðina, sem er að fara í vöxt hjer við flóann.

Jeg verð þess vegna að treysta því, að þó hjer sje farið fram á verulegt fjárframlag, þá verði það samþykkt hjer í deildinni. Það er auðvitað ekki full-reynt, hve mikil útgjöldin þurfa að vera til þessara tveggja vita, en eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir getað aflað sjer, hyggur hún að uppástunga sín sje ekki fjarri sanni.

Um þriðja vitann, sem hr. Otto Wathne hefir staðið fyrir að láta byggja á Dalatanga við Seyðisfjörð, er það að segja, að fjárlaganefndin álítur landssjóði skylt, að kosta að minnsta kosti hin árlegu útgjöld við hann. Sjerstaklega vill nefndin gjöra mikið úr þeirri ráðstöfun, að hafa þokulúður á þessum vita, vegna staðhátta á Austurlandi, þar sem þokur eru svo tíðar, að viti kemur ekki að haldi á stundum. — Nefndin hefir stungið upp á 500 króna útgjöldum í þessu skyni, bæði eptir kröfu hr. O. Wathnes sjálfs og leiðbeiningum, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir gefið í því efni.

Þá er að eins eptir að minnast á fjárupphæð, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á, að veita fyrverandi sýslumanni Skúla Thoroddsen. Nefndin hefir skýrt frá ástæðunum fyrir þessari fjárveitingu í áliti sínu, og h. þingdeildarm. hafa eflaust lesið brjef hr. Skúla Thoroddsens til alþingis um þetta mál, og hafa þeir væntanlega skapað sjer meiningu um það, hvernig rjett sje að greiða atkvæði um þessa fjárveitingu.

Jeg skal því ekki tala fleira um þessa tillögu að sinni, fyr en jeg heyri mótbárur móti henni.

Finn jeg svo ekki að sinni ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar greinar frumv., og tillögur nefndarinnar, að því er þær snertir.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um breyt.till. h. fjárlaganefndar við þennan kafla af fjárlagafrumv. stjórnarinnar.

Um breyt.till. nefndarinnar við 9. gr. frumv. er ekkert að segja, en úr því farið var að stinga upp á, að setja fjárveitinguna til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna upp, þá hefði verið rjettara að taka stigið fyllra og færa þessa fjárveitingu upp í 40,000 kr. að minnsta kosti, því eptir því sem kostnaðurinn við alþingi hefir farið hækkandi að undanförnu má gjöra ráð fyrir, að kostnaðurinn við alþingi 1897 verði enn hærri en þetta. En í raun-inni gjörir það ekki mikið til, hve hátt eða lágt kostnaðurinn er settur í fjárlögunum, því hann er lögboðinn, hver sem hann verður, og kemur fram í landsreikningnum eins og hann verður.

Að því er snertir uppástungu nefndarinnar um að hækka borgunina fyrir hina umboðslegu endurskoðun, þá hefir h. framsögum. (Þórh. Bj.) gjört rækilega grein fyrir henni. Jeg er honum samdóma um það, að eðlilegra hefði verið, að uppástunga um að hækka borgunina til þessa starfsmanns hefði komið beint frá stjórninni, en hann hefir nú kosið, að snúa sjer beint til fjárlaganefndarinnar og fengið nokkra úrlausn hjá henni, þó ekki hafi hann

fengið allt, sem hann fór fram á. Jeg vona, að h. þingd. samþykki að minnsta kosti þá upphæð, sem fjárlaganefndin hefir stungið upp á.

Breyt.till. nefndarinnar undir 18. tölul. á atkvæðaskránni er á fullum rökum byggð. Það segir sig sjálft, að þær 753 kr. 49 aur., sem voru viðbót við sýslumanninn í Suður-Múlasýslu sjálfan, falli burtu, úr því hann hefir fengið lausn frá embætti sínu. Þessi niðurfærsla gat ekki komið til greina í fjárlagafrumv. stjórnarinnar með því að þessi embættismaður var ekki búinn að fá lausn, þegar frumv. var samið.

Ekki get jeg verið alveg samdóma h. fjárlaganefnd að því er búnaðarskólana snertir. Þeir standa, eins og menn vita, undir stjórn amtsráðanna, sem þar hafa alveg töglin og hagldirnar. Þau ein ráða fyrir fjárhag skólanna, ákveða hversu mikil útgjöld þeir megi hafa á hverju ári o. s. frv. Það eru því amtsráðin, sem eiga að útvega það, sem skólar þessir þurfa fram yfir það fasta tillag, sem þeim er ákveðið úr landssjóði, og jeg álít rjettast, að landssjóður veiti skólunum ákveðna upphæð, t. d. 10,000 kr. eins og venja hefir verið að undanförnu. En þurfi einhver skóli á meiru fje að halda, en honum er ákveðið, þá álít jeg, að það eigi að vera hlutaðeigandi amtsráðs að útvega það fje. Jeg get líka ímyndað mjer, að þessi regla gæti verið uppörfun fyrir skólana, til að fara sparlega með efni sín, og gjöra sjer sem mest fje úr afurðum skólabúsins. Greiður aðgangur að landssjóði hlýtur aptur að leiða til hins gagnstæða, t. d. ef búnaðarskólastjóri getur sagt: nú þarf jeg að byggja fjós, og til þess vil jeg fá fje úr landssjóði, eða nú þarf jeg að byggja nýja heyhlöðu og landssjóður verður að láta mig fá fje til þess. Mjer finnst ekki eiga við, að landssjóður hlaupi í hvert skipti undir bagga með búnaðarskólunum, þegar þeir þurfa að gjöra einhverjar umbætur hjá sjer. Sjerstaklega finnst mjer hátt tillagið, sem nefndin vill veita búnaðarskólanum á Hvanneyri, sem hefir jafn sterkan bakhjall eins og Suðuramtið er. Þar sem búnaðarskólagjaldið er jafn hátt, sýnist skólinn eiga að geta staðizt, án þess að þurfa að fara í landssjóðinn. Það er auðvitað, að Suðuramtið kann að hafa reist sjer hurðarás um öxl, með því að kaupa Hvanneyrina með öllum hjáleigunum, sjerstaklega af því, að kirkjan, sem fylgir jörðinni, var í svo slæmu ástandi, að það þurfti að byggja hana upp, en það er landssjóði alveg óviðkomandi, þó stofnunin þurfi að byggja upp kirkju sína, eða hvað sem er. Amtsráðið á þá að útvega stofnuninni lán, ef hún hefir ekki nægilegt fje fyrir hendi til að standast kostnaðinn. Búnaðarskólastofnunin á Hvanneyri á að geta haft svo miklar tekjur af sinni stóru eign, að henni á ekki að vera vorkunn að geta tekið lán og endurgreitt það með vægum skilmálum. Jeg held þess vegna að það væri hollt fyrir búnaðarskólana, að þeim væri veitt einhver ákveðin upphæð úr landssjóði, en amtsráðin sæi þeim fyrir því fje, sem þeir kynnu að þurfa umfram veitinguna.

Þegar til búnaðarfjelaganna kemur, þá er jeg fullkomlega samþykkur h. framsögumanni um það, að æskilegt sje, að landssjóður styðji að öllum framförum í landbúnaðinum og tel það mest áríðandi að menn efli grasræktina sem mest. En þá er spurningin um, á hvern hátt landssjóður geti bezt stutt þessar framfarir. Það eru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort þessi aðferð, að leggja fje til allra búnaðarfjelaga í landinu, sje heppileg. Áður var fje veitt sýslufjelögunum í heild sinni, en

nú borgar landssjóður fyrir hvert dagsverk, sem unnið er, og tel jeg óvíst, að sú aðferð sje heppilegri. Jeg skal ekki deila við h. framsögum. um það, hvort tala dagsverkanna sje sönnun fyrir framförum í búnaðinum, en jeg hefi heyrt búfróða menn, jafnvel búfræðinga, tala um, að þó þeir hafi ferðazt um hjeruð, þar sem svo og svo mörg dagsverk áttu að hafa verið unnin að túnasljettu og öðru, þá hafi þeir engin vegsummerki sjeð í þessa átt. Þetta hefi jeg heyrt, en jeg fullyrði það ekki af eigin reynd. En jeg kann illa við, þegar því fje, sem búnaðarfjelögunum er veitt, er beinlínis skipt niður í aurum milli fjelagsmanna. Þess vegna álít jeg, að sú mótbára, sem h. framsögum. gat um, sje rjett: að landssjóður ætti ekki að kaupa menn til að sljetta þúfurnar í sínu eigin túni. H. framsögum. minntist á tillögu, sem komið hefði fram í blaði frá mikilsvirtum manni, um að verja ætti ábúðarskattinum til að styrkja landbúnaðinn, en jeg man líka eptir tillögu í öðru blaði frá öðrum merkum manni, sem fór í aðra stefnu, er jeg felldi mig betur við. Hann vildi, að fje væri veitt sýslufjelögunum að láni með góðum kjörum til stærri búnaðarfyrirtækja, eða það væri veitt stórum búnaðarfjelögum. Mjer finnst að landssjóður ætti ekki að veita mönnum fje fyrir að sljetta þúfurnar á einstökum jörðum, heldur til stærri búnaðarfyrirtækja, helzt þeirra, er snertu heilar sveitir. En sú skoðun virðist vera orðin svo rík, að bezt sje að styrkja þessi mörgu búnaðarfjelög, að jeg býst ekki við að það hafi mikla þýðingu þó jeg sje að benda á aðra aðferð. Breyt.till. nefndarinnar undir tölul. 23 á atkvæðaskránni virðist mjer einmitt fara í þá átt, sem jeg hefi nú bent á, því eptir mínum skilningi ætti að veita einu allsherjar fjelagi töluvert fje til að styrkja með stærri fyrirtæki. Kæmist slíkt fjelag á, álít jeg rjettast, að því yrði fengið til umráða allt það fje, sem veitt er í 10. gr. C. 4. Það væri, að mínu áliti, miklu rjettara en að parta það svona niður í smærri skammta, enda hefir það komið fyrir, að búnaðarfjelög, sem samkvæmt þeim reglum, er gilda um útbýting búnaðarstyrksins, hafa fengið einhvern sára-lítinn skammt, hafa ekki hirt hann, heldur sagt, að landssjóður gæti átt hann sjálfur.

Að því er snertir breyt.till. nefndarinnar undir 25. tölul., þá er jeg vel samdóma h. framsögum. um það, að meiri þört sje á að verja þessu fje til að járnklæða þessar kirkjur, en til hljóðfærakaupa. Að það fórst fyrir að nota fje það, sem þingið veitti 1891 til að járnklæða Langholtskirkju, mun hafa stafað af því að um þær mundir urðu umboðsmanna skipti í Vestur-Skaptafellssýslu, en hinn nýi umboðsmaður mun hafa gleymt að útvega járnið í tæka tíð. Það er sjálfsagt nauðsynlegt að láta það ganga fyrir öðru, að járnklæða kirkjurnar til að verja þær skemmdum. Jeg er líka samdóma því, að samkvæmt lögunum 22. maí 1890 sje því að eins skylda að útvega »harmonia« til kirkna, að kirkjurnar hafi efni á því sjálfar. Það stendur nú alls ekki svo á, að Langholtskirkja og Þykkvabæjarklausturskirkja hafi ráð á að kaupa sjer hljóðfæri, en orsökin til þess að stjórnin fór fram á fjárveitingu í þessu skyni var sú, að henni fannst að landssjóður ætti að ganga á undan öðrum með góðu eptirdæmi í því að leggja kirkjunum til hljóðfæri. Að því er snertir Prestsbakkakirkju, þá skildist mjer h. framsögum. álíta, að hún ætti svo mikið fje hjá landssjóði, að hún ætti heimtingu á að fá »harmonium«. Því er eins varið með þessa

kirkju eins og hinar, að sjerstakur portionsreikningur fyrir hana hefir aldrei, eða að minnsta kosti ekki mjög lengi, verið haldinn, svo það er heldur ekki hægt að sjá, hvernig hún stendur sig. En þegar hún var byggð síðast, sem mun hafa verið 1859, kostaði hún fjarska mikið, enda þótti hún stórt og veglegt guðshús. Árlegur tekjuafgangur þessarar kirkju er þó ekki svo mikill, að það geti komið til mála, að hún sje búin að borga bæði byggingarkostnaðinn og aðgjörðir þær, sem fram hafa farið síðan hún var byggð.

Menn munu hafa tekið eptir því á landssjóðsreikningunum, að Prestsbakkakirkja hefir ekki gefið neinar tekjur í mörg ár og það er af því, að allar tekjur hennar og meira til hefir gengið henni til viðhalds. En það er satt, að þessi kirkja hefir meiri tekjur en hinar tvær fyrtöldu kirkjur og mundi þá verða nokkur tekjuafgangur, ef hún hefði engin sjerleg útgjöld, en hann mundi þó varla nema meiru en 60—80 kr. á ári.

H. framsögumaður skaut því til mín, hvort landsstjórnin gæti ekki, án tilhlutunar löggjafarvaldsins, varið fje þeirra kirkna, sem hefðu tekjuafgang, til »harmoníum«-kaupa samkvæmt lögunum frá 22. maí 1890. Mjer finnst landstjórnin ekki geta upp á sitt eindæmi varið tekjum 3—4 ára til að kaupa fyrir hljóðfæri í kirkjur, þar sem tekjuafgangurinn ekki er handbær nema fyrir 1—2 ár. Ef t. d. ætti að kaupa »harmoníum« handa landssjóðskirkju árið 1896, þá væri ekki annað fje handbært en tekjuafgangurinn frá 1895 og nokkuð af tekjunum fyrir 1896, því jeg get ekki álitið, að landstjórninni sje heimilt að taka til þessa fje af öðrum liðum fjárlaganna. Það hefir að vísu verið bent á, að taka mætti fje til þessa af óvissum útgjöldum í 16. gr. fjárlaganna, en þá mætti búast við, að heimtað yrði, að það fje væri veitt á fjáraukalögum. Jeg kynni þess vegna betur við, að þetta fje væri veitt í fjárlögunum, en tekjuafgangur kirknanna rynni aptur í landssjóð.

26. breyt.tillaga fjárlaganefndarinnar gefur sig ekki út fyrir að vera nein efnisbreyting. Stjórnin hefir í fjárlagafrumv. sínu stungið upp á 5000 kr. fjárveitingu til hins nýstofnaða þilskipaábyrgðarfjelags við Faxaflóa. Þessari upphæð vill nefndin skipta í tvennt, þannig, að 2000 kr. verði eign þeirra, »sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896«. Hvernig eiga þessar 2,000 kr. að verða eign þeirra? Eiga þeir að skipta þeim á milli sín eða eiga þær að vera nokkurs konar præmia handa þeim, sem verða gengnir í fjelagið fyrir ársbyrjun 1896? Ef þeir ekki eiga að skipta þessu fje milli sín, þá skil jeg ekki, hvernig þeir eiga að fara með það eptir viðaukatillögu nefndarinnar, en h. framsögumaður mun skýra þetta fyrir mjer seinna, svo jeg get sleppt þessu atriði að sinni.

Að því er snertir 27. tölulið á atkv.-skránni, þar sem fjárlaganefndin stingur upp á 4,500 kr. fjárveitingu fyrir að landssjóður eignist lóðina undir frönsku húsunum hjer í Reykjavík, skal jeg geta þess, að fyrirliðinn á frakkneska herskipinu nú í sumar hafði umboð frá frönsku stjórninni til að semja við landshöfðingja annaðhvort um kaup eða flutning á húsunum. Hann var eindregið á því, að selja ekki húsin, enda hafði franska stjórnin viljað það síður. Þar á móti hafði hann ekkert á móti því, að húsin væru flutt á annan jafnhentugan stað, og þá ekki sízt á hentugri stað hjer í bænum, og þeim komið þar upp jafngóðum, frönsku stjórninni að kostnaðarlausu. Jeg gat samt ekki samið neitt endilegt við hann um málið

með því ekkert fje var fyrir hendi, er til þessa flutnings væri ætlað. Við töluðum um málið og jeg benti honum á stað, sem hann var fullkomlega ánægður með að húsin yrðu flutt á. Sömuleiðis gat jeg um það við hann, að annað húsið væri orðið svo hrörlegt og fúið, að varla mundu tök á að flytja það, án þess að bæta í það töluverðu af nýjum viðum, en, eins og við var að búast, vildi hann ekki heyra neitt um það, að franska stjórnin tæki neinn þátt í að koma húsinu upp aptur. Það má búast við því, að sami fyrirliðinn verði sendur hingað aptur að sumri, og mun þá ekkert verða því til fyrirstöðu frá frönsku stjórnarinnar hálfu, að húsin fáist flutt, ef nóg fje verður fyrir hendi til þess.

Jeg hefi engu að bæta við það, sem h. framsögum. (Þórh. B.) tók fram viðvíkjandi uppástungu nefndarinnar um fjárveitingu til vitagjörða, og um fyrirkomulag á þessum vitum er jeg honum sömuleiðis samdóma.

Um vitann á Dalatanga við Seyðisfjörð er það að segja, að á þinginu 1893 var veitt dálítil fjárupphæð til hans eða til vitagæzlunnar. Það stóð svo á, að herra Otto Wathne kom hingað til bæjarins seinni part þingtímans það sumar og minntist þá á þennan vita, sem hann hefði í hyggju að láta byggja. Jeg kom þá að breyt.till. við fjárlögin í efri deild um þessa litlu fjárupphæð, sem hann þá gerði sig ánægðan með. En nú hefir hann gert vitann miklu mikilfenglegri, sem auðvitað er til mikilla bóta. Það sem meðfram hefir gert að hann hefir ráðizt í þetta, er það, að hann mun hafa fengið nokkurn styrk til þess frá dönsku flotamálastjórninni, annaðhvort fje eða ljósker. Svo fjekk jeg engin skeyti um þetta síðan frá herra Wathne. Jeg talaði reyndar við hann í fyrra á Seyðisfirði, en þá var þetta fyrirtæki ekki komið á laggirnar. Nú heyrðist mjer á h. framsögum. (Þ. Bj.), að fjárlaganefndin hefði fengið skýrslu um, að fara ætti að kveykja á þessum vita nú í haust. Það er enginn vafi á því, að þessi viti er vel settur og álít jeg því fje vel varið, sem gengi til að styrkja hann. Það mun ekki standa lengi við þennan eina vita þarna á Dalatanga. Mjer er það kunnugt, að það er komin mikil hreifing á menn í Suður-Múlaýslu með að fá vita hjá sjer. Þar sem síldarveiði er og skip eru í förum allan veturinn, hlýtur það að vera harla nauðsynlegt að koma upp vitum. Það hefir komið til mín bænaskrá um vitabyggingu á Vattarnesi við Reyðarfjörð sunnanverðan, að veitt verði fje til hennar á fjárlögunum 1897. Sömuleiðis hefir líka verið talað um annan vita á Mjóeyri inni á Eskifirði. Eptir þeim undirtektum, sem vitamálið hefir fengið frá h. fjárlaganefnd nú, má búast við góðum undirtektum í þessu máli hjá þinginu 1897, enda þarf þetta ekki að verða neitt sjerlega kostnaðarsamt fyrir landssjóð, því ef vitum fjölgar að mun, má krefjast vitagjalds af skipum víðar en nú á sjer stað.

Þá er loks undir 29. tölulið á atkv.-skránni viðaukatillaga frá nefndinni við 10. gr. C. um 5000 kr. til Skúla Thoroddsens. Í nefndarálitinu er nokkuð skýrt frá því, hvernig á þessari tillögu stendur. Herra Skúli Thoroddsen hefir farið fram á, að sjer verði veittar alls 9388 kr. 54 a. Fjárlaganefndin vill ekki veita honum þessa upphæð, en stingur þó upp á, að honum verði veittar 5000 kr. Fjárlaganefndin lítur því auðsjáanlega svo á, að þessi maður eigi ekki tilkall til þess fjár, sem hann biður um, enda var svo að heyra á h. framsögumanni, að hjer væri að ræða um gjöf en ekki gjald. Það er nú sjálf-

sagt, að alþingi hefir fyrir sitt leyti leyfi til að gefa gjafir úr landssjóði, en annað mál er það, hvort það væri landinu hollt, að alþingi tæki upp á að gefa slíkar gjafir. Á einveldistímunum var mikið talað um, að konungarnir gæfu gæðingum sínum gjafir og ysu í þá fje landsins. Þetta hefir horfið síðan fjárveitingarvaldið komst í hendur þjóðanna, svo það er mikið álitamál, hvort það er rjett, að þingið fari að taka upp þennan sið. Hvort hinn hluti fjárveitingarvaldsins vill fylgja þinginu í þessu, veit jeg ekki. Það mun koma fram á sínum tíma.

Einar Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með br.till. við 10. gr. c. 4. a. 4. viðvíkjandi styrknum til búnaðarskólans á Eiðum, nefnilega að hækka styrkinn til hans síðara árið úr 2000 kr. og upp í 2500 kr. Ástæður mínar fyrir þessari hækkun eru fyrst og fremst það, að það var álitið rjett 1893 að veita skólanum 2500 kr. hvort árið og jeg veit ekki til að komið hafi neitt það fyrir síðan, er gjöri það að verkum að ástæða væri til að lækka það, og önnur ástæða mín er sú, að verði skólanum að eins veittar 2000 kr. síðara árið, þá fær hann langminnstan opinberan styrk af öllum búnaðarskólum á landinu og til þess sje jeg enga ástæðu; skólinn hefir nú hin síðari ár verið eins vel sóttur og hinir búnaðarskólarnir og annaðhvort verið alveg fullur eða hátt upp í það. Nú síðasta árið voru þar 7 lærisveinar, en stundum hafa þeir verið 11—12, þótt í reglugjörðinni sje raunar ekki gjört ráð fyrir að fleirum en 10 verði veitt móttaka, og nú eru á honum 10 eða 11. Fyrir skólanum hefir staðið mjög reglusamur og samvizkusamur maður, sem jeg hygg að muni vera eins góður kennari og almennt tíðkast við hina skólana. Þess vegna veit jeg ekki, hvers vegna þessi skóli á að verða svo hart úti.

Jeg vil taka Hvanneyrarskólann til samanburðar, af því mjer virðast þeir tveir skólar helzt geta borizt saman. Hvanneyrarskólinn hafði að vísu 2 síðustu árin jafnt tillag úr landssjóði og Eiðaskólinn, en hann (o: Hvanneyrarskólinn) hafði miklu meira fje annarsstaðar frá. Eiðaskólinn hafði 884 kr. af vöxtum jarðeldasjóðsins og c. 2500 kr. af búnaðarskólagjaldi eða alls rúmar 1000 kr. annarsstaðar frá, þar sem Hvanneyrarskólinn hafði 1669 kr. annarsstaðar frá um sama tímabil; hann hefir því haft hjer um bil 5—600 kr. meira en Eiðaskólinn, og þess vegna finnst öll sanngirni mæla með því að Eiðaskólanum yrði veittur þessi mismunur úr landssjóði, og mjer finnst einmitt sjerstaklega vera ástæða til þess nú að veita þetta fje því fremur sem fjárlaganefndin hefir farið fram á að styrkurinn til Hvanneyrarskólans væri hækkaður að mun. Jeg vildi mega vænta þess að þingið gerði góðan róm að þessari br.till. minni og fyndi til þeirrar sanngirni, sem með henni mælir, þar sem Eiðaskólinn stendur ver að vígi en nokkur annar búnaðarskóli á landinu með styrk af opinberu fje, þegar allt er athugað.

Hæstv. landshöfðingi tók fram, að heppilegast mundi vera að veita vissa upphæð á fjárlögunum, t. d. 10—12 þús. kr. til allra búnaðarskólanna og fá hana svo í hendur amtsráðunum til útbýtingar (*Landsh.*: Það var ekki meining mín). Þá hefi jeg misskilið orð hæstv. landsh., enda voru þau ekki sem glöggust. Hann talaði um að veita skólunum þessa upphæð í sameiningu o: eina vissa upphæð og nefndi svo amtsráðin til þess að annast hvað hver fengi. En fyrst það eigi var tilætlun hans, að amtsráðin skiptu þessum styrk á milli sín, þá er

eigi meira um það að segja, enda mundi það óheppilegt. Aptur á móti gæti það verið umtalsmál, ef allsherjar búnaðarfjelag kæmist hjer á, að fá því í hendur þessa upphæð og láta það því jafnframt fá í hendur aðalumsjón yfir búnaðarskólunum ásamt öðrum búnaðarmálum í landinu og mynda þannig nokkurskonar búnaðarstjórn. Hæstv. landshöfðingi gat þess, að það væru amtsráðin, sem stofnað hefðu búnaðarskólana og því stæði það þeim næst að annast þá; jeg veit ekki til að þetta sje allstaðar svo, að minnsta kosti voru það sýslufjelögin í Múlasýslum einum, sem stofnað hafa skólann á Austurlandi, og amtsráðið hefir ekki haft annað með hann að gjöra en að samþykkja reikninga hans einu sinni á ári.

Hæstv. landshöfðingi ljet það ennfremur í ljósi bæði nú og á þinginu 1893 að búnaðarskólarnir kæmu alþingi eiginlega ekki beinlínis við eða stjórninni, heldur heyrðu þeir sem sagt undir amtsráðin. Jeg er nú ekki á þeirri skoðun, enda veit jeg ekki betur en hæstv. landsh. hafi undirskrifað reglugjörðir fyrir suma af þessum skólum sjálfur, að minnsta kosti hefir hann skrifað undir reglugjörð Hólaskólans, og þar með viðurkennt að þessir skólar væru ekki alveg óviðkomandi hinni æðstu stjórn landsins. En þótt jeg geti fellt mig við að búnaðarskólarnir væru settir undir stjórn eins allsherjar búnaðarfjelags, ef það kæmist haganlega á, þá verður því ekki viðkomið nú og á þessu þingi verður að fara með styrkveiting til þeirra eptir gamla laginu. Aðaláherzluna verð jeg að leggja á það að þingið sje ekki of naumt í þessum fjárveitingum, því að eptir því sem búnaðarskólunum vex fiskur um hrygg og þeir verða betri og fullkomnari, eptir því koma þeir til að hafa betri og heillavænlegri áhrif og meiri þýðingu fyrir þjóðina. Hið sama er að segja um búnaðarfjelögin, að þótt þau sje enn víða í smáum stíl, þá hafa þau þó gjört talsvert gagn og stuðlað mikið að því að vekja áhuga margra á búnaði. Í grennd við mig var búnaðarfjelag í eitthvað 3 ár og þó að það væri ekki stórt, sáust þegar dálítil merki um það í túnasljettun og öðru. En það hætti nú of fljótt fyrir einhverjar sakir, og síðan hefi jeg ekki heldur sjeð bætt við þessi búnaðarstörf í þeirri sveit. Í öðrum hrepp í grennd við mig er búnaðarfjelag, sem ekki getur heitið stórt, en sem unnið hefir mikið gagn; það sjer mjög víða álitlegan vott um framkvæmdir þess. Menn mega ekki heimta of mikið af búnaðarfjelögunum þegar í upphafi. Framkvæmdir þeirra geta eigi verið nema smáar framan af; en þótt ekki sje mikið unnið árlega, þá dregur það sig saman með tímanum og áhuginn fer heldur vaxandi. Jeg vil því leyfa mjer að mæla með því að styrkurinn til búnaðarfjelaganna sje samþykktur og þó að hann hefði verið hærri, þá hefði jeg gefið atkvæði mitt með honum.

Svo ætla jeg að minnast með fám orðum á vitann á Dalatanga. Jeg skal geta þess, að jeg hefi nýlega fengið brjef frá hr. Otto Wathne og hefir hann skýrt mjer frá, að vitinn muni verða fullbúinn 1. sept. svo að hægt verði að kveikja á honum þá. Ennfremur stendur í nýkomnum »Austra» frá 20. júlí að verið sje að byggja vitann, en ekki er þar hægt að sjá, hve langt sje komið með bygginguna. Mjer er kunnugt um, eins og hæstv. landsh. líka drap á, að ósk muni bráðlega koma af Austurlandi um annan vita við Reyðarfjörð, en með því að það enn er óvíst, hvar sá viti á að standa, þótt líkur sjeu til, að það verði á Seley í mynni Reyðarfjarðar, þá hefi jeg ekki

viljað vera að koma með neina tillögu um það að þessu sinni, en álitið, að heppilegast væri að geyma málið til þingsins 1897, ef þá væri betri undirbúningur fenginn. Það er enginn vafi á því að vitans er öll þörf, því að innsigling á Reyðarfjörð er hættuleg, þegar myrkt er af nótt eða veðri.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi vitanum á Dalatanga og væntanlegum vita við Reyðarfjörð, að jeg skrifaði formanninum á «Heimdalli» í sumar og bað hann að rannsaka og gefa mjer skýrslu um það, hvar heppilegast mundi vera að byggja vita við Reyðarfjörð og hefi jeg nú fengið frá honum loforð um slíka skýrslu.

Guðlaugur Guðmundsson: Það voru að eins fá orð viðvíkjandi landssjóðskirkjunum, út af orðum hæstv. landsh., sem jeg vildi sagt hafa. Prestsbakkakirkja mun hafa verið byggð 1859; hún var þá flutt frá Kirkjubæ, þar sem áður hafði verið torfkirkja, sem byggð var snemma á öldinni, og hún hafði allar sömu tekjur og kirkjan á Prestsbakka hefir nú, en eigi hefir verið til hennar kostað, að því jeg bezt veit, frá 1822—1859. Til Pestsbakkakirkju hefir verið kostað, síðan hún var byggð, rúmum 1000 kr., en brúttótekjur hennar hafa verið hjer um bil 200 kr. á ári, og þar af hefir tekjuafgangur verið síðustu 2 árin fyrra árið 88 kr. en síðara yfir 120 kr. Það má því gjöra ráð fyrir, að tekju-afgangur kirkjunnar hafi verið að meðaltali nálægt 100 kr. árlega, og að til hafi verið í sjóði, þegar kirkjan var byggð, helmingur af því fje, sem fór til kirkjubyggingarinnar, sem var um 4000 kr., og ef þess er nú gætt, að kirkjan, sem að eins er 36 ára, getur sjálfsagt staðið 50 ár til, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að kirkjan hljóti að hafa borgað sig og eigi talsvert fje, svo að landssjóður sje hreint og beint skyldur til, að kaupa handa kirkjunni harmonium, þegar þess er krafizt. Ef það fengist ekki með öðru móti, þá mætti ganga í gegn um alla kirkjureikningana, og fá fjárspursmálið leyst, og svo skylda landssjóðinn með dómi til að kaupa hljóðfærið, ef það reyndist svo, að kirkjan ætti fyrir því.

Það er annars illt til eptirdæmis, ef landssjóður er svo naumur við kirkjur sínar, að þær fyrir þá sök verða söfnuðum til hneykslis. Langholtskirkju og Þykkvabæjar-klausturskirkju t. d. vantar ljósahjálm og altaristöflur, og þær hafa ekki verið máluðar um mörg ár. Þessar kirkjur eru full-stórar og vel byggðar, og gætu verið all-lagleg guðshús, ef þeim væri haldið við, og einhver dálítill sómi sýndur, en þegar allt vantar innan í þær og málningin er öll skálduð og slettótt, og þær bikaðar utan eins og pakkhús, þá verða þær fremur til hneykslis en ánægju. Þetta er líka mjög slæmt til eptirdæmis fyrir aðra kirkjueigendur, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að söfnuðirnir eigi heimtingu á, að þessu sje betur skipað.

Að því er hljóðfærakaupin sjerstaklega snertir, skal jeg taka það fram, að það muni allir játa og viðurkenna, hve mikil og góð áhrif góður söngur í kirkjum hefir, og hvað Prestsbakkakirkju snertir, þá skal jeg geta þess, að söfnuðurinn hefir þegar gjört ráðstöfun til þess, að sendur verði maður til Reykjavíkur til að læra orgelspil undir eins og þessi styrkur fæst.

Að því er snertir Langholts- og Þykkvabæjar-klausturskirkjur, þá mun tekju-afgangurinn við Langholtskirkju vera 50—60 krónur á ári, og hún var

byggð 1863 eða 1864; við Þykkvabæjarkirkju er tekju-afgangurinn nokkuð minni, og við hana hefir nýlega verið gjört eitthvað lítið eitt. Jeg er því miður ekki svo kunnugur fjárhag þessarar kirkju, að jeg þori neitt um hann að fullyrða.

Ef þessar tillögur mínar ná ekki fram að ganga nú, þá gjöri jeg ráð fyrir, að koma með breyt.till. í þessa átt við 3. umr. Annars fæ jeg ekki betur sjeð, en að landsstjórnin geti greitt þennan kostnað af tekjum annara landssjóðskirkna, að minnsta kosti sje jeg af fylgiskjali 16 við landsreikningana, að svo hefir verið gjört, þar sem tekinn hefir verið tekju-afgangur frá Langholtskirkju til að greiða áfallna skuld við Þykkvabæjarkirkju. (*Landsh.*: Umboðsmaðurinn tók það undir sjálfum sjer).

Að því er snertir vitana, þá hef jeg ekkert á móti þeirri fjárveitingu, en álít vita bæði nauðsynlega og þarfa. En jeg skal að eins geta þess, að jeg álít tíma til þess kominn, að farið væri að nefna það, að einhversstaðar væri byggður viti á suðausturströnd landsins. Þetta er, eins og al-kunnugt er, hin versta og hættulegasta strönd landsins, og þar verða flest skipströnd, og það sem eiginlega er það hneykslanlegasta er það, að lífsháskinn byrjar opt ekki fyrir alvöru fyrri en mennirnir eru komnir í land, þegar þá ber upp á eyðisanda og langt er til allra manna byggða. Jeg skal taka til dæmis, að 1877 strandaði skip á þessari strönd og allir skipverjar komust lifandi í land, en að eins 2 náðu til byggða lifandi, og það var að eins fyrir hendingu, að 16 menn af frönsku skipi, sem þar strandaði nýlega, komust til byggða í Meðallandinu.

Jeg vildi að eins að menn fengju að heyra það nú, að eitthvað verður að gjöra til að bæta úr slíku; það verður án efa innan skamms álitið alveg nauðsynlegt bæði að setja vita á hinum hentugustu stöðum á þessari strönd, og enda varðstöðvar fram með ströndinni, þar sem eyður eru mestar.

Jeg vildi að eins benda á þetta án þess, að jeg ætli mjer að koma með nokkra tillögu í þessa átt að þessu sinni.

Halldór Daníelsson: Jeg hefi hjer að eins eina litla breyt.till., sem jeg vildi minnast á með *fáeinum orðum*.

Á lestrarsalnum hefir legið bænarskrá frá nokkrum mönnum á Akranesi um 500 kr. styrk til þess fyrirtækis, sem hjer er um að ræða í breyt.till. Eins og þeim mönnum mun vera kunnugt, sem hafa ferðazt hjer um Faxaflóa, er Steinsvör sú eina þrautalending um það pláss, þar sem hægt er að lenda fljótlega opnum skipum. Eins er þetta, eins og nú til hagar, sá eini staður, þar sem hægt er að leggja gufuskipum — eins og kunnugt er liggur Steinsvör að »Krossvík«, sem er sú skipalega, þar sem öll gufuskip og hin stærri skip, er til Akraness koma, hljóta að liggja.

Hvað kostnaðinn snertir við þessa bryggjugerð, sem ráðgerð er í breyt.till., þá er jeg hræddur um, að hann mundi verða meiri en 1000 kr.; jeg held að jeg geti, áður en umræðunum lýkur um þetta mál, útvegað áætlun um kostnaðinn, en það er jeg þegar viss um, að hann mun verða langt yfir 1000 kr. Eptir því sem bryggjusmíðin hjer í Reykjavík kostaði, get jeg ekki ætlað, að þessi kostnaður verði minni en 4000 kr.

Sem sagt, ef gufuskipaferðir að Skaganum halda áfram eins og að undanförnu, verður hin mesta nauðsyn á, að koma þessari bryggju upp, og þegar svo hreppsfjelag Akraness vill taka á

sig svo mikinn kostnað, sem þessari bryggjusmíði hlýtur að verða samfara, þá finnst mjer það mjög eðlilegt, að alþingi styðji fyrirtækið með ofurlítilli fjárveitingu, einkanlega þegar ekki er farið fram á meira.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Af því að virðist ætla að verða hlje á umr., þar sem enginn hefir beðið um orðið, finnst mjer rjett að nota tækifærið til að víkja nokkuð að þeim aths. við breyt.till. nefnd., sem fram hafa komið.

Hæstv. landsh. tók vel í margar af breyt.till. nefnd. Eins og hann tók fram, stendur það á minnstu, hvort menn setja alþingiskostnaðinn 40 eða 42 þús. kr., þetta er skyldugjald, sem greiðist, hvort sem það er meira eða minna; en nefndin þóttist raunar hafa gjört nóg með því að hækka þá fjárveitingu um 6,000 kr. Svo hafði hæstv. landsh. ekki neinar sjerlegar athugasemdir að gjöra við breyt.till. nefndarinnar, þangað til að kom að styrkveitingunni til búnaðarskólanna. Það er að vísu satt og rjett, að amtsráðin hafa tekið skólana að sjer, og að á þeim hvílir skyldan að sjá skólunum fyrir nægilegu fje, þó að raunar, eptir tilskipun um stofnun búnaðarskóla frá 1871, þeir verði að skoðast beinlínis sem landsstofnun, er landið eigi að kosta, þar sem dómsmálastjórninni var ætlað að sjá um framkvæmd þeirrar tilskipunar. Nefndin er samdóma hæstv. landsh. um það, að hið fasta tillag til skólanna sje hæfilega sett 10 þús. kr. á ári, og frá því vill nefndin ekki víkja; þessi fjárveiting hefir fengið hefð á sig á hinum síðustu þingum, nefndin fer að eins þetta lengra að veita viðbót til 3 þeirra hið fyrra árið, af sjerlegum kringumstæðum, sem fram eru teknar, og sem h. þingd. vonandi finnur ástæðu til að samþykkja. Annars verð jeg að lýsa því yfir, að fyrir nefndinni vakti sú hugsun, að hinir fjórir búnaðarskólar landsins hefðu þá fyrst nægilegt verksvið, er þeir tækju að sjer ekki að eins að veita bændasonum búnaðarfræðslu, heldur líka nauðsynlega gagnfræðamenntun fyrir þeirra stöðu. Sem stendur er ekki svo lítil realmenntun gefin á búnaðarskólunum, og það virðist liggja í loptinu, að hinir 2 gagnfræðaskólar landsins verði ekki langgæðir, Möðruvallaskólinn er sennilega á förum, að minnsta kosti koma fram ýmsar raddir um það aptur og aptur, og Flensborgarskólanum verður væntanlega bráðum breytt í kennaraskóla, enda virðist ekki mikið fje vera gefandi til þeirrar skólamenntunar, sem ekki miðar að vissu ákveðnu takmarki. Og þá tel jeg heppilegastan þann veg, að búnaðarskólarnir bættu úr þessari þörf, sem gagnfræðaskólarnir nú eiga að fullnægja; skólarnir mundu vel geta komizt yfir það, og menn geta búizt við því, að þeir yrðu þá mikið betur sóttir af bændaefnum en hingað til. Þá yrði meining í að hafa búnaðarskólana fjóra; en það er lítil meining í því eins og nú er, þegar svo fáir sækja skólana, að á engum þeirra hafa verið fleiri en 10 nemendur, nema Hólaskóla einum.

Hæstv. landsh. gjörði sjerstaklega aths. við veitinguna til Hvanneyrarskólans, hann áleit hækkun nefnd. á þeirri fjárveitingu á litlum eða engum rökum byggða. Ástæðan er þó deginum ljósari, hinn stórkostlegi byggingarkostnaður skólans. Amtsráð suðuramtsins hefir ráðizt þar í svo mikið og með svo sigurvænlegum árangri, að það á sannarlega þessa uppörfun skilið hjá fjárveitingarvaldinu. Hafi jeg heyrt rjett samanburð h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem kemur nokkurn veginn saman við minn reikning, þá hefir Hvanneyr-

arskólinn framt að 500 kr. annarstaðar frá fram yfir Eiðaskólann; en hjer verður nokkuð að líta á það, að Eiðaskólinn hvílir þó ekki eins þungt á hlutaðeigandi jafnaðarsjóði og Hvanneyrarskólinn gjörir, heldur fær Eiðaskólinn mikinn part af sínum fjárstyrk, ef svo mætti segja, nærri því upp úr steinunum. Það eru vextirnir af jarðeldasjóðnum, 800—900 kr. á ári, sem austuramtið fær þar að gjöf til síns skóla; annars dettur mjer ekki í hug að gjöra það að nokkru kappsmáli, að fella Eiðaskóla frá enn ríflegri fjárstyrk, jeg tel fjárveitingunni til búnaðarskólanna vel varið. Það kom jafnvel til álita í nefnd, að hækka enn meira við báða skólana, Eiða og Ólafsdals, en nefnd. varð samt að gjöra þennan mun á þeim og Hvanneyrarskólanum af margnefndum ástæðum. Annars er hjer til staðar í þingdeildinni einn amtsráðsmaður úr suðuramtinu (Guðl. Guðm.), sem eptir þeim kunnugleika, er hann hefir á Hvanneyrarskólanum, hefir við mig tjáð sig fúsan til að mæla hið bezta með honum, og hann mun geta borið um það, að skólinn er nú á svo góðum vegi, að hann á fullkomlega skilið þann styrk, sem nefndin hefir stungið upp á. Og hvernig sem nú ræðst með Eiða- og Ólafsdalsskólann, treysti jeg því, að h. þingd. verði með þessari ríflegu styrkhækkun til Hvanneyrarskólans, og jeg vil sjerstaklega biðja hina h. þm. að lesa rækilega hið ýtarlega brjef amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu, um þennan skóla, því það er í alla staði svo glöggt og sannfærandi.

Hæstv. landsh. gjörði ýmsar aths. við búnaðarstyrkina, er sumpart gengu í sömu átt og aths. nefndarinnar, en sumpart á móti henni. Hann gat þess að í ýmsum hjeruðum sæjust litlir ávextir eptir búnaðarstyrkinn; en þess ber að gæta, að þeir ávextir eru ekki alltaf sjáanlegir með alfaraveginum, og eins eru sumar jarðabætur svo lagaðar, að þær felast í jörðinni, en sjást ekki ofan á t., d. lokræsin. Jeg fyrir mitt leyti get sagt það, að jeg hefi sjeð stórkostlega ávexti af styrknum í þeim hjeruðum, sem jeg hefi farið um hjer sunnanlands á síðari árum; jeg skal sjerstaklega taka til dæmis Grímsnesið og Borgarfjörðinn. Ennfremur tók hæstv. landsh. það fram, að sumum búnaðarfjelögum þætti styrkurinn svo óverulega lítill, að þau ekki vildu hirða hann; en þar sem í hverju búnaðarfjelagi þurfa að vera minnst tíu meðlimir, til þess að geta fengið styrk, og hver þeirra þarf að meðaltali að hafa unnið 12 dagsverk, og á hvert dagsverk koma hjer um bil 30 aurar, þá hefir styrkurinn ekki orðið minni til hvers fjelags en 36 kr., og þá get jeg ekki skilið, að nokkurt þeirra sje svo trassafengið, að það ekki vilji vitja þessarar upphæðar, þó að hún sje ekki meiri; opt hafa menn hirt úr landssjóði það sem minna hefir verið.

Það er satt, sem hæstv. landsh. sagði, að hjer á landi er lítið fje veitt til stærri búnaðarfyrirtækja; það er helzt búnaðarfjelag suðuramtsins, sem hefir gjört dálítið í áttina; þetta vakti og fyrir nefndinni. Hún áleit, að vjer ættum að styrkja hin smærri fyrirtæki með því að veita fje til búnaðarfjelaganna, og hin stærri með því að stofna eitt allsherjar fjelag fyrir allt landið; það hefði kunnáttuna og kraptana til allra forgöngu í búnaðarmálum, og það ætti að taka að sjer um allt land slík stór búnaðarfyrirtæki, eins og t. d. vatnsveitingarnar yfir Skeiðin og Flóann í Árnessýslu, sem búnaðarfjelag suðuramtsins þegar hefir byrjað á að undirbúa. Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hve vel hann tók þessari

hugmynd um eitt allsherjar búnaðarfjelag fyrir allt landið; það fjelag kynni þá á sínum tíma að geta orðið millilið-ur á milli fjárveitingarvaldsins og hinna smærri búnaðarfjelaga. Þetta var sú hugsun, sem vakti fyrir nefndinni, að reyna að stuðla að því að koma slíku fjelagi á fót, en hún áleit að nú mætt-um vjer ekki þess vegna draga saman seglin og minnka styrkinn til hinna smærri fjelaga, heldur halda honum á-fram, og jeg er sjerstaklega þakklátur h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fyrir það lið-sinni, er hann veitti þeim fjelögum í ræðu sinni, þar sem þó hans sýslur hafa fengið minnstan styrk til búnaðar-fjelaga af öllum sýslum hjer á landi, að Austur-Skaptafellssýslu einni undan-skilinni, sem engan styrk hefir fengið.

Hæstv. landsh. var nefndinni sam-dóma um harmoníumkaup í þessar lands-sjóðskirkjur í Vestur-Skaptafellsýslu, þó að eigi sje, eins og ástendur með fjár-hag þeirra, skylda fyrir hendi að leggja fram fje til þess, en hitt sje brýnni nauðsyn að járnklæða þær; en eptir upplýsingum þeim sem hann gaf um Prestbakkakirkju og samkvæmt yfir-lýsingu hans snertandi harmóníums-kaup í hana, verður að koma bein fjár-veiting til þess, en tillaga kemur eigi fram um það frá fjárlaganefndinni, sem jeg álít rjett að taka fram.

Athugasemd hæstv. landsh. við 26. breyt.till. nefndarinnar, mun h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) væntanlega svara, því sú breyt.till. er frá honum, og hann er því máli kunnugastur.

Hæstv. landsh. tók svo vel í þessa nýjung hjá nefndinni um vitabygging-ar, að jeg hefi þar rjett engu við að bæta. Að eins get jeg lýst því yfir, að nefndin talaði allmikið um það og á-leit það sjálfsagt, að haldið væri áfram slíkum vitabyggingum á nauðsynleg-ustu stöðum kringum landið, en þótti nóg ráðizt í þetta að sinni. Nefndin á-lítur að slíkar vitabyggingar yrðu land-inu eigi svo þungbærar, þar sem vita-gjald yrði þá leitt í lög fyrir land allt.

Viðvíkjandi 29. liðn. á atkv.skr., 5000 kr. til Skúla Thoroddsen, hefir nefndin lýst yfir því í áliti sínu, að hún telji þetta vera hæpna lagakröfu, og að því leyti er hún samdóma hæstv. landsh., en um leið kannaðist nefndin við það, að þessi maður hefði sanngirniskröfur til skaðabóta eptir atvikum. Og þó að nú »annar þáttur fjárveitingarvaldsins« aldrei nema kalli þessa 5000 kr. fjár-veiting gjöf, eins og hæstv. landshöfð-ingi komst að orði, og þó að þessi ann-ar þáttur fjárveitingarvaldsins kannske ekki viðurkenni ástæður þingsins til þessarar fjárveitingar, þá treystir nefnd-in því, að hann viðurkenni vald þings-ins yfir landsins fje, og þá um leið, að það hafi leyfi til að gefa.

Hvað snertir ræðu h. þingm. Mýr. (H. D.) skal jeg taka það fram, af því að mjer er málið eins kunnugt og honum, að það er fullkomlega satt, að hjer væri mikil þörf á að fá bryggju smíðaða, og þá ætti það helzt að vera steinbryggja. Eptir beiðni minni skoðaði verkfræðing-ur landsins þennan stað fyrir rúmu ári síðan, og hann áleit, að hægt mundi vera að koma upp traustri steinbryggju fyrir 3000 kr., og fyrir aðrar 3000 kr. mætti gera við vörina, með því að hlaða upp í 15 álna skarð í klettabeltið, sem girðir og ver vörina. Þetta opna skarð spillir mjög vörinni, sem yrði framúr-skarandi þrautalending fyrir allan Faxa-flóa sunnanverðan, jafnskjótt og skarð-ið væri fyllt. Jeg skýrði nefndinni rækilega frá þessu og hún áleit, að slíkt mannvirki bæri að styrkja ríflega af almannafje og eins þá að koma til á-lita með einhvern styrk til varanlegrar og dýrrar bryggjugjörðar. Mjer er á-nægja í tilefni af ræðu h. þm. Mýr. (H.

D.) að geta lýst þessu yfir til uppörfunar fyrir hlutaðeigandi hjerað, sjái það sjer fært að ráðast í þetta mannvirki.

Nú á jeg ekki eptir að minnast á annað en athugasemd h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) viðvíkjandi landssjóðskirkjunum.

H. þm. (Guðl. G.) áleit, að það væri skylda landssjóðs, að halda sínar kirkjur að minnsta kosti eins vel og bændakirkju væru haldnar. Það er nú upp og niður með það, hvað bændakirkjur eru vel haldnar, jeg vil helzt halda sem sparast á til landssjóðskirknanna, nema í einu tilfelli, nefnilega, ef vegur er til þess, að söfnuðirnir taki við þeim, þá vil jeg, að landssjóður horfi ekki í ríflegt ofanálag til að losast við þær; það verður mestur sparnaðurinn fyrir framtíðina, og þá kynni að því að koma, að sparaðist tími þingsins og fjáreyðsla, sem verið hefir í hvert einasta skipti til að ræða um fjárhag og fjárhald þessara landssjóðskirkna.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg vildi tala nokkur orð viðvíkjandi því, að kaupa hljóðfæri í landssjóðskirkjur. Í stjórnarfrumv. var farið fram á að kaupa hljóðfæri í þrjár landssjóðskirkjur; en svo fór jeg þess á leit, að fjórðu kirkjunni yrði bætt við, og líka keypt hljóðfæri í hana; það er Bjarnaneskirkja, sem er einnig landsjóðskirkja, og eins var þar búið að gera hinn löglega undirbúning málsins í hjeraði. Svo varð það ofan á í h. fjárlaganefnd, að fella allt þetta í burtu og setja annað í staðinn, en úr því nú h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir ráðgert að koma fram með breyt.till. við þessi atriði, þá vildi jeg geta samlagað mig við h. þm. um það, því það stendur hjer eins á fyrir mjer.

Svo skal jeg geta þess um leið viðvíkjandi skaðabótum til Skúla Thoroddsen, að jeg er samdóma þeim h. þingdm., sem álíta, að þessi maður hafi orðið hart úti, og að hann hafi sanngirniskröfur til þess, að fá einhverjar skaðabætur fyrir þann tekjumissi, sem hann hefir orðið að bíða, að minnsta kosti þangað til hann er kominn í viðunanlega stöðu, er jeg vildi að hann gæti fengið sem fyrst. En jeg er á því, að þessi upphæð, sem hjer er farið fram á að veita, ætti heldur að koma á liðinn »til eptirlauna og styrktarfjár«, og skiptast á 2 næstu árin, úr því ekki eru samin sjerstök eptirlaunalög fyrir þennan embættismann; einkanlega er jeg á móti því, að upphæðin sje veitt á þessum lið fjárlaga, þar sem jeg skoða þetta sem nokkurs konar biðlaun, svo jeg get alls ekki verið með henni hjer, en færi svo, að hún fallí, þá geri jeg ráð fyrir, að hún verði tekin upp aptur á liðinn »til eptirlauna og styrktarfjár« (15. gr.) og þá mun jeg geta verið með henni.

Jón Jensson: Það er viðvíkjandi fáeinum atriðum í fjárlagafrumv., sem jeg vildi gera grein fyrir mínu atkv.

Það er fyrst hvað snertir breytingu nefndarinnar á búnaðarstyrknum, þeim styrk, sem veittur er til búnaðarfjelaganna. Nefndin hefir farið fram á að hækka þennan styrk um 3 þús. kr. fyrra árið, og 5 þúsund kr. seinna árið, eða alls á fjárhagstímabilinu um 8 þús. kr. Jeg neita því ekki, að sá búnaðarstyrkur, sem hefir verið útborgaður til búnaðarfjelaga um allt land, og ætlazt er til að eigi að örva búnaðarfjelögin til þess að ganga betur fram í jarðabótum — að sá styrkur hafi komið sjálfsagt að góðum notum. En jeg get eigi sjeð nokkra ástæðu til að hækka þennan styrk; menn þykjast sjá, að hann geri gott gagn eins og hann er, og jeg get ekki ímyndað mjer, að hækkun eins og hjer er farið fram á, muni hafa nokkur áhrif í þá átt, að gefa mönnum

meiri uppörfun en sá styrkur, sem nú er veittur, til að leggja stund á jarðabætur; sá búnaðarstyrkur, sem nú er veittur, er mönnum nægileg uppörfun, og jeg álít, að það sje allt of mikið að leggja fram 8 þús. kr. úr landssjóði án nokkurrar vissu fyrir, að með þeim sje nokkuð áunnið. Þess vegna get jeg ekki greitt atkvæði með þessari breyt.-till. fjárlaganefndarinnar.

Í öðru lagi fer fjárlaganefndin fram á að veita búnaðarfjelagi suðuramtsins í viðbót við þann styrk, er stjórnarfrv. ákveður, 4000 kr. til þess að koma á stofn einu allsherjar búnaðarfjelagi fyrir allt landið. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að þetta allsherjarbúnaðarfjelag, þótt það sje falleg hugmynd, hafi nokkurt praktiskt gildi, eins og nú á stendur. Jeg og, jeg ímynda mjer, flestir Reykvíkingar, þekkjum mjög vel búnaðarfjelag suðuramtsins, og hvernig því er varið; jeg neita því ekki, að fjelagið hafi gert gagn, enda hefir það haft töluvert fje til umráða. En á hinn bóginn efast jeg um, að sú aðferð sje heppileg, að veita privatfjelögum, sem svo er fyrir komið sem þessu fjelagi, styrk úr landssjóði, án frekari tryggingar til útbýtingar eptir velþóknun sinni. Þvert á móti ætti, þegar privatfjelagi er veitt opinbert fje til umráða, fyrst og fremst að vera fengin full trygging fyrir því, að fjelagið hefði sýnt þann áhuga og þá starfsemi af eigin kostum, sem vert væri að styrkja; þetta má nú að nokkru segja um búnaðarfjelag suðuramtsins, að það hafi sýnt, en fyrirkomulag þess fjelags er þó svo, að það getur verið vafi á, hvort það er heppilegt að fela því á hendur mikla útbýting fjár fyrir þjóðina.

Menn vita það, hvernig fundir fjelagsins hjer í Reykjavik eru sóttir; það koma stundum ekki nema nokkrar hræður á hvern fund, 10 eða þar um, menn sem fyrir einar 10 kr. hafa getað keypt sig inn í fjelagið æfilangt, og þessir menn eiga að greiða atkv. um það, hvernig þeim mörgu þúsundum kr., er landssjóður leggur fjelaginu, og sem er aðalfjármagn þess, eigi að verja. Er hjer fengin nokkur trygging fyrir því, að þessu fje verði hyggilega varið. Jeg skal reyndar játa það, að árangurinn af gjörðum fjelagsins hefir opt orðið góður, en þetta þarf ekki að verða svo og tilviljunin, sem ræður svo atkvæðunum, sem á fund koma, gæti hæglega og hvenær sem vera skal leitt til hins gangstæða. Það er það fyrirkomulag á fjelaginu, sem leggur umráð fjárins undir atkv. þeirra manna, sem geta keypt sig inn í fjelagið fyrir einar 10 kr., æfilagt, sem í mínum augum er óbrúklegt. Líklega á nú að halda þessari sömu aðferð áfram með hinu fyrirhugaða allsherjarbúnaðarfjelagi fyrir allt land. Reyndar gætu menn hugsað sjer að skipulagi þess yrði svo fyrir komið, að meiri trygging yrði fyrir því að atkvæði kæmi ekki í hendur annara en þeirra, sem vilja hefðu og vit til að veita fje það skynsamlega, er fjelagið fær til umráða. En þá er mjer spurn, að hverju leyti er slíkt allsherjarfjelag heppilega en t. d. fjórðungafjelög, eins og búnaðarfjelag suðuramtsins, eða hvaða búnaðarmál ætti það að hafa með höndum, sem fjórðungafjelögin gætu ekki sjeð borgið á eins fullnægjandi hátt. Jeg fyrir mitt leyti þekki engin slík allsherjarmál í búnaðinum. Mjer finnst að það ætti allt af að fylgja þeirri reglu um styrkveitingar til búnaðarfjelaganna, og privatfjelaga yfir höfuð, að veita þeim ekki fyr styrk, en þau hafa sýnt það, að þau eiga hann skilið. Þetta allsherjarbúnaðfjelag er ekki til, en það á að kaupa það fram til lífsins; það er hrein hugsjón, sem er á engum grundvelli

byggð, jeg efast jafnvel um að það sje praktisk hugsjón. Til þess að landssjóður fari að leggja slíku prívat fjelagi fje, á fjelagið að minni hyggju að vera komið á laggirnar og búið fyrst og fremst að fá fast og tryggilegt skipulag, og það þarf að vera borið fram af áhuga og vilja að vinna gagn í ákveðna átt, og vera þegar farið að verka til gagns; þá fyrst er tími til kominn fyrir landssjóð að veita því fje, en að kaupa einstaka menn til þess að koma saman í fjelag, án frekari skilyrða, að eins til að brúka það fje, sem kostað er til þeirra að fyrra bragði eða án þess þeir hafi beiðst eptir því, það er næstum hlægileg aðferð. Þess vegna er það of snemma uppborið nú að veita búnaðarfjelagi suðuramtsins, eða rjettara fjelagi, sem ekki er stofnað enn og ekkert víst um fyrirkomulag á, svona stóra upphæð. Þegar allsherjarbúnaðarfjelag væri komið á fyrir allt landið, sem sýndi það í verkinu að það stefndi að einhverju vissu, góðu og nytsömu takmarki, þá skyldi jeg verða fyrstur manna með því að veita því fje í einhverjum vissum tilgangi; en sú aðferð, sem fjárlaganefndin vill hafa hjer, myndi helzt hafa líkan árangur og þegar fyrst var veittur styrkur til búnaðarfjelaganna; þá hlupu menn í sumum sveitum saman og stofnuðu fjelög, í engum öðrum tilgangi en þeim að hirða þennan veittan fjárstyrk, en án þess að þeir hefðu nokkurn áhuga á málefninu sjálfu, og get jeg ekki álitið mikið unnið með stofnun slíkra fjelaga.

Þá er það styrkurinn til þilskipaábyrgðarfjelags við Faxaflóa, sem jeg vildi minnast á. Í stjórnarfrumv. er styrkurinn settur 5 þús. kr., en svo hefir nefndin sett þá aths. við þessa fjárveitingu, sem mjer finnst vera alveg meiningarlaus; hún vill, að mjer virðist, gefa þeim fjelagsmönnum, sem við ársbyrjun 1896 eru í fjelaginu, 2000 kr. að gjöf, og á það að vera til að kaupa þá til að ganga í fjelagið fyrir þann tíma. Jeg vil að uppástungu stjórnarinnar sje haldið óbreyttri; ef til varasjóðsins eru veittar úr landssjóði, eins og þar er farið fram á, 5000 kr., gjörir það fjelagið öflugra og tryggilegra, og það á að vera nóg hvöt fyrir menn til að ganga í fjelagið, það er engin þörf á að kaupa menn til þess á annan hátt, eða með því að gefa hinum einstöku fjelagsmönnum fje til þess í eigin vasa þeirra. Jeg vil því að 5000 kr. styrkurinn renni óskertur í varasjóð fjelagsins, sem eign þess alls.

Þá vil jeg minnast nokkuð á 5000 kr. fjárveitinguna til Skúla Thoroddsens. Hæstv. landsh. kallaði þetta gjöf, og jeg get heldur ekki, eptir þeim ástæðum, sem fram eru færðar í áliti nefndarinnar, skoðað þessa fjárveitingu öðruvísi en sem gjöf. Jeg hefi ekki heyrt neinar ástæður færðar fyrir þessari fjárveitingu *og framsögum. hefir* að eins sagt, að þetta sje hæpin lagakrafa, en áreiðanlega sje það sanngirniskrafa. Jeg þykist skilja að meiningin með þessari fjárveitingu sje sú, að bæta Skúla Thoroddsen upp þá meðferð, sem hann hefir orðið fyrir af hendi landstjórnarinnar, í málarekstri og afsetningu. Jeg ætla mjer ekki að verja þá meðferð stjórnarinnar, jeg er á því að Skúli Thoroddsen hafi orðið hart úti, en þó ber þess að gæta, að það var ekki að búast við því, að stjórnin bæri nokkurn velvildarhug til hans, hann hefir opt verið henni andstæður og opt stungið hana. Þetta mælir reyndar ekki stjórninni bót; því jeg álít það illa farið, ef stjórnin brúkar rjettvísinnar veg til þess að koma fram sinni pólitisku óvild, til þess að straffa pólitiska framkomu embættismanna; þetta er forkastanleg aðferð, og maður hefir

nokkra ástæðu til að halda að stjórnin hafi gjört sig seka í henni í þessu tilfelli. En það er ekki Skúli Thoroddsen, sem hjer hefir aðallega ástæðu til að kvarta, heldur er það landið sjálft eða þjóðin, því það er rjettlætistilfinning landsmanna, sem er særð. Skúli Thoroddsen mátti búast við því að landstjórnin tæki hart á honum, hans »opposition« gagnvart stjórninni hefir verið svo ertandi, svo hvöss. Aðalsynd stjórnarinnar er, segi jeg, gagnvart landinu sjálfu, sú synd að hún hefir misbrúkað sitt vald, að hún undir rjettvísinnar yfirskini hefir beitt því í pólitisku augnamiði; þetta hlýtur að demoralísera landsmenn, hlýtur að drepa niður það álit á stjórninni og traust til hennar, sem nauðsynlegt er hverri þjóð að hafa. En þetta sár þjóðarinnar græðum vjer alls ekki með því að borga 5 þús. kr. úr landssjóði til þessa manns.

Þar að auki hefir landssjóður haft mikinn kostnað af öllum þessum málarekstri, og nú bætist á hann að borga Skúla Thoroddsen eptirlaun alla hans æfi, sem hann hefir rjett til að lögum; þetta er óþægilegt högg fyrir landssjóðinn, og hjer er það enn þjóðin, sem hefir ástæðu til að kvarta, en ekki Skúli Thoroddsen. Hann hefir fyllilega náð rjetti sínum, með því að fá þau eptirlaun, sem honum ber að lögum, óskert, ekki sízt þegar á það er litið, að þingið, eins og vjer allir vitum, vill færa öll eptirlaun niður og jafnvel afnema þau að fullu og öllu.

Ástæðan fyrir því að Skúli Thoroddsen fái þessa 5000 króna gjöf, sem hjer er farið fram á, á að vera sú, að hann hafi tapað svo miklu fje við sína »suspension«; gjöfin á að bæta honum upp þann launamissi, sem hann hefir beðið frá því hann var settur frá embætti, og meðan málið stóð yfir, en þetta er það sama, sem hver ákærður maður hlýtur að þola, það eru óumflýjanlegar afleiðingar af ákærunni; hitt, hvort ákæran sje rjett eða röng, er skylda dómstólanna að skera úr. Í þessu efni hefir ekki verið farið harðar með Skúla en svo marga aðra; margir hafa mátt þola það að vera ákærðir saklausir, en þeir hafa þó engar skaðabætur fengið eða getað fengið, og það er fyrst nú í seinni tíð að slíkir menn eiga kost á að fá bætur fyrir gæzluvarðhald, hafi þeim verið haldið í því að ósekju. Jeg get ekki ímyndað mjer að þingið álíti Sk. Th. »priviligeraðan« í þessu efni, eða að hann eigi að vera rjetthærri í þessu efni en aðrir menn. Dómstólarnir eða hæstirjettur hafa heldur ekki álitið, að Skúli Thoroddsen hefði rjett til uppbótar. Spursmálið um uppbót fyrir launamissi lá líka fyrir hæstarjetti; en hvað gjörir hæstirjettur? Dæmir Sk. Th. í málskostnað; hæstirjettur var svona nálægt því að aðhyllast hans kröfur um skaðabætur og uppbót fyrir launamissi! Þetta að Sk. Th. að dómi hæstarjettar ekki kom hreinn út úr málinu eða var alsýknaður, heldur dæmdur í málskostnað, hlýtur af hafa mikla þýðingu, þegar dæmt er um það hjer á þinginu, hvort rjett sje að greiða Sk. Th. þá uppbót fyrir málarekstrinn gegn honum, sem hjer er um að ræða. Um uppbótina fyrir afsetningu hans með hækkuðum eptirlaunum, sem fjárlaganefndin hefir líka stungið upp á, er það að segja, að landstjórnin hafði »formelt« vald til þess að setja Sk. Th. af með eptirlaunum þegar áður en málið var hafið gegn honum. Hefði það verið gjört, mundi það áreiðanlega hafa vakið megna óánægju hjá þjóðinni, en engum manni mundi hafa dottið í hug, að bæta Sk. Th. þetta upp, frekar en með þeim eptirlaunum, sem honum báru að lögum, því að eptirlaunin eru

einmitt fullar skaðabætur fyrir ástæðulausa afsetningu. Þjóðin hefði aptur á móti verið hart leikin með afsetningunni, þar sem eptirlaunagreiðsla lagðist á hana að ástæðulausu. Það gjörir nú engan mun í þessu efni, að Sk. Th. var fyrst settur frá embætti eptir að málinu gegn honum var lokið. Hann fær fullar skaðabætur fyrir þá afsetningu með því að fá full eptirlaun, og meira á hann ekki lagaheimtingu á nje sanngirniskröfu til.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tekið fram, get jeg ekki greitt atkv. með veitingu þeirri til Sk. Th., sem hjer ræðir um.

Guðjón Guðlaugsson: Það voru að eins fáir liðir, sem jeg vildi tala um. Það er þá fyrst breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 4, búnaðarskólastyrkinn, sem jeg vildi minnast nokkuð á. Framsögum. (Þ. B.) hefir gjört grein fyrir skoðun nefndarinnar og hverjar ástæður hún hafði til þess að hækka tillagið til búnaðarskólanna. Jeg vil nú nokkuð minnast á búnaðarskólana yfir höfuð, en þó einkum á Ólafsdalsskólann, með því að framsögum. (Þ. Bj.) ekkert minntist á hann.

Mín skoðun er sú á þessu búnaðarskólamáli, að úr því að búnaðarskólar einu sinni eru stofnaðar, þá verður annaðhvort að veita þeim svo mikið fje, að þeir verði ekki þjóðinni til minnkunar, eða þá að leggja þá niður. Hafi maður sagt A í því efni, verður maður annaðhvort að segja B eða játa að maður hafi aldrei átt að segja A. Fjárveitingin hefir verið af skornum skamti til þessara skóla áður, og reynslan hefir sýnt, að þeir hafa haft ofiítið fje, og það er því engin ástæða til þess að minnka við þá fjárframlagið.

Jeg skal sjerstaklega taka til dæmis Ólafsdalsskólann; sá skóli hefir frá því árið 1888 haldið sömu upphæðinni óbreyttri þangað til nú, að fjárlaganefndin vill nú hækka tillagið úr 2,500 kr. upp í 3,000 kr. Tilefnið til þessarar hækkunar mun hafa verið það, að það kom fram á þingmálafundi í Dalasýslu almenn ósk um það, að styrkurinn til skólans úr landssjóði væri hækkaður að mun. Og jaframt var það tekið fram, að skólahúsið þyrfti að byggjast upp að nýju, sem og er fullkomlega rjett, þar sem þak og ræfur hússins fauk af næstliðinn vetur, enda gallað að öðru leyti. Var gjört ráð fyrir að sá byggingarkostnaður mundi alls nema frá 5,000—6,000 kr. Jeg skal hjer geta þess, að jeg fór því fram við fjárlaganefndina, að hún veitti meira fje til skólans í þetta sinn. Það er mitt álit, að þessi skóli sjerstaklega eigi talsvert meira fjárframlag skilið. Og þó jeg nú ekki búist við að h. deild hækki þetta fjártillag, úr því nefndin ekki hefir treyst sjer að hafa það ríflegra, þá vil jeg samt, með því að bera Ólafsdalsskólann saman við hina aðra búnaðarskóla landsins, leitast við að sýna fram á, hvaða kosti og yfirburði hann hefir fram yfir þá, og að hann þess vegna ætti skilið miklu meira fjártillag en nokkur þeirra út af fyrir sig. Það á sem sje við fjárveitingu til einhverrar stofnunar einkum og allra helzt að taka tillit til þess, hve mikið gagn stofnunin gjörir. Og jeg ímynda mjer að maður verði að játa, að þegar Ólafsdalsskólinn er skoðaður frá því sjónarmiði, þá eigi hann gott skilið. Það er líka síður en svo, að þjóðin hafi nokkuð á móti því, að þessum skóla sje sómi sýndur, og mjer finnst það ekkert efamál, að landið hafi fyllilega borið það úr býtum frá þessum skóla, sem það hefir lagt honum í peningastyrk og enda mikið meira.

Til þess að sýna þetta enn glöggara, hefi jeg yfirfarið skýrslu um nemend-

ur skólans, og vil með leyfi forseta bera tölu þessa saman við nemendatölu frá hinum búnaðarskólunum, þó jeg verði að játa, að jeg hafi ekki í höndum nákvæmar skýslur þar að lútandi frá hinum skólunum.

Af Ólafsdalsskólanum hafa útskrifazt 92 piltar, af Hólaskóla líklega um 60 piltar?, af Eiðaskóla 20—25 piltar? og af Hvanneyrarskólanum — segjum 13 — eða jafnmargir piltar og þessum skóla hafa verið lögð þúsundin úr landssjóði. Jeg veit því miður ekki neina tölu á þeim, en ímynda mjer að þessi tala muni fullhá eptir þeim tíma, sem skóli sá hefir staðið. Ef maður nú vill fá að vita, hvað hver lærisveinn frá hverjum skólanna fyrir sig hefir kostað landið, þá verða þær tölur þannig:

Ólafsdalsskólinn hefir fengið alls úr landssjóði 20,000 kr., Hólaskóli 30,000 kr., Eiðaskóli 15,900 kr. og Hvanneyrarskóli 13,000 kr. og hefir þá hver lærisveinn frá Ólafsdalsskólanum kostað landssjóðinn 217 kr., frá Hólaskóla um 500 kr., frá Eiðaskóla 6—700 kr. og frá Hvanneyrarskóla 1000 kr. eða meira.

Auk þessa er þess að gæta, að í Ólafsdal hafa verið framkvæmdar mjög miklar jarðabætur — meiri jarðabætur en á nokkrum öðrum búnaðarskóla. Lærisveinar frá Ólafsdal hafa því orðið miklu betur að sjer í jarðabótum og allskonar jarðrækt en frá öðrum skólum; og þar að auki hafa sumir lærisveinar lært sumt það í Ólafsdal, sem þeir hafa hvergi annarsstaðar á landinu átt kost á að læra; þannig hafa þeir lært að smíða ýms jarðyrkjuverkfæri, sem nauðsynleg eru til jarðabóta, og margt fleira. Einn lærisveinn frá Ólafsdal hefir sótt um styrk til þingsins, til þess að búa til nauðsynleg jarðyrkjuverkfæri.

Jeg skal leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr skýrslu um jarðyrkjustörf Ólafsdalsskólans.

Þar hafa verið hlaðnar girðingar af grjóti og torfi 1080 faðmar; skurðir til framræzlu og vatnsveitinga 4500 faðm., flóðgarðar að lengd 1576 faðm.; sljettur í túni 21,513 □ faðmar; sáð ýmsum fóðurjurtum í 8560 □ faðma; ræktaðir árlega matjurtagarðar 200 □ faðmar, og gerðar akbrautir á heimilinu 320 faðmar.

Af jarðyrkjuverkfærum hefir verið smíðað á skólanum:

29 kerrur, 38 plógar, 44 herfi, 42 hemlar fyrir 2 hesta, 79 aktígi, 24 hjólbörur með skozku lagi, 16 jarðnafrar, 2 hestarekur og ótal ristuspaðar.

Hinir búnaðarskólarnir hafa opt fengið verkfæri frá Ólafsdal til jarðyrkju, enda er Ólafsdalsskólinn elztur og mætti kalla hann foreldri hinna búnaðarskólanna.

Af öllu þessu sjest, að það er ekki ástæða til — alls ekki rjett — að neita Ólafsdalsskólanum um þann fjárstyrk, sem farið hefir verið fram á, því jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að mjer finnst það hefði verið eins rjett að segja, að þessi skóli ætti ekki skilið að fá neinn styrk eins og að veita honum þessar 500 krónur. Mjer væri það óskiljanlegt, ef nefndin og deildin skyldi vera á móti þessari fjárveitingu, en dettur þó í hug, að það kynni nokkuð að draga úr vilja þingsins þetta gamla viðkvæði, að hjer sje um prívat eign að ræða. — Það er nú að vísu satt, að jörðin Ólafsdalur er prívat eign, — en til þess er líka tekið fyllsta tillit; því að væri skólinn ekki prívat eign, þá myndi hvorki fjárlaganefndin nje neinn annar hafa farið fram á svona lítinn styrk úr landssjóði, heldur margfalt meiri. —

Það er heldur enginn af hinum búnaðarskólum landsins landssjóðseign, nei, langt frá, þeir mega miklu fremur heita prívat eign gagnvart landssjóði eins og Ólafsdalsskólinn. Það fje, sem hinum búnaðarskólunum er veitt, er því eins horfið landssjóði, eins og það fje, sem Ólafsdalsskólinn fær.

Það er vitanlega satt, að það eru meiri líkur til þess, að opinber eign standi á fastari fótum, en prívat eignir. En það er mjög svo vafasamt, hvort þessir búnaðarskólar, sem við nú höfum, yrði svo þýðingarmikil eign fyrir ömtin, ef þeir hættu að vera búnaðarskólar, að þeir fyrir þá sök eigi miklu meiri fjárstyrk skilið en Ólafsdalsskólinn. Jeg held nú að þær mundu verða rýrar á metunum sem eign, hinar skólajarðirnar, ef skólarnir hættu. En á hinn bóginn er þess að gæta, að þó að Ólafsdalur sje prívat eign með öllum skólabyggingunum, þá er það þó eign, sem verður til í landinu, þegar Torfa missir við, og því meira sem gjört hefir verið til að bæta þá eign, því meiri eign verður í henni.

Það er að mínu áliti rangt að skoða þann styrk, sem Ólafsdalsskólanum er veittur, sem beinlínis veittan eiganda jarðarinnar, því eins og jeg hefi áður tekið fram, hefir Ólafsdalsskóli margfalt betur en nokkur annar búnaðarskóli á landinu endurgoldið landinu þann styrk, er hann hefir fengið úr landssjóði; en hins vegar er hann ekki eptir því mikils virði fyrir eigandann, ef skólinn hætti, sjerstaklega að því er skólahúsið snertir, því sem bóndabæ yrði ekki hægt að nota það.

Það er landið — og einkum vesturamtið — sem er það fyrir beztu, að búnaðarskólinn í Ólafsdal geti haldið áfram, ef vesturamtið annars vill kosta upp á búnaðarskóla; því að Olafsdalsskólinn er margfalt ódýrari því opinbera en nokkur annar búnaðarskóli á landinu, en gefur þó mestan ávöxt.

Jeg skal játa það, að það geta verið skiptar skoðanir manna um, hvort ástæða sje til að hafa 4 búnaðarskóla hjer á landi; en það verða þó allir að játa, að úr því að þessir 4 skólar eru nú komnir á fót, og þegar er búið að eyða til þeirra miklu fje, þá er einn kostur nauðugur, að styrkja þá svo, að þeir geti þrifizt, eða þá að hætta alveg við þá og leggja þá niður. Því það er engin meining í því, að fjárframlagið sje svo nápínulegt, að það geti ekki komið að hálfum notum; með því eru skólarnir gerðir gagnslausir eða í öllu falli gagnslitlir, og þá er skárra að skömminni til að verja alls engu fje til þeirra.

Þó jeg beri Ólafsdalsskólann saman við hina búnaðarskólana, og sýni fram á, að hann skarar langt fram úr þeim og hefir marga yfirburði yfir þá, — þá gjöri jeg það ekki í því skyni, að kasta rýrð á hina skólana, heldur til þess að sýna, hvers hann er maklegur í samanburði við þá. Hinir skólarnir eiga eins sinn heiður og viðurkenningu skilið fyrir því, og jeg hef þess vegna í sjálfu sjer ekkert á móti breytingartillögunni á þingskjali 276. En af því mjer finnst hið rjetta hlutfall milli skólanna raskast helzt til mikið, ef Eiðaskólinn fengi þessa upphæð, auk þeirrar viðbótar, sem fjárlaganefndin ætlar honum, þá get jeg ekki gefið þessari breytingartillögu atkvæði mitt, en væri á hinn bóginn mjög fús til þess, ef að hinir skólarnir fengju tiltölulega sömu hækkun, því jeg verð að játa, að jeg hefi engar aðrar ástæður til þess, að færa á móti viðauka þessum.

En viðvíkjandi Olafsdalsskólanum er öðru máli að gegna, hann verður einn of hart úti í samanburði við hina skólana.

Auk þess, sem jeg tók fram áðan, um kosti hans fram yfir hina skólana, skal jeg einnig geta þess, að hann á talsvert bókasafn — meira bókasafn en jeg hygg, að nokkur hinna skólanna eigi. Þetta bókasafn er eign búnaðarskóla vesturamtsins, en ekki eiganda Ólafsdals — og til þess er varið um 100 kr. árlega. Hjer liggur fyrir skýrsla um, hvað þetta bókasafn er mikið, og skal jeg nefna hjer nokkrar tölur.

Bókasafn búnaðarskóla vesturamtsins er um 150 bindi að meðtöldum kennslumyndum við náttúrufræðisnám og fl.— Þar að auki á skólinn 2 sjónauka, annan sem stækkar 90 sinnum og hinn sem stækkar 150 sinnum. Þetta allt kostar um 550 kr. Fyrir utan þetta á skólinn einnig bókasafn lærisveina búnaðarskóla vesturamtsins, sem er 202 bindi og 2 landabrjef, sem kosta 24 kr.

Jeg hefi ekki í höndum neina skýrslu um verðhæð þessa bókasafns, en eptir bókalistanum að dæma ímynda jeg mjer, að það sje frá 400—500 króna virði, svo að búnaðarskóli vesturamtsins á þá alls í bókum og kennsluáhöldum frá 900 til 1000 kr. virði.

Jeg vildi því næst minnast á búnaðarfjelögin. Jeg álít heppilegra, að styrkurinn til þeirra sje heldur aukinn en minnkaður. En jeg er í efa um, hvort hann á að vera eins mikill og hjer er nú farið fram á og sumir þingmenn vilja hafa hann. — Fjárveitingin til búnaðarfjelaga er nú eingöngu miðuð við og byggð á skýrslunum; en jeg fyrir mitt leyti efast um, að þær sjeu áreiðanlegar; jeg efast um, að það sje unnið eins mikið að jarðabótum, eins og út lítur fyrir á pappírnum. Jeg álít því heppilegt, til þess að komast hjá slíku pappírsgagni, að stofnað væri eitt búnaðarfjelag fyrir land allt, sem ljeti hæfa menn ferðast um til þess að líta eptir framkvæmdum hinna smærri fjelaga. Að slíku allsherjarfjelagi ætti svo þingið að hlynna sem bezt. Jeg er þess vegna fjármálanefndinni samdóma um það atriði og álít það alveg rjetta hugmynd. — Það er neyðarúrræði fyrir þingið, að verða að semja reglur fyrir fjárveitingum sínum, og fyrir stjórnina, að þurfa að byggja úthlutun styrksins á eintómum tölum. — Og það er nauðsynlegt, að hreifa umræðum um þetta atriði, svo að mönnum út um land gefist kostur á að íhuga það vandlega.

Hvað snertir 29. töluliðinn á atkv.-skránni, 5000 kr. til Skúla Thoroddsen, þá skal jeg geta þess, að jeg heyrði ekki vel, hvaða ástæður hæstv. landsh, hafði á móti þessari fjárveitingu. Mjer skildist það vera 3 atriði, sem hann hafði á móti henni. Fyrsta mótbáran var sú, að hann setti út á það, að fjárlaganefndin hefði ekki tekið allar fjárkröfur Skúla Thoroddsens til greina, og ályktaði þar af, að hún hefði ekki álitið, að Skúli ætti rjett á að fá neitt úr landssjóði. — Nefndin gat nú ekki dæmt neitt um það, hvort Skúli hefði lagalega heimtingu á þessu fje eða ekki; það var enginn lögfróður maður í nefndinni, sem gæti upplýst hana um það. — En meiri hluta nefndarinnar var kunnugt um, að til eru skilríki fyrir því, að stjórnin hafi farið helzt til of langt í aðgjörðum sínum gagnvart Sk. Thoroddsen, og að hann hefði þar af leiðandi orðið fyrir miklu fjártjóni, og þar af leiddi, að nefndin varð að viðurkenna, að sanngjarnt væri, að honum væri að einhverju leyti bættur sá skaði. Sumir ætla máske rjettast, að hann hefði fengið allt, sem hann fór fram á, og jeg fyrir mitt leyti hallast helzt að þeirri skoðun; en nefndin vildi synda milli skers og báru, og af þeirri ástæðu fór hún ekki lengra en hún hefir gert.

Önnur ástæða landshöfðingja var sú, eptir því sem mjer skildist, að þetta

væri ekki heppilegt. Hann líkti þessari aðferð við þá, er fornkonungar tíðkuðu við gæðinga sína, að veita þeim ýms hlunnindi og forrjettindi. En nefndin hafði alls ekki þá reglu fyrir augum. Hún fer ekki fram á þetta af því, að Skúli Thoroddsen sje neinn gæðingur, heldur af því, að þjóðin getur ekki verið þekkt fyrir annað, en láta það sjást í verkinu, að hún ber traust til þessa manns, sem stjórnin hefir látið í ljósi svo mikla misþóknun við. Samlíking hæstv. landsh. er því alveg röng. Hjer er ekki um neinn vildarmann konungs eða stjórnar að ræða. — Ef við vildum gæða þeim, sem stjórnin elur á sinni dúsu, þá væri samlíkingin rjett. — En hjer á einmitt sá maður hlut að máli, sem stjórnin hefir farið ver með en nokkurn annan mann, sem við þekkjum. Hjer er því ekki að ræða um neinn »gæðing«, ekki neitt óskabarn, heldur olbogabarn, og því er samlíking hæstv. landsh. næsta óheppileg.

Þriðja ástæða landshöfðingja var það, að hann sagði, að auðvitað væri þinginu heimilt að gefa gjafir, en hann vissi ekki, hvort hinn liður fjárveitingarvaldsins mundi taka tillit til þess konar örlætis.

Jeg skil nú ekki vel þessi dularorð hæstv. landsh. Þetta er líklega svo að skilja, að landshöfðinginn sje á móti þessari fjárveitingu, en mjer finnst þar fyrir engin ástæða til að ætla, að stjórnin í Kaupmannahöfn eða ráðgjafinn vilji ekki fallast á hana. En þó nú bæði landsh. og ráðgjafi væru á móti þessu, þá ætti það ekki að binda atkvæði þingsins. Ef þingið ekki þyrði að gera neitt, nema það sem það vissi fyrir fram að fyndi náð í augum stjórnarinnar, þá yrði afleiðingin af því, að fjárlagafrv. stjórnarinnar yrði að samþykkja óbreytt. Annars hefir mjer flogið í hug, að bak við þessi orð landshöfðingja kunni að liggja sú ógnun eða hótun til þingsins, að stjórnin muni synja fjárlögunum staðfestingar. En jeg get ekki verið þekktur fyrir að gera stjórninni þær getsakir. Og jeg get sagt landshöfðingja það, að jeg vildi ekki láta sjá mig hjer, ef jeg væri hræddur við slíkar hótanir. — Mjer fyndist það hart — jeg verð að segja svo mikið — ef þingið færi að láta slíkar ógnanir fá á sig eða hafa áhrif á vilja sinn. — Nú, ef við fáum brágabyrgðarfjárlög, þá er að taka því; það getur svo farið, að frv. stjórnarinnar verði ekki svo mikið verra en hjá nefndinni, og sumir útgjaldaliðir gætu komið fram í öðrum lögum o. s. frv. En ótrúleg og fáheyrð mundi sú aðferð stjórnarinnar, ef hún sama árið og hún neyðir landsmenn til að leggja Skúla Thoroddsen eptirlaun, sem geta komið til að nema allt að 100,000 kr. eða meiru, — ef hún sama árið skyldi synja fjárlögunum staðfestingar fyrir þessar sakir — fyrir þessa einu upphæð í eitt skipti fyrir öll. Jeg kalla þá aðferð ótrúlega og finnst það ganga ósvífni næst, að geta þess til, að stjórnin grípi til hennar út úr þessari ástæðu; ef hún gerði það, sem jeg vil ekki geta til, þá sýndi hún oss um leið, hverja stjórn vjer ættum, og það er vitanlega mikilsverður fróðleikur.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) hafði tölu vert á móti þessari fjárveitingu. Hann sagði, að það væri ekki Skúli Thoroddsen, sem stjórnin hefði gert rangt til eða misboðið, heldur væri það þjóðin.— Jeg skil nú ekki þessa hugsun þm. — En þó svo væri, að stjórnin hefði notað rjettvísina sem yfirskin, til þess að misbeita valdi sínu gegn Skúla Thoroddsen, þá verður misbeitingin því meiri, ef þjóðin á ekki að hafa leyfi til að bæta honum að nokkru leyti þann skaða, sem hann hefir beðið af þessu aðförum stjórnarinnar. Jeg álít, að þjóðin vilji

með þessu sýna, að þeir menn, sem stjórnin hefir að olbogabörnum fyrir litlar sakir, skuli mega eiga athvarf hjá sjer. — Jeg ímynda mjer, að þó að þingið sje sparsamt á fjárveitingum, þá muni það þó sjá svo sóma sinn og þjóðarinnar, að það láti annað eins af hendi rakna með fúsu geði, enda eru þetta rjettlát fjárútlát.

Sami h. þm. (J. Jenss.) sagði, að það væri ekki meira fyrir Skúla en hvern annan, að verða fyrir opinberri kæru og þeim óþægindum, sem það hefði í för með sjer. Þetta er dagsanna, en hjer er sá galli á, að okkur vantar alla sönnun fyrir, að Skúli Thoroddsen hafi í raun og veru átt það skilið, að verða fyrir opinberri rannsókn og málarekstri og missa svo embættið að lokum.

Þm. (J. Jenss.) tók það nú fram, að málssóknin gegn Skúla hefði verið á rökum byggð. Jeg skal nú ekki deila við yfirdómarann um það, en hitt vil jeg segja, að stjórnin hafi viðurkennt í verkinu, að hún hefir leyst hann frá embætti alveg ástæðulaust.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) tók það líka fram, að Skúli hefði haft hálf laun. En þó kostnaður sje mikill við að reka það embætti, þá nemur hann þó ekki hálfum launum, og hann hefir alls og alls haft 14—15,000 kr. skaða af þessu öllu saman, og sjer hver maður, að einar 5000 kr. eru því ekki of há upphæð. Það kemur ekki þjóð eða þingi við, þó Skúli sje svo duglegur maður, að hann geti haft ofan af fyrir sjer og sínum embættislaus. Í sambandi við þetta gat þm. (J. Jenss.) þess, að Skúli hefði há eptirlaun, hærri en þingið áliti, að eptirlaun embættismanna ættu að vera. En hjer er nú allt öðru máli að gegna en um þá embættismenn, sem sökum aldurs eða heilsuleysis verða að leggja niður embætti sín. Jeg skal að vísu játa það, að 1500 kr. eru betra en ekki neitt, og jeg ímynda mjer, að Skúli geti lifað góðu lífi af þeim, en hvað sem því líður, þá verða þó allir að játa, að hann hefði getað lifað betra lífi, ef hann hefði haldið embætti sínu sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði.

Einar Jónsson: H. framsögum. (Þ. B.) minntist á það viðvíkjandi Eiðaskóla, að ein aðaltekjugrein hans væru vextir af jarðeldasjóðnum, sem næmi 884 kr. á ári. Það er satt, að þetta er önnur höfuðtekjugrein hans fyrir utan landssjóðsstyrkinn, en hin er búnaðarskólagjaldið úr Múlasýslum, sem nemur að eins hjer um bil 250 kr. á ári. Þessa gat jeg og, þegar jeg tók fyr til máls við umræðu þessa. H. framsögum. (Þ. B.) kvað þessar 884 kr. eins og teknar upp úr steinunum, en helmingur þess sem kastað væri til Hvanneyrarskólans væri tekinn úr vasa þeirra, sem skólann kostuðu, íbúanna í suðuramtinu. En það er ekki allskostar rjett að bera þetta saman, því að þeir sem gjalda þetta til búnaðarskólans á Hvanneyri gjalda ekki meira til hans að tiltölu en Múlasýslubúar gjalda til síns búnaðarskóla, hvorir tveggju gjalda 3 aura af hverju lausafjárhundraði og að því leyti er jafnt ákomið á báðum stöðunum. En Hvanneyrarskólinn stendur að því leyti betur að vígi að búnaðarskólagjald er goldið til hans af miklu fleiri lausafjárhundruðum en til Eiðaskóla og fyrir því nýtur hann að öðru jöfnu allt af 5—600 kr. hærri styrk af opinberu fje. Jeg gat þess áðan, að Eiðaskólinn stendur verst að vígi af búnaðarskólunum, ef hann fær ekki ríflegan landssjóðsstyrk, af því að hann hefir svo lítinn annan opinberan styrk. Hvanneyrarskólinn t. d. stendur mun betur að vígi að því leyti, að auk þess sem hann fær hærra búnaðarskólagjald, þá nýtur

hann líka árlegra vaxta af búnaðarskólasjóði suðuramtsins; en búnaðarskólasjóði Múlasýslnanna var varið til þess að stofna með búnaðarskólann á Eiðum, svo að þar er ekki um neina beina vexti að ræða. Jeg vona að h. þingdeildarm. sjái, þegar þeir athuga þetta, að öll sanngirni mæli með br.till. minni.

Það er ekki rjett að bera saman nemendatölu á Eiðum og í Ólafsdal, eins og þingmaður Strandamanna gjörði, þar sem Eiðaskólinn hefir staðið svo miklu skemur.

Þá skal jeg leyfa mjer að andmæla að nokkru því sem h. þm. Reykv. (J. J.) talaði um styrkinn til búnaðarfjelaga; hann hafði á móti því að veita þeim styrk fyr en þau væru komin á fastan fót og hefðu sýnt einhverjar framkvæmdir. En jeg hygg að ýms þessi fjelög sjeu einmitt komin á fót, af því að styrkurinn handa þeim hefir verið boðinn fram að fyrra bragði. Jeg álít einmitt þessa styrkveitingu hafa verið heppilegt ráð til þess að koma búnarfjelögum á fót. Yfir höfuð álít jeg ekkert á móti því að ýta undir stofnun nauðsynjafyrirtækja með fjárloforðum, og sömu skoðunar virðist þingið hafa verið áður. Þingið 1893 veitti leyfi til að lána úr landssjóði allt að 40000 kr. til þilskipakaupa, og var það eflaust gjört í þeim tilgangi að ýta undir þilskipakaup; og þótt svo kunni að vera að fyrirtækin eða fjelögin sjeu í fyrstu stofnuð til að hirða fjeð, sem jeg annars alls ekki fellst á, þá sje jeg ekki eptir því, ef þau síðar verða að gagni, eins og víst má óhætt segja um flest búnaðarfjelögin.. Aðalatriðið er að fyrirtækið verði að gagni; þá kemur styrkurinn að notum, þó að ekki verði það strax. Það hefir verið talað um að kaupa harmonia í tvær landssjóðskirkjur. Jeg hefi sannarlega ekki á móti því að hljóðfæri komi í kirkjur, en þó er dálítið athugavert við það. Reynslan hefir sýnt, að þau endast þar ekki vel og að þau skemmast ótrúlega fljótt. Því sýnist mjer rjett, að jafnframt því sem landssjóður útvegar hljóðfæri handa kirkjum sínum, þá gangi hann á undan í því að útvega umbúðir um þau, til þess að varna þeim skemmdum, því að þær umbúðir munu vera til. Þessar skemmdir koma, eins og vjer vitum, mest af umskiptum hita og kulda, og það mun vera hægt með umbúðum að varna því að þau hafi eins mikil áhrif á hljóðfærin eins og ef þau standa ber. Sjálfsagt álít jeg þó, að það verði að ganga á undan hljóðfærakaupunum að gjöra við húsið sjálft, svo að það leki ekki, því að ekkert er fljótara að eyðileggja hljóðfærið en það, ef raki eða bleyta kemst að því. Það er því alveg rjett athugað af h. fjárl.nefnd, að fyrst skuli lagt fram fje til að kaupa járnþak á kirkjur þær, sem hjer ræðir um.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að fara að rekja alla þá töluliði, sem hjer liggja fyrir til umræðu, en minnast að eins með fám orðum á þá liði, sem snerta landbúnaðinn. H. framsm. (Þ.B.) vakti athygli á nytsemi grasræktarinnar, að hún væri undirstaða landbúnaðarins. Þetta er mála sannast. En hvað er svo gjört til þess að efla hana? Sára lítið. Menn kunna nú að líta svo á, að það sem þingið styrkir búnaðarskólana, það sje gjört til að efla grasræktina; en það er þá að minnsta kosti ekki nema óbeinlínis gjört fyrir hana. En það sem lagt er til búnaðarfjelaga, sjer í lagi til hinna smærri fjelaga, það er gjört beinlínis til þess að efla grasræktina, því að þar sem jeg þekki til er þeim styrk rakleiðis varið til jarðabóta, til að sljetta tún, til garðahleðslu og til vatns-

veitinga og ýmislegs annars til að auka grasið. En fjeð, sem veitt er þessum búnaðar- eða jarðabótafjelögum, er harla lítið í samanburði við nytsemi þess að auka grasið. Svo að jeg taki hærri töluna, það er að segja, þá upphæð, sem fjárlaganefndin vill láta veita hinum smærri búnaðarfjel., þá eru það einar 15000 kr. annað árið, og 13000 kr. hitt árið.

Setjum nú svo, að þessar tölur fái fram að ganga, sem jeg get nú ekki efazt um, þá má það ekki minna vera, ætti helzt að vera 15000 kr. hvort árið. Jeg get ekki tekið undir með h. þm. Rvík. (J.J.) sem ekki vildi fylgja nefndinni að auka styrkinn til búnaðarfjelaga; því verður þo ekki neitað, að þessi styrkur hefir orðið hvöt til þess að búnaðarfjelög hafa myndazt, og að þau hafa töluvert starfað og orðið til þess að efla jarðræktina. Jeg þekki vel búnaðarfjelögin í mínu hjeraði, þau eru nú 7 að tölu, og það má segja, að þau keppi hvert við annað um að koma sem mestu áleiðis af jarðabótum árlega. Þessi styrkur gefur hvöt, og sjerstaklega hinum fátækari, til að stunda jarðabætur; þeir eru lítilþægir og má segja, að þá muni um hvern eyrinn, sem þeir fá fyrir jarðabætur sínar. Jeg neita því ekki, að þingið geti í stærri stýl stutt að grasræktinni, t. d. með því, að veita bændum lán með góðum kjörum til jarðabóta. En á meðan það er ekki gjört, má ekki minna vera í þetta sinn en að því stryki sje haldið, sem tekið hefir verið. Jeg vil segja, að það sje skylda þingsins að halda því áfram, og jafnvel þótt meira væri. Hins vegar get jeg að nokkru leyti tekið undir það sem h. þm. Rvík. (J.J.) sagði um það, ef búnaðarfjelag suðuramtsins færi að gjörast að búnaðarfjelagi alls landsins. Reynslan hefir sýnt, að því meir sem fjelög hafa þanið sig út, því meir hafa þau dofnað og því framkvæmdasljórri hafa þau orðið. Verið getur að vísu, að hjer yrði annað uppi á baugi, en valt er þó að treysta því. En eitt vil jeg taka fram: mjer finnst það mjög athugavert og óþarft að fara að veita fje fyrirfram á þessu þingi handa þessu fyrirhugaða allsherjarfjelagi. Jeg lít svo á, að búnaðarfjelag suðuramtsins geti alveg eins vel boðið hinum ömtunum upp á þessa sameiningu, þótt fjeð sje ekki veitt að þessu sinni. Jeg vil taka það fram um sameininguna, að jeg held að ekki veiti af tímanum frá þinglokum nú til næsta þings, til þess að undirbúa hana og skipa niður þessu allsherjarfjelagi, setja því reglur, bæði um samband þess við hin smærri búnaðarfjelög o. fl. o. fl.

Setjum nú svo að fjelagið yrði komið á stofn, þegar næsta þing kemur saman, þá er fyrst tími kominn til að fara að veita því annaðhvort þennan styrk eða annan, ef ástæða þykir til, því að vera má það, að þegar þingið 1897 hefir kynnt sjer reglur og fyrirkomulag fjelagsins, þá yrði það á einhvern hátt óánægt með það, svo að því þætti það betur ógjört að veita þessar 4000 kr. fyrir fram, áður en fjelagið var stofnað. En ef þinginu þykir fyrirkomulagið gott, þá má telja sjálfsagt að það veitti fjeð. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að ráðlegast sje að bíða og sjá, hverju fram vindur. Mjer virðist liggja svo fyrir í þetta sinn, að fjárveitingar í ár sjeu svo margar og miklar, þótt vjer sneiðum hjá þeim fjárveitingum, sem hægt er að sneiða hjá, og þessi fjárveiting er ein af þeim, sem kveða má á um á næsta þingi; þá koma dagar og þá koma ráð. Þessi fjárveiting er því ein af þeim, sem jeg gjöri ráð fyrir að jeg gefi ekki atkvæði mitt. En jeg tek það aptur fram

viðvíkjandi búnaðarfjelögunum, að svo framarlega sem jeg verð var við góðan anda til þeirra hjá h. deild, þá mun jeg fús á að bera fram til 3. umr. br.-till. um dálitla hækkun til þeirra, því mjer finnst styrkurinn til þeirra allt of lítill, eins og hann liggur fyrir nú.

Halldór Danielsson: Jeg gat þess áðan, að mjer væri ekki fullljóst, hve mikið bryggjugjörð sú mundi kosta, sem jeg fer fram á að fje sje veitt til. Nú hefi jeg síðan fengið upplýsingar um það hjá herra ingeniör Sigurði Thoroddsen. Hann gjörði ráð fyrir að bryggjan við Steinsvör á Akranesi, byggð efst úr timbri og neðar úr grjóti, mundi kosta allt að 3000 kr. og að til þess að gjöra við sjálfa vörina þyrfti einnig allt að 3000 kr.

Jeg vildi óska, að h. deild veitti þessa upphæð; viðaukatill. fer fram á 500 kr.; hjer er að eins farið fram á lítið, en um mikið nauðsynjamál að ræða. Þá skal jeg minnast á búnaðarfjelagastyrkinn. Það hafa heyrzt þær raddir, að hann mundi ekki vera notaður vel. Það getur verið, að svo sje á .stöku stöðum, en þar sem jeg þekki til, er óhætt að segja, að hann sje vel notaður, og jeg held enginn annar styrkur úr landssjóði komi að jafnmiklu gagni, og jeg tel meira gagn að honum með því fyrirkomulagi sem nú er, en áður var, á meðan hann var fenginn sýslunefndum til útbýtingar. Þar sem jeg hefi talað við bændur, óska þeir að sömu stefnu sje haldið áfram, en að styrkurinn sje þó heldur aukinn.

Í Andakílshrepp eru 30 búendur; í búnaðarfjelaginu þar voru unnin 496 dagsverk 1893; voru þó ekki allir búendur hreppsins í fjelaginu, og öll jarðabóta vinna á Hvanneyri er dregin frá. Nú má víða sjá fagrar og grösugar flatir, sem áður voru óræktarmóar. Svona er það í Borgarfjarðar og Mýrasýslum. Annarsstaðar þekki jeg ekki til. Jeg treysti því að mælingar á jarðabótastörfum sjeu rjettar og skýrslur um það, hvernig þau eru af hendi leyst, áreiðanlegar, og þegar þessu má treysta, þá fæ jeg ekki sjeð, að styrkveitingin geti orðið verulega misbrúkuð. Nú er kominn sá rekspölur á að búnaðarfjelög eru óðum að myndast, og mjer sýnist rjettara að styðja að því en tálma því, að sá rekspölur haldist. Hvort sem það er búnaðarfjelögunum eða öðru að þakka, þá mun ekki of djúpt tekið í árinni, þótt sagt sje, að meira hafi verið gjört að jarðabótum nú síðustu 10 árin en á öllum undanfarandi árum aldarinnar.

Um Hvanneyrarskólann má geta þess, að það er ekki langt síðan hann var stofnaður; það var árið 1889. Hagur hans var erfiður framan af, en þó er ærinn munur að sjá Hvanneyri nú og þá. Enginn úthýsiskofi var þar stæðilegur, bærinn var að vísu nógu stór, hann náði víst yfir 1/4 úr dagsláttu, en það voru tómir moldarkofar, komnir að hruni; túnið var í mestu órækt, áburðarhaugarnir, sem þar voru, báru beztan vott um það. Nú er orðið nokkuð öðruvísi umhorfs þar. Um jörðina sjálfa þarf ekki að tala, hún er ein af beztu jörðum hjer á landi, sjerstaklega þegar bætt hefir verið við hana býlum þeim sem liggja þar í túninu, en sem heyra undir hana. Ekki þarf þar að kvarta yfir erfiðleikunum. Sumir hafa hreyft því, að þar væri landljett fyrir sauðfjenað, en bæði er hægt að ná þaðan í gott sauðland, og sú reynd hefir orðið á að undanförnu, að fje hefir ekki reynzt betur á mörkuðum annarsstaðar að en frá Hvanneyri og næstu bæjum.

Jens Pálsson: Á þingmálafundinum í Dalasýslu í vor kom það fram sem einhuga ósk hjeraðsmanna þar, að bún-

aðarskólanum í Ólafsdal yrði veitt 500 kr. meira á ári en undanfarin ár. Eins og menn hafa heyrt af umræðunum, er skóli þessi í mjög miklu áliti, og allir munu vera sannfærðir um, að hann geri ómetanlegt gagn, þar sem hann er gróðrarstía alls konar búnaðarframfara hjer á landi. En það er þó ekki einungis af þessari ástæðu, að menn hafa látið þá ósk í ljósi, að skóli þessi væri styrktur nú meir en endrarnær, heldur af því, að nú liggur fyrir, að skólastjóri verði að hleypa sjer í afarmikil útgjöld við að byggja upp skólahúsið þannig, að það fullnægi þörfum skólans. H. fjárlaganefnd hefir og tekið þetta atriði að nokkru leyti til greina, og er jeg henni þakklátur fyrir það, þar sem hún leggur til, að veita skólanum 500 kr. hærri styrk annað árið heldur en hann hefir haft áður. En jeg þykist sjá, að henni mundi vera ókært, að veita þessa upphæð bæði árin, því þá mætti svo skilja, að það ætti að vera fast tillag, sem skólinn mætti búast við að halda framvegis. Mjer þykir ekki undarlegt, þótt fjárlaganefndin vilji fara varlega að þessu leyti, og jeg get vel hugsað, að hún beri eins hlýjan hug til skólans fyrir því. Vjer heyrðum, hversu einn h. þm. bar skóla þessum vel söguna í dag. Jeg ætla ekki að endurtaka það, sem hann las upp úr skýrslunni um skólann, heldur að eins geta eins atriðis, hversu skólastjórinn í Ólafsdal gætir með vakandi auga að því, hvað verður af öllum þeim mönnum, sem stundað hafa nám þar á skólanum. Eptir skýrslu hans hafa 79 sveinar tekið próf þaðan af skólanum, en 11 voru þar í vor, sem ekki höfðu lokið námi, en 2 höfðu ekki tekið próf sökum veikinda, svo þannig hafa 92 gengið á skólann alls. Af þeim 79, sem próf hafa tekið, eru nú 25 bændur, en áður hafa þeir unnið á ýmsum stöðum að jarðabótum; 7 eru ársvistarmenn og vinnumenn hjá bændum, 23 starfa að búfræði nú sem stendur. Einn þeirra, sem komið hafa af þessum skóla, er auk þess öllum kunnur, bæði fyrir rit sín og búnaðarstörf, hinn alkunni gáfumaður Sæmundur Eyjólfsson.

Einn þeirra, sem þar hafa tekið próf, er nú orðinn prestur, einn er við verzlun, einn við nám á lærða skólanum, einn er á Englandi við búnaðarnám hjá enskum bónda, nokkrir eru dánir eða farnir af landi burt, og loks er einn búnaðarskólastjóri á Hvanneyri, efnilegur maður, sem menn hafa beztu vonir um, að koma muni skólanum í gott horf, svo honum verði borgið. Þetta sýnir, hversu þeir menn verða, sem af skólanum eru komnir, en drýgsta gróðrarstían álít jeg þó að sjeu jarðabótarframfarir þær, sem komið hafa í sambandi við skólann og sem þaðan hafa breiðst út um landið. Það munu allir vera mjer samdóma um það, að skólinn og skólastjórnin sjeu góðs maklegir. Þingmönnum mun kunnugt, að Ólafsdalsskólinn er ekki gamall á landssjóði, því hann fjekk fyrst styrk í fjárlögunum fyrir árin 1888—1889. Jeg hefði viljað, að hlynnt væri að skóla þessum, sjerstaklega á þessu þingi með tilliti til skólahússbyggingar þeirrar, sem þar liggur fyrir, því skólastjórinn er allur af vilja gerður, að gera byggingu þessa svo vel úr garði, að hún verði vel hæf sem skólahúsnæði. Jeg vil ekki setja mig á móti stefnu fjárlaganefndarinnar, þar sem hún vill ekki hækka styrkinn bæði árin. En jeg hugsa til að koma með breyt.till. til 3. umræðu, ef h. samþingismenn vilja styðja mig til þess, í þá átt, að skóli þessi fái 300 kr. hvort árið í viðbót við það, sem hjer er farið fram á að veita, með sjerstöku tilliti til, að þar er kennd jarðyrkjuverkfærasmíði. Það hefir einn

maður, sem lært hefir jarðyrkjuverkfærasmíði í Ólafsdal, sótt núna til þingsins um styrk til að koma upp »jarðyrkjuverkfærasmiðju«. Þessi beiðni fjekk enga áheyrn hjá fjárlaganefndinni; og ekki hugsandi, að hún hefði náð fylgi hjá deildinni, þótt hún hefði verið borin fram á breytingartillögu við nefndarálitið. Frá þeim manni verður því engra verulegra jarðyrkjuverkfæra von, því hann vantar áhöldin til að smíða þau. — Ólafsdalur verður því án efa fyrst um sinn eini staðurinn á landinu, þar sem unnt er að fá smíðuð hentug og traust jarðyrkjuverkfæri, svo sem kerrur, herfi og plóga o. fl., enda hafa menn víðsvegar at landinu fengið sjer slík verkfæri þaðan að undanförnu. — En vegna þess, að hjer er um stórsmíðar að ræða, og skólastjórinn ekki getur starfað að þeim nema í hjáverkum, kemst hann ekki yfir að smíða það, er pantað er, og verða pantendur fyrir þá sök einatt að bíða eptir hinum umbeðnu verkfærum sjer í mein, og slá fyrirhuguðum jarðabótum á frest vegna verkfæraleysis. Úr þessu gæti þingið bætt, — og það er þess vert, að úr því sje bætt — með því að veita skólastjóranum styrk til að halda stöðuglega duglegan, færan smið á verkstæði sínu. Jeg álít, að hjer sje um svo þarflegan og mikilsverðan hlut að ræða, að jeg hugsa til, og er meira að segja alráðinn í, að koma með breyt.till. við 3. umr. í þessu skyni, því jeg álít, að ef Íslendingar fá með því móti tryggingu fyrir, að geta fengið góð og hentug jarðyrkjuverkfæri, sem sjeu vel löguð eptir okkar þörfum, þá sje það ákaflega mikils vert. Styrkur þessi kæmi sannarlega á góðum stað niður, enda er óvíst, að við værum farnir að nota þess konar verkfæri hjer á landi, ef Torfi skólastjóri hefði ekki brotizt í að læra að búa þau til. Það er fyrir hans elju og dugnað og honum að þakka, að verkfæri þessi eru svo útbreidd orðin hjer á landi, og að farið er að vinna með þeim ekki svo lítið árlega að jarðabótum, og er auðsætt, að sá sem slíkt er að þakka sje góðs maklegur og eigi viðurkenningu skilið fyrir starf sitt.

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. landshöfðingi minntist á í ræðu sinni, að hann skildi ekki ákvæðin í 26. tölulið á atkvæðaskránni, og vildi jeg því leyfa mjer að skýra frá, hvað meint er með honum, en um leið verð jeg að skýra frá því, hvernig hinu ný-stofnaða ábyrgðarfjelagi hjer við Faxaflóa er háttað, sem tillaga þessi á við. Fjelag þetta er innbyrðis-ábyrgðarfjelag, þar sem hver fjelagsmaður ábyrgist fyrir annan. Og þótt fjelagið hafi sjóð, þá er honum þó svo háttað, að hver einstakur skipseigandi, sem tryggt hefir í honum skip sín, á í sjóðnum innlög sín, sem sjerstaka eign; hann er því nokkurs konar sparisjóður, sem eign allra fjelagsmanna er geymd í, til þess að hægt sje að grípa til hans, þegar bæta þarf skipskaða eða greiða fjelagskostnað; t. d. ef einhver fjelagsmaður gengur úr fjelaginu eptir 3—4 ár, og á þeim tíma hefir ekkert skip strandað, þá fær hann nær því óskert það sem hann hefir lagt í fjelagssjóðinn. En þar á móti, hafi á þessu tímabili orðið svo margir skipskaðar, að sjóðurinn ekki hrökkvi til að bæta tjónið, þá fer öll eign hans í sjóðnum og verður þess utan jafnað á hann eins og aðra fjelagsmenn, því sem vantar á, að skaðinn sje að fullu bættur.

Athugasemdin við 26. tölulið atkvæðaskrárinnar er einmitt byggð á þessari sjereign. Nú er meiningin með þessu ákvæði, að þeir, sem eru orðnir fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, fái þessar 2000 kr., en þær verða ekki útborgaðar þeim, heldur verður þessari upphæð

bætt við sjereign þeirra í sjóðnum. Til að gjöra þetta skipulegra, skal jeg taka til dæmis, að nú sje eign sjóðsins nálægt 1200 kr., en svo skyldi stranda eitthvert fjelagsskipið í sumar, sem þyrfti að bæta fyrir með 3000 kr., þá verður þeim 1800 kr, sem vantar til, að sjóðurinn hrökkvi, jafnað á alla fjelagsmenn. En strandi skip ekki fyrri en næsta sumar, sem þurfi að borga út með 4000 kr., þá er eign sjóðsins orðin 2700 kr., og að eins 1300 kr. vantar og verða þær teknar að tiltölu af landssjóðsstyrknum til þeirra manna, er gengið hafa í fjelagið fyrir árslok, áður enn snert er á því, sem þeir sjálfir hafa lagt í sjóðinn. En þar á móti, þeir sem ganga í fjelagið eptir nýjár 1896 fá engan hlut af þessum 2000 kr., því þær eru sjereign allra þeirra, sem ganga í fjelagið á þessu ári. En hvað hinar 3000 kr. snertir, þá eru þær sameiginleg eign yngri og eldri fjelagsmanna, sem fyrst verður gripið til, þegar skipskaði verður eptir næstkomandi nýjár.

Jeg vona, að h. þingm. þyki það ekki ósanngjarnt, að þeir sem brjóta ísinn í jafn-nytsömu og þýðingarmiklu fyrirtæki, sem þetta er, beri betra úr býtum, en hinir, sem glápa á fyrirtækið í byrjun, reyna að draga dug úr öðrum að styðja það, og eins og gjört var næstliðinn vetur, gera sitt til, að hindra framgang þess, þótt þeir kunni að ganga í fjelagið síðar, þegar þeir sjá nytsemi þess og það er komið á fastan fót. Einkum er þó tilgangurinn með þessu ákvæði, að fá skipaeigendur hjer við Faxaflóa til að ganga sem fyrst í fjelagið, með því að búa svo um, að þeir sem ganga í það fyrir 1. janúar 1896 beri betra úr býtum en þeir, sem koma í það síðar.

Eptir því sem orð fjellu um skipaábyrgðarfjelög á þingi í fyrra, þykist jeg vera viss um, að þingið vilji styðja sem bezt að því, að ábyrgðarsjóðurinn verði sem öflugastur til að bæta skipskaða, og að sem flestir gangi sem fyrst í fjelagið. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi getað gjört mönnum skiljanlegt, hvernig á að skipta þessum 2000 kr., en til að taka af allan vafa, skal jeg geta þess, að þeim verður ekki jafnað á sjereign manna í sjóðnum eptir höfðatölu, heldur eptir því, hvað mikið fje hver stofnandanna á í sjóðnum.

Reyndar vildi jeg orða ákvæði greinarinnar dálítið öðruvísi, t. d.: »þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra, sem verða í fjelaginu 1. jan. 1896«. Annars er þetta ákvæði ekki neitt kappsmál fyrir mjer, því aðal-atriðið er, að fje þetta sje veitt, en jeg held, að þeir sem eru tregir til að ganga í fjelagið, yrðu fúsari til þess, ef þessar 2000 kr. væru veittar á þennan hátt.

Jeg ætlaði að minnast á fá atriði önnur, fyrst jeg stóð upp, svo sem fje það er ætlað er til vitanna á Garðskaga, Gróttu og Dalatanga. Mjer virðist því fje vel varið, því það gjörir skipseignina miklu vissari og verndar líf manna.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) tók fram, að nauðsyn krefði, að byggður væri viti á suðausturströnd landsins. Þetta er alveg rjett. Jeg hefi opt heyrt skipstjóra, sem komið hafa austan að landinu og farið vestur með suðurlandi, æskja þess, að búið væri að byggja vita annaðhvort á Ingólfshöfða eða Horni.

En þótt viti væri byggður sunnanlands fyrir austan Reykjanes er engin ástæða til að leggja nýtt vitagjald eða auka það á þau skip, sem fara fyrir Reykjanes, því að þau greiða full-hátt vitagjald. Aptur er öðru máli að gegna með þau skip, sem fara norður fyrir

land, þegar búið er að byggja vita á Austurlandi, því þau greiða sem stendur ekkert vitagjald. Þótt byggður sje viti hjer við Faxaflóa, þyrfti ekki að hækka vitagjald, því Reykjanesvitinn gerir miklu meira en borga sig, en landssjóður á ekki að græða fje á því, þótt hann styðji að því, að vernda líf sjómanna, heldur á hann miklu fremur að leggja nokkur 1000 kr. til þess af sínu fje. Þótt vitabygging víðs vegar á ströndum landsins sje framtíðarspursmál, þá er á sumum stöðum svo bráð þörf fyrir þá, að bygging þeirra má eigi dragast.

Þá er 10. gr. A. 3. b. um uppbót á fje til skrifstofukostnaðar til hins umboðslega endurskoðara. Fjárlaganefndin hefir með öllum atkvæðum lagt það til, að bætt sje við hann því fje, sem farið er fram á í breytingartill. Jeg hefi heyrt menn hafa á móti þessum viðbæti, en jeg held, að það sje ekki rjett á litið. Störf hans hafa svo aukizt frá því, að hann tókst þau á hendur, að það munu engar ófgar, þó sagt sje, að þau sjeu að minnsta kosti helmingi meiri nú en fyrst. Póstferðum hefir fjölgað nærfellt um helming, og auk þess hafa bæzt við ýms ný störf, svo sem endurskoðun á kaffi og sykurtollsreikningum með meiru. Einnig má líta á það, að starf þetta er ákaflega þreytandi; að sitja dag eptir dag og ár eptir ár yfir tómum tölum, er lýjandi og leiðinlegt verk. Það er ekki ástæðulaust, þó að maður þessi þurfi að taka skrifara til hjálpar, ef endurskoðunin á að verða í reglu. Þótt fjárlaganefndin vildi ekki verða við beiðni hans, að láta hann fá eins mikið og hann óskar, þá álítur hún þó, að ekki megi ganga fram hjá henni, og að ekki megi fara lengra niður með viðbótina en hún hefir gjört, sje nokkurri sanngirni beitt.

Þá er hjer töluliður 29. á atkvæðaskránni um 5000 kr. fjárveiting eða gjöf til Skúla Thoroddsens. Jeg hef gjört dálitla athugasemd í nefndarálitinu, að jeg væri ekki samþykkur þessari fjárveiting, og búast menn því líklega við, að jeg muni færa ástæður fyrir því. Jeg hefði máske gjört það, ef h. þingm. Reykv. (Jón Jenss.) hefði ekki nýlega tekið fram hið sama og jeg mundi hafa sagt, því af sömu ástæðum, sem hann tók fram, gjörði jeg ágreining í nefndarálitinu. Og í öðru lagi álít jeg óþægilegt, að mikið sje talað um þetta atriði, bæði fyrir þann mann, sem mál þetta snertir og situr hjer í salnum, og einnig fyrir aðra, sem á það hlýða; enda álít jeg miklu rjettara, að tala ekki mikið um það atriði; menn geta sýnt með atkvæði sínu hvoru megin þeir eru, hvað fjárveiting þessa snertir. Jeg býst við, að menn sjeu búnir að átta sig á, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði um þetta mál, svo að umræður gjöri ekki mikla breyting þar á.

Ýmislegt væri fleira, sem jeg gæti talað um, en jeg vil ekki tefja tímann með því, einkum þar sem h. framsögumanni (Þórh. Bj.) hafa tarizt svo vel orð um flest atriðin.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held að það sje ekki gott að semja þær reglur um úthlutan styrks til búnaðarfjelaga, að þær komi betur að notum en með því fyrirkomulagi, sem nú er hatt á úthlutun hans; auðvitað er með þetta fje sem margt annað, að vera má að ekki falli hver króna í sem beztan jarðveg, en samt er víst að þetta fje gerir stórmikið gagn. Hæstv. landsh. gat þess, að tillaga hefði komið fram í blöðunum um að afnema búnaðarstyrkinn, í því formi, sem hann er nú veittur í, en veita heldur lán til hinna einstöku búnaðarfjelaga. Það held jeg

að muni reynast annmörkum bundið, og eptir því sem enn er fram komið, hefir ekki verið bent á annað betra ráð, til eflingar jarðræktinni, en einmitt þennan styrk til búnaðarfjelaga. Og þess vegna er jeg þakklátur h. nefnd, að hún hefir aukið þennan styrk en ekki minnkað, því að það mundi vera stórkostleg apturför að minnka hann. Það mundi vera það sama sem að slíta upp nýgræðinginn, og kyrkja alla ávextina af því fje, sem lagt hefir verið til þeirra að undanförnu. Auðvitað er sama máli að gegna um þessa fjárstyrkingu og hverja aðra viðtæka fjárveitingu, að löggjafarvaldi og landstjórn er ekki unnt að hafa fullt eptirlit með því, að hver krónan falli í góða jörð; sumt fellur sjálfsagt fyrir utan veginn, en flestar bera þær ávöxt í þessu tilfelli. H. nefnd hefir ætlað nokkuð fje til allsherjar búnaðarfjelags fyrir allt land. Jeg hygg, að ef því væri vel fyrir komið, með öfluga stjórn, þá gæti það orðið til mikils gagns og stórkostlegra framfara fyrir landið; það er vitaskuld, að vegna staðhátta, vegna þess hve hjer er strjálbyggt og langt manna í milli, verða miklir erviðleikar á, að stjórna slíku fjelagi, en væri um minna svæði að gera, ef þessar 70,000 manns, sem hjer eru, væru á litlum bletti, þá er jeg sannfærður um að slíkt fjelag gæti þrifizt og orðið til stórmikils gagns, og það er jeg viss um, að það gerði, þegar samgöngur batna og smámsaman færast í það lag, sem þær eiga að komast í. Annað mál er það, hvort slík fjárveiting þarf að koma í fjárlögunum í ár; jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til þess, því að eins og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) benti á, eru engar líkur til að það fjelag geti komizt svo fljótt á stofn, að það geti haft not af þessari fjárveiting, og að minnsta kosti ekki á þessu ári. Hvað því viðvíkur, að búnaðarfjelag suðuramtsins, sem nú á mestan sjóð, taki höndum saman við önnur ömt landsins, þá sýnist mjer það miklu meira þága hinna amtanna, þar sem það á þó fastan stofn, og sjerstaklega sýnist mjer það vera skylda amtsráðanna að hvetja og styðja ömtin til fjelagsskapar og framkvæmda. En þegar fjelagsskapurinn er kominn á, þá fyrst álít jeg að tími sje til kominn fyrir fjárveitingarvaldið, að styrkja hann með riflegum fjárframlögum, sem jeg efa ekki að þá muni verða gert. Nefndin hefir ætlað búnaðarfjelagi suðuramtsins sjerstaklega 2000 kr., og ætla jeg að fjelagið sje þess vert, því að það hefir gert mikið gagn, en jeg get ekki að mjer gert, að taka nú það til inntektar, sem h. framsögum. (Þórh. B.) sagði, að sumar ályktanir búnaðarfjelagsins væru gerðar í flaustri og fumi; mjer virðist að sumar fjárveitingar búnaðarfjelags suðuramtsins sjeu ekki á sem beztum rökum byggðar og veittar í flaustri og fumi, stundum að minnsta kosti, og eins skal jeg játa það, að fundir hafi verið illa sóttir, og það hefir komið fyrir, að fje hefir verið veitt til fyrirtækja, sem betur hefði verið látið ógert. Sjerstaklega ætti að tryggja það, að fje, sem veitt er til stærri búnaðarfyrirtækja, sje ekki kastað á glæ, og ekki látið eptirlitslaust, hvernig þeim skilyrðum, sem sett hafa verið, hefir verið fullnægt. Það hefir viljað brenna við, að þau verk, sem unnin hafa verið fyrir þessa styrki, sem fjelagið hefir veitt, hafa ekki komið að haldi, vegna þess að ekki hefir verið haft nægilegt eptirlit með því, að þeim væri haldið við, og það jafnvel, þó hlutaðeigendur hafi skriflega skuldbundið sig til að halda verkinu við. Kostnaðurinn við nauðsynlegt eptirlit þarf

undir flestum kringumstæðum ekki að verða svo mikill, en það er áríðandi að slíkt sje vel tryggt.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir að vísu gefið upplýsingar um ábyrgðarfjelag þilskipa við Faxaflóa, um að skipta þessum 5000 kr. í tvennt; jeg hefi kannske ekki skilið hann rjett. Jeg verð að segja það, að jeg kann ekki vel við að skipta þeim í tvennt, því jeg ímynda mjer, að það hafi verið tilætlunin, þegar sótt var um styrkinn, að koma sem fyrst upp öflugum sjóði fyrir fjelagið í heild sinni, en ekki að fjenu yrði skipt. Það er auðvitað sótt um þennan styrk með fram til þess, að fá menn inn í fjelagið, en jeg skil ekki, að þeir menn, er flest þilskipin eiga, geri sjer það til minnkunnar að láta kaupa sig inn í fjelagið með nokkrum krónum. En það mun nú vera samt, að þeir hafi ekki reynzt sem bezt. Og gott ef það hefir ekki farið í líka átt á Vesturlandi, að stórir þilskipaeigendur gengu úr skaptinu, þegar þessu þarfa fyrirtæki skyldi á stofn koma. Þegar Ísfirðingar komu upp sínu ábyrgðarfjelagi, mun þetta hafa komið fyrir, og kalla jeg það í hæsta máta ómerkilegt af slíkum mönnum.

Það hefir verið minnzt á tillagið til þess að kaupa harmonia í landssjóðskirkjur, sem h. fjárlaganefnd felldi. Jeg játa, að það væri æskilegt, að landssjóður stæði ekki á baki bænda í því að halda kirkjum sínum í sæmilegu standi, og að því leyti má mæla með því, að keypt verði hljóðfæri í kirkjur þessar, en á hinn bóginn er vandi á að kaupa harmonía í slæm hús, og þegar hirðingin er þá ekki sem bezt heldur. H. 1. þm. S.-Múl. (E. J.) stakk upp á, að keyptar væru umbúðir um þau, en það er ekki nóg, heldur ætti líka að gera að skyldu, að þeim verði haldið við, því ef landssjóður á þau, er jeg hræddur um að sötnuðurinn hugsi sem svo, að þegar landssjóður eigi þetta, þá þurfi ekki að spara, og hirði því miður um þau en skyldi. Eins og við vitum, eru margar kirkjur miður góðar, í þeim slagi, en hljóðfærin geymast ekki vel nema í góðum húsum og með góðri hirðu. Nú, ef það verður gert að skilyrði fyrir veitingu fjárstyrksins, að söfnuðirnir haldi þeim við, þá mun jeg greiða atkvæði mitt með honum.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Mjer skilst, að enginn muni vilja tala frekara um þennan kafla fjárlaganna, og langaði mig til að segja nokkur orð áður en til atkv. er gengið.

Það hefir verið talað einna mest um styrkveitingarnar til búnaðarskólanna, eins og vandi mun vera til, og sjerstaklega af þm. þeirra kjördæma, er búnaðarskólarnir á Eiðum og Ólafsdal eru í.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók aptur til máls, til að sýna ójöfnuð nefndarinnar við Eiðaskólann með sjerstökum samanburði við Hvanneyrarskólann. Þennan ójöfnuð get jeg alls eigi kannazt við. Kostnaðurinn til þessara tveggja skóla er svo ójafn, að það verður að koma fram í fjárveiting þingsins. Náttúrlega vissi jeg það, að búnaðarskólagjaldið er jafnt fyrir land allt, og það leggst eigi þyngra á suðuramtið að greiða sitt gjald allt að 900 kr., en á austuramtið að greiða 250 kr. á ári, en jeg verð aptur að minna h. þm. á það, að suðuramtið hefir aukreitis lagt þungt gjald á sig með því að leggja Hvanneyrarskólanum úr jafnaðarsjóði þessi síðustu 3 árin 2500 kr., og slíkt álít jeg að þingið eigi að meta.

Það sem h. þm. Dal. (Jens P.) talaði til lofs búnaðarskólanum í Ólafsdal, og sjerstaklega forstjóra hans, get jeg

fyllilega undirskrifað; eptir því sem nefndin þekkir til, þá er það ekkert oflof. Enginn núlifandi maður hefir unnið landbúnaðinum íslenzka jafnmikið gagn og Torfi í Ólafsdal. En það sem vakti fyrir mjer og fleirum í nefndinni, og gerði það, að vjer vorum á móti frekari hækkun til skólans, var sumpart það, að hjer er um prívateign að ræða, — og um það hefir verið talað áður nær því á hverju þingi —, og sjerstaklega þetta, að það mun vera álit kunnugra manna, að Ólafsdalur sje ekki til frambúðar sem búnaðarskólajörð, þegar hinn núverandi forstjóri hans fellur frá. Það felst ekki svo mikið í jörðinni, að það sje leggjandi stórfje í hana eða til bygginga á henni. Það liggur ekki fyrir nein breyt.till. um þetta atriði frá öðrum en nefndinni; h. þm. Dal. (Jens P.) verður því í samráði við aðra h. þingm. að koma með hana við 3. umr. og getur borið sig saman um það við nefndina, og búnaðarskólinn í Ólafsdal á að minnsta kosti einn öflugan talsmann í henni.

Helzt hafa risið andmæli gegn þessu allsherjar búnaðarfjelagi, eins og eðlilegt er í rauninni. Því að menn þurfa að átta sig á hugmyndinni, áður en þeir geta gefið henni fylgi sitt. H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hreifði fyrstur mótmælum gegn því, helzt í þá átt, að það væri eigi nútímabært, og í sama strenginn tók h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.); að öðru leyti lýsti sjer hjá þessum h. þm. svo hlýtt þel til landbúnaðarins og þeir færðu til svo góð rök fyrir hækkuðum fjárveitingum landbúnaðinum til eflingar, að nefndin er þeim þakklát fyrir ræður þeirra yfir höfuð. En sjerstaklega voru mótmælin skýr og sterk hjá h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Þm. gekk út frá því sem sjálfsögðu að slíkt allsherjar búnaðarfjelag yrði í sama móti og búnaðarfjelag Suðuramtsins. Slíkt kom nefndinni ekki til hugar, enda er fullkomlega sleginn varnagli við því, bæði í nefndarálitinu og í framsögunni. Það er hverju orði sannara, að það geta orðið verstu handaskol úr þeim fjárveitingum, þar sem hver og einn getur keypt sig inn í fjelagið til að greiða atkvæði, með 2 kr. árstillagi, eða 10 kr. í eitt skipti fyrir öll. Slíku »privatfjelagi« getur þingið eigi veitt stórfje til ráðstöfunar. En hjer á alls ekki að miða við fyrirkomulag búnaðarfjelags suðuramtsins, eins og það nú er, hjer ræðir um alveg nýtt fjelag, sem búnaðarfjelag suðuramtsins hverfur inn í; það er nýtt fjelag með nýju fyrirkomulagi, nýjum lögum og nýrri stjórn fyrir allt landið, og þá hverfur að sjálfsögðu burt fjárveitingarvald viðstaddra fjelagsmanna á fundum í Reykjavík; slíku allsherjar fjelagi getur að eins dugað fulltrúastjórn, og fulltrúana yrðu annaðhvort amtsráð eða sýslunefndir að skipa; þar með væri þá fengin fyllsta trygging fyrir því að slíkt fjelag ynni fyrir allt landið í heild sinni. Örðugleikarnir yrðu helzt þeir, að kostnaðarsamt yrði fyrir fulltrúana að koma saman, einkum ef þeir væru margir, en jeg hugsa mjer fulltrúa- og stjórnarfund slíks fjelags annaðhvort ár, og þá sjálfsagt þingárið, og við það sparaðist eflaust mikill ferðakostnaður, þar sem margir fulltrúanna mundu verða úr flokki þingmanna. Slíkur aðalfundur hefði þá allt fjárveitingarvaldið og hann kysi framkvæmdarstjórnina til að stjórna gjörðum fjelagsins á milli aðalfunda með ábyrgð fyrir þeim. Jeg álít alveg hættulaust fyrir þingið að veita þessa upphæð nú, til að koma fjelaginu á fót. Upphæðin verður ekki útborguð nema fjelagið komist á, og fjelagið kemst eigi á nema hin ömtin eða hjeraðsstjórnir þeirra aðhyllist það,

og amtsráðin — og sýslunefndir, verði þær einnig aðspurðar — munu sjá um það, að fyrirkomulagið verði fulltryggilegt fyrir hagsmuni alls landsins. Það þarf því alls eigi að kvíða fyrir því, að stjórnarfyrirkomulag slíks fjelags yrði eigi að skapi þingsins 1897, eins og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) var hræddur um, enda hefði þingið með fjárveitingu sinni til fjelagsins jafnan hönd í bagga með því. Sje fjeð ekki veitt nú, þá verður málinu frestað um 2 ár, því að vart kemst slíkt fjelag á án sjerstakrar uppörfunar. Það vantar ef til vill trú og skilning á, hvað slíkt fjelag gæti gert hjer á landi, og sjerstaklega hjó jeg eptir því hjá. h. þm. Rvík. (J. Jenss.) að hann spurði, hver væru sameiginleg búnaðarmálefni alls landsins. Því er auðsvarað. Allstaðar er gras að rækta, allstaðar höfum vjer kindur og kýr að fóðra, landbúnaðurinn flytur oss öllum sameiginlega björg, þar er stærst sameiginlegt verksvið fyrir alla landsmenn, þar sem ríður á að sameina kraptana. Aukin þekking, ný reynsla eða tilraun landbúnaðinum til eflingar kemur öllu landinu til góða, en það sem verður að gjörast með alveg sjerlegri þekkingu, kostnaði og áhættu, verður að gjörast með sameiginlegum kröptum.

Eins og hæstv. landsh. einmitt tók fram, er þetta eina ráðið til þess að fá verulega aukna þekkingu til undirstöðu landbúnaðinum; það er og eina ráðið til þess að vekja »initiativ«, nýja framtakssemi. Það verður að vera á einum stað skyldan og ábyrgðin, samfara þekkingunni og kraptinum, til að brjótast fyrir öllum búnaðarbótum landsins. Til slíkra mála hafa aðrar þjóðir sjerstakt ráðaneyti, er að eins hafa með þau að gera, og ekkert annað, en vjer getum skapað oss slíkt ráðaneyti, og það enda með ábyrgð fyrir alþingi, ef fara skal út í þá sálma.

Það er einkum tvennt, sem ber að varast: sinnuleysið, þar sem athugalaus stjórn á að gera allt saman, og handaskolin og fumið, þegar allt liggur undir fundi fjelagsmanna, sem koma saman eina stund ársins og það sinn í hvert skiptið.

Fyrir þetta hvorttveggja er synt með fulltrúastjórn, skipaðri af hjeraðsstjórnum alls landsins.

Þessa fjárveiting til stofnunar fjelagsins er að skoða sem fyrirheiti frá þingsins hálfu um miklu ríflegri fjárstyrk til allsherjar búnaðarfjelagsins en veittur hefir verið búnaðarfjelagi suðuramtsins.

Jeg geng út frá því, að slíkt allsherjarfjelag hafi svo mikið fje til umráða, að það geti lagt einar 8,000—10,000 kr. árlega til rannsókna og fyrirtækja, er engum lifandi manni getur dottið í hug að geti orðið að öðrum kosti. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að fjelagið hafi sinn búfræðislega ráðanaut, þann færasta mann í þeirri grein, er kostur væri á, til þess að hafa yfirumsjón með búnaðarframkvæmdum í landinu, og ætti hann að sjá allt með eigin augum.

Jeg bið h. þm. afsaka, þó jeg fari langt út í þetta atriði; þetta er mjer innilegt áhugamál, svo að jeg vildi gera mitt bezta til að skýra það áður en gengið er til atkvæða.

Við það sem sagt hefir verið um styrkinn til búnaðarfjelaganna hefi jeg litlu að bæta, það hafa margir lagt þeim hækkaða styrk liðsyrði. H. þm. Rvík. (J. Jenss.) lagði helzt á móti. Hún liggur alltaf í loptinu þessi mótbára, sem mjer einnig skildist að vekti fyrir h. þm., að þetta væri að úthluta landssjóð í bitlinga, smábita til manna

fyrir það er þeir gerðu sjálfum sjer til bóta. (*J. Jenss.*: Það var eiginlega ekki þetta, sem jeg meinti). Jæja, jeg veit ekki, hvað annað þm. gat meint, og þessi ástæða er, sýnist mjer, harla ljettvæg í rauninni. Því að slíkt mætti segja um nær allar fjárveitingar. Þegar t. d. núna er lagt landsfje í Þjórsárbrúna, þá spara bændurnir í Holtunum ferjutollana og tímaeyðsluna, hverjum bónda þar eru gefnir nokkrir aurar eða krónur úr landssjóði á ári og þetta gengur í gegnum smátt og stórt; allar atvinnubætur, kostaðar eða styrktar af landssjóði, mætti telja sem smágjafir til atvinnurekendanna, sem enginn ætti þó að sýta fyrir. Og hvað þessa fjárveiting sjerstaklega snertir, þá kemur hún fram við svo marga smælingja, sem munar um hverja krónuna, og það er þeim til stórkostlegrar upphörfunar, að sjá, að ríkið, þetta okkar litla ríki, sem þeir margir hverjir lítið þekkja annarsstaðar frá en af manntalsþingum og lögtaksgjörðum, að það ber þá fyrir brjóstinu, að það vill þó hafa trekari afskipti af þeim en álögur og tollheimtu, að það hefir líka útrjetta hönd til hjálpar og styrktar, þó að í smáum mæli sje. Og þeir sem á annað borð trúa því, að túnbæturnar beri allar vorar framfarir, skepnufjölgun, mannfjölgun, samgöngur og menntir, þeir munu ekki leggja á móti þessari fjárveiting. Túnbæturnar eru sú braut, er leiða mun oss í hóp »sivilíseruðu« þjóðanna.

Jeg get vel tekið undir með h. þm. Rangv. (Sighv. Á.), að þessi styrkur hefði helzt átt að vera töluvert hærri, en þar sem þessi upphæð sætti mótmælum, ekki meiri en hún er hjá fjárlaganefndinni, og við vitum báðir, að það er eigi svo lítil mótspyrna gegn þessari fjárveitingu yfir höfuð, og það eigi síður í h. Ed., þá vil jeg láta hjer staðar numið að sinni við þessa 8000 kr. hækkun á næsta fjárhagstímabili.

Þá er enn 5000 kr. fjárveitingin til Skúla Thoroddsen; um hana talaði h. þm. Rvík. (J. Jenss.) lengst og ýtarlegast. En mjer þótti hann taka það of lögfræðislega; hann er ágætur lögfræðingur, eins og við vitum, en hann tók það mál síður frá »almennu sjónarmiði«. — Mjer vitanlega lá ekki nein krafa fyrir hæstarjetti, og hann gat auðvitað ekki tekið neina kröfu til greina nema sem rjettarkröfu. Nefndin hefir margkannazt við það, að hjer væri tæpast rjettarkrafa, og hjer er ekki farið fram á annað en sanngirniskröfu. — Þm. játaði, að Sk. Th. hafi orðið hart úti, en hann kallar það að bæta gráu ofan á svart, að þjóðin sje látin blæða fyrir þær aðgerðir stjórnarinnar, er hún, það er að segja þjóðin, fær þyngstar búsifjarnar af á eptir, með eptirlaunagreiðslunni til viðkomandi manns. Þetta álítur þingmaðurinn að særi rjettlætistilfinningu þjóðarinnar. En getur h. þm. Rvík. (J. Jenss.) sjeð nokkurt ráð til þess, að láta stjórnina bæta viðkomandi manni það, sem hún hefir, eptir þingm. eigin orðum, misgert við hann? — Jeg sje að þm. hristir höfuðið. Hver vill þm. þá að bæti honum það upp nema þingið, úr því ekki er unnt að neyða stjórnina til þess? Svona lít jeg á þetta mál, og út frá því sjónarmiði hefir fjárlaganefndin gjört tillögu sína og álítur sig vera í fullu samræmi við rjettlætistilfinningu þjóðarinnar.

Úr því að h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) andmælti þessari skipting fjárlaganefndarinnar á styrknum til þilskipaábyrgðarfjelagsins við Faxaflóa, eptir að formaður fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) hafði útlistað það atriði, vil jeg víkja að því fáeinum orðum. Jeg er ekki

vel kunnugur lögum þessa nýstofnaða fjelags, en jeg var nokkuð kunnugur þilskipaábyrgðarfjelaginu eyfirzka og hygg, að fyrirkomulag þessa fjelags hjer við Faxaflóa sje sniðið eptir því. Jeg minnist, að jeg átti skipspart í eyfirzka fjelaginu, og þegar jeg seldi hann, þá fjekk jeg útborgaða úr ábyrgðarsjóðnum upphæð, sem slagaði nokkuð upp í verðið, sem jeg fjekk fyrir skipspartinn. Þar nyrðra hefir þá verið haldið slíkri sjereign og gefizt vel, enda er það eigi annað en það sem viðgengst í hverju ábyrgðarfjelagi, er gefur uppbót á ofgreiddu iðgjaldi hverjum einstökum fyrir sig tiltölulega, og vona jeg því, að enginn telji þessa sundurliðun styrksins ójöfnuð; það er búið að gera glögga grein fyrir tilgangi þessarar sundurliðunar.

Fleira hef jeg ekki að segja.

Jón Jensson: Mig langaði til að segja örfá orð út af ræðu h. framsögum. (Þ. Bj.). Hann hlýtur að hafa verið eitthvað annars hugar, þegar hann sat undir ræðu minni í dag, því hann hefir svo algjörlega misskilið mig. Hann sagði, að jeg hefði haft á móti styrkveitingu til búnaðarfjelaganna af því, að það væri að búta landssjóð niður í marga smáparta. Jeg hef aldrei talað slíkt. Mín orð voru á þá leið, að þó styrkurinn til búnaðarfjelaganna væri aukinn um 8 þúsund krónur fyrir fjárhagstímabilið, þá mundi sú viðbót ekki vekja að því skapi aukna hvöt til jarðabóta. Jeg er hlynntur búnaðarstyrk í sjálfu sjer, en ætli menn mundu, með því auka hann svona, auka áhrif styrksins á jarðabætur fram yfir það, sem hann hefir hingað til verkað? Það var hið eina, sem jeg efaðist um, og því get jeg ekki gefið atkvæði mitt með þessum 8000 kr. Mjer finnst þessi viðbót of há til þess, að svara henni úti í beinni óvissu um, hvort nokkuð vinnist með henni. Þegar hvert fjelag fær þetta 100—200 krónur, sum reyndar nokkuð minna en önnur aptur meira, þá efa jeg stórlega, hvort það bætti mikið búnaðinn eða hvöt til hans yxi mikið við það, að fjelögin fengju einar 25—50 kr. að auk. Jeg efast um, hvort slíkt hefir nokkur áhrif. En, sem sagt, í sjálfu sjer er jeg styrknum hlynntur; jeg vil ekki láta taka hann af eða minnka hann, þó jeg ekki kæri mig um að auka hann.

Þá var það annað atriði hjá h. framsögum. (Þ. Bj.), nefnilega viðvíkjandi allsherjarbúnaðarfjelaginu fyrir allt landið. Um það sagði hann nú svo margt fallegt og gott, en satt að segja fannst mjer hann vera kominn þar út úr »rullunni« sem framsögumaður fjárlaganefndarinnar og fara út í allt aðra sálma. Hann fór að tala um einhverja fulltrúa, kosna af sýslunefndum, sem ættu svo að koma saman hjer í Reykjavík og útbýta styrk úr landssjóði til búnaðarfyrirtækja, og þessir sýslunefndafulltrúar áttu að vera þetta allsherjarbúnaðarfjelag. Með öðrum orðum, hann talaði fyrir því, að sýslunefndum yrði veitt fje til umráða til að útbýta því til búnaðarfyrirtækja, en alls ekki fyrir því, sem er tillaga fjárlaganefndarinnar, að prívatfjelagi, þessu fyrirhugaða allsherjarbúnaðarfjelagi, væri veitt þetta fje. Jeg skal játa, að mótbárur mínar á móti veitingunni áttu ekki við fjárveitingu, slíka sem h. framsögumaður (Þ. Bj.) nú talar fyrir. En h. framsögumaður hefir hjer gleymt því, hvað hann sem framsögumaður átti að forsvara, og mínar ástæður gegn tillögu nefndarinnar standa því óhraktar með öllu, þótt allt það væri rjett og á rökum byggt, er hann hefir sagt.

Því sem h. framsögum. (Þ. Bj.) sagði um uppbótina til Skúla Thoroddsen þarf jeg varla að svara; þó vil jeg drepa á

lítið eitt af því. Hann lagði það í ræðu mína, að jeg hefði sagt, að Skúli Thoroddsen ætti að fá skaðabætur annarsstaðar frá en úr landssjóði. Það kom hvergi fram hjá mjer. Jeg sagði, að það væri hart, að láta landið borga meira en það er búið í því máli.

H. framsögum. (Þ. Bj.) sagði, að jeg hefði talað sem lögfræðingur. Jeg talaði ekki meira um rjettarkröfur Skúla Thoroddsens en hann sjálfur. Mjer finnst, satt að segja, hjer ekki vera að ræða um rjettarkröfur, heldur að eins um sanngirniskröfur, og jeg held því fram, að það hefir mikla þýðingu, þegar ræða er um, hvort sanngirniskrafa sje til uppbótar, að hæstirjettur hefir ekki alsýknað Skúla Thoroddsen, heldur dæmt hann í málskostnað.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi leyfa mjer að tala nokkur orð enn þá um búnaðarskólana.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) gerði þá athugasemd, að jeg hefði ekki gjört rjett í að tala um fæð nemendanna frá Eiðaskólanum, því hann væri yngri en hinir skólarnir. En h. þm. (E. J.) hefir misskilið mig að nokkru leyti. Jeg lagði enga áherzlu á nemendafjöldann, heldur einungis á það, hvað nemendurnir frá skólum þessum hefðu kostað landssjóðinn. Það er eðlilegt, að því yngri sem skólinn er, því færri sjeu nemendur, er frá honum hafa útskrifazt, en að sama skapi er það líka eðlilegt, að því yngri sem einhver skóli er, því minna fje hafi hann eytt frá hinu opinbera, og þar af leiðandi er það, að skólinn hefir staðið stuttan tíma, ekki ástæða fyrir því, að hver nemandi þurfi að vera dýrari; annars eru nú nokkur ár síðan Eiðaskólinn byrjaði á starfa sínum, en sem sagt, það hefir enga þýðingu í þessu sambandi. Að nemendur Ólafsdalsskólans hafa kostað landssjóðinn minna en nemendur hinna skólanna, stafar af því, að skólinn var búinn að standa mörg ár sem privatskóli, áður en hann fjekk nokkurn styrk úr landssjóði.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að slíkar stofnanir ættu að sýna, hvað þær dygðu, áður en þeim væri veittur styrkur úr landssjóði. Það er einmitt það, sem þessi skóli hefir gert. Í þau átta ár, sem liðu frá því hann var stofnaður þangað til hann fjekk styrk úr landssjóði, árin 1880—1888, sýndi hann fyllilega, hversu mikið gagn hann gerði og hve heillaríkar afleiðingar mundu af honum stafa.

H. framsögum. nefndarinnar (Þ. B.) sagði, að Ólafsdalur væri svo ljelag skólajörð, að engin líkindi væri til að þar verði haldinn skóli, þegar hinn núverandi skólastjóri þar er fallinn frá.

Jeg finn ástæðu til að mótmæla þessu, því jeg er þessu kunnugri en allir aðrir þingmenn. Það má vera að Ólafsdalur út af fyrir sje ekki sem heppilegust bújörð, en þegar tekið er tillit til jarðar þeirrar, Belgsdals, sem skólastjóri hefir lagt undir hana, er mjer óhætt að fullyrða, að hún stendur ekki á baki hinum búnaðarskólajörðunum. Að vísu fylgja því nokkrir erfiðleikar, að hafa þannig tvær jarðir með nokkru millibili til afnota, en þrátt fyrir það verður búskapur í Ólafsdal ekkert erfiðari en á mörgum öðrum erfiðum jörðum, sem jeg þekki. Það er gott sauðfjárland rjett út úr túninu, bæði sem hjásetuland fyrir kvífje og beitiland fyrir fjallafje, og það einkar kjarnmikið land; tún og efni í tún óþrjótandi og bæði grasgefið og hentugt til endurbóta, því nær grjótlaust, mátulega raklent og liggur í skjóli með mjög hentugum halla. En sá eini verulegi galli er, að útheysslægjur eru mjög litlar í Ólafsdal og vatnsveitingaengi

ekkert, og til þess að afplána þennan galla hefir Torfi skólastjóri keypt þessa jörð, sem jeg nefndi, og haft hana með til ábúðar. Þar eru miklar útheysslægjur og liggja vel við endurbótum af vatnsveitingum, enda stórkostlega endurbættar á þann hátt af Torfa Bjarnasyni; þessar tvær jarðir, Ólafsdalur og Belgsdalur, sem báðar eru eign skólastjórans, og því ber að skoða sem eina jörð í þessu sambandi, hafa því alla þá kosti, sem nauðsynlegir eru á búnaðarskólajörðu, en ókostirnir engir aðrir en sá, að útheysslægjurnar eru með þessu nokkuð erfiðar, en þó dregur það nokkuð úr þessum ókosti, að heyið má allt flytja þurt heim. Beri maður þessar tvær jarðir, Ólafsdal og Belgsdal, saman við hinar búnaðarskólajarðirnar, þá efast jeg mikillega um, að þessi núverandi búnaðarskólajörð Vesturamtsins hafi fleiri eða þýðingarmeiri galla en hinar skólajarðirnar. Jeg tilgreindi þann eina ókost, sem jeg þekki á þessari jörðu (jeg skoða það eina jörð), nfl. erfiðar útheysslægjur, en á móti þeim ókosti má telja þann mikla kost, sem að mínu áliti hefir jafnmikla þýðingu og hagaslægjur, en það er framúrskarandi hagar og kjarngóðir búfjárhagar og fjalllendi. Eptir því sem mjer er sagt um Hóla í Hjaltadal, þá er tún þar alls ekki gott og mjög erfitt til ræktunar, sjerstaklega að því er snertir þúfnasljettu, og þetta kalla jeg æðimikinn ókost á búnaðarskólajörðu.

Hvanneyri er mjög vel löguð til nautpeningsræktar, en aptur á móti að sögn miður hentug til sauðfjárræktar. Það er mikið efamál, hvort það er heppilegt að skólajörð sje svo, þar sem sauðfjárræktin er einhver hinn helzti og bezti atvinnuvegur á Íslandi. Þegar á allt er litið, hygg jeg því, að Ólafsdalur og Belgsdalur standi ekki á baki hinum skólajörðunum, enda þótt eitthvað verði að henni fundið, en það sannast hjer málsháttur inn, «að sitt er á jörðu hverri og þó er á öllum búið». Það sem nú spillir fyrir búnaðarskólunum, mun vera það, að sumum þm. þykir þeir helzt til margir og vilja því að eins hafa 1 eða 2 skóla. En ástæður þeirra fyrir þessu hafa vanalega verið byggðar á lausum grundvelli.

Jeg hefi heyrt þær skoðanir, að skólarnir ættu að vera færri og stærri; það ætti t. a. m. að slengja öllum þessum 4 skólum saman í einn skóla, og ef það væri gjört, halda þeir, að þá fyrst mundu nýtir menn koma frá skólunum. En þessi skoðun stríðir gersamlega á móti minni sannfæringu. Mín trú er, að því stærri eða fjölmennari sem einhver búnaðarskóli verður, að því hættara verði við, að af honum fáist ópraktiskir nemendur, sem er afleiðing þess, að vjer eigum tæplega neinn þann búnaðarskólastjóra, sem fær sje til, að stjórna með góðu lagi öllu fjölmennari búnaðarskóla en er t. d. nú á Hólum, og því síður eigum vjer nokkra þá jörð, sem borið getur slíkan skóla, nema með ærnum aukakostnaði eða að flytja skólann jörð af jörð með stuttu millibili, en það mundi ekki leiða til mikils sparnaðar fyrir það opinbera. Mjer finnst þeir menn, sem halda þessu fram, tala af lítilli þekkingu. Það kann að vera heppilegt að hafa einn búnaðarskóla fyrir allt landið, en þá má sá skóli ekki vera stærri en búnaðarskólarnir eru nú. En til þess að sá skóli yrði að nokkrum notum, þá yrði hann að vera fyrirmyndarbú, og þeir einir, sem á þau hefðu gengið, ættu að fá inntöku á skólann.

Ef þingið vildi koma búnaðarskólunum í þetta form, þá yrði jeg ef til vill með því, þó jeg annars álíti að menn eigi að vera mjög varfærnir með að

drepa þær stofnanir, sem eru komnar á fastan fót.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Jeg neyðist til að gjöra stutta athugasemd við síðari ræðu h. þingm. Reykv. (J. Jenss.). Jeg vona, að það þurfi ekki að verða þannig hjá mjer, að það komi h. þm. Rvík. (J. Jenss.) upp af bekkjunum aptur, enda mun hann nú vera það, sem menn hjer kalla »dauður«. Jeg gat ekki skilið ræðu h. þm. Rvík. (J. Jenss.) öðruvísi en svo, að hann væri á móti búnaðarfjelagastyrknum. (*Jón Jensson*: Ekki eins og hann er í stjórnarfrumvarpinu). Um það var ekki talað, allar umræðurnar hafa snúizt um hækkun nefndarinnar, og þar lagðist h. þm. Rvík. (J. Jenss.) fastast á móti.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) talaði í seinni ræðunni mjög vel um styrk þann, sem hingað til hefir gengið til búnaðarfjelaganna; því hefir hann þá ekki líka trú á, að bæta við styrkinn? Þessi viðbót byggist einmitt á því, að dagsverkunum hefir fjölgað svo, að 13000—15000 króna styrkur nú er tiltölulega ekkert meiri en 10000 króna styrkur var áður; eigi uppörfunin því að vera jafn-mikil og að undanförnu, þarf að hækka styrkinn.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) andmælti aptur fjárveitingunni til allsherjarbúnaðarfjelagsins og hjelt því fram, að styrkinn ætti ekki að veita fyr en fjelagið væri komið á fót; en fjárlaganefndin heldur þar á móti því fram, að styrkurinn þurfi að veitast til þess, að fjelagið geti orðið stofnað; í því skilur okkur, en þeir sem hafa trú á slíku allsherjarbúnaðarfjelagi verða að fara leið fjárlaganefndarinnar.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg fór öldungis ekki í því máli út úr »rullunni« sem framsögum., eins og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) komst að orði. Þingm. sjálfur neyddi mig með mótmælum sínum og efasemdum til að fara svona nákvæmlega út í hið hugsaða fyrirkomulag slíks allsherjarbúnaðarfjelags, og fjelag getur það heitið engu að síður, þó að það hafi slíka fulltrúastjórn; jeg þarf eigi annað en minna h. þm. Rvík. (J. Jenss.) á fyrirkomulag Þjóðvinafjelagsins, sem honum er náttúrlega vel kunnugt um, þar sem hann er í stjórn þess.

ATKV.GR.: Um 7.—10. gr.; 7. og 8. gr. frv. samþ. óbreyttar í e. hljóði; breyt.till. nefnd. við 9. gr., samþ. í e. hlj.; 9. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hlj.; 10. gr. A. 1. samþ. í einu hlj.; 10. gr. A. 2. samþ. í einu hljóði; 10. gr. A. 3. a. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. A. 3. b. »og skrifstofukostn.«, samþ. með 17 samhlj. atkvæðum.

Breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. A. 3. b. og »fyrir 500 komi 800«, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. B. 1. a., samþ. í e. hlj.

10. gr. B. 1. 8. samþ. með 22. shlj. atkv.; 10. gr. B. 2. samþ. í einu hlj.; 10. gr. B. 3. a—c samþ. í einu hljóði; 10. gr. B. 4. a—g samþ. í einu hljóði; 10. gr. C. 1. a—d samþ. í einu hljóði; 10. gr. C. 2. samþ. í e. hlj.; 10. gr. C. 3., samþ. í e. hlj.

Brt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. 1, samþ. með 17 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 4. a. 1. (1897) samþ. í e. hljóði; 10. gr. C. 4. a. 2. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. 3., samþ. með 16 atkv. móti 1.

Breyt.till. á þingskj. 276 felld með 14 atkv. gegn 7.

10. gr. C. 4. a. 3. (1897) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. 4., samþ. með 17 atkv. gegn 4.

10. gr. C. 4. a. 4. (1897) samþ. í e. hl.; breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. b. fyrir 12000 komi 13000, samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. b. fyrir 12000 komi 15000, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Að athugasemdin falli burt, samþ. með 14 atkv. gegn 5.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4 frá »á eptir—2000«, samþ. með 20 samhl. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4 »og að auki—4000«, samþ. með 13 atkv. gegn 6.

Breyt.till. Halld. Dan. á þingskj. 252 felld með 15 atkv. gegn 4.

10. gr. C. 4. e. samþ. í einu hljóði;

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. d., samþ. með 17 samhl. atkv.; 10. gr. C. 4. e. samþ. með 21 samhlj. atkvæði;

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. e. »þar af—1896«, samþ. m. 14 shl. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. e. »en 3000 kr.« og út, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. samþ. með 21 samhlj. atkv.

10. gr. C. 5. a—g samþ. með 22 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 6. (a) samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 6. (b) samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 6. (c) samþ. í e. hlj.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 6. (d) samþ. í e. hlj.

10. gr. C. 7. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. (29. á atkvæðaskránni) samþ. með 14 atkv. gegn 4.

10. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Þrítugasti og annar fundur, miðvikudag 7. ágúst kl. 11 f. hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, 11.—12. gr. incl. (C. bls. 1. nr. 212, 213, 214, 216, o. s. frv.); 2. umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Við þennan kafla fjárlagafrumv. eru framkomnar nokkrar breyt.till. frá öðrum en nefndinni. Jeg hygg að jeg geti sparað tíma með því að ganga að mestu fram hjá þessum tillögum, þangað til jeg hefi heyrt ástæður flytjendanna. Þó mun jeg minnast á þær tillögur, sem nefndin getur þegar fallizt á.

Breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 1 er sjálfsögð með því, að þar er að ræða um persónulega launaviðbót við landlækninn, sem nú er í þann veginn að fá embætti í Danmörku.

32. liður á atkvæðaskránni er um aukalæknirnn á Mýrunum; fer nefndin fram á, að umdæmi hans verði ákveðið nokkuð öðruvísi en verið hefir. Tilefni til þessa er það, að bændur í Borgarhreppi hafa kvartað undan því við þingið, hve erfitt væri fyrir þá að sækja lækni í Stafholtsey. Þó vegurinn sje ekki langur, þá eru þó nokkrar tálmanir á leiðinni, þar sem er Hvítá og önnur vatnsföll. Á hinn bóginn virðast 2 vestustu hrepparnir í þessu aukalæknisumdæmi eiga hægra með að sækja til hjeraðslæknisins í Stykkishólmi. Af þessum ástæðum gekk nefndin inn á að leggja það til, að takmörkum þessa aukalæknisumdæmis væri breytt með því, að taka af því að vestan, en bæta við það að austan.

Undir 33. tölulið er tillaga frá nefndinni um að bæta við einu aukalæknisumdæmi í austurhluta Húnavatnssýslu.

Beiðni um þetta aukalæknisumdæmi hefir áður legið fyrir þinginu, og nú í ár komu ítrekaðar áskoranir um það til þingsins. Fjárlaganefndin leit svo á, að hjer stæði líkt á og í Árnessýslu, þar sem stjórnin hefir stungið upp á aukalæknisumdæmi, og áleit því, að þessi umdæmi ættu að fara saman.

Næsta tillaga, eða hin 34., er bein afleiðing af þessari tillögu nefndarinnar um aukalækni í Húnavatnssýslu, aukalæknarnir verða þá alls 15.

Aptan við 2. tölulið 11. gr. frumv. vill nefndin bæta nýjum tölulið um 100 kr. styrk handa Öræfingum, til að kosta til sín 2 læknisferðir á ári. Þeir hafa leitað samninga um þessar ferðir við lækninn fyrir austan sig, í 16 læknishjeraði. Nefndin vildi þó ekki binda fjárveitinguna persónulega við hann, vilji þeir leita til læknisins fyrir vestan sig, í 17. hjeraði, geta þeir það eins. Læknirinn í 16. læknishjeraði hefir boðizt til að fara þessar tvær ferðir á ári, fyrir rúmar 100 kr. hverja ferð. Nefndin fjellst á að rjett væri að styrkja þessa afskekktu sveit að hálfu, eða með 100 kr., til þess að hún geti fengið dálitla læknishjálp, sem hún til þessa hefir í raun og veru verið alveg útilokuð frá. Nefndinni blandaðist ekki hugur um það, að lík beiðni gæti komið frá öðrum afskekktum sveitum, en með því að fara yfir uppdrátt landsins sá hún, að þetta mundi að eins geta komið fyrir á örfáum stöðum, og að kostnaðurinn mundi aldrei geta orðið meiri en svaraði einum aukalæknislaunum, þó að hinar allra afskekktustu sveitir landsins fengju slíka úrlausn. Nefndin treystir því þess vegna, að þessi upphæð verði samþykkt.

Að styrkurinn til tannlæknis O. Nickolin falli burtu, er sjálfsagt, þar sem hann er látinn.

Undir 37. tölulið er uppástunga nefndarinnar um 100 kr. niðurfærslu á verkfærakaupum handa yfirsetukonum. Sú uppástunga er byggð á upplýsingum, sem nefndin hefir fengið hjá hinum setta landlækni.

Breyt.till. nefndarinnar undir 39. tölulið um styrk til undirbúnings holdsveikisspítala, er rökstudd í nefndarálitinu, eins og uppástungur nefndarinnar yfir höfuð að tala. H. þm. Vestm. (V. G.) hefir stungið upp á breytingu á orðfærinu, og er hans orðfæri betra en hjá nefndinni, svo nefndin aðhyllist hans breyt.till. Í þessari till. hans er líka fólgin dálítil efnisbreyting. Í stað þess að nefndin ákveður vissa upphæð, 1200 kr., fyrir að fara til Norvegs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala, er þessi upphæð óákveðin í tillögu h. þm. Vestm., (V. G.), en sagt, að af allri upphæðinni (1800 kr.) skuli greiðast ferðastyrkur í þessu skyni. Þetta álítur nefndin líka heppilegra.

Þá hefir nefndin ekki stungið upp á fleiri breytingum við 11. gr., en svo kemur hin stóra 12. gr.

Nefndin hefir lýst því yfir í áliti sínu, að hún fallist að öllu leyti á hin auknu útgjöld til póstgangna, sem stjórnin fer fram á í frumv. 12. gr. A.

Þá kemur kaflinn »B« til vegabóta. Þar kemur nefndin fram með þá tillögu að breyta orðfærinu undir staflið »a«, en við sjálfa upphæðina hefir nefndin ekkert að athuga. Í frumv. stendur: »Til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum«, en nefndin vill orða þetta þannig: »Til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur«. Nefndin stingur upp á að orða þetta þannig af því, að henni þótti ákvæðið of þröngt í stjórnarfrumv., þar sem verkfræðingurinn eptir því ekki var skyldugur til að annast önnur mann-

virki en vegagjörðir. En í tillögu nefndarinnarinnar er líka fólgin nokkur nýjung, nefnilega sú, að hjeraðastjórnir: amtsráð, sýslunefndir og bæjarstjórnir, geti fengið aðstoð verkfræðings við mannvirki, sem þær kynnu að vilja gjöra, þegar landshöfðingi álítur að þau sjeu svo vandasöm og umfangsmikil, að verkfræðingur þurfi að koma til. Það er auðvitað, að hjeraðastjórnirnar yrðu að snúa sjer til landshöfðingja, og hann að skera úr því, hvort verkfræðingurinn skuli fara. Jeg álít mjer skylt að geta þess, að hinn núverandi verkfræðingur landsins, sem eflaust verður það áfram, hreyfði mótmælum við mig út af því, að bæjarstjórnir ættu að geta fengið slíka aðstoð verkfræðings. Hann var hræddur um, að t. d. bæjarstjórnin í Reykjavík gæti sett hann til að sjá um sínar vegabætur og strætagjörð. En jeg fullvissaði hann um, að slíkt gæti aldrei komið til mála eptir því sem greinin væri orðuð, og get lýst því yfir að slíkt var ekki hugsun nefndarinnar.

Þá sný jeg mjer að 43. og 44. tölulið á atkvæðaskránni, en það eru breyt.-till. við 12. gr. B. b., sem er stærsti liðurinn, sem talað verður um í dag. Nefndin hefir fært ítarlegar ástæður fyrir því í áliti sínu, að hún vill í þetta sinn halda sem næst þeirri stóru upphæð, sem varið hefir verið að undanförnu til flutningabrauta. Meiri hluti nefndarinnar áleit, að það væri óumflýjanlegt, að leggja brautina milli brúnna í Árnessýslu, og eins að ljúka við brautina austur að Þingvöllum, á næsta fjárhagstímabili. Nefndin hefir skilríki í höndunum fyrir því, að þetta geti ekki orðið framkvæmt, ef vegabótafjeð verður fært eins mikið niður eins og h. samgöngumálanefnd hefir stungið upp á á þingskjali 263, og því síður yrði meira gjört, ef þessi niðurfærsla yrði samþykkt. En nefndinni fannst, að næst því að ljúka við þessar brautir, sem jeg nefndi, bæri að efna það fyrirheit, sem stjórnin hefir gefið í fjárlagafrumv. sínu 1893 og ítrekað í ástæðunum fyrir frumv. sínu í ár, um flutningabraut í vesturhluta Húnavatnssýslu. Jeg verð því fyrir nefndarinnar hönd fastlega að mæla á móti breyt.-till. samgöngumálanefndarinnar, um að færa þessa upphæð niður í 30.000 kr., en vona að hin hóflega niðurfærsla fjárlaganefndarinnar í 45,000 kr. verði samþykkt.

Þá vill nefndin færa nokkuð upp fje það, sem í stjórnarfrumv. er ætlað til þjóðvega, eða um þær 5000 kr., sem taka á frá flutningabrautunum, og hefir nefndin rökstutt þá tillögu í áliti sínu, og sömuleiðis í því gefið bendingar um það, til hvers þeirri viðbót skuli varið, og læt jeg mjer nægja að vísa til nefndarálitsins.

Að því er snertir tillögu nefndarinnar undir 46. tölulið á atkvæðaskránni, um 1000 kr. styrk til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu, get jeg einnig vísað til nefndarálitsins. Sýslunefndin fór fram á 2000 kr. Það er því að eins helmingurinn af þeim styrk, sem nefndin ræður til að veita, en allur kostnaður við brúargjörðina er áætlaður 2500 kr. Það, sem einkum kom fjárlaganefndinni til að leggja það til, að þessi styrkur yrði veittur, þótt hjer sje eigi um þjóðveg að ræða, var það, að þessi brú verður á fyrirhuguðum sýsluvegi, sem sýslan þarf að leggja stórfje til, en það er vegurinn frá Borgarnesi og vestur að Ökrum, einar 3 mílur, sem að mestu eru mýrar og fen. Með tilliti til hins mikla kostnaðar, sem þessi vegarlagning hefir í för með sjer, og af því að rjett þótti að hvetja sýsluna til þessa mikla fyrirtækis, gaf nefndin beiðninni þessa úrlausn.

Þá er komið að 12. gr. C. eða fjárveitingunum til gufuskipaferða og gufubáta. Um þetta hefir verið rætt svo rækilega í sambandi við annað frumv., sem var hjer fyrir deild. fyrir skemmstu, að jeg sje ekki, að maður græði neitt á því að fara að ræða mikið um það nú.

Tillöguna um 45,000 kr. til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins er að skilja þannig, að fjárlaganefndin álítur, að svona háa upphæð þurfi að ætla á ári til að fá verulega bót á samgöngunum við útlönd, en þetta kann að koma nokkuð öðruvísi út á endanum í fjárlögunum, eptir því sem fer um frumvarpið um kaup á eimskipi og útgerð þess, sem nú er komið hjeðan upp í h. efri deild. Fái það framgang í einhverri mynd, sem allt útlit er fyrir, kann að þurfa að setja töluvert hærri upphæð útgjaldamegin, en þá í annan stað ætla tekjur af þessu milliferðaskipi.

Í annan stað hefir fjárlaganefndin aðhyllzt tillögur samgöngumálanefndarinnar um 32,000 kr. til fjórðungabátanna, sem í sameiningu ættu að geta haldið uppi góðum strandferðum; það atriðið hefir og verið rætt töluvert hjer og kann einnig að taka breytingum við meðferðina á eimskipsmálinu. Fjárlaganefndin vonar, að þessar upphæðir, sem hún stingur upp á til samgangna á sjó, fái að standa gegnum þessa umræðu, og líklega kemur ekki til, að þeim verði heldur breytt við 3. umr., þar sem hitt frumvarpið verður ekki útkljáð um það.

Skilyrðin fyrir útborgun styrksins til gufubátanna tók nefndin úr fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, að slepptri þeirri grein, sem fellur burt af sjálfri sjer, ef fjórðungabátarnir komast á, en að viðbættu stærðarskilyrði, þar sem styrkurinn er svo riflegur, og bátunum eru ætlaðar strandferðir. Við þessi skilyrði er nú komin viðaukatill. frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) o. fl. (235) þess efnis, að fjárveitingunni til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa megi haga á sama hátt og 1894—1895, ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, að því er stærð bátsins snertir. Þessa viðaukatillögu getur fjárlaganefndin aðhyllzt, því hún vill engan veginn svipta menn þeim samgöngubótum, sem þeir hafa fengið, þótt ófullkomnar sjeu, ef annað betra getur ekki fengizt.

Þá er eptir tillaga nefndarinnar (53. töluliður) um 5000 kr. til fiskifjelagsins »Dan« fyrir að flytja póst 14. hvern dag um sumarmánuðina milli útlanda annars vegar og Reykjavíkur og Vestfjarða hins vegar. Þessi tillaga var nokkuð rædd í sambandi við eimskipamálið og mætti þá nokkurri mótstöðu. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa tillögu, því h. formaður fjárlaganefndarinnar (Tr. G.), sem er höfundur tillögunnar, mun gera rækilega grein fyrir henni síðar. Það liggur í augum uppi, að allt af er þörf á að auka póstgöngurnar, og sjerstaklega væri það hentugt, ef hægt væri að setja göngur þessa skips í eyðurnar milli ferða hins fyrirhugaða eimskips, sem landssjóður væntanlega annaðhvort leigir eða kaupir, en þá fengist póstflutningur til landsins 7. hvern dag. Það er auðvitað, að Suðurland og Vesturland hefðu mest gagn af þessum ferðum, en hinir aðrir hlutar landsins hefðu líka nokkuð gagn af þeim, einkum ef landpóstferðum yrði fjölgað enn meir, sem er sennilegt að verði.

Landshöfðingi: Það eru að eins fá atriði, sem jeg þarf að gera athugasemd við, við þenna kafla.

Í tilefni af 31. tölulið, þar sem farið

er fram á, að fjárveitingin til landlæknisembættisins sje færð niður um 600 kr., þá er það eðlilegt, því fje þetta er persónuleg viðbót við landlækni Schierbeck. En það er nokkuð athugavert við þessar 600 kr., því viðbót þessi er byggð á samningum við hann, að hann tæki ekkert fyrir að kenna yfirsetukonum, meðan hann nyti þessarar uppbótar. Þegar því þessar 600 kr. falla burt, fær hinn nýi landlæknir að eins 4000 kr. í laun, en þá bera honum laun fyrir kennslu yfirsetukvenna samkvæmt hæstarjettardómi og verður því að hækka útgjöldin á 11. gr. 5. d. í rjettu hlutfalli.

Má sjerstaklega búast við, að þessi liður kunni að hækka töluvert, vegna þess, að breyting hefir verið gerð á yfirsetukvennalögunum, á þann hátt, að þær læri allar í Reykjavík, og þá verður landlæknirinn að fá þá borgun fyrir kennsluna, sem álízt hæfileg. Það er ekki svo að skilja, að jeg hafi neitt að athuga við, að þessar 600 kr. falli burt, en jeg vildi að eins gera þessa athugasemd til þess að benda á, að hjer væri ekki að ræða um neinn sparnað.

Jeg get ekki fellt mig við breyt.till. á 32. tölulið, því jeg skil ekki, að það sje betra fyrirkomulag, að láta aukalæknishjeraðið á Mýrunum ná vestur á bóginn að Haffjarðará heldur en að Straumfjarðará, nje heldur að það sje heppilegra, að láta aukalæknishjerað þetta ná austur á bóginn að Gljúfurá heldur en að Langá, eins og hingað til hefir verið. Eptir þessari breyt.till. ættu þá þeir 2 hreppar í hinu núverandi aukalæknishjeraði, sem er fyrir vestan Haffjarðará, nefnilega Miklaholtshreppur og Eyjahreppur, að sækja lækni til Stykkishólms, en jeg skil ekki annað, en það hljóti að verða örðugra fyrir fyrir þá, þar sem þá er yfir fjallveg að fara; enda þótt Haffjarðará sje opt ill yfirferðar, þá held jeg að hægra verði að sækja lækni úr þessum hreppum, t. d. að Staðarhrauni heldur en í Stykkishólm. Hins vegar hlýtur það að liggja í augum uppi og h. framsögumaður tók ekki heldur annað fram, en að það hlýtur að vera fullt svo hægt að sækja lækni úr Borgarhreppi að Stafholtsey sem vestur að Staðarhrauni og sje jeg þetta því enga bót. — Þar að auki er óþægilegt að gera þessa breytingu, að aukalæknum fornspurðum og án þess að hafi verið leitað umsagnar hans, því það gæti verið, að hefði verið búið að gera þessa breytingu á takmörkum aukalæknishjeraðsins, þegar hann sótti um það, þá hefði hann alls ekki sótt, en þar eð ekki er kunnugt um skoðun hans, held jeg að óþarft sje að breyta þessu að svo komnu.

H. framsögum. (Þ. Bj.) stakk upp á, að felldur væri á burtu stafliður 4 í 11. gr., og það er vitaskuld, að hann verður að falla burtu eins og hann er orðaður í fjárlagafrumv. En jeg álít varhugavert, að fella alveg í burtu styrkinn til tannlækninga, og jeg held, að ástæða væri til fyrir fjárlaganefndina að íhuga, hvort ekki væri rjett að veita 500 kr. óákveðið til tannlækninga; og það því fremur, sem líkindi eru til, að maður, sem tekið hefir próf af læknaskólanum hjer, og nú er að læra tannlækningar í Kaupmannahöfn, og líklega getur lokið því námi á næsta ári, mun hafa í hyggju að setjast að hjer í Reykjavík, ef hann ætti von á nokkrum styrk. Væri nú styrkurinn alveg felldur burt, er vafasamt, hvort hann vill setja sig hjer niður. — Að vísu mætti bæta úr þessu á fjárlögunum 1897, en þá hefðum vjer orðið að vera tannlæknislausir í 2 ár.

Hjer vantar á atkvæðaskrána breyt.-

till. til viðauka við 11. gr. 3 um 300 kr. ferðastyrk til augnalæknisins til að takast á hendur ferð til Seyðisfjarðar og vera þar um tíma. Jeg held, að þetta sje ekki heppilegt, því á meðan augnalæknirinn er í burtu hjeðan á Seyðisfirði, getur svo farið, að margir úr öðrum hjeruðum verði útilokaðir frá að njóta hjálpar hans, enda get jeg ekki sjeð, að það sje örðugra fyrir Seyðfirðinga að leita læknisins en aðra, enda mun það vera algengast, að sjúklingarnir leiti læknisins, en læknirinn ekki sjúklinganna, þegar um slíka sjúkdóma er að ræða. Jeg skil því ekki í, að þessi breyt.till. geti gengið fram þannig löguð.

H. fjárlaganefnd hefir sjálfsagt tekið eptir athugasemd stjórnarinnar við 11. gr. B. a. í fjárl.frv. við fjárveitinguna til verkfræðingsins, að það er tekið fram, að þær 3000 kr., sem þar er farið fram á að veita, sjeu veittar til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsen, sem ráðamanns um vegalagningar samkv. 4. gr. vegalaganna 13. apr. 1894, og jafnframt sem verkstjóra við vegabætur landssjóðs; og að auk þess sje ætlazt til, að hann fái endurgoldinn ferðakostnað á ferðum í þarfir vegagjörðanna. Hingað til hefir ekkert verið ákveðið um það, hvort þessar 3000 kr. væru einungis laun, eða hvort einnig ætti að borgast af þeim kostnaður við ferðir hans. En hingað til hefir stjórnin borgað honum 3000 kr. sem laun og auk þess útlagðan ferðakostnað, en ekki dagpeninga á ferðum hans. Úr því að fjárlaganefndin hefir enga athugasemd gjört við þessa ákvörðun stjórnarinnar og enga br.till. við það að verkfræðingnum sje borgaður ferðakostnaður, þegar hann er á ferðum í þarfir landssjóðs, þá verð jeg að álíta, að fjárlaganefndin sje samþykk því, sem stjórnin hefir hingað til gjört; enda er þetta ekki mikil upphæð 2—300 kr. á ári. Það er mikill munur ef hann þyrfti að takast á hendur langferðir, til að aðstoða hjeraðsstjórnir, ef samþykkt yrði að hann skyldi aðstoða þær, því þá finnst mjer að landstjórnin ætti ekki að kosta ferðir hans, heldur að hjeraðsstjórnir ættu að borga þann ferðakostnað. Jeg veit að sönnu ekki, hvort það hefir verið meining fjárlaganefndarinnar, að amtsráð og sýslunefndir ættu að borga þann ferðakostnað, en jeg álít það sjálfsagt.

12. gr. B. er eins og vant er þyngsti liðurinn í þessum kafla fjárlaganna og hinn þýðingarmesti og hefir h. framsögum. talað um hann, og er þar engu við að bæta, og við þær 5000 kr., sem fjárlaganefndin ræður til að flytja frá 12. B. b. til 12. B. c., álít jeg ekkert að athuga.

Mjer virðist nokkuð ónákvæmt ákveðið við 53 tölulið við 12. gr. C. f. um 5000 kr. fjárveitingu fiskifjelagsins «Dan», þar sem sagt er, að það eigi að flytja póst 14. hvern dag. Er meiningin að það eigi að fara með póst 14. hvern dag hjeðan og koma með hann 14. hvern dag hingað, eða er það meiningin að það að eins skuli taka hjer eða koma hingað með póst 14. hvern dag? Ef það fer með póst hvern 14. dag og kemur með hann hvern 14. dag, þá getum vjer sent brjef með því á hverjum hálfum mánuði en það gerir mikið til, hvort meiningin er, að hægt sje að skrifa með því á hverjum hálfum mánuði eða að eins einu sinni í mánuði. Þá er einnig ónákvæmlega orðað að það eigi að flytja póstinn um sumarmánuðina. Er það frá sumardeginum fyrsta til síðasta sumardags, eða er það að eins um þann tíma, þegar sumar er hjer á landi. Þetta þarf að orða svo skýrt, að enginn vafi sje á, hvað þingið ætlast til, et þetta verður samþykkt.

Sighvatur Árnason: Það eru sjerstaklega 2 br.till., sem jeg vil minnast á. Önnur þeirra er á þingskjali 263, 43. töluliður á atkvæðaskránni, frá samgöngumálanefndinni, þar sem hún leggur til að færa fjárstyrkinn til akbrauta niður um 15000 kr. fram yfir þær 5000 kr., sem fjárlaganefndin ræður til að lækka hann um. Nú víkur því svo við, að mikill hluti þessarar fjárveitingar er ætlaður til að gjöra veg milli brúnna á Þjórsá og Ölvusá, sem er bráðnauðsynlegt, því jeg held að allir hljóti að játa, sem nokkuð þekkja til, að brýrnar verða ekki að hálfum notum meðan ekki er vegur á milli þeirra.

Þess er vel að gæta, og jeg vona að deildin og samgöngumálanefndin viðurkenni að hjeruð þessi hafa engin not af samgöngum á sjó, sem nú er í ráði að leggja stórfje til. Það getur vel verið, að sumir þm. kalli þetta hreppapólitík, en jeg vona að menn átti sig og sjái, að þetta er engin hreppapólitík. Jeg ætla ekki að eyða mörgum orðum um þessa br.till. að sinni fyr en jeg heyri hvernig mælt verður með henni.

Jeg get tekið undir með h. landsh. hvað snertir þá 5000 kr. niðurfærslu, sem fjárlaganefndin leggur til að sje gjörð á 12. gr. B. b., að það stendur á sama með hvorum töluliðnum upphæð þessi liggur.

Það er auðvitað svoleiðis lagað, að þótt jeg vilji ekki taka dýpra í árinni með samgöngur á sjó, þá hafa Árnes- og Rangárvallasýslur lítil sem engin not af þeim, og þá má ekki minna vera en að þessar töluupphæðir fái að halda sjer til landveganna í þessum sýslum.

Aðra breyt.till., sem fjárlaganefnd hefir gjört, get jeg ekki fellt mig við. Það er 50. tölul. á atkvæðaskránni um styrkinn til gufubátanna. Þar hefir nefndin breytt skilyrðunum fyrir styrknum til gufubátanna. Þm. V.Sk. (Guðl. Guðm.) hefir komið þar fram með viðaukatill., sem jeg vil að vísu að tekin sje til greina, *(Tr. Gunnarsson*: Hún hefir verið tekin til greina), en hún getur orðið þýðingarlaus, ef hinir stærri gufubátar fást, sem ráðgjörðir eru, og vil jeg leitast við að skýra það betur, þar sem fjárlaganefndin hefir tekið hinar 4 skilyrðisgreinar frumv. fyrir styrknum til bátanna og sett þær í eina skilyrðisgrein fyrir 4 fjórðungsbáta, sem hver á að vera að minnsta kosti 35 lestir að stærð, sjálfsagt með fast ákveðinni ferðaáætlun. Við þetta skilyrði hefir þá h. þm. V Sk. (Guðl. Guðm.) bætt því viðaukaskilyrði, að ef þessi stóri bátur fáist ekki til sunnl.fjórðungs, skuli beita skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir styrkveiting til gufubáta meðfram suðurströndinni 1893. Skyldi nú svo fara að þessi stóri fjórðungsbátur kæmi hjer, þá yrðu Árnes- og sjer í lagi Rangárvallasýsla alveg útundan með gufubátsferðir og hefir það þó víst ekki verið meining fjárlaganefndarinnar að hjeruðin austanfjalls yrðu alveg útundan, eða væru svipt því sem þau hafa notið þetta yfirstandandi fjárhagstímabil.

Gufubátur, sem ætti að koma við Rangársand, þarf að hafa aðalstöð sína annaðhvort á Eyrarbakka eða í Vestmannaeyjum, eins og nú á sjer stað með Eyrarbakkabátinn. Sakir brims og hafnleysis á þessu svæði er ekki mögulegt að hafa not af gufubát nema því að eins, að hann hafi aðalstöð sína svo nærri t. d. Eyrarbakka að hægt sje að nota hvert tækifæri til ferðanna, þegar sjór og veður leyfir, og að hann geti tekið það að morgni, og þá getur báturinn losað allt við sig austur með sandinum sama daginn. En ef hann ætti lengra til að sækja og hefði fasta ferðaáætlun dag af degi þá væri það

sjerstök hending, ef hann hitti á gott tækifæri við sandinn. Því er það, að þeir sem búa við Rangársand vilja ekki missa þriðja skilyrðið undir staflið C., að styrknum undir þeim lið megi skipta í 2 hluti, ef með því fáist hagfeldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess o. s. frv.

Jeg vil gefa fjórðungsbátunum atkvæði mitt, ef jeg fæ vissu fyrir því, að Árnes- og Rangárvallasýsla geta fengið styrkinn sjerstakan með þessu skilyrði, og jeg vona, að menn skilji þetta, einkum þeir, sem þekkja til. Við þingmenn austanfjalls viljum vera með því, að bæta samgöngur á sjó, en við krefjumst þess jafnframt, að við sjeum ekki sviptir þeim litlu afnotum af þeim, sem við höfum þegar fengið.

Jeg vona fastlega, að þessi athugasemd mín verði tekin til greina, og ætla því ekki að svo stöddu, að tala meira um þetta atriði.

Landshöfðingi: Jeg ætla að gjöra eina athugasemd út af ræðu h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þar sem hann sagði, að gufubátur sá, sem ganga ætti fyrir Suðurlandi og á Faxaflóa yrði ónýtur fyrir Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu, ef það væri að eins einn bátur og hann ætti að vera 35 tons. Jeg er samdóma honum um, að þetta sje rjett, en jeg held, að hægt sje að laga þetta án þess að samþykkja viðaukatillögu h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Það stendur ekki í skilyrðinu, að það eigi að vera einn bátur, sem gangi austanfjalls og á Faxaflóa. Það liggur einna næst orðunum, að skoða það svo, að það eigi að vera 2 bátar, og annar þeirra austanfjalls en hinn á Faxaflóa. Enda mætti og breyta orðum skilyrðisins þannig, að í stað »gufubáts« kæmi »gufubátsferða«, og mætti þá velja um, hvort hafður væri einn bátur, er gengi frá Reykjavík að Vík, eða 2 bátar, er annar gengi milli Víkur og Eyrarbakka, en hinn milli Eyrarbakka og Reykjavíkur.

Jeg vildi að eins vekja máls á þessu, hvort menn vildu ekki breyta þessu skilyrði þannig á staflið b.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd út af skilyrðunum til gufubátanna. Jeg var því fylgjandi í fjárlaganefndinni, að hafa þessi skilyrði fyrir styrkveitingunni dálitið stífari. Þannig að hjeruðin legðu til meira en $^1/_4$ af styrknum, því jeg álít, að hjeruðin sjeu alls ekki of góð til þess. En þá álít jeg líka, að þau megi vera sjálfráð um stærð bátanna. Nú á að veita til báta þessara 32,000 kr., þannig, að 2 fjórðungarnir fái 10,000 kr., en hinir fjórðungarnir 6,000 kr. hvor, og verður því ekki mikið tillag úr hverjum fjórðung til bátanna. En svo framarlega, sem landssjóður þar á móti leggur til $^3/_4$ af fjenu til bátanna, álít jeg eðlilegt, að hann hafi hönd í bagga með stærð þeirra, og vilji ekki sleppa þeim rjetti í hendur sýslufjelaganna, nema þau leggi til meira fje að hlutfalli.

Valtýr Guðmundsson: Hið fyrsta, sem jeg ætlaði að minnast á, er viðvíkjandi 11. grein 2. í stjórnarfrumv. Þar er farið fram á, að bæta við einum aukalækni, og sömuleiðis leggur fjárlaganefndin til, að bæta öðrum aukalækni við, og enn fremur komin fram breyt.-till. á þingskj. 276 um að hinum þriðja sje enn bætt við. Mjer er nú aptur á móti næst skapi, að vera á móti því, að nokkrum lækni sje bætt við í þetta sinn, því jeg álít, að ekki sje þörf á því, þar sem útlit er fyrir, að öll læknaskipunin verði tekin til endurskoðunar á næsta þingi.

Það hefir komið til orða, að samþykkja þingsályktun hjer á þingi, þar sem skorað væri á stjórnina, að leggja

frumv. um þetta efni fyrir næsta þing, og gjörir því ekki mikið til, þótt það dragist í næstu 2 ár, því það hefir dregizt í lengri tíma þannig, að menn hafa unað við.

Að því er snertir breyt.till. við 11. gr. 3. við breyt.till. fjárlaganefndarinnar frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um 300 kr. ferðastyrk handa augnlækninum til Seyðisfjarðar, þá er lítil ástæða til, að fara á þennan eina stað. Ef styrkur þessi væri veittur, virðist mjer sjálfsagt, að augnalæknirinn kæmi við á ýmsum stöðum í öðrum hjeruðum kring um land allt; en það er aðgætandi, að styrkur þessi mundi ekki koma að notum, nema læknirinn dveldi nokkurn tíma á hverjum stað, því hann þyrfti að hafa umsjón með sjúklingunum nokkurn tíma, því það er ekki nóg að »operera« þá, þegar þess þarf við, og skilja svo við þá, heldur þurfa þeir að vera langan tíma hjá lækni á eptir. En ef augnalæknirinn ætti að fara í kring um land allt, þá yrði það svo langur tími, sem hann yrði fjarverandi úr Reykjavík, að það mundi taka upp mikinn hluta ársins. Jeg verð því að fallast á skoðun hæstv. landsh. í þessu efni, að ekki sje erviðara fyrir þá sem búa á Seyðisfirði að leita augnalæknisins en aðra, og að sjúklingar þessir eigi heldur að leita læknisins en læknirinn þeirra.

Hvað snertir 36. tölul. atkvæðaskrárinnar eða breyt.till. fjárlaganefndarinnar við 11. gr. 4, að töluliður þessi falli burt, þá er jeg á sama máli og hæstv. landsh., að hjer er töluverð þörf á tannlækni, því menn hafa opt orðið að fara til útlanda með ærnum kostnaði, til að láta gjöra við tennur sínar, enda er sjúkdómur þessi að aukast hjer á landi. Álít jeg því, að full þörf sje á, að hafa hjer mann, sem kann tannlækningar, og þar sem von er á slíkum manni á næsta ári, þá vil jeg halda styrknum, og hugsa jeg því, að koma með breyt.till. um þetta við 3. umr., að veittur sje styrkur til óákveðins manns til tannlækninga, þegar maðurinn er fenginn.

Hvað snertir tölul. 38. á atkvæðaskrá um 5,000 kr. styrk til sjúkrahúss á Sauðárkrók, samkvæmt breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) þá get jeg ekki verið með breyt.till. þessari af þeirri ástæðu, að hún gæti dregið dilk á eptir sjer. Því væri fje þetta veitt á þessum stað mundu fleiri hjeruð koma á eptir. Jeg held að þörfin sje ekki fjarska mikil þar fyrir stórt sjúkrahús. Jeg hefi talað við lækni þann, sem þar hefir verið áður, og álítur hann enga þörf á sjúkrahúsi á þessum stað. Jeg held að ekki þurfi slíka fjárveiting úr landssjóði til að fólk fái húsnæði, sem kemur til Sauðárkróks í lækningaerindum, enda virðist mjer fjárveiting þessi of há; jeg held að ekki þurfi endilega að byggja þar stóreflis spítala, heldur megi leigja húsnæði handa þeim sjúklingum þar. Jeg sje því ekki ástæðu til, að fallast á þessa fjárveiting, því þó gott væri að hafa sjúkrahús víða, þá er varhugavert að leggja út í, að veita fje til þess á einum stað, því þá mundu hin hjeruðin koma á eptir, og beiðast hins sama, enda ættu þau fulla heimting á því.

Breytingartill. mína undir staflið 40. um ferðastyrk til læknis, til að kynna sjer holdsveikisspítala í Noregi, sagði h. framsögum. (Þórh. Bj.), að fjárlaganefndin vildi taka til greina, og þarf jeg því ekki að tala um hana. Það vakti fyrir mjer, að stjórnin gæti ákveðið, hvað mikið af styrknum væri greitt, því það gæti staðið svo á, að stjórnin fengi til ferðarinnar íslenzkan lækni frá Kaupmannahöfn, og þá yrði ferðakostnaðurinn miklu minni.

42. tölulið, sem er breyt.till. frá fjárlaganefndinni, hefir áður verið minnzt á, um ákvæðið fyrir fjárveiting til vegfræðings landsins. Breyt.till. þessi er óákveðin og þyrfti að vera ákveðin skýrar, því þar sem sagt er, að verkfræðingurinn eigi að vera til aðstoðar landstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur, þá gæti Reykjavík tekið hann fyrir sig og fengið honum nóg að starfa, og haft hann sjer til aðstoðar, svo aðrir hlutar landsins hefðu ekki neitt gagn af honum. En mjer finnst engin ástæða til, að bæjarstjórnin hjer hefði hann kauplaust.

Hvað ferðakostnað verkfræðingsins snertir, álít jeg þörf að ákveða, hvað í honum er fólgið, hvort það eru hestar, fylgd og greiði, og sömuleiðis fæði og uppihald á þeim stað, sem hann dvelur á ferðum sínum. Jeg vil skjóta því til h. framsögum. (Þ. Bj.), að nauðsyn ber til, að þetta sje ákveðið nákvæmar, svo cand. Sigurður Thoroddsen sje í engum vafa um, hvað í ferðakostnaðinum á að vera fólgið, því það getur haft töluverða þýðingu fyrir hann, að vita t. d., hvort »hótels«-reikningur er borgaður fyrir hann og hann hefir launin óskert eða ekki.

Þá kemur breyt.till. á 43. tölul. við 12. gr. B. b. um landssjóðsstyrkinn til flutningabrauta. Þar hefir samgöngumálanefndin gert við þá breyt.till., að fjárupphæð þessi verði færð niður í 30,000 kr. á ári. Samgöngumálanefndin hafði skrifað fjármálanefndinni um þetta atriði og óskað þess, að fjárupphæð þessi væri færð niður, en fjármálanefndin hefir ekki tekið tillögu þessa til greina nema að nokkru leyti. Það getur verið, að fjármálanefndin hafi þau gögn í höndum, og h. framsögum. (Þ. Bj.) geti gefið þær upplýsingar, að fjárveiting þessi sje nauðsynleg. En samgöngumálanefndin hefir engin slík gögn í höndum, og henni finnst ekki ástæða til, að veita svona mikið fje til flutningabrauta meðan eigi er fengin vissa fyrir, að þetta sje sú rjetta stefna í vegagjörðinni. Það mun ekki ætlazt til, að öllu þessu fje sje varið til að leggja veginn millum brúnna, og ljúka við veginn austur að Þingvöllum, eptir því sem sjest í athugasemdunum við stjórnarfrumv., heldur einnig til vegabóta á þjóðvegum frá Blönduós vestur í gegn um Húnavatnssýslu. En þótt samgöngumálanefndin viðurkenni, að rjett sje að ljúka við þær brautir, sem þegar er byrjað á, ef áætlunin er áreiðanleg, að nauðsynlegt sje að veita þessa fjárupphæð, svo hægt sje að ljúka við þær, heldur hún því þó fram, að 45,000 kr. sjeu of mikið og ekki nauðsynlegar, og að ekki sje vert að veita fje til að byrja á nýjum vegagjörðum, fyr en vissa er fengin fyrir því, hvort stefna þessi er heppileg eða ekki, nefnilega með flutningabrautirnar. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði nú, en kem vonandi að því seinna, þegar kemur að 103. tölul. á atkvæðaskránni, því þar er breyt.till. frá mjer og öðrum manni úr samgöngumálanefndinni, að veita fje til rannsókna um vegagjörð, hvort heppilegt muni vera, að halda áfram þessum akbrautum eða ekki, og hvernig stendur á þeim breyt.till. er kunnugt af nefndaráliti samgöngumálanefndarinnar. Af því jeg býst við að gera grein fyrir þessu, þegar þessi breyt.till. kemur til umræðu, tala jeg ekki frekar um þetta mál að sinni, en samgöngumálanefndin heldur fast við þessa niðurfærslu, nema það verði sýnt og sannað, að fulla nauðsyn beri til, að hafa þessa fjárveitingu hærri.

Þegar h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) fór að

tala um þetta fje, þótti mjer kveða nokkuð við annan tón, en þegar hann er að ræða um fje til annara samgöngubóta, t. d. kaupin á eimskipi um daginn.

Hvað 47. tölulið snertir, um styrk til gufuskipsferða, þá ætla jeg ekki að að fara frekar út í það, þó jeg hefði kunnað betur við, að tekið væri upp í frumv. áætlun yfir tekjur og útgjöld skipsins, en það er allt af hægt að laga það og því tala jeg ekki frekara um það að sinni.

Viðvíkjandi styrknum til gufubátanna, þá er jeg fullkomlega samdóma fjárlaganefndinni um skilyrðin, en aptur á móti er jeg ekki fyllilega samdóma viðaukatill. á 51. tölulið, ekki af því, að jeg vilji ekki veita tilhliðrun, svo styrkurinn geti komið að notum, heldur af því, að jeg vil ekki veita svona háa fjárveitingu, ef skilyrðinu er breytt, heldur að eins sömu upphæð og nú. *(Guðl. Guðmundsson*: Það er sama upphæð og nú). Jeg bið forláts, jeg athugaði ekki í svipinn, að hann er nú veittur í tvennu lagi, 3000 kr. í hvorn stað, en fyrst svo er, þá er ekki um það að ræða.

Tölul. 52 á atkv.skr. er jeg mótfallinn, um styrk til gufubátsferða upp eptir Hvítá í Borgarfirði, því jeg finn eigi ástæðu til að veita styrk til gufubáts svona á einstökum stað. Væri það gert, þá mætti víða fara að styrkja gufubáta.

Loks er 53. tölul. á atkv.skr. um 5000 króna fjárstyrk til gufuskipafjelagsins »Dan«. Þessari fjárveitingu er jeg mótfallinn, eins og tillagan nú er orðuð, og get skrifað undir með hæstv. landshöfðingja, að það er mjög óákveðið, að fjelag þetta eigi að flytja póst um sumarmánuðina og sömuleiðis veit jeg eigi, við hvað er átt, þar sem talað er um, að það flytji póst 14. hvern dag, því það getur orðið misskilningi undirorpið. Ætti þetta að koma að notum, þyrfti skip fjelagsins að fara eptir ákveðinni ferðaáætlun, svo hægt væri að auglýsa fyrirfram, hvenær það ætti að koma hjer og sömuleiðis á einhvern ákveðinn stað í útlöndum og sömuleiðis fardag þess bæði hjeðan og þaðan, því annars er ekkert gagn að því, ef skipið fer eptir hugþótta fjelagsins. Ef ferðunum er ekki hagað þannig, er engin ástæða til neinnar fjárveitingar. Það eru lög í útlöndum, að skip sem á ferð er, er skylduget að taka póst gegn þóknun, og svo mun og vera hjer á landi, og sje jeg þá ekki hvað unnið er með fjárveitingu þessari, ef ekki fylgir ákveðin ferðaáætlun. Jeg læt því úttalað um þetta atriði, en skýring h. fjárlaganefndar, hvað meint er með sumarmánuðunum og um það, hvort ferðaáætlunin verður ákveðin og auglýst fyrirfram, ræður atkvæði mínu í þessu máli.

Einar Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með 2 breyt.till. við þennan kafla fjárl.; þær eru á þingskj. 276.

Hin fyrri breyt.till. fer fram á það að fá einn aukalækni í efri hluta Fljótsdalshjeraðs. Eins og hinum h. þingm. mun vera kunnugt, er þetta hjerað afmarkað af fjöllum á báða vegu, bæði að austan og vestan, sem er svo langt eða seinlegt yfir að fara, að það er mjög erfitt að sækja þar aðra lækna en þá sem eiga heima í hjeraðinu. Þess vegna hefir og verið sett sjerstakt læknishjerað í þessum sveitum með Jökuldal, 14. læknishjerað. Þó eru 2 sveitir á þessu svæði, Skriðdalur og Eiðaþinghá, sem heyra til 15. læknishjeraði og eiga því að sækja á Eskifjörð. En þangað er svo erfitt að sækja lækni fyrir þær sveitir, að þær hjer um bil ætíð leita læknisins í 14. lækn-

ishjeraði, því það er þeim langtum hægara.

Fjórtánda læknishjeraðið nær nú yfir Fljótsdalshjeraðið allt og allan Jökuldalinn, og það mun vera óhætt að segja, að það sje eitthvert hið stærsta læknishjerað á landinu og versta yfirsóknar, því allur ytri partur þess er snjópláss mikið. og svo er það svo illa lagað, að Fljótsdalsheiði, sem skilur Fljótsdalinn og Jökuldalinn, klýfur það í sundur. Heiðin er fimm tíma reið og yfir hana verða allir Jökuldælingar að sækja, þegar þeir vitja læknis, sem annað hvort situr í Fljótsdalnum eða í Fellunum, nema þeir kræki út á brú, út fyrir endann á heiðinni, sem er svo miklu lengra. Nú fer breyt.till. mín fram á, að fá aukalækni í efra hluta þessa læknishjeraðs, þannig, að læknirinn fær til yfirsóknar þessar sveitir: Skógana, Vellina, Skriðdalinn, Fljótsdalinn og efri hluta Fellanna út að Þorleifará og Jökuldalsins út að Gilsá. Takmörkin verða þá við Eyvindará utan við Vellina, um mið Fellin hjer um bil og um Jökuldalinn miðjan. Úr Jökuldalnum er skemst yfir heiðina (Fljótsdalsheiði) efst, úr Hrafnkelsdalnum; og ef aukalæknirinn sæti, sem jeg gjöri ráð fyrir, fyrir ofan fljótsbotninn, þá yrði eins hægt að sækja til hans úr öllum þessum sveitum, eins og framast er unnt að fá.

Jeg sje, að í stjórnarfrumv. er farið fram á að setja aukalækni í efra hluta Árnessýslu, og nefndin hefir ekkert á móti því, en þar er þó vissulega ekki meiri þörf á aukalækni en hjer, svo þeir sem sjá ástæðu til að greiða atkv. með þeim aukalækni, hljóta líka að greiða atkv. með þessum, svo framarlega sem þeir hafa kynt sjer ástæðurnar vel. En ef litið er á 14. læknishjerað, þá yrði það, þó þessi aukalæknir fengist, ekki svo lítið yfirferðar; hingað til hefir læknirinn setið í Fellunum, svo að allur ytri partur af Hjeraðinu hefir svo að segja verið læknislaus á vetrum, þegar snjóalög hafa verið mikil, en nú situr læknirinn langt uppi í Fljótsdal og þá er hjer um bil 12 tíma reið að sækja hann yzt úr læknishjeraðinu, utan frá sjó.

Hin breyt.till., sem jeg hef komið fram með, gengur út á það, að veita augnlækni Birni Ólafssyni 300 kr. til að fara eina læknisferð til Seyðisfjarðar. Breyt.till. hefir þegar mætt mótmælum bæði hjá hæstv. landsh. og h. þm. Vestm. (Valt. G.), en jeg get ekki sjeð, að þau mótmæli sjeu á rökum byggð. Báðir, eða að minnsta kosti h. þm. Vestm., álíta, að ekki sje erfiðara fyrir Seyðfirðinga að sækja hingað til Rvíkur, en annarsstaðar af landinu. Þessi skoðun hlýtur að vera sprottin af því, að h. þm. hefir ekki athugað vel ferðaáætlun gufuskipanna, því hingað til hafa alls ekki verið greiðar ferðir á milli Seyðisfjarðar og Rvíkur. Í ár eru þær ekki nema 2; önnur þeirra var austur í vor til að flytja sjómenn, en hún var ekki til baka aptur; hin verður í haust að austan líka til að flytja sjómenn, en hún verður ekki austur aptur. Hingað til hefir það gengið svo, að kröfum Austfirðinga um greiðari samgöngur við Reykjavík sunnan um land hefir aldrei verið sinnt; er það því undarlegra, sem það munar svo litlu, ekki nema einum degi, fyrir skip það, sem gengur beint milli Khafnar og Rvíkur að koma við á Austfjörðum í leiðinni. Það hefir aptur og aptur verið farið fram á, að fá bætt úr þessu, en ekki fengist, og jeg býst ekki við að það fáist fyrst um sinn. Að breyt.till. hafa menn sjerstaklega fundið það, að augnlæknirinn megi ekki missa sig hjeðan svo langan tíma, vegna annara sjúklinga; en hjer ber þess að gæta, að augnasjúkdómar eru vanalega

ekki svo bráðir sjúkdómar, að þeir ekki geti beðið lækningar nokkurn tíma, t. d. einn mánuð; svo gjöri jeg ráð fyrir, að læknirinn auglýsi það fyrirfram að hann ætli í þessa ferð og verði svo og svo lengi í burtu, til þess að sjúklingar komi ekki að finna hann á meðan hann er í burtu.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) áleit rjettast, ef menn á annað borð vildu veita augnlækninum fje til þess að fara til Seyðisfjarðar, þá að gjöra honum það að skyldu, að fara lækningaferð kringum allt landið. En h. þm. þótti það nú ekki ráðlegt, og mjer sýnist það líka vera óráðlegt, af því að til þess gengi of langur tími, og hins vegar mundi ekki vera nóg fyrir hann að tefja á hverjum stað að eins á meðan skipið stæði þar við. Jeg hefði heldur hugsað mjer, að læknirinn færi á hverju sumri eina ferð til þeirra staða á landinu, sem hafa verstar samgöngur, og þess vegna hefi jeg tiltekið Seyðisfjörð nú, af því að Austfirðir hafa langverstar samgöngur við Reykjavík af öllum fjórðungum landsins. Það dugar ekki að vitna í kaupmann O. Wathne, enginn veit hvenær hans skip fara eða koma, svo þær samgöngur geta ekki sjúklingar notað; það er kostnaðarsamt að sitja á Seyðisfirði í marga daga og bíða þar, ef ske kynni að ferð fjelli hingað suður.

Aðal-tilgangurinn með breyt.till. er sá, að gjöra augnveikum mönnum auðveldara að ná tali af lækni, ekki til þess að þeir fái hjá honum í öllum tilfellum læknishjálp þá er hann getur veitt, heldur til þess, að þeir með litlum tilkostnaði geti fengið vissu sína fyrir því, hvort það mundi vera til nokkurs fyrir þá að fara til Reykjavíkur og leita sjer þar lækninga.

Læknirinn á að leiðbeina þeim augnveiku, segja þeim hvort það muni vera tilvinnandi fyrir þá að leggja í mikinn kostnað sjer til lækninga; og auðvitað lækna þá, sem hann þá kynni að geta læknað á staðnum; nú verða hinir augnveiku menn að fara til Rvíkur alveg í óvissu um það, hvort þeim verður það að nokkru gagni eða ekki; slík ferð kostar nú 100—200 kr. úr Austfjörðum og eru það of miklir peningar að kasta þeim út til ónýtis, ef sjúkdómurinn er svo lagaður, að hann verður eigi lækn-aður. Að eins ein læknisferð til Seyðisfjarðar mundi hafa mjög mikla þýðingu; allir augnveikir menn þar eystra mundu streyma saman til að finna lækninn, hjá honum fengju þeir leiðbeiningar um það, hvort þeim væri tilvinnandi að fara hingað suður eða ekki, og við það hlytu þeir að spara sjer mjög mikinn kostnað, ef svo væri ástatt, að sjúkdómur þeirra yrði eigi læknaður. Jeg get tilfært eitt dæmi uppá það, hve hikandi alþýða er í því að leita til læknis langar leiðir, og það þó mjög gott orð fari af honum, því auðvitað heyra menn þess opt getið, að sá og sá hafi eigi getað fengið lækningu, hversu góður sem læknirinn er, og fátæklingar þora svo eigi að leggja í kostnaðarsama ferð upp á óvissu: Dr. Grossmann, sem hefir ferðazt hjer um land í sumar, fann konu hjer austur í sýslunum, sem var steinblind; hann áleit að hægt mundi vera að lækna hana og sagði henni að fara til augnlæknisins hingað. Nú er búið að »operera« augu hennar, og gott útlit er fyrir að hún verði alheil. Jeg þekki fleiri en einn mann eystra alblindan, sem auðvitað kynni að mega lækna eins og þessa konu; en þetta fólk þorir ekki að ráðast í svo langa og kostnaðarsama ferð sem hingað til Reykjavíkur, eins og samgöngum hagar nú, af því það hefir enga vissu um, hvort það mundi geta fengið lækningu. Við þessu væri

auðvelt að gjöra með því að augnlæknirinn færi eina ferð austur, ferð, sem engum öðrum mundi gjöra nokkurn skaða; þess vegna vildi jeg óska þess, að h. deild samþykkti þessa tillögu. Jeg skal geta þess nú um leið, að jeg hefi talað við augnlæknirnn um þetta, og var hann ekkert á móti þessari ferð; hann áleit að ekkert þyrfti að vera því til hindrunar, að hún tækist. Kostnaðurinn held jeg færi ekki fram úr þessum 300 kr., svo framarlega sem læknirinn að eins færi á þennan eina stað, Seyðisfjörð. Annað sumar þætti mjer vel til fallið, að læknirinn færi á einhvern annan stað hjer á landi, sem líkt er ástatt fyrir; en að fara fram á það, stendur þeim, sem þar eru kunnugri, nær en mjer; þess vegna hefi jeg ekki í till. farið fram á að læknirinn kæmi nema á þennan eina stað, af því jeg er honum kunnugastur. En kæmi það fram, að menn álitu þess þörf, að hann einnig kæmi á aðra staði á landinu í sömu erindum, mundi jeg fús að gefa því atkvæði mitt; hann þyrfti ekki sumar eptir sumar í sama hjeraðið, ef hann t. d. færi til Seyðisfjarðar að sumri, þyrfti hann ekki að fara þangað fyr en eptir nokkur ár, 5—10 ár, því augnasjúkdómar eru vanalega heldur seinfærir.

Hvað kostnaðinn snertir, þá er hann svo lítill, að menn ættu eigi að setja það fyrir sig, og vona jeg því að br.till. fái fram að ganga.

Ólafur Briem: Jeg vil leyfa mjer að benda á eina breyt.till. við fjárlögin, sem jeg hefi komið fram með, það er þingskj. 267, en 38. liður á atkvæðaskránni, áhrærandi styrkveitingu til sjúkrahússbyggingar á Sauðárkrók.

H. þm. Vestm. (Valt. Guðm.) er sá eini, sem hefir minzt á þessa breyt.till. og það til að mótmæla henni.

Jeg skal geta þess, að fyrsta tilefnið til að þessu máli var hreyft, var, að á sýslufundi í Skagafirði í vetur kom fram uppástunga í þessa átt frá hlutaðeigandi hjeraðslækni; á þessum sýslufundi var ákveðið að leita samskota í hjeraðinu til sjúkrahússstofnunar, og jafnframt fól sýslunefndin okkur á hendur að fara þess á leit við h. alþingi að veita styrk úr landssjóði til þessa fyrirtækis.

Jeg býst við að h. þm. sjeu kunnug þau skjöl viðvíkjandi þessu máli, sem fjárlaganefndin hefir haft til meðferðar, svo jeg þurfi ekki að gjöra frekar grein fyrir þeim. Jeg vona að málið sje í fullu samræmi við það sem fram hefir komið á undanfarandi þingum, þar sem þingið hefir sýnt svo mikinn áhuga á því að bæta læknaskipunina hjer á landi; að h. fjárlaganefnd nú vill bæta við tveim nýjum aukalæknum er vottur þess, að sá áhugi fer ekki minnkandi. En til þess að bæta læknaskipunina er ekki nóg að fjölga læknunum, heldur verður að gefa þeim tök á að beita sínum hæfilegleikum svo, að þeir komi að sem beztum notum. Í merkri blaðagrein í vetur var því haldið fram, að aðalstarf læknanna ætti ekki að vera það að útdeila meðölum, heldur handlækningar. Eins og menn vita, eru víðasthvar talsverðir annmarkar á því að fást við handlækningar hjer á landi svo í lagi sje; til þess vantar gott húsrúm hjá læknum, bæði til að gjöra í «kirurgiskar operationir» og til að hjúkra í sjúklingum, svo að sú nauðsyn sýnist liggja nærri að reist sjeu til og frá út um landið hús, sem sjeu sjerstaklega ætluð til þessa. Hvað þessa fyrirhuguðu sjúkrahússstofnun á Sauðárkrók snertir, þá var það ekki hugmyndin að hún ætti að vera eingöngu fyrir Skagafjörð, heldur jafnframt

fyrir Húnavatnssýslu, og h. þm. Húnv. (Bj. S.) mun geta borið um það, að þm. þess kjördæmis var á sýslufundi í vetur falið á hendur að styðja þetta mál, því menn viðurkenndu að sjúkrahússstofnunin mundi verða til fullra nota fyrir Húnavatnssýslu, þó sjúkrahúsið yrði reist á Sauðárkrók.

Þar sem h. þm. Vestm. (Valt. Guðm.) kom fram með þau mótmæli, að það væri ótiltækilegt, að veita þetta fje, af því að þá mundu önnur hjeruð fara fram á það sama, þá get jeg ekki sjeð, að það væri nokkuð á móti því, að veita styrk úr landssjóði til að byggja sjúkrahús á nokkrum stöðum í landinu, t. d. fyrir hverjar 2—3 sýslur, móti því að hlutaðeigandi hjeruð leggi fram meiri hluta kostnaðarins.

Það er ekki við því að búast að menn enn þá hafi farið fram á þetta jafnt um allt land; það sem sjerstaklega hefir gjört það að verkum, að menn í 9. læknishjeraði hafa fundið til þessarar vöntunar, er, að þeir hafa haft ágætis lækna, hvern fram af öðrum, en sem ekki hafa getað notið sín til fulls fyrir þessum vankvæðum, vöntun á hæfilegu húsrúmi til »kírúrgiskra óperatióna« og til hjúkrunar á sjúklingum.

H. þingm. Vestm. (V. G.) sagði enn fremur, að þessi fjárveiting, til að byggja fyrir sjúkrahús, væri fjarstæða, af því það mundi vera hægt að fá leigt nægilegt húsrúm í þessu skyni; væri þetta rjett hjá h. þm. Vestm. (V. G.), þá hlyti hann að vera kunnugri á Sauðárkrók en sýslunefnd Skagfirðinga, því hún hefir ekki sjeð nein tök á, að útvega hæfilegt húsrúm handa sjúklingum, og það af þeirri einföldu ástæðu, að slíkt húsrúm er þar ekki fáanlegt til leigu.

Viðvíkjandi þörfinni á sjúkrahúsi, vil jeg leyfa mjer að tilfæra hjer nokkur atriði úr skýrslu frá hjeraðslækni Skagfirðinga. Næstliðið ár hafa alls 38 sjúklingar verið undir læknishendi á Sauðárkrók um lengri tíma, og nemur vera þeirra alls 1282 sjúkradögum; það samsvarar 3 sjúklingum að staðaldri allt árið, og einum hálft ár; hjer er það aðgætandi, að þetta eru að eins þeir sjúklingar, sem handlækningum hefir verið beitt við, því öllum með innansjúkdóma hefir orðið að vísa frá. Læknirinn lætur þess getið, að hefði hann ekki þurft að vísa sjúklingum frá, mundi talan hafa orðið helmingi hærri. Í sambandi við þetta mætti minnast á einn voðalegan sjúkdóm, sem hefir verið getið um í blöðum og ritum, og líkur eru fyrir, að sje að útbreiðast hjer á landi; það er lungnatæringin; það sýnist sannarlega ekki vera gott ástand, ef ekkert ráð er til þess, að aðgreina þá sjúklinga, sem hafa hana, frá öðru fólki, svo að veikin nái óhindrað að grafa um sig.

Kostnaðinn við sjúkrahúsbygginguna hafa menn áætlað 10—12 þús. kr., og heima í hjeraði er þegar komið inn með samskotum á 3 þús. kr., nú þó líklega full 3 þúsund, því þegar jeg vissi seinast til, voru ekki allir samskotalistarnir komnir.

Svo skal jeg loks geta þess, að það var ekki meining sýslunefndarinnar eða þeirra manna, sem mest hafa gengizt fyrir þessu máli, að þeir ættu að verða meiri rjettar aðnjótandi en aðrir hjer á landi, heldur viðurkenndu þeir sem rjett, að alþingi styddi að því, að koma á stofn sjúkrahúsum í öllum stærri kauptúnum landsins.

Þórður Guðmundsson: Jeg viðurkenni það, að bæði stjórnarfrumv. og fjárlaganefndin ætlar mikið fje til aukalækna. Læknaskipunin er komin á ringulreið, sem ekki getur staðizt mikið lengur, og ætti því stjórnin að láta

taka hana til gagngerðrar íhugunar og breytingar á næsta þingi. En jeg vona þó, að þingið samþykki þessa 2 aukalækna, sem nú er farið fram á, að bætt verði við, nefnilega í Árness- og Húnavatnssýslum. Jeg var að vísu á móti því 1893, að aukalæknir væri settur í Árnessýslu, en nú hefir það atriði breyzt, sem var því til fyrirstöðu, að jeg gæti samþykkt það þá. Mjer þótti þá aðal-læknirinn vera óheppilega settur til þess, að bætt væri við öðrum lækni. Jeg áleit sem sje, að ef tveir læknar ættu að vera í Árnessýslu, þá þyrfti annar þeirra, helzt aðal-læknirinn, að vera búsettur á Eyrarbakka, en nú hefir sá þjónandi læknir sagt af sjer læknisstörfum, svo það er ekki lengur til fyrirstöðu.

Í Húnavatnssýslu er engu síður þörf á aukalækni; hún er lík Árnessýslu að landslagi, og báðar með stærstu sýslum landsins. Jeg tók það fram, að læknaskipunin væri komin á ringulreið, en þó hún yrði yfirveguð og lagfærð, þá hljóta þessar sýslur að fá 2 lækna hvor. Jeg mun því greiða atkvæði með báðum þessum aukalæknum.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 276 skal jeg geta þess, að jeg er ekki svo kunnugur sem þyrfti að vera í Norður-Múlasýslu, og óska jeg helzt nánari upplýsinga þar að lútandi.

Jeg er á sama máli og hæstv. landshöfðingi um það, að misráðið muni vera, að draga út styrkinn til tannlæknis. Það geta orðið hrein vandræði, ef hvergi er hjálparvon fyrir tannveika, og við vitum allir, að læknar almennt eru ófullkomnir í þeirri grein. Jeg vil því halda tannlæknisstyrknum og vona, að einhver nýr tannlæknir komi, sem ætti að setjast að hjer í Reykjavík.

Niðurfærsla samgöngumálanefndarinnar á tje því, sem ætlað er til að fullgjöra akbrautirnar, þykir mjer mjög varhugaverð. Jeg ætla að vísu ekki að benda á það, sem eptir er ógjört, og nauðsynlega þarf að gjöra við veginn hjer eystra, því jeg býst við, að mjer mundi verða svarað, að það væri hreppapólitík, en jeg vil ekki láta bregða mjer um það.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) er vanur að taka mjög hart á því hjá oss Sunnlendingum, ef við drögum taum okkar, og kallar það hreppapólitík; en hann gleymir því, þingmaðurinn, að síðast í gær urðum við að sitja undir klukkutíma ræðu hjá honum sjálfum, þar sem hann hjelt þá makalausu lofræðu um stofnun í sínum landsfjórðungi, nefnilega Ólafsdalsskólann, og mælti mjög stórkostlega með stór-fjárframlagi til hans af landsfje, án þess þó að nokkur mælti á móti skóla þessum.

Jeg þarf eiginlega ekki að tala um breyt.till. nefndarinnar undir lið C. b. Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir undirtektir hans undir þann lið. Mitt álit er, að einn gufubátur fyrir Sunnlendingafjórðung og Faxaflóa sje ónógur, og að það sje ókunnugleiki nefndarinnar og þingm., sem hafi leitt til þeirrar uppástungu.

Jeg þarf ekki að færa til neinar ástæður á móti þessu, jeg gerði það 1893; Faxaflói þarf að hafa gufubát fyrir sig. Jeg þarf svo ekki að taka fram fleiri atriði að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg á litla breyt.till. við þennan kafla fjárlagafrv., sem jeg vil gera grein fyrir. Það er kunnugt, að á undanfarandi og yfirstandandi fjárhagstímabili hafa verið veittar samtals 6000 kr. til gufubátsferða meðfram suðausturströnd landsins og á Faxaflóa. En þessi styrkur varð ekki notaður fyrr en seinna fjárhagstímabilið, sem nú stendur yfir, vegna þess að skilyrðið fyrir honum var svo óheppilega orðað. Nú eru 2 gufubátar í för-

um á þessum svæðum. Ef nú skilyrðisgrein fjárlaganefndarinnar verður samþykkt, þá er þar með loku skotið fyrir það, að þessi svæði fái nokkurn gufubát á næsta fjárhagstímabili, ef ekki fást bátar, sem hafa hina ákveðnu stærð. Jeg er svo kunnugur þessu máli, að jeg get óhikað fullyrt, að það er fyrst og fremst ómögulegt að fá bát með þessari ákveðnu stærð og í öðru lagi ómögulegt fyrir allan tjöldann í Árnes- og í Rangárvallasýslu að hafa nægileg not af þessum eina bát. Þessi hjeruð verða því svipt því, sem þau hafa nú, án þess að fá neitt í staðinn; og þó að þessi hjeruð sjeu nú óánægð með það, sem þau hafa, þá verða þau vitanlega enn þá óánægðari, ef þau eru svipt því. Um það þykist jeg betur geta dæmt en h. þm. Vestm. (V. G.).

Til þess að fyrirbyggja þetta, hefi jeg komið með mína breyt.till. undir tölulið 51. á atkv.skr. Framsögum. fjárlagan. (Þórh. Bj.) hefir látið í ljósi, að nefndin fallist á þessa breytingu eða viðauka, og jeg vildi helzt að hún yrði samþykkt nú við þessa umr.

Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um fólksflutninga og vöruflutninga á þessu svæði með Elínu, og skal með leyfi forseta lesa upp þá skýrslu.

Árið 1893 fór báturinn á tímabilinu frá 1. júní til 12. okt. 19 ferðir á milli Reykjavíkur og Garðs og flutti að meðaltali í hverri ferð $2^1/_2$ tons af vörum og 39 farþegja; það er samtals $47^1/_2$ tons af vörum og 741 farþegar. Milli Reykjavíkur og Borgarfjarðar fór báturinn 32 ferðir, og flutti í þeim að meðaltali í hverri ferð 3 tons og 57 farþega; þ. e. samtals 96 tons af vörum og 1824 farþegar.

Árið 1894 fór báturinn frá 1. apríl til 13. okt. 28 ferðir milli Rvíkur og Garðs og flutti að meðaltali í hverri ferð $3^3/_4$ tons af vörum, og 27 farþegja; samtals 105 tons og 756 manns.

Milli Reykjavíkur og Borgarfjarðar flutti báturinn í 36 ferðum 135 tons og 2844 farþega.

Það ár (1894) fór báturinn 3 ferðir milli Reykjavíkur og Víkur og flutti í hverri ferð að meðaltali 11 tons og 16 farþegja; samtals 33 tons og 48 manns.

Á þessu ári hefir báturinn farið 2 ferðir milli Reykjavíkur og Víkur (3. ferðin er ófarin enn) og hefir í þessum tveim ferðum flutt 63 tons af vörum og 46 farþega. Í þessum vöruflutningum er þó ekki talið það, sem báturinn hefir flutt fyrir verzlanir eigandans eða aðra kaupmenn.

Af þessari skýrslu sjest, að það er um talsverða flutningsþörf að ræða á þessum svæðum, og að flutningsþörfin fer vaxandi ár frá ári, einkum og sjerstaklega austur á bóginn. Það er því mjög svo misráðið og jeg vil segja óforsvaranlegt, ef hjeruðin væru svipt því sem þau nú hafa. Jeg tel það mjög svo óheppilegt, ef þingið skyldi hepta þetta fyrirtæki, og þannig taka fram fyrir hendurnar á hjeruðunum, sem leggja til þess mikið fje. Þingið verður að trúa hjeruðunum til þess að hitta á hentugri vegi eptir því, sem þörfin og kröfurnar vaxa. Það leiðir eðlilega af vaxandi þörf á flutningum, að útvega verður stærri báta eptir nokkurn tíma, ef til vill eptir svo sem 1 eða 2 ár. En það er grunnhyggni og þýðingarlaust að búa til út í loptið slík þvingunar ákvæði, og ætla sjer með þessu að neyða útgjörðarmennina til að koma með stærri báta fyr en full þörf er orðin á þeim. Afleiðingin verður sú, að útgjörðarmenn hætta við að ljá bátana og hjeruðin standa uppi allslaus. Hlutaðeigandi hjeruðum mundi þykja hart, ef þingið segði við þau:

Þið megið ekki nota þennan bát, þið skuluð heldur ekkert hafa.

Mín viðaukatill. er byggð á því, að jeg vil láta þessi hjeruð halda því, sem þau hafa fengið. Jeg held því fast fram, að menn sjeu orðnir vanir við að nota þetta sem þeir hafa, og að þeim mundi því verða miklu tilfinnanlegra að missa það, en þó þeir hefðu aldrei fengið neitt. Þó Elín sje ekki nógu stór, þá er þó betra að halda henni en engu, og hún er betri til flutninga en hugmyndirnar eintómar. Það er annars undarlegt, að menn skuli endilega vilja breyta til frá því sem er, þó menn kunni að geta hugsað eitthvað betra að eins í lausu lopti. Þm. Vestm. (V. G.) hættir mjög við, að hugsa öll slík mál eingöngu uppi í loptinu, hann á bágt með að halda sjer við jörðina. Jeg vil nú ekki byggja allt á eintómum hugmyndum, en álít fullt eins praktist að taka tillit til kringumstæðanna.

Jeg get ekki verið samdóma athugasemd hæstv. landsh. um að viðaukatill. mín sje óþörf. Þó að 6000 kr. sjeu veittar til gufubátsferða á Faxaflóa, og suðausturstönd landsins, þá sje jeg ekki, að þeir bátar, sem nú eru, geti fengið þann styrk, ef mín tillaga yrði ekki samþykkt. Setjum nú svo, að tilboð kæmu um stærri báta, þá eru hjeruðin ekki skyld til að hallast að þeim. En eptir tillögu minni eru hjeruðin skyld til þess að taka stærri bát, ef hann fæst. Jeg vil að hjeruðin eigi kost á að haga þessu eins og verið hefir, nema því að eins að þeim bjóðist betra. Þetta er það sem skilur á milli mín og hæstv. landsh. Jeg vil heldur að tillagan sje samþ., eins og hún liggur fyrir, en hallast að meiningu landsh.

Eins og til hagar, er varla ráð fyrir því að gjöra, að sami bátur geti fullnægt þörfum manna á Faxaflóa og á suðausturströnd landsins eða milli Eyrarbakka og Jökulsár. Það er því miklu betra og eðlilegra að haga þessu eins og nú er. Falli atkvæði svo, að hjeruðin verði útilokuð frá því, sem þau nú hafa, og fái ekkert í staðinn, má búast við megnri óánægju. Á Austurlandi er líklega hægra að fá stærri báta; Austfirðir eru minni fjórðungur, og þar veitir hægra að fá samþykki sýslunefnda, sem minna er svæðið og færri eru stjórnarvöldin, sem um það þurfa að koma sjer saman. Það var minnzt á breyt.till. um læknisferðastyrkinn handa Öræfingum. Jeg álít þennan styrk betri en ekki neitt, og vil leggja tillögunni liðsyrði mitt. Jeg skal að eins taka það fram, að þar sem mjer skildist svo, að h. framsögum. (Þ. Bj.) eða nefndin hugsaði sjer að Öræfingar semdu við lækninn í 17. læknishjeraði, þá er það ekki líklegt, þar sem sá læknir ætti yfir Skeiðarársand að sækja, sem flestir munu kynoka sjer við að fara yfir, nema þeir sem eru neyddir til. Öðru máli er að gegna um lækninn að austan, því sje jökulveginum fyrir ofan Jökulsá á Breiðamerkursandi haldið við, þá er sú leið miklu hægri.

Að öðru leyti skal jeg svo ekki tala frekara; mjer koma hinar aðrar breytingartill. ekki við.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef fáar athugasemdir að gera við 11. gr. Sumpart er búið að taka fram það, sem jeg hefi að athuga við hana, og svo eru þar ekki þau atriði, sem mjer sjeu mjög á móti skapi eða jeg vilji gera að kappsmáli. Þó skal jeg leyfa mjer að minnast á breyt.till. á þingskjali 276 frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem fer fram á það, að bæta við einum aukalækni fram yfir það, sem fjárlaga-

nefndin leggur til. Fjárlaganefndin hafði ósk um þetta milli handa sinna, og þótt hún þættist viss um, að í sjálfu sjer væri þörf á þessum aukalækni, þá þótti henni að svo stöddu ekki fært að verða við beiðni Múlasýslubúa, allra sízt, þar sem lagt er til, að bætt sje við tveim aukalæknum á öðrum stöðum. Bæði nefndinni og öðrum h. þm. mun það full-ljóst, að brýn þörf sje á að fjölga læknum meira en enn þá hefir verið gert, en jafnljóst sýnist það vera, að ekki sje til neins og enda óráðlegt, að fjölga þeim að miklum mun örar en svo, að líkindi sjeu fyrir, að læknar sjeu til, til þess að taka að sjer aukalæknisembætti þau, sem stofnuð eru. Það er ekki einungis meiningarlaust, heldur líka skaðlegt, að fjölga læknaembættunum meira en þessu svarar. Afleiðingin af því að bætt er við hægri læknisumdæmum en þau eru, sem auð standa, verður hin sama, sem þau væru strykuð út. Nýju læknarnir sækja um hægari embættin, sem þó jafnaðarlega mun minni þörf á að fái sjerstakan lækni, en hin standa uppi læknislaus. Þetta ræður atkvæði mínu og svo hygg jeg, að muni vera fyrir fleirum, sem greiða atkvæði móti aukalækni í Norður-Múlasýslu. Jeg sje ekki betur, en með því að samþykkja aukalækni í Árnessýslu og Húnavatnssýslu, þá sjeu aukalæknarnir í Barðastrandarsýslu og í Jökufjörðunum í Ísafjarðarsýslu í bráðina strykaðir út, með því að þau hjeruð eru óaðgengilegri en hin nýju, og enn meir er þó því frestað að læknar fáist á þessar stöðvar, ef farið er að samþykkja þriðja aukalækninn í viðbót. Það sýnist þá nærri þýðingarlaust, að láta þessi tvö aukalæknahjeruð vera að standa á pappírnum; og mun þó enginn neita því, að fyllsta þörf sje á lækni á báðum stöðunum.

Viðvíkjandi viðaukatillögunni á þingskj. 276, um það, að aukalækninum sjeu veittar 300 kr. til að ferðast fyrir til Seyðisfjarðar til að skoða þar augnveika menn, ætla jeg að lýsa því yfir, að mjer finnst ekki ástæða til að hafa á móti þessari fjárveitingu, því að bæði álít jeg, að för læknisins til Seyðisfjarðar geti haft töluverða þýðingu fyrir Austfirðinga, og jeg játa það satt að vera, sem h. þm. (E. J.) bar fram, að Austfirðingar hafa ekki hingað til verið nein óskabörn þingsins, að því er fjárveitingar snertir, og því er enn minni ástæða til að mótmæla beiðni þessari. Jeg veit líka, að h. þm. (E. J.) er svo samvizkusamur, að hann muni ekki fara lengra í fjárkröfum fyrir fjórðung sinn en ástæða er til. Jeg mun því eindregið greiða atkvæði með þessum lið, og það því fremur, sem jeg verð að vera á móti hinum hluta breyt.till. 276, af þeim ástæðum, sem jeg hefi tekið fram.

Þá skal jeg minnast á 42. tölul., það er að segja breyt.till. nefndarinnar um verkfræðinginn. Hæstv. landshöfðingi gerði þá athugasemd við þennan lið, að honum þótti hann óljóst orðaður, og að ekki væri hægt að sjá af honum, hvort til væri ætlazt, að landssjóður skyldi kosta ferðir verkfræðingsins, þegar hann ferðaðist fyrir einstök hjeruð, en ekki landið í heild sinni. Þetta þarf jeg ekki að útskýra, því að nefndin er búin að svara því í áliti sínu, þar sem hún segir: Sýslunefndir og bæjarstjórnir ættu að geta tengið aðstoð verkfræðingsins, áætlanir hans og útreikninga, án frekari útláta, en að greiða ferðakostnað hans eptir reikningi. Jeg skal þó geta þess, að jeg vil ekki láta skoða þetta sem mitt verk, því að mjer finnst nógu langt farið, að svipta hjeruðin aðstoð til vegagjörða, þótt þau fái að njóta kostnaðarlaust aðstoðar

vegfræðingsins, þegar hann er ekki annarstaðar bundinn í þjónustu landstjórnarinnar og landshöfðingi álítur mannvirki þau, sem hjeruðin hafa með höndum, svo vandasöm og umfangsmikil, að verkfræðingur þurfi til að koma. Það er hart, þegar sýslur njóta ekki eins eyris aðstoðar til vegagjörða sinna, að þeim skuli þá líka vera hamlað að njóta aðstoðar vegfræðings, án þess að leggja sjerstakan kostnað á sig. Jeg vildi því að ákvæðið hefði verið orðað þannig, að hjeruðin gætu fengið aðstoð verkfræðingsins endurgjaldslaust, þegar þörf krefði og hann væri ekki bundinn í þjónustu landsins.

Þá kem jeg að 43. tölulið, það er að segja breyt.till. samgöngunefndarinnar um, að til flutningabrauta sje varið 30,000 kr., hvort árið, í stað 45,000 kr., eins og fjárlaganefndin leggur til, eða 50,000 kr., eins og stendur í stjórnarfrumv. Þó að fjárlaganefndin í heild sinni hafi ekki viljað fara eins langt og breyt.till. þessi, þá er jeg fyrir mitt leyti henni samþykkur, en ósamþykkur meiri hluta fjárlaganefndarinnar. Mjer finnst nógu langt farið, að leggja 30,000 kr. á ári til akbrauta næsta tímabil, og það því fremur, sem til þess er ætlað að verja öllu eða því nær öllu þessu fje, hvort sem það nú verða 30,000 kr. eða 50,000 kr., til akbrauta í einni einustu sýslu. Þykja mjer ýmsar ástæður mæla með þessari skoðun minni. Fyrst er það, að þar sem þetta þing ætlaði að leggja svo mikið fje til samgangna á sjó, eins og nú er í ráði, þá verðum vjer að játa, að vjer erum naumast færir um að leggja jafn mikið fje til akbrauta sem ella, og þó akbrautirnar geti verið nytsamar, þá eru góðar samgöngur á sjó það öllu fremur. Mjer sýnist því till. samgöngunefndarinnar um að auka að mun styrkinn til skipaferða, en draga heldur saman seglin, að því er akbrautirnar snertir, vera á góðum rökum byggð. Í öðru lagi má taka það til greina, að trúin á akbrautirnar er farin að dofna, og reynslan farin að leiða í ljós, að það sje nokkuð hæpið, hvort þær sjeu hin rjettu samgöngufæri fyrir oss á landi. Það hefir komið fram sú skoðun í kjördæmum, að rjett mundi að hætta alveg við lagning þeirra, og það mun óhætt að fullyrða, að sumir h. þm. sjeu á því, að akbrautirnar sjeu mjög þýðingarlitlar framkvæmdir, og því sje rjett að fara dálítið hægra en á undanförnum þingum í að leggja fram fje til þeirra.

Í þriðja lagi kemur það til greina, sem h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að erlendis væru skoðanir manna á vegalagning að breytast, þar væru menn að hætta við akbrautirnar og snúa sjer að járnbrautum. Á meðan það er óafgjört, hvort ekki sje einnig rjett fyrir oss að gera hið sama, þá sýnist skynsamlegast að fara sjer hægt með akbrautirnar, því að ef vjer erum því vaxnir að leggja járnbrautir, þá er stökkið svo miklu stærra og nokkuð verulegt fengið í aðra hönd; því sýnist mjer rjett, að spara að svo stöddu hvern eyri, sem vjer megum spara, til slíkra samgöngubóta. Mín skoðun er því sú, að rjett sje að hægja á sjer með akbrautir að svo stöddu, og fá fyrst leyst úr þeirri spurningu, hvort ekki sje gjörlegt að ráðast í járnbrautalagning hjer á landi; ef það sannast, að það muni ekki vera, þá má aptur taka til óspilltra mála með akbrautirnar, ef trúin á þeim hefir þá ekki rjenað enn meir en nú. Lögin eru allt af til um lagning þeirra og geymt er ekki gleymt.

Fjórða ástæðan gegn því að leggja

stórfje til akbrautanna er sú, að þingið þarf að leggja miklu meira fje til þjóðveganna en gjört er. Jeg bið h. þm. að athuga það, að það er ekki sanngjarnt, að þjóðvegirnir sjeu látnir lúta í lægra haldi fyrir akbrautunum; þeir eru þó vegir landsins í heild sinni, en akbrautirnar vegir einstakra hjeraða. Þeir vegir sýnast þó eiga að ganga á undan, sem snerta landið í heild sinni, og það er ekki gott til þess að vita, að þjóðvegir skuli sumstaðar vera svo, að þeir eru því nær ófærir yfirferðar. Þar sem þess er að gæta, að viðgjörð á þjóðvegunum kostar ekki helming á við akbrautirnar, þá finnst mjer í sjálfu sjer því meiri ástæða til að minnka tillagið til akbrautanna, en hækka það til þjóðveganna; þó fer jeg hjer ekki fram á meira en að akbrautafjeð sje lækkað, en tillagið til þjóðveganna látið halda sjer.

Í fimmta lagi er það að athuga, að þessar 100,000 kr., eða 90,000 kr. eptir tillögum fjárlaganefndarinnar, eiga nærri því eingöngu að renna í einn landsfjórðung, í þann fjórðung, sem hingað til hefir fengið langmest af samgöngufjenu. Jeg býst við, að þetta verði kölluð hreppapólitík, en það fær ekki á mig, þótt mjer verði á hverjum degi brugðið um þá hreppapólitík, sem hjer er um að ræða. Það var vefengt hjer í deildinni, að Sunnlendingafjórðungur hefði fengið meira fje til samgöngubóta en hinir fjórðungarnir, þegar litið væri til þess, hve lítið fje hann hefði fengið til samgöngubóta á sjó. Til þess að komast að hinu rjetta í því, hvað mikið af samgöngufjenu hefði runnið í hvern landsfjórðung, hefi jeg athugað landsreikningana nú um 8 síðustu árin. Jeg hefi farið eptir landsreikningunum sjálfum öll árin, nema þetta yfirstandandi fjárhagstímabil; yfir það eru þeir eigi til enn, en þar hefi jeg farið eptir fjárlögunum fyrir árin 1894—95, svo að yfirlit mitt yfir þau ár er að nokkru leyti byggt á áætlun, en þó á áætlun, sem mun fara mjög nærri rjettu lagi.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi ætlað hverjum fjórðung sinn 1/4 hluta af strandferðafjenu, og sömuleiðis hefi jeg deilt því fje, sem gengur til verkfræðingsins, eptir sömu reglu milli þeirra fjórðunga, sem hafa notið hans. Það má segja, að þetta sje ekki allskostar rjett aðferð, því að allir fjórðungar hafi eigi haft jöfn not af þessu. En þó svo kunni að vera, þá er hjer um svo litla upphæð að ræða, að þessi skiptingaraðferð getur ekki að mun haggað rjettum hlutföllum milli fjórðunganna. Auk þess verð jeg að álíta, að Sunnlendingafjórðungur í heild sinni hafi fullkomlega fjórðungsnot af strandferðunum. Það er sjálfsagt, að einstakar sýslur í honum verða töluvert á hakanum. Við rannsókn mína hefi jeg komizt að þeirri niðurstöðu, sem jeg hjer skal sýna með eptirfylgjandi yfirliti yfir fjárgreiðslur úr landssjóði til samgöngubóta 1888—1895:

Ár.	Sunnl.fj.	Austf.fj.	Norðl.fj.	Vestf.fj.
1888	14,361	2,750	3,730	2,250
1889	24,025	3,976	5,987	2,437
1890	20,926	4,773	14,419	11,306
1891	65,875	5,504	22,535	4,921
1892	19,392	891	1,387	1,358
1893	29,326	5,758	4,494	3,091
$18^{94}/_{95}$	224,000	10,000	25,000	10,000
Samt.	397,906	33,652	77,552	35,863

Þannig hefir Sunnlendingafjórðungur fengið úr landssjóði til samgöngubóta árin 1888—1895:

a. Til samgangna á landi . . . 372,406 kr.

b. Til samgangna á sjó . . . . 25,500 — 397,906 kr.

eða 73 % af því fje, sem til samgangna hefir verið lagt.

Austfirðingafjórðungur:
a. Til samgangna
á landi . . . 11,152 kr.
b. Til samgangna
á sjó . . . . 22,500 — 33,652 kr.
eða 6 % af því fje, sem lagt er til samgöngubóta 1888—95.
Norðlendingafjórðungur:
a. Til samgangna
á landi . . . 55,052 kr.
b. Til samgangna
á sjó . . . . 22,500 — 77,552 —
eða 14 % af því, sem í 8 ár hefir gengið til samgöngubóta.
Vestfirðingafjórðungur:
a. Til samgangna
á landi . . . 10,363 kr.
b. Til samgangna
á sjó . . . . 25,500 — 35,863 —
eða 6½ % af því sem í 8 ár hefir gengið til samgöngubóta úr landssjóði.

En af því fje, sem einungis hefir gengið til vegagjörða og brúalagninga þessi 8 ár, sem er 448,973 kr., hefir
Sunnlendingafjórðungur fengið 83 %
Norðlendingafjórðungur — 12¼ %
Austfirðingafjórðungur — 2½ % og
Vestfirðingafjórðungur = 2¼ %,
og jeg bið h. þm. að athuga vel hlutfallið milli 83 % og 2½ eða 2¼ %, hve það er sanngjarnt og eðlilegt.

Jeg hefi heyrt því hreyft, að Vestfirðingar hafi haft meira gagn af strandferðunum að undanförnu en hinir fjórðungarnir, en það hygg jeg á litlum rökum byggt, einkum þegar þess er gætt, að Vestfirðingar hafa fengið allmikið af strandferðum fyrir ekki neitt; jeg á þar við þær strandferðir, sem gufuskipafjelagið hjelt uppi endurgjaldslaust úr landssjóði árin 1892—1893.

Enn fremur er þess að gæta, að á þessu síðasta fjárhagstímabili voru lagðar 12,000 kr. til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi, og að það voru þær einu 12,000 kr., sem notaðar voru af því fje, sem veitt var í sama augnamiði. Nú er að vísu talað um að veita Norðlendingafjórðungi og Vestfirðingafjórðungi nokkuð hærri styrk til gufubáta en hinum fjórðungunum. En þar er þess að gæta, að ef viðaukatillaga h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) kemst að, eins og eigi er ólíklegt, því að hún sýnist hafa við skynsamleg rök að styðjast, ef hún kemst að segi jeg, þá er Sunnlendingafjórðungur hinn eini fjórðungur landsins, sem segja má um, að muni eiga víst, að hann geti notað þær 12,000 kr., sem honum eru ætlaðar til gufubátaferða á næsta fjárhagstímabili.

Jeg áleit það ekki rjett athugað hjá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að tvær sýslurnar, Árnessýsla og Rangárvallasýsla, hefðu alveg verið útilokaðar frá samgöngum á sjó; þessar tvær sýslur hafa þó notið styrks til gufubátsferða hjá sjer; og víst mundi Strandasýsla ekki óánægð, ef hún hefði fengið annan eins styrk.

Það getur verið að einhver h. þm. rengi tölur þær, sem jeg hefi hjer borið fram, en jeg vísa að eins til landsreikninganna, og tek að mjer að bera ábyrgðina á því, að tölur þessar sjeu rjettar, að öðru leyti en því, sem jeg tók áður fram, að yfirlitið yfir árin 1894—95 er gjört eptir áætlun; og að þessi áætlun muni ekki of há, að því er Sunnlendingafjórðung snertir, má ráða af því, að af þeim 100,000 kr., sem ætlaðar voru til þess að bæta vegi, 50,000 kr. hvort árið, sje jeg að varið hefir verið, eptir því sem lesa má í brjefi frá hæstv. landsh., rúmum 80,000 kr. líklega mest til akbrauta í Sunnlendingafjórðungi árið 1894.

Mjer þótti tilhlýðilegt að koma fram með nokkrar tölur til að sýna að það væri ekki tómur hugarburður hjá mjer,

sem jeg varpaði fram fyrir nokkru síðan, að Sunnlendingafjórðungur hefði hingað til borið langmest úr býtum af fje því, sem til samgöngubóta hefir verið varið. Þetta kann nú að verða kölluð hreppapólitík; en þess er að gæta, að til er tvennskonar hreppapólitík: önnur er sú sem heimtar jafnrjetti við aðra, en svo mikið heimta jeg ekki einu sinni. Þessi hreppapólitík getur alls eigi röng kallazt. En það er til önnur lakari tegund hreppapólitíkur, sú að geta ekki unnt öðrum jafnrjettis við sig. Ef þeir þurfa að bera kinnroða, sem jafnrjetti heimta, þá geta hinir eigi setið blygðunarlausir frammi fyrir þingi og þjóð, sem hinni pólitíkinni fylgja.

Þótt ekki sje tekið tillit til þess, hve mikið fje Sunnlendingafjórðungur hefir fengið að undanförnu til samgöngubóta, þá hljóta menn að játa, að þau hjeruð, sem akbrautir þessar eiga að liggja um, geti eins vel beðið tvö ár eptir einhverjum spotta þeirra, eins og hjeruð þau þar sem póstvegir liggja um, sem enga viðgjörð fá, og enda miklu fremur.

Jeg gat þess ekki áður, að til þess að leggja þá tvo akbrautarstúfa, sem lagðir hafa verið í þessari einu sýslu, hafa gengið 226,952 kr., og ef nú verða lagðar til þeirra 90,000 kr. þá verða það alls um 317 þús. kr., sem búið er að verja til þeirra eptir næsta fjárhagstímabil, og þótt það væri ekki nema 60,000 kr., sem nú yrði lagt til þeirra, eins og samgöngunefndin fer fram á, þá yrðu það þó orðnar um 287 þús. kr. 1897, og það sýnist nægilegt í tvo vegarstúfa, sem að eins ná um nokkurn hluta af einni sýslu, þar sem ekki hefir verið varið til þjóðvega nema 10,000 kr. nú í 8 ár í Vestfirðingafjórðungi og 11,000 í Austfirðingafjórðungi. Mjer finnst því að þessir menn sem búnir eru að fá allt þetta fje, geti verið rólegir, þótt þeir þurfi að bíða ein tvö ár eptir því að akbrautir þeirra verði fullgjörðar, eða þótt þeir ekki fengi meira en 60 þús. kr. í þetta sinn, sem er þriðjungi meira en öllu landinu er ætlað til þjóðvega. Þegar alls þessa er gætt, sem jeg hefi tekið fram hjer að framan: Í fyrsta lagi, að þingið ætlar að leggja svo mikið til annara samgangna. Í öðru lagi, að akbrauta hugmyndin er að dofna og þeim að fækka, sem hafa trú á gagnsemi þeirra — reyndar nær þetta ekki til mín, því að jeg var sá eini þm., sem greiddi atkvæði gegn lögunum um þær, enda þótt jeg játi, að bót sje að þeim frá þeim lögum, sem með þeim voru numin úr gildi. Í þriðja lagi, að nokkur líkindi eru til að akbrautirnar víki fyrir öðrum betri samgöngufærum, það er að segja járnbrautunum. Í fjórða lagi að þjóðvegirnir eru enn nauðsynlegri en akbrautirnar og þurfa meira fje til viðhalds og viðgjörðar en veitt hefir verið. Í fimmta lagi, að akbrautafjeð rennur í eitt hjerað, og í sjötta lagi, að hjer er ekki um neina bráða þörf að ræða og að hjeruðin geta beðið þetta fjárhagstímabil eptir að fá veg sinn fullgjörðan. Þegar alls þessa er gætt, segi jeg, þá sýnist mjer tillaga samgöngunefndarinnar, um að færa niður akbrautafjeð, vera mjög skynsamleg, og skil jeg ekki í því, hvernig menn geta haft svo mikið á móti henni.

Jeg er meðmæltur styrkveitingunni til gufubátanna, þótt jeg því miður búist við minni árangri af henni en æskilegt væri. Mjer hefði þótt æskilegt að viðaukatillaga sú, sem kom fram við frumv. um kaup á eimskipi, hefði fengið framgang. En fyrst ekki liggur annað fyrir, mun jeg fastlega fylgja fram tillögu nefndarinnar. Einnig mun jeg greiða atkvæði með viðaukatillögu h.

þm. V.Sk. (Guðl. Guðm.); mjer finnst hann hafa fært svo skynsamlegar ástæður fyrir henni, að jeg get ekki verið þekktur fyrir að neita henni, því að það sje fjærri mjer að vilja svipta Sunnlendinga þeirri samgöngubót, sem þeir hafa fengið á sjó. Ef t. d. Ísfirðingar hefðu haft gufubát í förum í sína þjónustu á Ísafjarðardjúpi og jeg vitað, að skilyrði þingsins hefðu getað orðið til þess að þeir misstu hann og fengju ekki annað í staðinn, þá ímynda jeg mjer að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefði komið fram með samskonar breytingartillögu.

Klemens Jónsson: Það er ekki tilgangur minn að minnast á allar þær br.till. sem hjer liggja fyrir. Það eru að eins nokkrar þeirra, sem mig langar til að fara fáum orðum um.

Hjer er þá fyrst farið fram á það að bæta enn við þremur aukalæknum. Mjer þykir það satt að segja nokkuð kynlegt, að vera nú að fara fram á fjölgun aukalækna, þar sem 3 af þeim hjeruðum, sem stofnuð voru á síðasta þingi 1893, standa enn óskipuð og lítil líkindi til, að þau verði skipuð í bráðina, eptir því, sem heyrzt hefir; það virðast því harla litlar ástæður til þess að fara nú fram á að stofna þessi nýju aukalæknisumdæmi, sem engin líkindi eru til að læknar fáist í. Það er bezt að bíða fyrst eptir því, að læknar fáist í þau aukalæknishjeruð, sem þegar eru stofnuð, af því brýnni nauðsyn þótti að fá lækni í þau en þessi sem nú á að setja á stofn, áður en farið er að flana í það að fjölga þessum hjeruðum, sem einungis eru til á pappírnum.

Að því er verkfræðinginn snertir, þá skal jeg að eins geta þess, að jeg er þar alveg samdóma hæstv. landshöfð. og þarf því eigi að tala frekar um það.

En það var einkum breyt.till. á atkv.-skrá 43, sem mig langaði til að fara nokkrum orðum um. Þótt þessi breyttill., sem fer fram á að lækka styrkinn til akbrauta úr 45,000 kr. á ári niður í 30,000 kr., sje frá samgöngumálanefndinni og jeg sje einn úr hennar flokki, þá er jeg henni ekki samdóma í þessu, og áskildi mjer rjett til þess að mega greiða atkvæði á móti henni. Það hefir nú þegar verið rætt mikið um þessar akbrautir, sem reyndar hingað til hafa existerað mest á pappírnum, og það hefir verið reynt að sýna fram á, að þessar akbrautir, sem allir samþykktu með mesta fögnuði í hitt eð fyrra, væru óbrúklegar og var það einkum h. þm. Strandam. (Guðj. G.) sem kvað akbrautahugmyndinni alltaf vera að hnigna og traustið á henni að minnka. Jeg er nú þingmaður úr einu af þeim hjeruðum, þar sem akbraut á að komast á og því má ætla að dálítið hafi þar verið hugsað um þetta mál, og jeg verð að játa það, að jeg hefi ekki orðið var við neina slíka hnignun á akbrautatrúnni, og jeg get meira að segja lýst því yfir að jeg annarsstaðar úti í frá hefi engan heyrt láta í ljósi þessa megnu ótrú á akbrautunum, og heldur eigi minnist jeg þess, að jeg í blöðunum hefi sjeð akbrautirnar dæmdar ótækar. Jeg held yfir höfuð að tala, að þeir sjeu eigi margir í þessum sal, sem hafa misst trú sína á þessum brautum, nema ef vera kynni sjálfur faðir þeirra h. þm. Dalam. (Jens Pálsson).

Jeg hefi alltaf verið því meðmæltur að auka samgöngur sem mest, eigi eingöngu á sjó heldur og á landi, en þar sem samgöngunefndin hefir verið öll einhuga á því, að auka samgöngur á sjó að miklum mun, þá hefir mjer ætíð fundizt «tendensinn» hjá henni heldur verið sá, að lækka tillagið til samgöngu-

bóta á landi, eins og kemur fram í þessari breytingartillögu. En þetta er ekki rjett, því þó samgöngurnar á sjó eigi að sitja í fyrirrúmi, þá má þó heldur ekki alveg gleyma vegunum á landi, einkanlega ekki vegum frá aðalkauptúnum landsins. Jeg get því heldur snúizt að breyt.till. fjárlaganefndarinnar, að upphæðin verði færð niður úr 50 þús. kr. í 45 þús., þótt jeg vildi helzt að hún yrði óbreytt. Jeg skal játa það, að mikið af því fje, sem varið hefir verið til vegabóta, hefir lent í Sunnlendingafjórðungi, en einhversstaðar verður þó að byrja, og úr því búið er að byggja brýrnar yfir Ölfusá og Þjórsá, þá þarf að samtengja þær svo, að þær komi að fullum notum.

En það sem þó einkum knúði mig til að standa upp voru orð h. þm. Vestm. (Valt. G.) um breyt.till. 103 á atkv.skr. viðvíkjandi því, að fenginn væri norskur járnbrautarfræðingur til þess að ferðast hingað og gjöra áætlun um þriðjungabrautir, enda standa þessi mál í nánu sambandi hvort við annað. Þetta mál var til umræðu í samgöngumálanefndinni og þar barðist jeg á móti því með hnúum og hnefum, og jeg verð að lýsa því yfir enn, að mjer finnst þetta vera »complet humbug«. Við eigum t. d. eptir vegalögunum að fá akbraut fram Eyjafjörð og við getum vænzt þess og væntum þess fastlega, að byrjað verði á henni þegar á næsta fjárhagstímabili. Eptir lauslegri áætlun kemur sú braut til að kosta, t. a. m. fram að Saurbæ, í mesta lagi milli 30—40,000 kr., já að öllum líkindum eigi meira en um 20,000 kr., en þriðjungabraut á sama spotta mundi, eptir upplýsingum frá h. þm. Vestm. (Valt. G.), að minnsta kosti kosta um 300,000 kr. eða tífalt meira en akbrautin. Auðvitað kostar viðhald á akbrautunum nokkuð, því að hætt er við, að þær kynnu að bila í leysingum á vorin, en hið sama má segja um þriðjungabrautirnar, að vatnið getur grafið undan járnteinunum, svo þeir mundu síga, sem hefir hina mestu hættu í för með sjer, og viðhald á þeim mundi kosta nokkuð, og svo kostar líka sjálfsagt töluvert að reka slíka braut, því það þarf áfangaskála og hús á endastöðvunum. Hvenær heldur nú h. þm. Vestm. (Valt. G.) að landið hafi ráð á að leggja þessar þriðjungabrautir upp eptir hjeruðunum frá kauptúnunum? Og þó þær nú kæmust á, þá þarf þó allt að einu einhverja vegi, því það dettur þó víst varla nokkrum í hug, að allir fari á þessum járnbrautum, svo að alveg verði hætt að brúka hesta hjer á landi. Af þessu leiðir, að jeg held fast við akbrautirnar og óska, að þær gætu sem fyrst komizt á, því verði það ekki, þá álít jeg vegalögin frá 13. apríl 1894 hafi verið fremur til skaða en til gagns. Jeg skal taka sem dæmi þess, að lög þessi geti gjört skaða, ef nú er aptur hætt við akbrautirnar, og hafi enda þegar gjört það, af því að framkvæmdum þeirra er frestað, að þegar vegalögin komu, þá var hætt við sýsluveg, sem verið var að leggja fram Eyjafjörð, af því að þar átti að koma akbraut, og ætti þingið nú þegar að fara að takmarka fjárveitingar til akbrauta, þá hafa lögin beinlínis gjört skaða, því þá kemst að minnsta kosti sá vegur á miklu seinna en annars, og hvað það þýði fyrir jafn-fjölmenna og þjettbygða sveit, og Eyjafjörður er, geta víst allir farið nærri um. Hvað breyt.till. 46 á atkv.skr. snertir, þar sem farið er fram á 1000 kr. styrk til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu, þá ættu menn í sjálfu sjer ekki að vera því mótfallnir að smærri ár væru brúaðar, en þegar þess er gætt, að brú þessi á að liggja á sýsluvegi, þá gæti þessi fjárveiting

dregið þann dilk á eptir sjer að slíkar fjárbænir kæmu úr öðrum sýslum á landinu, því það mun ekki vera ein einasta sýsla á landinu, þar sem ekki stendur eins á og með Langá, og hafi maður veitt styrk til þess að brúa eina ána á sýsluvegi, þá getur maður ekki með neinni sanngirni neitað öðrum um líkan styrk. Jeg get því ekki verið með þessari fjárveitingu.

Að því er snertir tölulið 52 á atkv.-skr., um styrk til gufubátsferða á Hvítá, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki getað rekið mig á neina beiðni frá hjeraðsbúum í þá átt, og heldur ekki að það mál hafi verið rætt á þingmálafundi, eða á neinn hátt undirbúið. Jeg sje því ekki að neinn áhugi sje hjá mönnum á þessu máli.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í fleiri atriði að sinni, en mun sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þau.

Halldór Daníelsson: Jeg vildi leyfa mjer að minnast lítið eitt á tölul. 32 á atkv.skr., þar sem ræða er um aukalækninn í Mýrasýslu. Hæstv. landsh. mælti heldur á móti breyt.till. nefndarinnar og færði það til, að ekki væri svo langt að ná í lækninn í Stafholtsey úr Borgarhreppi. Það er að vísu satt, að það er ekki svo sjerlega langur vegur, en hann er torsóttur og yfir 2 eða 3 ár að fara, Norðurá og Hvítá, og jafnvel stundum yfir Þverá, ef Hvítá er ekki fær nema á Langholtsvaði, eða á ferju þar, og það getur opt verið óþægilegt að ná í lækninn í Stafholtsey, þegar á næturtíma er. Norðurá og Þverá eru opt ófærar og þá verður að krækja út á Langholtsferju, en auðvitað er stundum á veturna allt lagt og þá gott yfirferðar, en útaf því vill bregða. Það liggur hjer fyrir bænarskrá frá mönnum úr Borgarhreppi, sem mjer finnst mjög sanngjörn og á rökum byggð.

Að því er snertir brúna á Langá, þá tók h. þm. Eyf. (Kl. J.) það fram, að hún væri á sýsluvegi og ef fje yrði veitt til hennar, þá mundu menn þjóta upp til handa og fóta og biðja um styrk til brúargjörða í öðrum hjeruðum, en jeg ætla að leyfa mjer að minna h. þm. Eyf. (Kl. J.) á það, að við eigum ekki vísa von á að fá 40 þús. kr. til akbrauta þarna á Mýrunum eins og Eyfirðingar. Annars held jeg að það væri ekki mjög hættulegt, þótt þessi styrkur væri veittur, og mjög mikil nauðsyn á að fá brúna. Jeg vildi að minnsta kosti ekki óska h. þm. Eyf. að fara fylgdarlaus yfir Mýrarnar í myrkri, því jeg óska honum alls góðs.

Hvað viðvíkur tölul. 52, styrk til gufubátsferða á Hvítá, þá er það fyllilega rjett hjá h. þm. Eyf. (Kl. J.), að ekki liggur frá hjeraðsbúunum neitt fyrir þinginu í þá átt, nema eitt brjef, sem jeg hef nýlega fengið, en á þingmálafundum bæði að Grund í Skorradal og Síðumúla var farið fram á að þingið vildi styrkja að þessum gufubátsferðum með fjárstyrk, eins og sjá má af fundargerðunum, er liggja til sýnis á lestrarsalnum; en þrátt fyrir það er þetta ekki all-lítið áhugamál, og sýslunefndirnar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafa veitt fje til þess, að fá verkfræðing til að rannsaka, hvort gufubátur gæti gengið á ánni og hvað langt hann mundi geta komizt upp eptir henni, og menn hyggja jafnvel að hann muni geta gengið alla leið upp að Langholtsvaði. Þótt hann gæti aldrei komizt upp að Langholtsvaði, þá er hitt alveg víst, að hann getur með hverju sjáfarflóði, þá er ís hamlar ekki, komizt upp í Grímsármynni, og þó hann kæmist ekki lengra, gætu þó 9 hreppar

haft not ferða hans; jeg gjöri ráð fyrir, að báturinn fengi að flytja fyrir bændur sjálfsagt 1500—2000 hesta burð á ári hverju og mun þá til tekin hin minnsta upphæð.

Viðvíkjandi viðaukatill. h. þm. V. Sk. (Guðl. G.) o. fl. á þingskj. 235, þá skal jeg geta þess, að jeg er henni alveg samdóma og að mjer hafði einmitt dottið hið sama í hug.

Þórður Thoroddsen: Jeg vildi gjöra fáeinar athugasemdir við breyt.till. þær sem hjer liggja fyrir.

Það er þá fyrst breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 2. Það hafa komið fram raddir um það hjer, einkum frá h. þm. Vestm. (V. G.), að óþarft væri að vera að fjölga aukalæknunum nú á þessu þingi, þar eð öll líkindi væru til að öll læknaskipun landsins yrði tekin til endurskoðunar á næsta þingi. Jeg skal nú að vísu játa, að þessi mótbára er á nokkrum rökum byggð, en þrátt fyrir það finnst mjer öll sanngirni mæla með því, að stofna þessi tvö aukalæknisumdæmi í Húnavatns- og Arnes-sýslum nú þegar, eins og stjórnin og nefndin hafa farið fram á. Í Árnessýslu stendur svo sjerstaklega á, að það læknishjerað er nú laust, og ef því yrði skipt nú, áður en það verður veitt, þá verður aðallæknirinn eflaust settur á Eyrarbakka, en verði hjeraðinu ekki skipt og það skyldi nú verða veitt, þá er óþægilegra að láta hann fara að taka sig upp aptur, er hann hefir ef til vill reist bú uppi í sveit. En að því er hitt aukalæknisdæmið snertir, í Húnavatnssýslu, þá er þörfin á lækni þar mjög mikil; líka er jeg sannfærður um, að það hjerað mundi eflaust verða tekið upp í hina endurskoðuðu læknaskipun. Aptur á móti get jeg að svo stöddu ekki gefið breyt.till. á þingskj. 276 atkv. mitt, ekki af því að jeg álíti, að ekki sje full þörf á að fá lækni á hinu umrædda svæði, heldur af því, að jeg álít það ekki svo jafnbrýna nauðsyn og í hinum áður nefndu sýslum, svo að það megi ekki bíða, þar til læknaskipunar málinu verði ráðið til lykta í heild sinni.

Þá er breyt.till. við 11. gr. 3 á þingskj. 276 um styrk til augnalæknisins til þess að ferðast austur á Seyðisfjörð í lækniserindum. Þessi tillaga var til umr. í fjárlaganefndinni, en meiri hluti nefndarinnar gat ekki gefið henni meðmæli sín, af því að hún hjelt að ferðin gæti ekki komið að tilætluðum notum. Á því máli var og að nokkru leyti augnlæknirinn sjálfur, er jeg fyrir skömmu talaði við hann persónulega; hann áleit að ferð sín gæti ekki orðið fólgin í öðru en því, að hann færi þangað allra snöggvast, skoðaði fólk, og segði álit sitt um það, hvort til nokkurs væri fyrir það að koma suður til sín til lækninga. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að svona löguð ferð gæti þó orðið að nokkru gagni, og er jeg þess vegna því meðmæltur, að þessi styrkur verði veittur; en jeg vil orða till. öðruvísi en gjört er á þingskj. 276, þannig, að augnlækninum væri gjört að skyldu, að fara eina ferð á ári í kringum landið, og koma við á öllum helztu höfnum. Jeg gæti líka fellt mig við tillögu, sem færi í þá átt, að styrkurinn skyldi verða veittur bæði árin, og lækninum gjört að skyldu að fara þá t. d. fyrra árið til Seyðisfjarðar, og seinna árið til Akureyrar, svo að fleiri landspartar geti orðið hjálpar hans aðnjótandi. Jeg get ekki skilið að afleiðingin af þessari ferð augnlæknisins yrði sú, að fólk kæmi hingað til Reykjavíkur á meðan til að hitta hann, og færi þannig erindisleysu, því að jeg gjöri ráð fyrir, að hann mundi auglýsa ferð sína á undan, svo að það þyrfti ekki að koma í bága. Í von um að

breyt.till. komi fram við 3. umr., í þá átt, sem jeg hefi bent á, gef jeg þessari styrkveitingu nú atkvæði mitt.

Í tölulið 4, 11. gr. leggur nefndin til að felldar sjeu burt 500 kr., og er það eðlilegt, þar sem Nickolin tannlæknir er nú dauður, og virðist því óþarfi að vera að veita honum meira fje. En jeg vil geta þess, að ef breyt.till. kemur til 3. umr. um, að halda þeim styrk til einhvers tannlæknis, þá mundi jeg gefa henni atkv. mitt. H. framsögum. (Þórh. Bj.) hefir tekið fram viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) við 5 f., að fjárlaganefndin hefði ekki neitt þar við að athuga, og hið sama get jeg sagt fyrir mitt leyti.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um breyt till. samgöngumálanefndarinnar um flutningabrautir. Jeg held að það sje sú eina af uppáfindingum samgöngumálanefndarinnar, sem jeg ekki get fylgt henni í; jeg hefi fylgt henni gegnum þykkt og þunnt í öllu, sem hún hefir komið fram með, í eimskipakaup, gufubátakaup, o. s. frv., en þegar til þessa kemur, þá verð jeg aptur úr.

Jeg verð að vera samþ. h. þm. Rvk. (J. Jenss.) og h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) og ástæðum þeim, sem teknar eru fram í stjórnarfrumv., og mjer finnst óviðkunnanlegt og enda óeðlilegt, að fara strax að minnka þetta fje til akbrauta, sjerstaklega af því, að hjer er um fje að ræða, sem ætlað er til að fullgjöra akvegi, sem þegar hefir verið byrjað á, og sem jeg álít alveg nauðsynlegt, að haldið sje áfram með.

H. þm. Vestm. (V. G.) áleit 45,000 kr. of mikið fje, til þess að fullgjöra þessa vegi í suðuramtinu. En eptir mínum skilningi gjörir stjórnarfrv. ráð fyrir, að þetta fje verði nær eingöngu brúkað til þess, og að nær því enginn afgangur muni verða af því til brautargerðar milli brúnna á Ölfusá og Þjórsá, og til þess að ljúka við veginn yfir Mosfellsheiði til Þingvalla, og að stjórnin hafi ætlað, að fjeð mundi ekki gera betur en hrökkva til þessa, því hún segir í ástæðum sínum fyrir frv.: Ef fjeð endist til þessa, þá skuli o. s. frv. Og jeg er þeirrar skoðunar, að fjeð muni ekki verða of mikið til þess. Jeg sje heldur enga ástæðu til, úr því svo lítið er eptir af veginum til Þingvalla, búið er að mestu að leggja akveg austur að Ölfusá, og búið er að leggja brýr á Þjórsá og Ölfusá, þá að fara að hætta við allt hálfkarrað verk, og láta ófæruna milli brúnna gera þær lítt nýtar mörgum manni.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hafði auk þessa enga trú á flutningabrautunum, en trú hans hefir nú á síðari tímum heldur hneigzt að járnbrautum, og þá helzt »tertiærbaner«, eða mjóbrautum; og það virðist aðalástæða hans fyrir því, að hann vildi færa niður styrkinn til flutningabrauta; en eptir þeim orðum, sem hann fór um flutningabrautirnar, þá undrast jeg, að hann skuli ekki hafa komið fram með neina breyt.till. í þá átt, að afnema styrkinn til þeirra með öllu, — því til hvers væri að fleygja 40–50,000 kr í vegi, ef þeir væru ónýtir? Það hefði þá verið að stíga sporið fullt, en að leggja nokkrar þúsundir króna í vegi, sem eru nauðsynlegir á annað borð, og sem ekki nægir til þess að leggja nema nokkra faðma, — það er kák. Ef nú t. d. ekki væri veitt meira fje en svo, að ómögulegt væri að leggja nema segjum 1/3 af veginum milli brúnna, og svo á næsta þingi væri nú afráðið að hætta við akbrautargerð, en taka upp í þess stað járnbrautir, hver yrði þá afleiðingin? Jeg ímynda mjer, að hann ætlist ekki til að 1/3 af leiðinni milli brúnna sje akbraut, en hinir 2/3 partarnir sjeu járnbraut. Afleiðingin yrði engin önn-

ur en sú, að annaðhvort væri þessum 1/3 parti kastað í sjóinn, eða þá seinna verður að halda áfram með þessa 2/3 á akbrautahátt, og hvaða ástæða er þá til að hætta nú.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) var að tala um tvennskonar hreppapólitík, aðra sem hann kallaði hreppapólitík í eiginlegum skilningi, og hina hreppapólitík í óeiginlegum skilningi, eða hvað það nú var. Undir hverja tegundina hans pólitík heyrir, eptir því sem fram kom í ræðu hans, þarf enginn að vera í efa um. Honum þótti Sunnlendingafjórðungur fá óeðlilega mikið til vegabóta, í samanburði við hina fjórðunga landsins. Jeg þykist vita, að hann hafi sagt það að nokkru leyti til þess að svara h. þm. Rangv. (S. Á. og Þórð. G.) einhverju, fremur en af því, að hann hafi sjeð ofsjónum yfir því fje, sem Sunnlendingafjórðungur hefir fengið. En látum það nú liggja á milli hluta. Hann las upp langar tölur og reikninga, sem átti að vera máli hans til sönnunar. Jeg varð að grípa þessar tölur á lopti og náði þeim ekki öllum, en svo mikið henti jeg, að jeg gat sjeð, að ýmislegt athugavert var við þær. Það sem jeg fyrst rak augun í, var það, að hann tók fjárhagstímabilið 1894—5 upp í samanburðinn, en í svona samanburði er ekki rjett að taka það, sem liggur svona nálægt okkur, og sem liggur svo nærri vegalögunum nýju. Jeg hefði á-litið þennan samanburð rjettan, ef hann hefði verið staddur á einhverju ári langt fram í tíma, segjum árinu 1920, þá hefðu vegalögin nýju verið búin að sýna sínar verkanir, en nú hafa þau ekki sýnt sig nema í Sunnlendingafjórðungi; það var byrjað á honum, hann var svo heppinn, að hið fyrsta fje, sem veitt hefir verið eptir þeim lögum, var lagt í hann, og mest einmitt á fjárhagstímabilinu 1894—5. Þess vegna kalla jeg þær tölur ósamkynja hinum öðrum tölum, er h. þm. hefir lesið upp; og ef það er dregið frá, þá minnka prósenturnar, að því er Sunnlendingafjórðung snertir, um 10—17 %, komast þess vegna niður undir 60%, en hækka að því skapi hjá hinum fjórðungunum. Þá er það enn að athuga við tölur h. þm. (Guðj. G.), að það er ekki rjett að telja Sunnlendingafjórðung hafa fengið 1/4 hluta af fje því er lagt er til strandferða. Það mun vera of mikið að segja að Sunnlendingafjórðungur hafi svo sem ekkert af strandferðum að segja, en jeg ætla þó að leyfa mjer að gera það. Ferðirnar frá og til útlanda kosta landssjóð ekkert, og þær höfum við mestmegnis hjer í Sunnlendingafjórðungi, en sáralítið af því sem kallazt getur strandferðum tilheyrandi.

Þó má enn geta þess viðvíkjandi þessum útreikningum h. þm., að á þessu tímabili var ráðizt í það stórvirki að smíða brúna á Ölfusá, og ef það sem sú brú kostaði, rúm 60 þús. kr., er dregið frá, fara prócenturnar að minnka um fram hina fjórðungana, og jeg vil segja að Sunnlendingafjórðungur skuldi hinum fjórðungum lítið, eða hafi lítið umfram þá, nema Ölfusárbrúna. Jeg tek allt þetta fram úr því að h. þm. Strand. (Guðj. G.) minntist á þetta, og jeg vildi láta sjást, að tölur hans og útreikningar væru ekki svo óyggjandi, að engar athugasemdir mætti við þá gera.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þessar breyt.till., sem fram eru komnar, en geta vil jeg þess, að jeg er fyllilega samþ. því sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) fer fram á í viðaukatill. sinni um skilyrði fyrir fjárveitingu til gufubátsferða á Faxaflóa.

Þá frestaði forseti fundi til kl. 5½.

Klukkan 5½ var fundur settur á ný, og hóf þá umræður

Framsögumaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Mjer skilst, að allir þeir, er breyt.-till. flytja, hafi tekið til máls, og fært rök að þeim, og lízt mjer þá tími til kominn að lýsa afstöðu fjárlaganefndarinnar gagnvart þeim, um leið og jeg vík að mótmælum og athugasemdum við tillögur fjárlaganefndarinnar.

Það er þá fyrst, að hæstv. landshöfðingi vakti máls á því, að það kynni að vera vafasamur sparnaður, að fella burt þessa 600 kr. viðbót, sem landlæknirinn hefir haft, þar sem hann í notum þeirrar uppbótar hefir ekki tekið neitt fyrir kennslu yfirsetukvenna. Þetta vissi nefndin vel, en var á því, að rjettara væri að sjerstök borgun væri greidd fyrir kennsluna eptir fyrirmælum yfirsetukvennalaganna frá 17. desember 1875, en að láta þessa þóknun koma fram sem persónulega viðbót til landlæknisins, enda er þessi kennsla nú eigi lengur beint bundin við þá stöðu eptir 2. gr. laga frá 13. apríl 1894. Þar sem hæstv. landshöfðingi vjek að því, að jafnframt þyrfti þá að hækka útgjaldaliðinn í 11. gr. d. til náms yfirsetukvenna, þá gæti það komið til álita, en reyndar er þar ekki svo óríflega til tekið, og í annan stað er það skyldugjald samkvæmt lögum.

Það hafa komið fram mótmæli gegn tillögu nefndarinnar um breytingu á aukalæknishjeraðinu á Mýrunum. Þetta er sízt kappsmál fyrir nefndina, hún gerði það eingöngu fyrir bænastað Borgarhreppsmanna, og með hliðsjón af því, hvað læknirinn í Stykkishólmi hefir orðið lítið umdæmi. Það vill svo vel til, að hjer er maður á þingi, gagnkunnugur á þessum slóðum, h. þingm. Snæf. (Eir. G.), og væri gott, ef hann vildi gefa upplýsingar um, hvort þessi breyting er til bóta.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) heldur fast fram stofnun aukalæknishjeraðs í Múlasýslu; því verður fjárlaganefndin að vera mótfallin, af þeim ástæðum, sem h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) og fleiri h. þm. hafa tekið fram, að þar sem 3 af hinum eldri aukalæknishjeruðum eru óskipuð, og nú verið að bæta við 2, sem borin hafa verið fram á mörgum þingum áður, þá er ekki útlit fyrir, að fljótskipað verði hið 6. umdæmið; það er full-mikið að 5 eru laus, og auk þess er ný lækna-umdæma-skipun á leiðinni.

Sami h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir farið fram á, að Björn Ólafsson augnalæknir verði kostaður til læknisferðar á Seyðisfjörð fyrra árið; nefndin verður því væntanlega sinnandi með breytingu í þá átt, að fleiri hlutir landsins megi njóta hans.

Hæstv. landshöfðingi og fleiri hafa álitið rjett, að halda styrknum til tannlæknis í Reykjavík. Það kom til tals í nefndinni, en það varð ofan á, að stryka hann út, enda er eigi saman að jafna afnotum landsmanna yfir höfuð af tannlækni og augnalækni. Þeir sem vilja halda tannlæknisstyrknum geta komið með breyt.till. um það, en varla mun nefndin verða því meðmælt.

Um breyt.till. nr. 38 var nefndin mjög svo eindregið samdóma, að ekki væri unnt að styrkja af landssjóði sjúkrahússtofnun á Sauðárkrók. Jeg get fyllilega undirskrifað það með h. flutningsm. (Ól. Br.), að slík stofnun væri góð og þarfleg, og að lækningar komi ekki nærri allt af að fullu haldi vegna sjúkrahússleysis. En þar eru svo margir annmarkar á, að vjer sjáum oss ekki fært að styrkja það. Fyrst er það, að meðan landið vegna fjárleysis ekki getur eignazt landsspítala hjer í höfuðstaðnum verður ekki ráðizt í spítalabyggingar út um land,

sem gætu orðið margar, væri fje lagt til þessa spítala á Sauðárkrók. Það mætti líka minna á það, að lagaákvæðin frá 17. desember 1875 um sóttvarnarskýli í 6 kaupstöðum á landinu eru dauður bókstafur enn þá, og það sýnist að liggja nær að uppfylla þau. En annars legg jeg sjerstaklega áherzlu á það, að slík stofnun er svo óviss í framtíðinni; krafan mun vera fram komin við það, að þar er nú sem stendur ötull og góður læknir; flytji hann burt, er hætt við að spítali á þeim stað eigi enga framtíð, og Sauðárkrókur á þó síður tryggingu fyrir, að hafa áfram úrval af læknum landsins, en þau hjeruð, þar sem launin eru hærri og nýnefnd lög hafa ætlað sóttvarnarhús.

Næsti póstur, sem mikið hefir verið talað um, er orðabreyting nefndarinnar um störf verkfræðingsins, og þrátt fyrir varnaglann, sem jeg sló við því, hefir komið fram kvíðbogi um það, að þetta orðalag í fjárlögunum gæti leitt til þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem verkfræðingurinn er búsettur, gæti misbrúkað þetta og haldið honum fyrir öðrum pörtum landsins. Þetta er undarlegur misskilningur, hjer er að eins talað um »stærri samgöngubætur«, og til þeirra getur gatnalagning í Reykjavík aldrei heyrt; jeg minnist einskis fyrirtækis, sem bæjarstjórn Reykjavíkur gæti leitað til hans með að sinni, nema ef vera skyldi Hafnarfjarðarvegurinn, sem einhverntíma þarf að leggja. Hæstv. landshöfðingi spurði, hvernig nefndin hefði hugsað sjer greiðslu á ferðakostnaði verkfræðingsins. Það kom ekki sjerstaklega til tals í nefndinni, frekar en þetta, sem segir í álitinu, að hjeruðin greiði ferðakostnað eptir reikningi fyrir ferðir í þeirra þarfir. Nefndin mun íhuga þetta betur og þá sjerstaklega þetta um fæðis- eða dagpeningana. Jeg fyrir mitt leyti hneigist að þeirri skoðun, að eigi beri að greiða honum dagpeninga, þar sem hann hefir föst laun.

Það sem mest hefir verið um talað, eru vegabæturnar. — Það gladdi mig, að heyra h. þm. Vestm. (Valt. Guðm.), höfuðmann úr samgöngumálanefndinni, lýsa því yfir, að sú nefnd væri samþykk þeirri skoðun fjárlaganefndarinnar, að ljúka ætti við þær brautir, sem er byrjað á, og það þegar nú á næsta fjárhagstímabili. Þegar samgöngumálanefndin fær vissu fyrir því, að þeim verði ekki lokið, nema með þeirri fjárveitingu, sem fjárlaganefndin fer fram á, þá skil jeg ekki annað en samgöngumálanefndin gefi henni atkvæði sitt.

Eptir upplýsingum frá verkfræðingnum okkar er vegurinn milli brúnna $2^3/_4$ míla og faðmurinn í þeirri braut kostar ekki minna en 5 kr., og það verða þá minnst 55,000 kr., sem brautin öll kostar. Um hina brautina til Þingvalla verður ekki sagt fyrir um kostnaðinn með jafn-mikilli vissu, en eptir því sem fyrir liggur, að gera í sumar, og eptir þeim mannafla, sem þar hefir verið, má ætla, að í haust verði eptir 1 míla óveguð, og á þeim spotta eru 2 smá-ár, sem brúa þarf, auk þess sem all-dýr brú verður að koma á Öxará. Þetta kostar einar 20—25,000 kr., og mun það ekki of mikið í lagt.

Svo ætlar verkfræðingurinn, að eitthvað kunni að verða eptir ógert í haust af brautinni austan við fjallið, milli Kamba og Varmár. Loks hefir einn hluti brautinnar, sem lagður var fyrir einum 8 árum síðan, stór-skemmzt; það er parturinn frá Lækjarbotnum og upp í Svínahraun, sem mun vera framt að mílu vegar; viðgerðin á þeim parti verður sennilega að einhverju leyti að bíða næsta fjárhagstímabils.

Til þess að fullgjöra þessar brautir,

sem nú eru undir, og allir viðurkenna að þurfa að komast frá, þarf þá yfir 80,000 kr ; svo langt verður þá samgöngumálanefndin eptir orðum h. þm. Vestm. (V. G.) að fylgja fjárlaganefndinni. Og úr því að komið er upp úr 80,000 kr., fer það að verða mjótt á mununum, nema hvað fjárlaganefndin vill fara ofurlítið lengra með því, að láta eitthvað verða úr loforðunum til Húnvetninga um braut vestur frá Blönduósi. Þar er búið að leggja brautarstúf frá Vatnsdalshólum að Gljúfrá, og þessari byrjuðu braut vona menn eðlilega, að verði haldið áfram.

Það hefir verið talað um mjóbrautir í sambandi við akbrautir, en það er efamál, hvort sleppa má akbrautum þó hinar kæmu, og að minnsta kosti efast verkfræðingurinn um það; en hjer liggur alls ekki fyrir nein járnbrautalagning, og því miður ekkert útlit fyrir, að á henni verði byrjað fyrst um sinn, til þess vantar öll skilyrðin; jeg get því ekkert gjört úr þeirri ástæðu, að minnka eigi fjárveitinguna til flutningabrauta vegna hugsaðra mjóbrauta, en annað mál er það, hvort fjárhagur landsins þolir til frambúðar svo stórt framlag til brautagjörðar, þegar þetta byrjaða verk er af hendi leyst.

Breyttill. h. þm. Mýr. (H. D.), um gufubát upp eptir Hvítá, kom til umr. í nefndinni, en strandaði eingöngu á því, að nefndinni þótti það mál alls ekki undirbúið. Hlutaðeigandi sýslunefndir höfðu ákveðið, að mæla skyldi dýpi og straumþunga árinnar, og tiltekið fjárupphæð til mælingarinnar; en úr því hefir ekkert orðið, líklega af því að verkfræðingur landsins hefir eigi getað komið því við í vor eða sumar. Og hjeðan af er það orðið of seint fyrir þetta þing. Þetta er einnig nokkurt vandaverk, sem ekki verður gjört á svipstundu, og þarf að sæta hentugum tíma, og vísast verður að mæla tvisvar straumhraðann, þegar áin er sem mest, en dýpið aptur á móti, þegar hún er sem minnst eða grynnst. Komi málið vel undirbúið inn á þing næst, og verði öflug samtök heima í hjeraði til þess að fá því framgengt, get jeg vel trúað því, að það fái góðan byr á þinginu, eptir þeim undirtektum, sem það fjekk í fjárlaganefndinni. Sje Hvítá vel bátgeng upp fyrir mynni Þverár, er hún hin sjálfsagða flutningsbraut fyrir upphluta Borgarfjarðar. 9 hreppar með um 2000 manns gætu þá fengið alla þungavöru flutta sjer mjög kostnaðarlítið yfir hinn ógreiðfærari helming kaupstaðarleiðarinnar, og væri það ómetanlegt gagn, sem við það ynnist. Slíkur Hvítárbátur, með annan bát í togi, er mikið væri að gjöra, gæti enda komið miklu fleirum að gagni en þessum upphreppum sýslnanna, þar sem hinn mikli fólksstraumur um Borgarnes til og frá Vestur- og Norðurlandinu mundi eflaust nota bátinn. En því miður liggur nú þessi gagnlega samgöngubót eigi þannig fyrir, að hægt sje að halda henni fram.

Formaður nefndarinnar (Tr. G.) heldur væntanlega uppi svörum fyrir br.-till. í 53. lið á atkvæðaskránni um styrkinn til fiskifjelagsins «Dan», og leiði jeg það því hjá mjer.

Þá er Langárbrúin. Það eru ýmsir, sem hafa á móti þessari breyt.till. nefndarinnar, af þeirri ástæðu, að eigi beri að styrkja brúargjörðir á sýsluvegum, og vitanlega er það ekki aðalreglan, nje lagaskylda. En þar sem þessi sýsla (Mýrasýsla) er á hinu þjettbyggðasta svæði útilokuð frá þjóðvegalagningu og sýslubúar af eigin rammleik hugsa til að leggja afardýran veg yfir sýsluna norðanverða og jafnfram brúa þessa á, þá sýnist sanngirni mæla með

því, að þeir sjeu styrktir til þess, enda álít jeg margt styrkt, sem er óverðugra. Brúargjörðir eru áreiðanlegar samgöngubætur, og 1000 kr. er ekki nema lítið brot, borið saman við kostnað sýslunnar til þessa hvorstveggja, en kunna þó að vera nægileg uppörfun til þess að hún ráðist í fyrirtækið.

Jens Pálsson: Jeg vildi leyfa mjer að minnast nokkuð á breyt.til. samgöngumálanefndarinnar við breyt.till. fjárlaganefndarinnar, viðvíkjandi akbrautum.

Mjer hefir verið borið það á brýn, að það sæti ekki vel á mjer að vera með lækkuninni á styrknum til akbrauta, og sumum finnst þessi lækkun vera þess eðlis, að hún komi í bága við vegalögin og stefnu þeirra. En því fer fjarri, að það sje svo að mínum skilningi. Mjer eru vel kunnug vegalögin og umræður um þau hjer á þinginu, og mjer er það fullljóst, að það sem þau fyrst og fremst halda fram, er það, að þjóðvegum, einkum póstvegum, sje haldið í góðu standi. Í lögunum á að vera trygging fyrir því, og það er skylda, sem þau leggja á allt landið.

Hinar lögboðnu akbrautir eru ákveðnir vegakaflar, fremur stuttir og ekki margir, og í umræðunum um lögin kom það ljóslega fram, að það ætti að leggja þessa kafla eptir því, sem fjárveitingarvaldið sæi sjer fært að veita fje til þeirra; það var öldungis ekki meiningin að það ætti að drífa þá fram á örstuttum tíma. Einkum var það h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem sveigði ýmislegu að mjer viðvíkjandi breyt.tillögunni. Hann fór mjög sterkum orðum um það, að jeg hefði algjörlega misst trúna á akbrautunum, en enginn annar þm. Hann sagði (jeg skrifaði hjá mjer orðin um leið og hann sagði þau) að jeg hefði lýst því yfir að jeg hefði enga trú á þeim. Mjer komu þessi orð alveg að óvörum, því jeg hefi aldrei lýst slíku yfir og það er langt frá því að jeg hafi misst trúna á akbrautunum. Þessi orð h. þm. Eyf. (Kl. J.) eru því tilhæfulaus, og vil jeg út af þeim geta þess, að það þarf ekki mikinn mann til að taka munninn fullan af tilhæfulausum stóryrðum; en sjeu þau látin úti, lenda þau optast framan í þeim sem úti ljet, honum til lítils fagnaðar. H. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir nú orðið þetta á í þetta skipti, því jeg hefi aldrei látið neitt þesshättar í ljósi, sem hann skýrði frá. En ekki nóg með þetta, — í orðum þingmanns lá aðdróttun að mjer, þótt hann líklega hafi ekki meint neitt í þá átt. Eða hvernig mundi jeg geta staðið undir þeirri tillögu, að verja á fjárhagsárinu 60,000 kr. til akbrauta, ef jeg hefði enga trú á akbrautunum? Væri það ekki samvizkulitið af þingmanni að vilja verja stórfje til þess, er hann hefði enga trú á?

Sem sagt, það að jeg lagði til að veita 30 þús. kr. árlega til akbrautanna, hefði átt að geta sannfært h. þm. um, hvað það er grunnt hugsað hjá honum, að reyna að telja mönnum trú um, að jeg hefði breytt skoðun minni á þeim. Jeg er alveg eins sannfærður um gagn þeirra nú sem áður. Jeg hefi einmitt lýst yfir því, að með vegalögunum er stigið rjett og stórt stig. En jeg get fyllilega viðurkennt það, að mjer finnst liggja í loptinu nú, að reyna til að útvega landinu meiri, hentugri og betri samgöngufæri, svo framarlega sem þau samgöngufæri geta borið sig. Jeg get ekki tekið góða og gilda ástæðu þá, sem kom svo sterklega fram í orðum h. þm. Eyf. (Kl. J.), að hann ímyndaði sjer að þriðjungsbrautir geti ekki borgað sig. Það að mynda sjer eitthvað, er ekki mikil

sönnun. Þegar jeg lagði það til, að styrkurinn til akbrauta væri færður niður, var ekki annað, sem vakti fyrir mjer en það, að ef að því kæmi áður langir tímar liða, að byggja mjóbrautir af járni hjer á landi, þá hlyti hin fyrsta af þeim að verða lögð frá Reykjavík og austur í Árnessýslu, af því það borgaði sig bezt. Jeg hygg þá að járnbrautin yrði lögð yfir brúna á Ölfusá og svo þar áfram, en þá mundi hún liggja einmitt á sama svæði og hin fyrirhugaða akbraut. Ef maður fengi nóg fje til að enda við akbrautina að Þingvöllum og Mosfellsheiðarbrautina, og máske eitthvað meira, þá væri rjettast að láta svæðið milli brúnna bíða, einmitt af því, að væntanleg járnbraut yrði lögð þar. Þetta álít jeg vera í fullri samræmi við vegalögin; eins og jeg hefi þegar tekið fram, ætlast þau ekki til að akbrautir sjeu gjörðar öðruvísi en eptir hentugleikum. Aðalpóstvegurinn liggur þvert yfir Flóann milli ánna, og hefir til hans verið varið miklu fje; jeg get ekki skilið í, að það sje óvinnandi að halda honum færum um stund; vitanlega er dálítill krókur af brúnum á hann, en það er þó engin frágangssök. Jeg get vitnað til þess, sem h. framsögum. (Þ. B.) sagði, þegar hann talaði um hina fyrirhuguðu brúargjörð á Langá, að brúargjörðir eru áreiðanlegar samgöngubætur og áreiðanlegri en akbrautir. Brýrnar á Ölfusá og Þjórsá eru mikilvæg og nytsöm verk; þær eru nú komnar á, og jeg vorkenni ekki sýslunum þar, þó þær verði að bíða eitt ár eða tvö eptir akbraut milli þeirra.

Eptir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um þessar járn-mjóbrautir, get jeg ekki verið svo fyrirfram ákveðinn móti þeim, að álíta þær ómögulegar, en jeg vil fá það mál upplýst betur, svo menn ekki vaði í reyk. Sú óvissa, sem þar er, hlýtur að hafa töluverð áhrif á vegagjörðirnar.

Mjer finnst sem mörgum vaxi í augum kostnaðurinn við flutningsbrautirnar; en þær eru þó ekki eins mikil og dýr mannvirki, eins og margir halda. Þegar þess er gætt að akbrautirnar að Hvítá og Þingvöllum eru á skömmum tíma því nær búnar, þá held jeg það muni ekki standa marga mannsaldra, að koma áfram hinum lögboðnu brautaspottum, svo framarlega sem þeim fyrir tækjum er haldið áfram með líkum hraða og hingað til.

Mjer þykir annars leiðinlegt að heyra þessar stöðugu árásir á vegalögin, og einkum flutningabrautirnar, sem eru að eins níu vegaspottar, og sumir stuttir.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) sagði, að trú á akbrautum væri að rjena, og í sumum hjeruðum væri engin trú á þeim. Það eru líklegast þau hjeruð, þar sem engin von er til að akbrautir verði lagðar, samkvæmt vegalögunum. Hann bar fyrir sig ummæli þingm. úr akbrautasýslum hjer syðra. Jeg er viss um að þess þingmanns orð hafa verið misskilin, því um fátt mun þeim sýslum þykja vænna en hinar væntanlegu akbrautir. Yfir höfuð að tala hefi jeg ekki heyrt neinn reyna til að leiða rök að því, að stefna vegalaganna sje skökk; en í brjóstum manna er að vakna vonin um járnbrautir, og af því hefir leitt, að minna hefir borið á áhuganum á akbrautum. En jeg tek það fram, að þó sá tími kæmi, að járnbrautir væru lagðar, þá væri þó enginn skaði skeður, þó akbrautir væru lagðar áður. Þær gætu einmitt orðið til stórmikils gagns við alla flutninga, sem þyrfti við byggingu járnbrautanna.

Í sambandi við þetta vildi jeg taka

það fram, að jeg er fjárlaganefndinni þakklátur fyrir að hafa fært 5000 krónur yfir á póstvegina. Þeim er víða mjög ábótavant, einkum eru þeir vegir í bágu standi í Vestfirðingafjórðungi. Á aðalpóstleið um vesturland eru hinar verstu vegleysur. Þegar kemur vestur fyrir Bröttubrekku byrja vegleysur; þar eru veglausar kvíksyndismýrar og ófærar ár og ekkert fje til að brúa þær með; í Miðdölunum er póstvegurinn hreint og beint óforsvaranlegur og þó kastar tólfunum, þegar kemur lengra vestur, vestur í Geirdal. Það má þó ekki minna vera, en að sjáist til vega á póstvegum og að þeir sjeu nokkurnveginn færir; minni kröfur er ómögulegt að gera. Það dugir ekki að setja póstvegina svona hjá; þeir hafa hingað til verið hafðir út undan, og því á fjárlaganefndin þakkir skilið fyrir, að hún hefir nú haldið þeim fram.

Jeg þykist nú hafa gjört nægilega grein fyrir breyt.till. minni. Annars er mjer ekkert kappsmál um fjárlækkun til akbrautanna.

Þá vildi jeg minnast á ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.), um breyt.till. hans á þingskj. 235. Hann hafði leitað upplýsinga um gufubát þann, er nú gengur hjer á Faxaflóa, bæði hvað snertir fólksflutninga og vöruflutninga. En þær upplýsingar eru ónógar til þess að dæma um það, hvort einn bátur er nógur fyrir suðurströnd landsins eða ekki. Til þess hefði hann líka þurft að hafa upplýsingar um gufubátinn »Odd«, sem hefir gengið þar nú á seinni tímum. Ef hann hefði haft það, hefði verið hægt að byggja mikið meira á ræðu hans, viðvíkjandi því, hvernig þeir flutningastraumar, sem nú eru, gætu sameinað sig um einn bát. Það getur vel farið svo, að Árnessýsla og Rangárvallasýsla verði að hafa einn bát fyrir sig, en það er mjög efasamt, hvort landssjóður ætti að kosta þann bát, því sá bátur mundi mest verða notaður í þjónustu verzlana þeirra, sem hafa mest viðskipti við þessi hjeruð. En bátur, sem færi frá Faxaflóa og austur í Skaptafellssýslur, þyrfti meiri styrk en bátur, sem að eins fer fram með ströndum í Árness- og Rangárvallasýslum, sem hefir miklu minni ferðir, þar sem svæðið er minna. Jeg held, að jeg kynni betur við að skipta styrknum, láta þessar 6000 kr. halda sjer handa sameiginlegum bát, en veita svo sjerstakan styrk til báts, sem fari frá Eyrarbakka og til Rangársanda. Jeg mun þó greiða atkvæði með þessari tillögu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) við þessa umr., því jeg vil ekki svipta Rangæinga og Árnesinga þeim hlunnindum, sem þeir hafa. En jeg vil bera mig saman við h. þm. um þetta mál, og ef til vill koma fram með breyt till. um það síðar.

Jeg segi þetta í sambandi við það, að bátur sá, sem nú gengur á Faxaflóa, hefir reynzt alveg ónógur og lítt hæfur til mannflutninga. Hann er reyndar nógu sterkur, en það er ýmislegt að honum að finna; hann er t. a. m. skýlislaus. Það er mikil nauðsyn á því, að styrkurinn gæti orðið svo ríflegur, að einhver tengist til að halda úti betri bát fyrir hann en þessi er. Það er þó ekki loku fyrir þetta skotið eptir tillögu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.). Það er einmitt aðalkostur hennar, að ef slíkur bátur býðst, þá má taka því boði. Jeg játa það, að það er mjög hentugt fyrir Árness- og Rangárvallasýslur að hafa sjerstakan bát, en ef þar af leiddi, að Faxaflói væri bundinn við lítt færan bát, þá væri betra fyrir þau hjeruð, sem að honum liggja, að vera í sambandi við austursveitirnar, heldur en að vera það ekki.

Jeg álít það ekki nema sanngjarna beiðni, sem komið hefir fram um að brúa Langá. Hún er löng, eins og nafnið bendir á, og mjög ill yfirferðar. Mýrasýsla er annars mesta vandræðahjerað, þegar um vegagjörðir er að ræða; þar eru einlæg fen og forræði. Þar hefir miklu fje verið varið til vegabóta, og sjer þó valla högg á vatni. Sýslan hefir við mikið að stríða, og það er gustuk að hjálpa henni til að brúa sína verstu á. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Þeir ættu að brúa eina á sjálfir fyrst). Þó þeir legðu á sig fjórfalt vegabótagjald, þá er efasamt, hvort þeir gætu gjört vegina hjá sjer nokkurn veginn færa. Jeg álít það því mikinn ábyrgðarhluta að neita þeim um þennan styrk.

Þorlákur Guðmundsson: Umræðurnar um þennan kafla eru þegar orðnar svo langar, að jeg mun fara sem styzt yfir sögu og minnast að eins á einstök atriði.

Þá er fyrst að tala um aukalæknirinn í Árnessýslu, þótt þar þurfi reyndar ekki að eyða mörgum orðum að, þar sem bæði stjórnin hefir tekið hann upp á frumv. sitt og h. fjárlaganefnd aðhyllzt þá tillögu. Stjórnin hefir tekið það fram í ástæðum sínum með þessum lið, að nú væri einmitt hentugur tími til að stofna þar aukalæknisembætti, þar sem læknisembættið væri óveitt, og að í öðru lagi væri þörf á þessum aukalækni, þar sem hjer væri að ræða um eitt hið stærsta og fjölmennasta læknishjerað á landinu. Þó það því í sjálfu sjer kunni að vera rjett, sem tekið hefir verið fram, að ekki sje ráðlegt að fjölga mjög aukalæknaembættum að sinni, þar sem ekki sjeu til læknar í þau, þá getur sú ástæða, sem færð hefir verið gegn fjölguninni, ekki vel átt hjer við, af því að svo sjerstaklega stendur á, sem jeg hefi minnzt á, og ekki að vita, hvenær jafnhentugt tækifæri býðst til að stofna aukalæknisumdæmi í Árnessýslu sem nú.

Það hefir allmikið verið talað um vegagjörðastefnu vora, og því jafnvel verið varpað fram, að rjettast mundi að hætta við akbrautagjörðina. Það mætti heita stór atburður, ef þetta yrði ofan á, þrátt fyrir það þótt eigi sje fundin önnur betri stefna. Sjerstaklega væri það ósamboðið þinginu, sem hefir nýlega samþykkt þýðingarmikil lög um vegagjörðir, að kippa nú þegar fótunum undan þeim, áður en þau eru nokkuð verulega farin að sýna sig í reyndinni eða komin til fullrar framkvæmdar. Það væri apturför en eigi framför í samgöngumálum vorum og bæri vott um festuleysi eins og h. þingm. Strand. (Guðj. G.) hefir tekið fram í blaðagrein. Hann er annars sá, sem mest hefir talað um það, að trúin á akbrautir væri að hverfa hjá þjóðinni. Mjer er ókunnugt um það, og jeg veit ekki, hvaða trú ætti að vera komin í staðinn fyrir hana; járnbrautatrú getur það varla verið, því að það mun óhætt að segja, að járnbrautahugmyndin sje enn þá að eins í loptinu og hugmynd einstakra manna, og með öllu órannsakað enn, hvort hún er framkvæmanleg eða ekki eða ber sig hjer.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) las upp margar tölur um það, hvernig landsfje hefði verið varið til samgangna á sjó og landi. Skýrsla h. þm. (Guðj. G.) var að vísu fróðleg, sjerstaklega fyrir seinni tíðar menn, og jeg efast ekki um, að hún hafi verið dregin rjett út úr landsreikningunum, að tölurnar hafi verið rjettar; en um hitt verð jeg að efast, að hann hafi dregið rjettar ályktanir út af þessum tölum, og er jeg í því samdóma h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.).

H. þm. taldi t. d. með allt það fje,

sem kastað var í Svínahraunsveginn, til reynslu fyrir allt landið, en ekki til meira gagns til vegabóta, en þó því hefði verið kastað í Strandasjó. Það er ekki eins dæmi hjer, að menn hafi þurft að þreifa fyrir sjer, og að nokkuð gangi í súginn við það. Þetta hefir átt sjer stað um alla víða veröld, og vjer urðum að gjalda vort reynslugjald til þess að komast að raun um, hvort vjer gætum gert viðunanlega vegi með innlendum mönnum og innlendri þekkingu. Það er næsta mikið efamál, hvort vjer værum þó komnir eins langt í vegabótum, ef samgöngufjenu hefði verið skipt jafnt milli landsfjórðunganna eptir fólkstölu eða öðrum slíkum mælikvarða; jeg fyrir mitt leyti held, að vjer værum það ekki, og jeg vil beina þeirri athugasemd til h. þm. (Guðj. G.), sem jeg veit að er bæði búfræðingur og góður búmaður, hvort honum þætti það búmannshnikkur að sljetta smábletti á víð og dreif í túni sínu, sem hvergi væri sátublettur og hvergi næði saman eða út úr túninu, eða hlaða smágarðspotta með bili á milli kring um túnið. Mundi honum ekki þykja ráðlegra að hafa sljetturnar sem mest saman og garðinn sem mest saman hangandi. En líkt færi oss, ef vjer bútuðum fjenu niður milli fjórðunganna og færum að byggja tóma brautarstúfa. Það er ekki rjett, að fje það sem varið hefir verið til vegabóta hjer í suðuramtinu komi að eins einni sýslu að notum; það eru 4 sýslur, sem hafa gagn af því, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Skaptafellssýsla, og jeg verð að neita því, að vjer þingmenn úr þessum sýslum höfum seilzt eptir fje úr landssjóði handa kjördæmum vorum með nokkrum óleyfilegum meðulum; ef það ámæli nær til nokkurs, þá ætti það einna helzt að ná til löggjafarvaldsins, sem veitt hefir fjeð, og landstjórnarinnar, sem hefir ákveðið að fjenu skyldi varið á þann veg, sem gjört hefir verið, og jeg vona, að það muni í framtíðinni verða bæði löggjafarvaldi og landsstjórn til sóma, hvernig þau hafa varið fjenu.

Mig furðar því meir, að h. þingm. (Guðj. G.) hefir verið að koma með eptirtölur um fje það, sem varið hefir verið til vegabóta í Sunnlendingafjórðungi, sem til grundvallar fyrir fjárveitingunni hefir legið sú hugsun að nokkru leyti, að það að leggja akvegi um þau hjeruð, sem gjört hefir verið, mundi einna öflugast meðal til þess, að beina ferðamannastraum inn í landið. Þegar vegurinn er lagður með fram með því marki fyrir augum, þá sýndist sjálfsagt að byrja á, að leggja hann frá höfuðstað landsins áleiðis til þeirra staða hjer á landi, sem frægastir eru í útlöndum, og útlendinga fýsir mest að sjá.

Jeg skal játa það, að jeg var í fyrstu efablandinn, að fylgja akbrautastefnunni, af því jeg sá fyrir, að akbrautir mundu bæði verða dýrar að fyrstu gerð, og viðhalds-kostnaður þeirra allmikill. En nú er þó svo komið, að bæði jeg og aðrir hafa hallazt að henni, og á meðan eigi er fundið annað betra til samgöngu-fyrirgreiðslu á landi, sýnist sjálfsagt, að halda við þessa stefnu.

Það er vitaskuld, að þótt vjer færum að innleiða þriðjungabrautir, þá mundum vjer eins eptir sem áður þurfa hestvegi, svo að vjer yrðum samhliða að kosta tvenns konar vegalagning, þótt auðvitað sje að vísu, að vegir fyrir hestafætur eingöngu sjeu ódýrari en akbrautir.

H. þingm. Dalam. (J. P.) minntist á gufubátaferðir um Faxaflóa og með fram suðurströnd landsins, og þarf jeg ekki beinlínis að svara miklu því sem hann talaði um þær, því að mjer skildist

hann hallast að viðaukatill. h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) og okkar fleiri. Það stendur svo á, að um þetta svæði getur einn stór gufubátur naumast jafnvel fullnægt þörfum manna, eins og tveir minni bátar, því að viðkomustaðir eru svo margir, og hafnir svo viðsjálar. Viðaukatill. er ekki því til fyrirstöðu, að stærri bátur en Elín gangi um svæði þetta, ef hann fæst og þörf krefur, eins og jeg játa, að muni vera, að sumu leyti.

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. landsh. kvað það koma ógreinilega fram hjá fjárlaganefndinni, hvað koma ætti í staðinn fyrir þann styrk, sem nefndin hefir lagt til að veittur væri fiskiveiðafjelaginu »Dan« fyrir að flytja póst til útlanda 14. hvern dag um sumarmánuðina. Hæstv. landsh. þótti óákveðið bæði þar sem talað er um sumarmánina og 14. hvern dag, og jeg játa, að þetta er ekki svo ákveðið sem skyldi. En það kemur til af því, að nefndin hafði eigi fengið fullskýrar upplýsingar frá fjelaginu, þegar hún samdi tillögur sínar. Nefndin hafði fengið brjef frá formanni fjelagsins, þar sem hann býðst til að koma hingað og taka póst, en orðar ekki tilboð sitt greinilegar en gjört er hjá nefndinni. Hann skýrir frá því, að skip fjelagsins hafi að undanförnu flutt eigi svo lítinn póst frá Vestfjörðum, og það hafi upphaflega verið gjört með ánægju. Þegar svo þessir póstflutningar fóru að aukast, kvað hann það hafa haft þá afleiðingu, að skipin hafi orðið að greiða í Englandi 10 Lstr. eða 180 kr. í hverri ferð meira en áður, fyrir hækkað hafnargjald póstflutningsins vegna. Fjelaginu þykir nú of mikið að leggja þetta í sölurnar um fram ómak það, sem það hefir af póstflutningnum, og hefir því farið fram á, að sjer væru borgaðar þær 5000 kr., sem hjer ræðir um, og er það lítlu meira en gjald það, sem skipin verða að greiða vegna póstsins í Englandi.

Jeg gat þess, að fjárlaganefndin hefði að eins fengið ógreinilegt tilboð frá fiskiveiðafjelaginu »Dan« um póstflutning til útlanda, þegar hún samdi álit sitt; en síðan hefi jeg fengið gleggri upplýsingar; jeg hefi talað við mann, sem má sín mikils í því fjelagi, og skýrði hann mjer frá því, að fjelagið mundi byrja ferðir sínar hingað seint í marz eða snemma í apríl, og halda þeim áfram þangað til í september. Um ferðirnar get jeg að öðru leyti gefið þær upplýsingar, að það mun varla þurfa að semja fasta ferðaáætlun, því að svo stendur á með þessar ferðir, að fimmtudagur er beztur markaðsdagur á Englandi fyrir fisk í hverri viku, og til þess að vera komið þangað þann dag, þyrfti skipið að leggja á stað hjeðan á mánudag; það yrði því annan hvern mánudag, sem vjer hefðum ferðir hjeðan, ef samningar komast á milli fjelagsins og stjórnarinnar.

Hæstv. landshöfðingi talaði um, að ef skipið kæmi hingað 14. hvern dag, þá gætum vjer ekki komið svari upp á brjef þau, er það flytti, fyr en eptir 28 daga. En á þessu má ráða bót á tvennan hátt, annaðhvort með því að setja það skilyrði, að skipið liggi hjer ekki skemur en t. d. 6 klukkutíma í hvert skipti; en á þeim tíma geta menn hjer í bænum optast nær svarað nauðsynlegustu brjefum; en brjef annarstaðar frá mundu vera komin degi fyrr á pósthúsið, og liggja þar tilbúin, þegar skipið kemur.

Í öðru lagi væri hægt að setja það skilyrði við fjárveitinguna, að skipið kæmi við hjer í Reykjavík, bæði þegar það kemur frá Englandi á leið til Vestfjarða, og aptur þegar það fer frá

Vestfjörðum til Englands. Þó get jeg búizt við, að fjelaginu kunni að þykja það vera til nokkuð mikils mælzt. — Við þetta tækifæri skal jeg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar um fjelag þetta, vegna ummæla h. þm. Vestm. (V. G.) um daginn; hann sagði þá, að það væri því nær gjaldþrota, og að hlutabrjef þess væru ekki meira virði á »Börsen« í Kaupmannahöfn en 5% af ákvæðisverði þeirra. Jeg talaði um þetta við mann þann, er jeg nefndi áðan, sem bæði er gagnkunnur fjelaginu, og sjálfur á 10,000 krónur í því. Hann sagði, að þessi frásögn væri ekki sönn, og gæti ekki verið það, af þeirri gildu ástæðu, að ekkert hlutafjelag fengi að »notera« verð á hlutabrjef sín á kaupmannahúsinu, nema höfuðstóll þess væri að minnsta kosti 500,000 krónur, en svo mikill væri ekki höfuðstóll fjelagsins, og því bætti hann við, að hann mætti vera í mikilli peningaþröng, ef hann vildi selja hlutabrjef sín fyrir minna en 50%. Það þykir almennt mjög illa gjört, að bera út óáreiðanlegar sögur um menn eða fjelög, til að veikja traust manna á þeim, en allra helzt ættu menn þó að vera varkárir með að bera út óhróður um aðra hjer í þingsalnum.

Það er auðvitað að fjelaginu dytti ekki í hug að láta skip sín koma hingað tvisvar í mánuði allt sumarið fyrir einar 5000 kr.; því mundi ekki hafa komið til hugar að bjóða þetta, ef það ætti ekki erindi hingað til að sækja fisk og ís til Ísfjelagsins. Mjer þykir það vel við eiga, að Ísfjelagið hjálpi landsmönnum til að fá hingað póst 14. hvern dag, og á hina hliðina, að landssjóður styðji aptur Ísfjelagið til þess, að fá hingað reglubundnar og fast-ákveðnar skipaferðir.

Þá er að minnast á verkfræðinginn. Hæstv. landshöfðingja þótti ekki nógu nákvæmlega ákveðið hjá fjárlaganefndinni, hvernig ferðakostnaður hans skyldi greiddur. Að svo stöddu skal jeg ekki segja neitt ákveðið um það fyrir hönd fjárlaganefndarinnar í heild sinni; hún þarf að tala sig betur saman um það. En mitt álit er það, að hann eigi að fá sem minnstan ferðakostnað, því að laun hans eru all-há, og mjer liggur við að segja of há, þegar tekið er tillit til þess, að vinnutími hans er ekki lengri en 6—7 mánuðir af árinu, og jafnvel skemmri; mjer er ekki kunnugt um, að hann starfi nokkuð verulegt í landsins þarfir allan hinn tímann; jeg hef ekki sjeð neitt skrifað eptir hann í hans verkahring. Jeg hef átt kost á, að sjá ferðakostnaðarreikning þessa manns 1894, sem var rúmar 300 kr.; hann reiknaði sjer þar 2 krónur fyrir hestinn á dag, og sömuleiðis borgun fyrir greiða á bæjum. Þennan reikning hefir landsböfðingi úrskurðað og fært niður í 175 krónur. Landshöfðingi reiknaði 1 kr. 25 a. fyrir hestinn á dag, og ákvað, að verkfræðingurinn skyldi ekki fá endurgoldna borgun fyrir næturgreiða. Jeg held að fjárlaganefndin muni geta aðhyllzt sömu reikningsfærslu og þá, sem landshöfðingi hefir úrskurðað, þá aðferð að reikna væga leigu fyrir hesta, og enga borgun fyrir næturgreiða; verkfræðingurinn þarf að borða, hvort sem hann er á ferð eða heima. Væru launin lág, þá væri öðru máli að gegna með ferðakostnaðinn. Þetta mun annars verða betur athugað til 3. umr.

Nokkrir hafa talað um, að þau ákvæði fjárlaganefndarinnar gætu verið óhagfelld og jafnvel hættuleg fyrir verkfræðinginn, að hann eigi að vera hjeraðastjórnum til aðstoðar, en þar sem það er tekið fram, að það skuli vera við hinar stærri samgöngubætur, þá hygg jeg að hættan sje lítil. Mjer er

óskiljanlegt, að t. d. bæjarstjórn Reykjavíkur hafi eptir ákvæðinu heimild til að nota hann til vegagjörða hjer í bænum eða annars því líku.

Það hefir og mikið verið talað um vegagjörð og sjerstaklega um akbrautirnar; slíkt er eigi heldur svo mikil furða, því að hjer er um mjög áríðandi mál að ræða, en hverflyndi þætti mjer það af þinginu, ef það vildi nú þegar fara að hverfa frá 15 mánaða gömlum og lítt reyndum lögum.

Það er satt sem h. 1. þm. G.- og Kj. (Þ. Th.) sagði, annaðhvort er rjett að stryka út þessar 5000 kr., sem til flutningabrauta eru ætlaðar, eða þá halda þeim óskertum, því að sje hjer um óþarft verk að ræða, þá á ekki að greiða einn eyri til þess, en hafi menn trú á, að flutningabrautirnar komi að góðum notum, þá er þetta fjárframlag ekki of mikið.

Jeg vona að þegar h. þm. Strand. (Guðj. G.) hugsar málið betur, þá muni hann ekki ófús á, að greiða atkvæði gegn breyt.till. sinni, og það því fremur, sem ræða hans og hin langa og leiða töluromsa gekk miklu meira út á að sýna, að suðuramtið hefði borið betra úr býtum en hinir fjórðungarnir, heldur en hitt, að sýna fram á, að akbrautir væru svo óhentugar, að eigi væri verjandi fje til þeirra.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) verður að gæta þess, að verði 20,000 kr. á ári dregnar af vegabótafjenu nú, þá leiðir af því, að Norðlendingafjórðungur og Vestfirðingafjórðungur fá því seinna fje til vegabóta hjá sjer, því það liggur í augum uppi, að fyrst hlýtur þó að verða lokið við brautir þær, sem langt komið er með að byggja, og því lengur sem það dregst, að lokið sje við þær, því seinna fá hinir fjórðungarnir stórar upphæðir úr landssjóði til að gjöra nauðsynlegar vegabætur hjá sjer, en þegar búið er að ljúka við veginn milli brúnna má gjöra ráð fyrir, að farið verði að snúa sjer að vegagjörð í hinum landsfjórðungunum.

Hjer var einu sinni sú stefna, að veita fje til fjallvega, svo kom Hovdenak hingað til lands, og kvað þessa stefnu ekki vera rjetta; skynsamlegast væri að leggja mesta stund á að byggja fyrst vegina þar, sem flestir hefðu gagn af þeim. Þessi skoðun ruddi sjer til rúms, og hingað til hefir það ekki verið hrakið, að hún væri rjett.

Af því að jeg býst við, að h. þingm. Strand. (Guðj. G.) muni sjálfur hafa þessa skoðun, þá vona jeg að hann játi, að rjettara hefði verið, að byrja heldur á vegagjörð í Árnessýslu en í Strandasýslu, og að skynsamlegra sje að byrja á að kosta dýra brúagjörð í Árnessýslu heldur en í Strandasýslu, þar sem tífalt færri ferðamenn og búsettir menn í grenndinni hafa gagn af henni.

Jafn-óeðlilegt eins og að telja eptir Sunnlendingum vegabótafjeð, finnst mjer hitt vera, að telja eptir Vestfirðingum, að þeir hafi meira gagn af strandferðunum, en Sunnlendingar; það er afleiðing af landslaginu; þeir hafa fleiri og betri hafnir, og þess vegna er eðlilegt að strandferðaskipið komi þar fremur en á Eyrarbakka, sem er ómöguleg höfn fyrir stór gufuskip. Mjer finnst ekki rjett, að koma hjer fram með hreppapólitík, þótt þeirri reglu sje fylgt, að verja fyrst og fremst vegabótafjenu til þeirra hjeraða, þar sem liggur í augum uppi, að það muni koma að mestum notum; það er sú pólitík, sem hver skynsamur maður og hver hagsýn landsstjórn fylgir.

Mjer virðist einnig, að breyt.till. 276 beri keim af hreppapólitík, þar sem farið er fram á, að fá augnalækninn eingöngu til Seyðisfjarðar, rjett eins

og ekki væru víðar augnveikir menn á landinu en þar.

Fjárlaganefndin hefir átt tal við læknirinn um þetta efni, og áleit hann það ekki heppilega ráðstöfun, ef hann yrði látinn vera burtu langan tíma um hásumarið, einmitt þann tíma ársins, sem gufuskipaferðir eru tíðastar kring um landið, og fólk á hægast með að leita til hans hjer í Reykjavík.

Nefndin hafði hugsað sjer, að sá lengsti tími, sem hann mætti vera að heiman, væri sá, að hann brygði sjer til Ísafjarðar snöggva ferð, ef haganlega stæði á ferðum, eður í lengsta lagi, að hann færi eina ferð kring um allt landið

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að þingið mætti ekki þvinga landsmenn til að brúka svo og svo stóra gufubáta. Þetta er að nokkru leyti rjett, þar sem gufubátaferðir eru þegar komnar á, og því fellst jeg á breyt.till. hans. En þar sem slíkar ferðir eru ekki komnar á, þar álít jeg nauðsynlegt að setja skilyrði um stærð bátanna, því að það er mjög óráðlegt, að veita 6—10,000 kr. handa smábollum, sem mönnum og farmi er hætta búin á. H. þm. (Guðl. G.) kannast víst við, að ekki vantaði mikið á í vor að «Elín« færist með öllu, þegar hún fór frá Vík til Vestmannaeyja, og jeg vona að það atvik hafi sannfært hann um að ekki sje ófyrirsynju að setja stærðar skilyrðið fyrir fjárveitingunni, þar sem nokkur von er um, að fá því fullnægt.

Þá skal jeg minnast fám orðum á tillögu h. þm. Mýr. (H. D.) um gufubát á Hvítá. Hann kvað bát þennan mundi í mesta lagi flytja 1500 hestburði upp eptir ánni. En jeg spyr h. þm. Mýr. (H. D.), hvort Borfirðingar mundu vilja gefa meira en 50 aura fyrir að flytja hestburðinn úr Borgarnesi upp þangað sem grynningar taka við. Jeg held h. þm. (H. D.) hafi ekki gjört sjer glögga grein fyrir, hvað hann fer hjer fram á. Hann biður um 1000 kr. úr landssjóði til vöruflutninga, sem annars mætti með hestburði fá fyrir 750 kr. Þess utan veit hann sjálfsagt ekki, að hve miklu leyti þessar 1000 kr. nægja til að afborga bátinn, fyrir mannahald, kol og olíu o. s. frv. Það kemur svo opt fram, að menn segja, þetta og þetta sje nauðsynlegt, landssjóður verði að kosta það, en þeir gæta þess lítt, hvað fæst í aðra hönd. Skýrsla sú sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) las áðan upp, um vöruflutninga og farþegja með »Elínu«, gaf oss ágæta bendingu í þá átt. Það er ekki nóg að einblína á þörfina, heldur verður líka að gæta að því, hvort tilvinnandi sje, að leggja svo og svo mikið fje fram, til að fullnægja þessari þörf. Ef vjer hefðum nóg fje til að fullnægja öllum þörfum, þyrftum vjer ekki að vera að vega þær á metaskálum, heldur orðalaust leggja fram fje t. d. til að kaupa fyrir eimskip og byggja »mjóbrautir« m. fl. Jeg hefi opt fundið góðan vilja hjá h. þm. Dal. (J. P.) í samgöngumálum vorum, en sorglega vanþekkingu samfara þessum góða vilja; jeg skal sanna þetta með því sem hann sjálfur sagði áðan. Hann sagði svo: »Jeg hugsa mjer að þriðjungabrautin liggi hjer austur eptir, og yfir brýrnar á Ölvusá og Þjórsá«. Hefir h. þm. (J. P.) vissu fyrir að brýrnar yfir þessar ár sjeu svo sterkar, að þær geti borið járnbrautalestir? Þetta hefði hann þurft að vita áður en hann gengst fyrir að eyða miklu fje úr landssjóði til slíks fyrirtækis. Mjer heyrðist einnig að h. þm. Dal. (J. P.) segja, að ef mjóbrautirnar reyndust ekki hentugar, þá mætti nota þær fyrir akbrautir. (*J. P.*: Það sagði jeg ekki); nú sje það ekki meiningin að nota þá vegi og þær brýr sem komnar eru, undir járnbrautirnar, þá verður að búa til nýja vegi

og nýjar brýr, og mun þá reikningur h. þm. Strand. (Guðj. G.) verða enn þá voðalegri, um fjárframlagið til Sunnlendingafjórðungs, þegar sá kostnaður bætist við það, sem þegar er komið.

Sighvatur Árnason: Jeg get nú verið stuttorður í þetta sinn, en það var að eins út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem mig langaði til að tala fáein orð, þótt nú reyndar bæði h. 1. og 2. þm. Árn. (Tr. G. og Þorl. G.) og h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) hafi svarað honum. Mjer þótti það nokkuð hart, þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) beindi því að mjer, að jeg gjörði lítið úr þeim styrk, sem veittur hefði verið til samgöngubóta hjer í Sunnlendingafjórðungi. Jeg held að h. þm. hafi þar verið að berjast við skuggann sinn, því að mjer hefir aldrei dottið slíkt í hug, en það hefi jeg sagt bæði utan þings og innan, að það væri skylda þingsins að leggja ríflega fje til samgöngubóta á landi í Sunnlendingafjórðungi, þar sem fje það, sem þingið veitti árlega til gufuskipsferða, kæmi þar að svo litlum notum. En þetta tók h. þm. ekki með í sinn mikla reikningsbálk. Jeg skal fúslega játa, að Árnes- og Rangárvallasýsla hafa fengið mikið fje til samgöngubóta, þegar árnar eru nú brúaðar með fl., en það er kunnugt, hvernig gengið hefir að fá þær samgöngubætur, og hvaða baráttu það hefir kostað hjer á þinginu. En svo þegar Ölfusárbrúin var fengin, þá var ísinn brotinn og þá kom Þjórsárbrúin þegjandi á eptir, og hver brúin af annari, svo jeg held að landsmenn megi vera þakklátir fyrir, að Ölfusárbrúin komst á eptir 20 ára baráttu, því að þar með var ísinn brotinn fyrir brúm annara stórvatna. En máske h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefði heldur viljað að þetta fje hefði verið veitt til einhvers fyrirtækis norður á Hornströndum, til þess að engir sæju þetta litla sem hjer er gjört. H. þm. minntist á, að miklu fje væri varið til vegagjörða hjer í kringum Reykjavík. Þetta er að vísu satt, og jeg skal ekkert bera á móti því að svo sje, en er ekki Reykjavík höfuðstaður landsins og er það ekki skylda vor allra, að hlynna að veginum til og frá Reykjavík, sem er fjölfarnastur allra vega á landinu, og sem svo margir erlendir ferðamenn fara um, og verður því öllum landsmönnum til sóma eða vanvirðu, hvernig hann er útlítandi; sama er að segja um vegagjörðina til Þingvalla, hún er mestmegnis gjörð fyrir erlenda menn, sem fara til Þingvalla og Geysis, og þá jafnt fyrir allt landið. Þetta tók h. þm. heldur ekki með í reikning sinn. Það er varlega gjörandi að fara út í slíkan metning eða kasta fram tölum, sem teknar eru af handahófi, því þesskonar framkoma er ekki til þess að bæta samlyndi á þinginu, og þegar því er beint að einstökum mönnum, að þeir vilji draga of mikið til sinna hjeraða. Það sem jeg hefi barizt mest fyrir hjer á þinginu stendur nú öllu landinu til gagns og sóma, t. d. brýrnar á Ölvusá og Þjórsá, því útlendir ferðamenn sjá það á vegi sínum, en það hefði ekki orðið, ef það hefði verið gjört norður á Hornströndum.

Björn Sigfússon: Af því jeg er töluvert lasinn í dag, hefði jeg ekki beðið um orðið, ef ýmsir þm. hefðu ekki verið að gefa læknunum olnbogaskot.

H. þm. Vestm. (V. G.) ljet sjer um munn fara, að hann vildi ekki styðja að nein aukalæknisumdæmi yrðu stofnuð að svo stöddu, en vildi bíða með það mál til næsta þings, því að þá mundi læknaskipun landsins öll tekin til athugunar. H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) hefir nú reyndar svarað þessu svo rækilega, að jeg gæti næstum sleppt að

svara því. Jeg vil að eins bæta því við það sem hann sagði, að jeg held, að þótt samþykkt væri nú að setja aukalækni í Húnavatns- og Árnessýslu, þá mundi það alls ekkert koma í bága við endurskoðun læknaskipunarinnar. Því að báðar þessar sýslur eru svo víðlendar, að sjálfsagt mun þykja — þegar bæta á læknaskipun yfir höfuð — að hafa 2 lækna í báðum þessum hjeruðum. Hvað snertir 3. aukalæknisdæmið, sem komið hefir til orða að stofna, þá verð jeg að játa, að jeg hefi ekki haft tíma til að kynna mjer ástandið í Múlasýslunum nógu vel, þar eð jeg ekki tók eptir breyt.till. fyrri en í dag, vegna þess að hún hefir ekki verið tekið inn á atkvæðaskrána. En þó hygg jeg að þar sje einnig veruleg þörf á lækni. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafði sjerstaklega mikið á móti því, að stofna ný aukalæknisdæmi nú, og hafði sem ástæðu fyrir því það, að sum þau sem stofnuð hefðu verið á þingi 1893 væru óskipuð enn. Er það þá meiningin að það eigi að bíða með að stofna þessi umdæmi, sem hjer er farið fram á, þangað til öll hin eldri eru skipuð? Ef svo er, þykir mjer það kynleg skoðun og svipuð því, ef sagt væri, að ekki væri rjett að veita fjölmenn og góð brauð, ef fátæk og ljeleg brauð stæðu laus, og kúska þannig prestaefnin að fátæku brauðunum. Það getur vel verið að þessi óaðgengilegu læknisumdæmi verði ekki skipuð fyr en eptir mörg ár eða alls ekki, því ekki verða menn neyddir til að sækja um þau; og er þá rjett að láta önnur hjeruð gjalda þess, og neita að stofna þessi aukalæknisumdæmi, af því að enginn varð til þess að sækja um hin? Jeg sje ekki betur en að íbúarnir í hinum fátækari og fámennari umdæmum verði að gjalda þess sjálfir, en ekki rjett að láta það koma niður á öðrum. Jeg skal líka leyfa mjer að geta þess, að í austurhluta Húnavatnssýslu, þar sem farið er fram á, að stofna aukalæknisdæmið, þar búa meira en helmingi fleiri menn en í þeim hjeruðum þar sem slík umdæmi voru stofnuð 1893, t. d. í Eyja- Múla- og Gufudalshreppum, og sömuleiðis í Grunnavíkur og Sljettuhreppum. Svo vil jeg einnig vekja athygli manna á því, að sú sýsla hefir sjerstaklega orðið útundan með lækni. Síðan læknaskipunarlögin 1875 komust í gildi hefir læknaskipunin verið mjög mikið bætt, hjer um bil um land allt. Svo er það bæði á Austurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi, og nú ekki fyrir alls löngu í Þingeyjarsýslu, en í Húnavatnssýslu er þetta öfugt; þar hefir fyrirkomulagið versnað á sama tíma, sem það hefir batnað annarsstaðar. Með lögunum frá 1875 var Blanda látin vera takmörk læknishjeraðins að austan, en með ráðherrabrjefi 16. okt. 1877 breyttist þetta þannig, að stóru svæði fyrir austan Blöndu var bætt við; svæði þetta er bæði stórt og erfitt yfirferðar, og nær alla leið norður á Skagatá. Jeg vænti þess því, að þótt einstöku mótmæli hafi komið fram gegn þessu, þá sje þó meiri hluti h. þingdm. því samþykkur, og það nái fram að ganga. Hjer er ekki um svo mikla fjárupphæð að ræða, að það megi standa í vegi fyrir því, að bæta úr svo mikilli þörf, sem hjer er fyrir hendi. En úr því jeg stóð upp á annað borð, þá er mjer skylt að geta þess, að við þm. Húnvetninga fengum í vor áskorun frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu um, að fylgja fast fram að lagt væri fje til sjúkrahússtofnunar á Sauðárkróki. H. þm. Skagf. (Ól. Br.) hefir nú rækilega talað um þetta mál, og sýnt fram á, hver nauðsyn bæri til þess að slíkur spítali kæmist á fót, og hefi jeg þar engu við að bæta, nema því, að mjer er kunnugt um, að í vor varð

að neita sjúklingum viðtöku á Sauðárkróki vegna þess, að eigi var rúm fyrir þá, og hafa þó Skagfirðingar lagt fram nokkurt fje til að leigja hús fyrir. Jeg vona að menn kannist við, að sjúkrahús eru opt alveg eins nauðsynleg og læknarnir sjálfir. Það er opt að læknirinn getur ekki hjálpað nema hann hafi sjúklinginn allt af undir sinni hendi, einkum þegar um »operationir« er að ræða, og þær hafa verið gjörðar ekki svo fáar hin síðustu ár á Sauðárkrók, því að menn hafa verið svo heppnir að tveir læknarnir, sem þar hafa verið síðast, hafa verið mjög duglegir menn. H. framsögum. (Þórh. Bj.) sagði, að þessi þörf á sjukrahúsi væri sprottin af því, að tveir hinir síðustu læknar á Sauðárkróki hefðu verið svo duglegir menn, en annars mundi framtíð spítalans mjög svo óviss. Jeg held þvert á móti, að sjúkrahússins verði allt af meiri og meiri þörf á Sauðárkrók, og það álít jeg óhugsandi, að þar hætti að vera læknir.

Mjer datt í hug í dag að fara fáeinum orðum um fjárveitinguna til vegagjörða, en það hefir nú verið talað svo mikið um það mál, að jeg get sleppt að fara nokkuð frekar út í það. Að eins skal jeg geta þess, að mjer þykir það nokkuð kynlegt, að það er eins og mönnum finnist meiri nauðsyn á að leggja fje til akbrauta í Árnes- og Rangárvallasýslum, af því að þær hafa nú fengið brýrnar á Þjórsá og Ölfusá; mjer skilst svo sem menn mundu hafa vorkennt þeim minna, ef þeir hefðu ekki fengið þessar brýr; þetta finnst mjer þvert á móti, að þar sem þeir nú hafa fengið þessar miklu samgöngubætur, bæði brýr og vegi, þá geti þeir nú beðið rólegir í næstu 2 ár eptir akbrautunum. En aptur á móti virðist mjer mikil ástæða til að veita fje til að klára kaflann, sem eptir er af veginum til Þingvalla, af því að hann er svo stuttur. Það er víða á landinu sem enn þarf að brúa ár og fje þarf að leggja til þess. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, þar sem nú væntanlega verður innan skamms byggð brú á Blöndu, þar eð lög um það eru nú afgreidd frá þinginu, að þar er mýri vestanvert við hið fyrirhugaða brúarstæði, sem er svo ill yfirferðar að ómögulegt verður að komast að brúnni nema fyrir gangandi menn, ef ekki er lagður vegur yfir þessa mýri; þetta er ekki langur kafli og kostar ekki mjög mikið fje, en ef enginn eyrir er til og búið er að brúka allt fjeð annarsstaðar, þá er ekki hægt að gjöra þetta og því kemur brúin ekki að hálfum notum.

Viðvíkjandi gufubátunum skal jeg geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með tillögum fjárlaganefndarinnar, jafnvel þótt jeg geti búizt við að þurfa að koma með breyt.till. við þær síðar, ef samgöngumálið tekur aðra stefnu hjer á þinginu, en það hefir nú.

Eiríkur Gíslason: Jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á 32. tölul. á atkv.-skr., þá breyt.till. fjárl.nefnd., sem fer fram á breytingu á aukalæknishjeraðinu, sem nær yfir vestari hluta Mýrasýslu og alla Hnappadalssýslu. H. framsögum. (Þórh. B.) hefir tvisvar í dag minnzt á þetta atriði, en jeg þóttist ráða af orðum hans, að hann áliti þessa breyt. ekki verulega nauðsynlega.

Enda þótt hæstv. landsh. sýndi fram á, að breyt.till. þessi væri miður heppileg, og fyrirkomulagið yrði verra en það er nú, finnst mjer þó, að jeg verði að minnast á það með örfáum orðum, þar sem jeg er kunnugri staðháttum þar vestra en nokkur annar maður hjer í deildinni. Nefndin hugsar sjer, að aukalæknishjerað þetta nái milli

Haffjarðarár að vestan og Gljúfurár að austan; og verða þá í því 4 hreppar, nefnil. Kolbeinsstaðahreppur, Hraunhreppur, Álptaneshreppur og Borgarhreppur. H. þm. Mýr. (Halld. D.) minntist á þetta mál í dag, og virtist mjer hann ekki vera hlynntur breyt.-till. nefndarinnar.

Nú sem stendur eru í aukalæknishjeraði þessu 5 hreppar, nefnil. Miklaholtshreppur, Eyjahreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Hraunhreppur og Álptaneshreppur, og býr læknirinn nú á miðbiki þessa svæðis á preststsetrinu Staðarhrauni; mjer er ekki kunnugt, að nein óánægja sje með læknaskipun þá, sem nú er. Hjeraðið er ekki ervitt, eins og það er nú, því þó að vegir sjeu ekki góðir, þá eru þar þó ekki miklar torfærur. Að vísu eru þar nokkrar ár yfir að fara, og er Haffjarðará þeirra mest, en eins og hæstv. landsh. tók fram, þá veldur hún ekki verulegum farartálma, því þó hún sje ófær á öllum vöðum, má komast yfir hana á fjöruvaði. Meðan efri hluti Borgarfjarðarsýslu, fyrir ofan Skarðsheiði, og suðaustur hluti Mýrasýslu eru sameinaðar í einu læknishjeraði, get jeg ekki álitið annað, en Borgarhreppur geti notað lækni í þessu hjeraði, því að læknirinn hlýtur að vera búsettur við Hvítá öðru hvoru megin, að sunnan eða vestan. Er það nálægt 3—4 tíma ferð fyrir lausríðandi mann úr Borgarhreppi, að ná til læknis þessa þar, sem hann er búsettur nú, eins og alkunnugt er þeim, sem verulega þekkja til. Jeg játa reyndar, að leiðin er nokkuð vond yfirferðar, og 3 ár yfir að fara: Norðurá, Þverá og Hvítá, en það er bót í máli, að það má fara yfir þær á ferju allar í einu lagi. Jeg get því ekki sagt, að það sje verulegum erfiðleikum bundið fyrir Borghreppinga að nota lækni, sem er búsettur á Hvítárbökkum, og jeg vona, að h. fjárlaganefnd og deildin líti á þetta, og greiði ekki atkvæði með því, að Borgarhreppur sje skilinn frá því læknishjeraði, sem eðlilegt er, að hann heyri til.

H. fjárlaganefnd vill að vesturhlutinn af aukalæknishjeraði þessu, nefnil. Miklaholtshreppur og Eyjahreppur, það er svæðið milli Haffjarðarár og Straumsár, sje numið í burtu og lagt við læknishjeraðið í Stykkishólmi, sem nær yfir nokkrar sveitir norðan á Snæfellsnesi. Mjer finnst þetta óheppilegt fyrirkomulag. Norður í Stykkishólm er nokkuð langan fjallveg að fara yfir, sem heitir Kerlingarskarð. Jeg játa, að á sumardegi er vegur þessi fremur góður, en aptur á móti á vetrum er hann opt alveg ófær dögum og vikum saman bæði af fannfergju og illviðri. Jeg get dæmt um það af eigin reynslu, því jeg hefi opt ferðazt þar yfir bæði vetur og sumar, og það hefir einu sinni komið fyrir, að jeg hefi orðið að liggja þar úti um hávetur, þótt jeg væri með duglegum samferðamanni. Úr Eyjahreppi og Miklaholtshreppi er ekki minna en 7 tíma hörð reið til Stykkishólms og það yfir fjallveg að fara, þar sem ekki er nema 3—4 tíma reið frá vestustu bæjum í Borgarhreppi til læknisins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Nú vil jeg spyrja: hver meining er í því, að breyta skipun þessa aukalæknishjeraðs, þar sem auðsætt er, að það er miklu óhagfeldara fyrir þær sveitir, sem hjer eiga hlut að máli? Jeg vil því fastlega ráða hinni h. deild til að fella breytingartillögu hinnar h. fjárlaganefndar undir tölulið 32 á atkv.skr.

Jeg ætla ekki að fara út í fleiri greinar eða aðra einstaka liði, og kemur það til af því, að umræðurnar eru

orðnar svo langar, og læt mjer því að eins nægja, að láta skoðun mína í ljósi við atkvæðagreiðsluna.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Í tilefni af ræðu h. þm. Dal. (J. P.), sem nú síðast árjettaði svo sterklega niðurfærsluna til flutningabrauta vegna járnbrautavonarinnar, ætla jeg mjer að eins að lýsa yfir því, að mig brestur algjörlega trúna á það, að þetta þing muni á þessari öld og á fyrsta tug næstu aldar ráðast í að taka framt að 2 miljóna króna lán til þess að leggja járnbraut hjeðan og austur að Þjórsá.

Í annan stað er það röng ályktun hjá h. þm. Húnv. (B. Sigf.), að nú megi þessi vegagjörð milli brúnna bíða, úr því að búið sje að brúa báðar stórárnar.

Það er einmitt Þjórsárbrúin, sem gerir það svo afarnauðsynlegt, að þessi braut komist á, nú á næsta fjárhagstímabili.

H. sami þingm. sannaði sjálfur bezt mál mitt með því, að tala um nauðsynina á skjótri vegabót í Húnavatnssýslu, einmitt vegna Blöndubrúarinnar. Styzta leið yfir Flóann, þar sem brautin á að liggja, er á sumum tímum árs mjög svo illfær, sjálfsagt ekkert betri en þessi mýri við Blöndu.

Þessi fjárveiting til flutningabrautanna hefir í þessum kafla fjárlaganna verið helzta þrætuefnið, en jeg bið h. þm. sjerstaklega að athuga það, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, að þeir eigi svo skyndilega breyti þeirri stefnu, sem þingið hefir fyrir skemmstu hafið og kasti ekki frá sjer þeirri skyldu, að ljúka við hálfnað verk.

ATKV.GR.: Breyt.till. nefnd. við 11. gr. 1. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 11. gr. 2. felld með 12 atkv. gegn 8; breyt.till. nefnd. við 11. gr. 2. (o) samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.tillaga 2., á þingskj. 276, felld með 12 : 7 atkv.; 11. gr. 2. a.—m. sþ í e. hlj.; 11. gr. 2. n. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 11. gr. (3) samþ. með 21 samhlj. atkvæði; 11. gr. samþ. í e. hlj.; breyt.till. 3., á þingskj. 276, samþ. með 14 : 2; breyt.till. við 11. gr. 4. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 11. gr. 5. a.—d. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 11. gr. 5. e. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. við 11. gr. 5., á þingskj. 267, felld með 14 : 7; breyt.till. nefnd. við 11. gr. 5. f. orðin: »til undirb.—1800 kr.«, samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. V. Guðm. við breyt.till. nefnd. (þingskj. 262) samþ. með. 21. samhlj. atkv.; þar með breyt.till. nefnd., nr. 39 (atkv.skr. síðari hluti) fallin; 11. gr. 5. f. breytt samþ. í e. hlj.; 11. gr. frumv. breytt samþ. í e. hlj.; 12. gr. A. 1. a.—c. sþ. í e. hlj.; 12. gr. A. 2. samþ. í e. hlj.; 12. gr. A. 3. a.–g. samþ. í e. hlj.; br.till. nefnd. við 12. gr. B. a. samþ. í e.hlj.; breyt.till. nr. 43 á atkv.skr. frá samg.-málanefnd. við breyt.till. nefnd., við 12. gr. B. b. felld með 18 : 5 atkv.; breyt.till. nefnd. (fyrir: 50,000 komi: 45,000) við 12. gr. B. b. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. B. c. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. B. (nr. 46 á atkv.-skr.): »aðalvega«, breytist í: »þjóðvega«, samþ. án atkv.gr.; 12. gr. B. d. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. B. (nr. 46) síð. lið., samþ. með 17 : 4 atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C. a. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C. b. og c. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C., nýr stafl. e., samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C., nýr stafl. d., samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við. 12. gr. C., nýr stafl. e., samþ. með 21 shlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C. (nr. 50 á atkv.skr.) samþ. með 19 shlj.

atkv.; viðaukatill. við breyt.till. nefnd. frá Guðl. Guðm. o. fl., við 12. gr. C. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 12. gr. C. 2. samþ. með 17 samhlj. atkv.; viðaukatill. frá H. Dan. við 12. gr. C. tek. apt.; breyt.till. nefnd. við 12. gr. C. (nýr stafl. f.) felld með 12 : 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Kl. Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Ein. Jónsson,
Jón Jensson,	Bj. Sigfússon,
J. Jónsson, A.-Sk.	Eir. Gíslason,
Jón Þórarinsson,	Halldór Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Sig. Gunnarsson,	Ól. Briem,
Tr. Gunnarsson,	Sk. Thoroddsen,
Þórður Thoroddsen,	Valt. Guðmundss.,
Þórh. Bjarnarson,	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

12. gr. með áorð. breyt. samþ. í einu hljóði.

Þrítugasti og þriðji fundur, fimmtudaginn 8. ágúst, kl. 11 f. hád. Allir á fundi nema 1. þm. Húnv. (Björn Sigfússon), er hafði tjáð forföll.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 1. nr. 212, o. s. frv.); frh. 2. umr. (13. gr. til enda).

Framsögumaður (*Þórh. Bjarnarson*): Hjer liggja fyrir um 60 breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, og jeg vona, að h. deild fyrirgefi mjer, þó jeg fari fljótt yfir sögu og minnist ekki á þær allar nú; það mundi taka of langan tíma, og þar að auki er nefndarálitið fremur ræki legt, svo hægt er að sjá þar að nokkru ástæður fjárlaganefndarinnar fyrir breyt.till., sem hún kemur með.

Viðvíkjandi prestaskólanum fer nefndin þar fyrst fram á lækkun á ölmusum og húsaleigustyrk. Ölmusurnar verða þó hærri en þær nú eru, þó að nefndin áliti, að ekki mætti fara eins langt í að lækka þær og gert var á þinginu 1893. Styrkveitinguna til að kaupa harmóníum til notkunar við kennslu í tóni og sálmasöng ræður nefndin eða meiri hluti hennar til að fella. Aptur á móti stingur nefndin upp á að hækka styrkinn til ýmislegra útgjalda um 50 kr. hvort árið. Á þessu ári og hinu næsta er aukinn kostnaður við að járnklæða húsið, og auk þess eru nú báðar stofur skólans notaðar við kennslu, þar sem önnur stóð tóm áður, er hefir í för með sjer dálítinn kostnað; fje það, sem í ár var fyrir hendi, hefir ekki hrokkið til, en þessi hækkun er svo lítil, að nefndin vonar að hún verði samþykkt.

Hvað læknaskólann snertir, fer nefndin einnig þar fram á lítilfjörlega niðurfærslu á ölmusum og húsaleigustyrk. Ölmusurnar verða þó líka þar hærri en þær eru nú. Það er aðgætandi, að þessi skóli nýtur ekki styrks af háskólafje eins og prestaskólinn, svo eðlilegt er, að hann fái nokkuð ríflegri ölmusustyrk en prestaskólinn, er nemendafjöldinn er svipaður.

Þá er að minnast á lærða skólann. Nefndin hefir þar komið fram með þá breyt.till., að þóknun sú, sem hingað til hefir verið vani að veita fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans, falli burt. Yfirkennari skólans hefir hingað til haft þessar 300 kr., en þar sem hann hefir fengið lausn frá embætti, er einmitt nú hentugur tími til að fella þetta burtu, því að nefndin álítur, að þessi yfirumsjón heyri beint undir verkahring rektors án sjerstakrar borgunar, þar sem hann býr í sjálfu skólahúsinu, og að það geti jafnvel verið óþægilegt fyrir hann að sumu

leyti, að annar maður hafi æðstu völdin á því svæði. — Þá hefir nefndin stungið upp á annari lítilli breytingu, nefnilega, að færa upphæðina til tímakennslu niður í 1600 kr., eins og hún er á núgildandi fjárlögum. Nefndin finnur ekki ástæðu til að hækka hana upp í 1700 kr., eins og stjórnin fer fram á, en annars get jeg látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins viðvíkjandi þessu.

Þá vill nefndin færa ölmusurnar niður í 5000 kr. hvort árið. Það sýnist ekki þörf á að hafa þær hærri, þar sem aðsókn að skólanum er fullmikil nú. Aptur á móti getur nefndin ekki verið samdóma breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) um, að færa þær enn frekar niður.

Styrkinn til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni, hefir nefndin stungið upp á að fella burt að þessu sinni, en sá styrkur kemur síðar hjá nefndinni fram í annari mynd, sem persónulegur styrkur til þess manns, sem nú á seinni árum hefir gefið út þessar vísindalegu ritgjörðir.

Utanferðastyrkinn til fimleikakennarans vill nefndin láta fella burtu af sömu ástæðum og þingið í hitt eð fyrra. Það hafa margir menn hjer í deildinni mikla trú á fimleikum og gagni þeirra, en ef á að bæta fimleikakennsluna við skólann að nokkru ráði, þá þarf að veita miklu meira fje, þá þyrfti að bæta fimleikahúsið stórum, kaupa ýmisleg ný verkfæri o. s. frv., og nefndin sá sjer ekki fært að veita meira fje til þessa en hingað til hefir verið gert.

Þá hefir nefndin stungið upp á því, að veita 600 kr. styrk á ári til að gefa út íslenzkar kennslubækur handa latínuskólanum. Nefndin var samdóma menntamönnum í Kaupmannahöfn og Reykjavík, er höfðu sent áskorun til þingsins um að veita styrk til þessa, um að nauðsyn væri á að gefa út íslenzkar kennslubækur handa þessum skóla. En hinsvegar áleit nefndin, að upphæð sú, 2,500 kr. hvort árið, sem var farið fram á í áskorun þeirra, væri allt of há, og ekki líklegt að hún yrði notuð. Nefndin áleit, að varla myndu koma út meira en 24 arkir á ári, og ef útgáfan á hverri örk er styrkt með 25 kr. eins og vanalegt er, þá verður það samtals 600 kr. á ári hverju, og það hefir líka nefndin farið fram á. H. þm. Vestm. (V. G.) hefir komið fram með breyt.till. um, að hækka þessa upphæð upp í 1000 kr. árlega. Þá tillögu getur nefndin ekki fallizt á, en hún vill ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, og gæti gjarnan gengið inn á þann meðalveg að stinga upp á að styrkurinn verði 800 kr., og mun koma með breytingartillögu í þá átt við 3. umr., svo framarlega sem hennar tillaga verður samþykkt nú.

Þá kemur Möðruvallaskólinn; þar hefir nefndin farið fram á tvær niðurfærslur, aðra á fjenu til bóka- og áhaldakaupa, hina á fjenu til ýmislegra útgjalda. Viðvíkjandi þessari seinni niðurfærslu skal jeg geta þess, að þegar nefndin stakk upp á henni, hafði hún ekki fengið nægilegar upplýsingar um, hvernig þessum útgjöldum væri varið, en síðan hefir hlutaðeigandi skólastjóri látið henni í tje skýrslu þar að lútandi; útgjöld þessi stafa að mestu leyti af heimavistinni, kaupum á rúmfötum o. fl.; nefndin álítur skýringar skólastjóra nægilegar, og tekur því aptur þessa breytingartillögu sína, sem er 70. töluliður á atkvæðaskránni.

Þá vil jeg minnast á stýrimannaskólann; þar fór stjórnarfrumvarpið fram á 8500 kr. fjárveitingu til að kaupa íbúðarhús hins núverandi skólastjóra handa skólanum. Nefndin gat ekki orðið sammála stjórninni í þessu.

Viðbót sú við skólahúsið, sem skólastjóri hefir látið byggja, er eflaust góð og hentug, en húsið sjálft er gamalt og illa lagað fyrir skólahús. Á hinn bóginn kannaðist nefndin við, að skólastjóri með þessari byggingu á húsaukanum, eða hinni núverandi skólastofu, hefði ráðizt í kostnað, sem landið væri skyldugt að sjá í við hann, og því hefir hún ráðið til að hækka laun hans um 200 kr., og húsaleigu um 100 kr. Nefndin kannaðist við, að það gengi ekki til lengdar, að hafa ekkert sjerstakt hús handa þessum skóla, þar sem aðsókn að honum fer stöðugt vaxandi, en hún var eindregið á því, að betra væri þá að byggja nýtt hús heldur en kaupa gamalt. Samkv. þessu falla burtu 3 seinustu útgjaldaliðir þessa kafla í stjórnarfrumvarpinu. Viðaukatillögu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), um 600 kr. styrkveitingu til námspilta, getur nefndin ekki fallizt á. Nefndin álítur þetta of hátt í samanburði við aðra skóla, en gæti gjarnan verið með helming þessarar upphæðar, og komið með breytingartillögu í þá átt við 3. umr.

Nefndin gat ekki orðið við því, að veita fje til að bæta 4. bekk við kvennaskólann í Reykjavík. Þegar nefndarálitið kom fram, hafði hún vonir um að kennaraskólinn í Flensborg fengi góðan byr á þinginu, og þegar sú von brást, þá vonar hún samt, að þingið hlynni svo að kennarakennslu í Flensborg, sem er ætluð jafnt fyrir konur sem karla, að óþarft verði að bæta 4. bekk við Reykjavíkurskólann til að mennta kennarakonur.

Kvennaskólahúsið á Laugalandi er komið í kaldakol, og varla þess vert að það sje byggt upp aptur. Það hefir komið bænarskrá um fjárstyrk til að flytja skólann til Akureyrar og byggja hús þar handa honum, og h. þingmenn Eyfirð. hafa komið fram með viðaukatillögu í þá átt, og fara þeir fram á, að veittar sjeu 6000 kr. til þessa fyrir tækis. Nefndin verður að leggja fastlega á móti þessu. Fjárveitingin er bæði mikil og í annan stað vill nefndin alls ekkert leggja til slíkrar byggingar, nema fáist með því trygging fyrir sameiningu kvennaskólanna á norðurlandi. Gætu þingmenn Eyfirðinga hugsað upp eitthvert ráð til að koma á sameiningu skólanna, þá skyldi fjárlaganefndin taka höndum saman við þá. Töluliður 76 á atkvæðaskránni er að eins nauðsynleg athugasemd, ef svo skyldi fara að Laugalandsskólinn legðist niður vegna húsleysis annaðhvort ár fjárhagstímabilsins.

Það virðist stefna að sama með kvennaskólana og búnaðarskólana, að einn verði í hverjum fjórðungi, því nú hafa Austfirðingar sent bænarskrá um styrk til kvennaskóla hjá sjer. Nefndin taldi eins maklegt að styrkja kvennaskóla í þessum fjórðungi sem hinum. Þyki einhverjum þetta ofmikið örlæti við ófædda stofnun, þá er að minna á þær stóru framlögur hjá Austfirðingum sjálfum, að þeir verða að vera búnir að koma upp skólahúsi og útvega allt nauðsynlegt til skólahaldsins fyrir árslok 1896 til þess að styrkurinn verði útborgaður.

Þá eru fjárveitingarnar til barnaskóla og sveitakennara, sem nefndin vill heldur hækka, eða alls um 2400 kr. á fjárhagstímabilinu, enda mun h. deild ljóst, hve sanngjart það er, þar sem hátt á annað hundrað manns nú starfa sem barnakennarar. Nefndin vonar, að tillögur sínar þar fái góðan byr. Hæsti styrkur, sem sveitakennarar geta fengið, var færður upp í 60 kr. 1893 og nefndin vill þoka honum upp í 80 kr., svo hægt sje, að gjöra

meiri mun á mönnum eptir maklegleikum.

Við þennan kafla 13. gr. hefir menntamálanefndin komið fram með verulegar breytingar- og viðaukatillögur. Hún vill fella burtu stafliðina c. d. e. undir VI., sem innihalda fjárveitingar til Flensborgarskólans í þrennu lagi, en taka upp aptur þennan skóla í sjerstökum aðallið, sem yrði sá VIII., og hækka fjárveitinguna alls bæði árin um 1300 kr. í því skyni að koma þar á kennarafræðslu fullkomnari en nú er, með viðbættum kennslutíma og kennslukröptum. Fjárlaganefndin hefir þegar lýst sig hlynnta því að skóli þessi fengi ákveðið verksvið, og bætti úr verulegri þörf sem kennaraskóli, og aðhylltist því þetta í öllum verulegum atriðum.

Þóknunina fyrir aðstoð við kennslu heyrnar og málleysingja vill nefndin stryka burt. Það þótti mjög tvísýnt um nauðsyn þeirrar fjárveitingar 1893, og nefndin álítur þetta starf svo sæmilega launað, að sje um aðstoð að ræða, geti viðkomandi sjáltur greitt þóknun fyrir hana.

Styrkinn til sundkennslu fyrir utan Reykjavík hefir nefndin lítilfjörlega hækkað; 1894 var þessi styrkur ekki notaður til fulls, en nú er víða að vakna áhugi á sundnámi. Mjer er þannig persónulega kunnugt um, að töluverður áhugi er á því í Borgarfjarðarsýslu, eins og eðlilegt er í hjeraði, þar sem nóg er af heitum laugum. Vísast verður því þörf fyrir þessa auknu upphæð, en hún kemur eigi til útborgunar frekar en hvað hjeruðin leggja hálft fram á móti.

Við 13. gr. C. 1. stingur nefndin uppá, að kostnaður við umsjón á alþingishúsinu á milli þinga sje talinn með öðrum alþingiskostnaði.

Jeg vil gjöra hjer þá persónulegu athugasemd, að mjer er kunnugt um, að þessi umsjón er sem stendur allt annað en góð, að minnsta kosti hvað hæsta lopt alþingishússins snertir. Jeg hefi í vetur haft umgang þar, í herbergi rjett hjá þar sem alþingistíðindin eru geymd. Það rignir og fennir inn um glugga, og er ljótt að sjá bækurnar liggja þar í snjó og vatni. Jeg segi þetta sem bendingu til forseta þingsins, frá þeim verður að koma eptirlit með þessari svo kölluðu «umsjón».

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir komið fram með verulega breytingartillögu við 13. gr. C. 1. d. um að hækka fje það, sem landsbókasafninu er veitt til bóka- og handritakaupa upp í 12,500 kr. hvort árið. Meiningin hjá honum er auðvitað, að fyrir þessa 20,000 kr. hækkun sje keypt handritasafn bókmenntafjelagsins. Fjárlaganefndin hefir íhugað það rækilega og langaði enda sjálfa til að koma með slíka tillögu, en með þeim tekjuhalla, sem varð fyrirsjáanlegur á fjárlögunum, sá nefndin sjer ekki fært að bæta þessum 20,000 kr. við. Það er hægt að kynna sjer safnið af hinni prentuðu skrá yfir það, og eptir henni að dæma virðist safnið vera fulldýrt á 20,000 kr. Safnið fer ekki fram úr 2000 bindum, og hvert bindi fyrir sig ætti eptir því að vera upp og niður 10 kr. virði. Auðvitað verða slík söfn ekki vel metin til peninga og útlend bókasöfn, sem eignast vildu þetta handritasafn og hefðu nóg fyrir að gefa, teldu sjálfsagt vel gefandi 20,000 kr. fyrir, en náttúrlega kemur aldrei til slíkrar sölu.

Aptur á móti vill nefndin hækka styrkinn til bókmenntafjelagsdeildarinnar hjer heima og Þjóðvinafjelagsins, um þriðjung til hvors. Bæði þessi fjelög hafa á síðari árum færzt of mikið í fang með bókaútgáfur og eru nú svo stórskuldug, að þau eiga mjög örðugt

með að halda áfram starfsemi sinni. Nefndin áleit rjett í þetta sinn að hlaupa undir bagga með þeim, en það skal tekið fram sem bending til stjórnanna í þessum fjelögum, að þessa hækkuðu fjárveitingu má alls ekki skoða sem fasta árlega fjárveitingu framvegis, heldur að eins hjálp í eitt skipti fyrir öll. Þessi fjelög ættu fyrst um sinn að draga saman seglin og rjetta við fjárhaginn, annars eru þau ekki styrkjandi.

Viðaukatillaga h. þm. Vestm. (V. G.) við 13. gr. C. 3. b. um viðbót á skilyrðum fyrir styrkveitingu til bókmenntafjelagsdeildarinnar í Kaupmannahöfn til útgáfu fornbrjefasafnsins, getur nefndin fallizt á.

Við forngripasafnið hefir nefndin farið fram á dálitla nýbreytni, sem er rökstudd í nefndarálitinu og nefndin vonar að fái góðan byr. Þessi enska skrá yfir gripina mundi auka þekkingu á landinu í útlöndum, og myndir af kjörgripum safnsins mundu allstaðar verða landinu til sóma. Auðvitað verður skráin að vera smekkvíslega og fallega úr garði gjörð. Nefndin ætlar alls sömu upphæð til safnsins fyrir bæði árin og stjórnin fer fram á, þó að það komi öðru vísi út hjá nefndinni, 2000 kr. fyrra árið, en 1600 kr. hið síðara. Þessar 400 kr. fyrir að semja skrárnar sem og annan kostnað við þær, er vísast ekki tapað fje landssjóði, þar sem skrárnar áreiðanlega seldust til tekna fyrir safnið, sem þá yrði að því skapi ljettara á.

Nefndin hefir farið fram á lítilfjörlega hækkun á styrknum til náttúrufræðisfjelagsins. Um það og skilyrðin fyrir styrknum get jeg látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins og vona að tillaga nefndarinnar fái fram að ganga.

Viðvíkjandi 12. lið í 13. gr. C. í stjórnarfrumv. eða styrknum til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Islands, vill nefndin athuga það, sem ekki er tekið fram í nefndarálitinu, að hún vildi veita þessa upphæð enn einu sinni í því trausti, að einhver verulegur ávöxtur fari að sjást af þessari styrkveitingu, sem nú hefir staðið í 4 ár.

Styrkinn til stórstúku Good-Templara til eflingar bindindis hefir nefndin hækkað úr 500 kr. upp í 800 krónur. Þessi styrkveiting hefir allt af fengið betri og betri byr hjer á þinginu. Þó að vjer sjeum stundum ósammála um bindindislöggjöfina, þá erum vjer allir sammála um það, hve mikið gott hefir leitt og leiðir af þessu fjelagi.

Styrkinn til Skúla Skúlasonar »til að læra myndasmíði« vill nefndin fella burt; hún hefir ekki fengið nægileg skilríki fyrir því, að vert sje að halda þeim styrk áfram.

Sömuleiðis strykar nefndin yfir styrkinn til að gefa út alþingisbækurnar. Þó gott væri að fá þessar bækur út, sjer nefndin sjer ekki fært að veita svona háa upphæð, 2000 kr. á ári í 10 ár, eins og stjórnin stingur upp á. Fræðimenn búsettir hjer í Reykjavík og Kaupmannahöfn hafa afnot af bókum þessum á söfnunum og verða menn að una við það nú að sinni.

Hina síðustu fjárveitingu í 13. gr. í frumv. stjórnarinnar, styrkinn til cand. jur. Steingr. Jónssonar til að stunda íslenzk lög, lætur nefndin standa, en frá 2 h. þm. hefir komið fram breyt.till. um að fella þann lið burtu. Meiri hluti nefndarinnar hneigðist þó að því, að halda þessum lið, helzt í þeirri von, að með þessu sje verið að koma sjer upp kennara við hinn eptirþráða lagaskóla.

Þá er ekki fleira hjá stjórninni í þessari löngu 13. gr., en bæði nefndin og h. þingm. vilja þó gjöra hana enn lengri, og verð jeg að drepa á það.

Jeg hefi áður minnzt á styrkinn til rektors Jóns Þorkelssonar til að gefa út 20 arkir af orðasafni hans hinu 3. og síðasta, er alls verður um 85 arkir að stærð, og 55 arkir eru prentaðar af. Skýrsla hans, sem liggur hjer fyrir þinginu, sýnir, hve mikið hann hefir lagt í sölurnar, 1400—1500 kr., af eigin fje, til að koma þessu riti út. Þessi 30 kr. styrkur, ásamt með 40 kr. styrk fyrir örkina, sem hann fær úr útlendum sjóði, nægir til að borga prentunarkostnaðinn; hann þarf þá ekki, nú eptir að hann fer á eptirlaun, að leggja fje út frá sjálfum sjer til að koma þessu riti út. Ef alþingi veitir þetta í ár, verður auðvitað að veita 300 kr. í viðbót á þinginu 1897, eða jafnmikinn styrk fyrir árið 1898, til þess að hjálpin verði ekki endaslepp. Rjett er að taka það fram, að handritið að þessum 30 óútkomnu örkum verður fullsamið fyrir lok þessa árs, svo að ekki þarf að óttast, að ritið geti ekki komið út til fulls.

Viðvíkjandi styrk til útgáfu á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, skal jeg að eins skýrskota til nefndarálitsins.

Þá hefir nefndin stungið upp á, að veita frú Elínu Eggertsdóttur 1200 kr. í eitt skipti fyrir öll og 500 kr. árlega til að setja á stofn húsmæðrakennara- og matreiðsluskóla í Reykjavík og halda þar uppi kennslu. Nefndin hefir í áliti sínu að nokkru leyti fært ástæður fyrir þessari styrkveiting, en þar sem þetta er all-nýstárlegt, og jeg hefi orðið var við ótrú á fyrirtækinu hjá sumum h. þingm., verð jeg að tala rækilegar um þessa tillögu nefndarinnar.

Um það munum vjer allir sammála, að frú þessi hefir sýnt það bæði með skólastjórn sinni og ritstörfum, að hún væri fær um að standa fyrir slíku fyrirtæki, og er það eitt nauðsynlegt skilyrði, en þó ekki nóg, því aðalatriðið við þessa stofnun er það, hvort hún í sjálfu sjer er nytsöm eða ekki. Það er opt kvartað undan því, hvað lítið af eiginlegum húsmæðurstörfum er kennt á kvennaskólunum, og það með rjettu. Það er gott að kunna sem mest til munns og handa, en það er enn þá betra að kunna að stjórna heimilum sínum með verklegri kunnáttu, hreinlæti og reglusemi, og fyrir flestum uppvaxandi stúlkum liggur þó húsmæðurstarfið sem aðalhlutverkið í lífinu.

Það má deila um það, hvort slík heimilisstjórn verður vel kennd á kvennaskólum samhliða bóklegum fræðum og hannyrðum; hún er að minnsta kosti ekki kennd, og úr þeirri þörf á þessi fyrirhugaði húsmæðra- og matreiðsluskóli að bæta. Góð kennsla og fyrirmynd getur á stuttum tíma gjört mikið. Góð heimilisstjórn, nýtni, reglusemi og hreinlæti konunnar er annar fóturinn undir velliðan heimilisins. Vjer könnumst allir við, að það er ekki minna varið í að gæta fengins fjár en afla. Það hefir hver maður dæmi þess fyrir augunum, að í höndum góðrar konu margfaldast lítil björg.

Frú þessi hugsar sjer kennslutíma á skólanum 3 mánuði og 4 námsmeyjar í senn; njóta þá kennslunnar 16 á ári. Þær eiga að búa á skólanum hjá henni, og vera undir hennar stjórn og umsjón. Það sem gjörir stofnunarkostnaðinn svona háan er, að ekki er hægt að leigja hentugt eldhús handa skólanum, heldur verður að byggja það; eldavjelin þarf og að vera mjög stór, og eldhúsið sjálft bjart og rúmgott.

Hún hefir nú ætlað 600 kr. af þessum styrk til að byggja fyrir; hinar 600 krónurnar fara til að kaupa eldavjel, áhöld til matreiðslu og þvotta og

svo framvegis; allt verður að vera sem fullkomnast og til fyrirmyndar.

Jeg hefi heyrt suma spyrja: »Hver á þá að borða allan þennan mat, sem matreiðsluskólinn framleiðir«, (Hlátur), en það er ekki að óttast að hann gangi ekki út í Reykjavík, þar sem mörg hundruð manns kaupa sjer fæði hjá öðrum.

Þess ber að gæta, að forstöðukona skólans hefir lítil sem engin not af námsmeyjunum til heimilisvinnu fyrir sjálfa sig. Þær verða að gefa sig að náminu, og mega ekki skoðast sem vinnukonur hennar. Hún þarf meira að segja að hafa sjer aðstoðarkonu við kennsluna, og er hinn áætlaði viðhaldskostnaður skólans eigi öllu meiri, en svarar fæði hennar og kaupi.

Um styrkinn til cand. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna er talað í nefndarálitinu. Jeg fyrir mitt leyti er persónulega mjög hlynntur þessari styrkveitingu og meiri hluti nefndarinnar var henni og fylgjandi og skoðaði hana sem stig í þá átt, að reyna að fá »ratiónellan« eða vísindalegan grundvöll undir þessum atvinnuvegi, sem er svo mikilvægur fyrir framfarir þessa lands. Nefndin ber hið bezta traust til þessa manns og álítur, að ekki sje annar maður færari til þessara rannsókna hjer innan lands.

Í stað listarstyrks þess, sem stendur í frumv. stjórnarinnar, hneigðist nefndin eða meiri hluti hennar að því, að taka upp styrk til myndasmiðs Einars Jónssonar frá Galtafelli. H. þingdeildarmenn munu hafa sjeð brjef hans, meðmæli er hann hefir sent frá kennara sínum, svo og marmaramynd og ljósmyndir af öðrum líkneskjum, er hann hefir mótað og sent til þingsins. Það sem nefndinni fannst sjerstaklega mæla með styrk til þessa efnilega manns, er það, hvað hann er ungur; hann mun ekki vera fullt tvítugur og má því vænta þess, að hann geti lært sjer til gagns.

Annars er það allt af stórt álitamál, hvort landið á að vera að leggja fram fje til slíkra hluta. Það er svo fjarska margt, sem er í niðurlægingu hjá oss í materíellu eða í efnalegu og verklegu tilliti, sem fremst af öllu verður að hugsa um. Í sambandi við þetta vil jeg minnast á viðaukatillögur, sem fram eru komnar um fjárstyrk handa einu skáldi, einum söngfræðing og einum málara. Fyrir fjárlaganefndinni lágu bænarskrár frá söngfræðingnum og málaranum, en þar á móti ekki frá skáldinu. Nefndin hefir samt tekið allar þessar beiðnir til íhugunar, en meiri hluti hennar hefir ekki getað fallizt á þessar fjárveitingar, þótt hún kannist fúslega við, að þessir menn sjeu efnilegir og góðs maklegir.

Þá fara nú að fækka breytingartill. nefndarinnar; þó er eptir að minnast á styrk, sem nefndin vill veita Magnúsi Þórarinssyni fyrir að koma upp auknum og endurbættum tóvinnuvjelum á Húsavík. Eptir þeim gögnum, sem lágu fyrir, áleit meiri hluti nefndarinnar fyrirtækið styrksvert, og nefndin hlaut líka að líta á það, að þessi maður varð fyrstur til, að brjóta hjer ísinn í þessari grein, og hann hefir þegar lagt mikið af efnum sínum og tíma í sölurnar fyrir þetta verk. Það eru líka mikil líkindi til þess, að þegar vjelarnar eru komnar á Húsavík, muni þær gera þar ólíkt meira gagn en á Halldórsstöðum; enda er styrkurinn bundinn því skilyrði, að vjelarnar verði fluttar. Fleira skal jeg ekki tala um þetta atriði, enda býst jeg við, að h. þingm. Suður-Þing. (P. J.), sem er þessu máli svo kunnugur, muni túlka það betur.

Seinasta viðaukatill. frá nefndinni við 13. gr. um 600 kr. til að rannsaka

hafnir og þrautalendingar sunnanlands er beint eptir þingsályktunartillögu nýsamþykktri hjer í deildinni. Við hana er komin breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.), sem nefndin er honum þakklát fyrir. Upphæðin ætti að vera allt að 600 kr., en þau orð hafa skotizt út úr hjá nefndinni, og er sjálfsagt að samþykkja þá viðbót.

Þá er komin fram viðaukatill. frá h. þm. Snæf. (Eir. G.) um styrk handa Bjarna Þorkelssyni bátasmið í Ólafsvík til að kynna sjer í Noregi báta- og skipagerð og annað það, er að sjávarútveg lýtur, sem nefndin getur ekki lagt með, þar sem ávöxturinn hefir reynzt lítill af slíkum utanfararstyrkum.

Sama er að segja um viðaukatill. h. þm. Vestm. (V. G.) og 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um fjárveiting handa járnbrautafræðingi hingað til landsins, sem töluvert var talað um í gær, þegar rætt var um fjárveitingarnar til vegagjörða, og er afstaða meiri hluta nefndarinnar kunn í því máli.

Loks er við 13. gr., fyrir utan atkv.skr., viðaukatill. frá h. 1. þm. S. Múl. (Sig. G.) um styrk handa efnilegum grasafræðingi í Kaupmannahöfn, Helga Jónssyni, til gróðurlífsrannsókna hjer á landi. Beiðni um þennan styrk lá fyrir nefndinni, en hún sá sjer ekki fært að mæla með honum, þar sem hún tæpast bjóst við verklegum árangri til atvinnubóta af slíkri rannsókn, en telur eigi ósennilegt, að þessi maður kunni að fá vísindalegan styrk til þess í Danmörku, er hann hefir lokið námi sínu.

Um 14. gr. er ekkert að segja.

Við 15. gr. stingur nefndin upp á 2 viðbótum. Nefndin hneigðist að því, að eptirlaun Skúla Thoroddsens yrðu nálægt hálfum embættislaunum hans. Það vantaði svo stuttan tíma eða rúma 5 mánuði til að hann fengi svo mikil eptirlaun. Meiri hluti nefndarinnar hefir því stungið upp á, að honum verði á fjárhagstímabilinu veitt 500 kr. í viðbót við eptirlaunin, sem hann fær samkvæmt lögunum.

Uppástunguna um 200 kr. ellistyrk til fröken Sigríðar Árnadóttur hefir nefndin rökstutt svo í áliti sínu, að jeg ímynda mjer, að allir h. þingdm. verði á því að veita hann af fúsu geði. Hjer stendur svo alveg sjerstaklega á, að sá styrkur getur engin eptirköst haft.

Athugasemdirnar, sem nefndin stingur upp á að setja aptan við frumv., þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um.

Tvær hinar fyrstu eru gamlir kunningjar hjer á þingi, en hinar tvær eru nýjar.

Nefndin fjellst á að veita mætti amtsráði vesturamtsins 60,000 kr. lán úr viðlagasjóði til gufubátskaupa. Það er að vísu satt, að amtsráðið hefir ekki beðizt eptir þessu láni, en leyfið er veitt eptir öflugum óskum þingmanna og sýlsunefnda að vestan. Amtsráðið ræður, hvort það notar leyfið; ef það ekki vill taka lánið, þá nær það ekki lengra.

Lánið til ísfjelaganna vona jeg, að fái góðan byr. Þetta eru einkar þarfleg fyrirtæki, sem eru að byrja að komast á fót. Skilyrðin fyrir lánveitingunni eru svo ströng, að landssjóði þarf ekki að standa nein hætta af henni.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögumaður (Þórh. Bj.) tók fram, liggja hjer fyrir til umræðu nálægt 60 liðir. Hann gekk í gegn um þá alla að heita mátti en jeg skal að eins minnast á einstaka af þeim.

Að því er fyrst snertir útgjöld til prestaskólans, þá leggur nefndin það til, að bæði verði færður niður húsaleigustyrkurinn og ölmusurnar úr því,

sem ákveðið er í stjórnarfrumv. En eins og sjest í ástæðum stjórnarinnar, eru upphæðirnar í frumv. hennar teknar eptir eindregnum meðmælum forstöðumanns prestaskólans og tillögum stiptsyfirvaldanna. En úr því að h. fjárlaganefnd og h. framsögumaður hennar álíta, að það fje muni nægja, sem hún hefir stungið upp á, þá er ekkert um það að segja. Eins og menn vita, er í ráði að námstíminn á prestaskólanum verði bráðlega, kannske með næsta skólaári, lengdur úr 2 árum upp í 3 ár. Þar af leiðir, að fleiri verða á skólanum en áður og enn fremur, að námið verður dýrara. En með því fje, sem skólinn hefir annarsstaðar að til styrktar lærisveinunum, kunna þessar 400 kr., sem nefndin vill færa ölmusurnar niður í, að nægja.

Aptur fellur mjer ver, að nefndin hefir stungið upp á að fella annan lið, sem líka snertir prestaskólann. Söngkennarinn við prestaskólann hafði sótt um að keypt verði »harmonium« til afnota við kennsluna. Þessari umsókn gaf forstöðumaður prestaskólans einnig eindregin meðmæli sín, enda held jeg að hún hafi við góð rök að styðjast, þar sem almennt er vaknaður áhugi á því, að bættur verði kirkjusöngurinn og tón í kirkjunum, og bezt álít jeg að hvötin til að bæta kirkjusönginn og leiðbeiningin í því efni gæti komið frá prestunum sjálfum. Verði námstíminn nú lengdur á prestaskólanum til 3 ára, þá gefst stúdentunum betra færi á að stunda tón og kirkjusöng en hingað til, og ef hljóðfæri væri til á skólanum, þá er enginn efi á því, að margir þeirra mundu nota það og læra að leika á það. Samt sem áður leggur h. fjárlaganefnd og framsögum. með henni það til, að þær 250 kr., sem stjórnin hefir stungið upp á að kaupa fyrir »harmonium« handa prestaskólanum, falli burt. Þetta hygg jeg ekki að sje rjettur sparnaður, sjerstaklega þar sem að eins er að ræða um þessi útgjöld í eitt skipti fyrir öll.

Um niðurfærslu fjárlaganefndarinnar á ölmusum og húsaleigum handa lærisveinum læknaskólans (59. og 60. tölulið á atkv.skrá.), er sama að segja og um samsvarandi liði, er snertu prestaskólann. Nefndin stingur upp á að færa 10 húsaleigur í stjórnarfrumv. niður í 8, og gjörir þannig ráð fyrir, að að eins 2 lærisveinar bætist við á skólanum hvort árið, næsta fjárhagstímabil. Það kann að vera, að þeir verði ekki fleiri, en óskandi væri, að þeim fjölgaði meir nú, þar sem allt af er verið að búa til ný aukalæknisumdæmi, og þrjú standa nú óveitt. Næsta vor útskrifast enginn af skólanum og kannske heldur ekki hitt vorið, svo það lítur út fyrir, að tregt gangi að fá menn í þessi embætti.

Mjer hefði þótt gott, ef h. framsögum. (Þ. B.) hefði skýrt betur niðurfærslu nefndarinnar undir 62. tölulið á atkvæðaskránni á 13. gr. B. III. c. 4. Jeg skil ekki nefndarálitið, þar sem stendur, að nefndin ætli yfirstjórn lærðaskólans að gjöra þann mun, sem gjöra þarf á borguninni fyrir heimavinnu við að leiðrjetta stýla, »án þess að fara fram úr þeirri fjárveitingu, sem hingað til hefir dugað«.

Mjer finnst liggja í þessu að nefndin álíti, að ástæða sje til að borga ríflegar fyrir þær kennslustundir, sem hafa heimavinnu í för með sjer. Samt leggur nefndin það til, að 1700 kr. í stjórnarfrumv. til tímakennslu verði færðar niður í 1600 kr., sömu upphæðina, sem áður hefir verið ætluð til tímakennslunnar. Þar sem það nú hefir sýnt sig, að þessar 1600 kr. hafa gjört lítið betur en duga til tímakennslunnar áður, þá er ekki gott að sjá, hvaðan yfirstjórn

skólans á að taka fje til þess að borga ríflegar fyrir þær stundir, sem hafa heimavinnu í för með sjer, nema ef á að skilja þetta svo, að yfirstjórn skólans sje heimilt, að fara fram yfir þessar 1600 kr., ef þær nægja ekki; því ekki get jeg ímyndað mjer að það sje meining nefndarinnar, að minnka borgunina til hinna tímakennaranna; mjer finnst hún ekki mega vera minni handa mönnum, sem aflað hafa sjer þeirrar þekkingar, sem slík kennsla útheimtir.

Undir 66. tölulið á atkvæðaskránni ræður h. fjárlaganefnd til, að felldur verði burtu úr frumv. 1000 kr. styrkur til fimleikakennarans við lærðaskólann, til að fara til Danmerkur til að fullkomna sig í list sinni. Ástæða nefndarinnar fyrir þessari tillögu virðist aðallega vera sú, að það, að fimleikakennarinn kynni sje fimleiki utanlands, sje eitt út af fyrir sig ekki nóg til þess, að veruleg endurbót fáist á fimleikakennslunni við skólann. Þetta hefir stjórnin líka fullkomlega haft fyrir augum og allt af kannazt við, en meining stjórnarinnar er sú, að hið fyrsta til að bæta fimleikakennsluna sje það, að til sje brúkanlegur kennari, en það er ómögulegt að sá maður geti kennt þessa list, eins og þarf að kenna hana, sem aldrei hefir sjeð neitt annað en það, sem aðrir lærisveinar skólans hafa sjeð. Það er auðvitað, að til þess að kennslan geti tekið verulegum bótum, þarf auk þessa að fá betra hús og áhöld, en meining stjórnarinnar var líka, að um leið og kennarinn kynnti sjer kennsluaðferðina, aflaði hann sjer líka þekkingar á leikfimisáhöldum, og fyrirkomulagi leikfimishúsa erlendis. Þegar hann svo hefði leitað sjer þessarar þekkingar, hugsaði stjórnin sjer að leita frekari fjárveitingar til endurbótar á kennslunni á næsta þingi. En það get jeg ekki skilið, að gagn sje í því, að útvega sjer áhöld, ef enginn kennari er til, sem kann að nota þau. Mjer finnst það vera viðurkennt, að leikfimin sje nauðsynleg í skólum, og ekki mun hún vera orðin það sízt nú, síðan glímurnar lögðust niður. Þegar verið var að ræða um að innleiða slöid-kennslu við skólann, sögðu andmælendur þess máls, að nær væri að endurbæta leikfimiskennsluna. Nú þegar stjórnin fer fram á þessa endurbót, neitar fjárlaganefnd neðri deildar nauðsýnlegu fje til að koma henni fram. Ábyrgðin á því, ef fimleikakennslan ekki er í lagi, er þá hjá þinginu, en ekki stjórninni.

Um aðra liði, er snerta hinn lærða skóla, skal jeg ekkert tala.

Um þá liði, er snerta Möðruvallaskólann, skal jeg heldur ekkert tala, úr því nefndin hefir tekið aptur breyt.till. undir tölulið 70, um niðurfærslu á »ýmislegum útgjöldum« til skólans.

Mjer þykir leiðinlegt, að h. fjárlaganefnd hefir ekki þótzt geta mælt með þeim 700 kr., sem stjórnin hefir stungið upp á í viðbót við styrkinn til kvennaskólans í Reykjavík, en eptir því sem framsögum. fórust orð, sje jeg, að ekki er til neins fyrir mig að tala frekar um það atriði.

Að því er snertir uppástungu stjórnarinnar um kaup á húsi því, sem notað hefir verið fyrir stýrimannaskóla, þá hefir fjárlaganefndin kynnt sjer það mál og ráðið frá kaupunum. Það er þá heldur ekki til neins að jeg tali um það.

Þá skal jeg minnast á breytingartillögur nefndarinnar undir 82. tölulið um að fella burtu þennan litla styrk, 150 krónur, til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja.

Mjer skildist á h. framsögumanni, að

daufdumbrakennarinn þyrfti ekki á neinni aðstoð að halda. Þetta held jeg sje ekki rjett. H. nefnd mun ekki þekkja hjer nógu vel til. Sá maður, sem nú hefir daufdumbrakennsluna á hendi, hefir haft aðstoðarkennara í 2—3 ár, enda hafa notið kennslu hjá honum upp og niður 8 stúlkur og drengir á hverju ári. Hann hefir fremur stóru og fólksmörgu prestakalli að gegna og verður því opt að vera að heiman, svo hann getur ekki komizt af án þess, að hafa aðstoð. En nú bætist hjer við, að umsókn hefir komið til amtsráðanna frá svo mörgum um inntöku á skólann, að kennarinn hefir í hyggju að bæta við sig svo mörgum nemendum, að þeir verði 12 alls. Hann á bágt með að taka við svo mörgum, en vill þó reyna það, úr því svo margir beiðast inntöku, og ætlar því að taka tvo aðstoðarkennara í stað þess, að hann hingað til hefir haft að eins einn. Þegar hann nú ætlar að bæta við sig einum aðstoðarkennara enn og auk þess auka tölu nemendanna, þá get jeg ekki álitið rjett að svipta hann þessum litla styrk. Verði það gjört, er hætt við að hann hætti við að bæta við sig þessum 4 nemendum, enda hefir hann aldrei skuldbundið sig til að taka fleiri en 8 í mesta lagi.

Við fjárveitinguna til landsbókasafnsins hefi jeg ekkert að athuga, enda hefi jeg ekkert á móti því, að þær 100 kr., sem standa í frumv. undir 13. gr. C. I. a, fyrir umsjón með alþingishúsinu og áhöldum þess, verði fluttar yfir á 9. gr.

Jeg sje, að h. fjárlaganefnd er ekki meðmælt uppástungu (87) h. þm. Vest. (V. G.) um hina stóru fjárveitingu handa landsbókasafninu til að kaupa handritasafn bókmenntafjelagsins. Jeg get ekki heldur neitað því, að mjer hefir alltaf fundizt það eitthvað óviðfeldið, að landsbókasafnið færi að kaupa handritasafnið af bókmenntafjelaginu fyrir 20,000 kr. Bókmenntafjelagið er eign landsins og landsbókasafnið er líka eign landsins, því báðar þessar stofnanir eru styrktar af landsfje. Þessvegna finnst mjer óviðkunnanlegt að landið eins og færi að kaupa þetta af sjálfu sjer. Mjer finnst að bókmenntafjelagið ætti að láta öll sín handrit inn á landsbókasafnið án nokkurs endurgjalds, ef þau eru betur geymd þar en hjá fjelaginu sjálfu.

Þá koma þessir mörgu liðir, sem nefndir hafa verið bitlingar, og sem í frumv. eru 17 að tölu, en með breytingar og viðaukatillögunum eru orðnir 23.

Ef jeg ætti sæti á þingmannabekkjunum, þá stæði jeg upp fyrir mjög fáum af þeim. Jeg stæði sjálfsagt upp fyrir 16. og 19. lið, og ennfremur fyrir 22. lið, ef jeg hefði staðið upp fyrir þingsályktunartillögunni.

Breytingartill. nefndarinnar við 15. gr. um 200 kr. styrk til fröken Sigríðar Árnadóttur, er jeg fullkomlega samþykkur, og það því fremur, sem jeg hafði umboð frá stjórninni til að koma þessum styrk inn í frumv. með viðaukatillögu, ef þingmenn ekki gjörðu það sjálfir.

Það er sama að segja um þær 500 kr. handa Skúla Thoroddsen, sem hjer standa, eins og þá upphæð, sem þingd. veitti honum í gær, að þær eru «gjöf en ekki gjald». Það virðist ekki mikil samkvæmni í því, að þykja hin lögboðnu eptirlaun of há, en vera þó að hækka þau í einstökum tilfellum alveg að ástæðulausu, eins og hjer er gjört.

Um athugasemdirnar aptan við frv. er það að segja, að jeg skil þær svo, að þessi lán verði því að eins veitt, að peningar sjeu fyrir hendi.

Það tekur sig eitthvað skrítilega út,

að bjóða mönnum þessi lán, þegar sjóðþurður verður samkvæmt frumvarpinu.

17. gr. segir, að sjóðþurður sje svo mikill, en samt er haldið áfram og sagt, að veita megi að láni úr landssjóði 170,000 kr. Þetta finnnst mjer eitthvað óviðkunnanlegt. Það er víst ekki meiningin, að þessi lán verði veitt nema peningar sjeu fyrir hendi, því ekki verður farið að segja upp eldri lánum til að geta veitt þessi.

Sjerstaklega finnst mjer undarleg heimildin til að veita amtsráði Vesturamtsins allt að 60,000 kr. lán til gufubátsferða, þar sem amtsráðið hefir alls eigi beðið um neitt lán í þessu skyni og formaður þess veit ekkert um þetta. En það kemur líklega ekki til, að þetta lán verði tekið, svo það gerir ekki svo mikið til, þó heimildin standi.

Klemens Jónsson: Jeg á hjer nokkrar breyt.till., sem jeg verð að fara fáeinum orðum um. Hin fyrsta þeirra er 77. tölul. á atkvæðaskránni, sem jeg og h. samþingismaður höfum komið með, er fer fram á 6000 króna styrk til að byggja nýtt skólahús á Akureyri handa kvennaskólanum, sem hingað til hefir verið á Laugalandi.

H. framsögum. (Þ. Bj.) fór nokkrum orðum um hana fyrir hönd nefndarinnar og mælti algjörlega á móti henni. Mig furðar reyndar ekki á því, hversu fjárlaganefndin tekur í þetta mál eptir því sem á undan er gengið. Stjórn skólans skrifaði fjárlaganefndinni í umsóknarbeiðninni um styrk til þessarar byggingar, að allar frekari upplýsingar, er snerta þetta mál, gæti nefndin fengið hjá mjer, enda ætti jeg að vera flestum kunnugri um þetta mál, þar sem allar skýrslur og peningar skólans hafa gengið í gegn um mínar hendur nú um nokkur ár, og bjóst jeg því við, að fjárlaganefndin gerði mjer orð eða virti mig viðtals, sjerstaklega þar sem formaður fjárlaganefndarinnar varp því að annari nefnd um daginn, að hún hefði ekki verið nægilega kurteis í þessu efni, en sú von mín hefir með öllu brugðizt, því jeg hefi aldrei fengið nein orð frá h. fjárlaganefnd um að gefa upplýsingar þessu máli viðvíkjandi. Jeg skal taka það fram, að eins og kunnugt er, er styrks þessa beiðzt af þeirri ástæðu, að skólahúsið á Laugalandi er orðið gamalt og ljelegt, svo ekki er hægt að gera við það nema með miklum kostnaði, sem þó ekki mundi borga sig, af því skólahúsið hefir frá fyrstu verið mjög illa til skóla fallið. Verður þá nauðsyn á að byggja nýtt skólahús og er enginn efi á því, að það mundi bezt sett á Akureyri. Er áætlað af byggingarfróðum mönnum, að það muni kosta 12,000 kr., og er farið fram á, að landssjóður leggi þar til helminginn en sýslunefndirnar hitt, og verður því ekki sagt annað, en að þær taki á sig allþunga byrði, þegar þessar 6000 krónur bætast við það, að 1881 var tekið 6000 kr. lán til skólans og er óborgaður af því helmingurinn. Og þar sem svona mikil byrði hvílir á sýslusjóðunum, virðist ekki fjarri sanni að fara fram á, að landssjóður styrki að nokkru leyti til byggingarinnar, enda er það ekki eins dæmi, því árið 1891 að mig minnir, veitti alþingi viðstöðulaust kvennaskólanum á Ytri-Ey nokkurn styrk til byggingar, og ólíkt er að heyra undirtektir þessarar h. fjárlaganefndar eða undirtektir fjárlaganefndarinnar á þingi 1891 og allar umræður um þetta mál, og held jeg að h. fjárlaganefnd, sem nú er, hefði gott af að kynna sjer þær.

H. framsögumaður (Þ. Bj.) gat þess, að hann vildi herða á sameiningu kvennaskólanna norðanlands. Þetta er

alveg hið sama og jeg vil gjöra og jeg held meira að segja, að jeg hafi komið þeirri hugmynd inn hjá h. framsögum., en það gleður mig, að hann er mjer samdóma um þetta, enda get jeg ekki skilið í öðru, en að öllum hljóti að vera það ljóst, að einn skóli nægi norðanlands. En hvað hefir þá fjárlaganefndin gert til að fá þessu framgengt? Ekkert. En sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir gert allt í þessu efni, sem hefir í hennar valdi staðið. Hún hefir hvað eptir annað skrifað sýslunefndunum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum um þetta mál og fengið góðar undirtektir úr Skagafirði, en í Húnavatnssýslu hafa menn alls eigi viljað sinna þessu máli. Fjárlaganefndin hefði getað gert sitt til að koma á sameiningunni, ef henni hefði hugkvæmzt það, því fjárlaganefndin hefði getað bundið styrkveitinguna til skóla þessara því skilyrði, að þeir væru sameinaðir, en það má laga það enn þá; það kann að vísu að þykja nokkuð hart aðgöngu, en jeg fyrir mitt leyti hikaði mjer eigi við að greiða atkvæði með því.

H. framsögum. (Þ. Bj.) gat þess í sambandi við 76. tölul., er fer fram á, að leggist Laugalandsskólinn niður annað eða bæði árin, gangi $^2/_3$ af styrknum til hans til Ytri-Eyjarskólans, að athugasemd þessi væri alveg nauðsynleg af því, að öll líkindi væru til, að Laugalandsskólinn legðist niður á fjárhagstímabilinu. Þetta sýnir meðal annars, að fjárlaganefndin hefir ekkert far gert sjer um að kynna sjer ástand Laugalandsskólann eða málið yfir höfuð, og ekki leitað sjer neinna upplýsinga. Það er nefnilega fast ákveðið að kvennaskólinn verður á Laugalandi næsta vetur að minnsta kosti, og verði þá engin ráð til að byggja, þá er allt af hægt að fá leigt hús á Akureyri undir skólann, svo að það er engin minnsta hætta á því, að skólinn leggist niður, nema sameiningin komist á. Jeg álít því, að breyt.till. sje gagnslaus og meiningarlaus, og af henni er auðsjeð, að fjárlaganefndin hefir ekkert kynnt sjer málið. En jeg vona, að þó breyt.till. á 77. t.lið verði ekki samþykkt, þá verði þessar athugasemdir mínar þó til þess, að fjárlaganefndin taki málið til nákvæmrar íhugunar til 3. umr.

Jeg get tekið undir með hæstv. landshöfðingja, að það er harla undarlegt, að vilja fella burtu styrkinn til aukakennslu heyrnar- og málleysingja til síra Ólafs Helgasonar. Jeg kom fram með till. á þinginu 1893 um, að þetta fje væri veitt, og sannfærðust menn þá um, að vert væri að veita þetta fje og væri því undarlegt, að taka þetta fje aptur nú, þar sem ljóst er, að aðsókn að kennslunni er að vaxa. Það getur vel verið, að þóknun sú, sem kennarinn fær fyrir hvern einstakan nemanda sje sæmileg, en það er ekki nóg; þar sem hann verður að kosta aukakennslu, þá veitir honum ekki af þessum fjárstyrk og skil jeg því ekki í, að breyt.till. verði samþykkt.

Þá hefir fjárlaganefndin stungið upp á því, að bæta við styrkinn til Bókmenntafjelagsins og Þjóðvinafjelagsins. Jeg skil ekki, hvernig á því stendur. Hvaða stórvirki eru það, sem fjelögin ætla nú að fara að ráðast í? Það væri fróðlegt að fá að heyra það. Eða er það til þess að borga gamlar skuldir, sem heyrzt hefir, að Bókmenntafjelagið hafi komizt í á síðari tímum, þó það sje óskiljanlegt, því styrkurinn til þess hefir þó eigi verið svo mjög lítill, og engar merkar bækur hefir það gefið út. Jeg vona, að jeg fái upplýsingar frá h. framsögum. (Þ. Bj.) um þetta efni, en fái jeg ekki þær upplýsingar, er jeg álít góðar og gildar, gef jeg ekki breyt.till. þessum atkv. mitt.

Það gladdi mig, að heyra ummæli h. framsögumanns (Þ. Bj.) um styrkinn til Boga Melsteðs, því jeg get ekki skilið í að styrkurinn þurfi að standa 4 ár eða lengur án þess að sjáist neinn árangur hans, en það er sannarlega orðið mál, að fara að sjá nú einhvern árangur af þessum »bitling«.

Þar sem h. fjárlaganefnd hefir fellt styrkinn til Skúla Skúlasonar, þá virðist mjer það ekki rjett. Mier sýnist miklu fremur siðferðisleg skylda þingsins að styrkja hann áfram úr því það byrjaði á því að styrkja hann í fyrstu. Jeg gæti þó skilið þetta, ef þingið hefði horfið frá því að efla fagrar listir, sem það fyrst komst upp á á þingi 1893, að það hefði snúizt á móti honum. En nú er ekki svo, því þó fjárlaganefndin hafi fellt þennan, hefir hún þó tekið upp annan í stað hans. En jeg hefði skilið betur, að hún hefði fellt báða eða hvorugan.

Þá kem jeg að 2 breyt.till. frá mjer og h. samþingismanni mínum (J. J.).

Önnur þeirra er um 1000 kr. styrk til síra Bjarna Þorsteinssonar til að safna íslenzkum þjóðlögum. Bænarskrá síra Bjarna um þennan styrk hefir fjárlaganefndin eigi getað aðhyllzt; virðist því svo, sem hún hafi eigi auga fyrir því, sem hjer er farið fram á, eða kunni að meta það. Jeg orðlengi þetta ekki, því jeg vonast til að menn hafi lesið bænarskrána, sem er mjög ýtarleg, já, jafnvel heil ritgjörð, sem mælir betur fram með málinu, en jeg get gjört. Síra Bjarni getur þess þar, að það sje meining sín, að safna íslenzkum þjóðlögum, tvísöngslögum, kvæðalögum og rímnalögum, og skýrir, hverja þýðingu slíkt safn geti haft fyrir oss. Og jeg vona, að flestir játi, að þessu, sem hjer ræðir um, sje ekki síður ariðandi að safna en forngripum og þjóðsögnum og að mál þetta hafi afarmikla þjóðernisþýðingu. — Og þar sem maðurinn, sem hjer ræðir um, er að allra dómi mjög vel hæfur til þessa starfa, jafnvel sá einasti, sem er hæfur til þess, þá skil jeg ekki annað, en það muni gefa góðan árangur. En þessu máli er þannig varið, að það þolir enga bið, og er orðið ef til vill heldur seint. Til þess að framkvæma þetta, álítur beiðandinn, að hann þurfi að takast ferðir á hendur hingað og þangað um landið og til Kaupmannahafnar, til þess að rannsaka söfnin þar; því sjer hann sjer ekki annað fært en leita styrks hjá hinu opinbera. Jeg ímynda mjer, að mál þetta sje mörgum mönnum svo hugfólgið, að jeg vona, að það fái bezta byr, og sje einhver í vafa um, hvort hann eigi að greiða atkvæði með máli þessu, þá ætti hann að lesa bænarskrána, og vona jeg þá, að hann komist úr öllum vafa.

Loks er breyt.till. um 600 kr. styrk hvort árið til Þorsteins Erlingssonar. Annars vill svo heppilega til, að einn h. þm. kemur með sömu tillögu á öðru þingskj., reyndar í öðrum tilgangi en jeg. Auðvitað stendur á sama, hvort Þorsteini Erlingssyni er veitt fje þetta sem skáldi eða til ritstarfa, en jeg vil veita honum það sem skáldi, því jeg álít, að hann sje eitt af okkar beztu skáldum, og jeg álít að hann hafi helzt lifað sem skáld; og þar sem hann á erfitt uppdráttar, og svo hart í búi, að heilsu hans, sem ávallt hefir verið mjög lin, er hætta búin af of mikilli áreynslu til að hafa ofan af fyrir sjer, þá álít jeg, að það sje siðferðisleg skylda, að styrkja hann, til þess að sú mikla skáldskapargáfa, sem þessi maður hefir, eigi verði að engu sökum örbyrgðar og heilsuveiklunar. Jeg ímynda mjer annars, að h. þm. Vestm. (V. G.) muni gefa betri upplýsingar, því hann þekkir bet-

ur hag og ástæður Þorsteins nú síðari árin en jeg. Annars þori jeg að fullyrða, að styrkveiting þessi fái hinn bezta byr hjer í deildinni, eptir kvæðum þeim, sem vjer höfum heyrt þennan mann lesa upp hjer um daginn, sem að allra dómi voru hin allra beztu kvæði.

Jeg álít ekki ástæðu til að minnast á fleira, því eins og jeg hefi áður tekið fram á þingi, þá getur það eigi verið hlutverk hvers einstaks þingmanns, að tala um hverja breyt.till., heldur verður atkvæðagreiðsla að sýna afstöðu þingmanna til málanna.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi leyft mjer að koma með breyt.till. á þingskj. 273, tölul. 74 á atkvæðaskránni, sem fer fram á það, að veittur verði 600 kr. árlegur námsstyrkur handa þeim, er á sjómannaskólann ganga, og hefir framsögum. (Þ. Bj.) tekið mjög lipurlega í þessa fjárveitingu, og er jeg honum þakklátur fyrir það, enda er það mín skoðun, að þegar menn bera þennan skóla saman við búnaðarskólana, þar sem námssveinar hafa allt ókeypis, þá sje það eigi sanngjarnt gagnvart sjávarútveginum, sem er annar aðal-atvinnuvegur landsins, að láta nemendur á þessum skóla engan styrk fá til að ljetta undir með þeim við námið. Það má reyndar segja það, að hjer sje ólíku saman að jafna, þar sem búnaðarskólanemendurnir sjeu bundnir við skólanámið allt árið, en á sjómannaskólanum sjeu nemendurnir að eins nokkurn hluta ársins, og geti því haft sumaratvinnu við að styðjast. Þetta er að vísu satt, en hins vegar ber þess að gæta, að það er miklum örðugleikum bundið fyrir pilta utan af landinu, sem langt eiga að, og mjög kostnaðarsamt að sækja skólann hingað til Reykjavíkur, ef þeir fá engan styrk. Ef vjer nú lítum á fjárlögin, eins og þau nú liggja fyrir oss, og gætum þess, hve mikið fje þar er áætlað til landbúnaðarins, þá nemur það alls 55,980 kr., en til sjávarútvegsins ekki nema 13,800 kr., nefnilega 7200 kr. til stýrimannaskólans, 5000 kr. til þilskipaábyrgðarfjelags við Faxaflóa og 1600 kr. til cand. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna; en um þá upphæð er næsta óvíst, að hve miklum notum hún verður; og þegar nú þessa er gætt, þá finnst mjer öll sanngirni mæla með því, að þingið taki vel í þessa fjárveitingu; en annað mál er það, að það getur verið álitamál, hvað styrkur þessi eigi að vera hár, og gangi atkvæðagreiðslan nú á móti þessari tillögu minni, þá vildi jeg fara þess á leit við h. fjárlaganefnd, hvort hún vildi ekki samlaga sig við mig um breyt.till. til 3. umr., sem færi fram á fjárveitingu í þessu skyni, þótt hún væri nokkuð lægri en upphæð sú, sem jeg hjer hefi farið fram á.

Í sambandi við þetta mál, þá vildi einnig jeg minnast stuttlega á athugasemd þá sem er aptan við fjárlagafrv. þess efnis, að veita megi 40 þús. kr. lán til þilskipakaupa. Samhljóða till. var fyrir þinginu í fyrra, og jeg greiddi atkvæði með henni þá og mun gjöra það einnig nú. En jeg vildi vekja athygli nefndarinnar á því, hvort hún vildi ekki samlaga sig við mig til 3. umr. um breyt.till. í þá átt, að lánið fengist með betri kjörum; mjer finnst það ekki nóg að mönnum gefist kostur á að fá lán gegn 6% í afborgun og vexti á 28 árum, og gegn fullu jarðarveði. Í «Norsk Fiskeritidende», sem jeg hefi hjer við hendina er grein um það, með hvaða kjörum Norðmenn veita slík lán. Það er svo kveðið á, að lán skuli veitt úr ríkissjóði allt að 400,000 kr. til þilskipakaupa; af þessu láni skuli fyrsta árið engir vextir eða afborgun greidd, en upp frá því $2^1/_2$% árlegir

vextir, og afborgun þannig að lánið sje allt endurgreitt eptir 10—15 ár. Þeir heimta og heldur ekki jarðarveð til tryggingar fyrir láninu, heldur taka þeir gilda tryggingu í skipinu sjálfu og lána $^2/_3$ af virðingarverði eldri skipa, en $^3/_4$ af virðingarverði nýbyggðra skipa. Þetta gætu menn einnig haft til hliðsjónar hjer á landi, og jeg vil skjóta því til fjárlaganefndarinnar, hvort hún mundi ekki vilja samlaga sig við mig um breyt.till. til 3. umr. þessu viðvíkjandi. Þilskipaútvegurinn er lífsspursmál fyrir landið, því enda þótt hagnaðurinn sje stopull, af því að aflinn er mjög misjafn, og sjerstaklega af því, að verzlunin er svo örðug, þá hefir þó fjöldi fólks atvinnu við hann, bæði á skipunum og við verkun á fiskinum, svo að nauðsynin er brýn, að efla þilskipaútveginn sem mest.

Ennfremur vildi jeg leyfa mjer að mæla með tillögunni á þingskj. 264, tölul. 103 á atkvæðaskr., um 5000 kr. styrk til að fá norskan járnbrautarfræðing til að rannsaka og gjöra áætlun um lagning mjóbrauta (tertiærbaner) hjer á landi. Það hefir verið talað svo mikið um járnbrautir hjer, bæði á þinginu í fyrra, og nú nýskeð í tímaritinu «Eimreiðin», að mjer finnst það þess vert að þetta sje rannsakað. Þessar brautir eru kostnaðarlitlar í samanburði við aðrar járnbrautir og það er áhorfsmál, hvort ekki kemur með tímanum sú breyting á vegamál vor, að járnbrautirnar ryðji sjer til rúms; og þótt jeg sje reyndar vantrúaður á, að sú breyting verði bráðlega, þá vil jeg þó láta rannsaka þetta mál sem fyrst; komist menn að þeirri niðurstöðu, að járnbrautir borgi sig ekki hjer á landi, þá er allt þref um það framvegis útilokað.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. frv., sem mig langaði til að fara fáeinum orðum um. Jeg hafði að vísu ekki hugsað mjer að tala neitt um þetta atriði, en jeg finn mig þó nauðbeygðan til að svara nokkrum mótbárum, sem fram hafa komið frá hæstv. landsh. og frá h. þm. Rvík. (J. J.) H. þm. Rvík. (J. J.) andmæltiþessari fjárveitingu mjög, og jeg hefi auðvitað ekkert við það að athuga, þótt hann sje á þessari skoðun, en mjer fannst «tendensinn» í ræðu hans vera sá, að reyna að mála mig sem svartastan, eða að slá því föstu, að jeg hefði ekki gengið alveg táhreinn út úr málinu, þrátt fyrir dóm hæstarjettar 15. febr. þ. á., og hinu sama var hæstv. landsh. að stagast á í efri deild hjer um daginn, og gat jeg fremur vorkennt honum það, þar sem hann átti örðugt um varnir. En allar slíkar aðdróttanir hlýt jeg að skoða sem persónuleg meiðyrði gegn mjer, sem jeg ekki mundi láta ganga óátalin, ef þau ekki fjellu hjer í þingsalnum. Að öðru leyti get jeg látið mjer slík ummæli í ljettu rúmi liggja, þar eð jeg hefi fyrir mjer dóm hæstarjettar, þess rjettar sem h. landsh. hefir lofað svo mjög fyrir rjettlæti og rjettdæmi, eins og deildinni er kunnugt, síðan h. þm. Rangv. (Sig. Á.) las upp hjer í deildinni allar lofræður þær, sem landshöfðingi flytur um hæstarjett, þegar hann er að hvetja ráðherrann til að synja lögunum um afnám hæstarjettar staðfestingar. En annars er landshöfðingja það nokkur vorkunn, þótt hann sje stúrinn eptir allar málalyktirnar; það getur minni skapsmunamönnum en h. landsh. orðið skapbrátt út af minnu, og erfi jeg það ekki við hann.

En að því, er h. þm. Rvík (J. Jenss.) snertir, þá má segja, að viðkvæmt sje móðurhjartað, og að það sje von að hann taki sárt til landsyfirrjettar, dómsins, sem hann átti þátt í að dæma í þessu máli, en sem hæstirjettur gjörði

svo lágt undir höfði; en á hinn bóginn virtist mjer «kritik» hans bera þess ljósan og leiðan vott, að þessi sami leiði «oppositionsandi» sem landshöfðingi talaði svo mikið um í efri deild um daginn, hafi nú jafnvel sýkt yfirdóm landsins, þar sem yfirdómarinn er sýnilega ergilegur yfir því, að hæstirjettur komst að annari niðurstöðu en hann; en slíka «kritik» eiga undirgefnir embættismenn, eptir áliti landshöfðingjans, ekki að leyfa sjer gegn yfirboðurum sínum.

En þessu viðvíkjandi skal jeg nú taka það fram, að þar sem þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að jeg hefði ekki verið sýknaður í hæstarjetti, þá er það ekki rjett; dómurinn sjálfur segir mig alsýknan; og þótt mjer væri dæmt að greiða 1/8 málskostnaðarins, en landssjóði 7/8, þá hafa þeir landshöfðingi og h. þm. Rvík. (J.Jenss.) litla ástæðu til að miklast af því. Jeg var alls sakaður um 8 mál, og 8 hegningarlagagreinir voru settar til höfuðs mjer; en af «præmissum» dómsins er það ljóst, að þessi 1/8 af málskostnaðinum er að eins byggður á einum formgalla í einu af þessum 8 málum, nfl. skurðsmálinu; og með því að leggja 7/8 málskostnaðarins á landssjóð, þá lætur hæstirjettur í ljósi það álit sitt, að öll sú rannsókn gegn mjer, eptir að mjer var vikið, frá embætti um stundarsakir, hafi verið allsendis ástæðulaus, og að «suspension» mín hafi verið óþörf, svo að ekki einu sinni málskostnaðurinn lendir á mjer, heldur á landssjóðnum.

Þetta er ekki að eins mín skoðun á málinu, heldur er það einnig skoðun mjög margra og merkra lögfræðinga í Kaupmannahöfn, t. d. Hörups ritstjóra blaðsins «Politiken» í Kaupmannahöfn, sem hefir aflað sjer mikils álits sem lögfræðingur. Hann segir í «Politiken» þ. 16. febr. þ. á. að «suspension» mín og allar málaeltingarnar gegn mjer hafi, að dómi hæstarjettar, verið allsendis óþarft og ástæðulaust.

Án þess að hafa nokkuð annað að fóta sig á en einn lítilfjörlegan og ósaknæman formgalla, þá skipar landshöfðingi með brjefi 29. ágúst 1892 að rannsókn skuli fram fara á allri minni embættisfærslu, og vona jeg að mönnum verði þetta tiltæki ljósara, ef jeg tek eitt dæmi; setjum t. d. að h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), sem er dugandis hreppstjóri, eins og vjer vitum, yrði það í ógáti að skrifa rangt ábúð einhvers búanda í tíundarskýrsluna, og setjum ennfremur að sýslumaður hans væri svo strangur að skipa að höfða gegn honum sakamál fyrir þennan óverulega formgalla, og ljeti þar á ofan hefja sakamálsrannsókn um alla undangengna hreppstjórn hans; og síðan, er hann væri sýknaður með dómi, eptir að hann hefði haft af málinu ærinn kostnað, þá væri honum boðið að flytja af arðsamri kostajörð sinni,og setjast að á einhverju kotinu. Ætli þetta þætti ekki nokkuð hörð og ómannúðleg aðferð? En slíkar hafa aðfarir landstjórnarinnar verið gegn mjer. En jeg tók það fram áðan, að þessi skoðun á dómi hæstarjettar væri ekki að eins mín skoðun heldur meðal annars skoðun ritstjóra Hörups, og skal jeg því taka það fram, að hann er cand. juris og mikils metinn lögfræðingur, því að það var hann, sem sókti ráðgjafana um 1870 við ríkisrjett Dana og aflaði sjer þá mikils álits; og jeg verð sannarlega að biðja landshöfðingja og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) að halda mjer til góða, þótt jeg meti meira orð þessa manns, og álit annara merkra lögfræðinga, heldur en orð þeirra, og það því fremur sem þeir hljóta báðir að skoðast sem vilhallir, annar sem höfundur allrar ofsóknarinnar, en hinn sem hafandi dæmt þann

dóm í málinu, sem eigi hefir staðið. H. þm. Vestm. (V. G.) man líka ef til vill eptir brjefi, sem hann skrifaði mjer í vetur, litlu eptir að hæstarjettardómurinn var uppkveðinn, þar sem hann gat um álit ýmsra hátt standandi manna á þessu máli í Höfn; og sömuleiðis get jeg skýrskotað til brjefs frá málaflutningsmanni mínum D. M. Rée, sem hann skrifaði mjer rjett eptir að dómur var fallinn í hæstarjetti; auðvitað vissi hann þá eigi það sem nú er komið upp úr kafinu, að tilefnið til alls málarekstursins var að eins vanþóknun stjórnarinnar á pólitiskri framkomu minni, og hann gekk þess vegna að því sem gefnu, að stjórnin mundi setja mig orðalaust aptur inn í embættið og greiða mjer upphæð þá, sem haldið hefði verið eptir af launum mínum, meðan «suspensionin» stóð yfir; en eptir að það varð hljóðbært, að stjórnin í stað þess að setja mig aptur inn í embættið bauð mjer annað miklu tekjuminna embætti, þá skrifaði jeg Rée að nýju, og leitaði álits hans um það, hvort jeg ekki myndi með málssókn geta fengið stjórnina skyldaða til þess, að greiða mjer fyrir landssjóðs hönd það, sem haldið hefði verið eptir af launum mínum. Svar hans hefi jeg hjer í höndunum og skal jeg nú leyfa mjer að skýra frá því með fám orðum. Hann getur þess þá fyrst að enginn vafi sje á því, að landstjórnin yrði skylduð til að borga mjer þá upphæð, sem haldið hafi verið eptir af launum mínum frá því að dómur tjell 15. febr. þ. á. til 31. maí, er mjer var veitt lausnin, og myndi þetta nema allsnokkuð á annað þús. krónur.

En að því er því næst það atriðið snertir, hvort jeg hafi lagakröfu til að fá endurgoldinn þann hluta launanna, sem haldið hefir verið eptir frá því mjer var vikið frá embætti um stundarsakir 1. sept. 1892, og þangað til dómur fjell í málinu, þá lýsir hann skoðun sinni mjög »forbeholdent«; á eina hliðina nefnir hann mjög margt, er með því mæli, að slíkt mál hlyti að vinnast, en á hinn bóginn tekur hann það sem hygginn og gætinn málfærslumaður fram, að þar sem stjórnin hafi »formellan« rjett til að »suspendera« embættismenn, rjett, sem hún þó ekki megi misbrúka, eins og hjer hafi átt sjer stað, þá verði því ekki neitað, að spurningin um þetta atriði geti yfir höfuð verið nokkuð vafasöm. En hvað sem því líði, þá sje hjer um sjálfsagða sanngirnis- og rjettlætis-kröfu að ræða, sem hann hafi talið óefað, að stjórnin myndi sinna; en þar sem hún ekki hafi sett mig góðfúslega aptur inn í embættið, þá megi og búast við að jeg fái heldur eigi laun mín aptur með góðu, svo sem og raun er á orðin.

Þannig er þá máli þessu varið, og tek jeg þetta fram til þess að sýna þingi og þjóð, að jeg kem hjer ekki sem neinn beiningamaður, og jeg frábið mjer, að nokkur þm. greiði atkv. með nokkurri fjárveitingu til mín í því skyni, að veita mjer gjöf; en það má náttúrlega segja, að jeg hefði getað höfðað mál gegn stjórninni fyrir landssjóðs hönd, og leitað rjettar míns á þann hátt; en það er dýr vegur, að sækja mál gegn landssjóði fyrir öllum rjettum; og þar sem jeg ekki er lengur embættismaður, nýt jeg ekki gjafsóknar, svo að þótt málið ynnist, þá mundi mikill hluti af því fje, sem fengist með dómi, ganga í málskostnað, og sakir þessa hefi jeg valið þann veg, að snúa mjer til þingsins, og leita hjá því þeirrar sannsýni, sem ekki er hjá stjórninni að finna. En þrátt fyrir allt og allt myndi jeg þó hafa fallið frá kröfu þessari, ef stjórnin hefði, svo sem henni var skylt, hlýðnazt dómi hæsta

rjettar; en í stað þess að gjöra það, bauð hún mjer, sem kunnugt er, sýslumannsembættið í Rangárvallasýslu, sem er 2- 3 þús. krónum tekjuminna en sýslumannsembættið í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta embættið á Ísafirði, svo að stjórnin hefir með þessu viljað leggja á mig eins konar auka-hegningu, líklega fyrir þær yfirsjónir, sem hún vildi óska, að jeg hefði framið, og vona jeg að enginn lái mjer það, þótt jeg ekki vildi þiggja slíkt smánarboð, eða ljeti setja mig þannig niður, og það því fremur sem stjórnin hefir ekki farið eptir fyrirmælunum í 4. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem beinlínis er tekið fram, að því að eins megi flytja embættismenn úr einu embætti í annað að þeir missi einskis í af launum sínum. Ef þetta athæfi stjórnarinnar er ekki brot á stjórnarskránni, — og það er þó sannarlega ekki gustuk að taka frá okkur þessi litli rjettindi, sem hún veitir —, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þessi 4. gr. sje alveg þýðingarlaus, en annars þykir mjer sennilegast, að stjórnin hafi farið þennan krákustíg, til þess að komast hjá því að þurfa að leggja frumv. fyrir þingið um sjerstök eptirlaun handa mjer. Að vísu stendur í byrjun 4. gr. að konungur geti svipt þann embætti, er hann hafi veitt það, og má vera, að stjórnin beri það ákvæði fyrir sig; en þó að konungi sje veittur þessi rjettur, þá er það vitaskuld, að stjórninni er heimildarlaust að nota hann, nema full ástæða sje til; en þegar nú stjórnin sjálf hefir valið þann veginn, að leggja málið undir úrskurð dómstólanna, og dómstólarnir hafa kveðið upp sinn sýknudóm, þá er það ljóst, að engin lögmæt ástæða er fyrir hendi, svo að einnig frá þessu sjónarmiði verður »lausn« mín í raun og veru stjórnarskrárbrot. Og jeg þori að fullyrða, að eptir því sem stjórnarlög eru skilin í öðrum löndum, t. d. á Englandi, þá hefði stjórnin ekki leyft sjer að setja embættismann frá embætti þvert ofan í sýknudóm æðsta rjettar ríkisins; það er að eins hjer og í Danmörku, að slíkt getur átt sjer stað, af því að þar í landi hefir um nokkur ár verið einskonar politiskt ‚anarki', þar sem þeir er í völdum hafa setið, hafa skýrt lögin eptir vild sinni, og beitt þeim til að ofsækja þá, sem ekki hafa þóknazt þeim, og slíkan »praxis« er það, sem stjórnin nú er að innleiða hjer á landi.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) hjelt því fram, að jeg hefði verið skarpur »oppositionsmaður«, og virtist honum, að aðferð stjórnarinnar gagnvart mjer hefði frá því sjónarmiði verið skiljanleg, og ekki meira en maður gat búizt við, þó að hún leysti mig frá embætti; og sami h. þm. tók það einnig fram, að það væri ekki jeg, sem fyrir órjettinum hefði orðið, heldur hefði aðferð stjórnarinnar komið þyngst niður á landsmönnum, með því að hún hefði sært rjettlætistilfinning þeirra; en þetta síðasta atriði í kenningu þm. þykir mjer óneitanlega dálítið kynlegt, því að jeg get ekki skilið annað, en að sá maður, sem hefir verið eltur með sakamálsrannsókn árum saman, og ógnað með »tukthúsi« dag eptir dag, hafi þó fengið dálitla aðkenningu af »rjettvísi« stjórnarinnar, og það því fremur sem hann er að óþörfu og ástæðulausu sviptur mörg þús. krónum af embættistekjum þeim, er honum bera, auk þess sem hann verður að verja ærnu fje til þess að verjast árásum stjórnarinnar.

Og að því er hið fyrra atriðið í ræðu þm. snertir, að jeg hafi verið »skarpur oppositionsmaður«, þá er það nokkuð óákveðin hugmynd; það er eptir því sem hver lítur á; mjer fyrir mitt leyti finnst nú, að jeg hafi verið einstaklega væg-

ur «oppositionsmaður«, ekki sízt þegar litið er til stjórnarástandsins hjer á landi. Því má og ekki gleyma, að samkvæmt stjórnarskrá vorri hafa embættismenn pólitisk rjettindi, og þá um leið pólitiskar skyldur, eins og aðrir borgarar landsins, og því er þeim bæði rjett og skylt að »kritisera« það, sem þeim þykir miður fara í landstjórnarháttum.

En jeg minnist þess nú, að í ræðu þeirri, sem hæstv. landsh. hjelt í Ed. í fyrra dag, vildi hann setja mig í flokk með æsingamönnum, sem hefði lítilsvirt yfirboðara sína, og jafnframt kallaði hann mig hafa leitazt við að kveikja óánægju milli þjóðar og stjórnar; en jeg verð að mótmæla þessu sem allsendis ósönnum áburði. (*Forseti*: Jeg vil biðja h. þm. að gæta þess, að hæstv. landsh. er ekki við.). Hvernig get jeg gert að því, að hæstv. landsh. hleypur á dyr, og hlerar svo í gættinni hvenær sem jeg bið um orðið? Mjer þætti vænt um, ef landsh. vildi sýna, við hvaða tækifæri jeg hefi gjört slíkt, eða ef hann vildi sýna eitt einasta embættisbrjef frá mjer, þar sem jeg hefi ekki sýnt hina mestu kurteisi gagnvart yfirboðurum mínum — eða ef hann vildi taka til blaðagrein, þar sem jeg hefi »kritiserað« stjórnina öðruvísi, en í sambandi við framkomu hennar í einhverju opinberu máli. Jeg hefi aldrei ráðizt á landsh. persónulega, nje neinn annan yfirboðara minna, en á hinn bóginn kemur mjer það alls ekki á óvart, þó að einhverju þess háttar sje slegið fram, eða hafi verið notað, til að koma mjer úr embættinu, því að jeg skal geta þess, að í byrjun ársins 1893 skrifaði jeg að gamni mínu departementschef Dybdal, um það bil sem ofsóknin gegn mjer stóð sem hæst yfir, og departementschefinn, — sem er maður hreinskilinn og einarður, eptir þeirri persónulegu viðkynningu, sem jeg hefi haft af honum síðan —, svaraði mjer aptur með brjefi, sem að mörgu leyti var hreinskilið og gott upp á sinn máta, og sagði þar meðal annars, að hann hefði »aldrei heyrt mín nema að illu getið«. Jeg tek þetta fram, til þess að menn skynji, hvaða vopnum og meðulum hið núverandi «regíment« beitir, til þess að halda sjer við stýrið, — það er »rógsystemið«. — En jeg held, að þó að sýslubúar mínir, Ísfirðirðingar, væru hjer allir staddir í einum hóp, þá myndu þeir ekki bera mjer þann vitnisburð, að jeg hefði kynnt mig sem ódreng.

En það er nú orðið ljóst af orðum landsh., að lausn mín er byggð á pólitiskum ástæðum. En slíka ástæðu getur þingið sem »politisk Institution» aldrei viðurkennt sem rjettmæta ástæðu til embættis-afsetningar, því að bæði væri þetta hið skaðlegasta fyrir sjálfstæði embættisstjettarinnar, og þar með fyrir þjóðina í heild sinni, og ríður auk þess í bága við ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar, er veitir embættismönnunum pólitisk rjettindi og skyldur; og geti stjórnin sett einn frá embætti fyrir pólitiskar æsingar, sem hún svo kallar, hvar eiga þá takmörkin að vera? Álit og dómur stjórnarinnar einnar um pólitiska framkomu embættismannsins skapar þá takmarkið, en ekkert annað.

Jeg hefi tekið það fram, að jeg er sviptur embætti eptir undangenginn sýknudóm hæstarjettar, og því án saka, og tel jeg mig því eiga kröfu til eptirlaunanna, svo sem embættismaður, er hætta verður að gegna embætti sínu vegna einhverra þeirra atvika, er honum eru ósjálfráð; en í stað þess að leggja sjerstakt eptirlaunafrumv. fyrir þingið, hefir stjórnin ákveðið eptirlaun mín eptir áratölu, samkvæmt eptir-

launalögunum, og þar sem stjórnin hefir verið svo heppin, að geta veitt mjer »lausnina« c. 5 mánuðum áður en jeg næði 10 ára embættistíð með eptirlaunarjetti, þá hefir henni tekizt að sjá svo um, að eptirlaunin skyldu ekki verða of há.

Nefndin hefir að vísu ekki sjeð sjer fært að sinna fyllilega kröfum mínum, en hún hefir farið hóflega, meðalveginn, og skal jeg ekki lasta hana fyrir það.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) var á móti þessari fjárveiting, vegna þess að hann áleit, að þá liti svo út, sem embættismennirnir væru einskonar »prívilegeraður« flokkur, og taldi mjer ekki vandara um en hverjum öðrum, sem ósekju yrði fyrir sakamálsrannsókn. Þetta er sama skoðunin, sem nýskeð kom fram í einu blaði hjer í bænum, sem er stjórninni handgengið. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, og get jeg skýrt það með dæmi. Setjum, að bóndi sem býr á kostajörð, hafi átt í sakamáli, og verið sýknaður; en þekkja menn þess þá nokkurt dæmi, að hann, að málinu loknu, hafi verið rekinn af ábýli sínu á annað minna býli, eða enda bannað að búa sem bónda? Nei, slíks eru engin dæmi; en aptur á móti hefi jeg, að enduðu og unnu máli, verið rekinn frá atvinnu minni.

Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg hefi komið fram með þessa fjárkröfu mína af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að það er skylda gagnvart sjálfum mjer, að leita rjettar míns gagnvart rangsleitni þeirri, er jeg hefi orðið fyrir, og í öðru lagi af því, að mjer finnst það vera skylda mín vegna embættisstjettarinnar og þjóðarinnar í heild sinni. Því að það er vitaskuld, að þegar stjórnin er komin inn á þennan veg, að elta einstaka embættismenn sem hafa aðra pólitiska skoðun en hún, þá er okkar pólitiska frelsi hætta búin, þar sem okkar litla þjóð er enn svo illa stödd, að tiltölulega fáir ólærðir menn geta enn talizt færir um að taka þátt í hinu pólitiska lífi, en sjái stjórnin, að þjóðin hefir óbeit á pólitiskum ofsóknum, og að hún er einráðin í því, að láta stjórnina ekki komast fram með að eyðileggja pólitiska andstæðinga sína í efnalegu tilliti, og hepta þannig pólitiskt frelsi þeirra, þá mun stjórnin síður leggja út í slíkan leiðangur í annað skiptið.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um að þingið ætti sína gæðinga, þá ætti hann að fara sem minnst út í þá sálma, því að ef farið er að rifja upp embættaveitingarnar í hans landsh. tíð, þá er hætt við, að fáum blandist hugur um, að það er einmitt hann, sem hefir átt sjer venzlalið og gæðinga aðra, og haldið embættum og öðrum gæðum til þeirra, og mætti nefna þessa all-mörg dæmi.

Jeg skal nú ekki lengja þetta mál frekar, en geta þess að lokum, að hæstv. landsh. og h. þm. Rvík (J. Jenss.) hafa haft þau ummæli um mig, að jeg gat ekki leitt hjá mjer að svara þeim.

Þórður Guðmundsson: Jeg vildi tala fá orð viðvíkjandi nokkrum breytingaratkvæðum. Það lítur út fyrir, að það sje sjúkdómur hjá Íslendingum þessi fjárbænasýki, og þessi sýki lítur út fyrir, að sje að fara í vöxt ár frá ári. Í þetta sinn eru þær kringum 60, bænarskrárnar, sem þinginu hafa borizt í ár; og er það mitt álit, að þingið leiti einhverra ráða í að lækna hana, og þá helzt með því, að slá stryki yfir þær allar eða að minnsta kosti sem flestar. Fjárlaganefndin á þann heiður skilið, að hún hefir í þetta sinn slegið stryki yfir mikið af þeim fjárbænum, sem farið hefir verið fram á.

Eitt af því, sem þetta hefir í för með

sjer, er það, að erfitt er að átta sig á öllum þessum bænum, vegna þess, að hver þingm. mælir af öllum kröptum fram með þeirri beiðni, sem hann flytur, og gyllir þær afleiðingar, sem af því mundu leiða, að veita hana. Í reyndinni verður annað ofan á, því að ávextirnir af því fje hafa ekki allt af viljað verða miklir.

Jeg hefi nú til allrar hamingju ekki komizt í þá stöðu, að þurfa að bera mörg þess háttar mál inn á þing, og jeg vildi óska, að jeg þyrfti þess ekki framvegis, því að jeg álít þetta stapp nærri þeirri tegund fjárbæna, sem heitir betl.

Viðvíkjandi breyt.till. við C. 17. skal jeg geta þess, að við förum fram á, að þessi fjárveiting, sem stendur í stjórnarfrv., verði ekki tekin til greina eða falli burtu. Og ástæðan er sú, að það er alls engin sönnun fyrir því, að þessi maður, hversu vel hæfur, sem hann kann að vera, og það dettur mjer ekki í hug að efast um, — verði landinu til gagns svona langt í fjarska; þessi styrkur er veittur alveg skilyrðislaust, svo að jeg get eins vel ímyndað mjer, að hann sitji þar sem hann er kominn, í þeirri stöðu, sem hann nú er í, eða fari til Ameríku, eins og svo margir Íslendingar í Khöfn hafa gert hin síðari árin.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) benti á, að þar væri gott efni til kennara við hinn fyrirhugaða lagaskóla, sem þingið samþykkir líklega bráðlega, en það er nú enginn vafi á, að til þess muni fást eins vel fallnir menn, er hafa meiri lagalega reynslu, án þess mjer detti í hug, að gjöra lítið úr hr. Steingrími Jónssyni.

Það hefir einu sinni áður verið veitt fje í líka stefnu, manni, sem að allra dómi var mjög vel hæfur til þess, að stunda þetta nám, en hann mun sjálfur hafa viðurkennt, að sú fjárveiting hafi ekki komið að þeim notum, sem hann hefði viljað sjálfur og þjóðin hefði óskað.

Jeg fyrir mitt leyti held þessari breyt.till. fast fram, og óska að hún verði tekin til greina.

Þá var það annað atriði, sem jeg vildi minnast á, ákvæðið í 101 C, um styrk og stór fjárframlög til að koma upp matreiðsluskóla hjer í Reykjavík. Jeg skal sannarlega játa, að það er fullkomin þörf á skóla, þar sem stúlkum er kennd matreiðsla, hússtjórn og annað það, sem húsfreyjur hjer á landi þurfa að nema, til þess að geta ráðið fyrir búi, og staðið vel í stöðu sinni, og enginn skyldi fúsari en jeg að leggja fje til skóla með því markmiði, ef jeg sæi, að full trygging væri fyrir, að hann uppfyllti þær kröfur, sem til skólans hlyti að vera gerðar og mætti. — Nú blandast mjer ekki hugur um, að sú kona, sem ætlar að veita þessum skóla forstöðu, er hin mikilhæfasta, og sjálfsagt því verki vaxin, að stjórna honum, — en það er eitt atriði, sem jeg vil vekja athygli á, og það vegur svo mikið í mínum augum, að jeg verð að vera á móti þessari fjárveiting. Og það er þetta, að skólinn á að vera hjer í Reykjavík.

Þessi stofnun er afar-illa sett hjer í Reykjavík; jeg ímynda mjer, að þessi stofnun sje ekki einungis ætluð stúlkum úr Reykjavíkurbæ. Það munu vera helzt sveitastúlkur, sem álitið er að þurfi að menntast í þeim greinum, sem ætlazt er til að skólinn veiti. Það er rjett álitið, að sveitastúlkur hafa mesta þörf á slíkri kennslu, sem veitt er í þess háttar skóla. Jeg get ekki fengið út, að þetta fyrirkomulag sje hentug stofnun handa sveitastúlkum, þegar

þær fá ekki kennslu nema einn mánuð, og það að vetrinum. (*Þórh. Bjarnars.*: 3 mánuði!). H. framsögum. sagði það væri ekki nema einn mánuður, honum hefir þá orðið mismæli. Jeg sje ekki betur en það sje næsta óheppilegt, að flytja hingað stúlkur ofan úr sveit upp á svo stuttan tíma. (*Margir*: 3 mánuði!) Og þó það sje aldrei nema heilir 3 mánuðir, þá er sá tími allt of stuttur til þess að hafa verulegt gagn af náminu.

Og svo er það enn eitt atriði, sem er móti því, að hafa skólann í Reykjavík. Hjer eru margar matartegundir ekki til, sem vanalega eru hafðar um hönd á sveitaheimilum um allt land, t. d. mjólkurmatur, og þá ekki hægt að læra blöndun hans við aðra fæðu. Af þessum ástæðum get jeg ekki verið með þessari stofnun, að hún verði sett á stofn hjer í Reykjavík, þó hún kunni að vera þörf að ýmsu leyti. — En ef menn vildu setja hana á stofn einhvers staðar uppi í sveit á stór-heimili, þar sem allar tegundir matar, sem algengar eru á sveitaheimilum, eru við hendina, þá skyldi jeg gjarnan vera með því.

Enn eitt atriði vildi jeg minnast á, styrkinn til aðstoðarkennara við kennslu daufdumbra, sem síra Ólafur Helgason hefir sótt um, eða stjórnin tekið upp í frumv. eptir það að þingið 1893 hafði samþykkt þessar 150 kr., sem hlutaðeigandi kennari sótti um. Jeg verð að vera á sama máli og hæstv. landshöfðingi, af því að það mál er mjer dálítið kunnara en öðrum h. þingm., af því að það er nálægt mjer, sem þessi kennsla fer fram; og verð jeg að segja það, að það er engin vanþörf á þessum styrk. Jeg játa að vísu, að laun síra Ólafs eru aðgengileg, og meðgjöfin, sem hann fær með málleysingjum, sæmileg, en kennslan er svo vaxin, að það er ómögulegt að komast hjá því, að hafa aðstoðarkennara, er kann fingramál, sem sjer um og stjórnar kennslunni, því að hann sjálfur getur ekki nærri allt af verið við heimilið. — Þinginu kemur ekki við, þó að hann hafi sæmilegar tekjur af prestakalli sínu, en hins ber því að taka tillit til, að kennsla þessara aumingja geti farið fram á sem fullkomnastan hátt.

Jeg vildi því óska, að menn gæti þess, að það er óumflýjanlegt, að hafa aðstoðarkennara, og gefi því þessum styrk til daufdumbra kennslunnar gaum; jeg mun gefa honum atkvæði mitt.

Jón Þórarinsson: Jeg vildi leyfa mjer, að tala nokkuð um breyt.tillögur þær, sem mitt nafn stendur við. Jeg vil þá fyrst minnast á tölul. 66 á atkvæðaskránni, 1000 kr. utanferðarstyrk til leikfimiskennarans við latínuskólann. Stjórnin hefir áður stungið upp á þessari styrkveitingu, en þingið neitað. — Jeg var þá með uppástungu stjórnarinnar, og er það eins nú. Það er mesta mein latínuskólans, hvað líkamlegt uppeldi er vanrækt þar. Þó skólatíminn sje ekki langur í samanburði við útlenda skóla, þá er hinn daglegi vinnutími pilta miklu lengri, 6 stundir fyrri hluta dags og 5 seinni hluta. Sumarleyfið er að eins að nokkru leyti gott, en á vetrum er ekkert jafnvægi milli andlegrar og líkamlegrar vinnu. Jeg hefi jafnvel heyrt það sagt, hvort það er satt, veit jeg ekki, að leikfimiskennslan í skólanum sje nú orðin svo, að piltar hiki sjer ekki við, að ganga úr leikfimistímanum, þegar þeim svo lízt, og ganga sjer til skemmtunar úti á götum. Sje þetta satt, er það mjög sorglegt að vita, því leikfimin er hin bezta og þarfasta grein, sem skólinn kennir, ef hún er kennd rjett og vel. Jeg vil því láta veita þennan styrk, en bæta við því skilyrði, að leikfimiskennarinn

gangi á »sløjd-«skóla ytra, taki próf þar, og kenni svo »sløjd« við latínuskólann, þegar hann kemur heim. Ef þessi maður er hæfur til þess, myndi fáum fjárveitingum vera betur varið en þessari. Jeg er sannfærður um, að það myndi endurbæta skólann stórlega. Jeg efast um, að nýir kraptar meðal kennaranna geti breytt skólanum nokkuð til hlítar, nema þetta verði, og jeg álít það hið fyrsta og helzta skilyrði fyrir endurbótum á skólanum.

Við 84. tölulið á atkvæðaskr. hefir háttv. framsögum. (Þórh. Bj.) tekið af mjer ómakið, og skal jeg því ekki fjölyrða um það mál. Við kennaralaunin hefir verið bætt, svo að hægt verði að bæta við þriðja kennaranum með 600 kr. launum. Þá hefi jeg stungið upp á 400 kr. fyrra árið til áhaldakaupa. Upphæðin fyrra árið er ætlazt til að gangi til að smíða fyrir borð og bekki með nýju og hentugu lagi, eptir þeirri tízku, sem nú er algengust í útlöndum. Það er áríðandi að veita þetta, svo kennaraefnin geti sjeð borð og bekki með þessu lagi á skólanum og sannfærzt um hentugleik þeirra; þá munu þeir breiða þekkinguna á þeim víðsvegar út um landið, og þeir ættu að vera innleiddir í öllum skólum landsins. Menn ímynda sjer opt að borð og bekkir skólanna okkar sjeu svo afar-óhentug, sem þau eru, af því að hentugri borð yrðu dýrari, en þetta er misskilningur; það eru ekki peningar, sem vantar, heldur hitt, að kennarnir sjálfir hafi vit á, að segja fyrir um gerð þessara áhalda.

Þriðji liðurinn, um styrkveitingu handa þeim, er próf taka í uppeldisfræði, vona jeg að nái samþykki hjá h. þingdeild. Þessi fjárveiting er mjög nauðsynleg, en þó er farið fram á litla upphæð þar. Annars hefi jeg þá skoðun á ölmusu-styrkveitingum, að rjett sje að takmarka þær. Jeg álít að rjett sje, að veita þeim styrk, sem síðar eiga að takast á hendur starfa í ríkisins þjónustu, og einmitt þessir menn, sem jeg hefi stungið upp á að veita styrk, eiga að takast á hendur bæði vandasöm og illa launuð störf; en þó vil jeg ekki láta veita þeim styrkinn, fyrr en þeir hafa tekið próf og sýnt, hvort þeir eru hans verðir. Hitt, að styrkja menn allan námstímann, álít jeg mjög varhugavert. En þetta er þó gert bæði í kvennaskólum, gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, búnaðarskólunum, latínuskólanum, og báðum æðri skólunum, í stuttu máli í öllum skólum hjer á landi öðrum en barnaskólum, — nema Flensborgarskólanum einum. Ekki veit jeg, hvers skólinn á að gjalda, og engin samkvæmni er í þessu. Samt sem áður sting jeg hjer ekki upp á því, að gagnfræðingum þessa skóla sje veitt jafnrjetti við aðra nemendur, heldur fer jeg einungis fram á það, að kennaraefnunum sje veittur lítilfjörlegur styrkur, og samkvæmt því, sem jeg áður hefi tekið fram um stöðu þeirra og starfa, má sannarlega ekki minna vera en að þeim sje gert jafn-hátt undir höfði eins og piltum, sem að eins eru nokkra mánuði við nám til þess að mennta sig í almennum fræðum.

Þá hefi jeg aðra breyt.til. á samvizkunni, nefnil. tölul. 96 á atkv.skr., styrkinn til Þórarins B. Þorlákssonar, til að fullkomna sig í málaraíþrótt. H. framsögum. (Þórh. B.) sagði, að vafasamt væri, hvort þingið ætti að styrkja slík fyrirtæki. Vitaskuld er það hægt að taka strangar grundvallarreglur (princip) í þessu atriði, en það er óvíst um, hvort rjett er að gjöra það. Í öðrum löndum eru menn hissa á, hvað Íslendingar verja litlu fje til að efla fagrar listir hjá sjer. Það hefir hjer í deildinni verið lögð áherzla á grasræktina

og sagt, að undir grasinu væri farsæld landsins komin. En maðurinn lifir ekki á einu saman grasi og ekki á einu saman brauði. Það þarf að auka fegurðartilfinning þjóðarinnar, en það er allt of lítið gjört til þess. Af fögrum listum er málverkalistin einmitt sú, sem getur komið að beztum notum hjer á landi; myndasmiðir þar á móti geta það miklu síður; marmarinn, sem þeir vinna úr, verður mjög dýr hjer á landi og markaður fyrir þeirra listaverk enginn hjer. Aptur á móti geta þeir auðvitað, ef þeir eru framúrskarandi listamenn orðið landinu til mikils sóma í útlöndum; jeg vil að eins minna á Albert Thorvaldsen. En málari getur vel þrifizt hjer á Íslandi. Íslenzkir fossar, fjöll og sveitir eru alltaf við hendina fyrir málara hjer. Innlendur málari myndi stórum auka þekkingu útlendinga á landinu. Þetta eru allir menn samdóma um, en ef til vill eru ekki allir samdóma um það, hvort þessi maður sje þess maklegur, að honum sje styrkur veittur. Hjer er reyndar enginn verulegur listadómandi, en þann vitnisburð get jeg gefið þessum manni, að eptir dómi þeirra manna hjer í Reykjavík, sem bezt hafa vit á slíku, hefir hjer ekkert líkt verið gjört af mönnum, sem ekki hafa lært annarsstaðar en hjer. Upphæðin er ekki stór, þegar glögg sönnun er fyrir því, að maðurinn er hæfilegleikamaður. Jeg hefi heyrt þá mótbáru móti þessari styrkveitingu, að umsækjandinn væri orðinn of gamall; það er satt, það væri öllu heppilegra, að hann væri yngri, og jeg vildi óska að einhver hefði vakið máls á að styrkja hann til þessa fyrir 10 árum síðan; en úr því það hefir ekki verið gjört, þá væri það að bæta gráu ofan á svart, að neita honum um styrk til að fullkomna sig í þessari list, sem hann nú í 5 ár hefir varið öllum frístundum sínum til; hann hefir ekki getað stundað hana öðruvísi, því hann hefir verið annara maður.

101. tölulið atkv.skrárinnar, nr. 18, hefir h. framsögum. (Þórh. B.) mælt svo vel fram með, að jeg hef þar engu við að bæta, öðru en jeg óska þessari góðkunnu og velvirtu frú til hamingju með þetta fyrirtæki. Mörgum er ókunnugt um einstök atriði í þessu máli, en öllum er ljóst, að framför þarf að koma í matreiðslu og bústjórn og að hjer er farið fram á að stíga spor til verklegra framfara í þessum atriðum, sem hingað til hafa verið svo vanrækt. Og hjer á landi er víst engin færari til að byrja slíkt fyrirtæki og standa fyrir því, en frú Elín Eggertsdóttir.

H. fjárlaganefnd hefir tekið upp styrkveitinguna til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar, og þykir mjer mjög vænt um það. Rannsókn á fiskigöngum hjer við land er óyrktur akur. Þessi maður hefir skrifað fróðlegar ritgjörðir um þau efni, og er að sjálfsögðu vel fallinn til slíkra rannsókna. Hjer við Faxaflóa og víðast hvar annarsstaðar kringum landið eru menn mjög ófróðir í fiskiveiðamálum. Það þarf varla annað en minna á allt samþykktabrallið hjer syðra; hver sem til þess þekkir, verður að játa, að menn vaða hjer alveg í villu og svima hvað fiskigöngur snertir.

Viðvíkjandi 101. tölul. á atkv.skr., nr. 22, skal jeg geta þess, að jeg vonast til, að stjórnin gjöri ráðstafanir sem fyrst til þess, að verkfræðingur rannsaki hafnir og þrautalendingar á suðurströnd landsins. Það er mikið verksvið þar. Bezt væri að láta verkfræðing landsins gjöra það; að fá útlendan verkfræðing myndi kosta mikið fje.

Það er ýmislegt fleira, sem jeg hefði viljað minnast á, en tímans vegna sleppi jeg því.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Það eru

ekki margir töluliðir, sem jeg ætla að tala um, en skeð getur að jeg fari eitthvað út fyrir efnið; það kemur af því, að umræður voru skornar niður í gær og þar með tekið af mjer orðið. Samt skal jeg ekki fara lengra út fyrir efnið en jeg hygg að sje leyfilegt

Fyrst vil jeg þá minnast á ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.), er vildi mæla með breyt.till. sinni um að fella burt styrkinn til cand. jur. Stgr. Jónssonar, til að stunda íslenzk lög. Ástæður þær, sem hann færði móti þessum styrk, eru þó mjög bágbornar. Hin fyrsta ástæða hans var sú, að sannanirnar vantaði fyrir, að þessi fjárveiting gæti komið að nokkru gagni. Það er nú mjög yfirgripsmikil ástæða, sem er hægt að beita á móti öllu, og á ekki sjerlega heima hjer. Það er auðvitað ómögulegt að segja um það fyrirfram, hvaða gagn kunni af þessu að leiða. Þeir, sem eru meðmæltir frumvarpinu um lagaskóla, ættu þó að gæta að því, að það getur verið gagn að, að fá mann til að búa sig undir að takast á hendur kennarastöðu við þann skóla. Hann sagði, að nógir yrðu til að sækja um þau embætti, og það væri heppilegra að hafa þar eldri og reyndari menn. En er þingm. viss um, að sýslumenn og amtmenn og yfirdómarar færi að sækja um þau embætti? Eptir því sem laun lagaskólakennaranna hafa verið ákveðin í frumvarpinu, má ekki búast við því, þar eð þeirra eigin laun eru eins góð og laun kennaranna við lagaskólann eru áætluð. Eptir launanum að dæma, verður því eigi hægt að velja kennarana úr hinum eldri lögfræðingum landsins. Þá sagði hann að engin trygging væri fyrir því, að styrkur þessi kæmi Íslandi að gagni, þar sem umsækjandinn yrði vís til að verða kyrr í Kaupmannahöfn. Jeg held að það sje nú engin hætta á því, en þó svo væri, þá sje jeg ekki annað, en að þeim styrk sje vel varið, sem er veittur manni í íslenzku stjórnardeildinni í K.höfn til að gefa sig við íslenzkri löggjöf; það er eimitt gott fyrir landið, að hafa mann í þeirri stöðu, sem er vel heima í löggjöf þess. Að hann fari til Ameríku, er ósennilegt, þar sem hann hefir embættispróf, sem hvergi dugar nema í Danaveldi. Einmitt það, að hann hefir beðið um styrk, ber vott um áhuga á þessu, því hann lengir þar með námstíma sinn og styrkurinn til laganámsins getur auðvitað tafið fyrir því, að hann fái gott embætti. Þá sagði h. þingm., að styrkur til hins sama hefði áður verið veittur manni, sem hefði sagt, að sá styrkur hefði ekki komið sjer að neinu gagni. Jeg á bágt með að trúa þessu. Jeg get ekki skilið í að það nám hafi ekki orðið að notum. Jeg þykist vita, að h. þm. eigi við þann mann, sem nú er amtmaður í Norður- og Austuramtinu, og jeg skil ekki í því, ef h. þm. hefir meint, að sá maður hafi notað styrkinn illa.

Þá vil jeg snúa mjer að tillögu tveggja h. þingmanna, tölul. 103 á atkvæðaskr. um að veita 5000 kr. til að fá hingað norskan járnbrautarfræðing. Þessi till. leiðir mann til að hugsa um fjárveitingarnar til akbrauta, flutningsbrauta o. s. frv. Jeg vil hjer nota tækifærið til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í gær um þær. Þá sagði sessunautur minn við mig, að jeg greiddi atkvæði sjervizkulega. Jeg fjekk þá ekki að gjöra grein fyrir því, af því umræðurnar voru skornar niður, en nú mun jeg gjöra það í fáum orðum.

Þó frá einstöku þingmönnum hafi heyrzt, að trú manna á akbrautir væri farin að dofna, þá get jeg ekki skilið, með hvaða rjetti þeir segja það. Hvar hefir það sýnt sig? Hvergi. Það er engin reynsla fyrir því enn. Þetta er

eitt af þeim dæmum, þegar sumir þingmenn taka á sig stökk löngu á undan reynslunni. Það er ekkert, sem gjörir það sennilegt, að menn hafi breytt skoðunum sínum um þetta, og svo lengi sem það ekki er, er þinginu skylt að fara í sömu stefnu, sóma síns vegna, og halda akbrautunum fram. Það getur vel verið að þriðjungsbraut á sínum tíma gjöri gagn, en við verðum að byggja á því, sem við höfum. Jeg gat því enga ástæðu fundið til að færa þessar 50,000 kr. nokkuð niður, og greiddi atkvæði mitt samkvæmt því.

Töluliður 84. á atkvæðaskrá, frá h. 2. þm. K.-G. (Jón Þór.) er verulegt nýmæli. Það er auðsjeð, að þetta hefir komið fram, vegna þess að kennaraskólafrumvarpið fjell um daginn. Jeg mun að mestu leyti verða með þessum tillögum, en þó ekki með síðasta liðnum að svo stöddu, þar eð jeg álít þann styrk óþarfan. Hækkunin frá núgildandi fjárlögum yrði þá líka svo lítil að málið verður fyrir það miklu aðgengilegra; það er að eins 450 kr. munur.

Þá er líka nýmæli breyt.till. nefndarinnar, tölul. 78, um kvennaskóla á Austurlandi. Þar er enginn kvennaskóli nú. Jeg finn ástæðu til að tala nokkuð um þetta, því jeg hefi annars alltaf verið með kvennaskólunum, en með þessum skóla get jeg ekki verið.

Mjer sýnist rjett að bíða með, að styrkja þennan skóla, þangað til hann er kominn á fót. Það hefir líka verið vani, að skólarnir hafi fyrst verið stofnaðir, og fái ekki landssjóðsstyrk fyr en á eptir. Sú stefna, að styrkja hið veika og ófullburða, sem kemur fram úr ýmsum áttum, er óheppileg, en hún ræður því miður of miklu hjer í deildinni. Jeg vil nefna t. d. Hvanneyrarskólann. Það er lagleg stefna, að ausa stórfje í stofnun, sem hingað til hefir að eins hangið saman að nafninu til. Það getur sumum þótt mikið gott, en það er það ekki frá mínu sjónarmiði. Það væri nær að styrkja stofnun eins og t. d. spítalann á Sauðárkrók, þar sem sýslunefndin myndi bera mestan kostnaðinn. Jeg álít það mjög illa til fallið, að því var neitað. Eða þá brúin á Langá! Þvílík hörmung! Eptir áætlun á brúin að kosta að eins 2500 kr. og svo koma þessir menn, og biðja um 2000 kr. úr landssjóði. Hingað til hafa hjeraðsbúar þar, það jeg frekast veit, ekki brúað eina einustu á sjálfir, og ekki lagt fram einum eyri meira til vegabóta, heldur en þeir eru skyldir til eptir vegalögunum.

H. þm. Strandam. (Guðj. Guðl.) talaði um tvennskonar hreppapólitík, aðra þegar hjeruðin krefjast þess, að fá jafnrjetti við aðra, og er það hin betri tegund, hina, og hana lakari, þegar hjeruð eða fjórðungar geta ekki unnað öðrum jafnrjettis við sig að því er snerti að fá styrk til þarflegra fyrirtækja. Jeg vil nefna þríðju tegundina, og það er fyrirmyndar-hreppapólitíkin. Skortur þeirrar tilfinningar, sem vekur þá hreppapólitík, hefir skapað flesta ónytjunga og þurfamenn þessa lands. Til dæmis upp á hana vil jeg taka brúbyggingu í þrem sýslum á Norðurlandi, sem jeg vel þekki til, nfl. Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Í Skagafjarðarsýslu hafa 6 brýr verið byggðar af frjálsum samtökum sýslubúa, án alls styrks úr landssjóði. Í Eyjafjarðarsýslu hafa verið brúaðar 6 ár á skömmum tíma: Þverá, Djúpadalsá, Skjálgdalsá, tvær ár í Svarfaðardal og Yxnadalsá. Í Þingeyjarsýslu er brúin á Skjálfandafljóti, sem er með stærstu jökulvötnum á landinu. Jeg man eptir því, að þegar hún var lögð, var mikill fögnuður yfir því í Þingeyjarsýslu, að

til væri sjóður, sem hjeti landssjóður, og hann vildi veita lán, það var bara lán, til að brúa Skjálfandafljót. Að vísu er komið svo, að fyrir nokkrum árum var gefinn upp partur af brúarlánsskuldinni, en mikið er þó eptir enn, og óhætt mun að segja, að mestur hluti af þeirri brú hefir verið byggður fyrir fje hjeraðsbúa. Ef ætti að byggja slíka brú nú, ætli landssjóður fengi þá ekki að borga hana alla saman? Þingeyingar hafa brúað Laxá, sem er stórvatn með fáum og illum vöðum, með frjálsum samskotum, og eru nú farnir að safna fje til að brúa hana á öðrum stað og þeir hafa meira að segja hikað sjer við, þeir eru svona óheimtufrekir, að biðja sýslusjóðinn um styrk til þess fyrirtækis. Í Mývatnssveit hafa menn brúað eina á, mest með samskotum, en þó með litlum styrk úr sveitarsjóði; nú eru þeir að brúa aðra, og þar leggur landssjóður heldur ekki einn eyri til. Þessa hreppapólitík, að gera það, sem mjög er þarft og mögulegt er að framkvæma af eigin rammleik og án þess að biðja og vola um styrk, kalla jeg fyrirmyndar-hreppapólitík.

Hvað Langárbrúna snertir, þá finnst mjer það grátlegt mannræknuleysi, að biðja um styrk til að brúa fyrstu ána hjá sjer. En slíks er von, þar sem þingið elur þennan amlóðaskap upp í mönnum.

Þá kem jeg enn að öðru atriði: Jeg varð vissa, þegar jeg sá, að fjárlaganefndin lagði til að fella burt styrkinn til Skúla Skúlasonar, þar sem hún leggur til að styrkja annan mann til að stunda hið sama. Aðalatriðið í þessu máli er það: á að styrkja menn til listanáms eða ekki? Um það geta verið deildar skoðanir. En gætum þess, að hjer er engin stofnun, ekkert legat handa slíkum mönnum, þar sem í öðrum löndum er ógrynni af þesshátttar, og það verða ekki allir frægir menn, sem njóta styrks þar. En hjer er bara landssjóður, og fyrir þá sem vilja brjótast áfram er einungis þangað hægt að fara. Það er talin sjálfsögð skylda allra menntaðra þjóða að styðja listamenn, svo þeir geti komizt eitthvað áfram, og sú skylda hvílir þá einnig á oss. Það má ekki eingöngu líta á það, að myndasmiðir hafi lítið að gjöra hjer. Það er líka mikið gagn, ef þeir verða frægir menn og verða fósturjörðu sinni til sóma. Ef við viljum heita menntuð þjóð, er skylda okkar að styrkja þá; það megum við ekki telja eptir okkur. Jeg álít það sæmdarskyldu þingsins, að verja nokkru fje á hverju ári til að styðja að fögrum listum. Það er í tilliti til þessa atriðis mjög óheppilegt, að í fjárlaganefndinni nú er að eins einn af þeim, sem voru í henni 1893, svo h. nefnd mun ekki fullkunnugt um ástæður þær fyrir þessari fjárveitingu, sem vöktu fyrir nefndinni þá. Nefndin segir nú, að það líti svo út, sem styrkur þessi hafi að eins verið veittur til tveggja ára. Það hjelt einn nefndarmaður þá að væri nóg, en hann gekk út frá röngum undirstöðuatriðum, þar sem hann hjelt að umsækjandinn myndi einkanlega gefa sig við trjeskurði. Það hefir reynzt alveg ómögulegt. En í vetur hefir því verið kippt í lag, því þá fór Skúli Skúlason að læra myndasmíði. Fjárlaganefndin hefir því miður ekki haft fyrir sjer neinar tilraunir þessa manns, og hann er því illa staddur, er hann ekki getur sýnt henni verðleika sína. Verði tillaga fjárlaganefndarinnar samþykkt, verður afleiðingin sú, að hann verður að hætta og hrekjast heim aptur. Jeg tel það siðferðislega skyldu þingsins að svipta hann ekki þessum styrk, sem hann hefir treyst, þegar hann fór að læra myndasmíði hjá Bissen.

Fjárlaganefndin hefir lagt til, að Einari Jónssyni verði veittur styrkur til

að stunda myndasmíði. Jeg gef þeim styrk atkvæði mitt. Sömuleiðis verð jeg með styrknum til Þórarins B. Þorlákssonar, til að fullkomna sig í málaraíþrótt. Þó allar þessar styrkveitingar verði samþykktar, verða þær ekki meira en 1600 kr. allt í allt. Sú upphæð er ekki mikil; við getum varla látið hana vera minni, ef við annars viðurkennum að eigi að styrkja nokkuð fagrar listir.

Viðvíkjandi styrkveitingunum til þeirra sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna íslenzkum þjóðlögum, og til skáldsins Þorsteins Erlingssonar, þá hefi jeg engu við það að bæta, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, nema jeg vona að það fái góðan byr. Við höfum ekki ráð á, að láta þjóðlög vor glatast, og heldur ekki að láta hugsanir þær, sem kunna að búa í Þorsteini Erlingssyni, verða að engu, af því hann þarf að verja öllum sínum tíma til að vinna fyrir lífi sínu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að minnast á fáeina töluliði í þessum kafla frv.

Undir 77. tölul. á atkvæðaskránni er breyt.tillaga frá h. þingmönnum Eyf. um 6000 kr. styrk til að byggja nýtt skólahús á Akureyri handa kvennaskólanum, sem hingað til hefir verið á Laugalandi. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram viðvíkjandi þessari fjárveitingu, að þessi skólahúsbygging gæti orðið undirbúningur undir það, að sameina þá tvo kvennaskóla, sem nú eru á Norðurlandi. Það gladdi mig að heyra, að komin væri hreifing á þetta mál, og væri þessi sameining komin á, mundi jeg fúslega greiða atkvæði með einhverju fjárframlagi til hins sameinaða skóla, því jeg álít það miklu heppilegra fyrirkomulag, að hafa heldur einn en tvo kvennaskóla á Norðurlandi, eins og nú á sjer stað. En af því þessi sameining er ekki komin á og deildar munu meiningar norður þar um sameinig skólanna og vafasamt hvort hentugast og hollast er að hafa slíka skóla í kaupstað, gæti jeg ekki gefið þessari fjárveitingu atkvæði mitt.

Undir 78. tölul. er breyt.till. frá h. fjárlaganefnd um 1200 kr. styrk til kvennaskóla á Austurlandi. Mjer þótti líka vænt um, þegar jeg sá, að Austfirðingar ætluðu að koma upp kvennaskóla hjá sjer, því jeg álít þessa framkvæmd góða og gagnlega, enda mun jeg gefa tillögunni atkvæði mitt. Mjer heyrðist h. 2. þingm. Eyf. (J.J.) hafa á móti að veita þetta fje fyr en stofnun þessi væri komin í gang, en jeg vil benda honum á, að í tillögunni er það einmitt gjört að skilyrði, að styrkurinn greiðist «því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896». Þessi skólastofnun á Austurlandi ætti að vera hvöt fyrir Vestfirðinga og Sunnlendinga, að stofna einnig kvennaskóla hjá sjer. Jeg get ekki sagt, að Sunnlendingar eigi neinn kvennaskóla, þó þessi skóli sje í Reykjavík, því hann er að mínu áliti ekki nógu þjóðlegur. Það stendur ekki á sama, hvar þessar stofnanir eru til þess að þær geti verið þjóðlegar. Skólinn hjer getur verið góður fyrir Reykjavíkurbúa, en fyrir fólk úti um land getur hann aldrei orðið heppilegur.

Jeg verð að taka undir með hæstv. landshöfð. í því efni, að h. fjárlagan. skuli vilja leggja mannskap sinn á þessa litlu fjárveitingu til aðstoðarkennara við heyrnar- og málleysingjakennsluna. Jeg veit að nefndarmenn eru allir tilfinninganæmir menn og hafa eins og jeg tilfinningu fyrir þessari stofnun, hversu hún er þörf og mannúðleg og sjálfsögð skylda þjóðfjelagsins að gjöra hana sæmilega úr garði. Jeg get ekki litið svo á, að hjer sje í raun og veru

að ræða um bitling fyrir einstakan mann, því fjárveitingin snertir landið allt, þar sem þessir vesalingar, þessi olnbogabörn náttúrunnar, eru í öllum fjórðungum landsins. Að vísu skal jeg játa það, að hjer liggur ekki fyrir nein skýrsla frá daufdumbrakennaranum, en eptir afspurn mun óhætt að fullyrða, að hann sje árvakur í þessu verki sínu eins og öðru og að stofnunin sje í betra lagi en hún var áður. Jeg vona þess vegna að h. fjárlagan. breyti stefnu sinni og lofi þessu lítilræði að standa.

Jeg get tekið undir með h. 2. þingm. Eyf. (J. J.), að því er snertir breyt.till. (84) um fjárveitinguna til Flensborgarskólans. Jeg get gengið inn á að samþykkja hana, að fráskildum síðasta liðnum. Mjer finnst ekki eiga við að ákveða þennan 30 kr. styrk handa hverjum nemanda, sem tekur próf við skólann, sízt nú sem stendur, meðan enginn veit, hvernig skólinn verður sóttur, og jeg hallast að þeirri stefnu, að afnema sem mest allan ölmusustyrk.

H. 2. þingm. Rangv. (Þórð. G.) hefir minnzt á þessa litlu breyt.till., sem við eigum undir tölul. 98 um að fella burt styrkinn til cand. Steingr. Jónssonar, sem tilfærður er í 13. gr. C. 17. Það er ekki af ókurteisi við þennan háttvirta mann, að jeg legg þetta til, því jeg rengi engan veginn það, sem stjórnin segir í ástæðum sínum um hæfilegleika hans, en bæði kynni jeg betur við, að þessi styrkur væri veittur eldri manni, sem búinn væri að fá dálitla lagalega embættisreynslu, og svo finnst mjer nokkuð óákveðið í frumv., fyrir hvaða verk þessi styrkur eigi að vera; þar stendur, að hann eigi að vera fyrir að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum, en mjer er ekki ljóst, hvar í löggjöfinni maðurinn á að byrja og hvar hann á að enda. Að vísu er mjer sagt, að rannsókn þessi eigi að koma út á prenti, en mjer er ekki ljóst, hvort það á að vera í dagblöðum eða í sjerstöku riti. Ekki er mjer heldur ljóst, hver eigi að kosta prentunina, hvort það er hann sjálfur eða aðrir. Jeg verð líka að taka undir með h. 2. þm. Rvell. (Þórði G.) í því, að mjer er ekki ljóst, hvaða gagn landið getur haft af þessari styrkveitingu.

Þá kem jeg að þessari nýju skólahugsun frú Elínar Eggertsdóttur. Þessari konu vill h. fjárlaganefnd veita 2200 kr. alls á fjárhagstímabilinu til að koma á fót húsmæðraskóla í Reykjavík. Þessi fjárveiting yrði þó að eins byrjun, eins og jafnan gerist í slíkum tilfellum, því væntanlega yrði beðið um styrk áfram, ef skólinn kæmist á fót. Jeg skal játa, að þessi kona er vel þekkt af framkvæmdum sínum og má því bera gott traust til hennar, en eins og jeg sagði áðan um kvennaskólann í Reykjavík, þá álít jeg, að slíkur skóli, sem hjer ræðir um, ef hann á annað borð er stofnaður, ætti ekki að vera hjer í Reykjavík heldur annarsstaðar. Hjer er ekki allt það fyrir hendi, sem við á annarsstaðar á landinu. Slíka stofnun eins og þessa vildi jeg helzt sameina við kvennaskólana eða búnaðarskólana í sveitunum. Jeg neita því ekki, að það sje margt gott við Reykjavík, en þar má líka anda að sjer óhollu lopti, sem ekki er hollt fyrir æskulýðinn, sem ekki er heppilegt fyrir sveitabúskapinn. Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, má það ljóst vera, að jeg get ekki gefið þessari fjárveitingu atkvæði mitt.

Undir 103. tölulið á atkvæðaskránni er tillaga frá 2 h. þingdm. um 5000 kr. styrk til að útvega norskan járnbrautafræðing, er rannsaki og geri áætlun um gerð þriðjungsbrauta hjer á landi. Þó

jeg hafi verið efablandinn í þessari járnbrautaskoðun, þá ætla jeg nú samt ekki að verða á móti þessari tillögu. Það er nú komin inn hjá mönnum, síðan járnbrautamálið var hjer fyrir í fyrra, sú hugsun, að ef til vill megi koma á járnbrautum hjer á landi. Jeg álít því að rjett sje að kosta nokkru til að fá að vita af eða á um þetta mál. Jeg vil að þessari hugsun slái niður, ef hún er að eins í loptinu, og ekki annað en há skýjahugmynd, sem ekki er á neinum rökum byggð, að hjer geti borið sig, eins og jeg vil, að hún sje viðurkennd, et hún er framkvæmanleg, því meðan allt er svona á reiki, gerir þessi hugsun ekki annað en spilla fyrir samgöngumálum vorum og það þolum við ekki.

Eirikur Gíslason: Af því jeg á viðaukatill. undir tölulið 102 á atkvæðaskránni um styrk til Bjarna Þorkelssonar bátasmiðs í Ólafsvík, til þess að fara til Noregs, að kynna sjer báta- og skipagerð og annað það, er að sjávarútvegi lýtur, þá skal jeg minnast dálítið á þessa tillögu.

H. framsögumaður fjárlaganefndarinnar (Þ. Bj.) hefir lýst því yfir, að nefndin geti ekkt aðhyllzt þessa tillögu. Jeg býst við, að flestir h. þingdm. hafi lesið og kynnt sjer þau skilríki, sem lúta að tillögunni og legið hafa um stund á lestrarsalnum. Jeg skal taka það fram, að mjer barst ekki þessi bænarskrá fyr en með síðustu ferð vestanpóstsins um lok fyrra mánaðar, svo fjárlaganefndin gat ekki tekið hana til athugunar ásamt öðrum þeim bænaskrám, er henni voru afhentar til umsagnar í tæka tíð, og síðan hafa verið prentaðar á þingskj. 216.

Eins og jeg þegar hefi tekið fram, fer Bjarni Þorkelsson fram á 800 kr. styrk til að læra skipasmíði og kynna sjer það, sem að sjávarútvegi lýtur, erlendis, sjerstaklega í Noregi. Jeg skal ímynda mjer, að þetta gæti orðið dálítið spor til að styðja að framförum í öðrum aðal-atvinnuvegi landsins. Landbúnaður og sjávarútvegur eru þær máttarstoðir, sem megun okkar byggist á og framfaravon okkar er bundin við. Það er því helg skylda alþingis að hlúa svo sem framast er unnt að þeim tilraunum, sem einstakir menn vilja gjöra, til að koma þessum atvinnuvegum á hærra stig. Hvað snertir hæfilegleika þessa manns til þeirra hluta, sem hann vill leggja stund á, get jeg vísað til vottorðs frá 4 einkar merkum mönnum í Ólafsvík, því vottorð þessi hafa legið á lestrarsalnum ásamt með bænarskránni. Að svo miklu leyti, sem jeg þekki til, er maður þessi svo miklum hæfilegleikum og atgjörfi búinn, að jeg efast ekki um, að honum mundi verða mikið ágengt, ef hann ætti kost á að fara utan og læra þar betur iðn sína. En því miður er hann ekki svo efnum búinn, að hann geti farið þessa ferð af sjálfsdáðum; það stendur svo sjerstaklega á fyrir honum, að hann er ekki að eins fjeltill, heldur algjörlega fjelaus, og þó hann eigi bæði venslamenn og skyldmenni, þá er ekki að búast við, að þeir geti styrkt hann til þessa fyrirtækis. Það er ekki önnur leið fyrir hann, en að snúa sjer til þingsins með þessa styrkbeiðni.

Jeg hefi borið hana hjer fram fyrir hann og vona, að h. þingd. taki henni vel og gefi þessari tillögu atkvæði, enda þó að fjárlaganefndin hafi lýst því yfir, að hún sje því mótfallin, að þessi litli styrkur verði veittur, en sem jeg hlýt að álíta að geti orðið að miklum notum, ef beiðandinn ætti kost á fullkomnara námi í skipagerð, heldur en hjer á landi er auðið að fá.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að gera grein fyrir atkvæði mínu við ör-

fá atriði. Jeg hefi ekki fengið ástæðu til að tala áður í fjárlögunum og það meðfram af því, að mjer hefir hlotnazt að vera einn í fjárlaganefndinni og verður því nefndarálitið og orð framsögumanns að gilda að mestu leyti fyrir mig, hvað flest atriði snertir.

Jeg ætla fyrst að minnast á listamennina og set jeg þar efstan á blaði Þorstein Erlingsson og hefir þegar verið talað vel fyrir honum.

Jeg fyrir mitt leyti gef atkvæði mitt með því, að honum verði veittur styrkur, og kemur það til af því, að þegar um listamenn er að ræða, eigum vjer hægast með að dæma um skáldin, og jeg treysti mjer fremur að dæma um hann en aðra, er sótt hafa um styrk í svipuðum atriðum.

Þeir eru auk þess 3 aðrir, 2 myndasmiðir og 1 málari.

Jeg hafði eiginlega talsverða tilhneigingu til að verða með þeim öllum, og fjárlaganefndin að nokkru leyti eins, en hængur sá er á því, að hæfir menn til að dæma um listir eru fágætir hjer á landi, og ekki er líklegt, að, ef þeir væru til, væru þeir helzt valdir í fjárlaganefndina. Í hana kjósa menn öllu heldur búmenn og hagsýna. Þess vegna gæti fjárlaganefndin orðið sjer til athlægis, þegar hún færi að mæla með fjárveitingum til listamanna, því nefndina vantaði hæfileika til að geta dæmt um þess konar, þótt menn sjeu flinkir og handlægnir, er ekki sagt, að það sjeu listamenn. Neista listarinnar getur þó vantað eins fyrir því, og hvort sá neisti er til hjá þessum 3 listamannaefnum, treysti jeg mjer ekki til að dæma um, og því greiði jeg atkvæði eins á móti þeim eina, sem fjárlaganefndin hefir tekið upp í tillögur sínar, en fari svo, að þessi eini verði samþ., býst jeg við að greiða atkvæði með þeim öllum, því jeg get ekki gert á þeim greinarmun og fjárlaganefndin er ekki svo skörp, að hún geti sýnt nægan mismun þeirra.

Jeg tek til dæmis Þór. B. Þorlákssson. Það mælir með hans list, að hún getur að gagni komið hjer á landi, því hjer er talsvert verkefni fyrir málara, en minna fyrir myndasmiði. — Þeir munu varla geta komið að gagni hjer á landi.

Einar Jónsson þykir einna líklegastur og því hefir nefndin tekið hann upp í tillögur sínar.

Hvað Skúla Skúlason snertir, þá hefir þingið tvívegis bundið sjer þar bagga, þar sem það hefir styrkt hann upphaflega til að byrja á náminu og mælir það sjerstaklega með honum. Mjer finnst menn þessir því svo jafnir, að verði einn þeirra látinn fljóta, þá greiði jeg atkvæði með þeim öllum.

Jeg þarf að minnast lauslega á 17. tölulið 13. gr., en það verður ekki svör upp á það, sem sagt hefir verið um hann, því það sæti ekki á mjer um þann mann, sem hjer um ræðir; mjer er málið of skylt. En jeg dróg það út úr inngangnum í ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.), þar sem hann var að tala um bitlinga, að hann skoðaði þá eins konar betl, eða að þeir gengju betli næst; en þar sem hann fór þegar að tala um styrk þann, sem hjer er um að ræða, virtist svo, sem hann skoðaði styrkveitingu þessa sjerstaklega eins konar betl. En jeg get sagt honum, að hjer er eigi um betl að ræða hjá styrkbeiðandanum, því það hlýtur meira að segja að vera talsvert vafasamt, hvort hann hefir í efnalegu tillliti eins gott af að fá styrk þennan, eins og að fá hann ekki. Hann mundi standa eins nærri að fá eða geta fengið allgott embætti nú eins og þá, þegar hann er búinn að hagnýta sjer styrkinn. Og jeg ímynda mjer, að styrkurinn geti því eins vel orðið honum til fjármunalegs baga; því með því að

taka styrkinn, er hann búinn að binda bagga sjer á herðar, með siðferðis skuldbindingu til að taka að sjer lögfræðiskennslu hjer á landi og er því líklegt, að styrkurinn hafi heldur slæm en góð áhrif á hann í efnalegu tilliti. Af þessum ástæðum álít jeg, að allir geti greitt atkvæði um þennan lið, án þess að hafa fyrir augum þær peningaástæður, sem snerta umsækjandann.

Þá er einn liður í breyt.till. nefndarinnar, sem jeg ætlaði að minnast á. Í athugasemdum þeim, er standa aptan við frumv., stingur nefndin upp á láni til tóvinnuvjela og sömuleiðis undir 101. tölul. 1200 kr. styrk til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Laxárdal í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík.

Það er að nokkru leyti fyrir áeggjan mína, að nefndin tók mál þetta til greina, þótt það stæði að vísu á síðustu fjárlögum, að heimild var gefin með sömu skilyrðum til að veita allt að 40,000 kr. lán í þessum tilgangi.

Jeg vildi nú minnast með nokkrum orðum á tóvinnuvjelamál þetta.

Jeg álít, að iðnaði sje ekki eins mikill gaumur gefinn hjer á landi sem t.d. sjávarútvegi og landbúnaði, þótt áhugi fyrir iðnaði sje nokkuð að glæðast á síðari árum. Að vísu getur Ísland aldrei orðið iðnaðarland, en okkur getur þó farið dálítið fram í þessari grein, og þá er ein grein iðnaðarins, sem okkur liggur næst; það er að læra að vinna úr ullinni, því ullin er eitt af aðal-»produktum« landsins og er mest flutt ósunnin út úr landina, og ullin er eiginlega hið eina iðnaðarefni, sem vjer höfum til útflutnings. Reyndar er það ekki meining mín, að keppa við aðrar þjóðir með að senda nefndar vörur á heimsmarkaðinn, en jeg vildi, að iðnaði okkar færi svo fram, að vjer gætum unnið sjálfir alla þá ull, sem þarf að nota í landinu sjálfu, svo vjer þurfum ekki að kaupa vefnaðarvörur af öðrum þjóðum, og það sje markið, sem vjer eigum að keppa að. En þetta getum vjer ekki nema vjer höfum áhöld þau, sem aðrar þjóðir nota og einmitt það af þeim áhöldum, sem hægast er að samrýma við okkar heimilisiðnað, til þess að þetta verði ekki til að koma heimilisiðnaðinum fyrir kattarnef, heldur til að efla hann. Þetta verður gert með að koma hjer upp kembivjelum. Í Skagafjarðarsýslu hafa verið reynd útlend vefnaðaráhöld, en í Þingeyjarsýslu hefir verið reynt að koma upp kembivjelum. Það er tafsamt að greiða og kemba ullina, en sje það drifið með vjelum, þá verður meira tætt af ull en áður og það með minna kostnaði. Ef kembivjelar komast á fót hjer á landi, standa þær í nánu sambandi við heimilisvinnuna. Tilraun í þessa átt í Þingeyjarsýslu hefir leitt í ljós, að þessa hefir verið mikil þörf, því það hefir aukið tóvinnu þar til mikilla muna. Sjerstaklega hefir þetta numið miklu á fátækum heimilum, móðirin hefir getað unnið meira utan á börnin. Tilraunin hefir því leitt í ljós, að vinnuþörfin er nóg til, að meira verður unnið, ef vjelarnar eru til hjálpar, og að vinnan er ódýrari.

En svo jeg víki aptur að fyrirtækinu í Þingeyjarsýslu, þá hefir það, eins og hver byrjun, haft ýmsa agnúa. Hvað þessar tóvinnuvjelar á Halldórsstöðum snertir, hafa agnúarnir verið þessir:

1. Fjeð til að koma fyrirtækinu á stofn og reka það hefir verið svo lítið, að vjelarnar urðu ófullkomnar.

Þá vantaði fólk og nóg fje til fólkshalds og annars kostnaðar við rekstur fyrirtækisins. Magnús Þórarinsson varð því að útvega veltufje með því að taka fje að láni og standa straum

af öllu fyrirtækinu og taka upp á sig öll skakkaföllin.

Vinnan var ókunn fyrstu árin, og menn vildu ekki nota hana ýmist af tortryggni eða sparsemi; varð því lítil aðsókn og mikill undirballance á fyrirtækinu, eins og eðlilegt var á meðan verið var að brjóta ísinn með svona veikum burðum.

2. agnúinn var sá, að Magnús Þórarinsson gat ekki stofnað fyrirtækið á hentugum stað og varð því að setja það á stofn á Halldórsstöðum í Laxárdal, eignarjörð sinni. Hann varð að gera þessa tilraun með stuðningi af búi sínu og heimili, en þar af leiddi, að fyrirtækið varð of lítið, og gat því síður borið sig sjálft. — Svo var einn stórgalli á því, að hafa það þar, að vatnið, sem snúa átti vjelunum, reyndist of lítið; hann bjóst við að geta aukið það, en það heppnaðist ekki. Um leið óx vinnuþörfin og varð því að auka vjelarnar og varð vatnsskorturinn því tilfinnanlegri. — Sjerstaklega hefir vatnið vantað næstliðinn vetur vegna þurka á Norðurlandi og lítur helzt út fyrir, að sá vatnsskortur muni verða framvegis, og geta því vjelarnar ekki afkastað nema hálfu verki af því, sem ella mundi, ef vatn væri nægilegt. Þegar þetta kom í ljós, tóku menn að óttast fyrir, að fyrirtæki þetta mundi kollsigla sig, þar sem ekki var hægt að afkasta nema helmingi verks þess sem þurfti með. Kom þá til tals, að eigandinn flytti vjelarnar eða almenningur tæki þær að sjer. En hvort sem ofan á verður, þá er nú helzt sú niðurstaðan, að fyrirtækið flytjist til Húsavíkur. Þar er nóg vatn og hentugur staður, og þar er hægt að hafa fyrirtækið svo stórt sem verða vill. En með því að flytja vjelarnar, leggst ýms kostnaður á, hinar fyrri byggingar falla í verði um meira en helming við að rífa þær, auk þess er töluverður kostnaður við flutning vjelanna, og þar að auki er óhjákvæmilegt að auka við fyrirtækið.

Af þessum orsökum er það fyrst og fremst, að jeg hefi sótt um styrk til þessa fyrirtækis, bæði að veitt verði lán til tóvinnuvjela, og að Magnús Þórarinsson fái auk þess sjerstakan styrk. Því jeg vissi, að Magnús hafði beðið um 25,000 króna lán, sem veitt væri rentulaust í 5 ár. Fjárlaganefndin sá sjer eigi fært að veita lánið rentulaust, og því hvarf jeg frá, að fara fram á það frekara, en áleit, að ef Magnús Þórarinsson yrði við fyrirtækið framvegis og það liði eigi undir lok, þá mundi styrkveitingin verða til þess, að minnka fjárhagshalla hans, sem leiðir af flutningi vjelanna á annan stað.

Að sönnu er jeg sannfærður um, að þessar 1200 kr. nægja honum ekki, en jeg ímynda mjer, að með aðstoð góðra manna muni þær þó verða til þess, að fyrir þær geti hann haldið frekara áfram en annars.

Það stóð svo illa á með þessa lánbeiðni, að sýslunefndarfundur í Suður-Þingeyjarsýslu var ekki haldinn eptir að lánbeiðnin kom til tals, og vegna þess er ekki víst, hvort sýslunefndin vill ábyrgjast lánið. En vegna þess, að fyrirtækið er bæði Magnúsi Þórarinssyni og hjeraðsbúum áhugamál, eru líkur fyrir, að hann muni taka lánið, ef sýslunefndin ábyrgist, enda hefir hún nokkra tryggingu fyrir láninu í fyrirtækinu sjálfu. — Aptur á móti hefir sýslunefnd Norður Þingeyjarsýslu kveðið sig fúsa til, að taka þátt í ábyrgð fyrir láninu með Suður-Þingeyingum.

Mig langar til að skýra frá, hvernig Magnús Þórarinsson hugsar sjer að haga fyrirtækinu framvegis, og hvernig hann hugsar sjer samband fyrirtækisins við sýslunefndina. Hann hugsar sjer:

1. Hann sje sjálfur eigandi fyrirtækisins og njóti ávaxtanna af því, og það renni í hans vasa hagur sá, er leiðir af því, ef veitt er vaxtalaust lán.

2. Sýslunefndir Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu taki eða ábyrgist lán til stofnunarinnar, 20,000—25,000 kr., er standi rentulaust í 5 ár.

3. Sýslunefndir Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu hafi yfirstjórn á fyrirtækinu og annist innheimtu og útborganir fyrir það þannig, að af tekjunum takist fyrst og fremst vextir og afborganir af skuldum þeim, sem sýslufjelögin ábyrgjast fyrir stofnunina, og einungis afgangurinn renni til eiganda.

4. Að leggja árlega til hliðar fje, er verði varasjóður fyrirtækisins, og komi á móti sliti því og fyrningu, er vjelarnar verða fyrir, svo að fyrirtækið jafngildi ætíð skuldum þeim, sem á því eru.

5. Sýslunefndirnar hafa veð í öllu fyrirtækinu og öðrum eigum hans fyrir láni því, er þær ábyrgjast.

Hjer ætti því að vera fullkomin trygging á báðar hliðar.

Auðvitað fullyrði jeg ekki, að sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu vilji ekki ábyrgjast lánið, en fari svo, að hún vilji ekki ábyrgjast það, er málið sjálft fallið, og þá kemur ekki til, að neitt fje verði lánað til fyrirtækisins. En af því, að líkur eru fyrir, að málið gangi áfram í þessa átt, þá óska jeg að lánið og styrkurinn standi til Magnúsar Þórarinssonar.

Jeg álít, að hann hafi brotið ísinn fyrir þjóðina í þessari grein með því, að leiða í ljós, að fyrirtækið getur borgað sig, svo framarlega sem fje og vinnukraptur og vatn er nægilegt; vinnan eykst og verður ódýrari en heimilisvinnan, og er í sambandi við hana.

Þar sem búið er að venja sig við þessa vinnu, svo sem í Suður-Þingeyjarsýslu, komast menn í vandræði, ef vjelarnar færu burtu, þar sem vinnan er lítil og er jeg einn í þeirra tölu, og kæmi mönnum það því fj . . . . illa, ef þessar verkvjelar liðu undir lok. Magnús Þórarinsson hefir brotið ísinn fyrir þetta land, í þessari iðnaðargrein, því hver sá, sem hugsað hefir til að gera eitthvað í þessa átt hjer, hefir hingað til snúið sjer til hans til að fá upplýsingar, og það mun sjást t. d. eptir 20 ár, að fyrirtæki þetta hefir að því leyti orðið að miklu gagni. Til þessa fyrirtækis hefir eigandinn að kalla eingöngu eytt sínu fje, en þangað til í 2 hin síðustu ár hafa Suður-Þingeyingar hlaupið undir bagga með fje, en nú á landið eptir að gjöra skyldu sína líka, og mjer finnst ekki nema sjálfsagt, að það gjöri það.

Jeg er nú búinn að halda nokkuð langan kapítula um þetta mál, en mjer finnst það líka fullt svo þýðingarmikið og önnur mál, sem haldnar eru langar ræður um.

Það er eitt atriði enn, sem jeg vildi minnast á lauslega, það er viðvíkjandi fjárveiting til verkfræðingsskoðana á suðurströnd landsins. Jeg ætla mjer alls ekki að greiða atkvæði á móti þessu, og jeg álít það gott og nytsamlegt, að þetta sje gjört. En leggi nú landið til kostnað við þessa rannsókn, sem auðvitað snerta að eins einstök hjeruð — hjer er ekki um rannsókn á viðkomustöðum strandferðaskips að ræða — þá verð jeg að segja það, að jeg telli mig ekki við það, sem hinn hæstv. landsh. og fleiri ljetu í ljósi, að hvert hjerað eigi að bera kostnað við ferðir verkfræðingsins, þegar hann færi til að rannsaka það, sem þeim einum við kæmi, og jeg vona, að þeir verði á

móti því, þegar þar að kemur, sem nú eru með þessu.

Jeg skal nefna til Þingeyjarsýslu, svo menn geti sagt, að jeg komi líka með hreppapólitík. Það væri jafnvel meiri ástæða til að borga ferðakostnað vegfræðingsins norður í Þingeyjarsýslu eða Eyjafjörð, eða austur í Múlasýslur, heldur en hjer austur í sýslurnar, af því hann er hjer svo að segja við höndina; vegfræðingurinn er alls landsins og á eiginlega eins vel heima í Norðlendingafjórðungi eins og annarsstaðar á landinu, og þá á landssjóður að borga honum ferðakostnað, — að minnsta kosti að takmörkum þess hjeraðs, sem hann ferðast í, — t. d. ferðakostnað hjeðan úr Reykjavík og norður á Akureyri, ef hann fer í Þingeyjarsýslu.—

Jeg vildi benda á þetta, til þess að menn tækju eptir, hvaða eptirköst það hlýtur að hafa, að samþykkja þennan lið.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get ekki lofað því, að vera stuttorður í þetta sinn, því jeg þarf víða við að koma.

Það er fyrst fjárveitingin til latínuskólans, 61. liður á atkvæðaskránni, sem jeg vildi minnast á. Fjárlaganefndin vill fella úr stjórnarfrumv. 300 kr. borgun fyrir umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans; jeg get ekki fallizt á, að það sje nokkur ástæða til, að fella þessa fjárveitingu í burtu, því að það er ekki sanngjarnt, að leggja þetta starf endurgjaldslaust á herðar þeim manni, sem nú tekur við rektorsembættinu, og það því heldur, sem hann er búinn að fá veitingu fyrir embættinu áður en þessi breyting kemst á; að þessi starfi ekki er álitinn að vera mjög lítill, sýnir það, að hann hefir hingað til verið launaður með 300 kr.; það getur líka vel verið, að hinn núverandi rektor neiti því, að taka þetta að sjer fyrir ekki neitt, og hvað á þá að gjöra? Það getur hann vel gjört, og gjörir það líklega, ímynda jeg mjer. Svo er það einnig aðgætandi, að rektor hefir annan starfa ólaunaðan á hendi, það er umsjón með bókasafni skólans og því fremur virðist mjer það ósanngjarnt líka, að bæta á hann þessum starfa fyrir ekki neitt.

Þá er í stjórnarfrumv. 13. gr. B III, c 4; þar hefir stjórnin farið fram á, að auka styrkinn til tímakennslu í latínuskólanum um 100 kr. hvort árið, en fjárlaganefndin hefir lagt á móti því nú, eins og hingað til. Jeg er mjög meðmæltur þessari hækkun, því jeg held hún sje á góðum rökum byggð; eins og áður hefir verið tekið fram, er ætlazt til að þessari hækkun sje varið til að borga með leiðrjetting á stílum, sem sumir kennarar hafa fram yfir hina. Það hlýtur að vera hverjum manni skiljanlegt, að sá kennari, sem þarf að leiðrjetta fjölda af stílum heima hjá sjer, hefir miklu meiri vinnu en hinn, sem ekki gjörir annað en ganga í tíma.

Hinn h. framsögum. (Þórh. Bjarnars.) hvíslaði því að mjer nú, að nefndin mundi taka þessa breytingu aptur; þá er jeg ánægður, og skal ekki tala meira um þetta. En í þessu sambandi vil jeg minnast nokkuð meira á, hvernig tímakennsla við latínuskólann er borguð; það er full ástæða til þess, að hækka þessa borgun enn meira, því eins og hún nú er, er hún mesta ómynd. Það tíðkast ekki í nokkrum öðrum latínuskóla en þessum, að draga frá borguninni þá tíma, sem einhverra orsaka vegna hafa fallið í burtu, eða að klípa af henni fyrir hvert skólafrí. Af hverju eiga þá tímakennararnir að lifa? Því að auk þess er sjálf kennslan ver

borguð en í nokkrum öðrum latínuskóla. Jeg vil skjóta því til fjárlaganefndarinnar, að hækka þennan lið svo, að framvegis verði hægt að borga tímakennurunum líka fyrir frídagana, eins og gjört er í hverju siðuðu landi. Í Danmörku t. d. er þeirri reglu fylgt í öllum latínuskólum, að borga tímakennurunum fyrir vissan tímafjölda á mánuði, setjum, að tímakennarinn kenni sex tíma á viku, þá fær kennarinn borgun fyrir tuttugu og fjóra tíma á mánuði; hvort sem fleiri eða færri frídagar eru í þeim mánuði, þá fær hann sína vissu borgun fyrir það, tuttugu og fjórar kr. fyrir hvern mánuð, og það allt árið. Þetta er regla, sem latínuskólinn hjer ætti að breyta eptir.

Þá er 13. gr. B III c 11 í stjórnarfrumv.: 1000 kr. ferðastyrkur handa leikfimiskennaranum. Mjer finnst það nokkuð hart, að vilja ekkert gjöra til þess, að bæta leikfimiskennsluna við latínuskólann, sem þó allir eru ásáttir um, að sje mesta ómynd, eins og hún nú er; enda er ekki við öðru að búast, þar sem leikfimiskennarinn ekki hefir notið annarar tilsagnar en hjá gömlum uppgjafadáta fyrir mörgum árum síðan, sem þá var sjálfur mörg ár á eptir tímanum í sinni kennslugrein, hvað þá heldur nú, því leikfimiskennslan hefir á seinni árum breytzt fjarskalega mikið. Jeg get dæmt nokkuð um þetta, því jeg þekki vel, hvernig leikfimiskennslan er í Kaupmannahöfn nú; jeg geng sjálfur annanhvorn dag á leikfimisæfingar. Jeg þori að segja, að leikfimiskennslan í latínuskólanum er—jeg vil ekki segja verri en ekkert, — en næstum því ekkert; húsið, sem kennt er í, er fullt af ryki og vondu lopti, og kennsluáhöldin eru þar eptir. Mjer þykir vænt um, að stjórnin hefir tekið þetta mál að sjer. — Þeir sem eru á móti því, gætu eins vel komið fram með tillögu um, að afnema alveg leikfimiskennsluna við latínuskólann, því það er ekki minnsta gagn í henni eins og hún nú er, og jeg gæti eins vel gefið atkvæði með því, að afnema hana, eins og að fella í burtu þennan styrk.

Þá er það stýrimannaskólinn. Jeg álít að fjárlaganefndinni hafi ekki tekizt sem bezt með það mál, enda skal jeg játa, að þar er úr vöndu að ráða. Jeg hefi sjálfur skoðað þetta hús, sem stjórnin stingur upp á, að kaupa handa skólanum, og eptir því sem mjer sýnist, er það ekki vel aðgengilegt eins og það nú er, nema með því móti, að byggt yrði ofan á allt húsið; þá gætu skólastofurnar verið uppi á lopti, og með því móti fengizt nægilegt húsrúm fyrir skólann; jeg veit ekki, hvað mikið þetta mundi kosta, en væri á annað borð ráðizt í að byggja handa skólanum, vildi jeg óska, að það yrði gjört svo rækilega, að skólinn yrði ekki strax húsnæðislaus, þó hann stækkaði. Fjárlaganefndin hefir fellt uppástungu stjórnarinnar, en vill svo bæta forstöðumanni skólans það, að ekkert verður úr húskaupunum, þannig, að bæta við laun hans og hækka húsaleiguna. Að bæta við laun skólastjórans, svo þau verði þó 2000 kr. á ári, finnst mjer vera sjálfsagt, því í mínum augum er manni ekki bjóðandi minni laun fyrir slíkan starfa. En með þessu er ekki bætt úr þörfum skólans, og heldur ekki þó húsaleigan sje hækkuð; húsið er lítt brúklegt til að halda þar skólann, en það batnar ekki neitt við það, að auka laun skólastjórans; fjárlaganefndin hefir ekki ráðið úr þessu, og þó er það hennar skylda, að sjá svo fyrir, að skólinn geti haldið áfram, með því að útvega honum hæfilegt húsnæði.

Jeg hefi, eins og jeg tók fram áðan, skoðað húsið og skólaherbergin, og jeg get hugsað mjer að með því að breyta húsinu nokkuð og gjöra dyr á suðurhliðina, mætti fá eina skólastofu í viðbót við þær sem eru; til þess þyrfti líklega um 500 kr.; ef húsinu væri breytt svona, mætti ef til vill una við það næsta fjárhagstímabil, en þó hreint ekki lengur. Svo skal jeg einnig taka það fram viðvíkjandi húsakaupunum, að svo framarlega sem menn vilja hætta við þau, og kjósa heldur að láta reisa nýtt hús handa skólanum, þá sje jeg ekki betur en að skólastjórinn hafi þá sanngirniskröfu að fá skaðabætur fyrir, þar sem hann byggði sjálfur hið núverandi skólahús handa skólanum.

Jeg gleymdi áðan, meðan jeg var að tala um latínuskólann, að minnast á eina breyt.till. sem jeg á hjer; það er við breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. III c. 5 í stjórnarfrumv., 63. lið. á atkvæðaskránni. Fjárlaganefndin fór fram á að færa ölmusurnar úr 5500 niður í 5000 kr. hvort árið, en mín breyt.till. fer fram á að færa þær niður í 4500 kr. síðara árið. Mín skoðun er sú, að allt of miklu fje sje varið í ölmusur, og að sú stefna sje yfir höfuð óholl. Sem stendur er ekki í nokkru öðru landi eins hægur aðgangur að skólanámi eins og hjer. Í Danmörku verða nemendur að borga 1000 kr. hvert skólaár fyrir húsnæði, kost og kennslu, og þeir sem búa í sjerstökum herbergjum verða að borga enn þá meir, alt að 1140 kr. um árið. Þeir sem eiga heima í bæjunum, þar sem skólarnir eru, þurfa vitanlega ekki að borga nema kennsluna, sem er 12—18 kr. fyrir hvern mánuð; að öðru leyti eru þeir heima hjá sjer. En hvernig er þessu til hagað hjer á landi? Þannig, að nemendurnir fá ókeypis kennslu og heimavist í skólanum, ef þeir vilja, og þar á ofan allt að 200 kr. fyrir fæði og skæði og bækur; þegar þeir svo eru komnir úr skólanum, þá stendur þeim til boða styrkur, hvort heldur þeir vilja fara út, eða lesa hjer við presta- eða læknaskólann. Eðlileg afleiðing af þessu er það, að miklu fleiri ginnast til að ganga þessa leið, menntaleiðina, en þörf er á; en af því leiðir aptur »yfirproduktion« á mentamönnum, og þá hlýtur svo að fara, þegar þeir geta ekkert fengið hjer að gera, að þeir leita af landi burt. Ekki all-fáir Íslendingar hafa af þessum ástæðum setzt að í Danmörku, og sumir farið til Ameríku. Þetta er eðlilegt, það getur ekki öðruvísi verið, fyrst svo margir leita þessa leiðina. En er það rjett, að vjer, þessi fátæka þjóð, ölum upp menn handa öðrum þjóðum? Það er ein mótbára, sem jeg veit, að allt af er færð fram, þegar talað er um að minnka ölmusurnar, sú mótbára, að það sje synd að gjöra það, af því maður þar með hindri efnilega fátæka pilta frá að ganga þá leið. Þessi mótbára hefir ekkert að segja í mínum augum, því einmitt af því að vjer höfum styrkt hæfilegleikamennina til að ganga menntaveginn, höfum vjer misst þá alla af þeirri praktisku leið lífsins. Hvers vegna höfum vjer enga vel menntaða íslenzka verzlunarmenn, svo að segja? Af því allir hæfilegleikamennirnir hafa gengið lærða veginn. Af þessum ástæðum er jeg sterklega með því, að ölmusurnar verði minnkaðar smátt og smátt á hverju þingi, þangað til þær eru alveg horfnar; jeg vil ekki láta afnema þær allt í einu, heldur minnka þær ofurlítið á hverju ári. Oss væri miklu nær, að verja því fje, sem nú er varið til ölmusanna, til einhvers annars, t. d. til að styrkja menn á sjómannaskólann; líka mætti verja

því til realkennslu, því hún er undirbúningur undir praktiska stöðu í lífinu. Jeg vona að ölmusanna öldin verði bráðum úti, en á meðan hún er, vil jeg heldur verja fjenu til að styrkja þá sem ætla sjer einhvern praktiskan veg, heldur en hina.

Þá er breyt till. mín, sem er 67. lið. á atkvæðaskrá um að hækka styrkinn til útgáfu kennslubóka handa latínuskólanum, úr 600 kr., sem nefndin hefur stungið upp á, upp í 1000 kr. hvort árið. En af því h. framsögum. (Þ. B.) hefur lofað að taka þeirri breyt.till. vel og taka hana að meira eða minna leyti til greina, skal jeg ekki tala frekar um hana nú.

Þá er breyt.till. mín við 13. gr. C. 1, d. um fjárveitingu til landsbókasafnsins, er hljóðar svo: fyrir 2500 kr. hvort árið, komi: 12500 kr. og 12500 kr. — Jeg hefi farið fram á að hækka þessa fjárveiting um 10 þús. kr. þetta fjárhagstímabil, til þess að landsbókasafnið geti eignazt handritasafn Bókmenntafjelagsins. Annars verð jeg að geta þess, að þó ekki væri farið fram á að hækka þessa fjárveitingu til safnsins í þessu skyni, þá er hún eiginlega hlægilega lítil, þegar þess er gætt, að fyrir þetta fje á að kaupa bækur til safnsins, binda þær inn og semja skrá yfir þær. Þetta bókasafn á að vera undirstaðan undir aðalmenntastofnunum landsins, — það á að vera brunnur vísinda og þekkingar fyrir heila þjóð; til þess vilja menn veita á ári einar 2500 kr.; það finnst mjer vera nokkuð lítið. Jeg gæti vel verið með því að veita 12500 kr. á hverju ári til safnsins; mjer finnst það mætti ekki minna vera; reyndar vakti það helzt fyrir mjer með þessa breyt.till. að kaupa handritasafn Bókmenntafjelagsins. Jeg get ekki fallizt á það

m hæstv. landsh. sagði, að þar sem landið eigi Bókmenntafjelagið, þá sje það skringilegt, að láta þau selja hvort öðru. Jeg veit ekki til að landið eigi Bókmenntafjelagið, þó það sje styrkt af landsfje; er ekki Ólafsdalsskóli styrktur af almannafje? Þó er hann ekki lands eign. Það er satt að fjelagið vinnur í landsins þarfir og fyrir þess íbúa, þó það sje ekki landsins eign. Fjelagið gæti vel selt sitt bókasafn einhverjum útlendingi; jeg er viss um að það væri hægt að selja það mönnum í Kaupmannahöfn eða í Lundúnum fyrir 60—100 þús. kr. Það er undarlegt, þegar litið er á, hve mörg handrit vjer höfum misst burt úr landinu, sem nú eru á söfnum í Kaupmannahöfn og víða annarstaðar, að menn þá skuli ekki vilja frelsa þau sem eptir eru og hægt er að frelsa. Þeim handritum getum vjer ekki náð, en þessum getum vjer náð, ef vjer viljum. Og þó að jeg sem fræðimaður, búsettur í Kanpmannahöfn, sjái eptir því að missa safnið, þá hef jeg svo mikla ræktartilfinning til míns lands, að jeg vil heldur að það sje flutt hingað heim. Vitanlega er safn Bókmenntafjelagsins í engri hættu, þar sem það er geymt nú, í konungshöllinni í Kaupmannahöfn, en það getur breytzt; ef konunga skipti verða í Danmörku, verður safninu líklega úthýst. Það hefir jafnvel komið til tals áður að úthýsa safninu, en ekki orðið úr, og það mun ekki verða á meðan þessi konungur lifir. Að gefa 20 þús. kr. fyrir safnið held jeg sje ekki of mikið, það eru 10 kr. fyrir hvert nr., því þó mörg þeirra sjeu lítils virði, þá eru mörg þeirra miklu meira virði. Jeg skal tilfæra eitt dæmi, sem sýnir, að það getur margt gott leynzt í safninu, því það er lítið rannsakað enn. Menn vissu um eitt handrit af Laxdælu, sem Vatnshyrna heitir, að Arngímur lærði, Páll Vídalín og Árni Magnússon höfðu þekkt það og haft það undir höndum,

en svo hjeldu menn að handritið væri týnt; nú, þegar verið var að gefa út Laxdælu fyrir nokkrum árum síðar, þá tók Dr. Kr. Kaalund sig til og skoðaði safn Bókmenntafjelagsins og fann þar handrit af Vatnshyrnu, sem menn ekki vissu af. Þetta sýnir, að það getur verið ýmislegt gott í safninu. Og þegar 25 þús. kr. voru greiddar fyrir handritasafn Jóns Sigurðssonar, þá er ekki of mikið að greiða 20 þús. kr. fyrir þetta, því það er miklu meira virði, þó hitt sje líka mjög gott safn.

Því hefir verið fleygt, að bókavörðurinn við landsbókasafnið væri lítt fær til þess starfa, fyrir lasleika sakir, og sje ekki ætlð sem viðfeldnastur við lántakendur; sje það satt, þá er það illa farið; það hlýtur að vera mjög óþægilegt fyrir þá sem nota safnið. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hæstv. landsh., hvort þetta muni vera satt. Jeg hefi minnzt á þetta hjer, af því mjer virðist það koma þinginu við, þar sem bókavörðurinn er launaður af landsfje.

H. framsögum. (Þórh. Bj.) tók vel í að bæta aptan við 13. gr. C. 3. b. »eða sem því svarar af registri«. Það vakti fyrir mjer, þegar jeg kom með þessa uppástungu, að registrið kostar meira að gefa það út en tekstinn, af því það er prentað með smærra letri; það væri þess vegna ósanngjarnt að gjöra fjelaginu það að skyldu, að gefa út jafnmargar arkir af registri og af teksta.

Þá er styrkur til cand. mag. Boga Melsteds, sem jeg vildi minnast á. H. framsögum. (Þórh. Bj.) þótti það að, að ekkert hefði enn komið frá hans hendi; reyndar er það satt, en hann hefir þó skýrt frá, hvað hann sje búinn að gjöra; meiru er ekki hægt að búast við enn þá. Það er mikið verk að skrifa sögu landsins og þarf mikinn undirbúning, og meira hefir Bogi Melsted ekki getað gjört enn en að undirbúa sig, sem heldur ekki er hægt að ætlazt til. Jeg er þó viss um að eitthvað mun koma frá honum innan skamms.

Jeg sje að h. fjárlagan. hefir hækkað styrkinn til Good-Templar-fjelagsins; jeg get fyllilega verið því meðmæltur, og það jafnvel þó styrkurinn væri hækkaður meira. Jeg álít að þetta sje sú rjetta leið til að afstýra ofdrykkjunni, og þá leið kýs jeg miklu heldur en löggjafarleiðina.

Það hefir komið fram tillaga um að fella styrkinn til Stgr. Jónssonar. Jeg ætla mjer ekki að fjölyrða um þetta, en jeg get ekki skilið annað en að þeir þm., sem halda fram lagaskólanum, hljóti að greiða atkv. með því að veita þennan styrk. Það er ósamkvæmni í því að vilja setja hjer á stofn lagaskóla, en þó ekkert gjöra til að undirbúa þá stofnun, ekkert gjöra til þess að geta fengið mann með hæfilegum undirbúningi til að taka að sjer kennsluna á skólanum. Menn bera því við, að það mundi verða betra að fá einhvern roskinn og ráðinn lögfræðing til að taka að sjer kennsluna, en hvergi í öðrum löndum er slíkt gjört; það eru ekki einu sinni teknir beztu dómarar fyrir kennara í lögfræði, af því að til þess þarf menn með sjerstakri þekkingu; í Kaupmannahöfn t. d. eru teknir til kennara í lögfræði við háskólann ungir menn, sem hafa sýnt það með einhverju, að þeir hafa aflað sjer þeirrar þekkingar, sem þarf til að hafa þá kennslu á hendi.

Þá er 96. liður á atkvæðaskránni, styrkurinn til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málaraíþrótt. Þessi tillaga er frá h. 2. þingm. G.-Kj. (Jóni Þór.), en jeg hefi og komið fram með samskonar breyt.till. af því jeg vissi ekki af hans. — Jeg þekki nú að vísu ekki manninn, en af því jeg hafði einsett mjer, að koma fram með tillögu

um, að styrkur til málara yrði veittur í fjárlögunum, þó enginn sækti um hann, þá greiði jeg atkvæði með tillögunni. Jeg álít það nauðsynlegt, að styrkja þá list, sem getur haft svo mikla þýðingu bæði til þess, að leiða athygli útlendinga að landinu, náttúru þess og lifnaðarháttum, sem og til þess að vekja hina blundandi hæfileika þjóðarinnar og tegurðartilfinning hennar. Það sem jeg hefi sjeð eptir þennan mann ber einnig vott um þá hæfilegleika, að hann eigi skilið, að hann sje styrktur. — Og jeg mundi greiða atkvæði með styrknum, hvort sem maðurinn hjeti Þórarinn eða Þorlákur eða annað, því að það er aðgætandi, að þó að málari sje að eins miðlungsmaður í sinni íþrótt, þá getur hann samt orðið að miklu gagni. Öðru máli er að gegna um myndasmiði, þeir geta ekki komið Íslandi að gagni, nema þeir skari fram úr, svo þeir verði landinu til sóma. Jeg ímynda mjer nú að Einar Jónsson frá Galtarfelli sje mjög efnilegur. Þó Sinding hafi ekki látið mikið af honum, þá sýnir það að eins varfærni hans og samvizkusemi, en hann hefir talað vel um hann og hrósað honum við mann, sem jeg þekki í Khöfn.

Um styrkinn til Þorsteins Erlingssonar skal jeg ekki fjölyrða. Þeir tillögumennirnir, h. þingm. Eyfirðinga, hafa talað um hann. — Jeg álít, að við sem sjerstök þjóð með sjerstökum bókmenntum og bókmenntalífi, höfum ekki ráð á, að láta aðra eins hæfilegleika og Þorsteinn hefir, fara forgörðum. Þorsteinn verður varla langlífur, ef hann á að búa við jafn-erfið kjör og hann nú hefir, — heilsu hans er svo farið. —

Þýðingarmesta breytingartill. og sú, sem jeg legg mesta áherzlu á, er 103. liður á atkvæðaskránni, 5000 kr. styrkur til norsks járnbrautafræðings til þess, að gera áætlun um þriðjungsbrautir hjer á landi. Jeg skil það vel, að margir þingm. hafa ekki enn áttað sig á, hverja þýðingu þetta hefir. Jeg hafði í gær ætlað mjer að tala um þetta mál, en þá var orðið tekið af mjer og öðrum þm. —

Samgöngumálanefndin hefir í áliti sínu minnzt á samgöngur og samgöngufæri í öðrum löndum. Við verjum miklu fje til samgangna, en megum ekki kasta því út í blindni. Jeg játa reyndar, að mikið hefir verið gert til bóta á samgöngum hjer, og að akbrautastefnan var framför frá því sem áður var, en ef önnur samgöngufæri en vjer höfum nú fyrir augum og kostum miklu fje til, reynast betur í öðrum löndum, þar sem líkt á stendur og hjá oss, er þá ekki rjett að leita sjer upplýsinga um, hvort þau eigi muni verða farsælli einnig hjer á landi? Jeg álít það sjálfsagt. — Í öðrum löndum eru mjóbrautir, þriðjungabrautirnar, farnar að tíðkast mjög. Þær hafa þann kost fram yfir aðrar járnbrautir, að þær eru miklu ódýrri og að við þær sparast vanalega stöðvahús og stöðvaþjónar. Menn eru nú komnir á þá stefnu í Hollandi, Þýzkalandi, Belgíu og Sviss, að leggja þessar mjóbrautir út frá aðal-járnbrautunum í stað akbrauta; eru þessar brautir hafðar fyrir vegi, og sumstaðar eru akbrautirnar notaðar undir þær eða járnteinana, og reynast þær engu eða litlu dýrari en akbrautirnar. —

Það er nú hægt að segja, að þessar brautir eigi ekki við hjer á landi. En opt er þó vitnað til Noregs, og það land borið saman við Ísland, þar sem landsháttum sje líkt varið í báðum löndunum. Fyrir ríkisþinginu í Noregi liggur nú frumv., sem fer fram á, að hætta öllum akbrautum en leggja alstaðar þessar mjóbrautir. Jeg hefi hjer frumv. og þingm. geta því fengið upplýsingar um málið. Þar er þegar búið

að leggja nokkuð af þessum brautum, og því talsverð reynsla fengin í því efni. Í Noregi er strjálbyggt víða eins og hjer, sumstaðar ekki hálfu fleiri íbúar á ferhyrningsmílu en hjer gerist almennt, þó að sumstaðar sje auðvitað miklu fjölmennara. Hver sveit þar eða hreppur á að leggja sína braut hjá sjer og á sinn kostnað, að eins með nokkrum styrk úr ríkissjóði.

Ef nú hver hreppur í Noregi hefir efni á því, að kosta upp á járnbraut út af fyrir sig, þá ætti landssjóður hjer sannarlega að hafa ráð á, að leggja einn lítinn brautarstúf til reynslu hjer austur í sveitirnar.

Jeg skal nú benda á, hver hagur er að járnbrautunum fram yfir akbrautirnar. —

Á Þýzkalandi og í Sviss kostar hver kílómeter af þeim 20—30 þús. krónur, en þegar vegir eða akbrautir eru notaðar undir þær, rúmlega 11,000 krón. Í Svíþjóð kostar brautin frá Talköping til Uddagaarden 9980 kr. hver kílóm. Í Noregi kostar Nestun-Osör-brautin tæpar 19 þús. krónur hver kílom., og Bingsfos-Bjerkelangen-br. tæpar 20 þús. hver kílómeter.

Þegar járnbrautirnar eru nú bornar saman við akbrautirnar, þá hafa akbrautir í Noregi kostað viðlíka og járnbrautirnar; en auðvitað eru akbrautirnar þar miklu fullkomnari en hjer.— Viðhald á akbrautum er miklu meira en á járnbrautum, þær troðast aldrei af hestafótum, og regnvatn á því hægra með að vinna á akbrautunum. — Viðhald á akbrautum kostar í Noregi 1—200 kr. hver kílóm. eða frá 750—1500 kr. hver míla, en á mjóbrautunum sára lítið — Líklegt er að mjóbrautir yrðu ódýrari hjer en í Noregi, því þar verður að kaupa land undir þær fyrir ærna fje en hjer fengist það fyrir ekkert. Það er mikill munur á hagnaðinum við járnbrautir og akbrautir, og sjest það bezt í Noregi. Járnbrautirnar gefa af sjer fje bæði til viðhalds og vaxta af stofnfje; flutningar á þeim eru miklu ódýrri en á akbrautum, menn geta á svipstundu ferðast hver til annars og flutt afurðir landsins úr einum stað í annan miklu fljótar, áreiðanlegar og kostnaðarminna. Fólksfjöldinn eykst í þeim hjeruðum þar sem járnbrautirnar eru og framleiðslan margfaldast. Það er því auðsjeð, hvaða þýðingu járnbrautirnar hafa í þjóðmenningarlegu tilliti.

Í járnbrautar-hjeruðunum í Noregi hefir fólksfjöldinn vaxið, en minnkað þar sem eingöngu eru akbrautir.

Í Eystri-dölum hefir fólksfjölgunin á síðustu 25 árum numið 14%, en í Guðbrandsdölum, þar sem engin járnbraut er, hefir fækkað á sama tíma um 19%, og fjekk þó þetta hjerað fyrst allra einhverjar hinar beztu akbrautir. — Flutnings kostnaðurinn á einu tonni af vörum er 20—50 aurar á akbrautum fyrir hvern kílómeter, en 3-8 aura á járnbrautum.

Nú er söluverð hverrar vörutegundar fólgið í tvennu, framleiðslukostnaði og sölukostnaði; geti menn því komið vörunni kostnaðarlítið á markaðinn, og þó selt hana þar fyrir sama verð og áður, þá er auðsætt, að hún stígur í verði fyrir seljandann. — Enda hefir smjör hækkað mjög í verði í Noregi hin síðustu árin. Þannig fjekkst í Eystri-dölum aldrei meira en 1 kr. 33 aurar fyrir hvert kílógram (2 pund) af smjöri áður en járnbraut kom þangað, en 1885 var það komið upp í 1 kr. 92 aura. (*Forseti*: Jeg vil biðja þm. að vera ekki langorður, það er engin nauðsyn á þessum samanburði). Jeg get nú ekki sjeð annað, en að þessar skýringar sjeu nauðsynlegar til þess að rökstyðja þá tjárveiting, sem hjer er um að ræða.

Fólksflutningur á akbrautum í Noregi kostar 8 aura fyrir manninn hver kílometer, en 2—3 aura á járnbrautum. Þegar menn nú í Noregi eru komnir á þá skoðun, að vilja hætta við akbrautir en taka upp járnbrautir í staðinn, er þá ekki full ástæða fyrir okkur að leitast við að gera okkur það ljóst, hvort við ekki getum hlaupið yfir þennan krók, sem Norðmenn hafa orðið að fara. Nefndin í Stórþinginu, sem fjallaði um mál þetta, áleit rjett að leita sjer upplýsinga um það, því þingið vildi ekki veita fje til þess fyr en þær væru fengnar. En þingið veitti 2 mönnum fje til að ferðast um Evrópu og Ameríku til þess að kynna sjer smábrautir. Væri það nú ekki líka nær hjer að leita sjer upplýsinga um, hvort þetta mætti ekki einnig takast hjer, til að vita, hvort við erum dauðadæmdir til að vera allt af heilli öld á eptir öðrum þjóðum í öllum verklegum framförum? Jeg get ekki skilið, hvernig þm. geta sagt, að það sje ómögulegt að koma járnbrautum á hjer á landi. Jeg veit alls ekki, hvort það er ómögulegt eða ekki, en jeg vil leita mjer upplýsinga um það — áreiðanlegra upplýsinga, sem óhætt er að treysta. Jeg álít það skyldu mína sem samvizkusams þm. Og jeg skal taka það fram, að jeg álít að þm. taki á sig mikla ábyrgð gagnvart kjósendum sínum og óbornum kynslóðum þessa lands, ef þeir ekki sinna þessu máli. Hvað hefir okkur ekki mátt blæða fyrir aðgjörðir forfeðra vorra?

Með norrænukennslu í Reykjavík get jeg ekki verið, en jeg hefði heldur getað verið með því, ef tillagan hefði farið fram á, að kenna íslenzka sögu og bókmenntir.

Tryggvi Gunnarsson: H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) talaði um, að fjárlaganefndin hefði ekki leitað upplýsinga hjá sjer um kvennaskólann á Laugalandi og þótti honum sjer ókurteisi sýnd með því. H. þm. (Kl. J.) getur þó varla til þess ætlazt að nefndin fari að kalla á sinn fund alla þá er bænarskrár hafa að flytja eða sem líklegt er að geti gefið upplýsingar um þær; það er hætt við að slíkt tæki svo langan tíma, að þá hefði nefndin hvorki verið búin að ljúka starfi sínu í dag nje á morgun. H. þm. (Kl. J.) var mótfallinn styrkaukningunni til Þjóðvinafjelagsins og Bókmenntafjelagsins, og talaði um apturför þeirra. Jeg veit ekki, hvað hann meinar með þessari apturför. (*Kl. J.*: Bókaútgáfurnar). Til Þjóðvinafjelagsins getur það ekki náð; það hefir í fyrra og í ár gefið út 3 bækur og meiru er það ekki vant að útbýta meðal fjelagsmanna. Almanakið mun engu ver úr garði gjört en að undanförnu, Dýravinurinn er í bezta lagi og nú hefir Andvari fullnægt, sem menn segja, sínum upprunalega tilgangi, þar sem hann flytur pólitiska ritgjörð eptir merkan prest og þjóðmálamann; það er annars óþarfi fyrir mig að vera að mæla með Þjóðvinafjelaginu, þar sem þm. allir eru fulltrúar þess, og jöfn skylda þeirra sem mín að styðja að framgangi þess, enda veit jeg, að það á marga góða vini hjer í salnum, sem fúslega vilja styðja það.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og Rangv. (Þórð. G.) voru mótfallnir styrknum til matreiðsluskóla í Reykjavík. Þeir kváðust að vísu álíta fyrirtækið gott í sjálfu sjer, en þeim þótti það helzt að því, að skólinn ætti að vera í Reykjavík, en ekki í sveit; þar þótti þeim hann vera bezt kominn.

Jeg held, að h. þm. hafi ekki íhugað málið nógu vel. Fyrst og fremst mundu tormerki á því að kenna nema fáum í senn á sveitabæ, og þar gæti

fyrir alvöru vaknað spurningin um, hver ætti að jeta allan matinn, sem til væri búinn. Á sveitabæjum mundi og veitast lítill kostur á að læra að búa til annað en algengan sveitamat. En það er þó æskilegt að stúlkur kunni að bregða fleiru fyrir sig, ekki sízt nú, þegar talað er um að verja miklu fje til þess að leiða ferðamannastraum inn í landið, því að auðsætt er það, að það laðar ferðamenn að oss, að kvennþjóð vor kunni sæmilega að nota föng þau, sem fyrir hendi eru, til að veita þeim góðar viðtökur. Reykjavík mun að mörgu reynast langhentugasti staðurinn fyrir skóla þennan.

Því hefir verið haldið fram, að rjettast mundi að hafa þessa stofnun í sambandi við kvennaskólana. Jeg þekki að vísu einn skóla í Kaupmannahöfn, þar sem þessu hagar þannig til, það er skóli jómfrú Zahle. En hjer við er aðgætandi, að matreiðsluskólinn er alveg sjerstök deild hjá henni, sem nemendurnir ganga ekki á jafnframt og þær ganga á sjálfan kvennaskólann, heldur fyrst eptir að það bóklega er búið, enda segja kunnugir menn, að eigi sje auðið **að láta** kennslu á kvennaskóla og á matreiðsluskóla fara fram samtímis. Þar sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði ist mundu greiða atkv. með 5000 kr. handa norska verkfræðingnum, þá held jeg að hann hafi sagt það að gamni sínu. Vjer þurfum alls ekki að fá útlending til þess að segja oss, hvort hægt sje að leggja járnbraut hjer á landi, vjer vitum það, að það er hægt, já, auðveldara að leggja járnbrautir hjer en víða í Noregi og ekki dýrara. En um skilyrðin fyrir því, hvort þessi járnbrautagjörð muni geta borgað sig eða ekki, vitum vjer miklu betur en útlendingur, sem hingað kemur snöggvast. Vjer vitum betur en hann, hvort vjer höfum nægilegt fje til að leggja járnbrautir eða ekki, og vjer vitum hjer um bil, eða getum fengið að vita það betur en hann, hvað miklar vörur mundu verða til til þess að flytja á járnbraut á einhverju tilteknu svæði. Mjer sýnist það því vera beint að fleygja út þessum 5000 kr. að gamni sínu, ef vjer förum að veita þær; vjer getum fengið þær upplýsingar, sem vjer þurfum í þessu máli, á annan miklu kostnaðarminni hátt. Jeg er því algjörlega mótfallinn þessari fjárveitingu.

En þar í móti er jeg alveg samdóma því, sem h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) sagði um styrkinn til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar; hjer er um nauðsynjamál að ræða. Norðmenn og aðrir, sem fiskiveiðar hafa slíka þýðingu fyrir sem oss, mundu furða sig stórum á því, að vjer hefðum ekki fyrir löngu fengið fiskifræðing; annarstaðar úir og grúir af slíkum mönnum. Það er rjett, sem h. þm. (J. Þ.) sagði, að hefðum vjer haft fiskifræðing oss til ráðaneytis, er vonandi að ekki hefði orðið aðrar eins þrætur um fiskiveiðasamþykktir og netalagnir, eins og orðið hafa, nje heldur jafnmikið hvarfl með þær og festuleysi. Mjer er það kunnugt, að á Norður- og Austurlandi hefir hvað rekið annað, að fiskisamþykktir hafa verið gjörðar, og felldar aptur úr gildi, eða þeim breytt. Oss er öll þörf á því, að afla oss meiri þekkingar á fiskiveiðum vorum og fiskigöngum en hingað til hefir verið gjört, þar sem fiskiveiðar eru aðalatvinnuvegur margra þús. landsbúa.

Báðir h. þm. Eyf. hafa talað um, að það hafi eigi verið rjett af fjárlaganefndinni, að ráða frá að veita styrkinn til Skúla Skúlasonar. Annar þeirra sagði, að fengi hann ekki styrkinn, yrði hann að hætta námi sínu. En jeg er hræddur um að hann verði að hætta ófullnuma hvort sem er. Námið er

meira en svo að hann geti lokið því á 2 árum. Jeg þekki manninn vel og mjer fellur illa að leggja á móti honum, en jeg verð þó að segja, að jeg er hræddur um að hann hafi ekki þá hæfilegleika, að hann geti leyst nám sitt viðunandi af hendi, og því vildi jeg að styrkurinn gengi til Einars Jónssonar, engan veginn af því, að jeg vilji Skúla illa, heldur af því að jeg er sannfærður um að styrkurinn komi Skúla ekki að liði.

Um styrkinn til málarans er það að segja, að jeg mun fylgja því sem ofan á varð í fjárlaganefndinni, þótt jeg játi það fúslega, að vert sje að efla allt það, sem getur glætt smekk og fegurðartilfinning hjá löndum mínum.

Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að það sje undarlegt og óviðkunnanlegt að landssjóður sje látinn kaupa handrit Bókmenntafjelagsins handa landsbókasafninu, þar sem hjer er að ræða um tvær stofnanir, sem í raun og veru eru báðar landsins eign og báðar styrktar af landsfje. Fyrst h. þm. Vestm. (V. G.) álítur safnið svo ómissandi fyrir Ísland, hvernig stendur þá á því, að þessir fáu íslenzku menntamenn, sem sitja í Kaupmannahöfn, skuli halda safninu þar handa sjer og Dönum, en lofa ekki löndum sínum heima á Íslandi að njóta þess; mjer finnst að deildin í Khöfn ætti að geyma handritasafnið þar sem landsmenn hafa mest gagn af því, og jeg treysti h. þm. (V. G.) til, að gjöra sitt til að svo verði. Hafnardeildin má gjarnan eiga safnið, ef hún að eins geymir það hjer í Reykjavík. Sagan um að Dr. Kaalund fann handrit í safninu, sem aðrir vissu ekki af, sýnir, að safnið er ekki mjög mikið notað af Íslendingum í Khöfn.

Þegar 5000 kr. gjöfin til Skúla Thoroddsen kom til umræðu hjer áður, sagðist jeg vilja fara sem fæstum orðum um hana, af því að jeg byggist við, að það kynni að vera óþægilegt fyrir viðkomanda, að mikið væri hreift við henni. En í dag heyrði jeg að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) fannst ekkert óþægilegt að tala um herra Skúla Thoroddsen, þar sem hann hjelt langa tölu um allt það ranglæti, sem þessi maður hefði orðið fyrir. Jeg sje því enga ástæðu til að sneiða hjá að tala um þær 500 kr., sem hjer er farið fram á að veita Skúla Thoroddsen í viðbót við eptirlaun hans. Jeg var ekki samþykkur þessari fjárveitingu fremur en skaðabótaveitingunni, þó jeg gjörði ekki ágreining um hana í nefndarálitinu; mjer þótti nóg að láta það koma fram á einum stað, en jeg lýsti því yfir í nefndinni að jeg mundi einnig greiða atkv. móti henni. Margar af ástæðunum fyrir því, að jeg er á móti fjárveitingunni til manns þessa, eru hinar sömu og hjá h. þm. Rvík. (J. Jenss.); auk þess finnst mjer það misskilningur hjá h. þm. (Sk. Th.) og öðrum, sem segja, að herra Skúli Thoroddsen hafi misst embætti sitt af pólitiskum ástæðum. Jeg þori að segja, að hann hefir ekki misst embættið af því að hann hefir fylgt fram landsins málum, heldur af því, hverjum vopnum hann hefir beitt, og hvernig hann beitti þeim. Jeg þekki marga menn, og sumir af þeim eru hjer í salnum, sem barizt hafa fyrir landsmálum af engu minna kappi nje með minni áhuga en þessi maður, og þó hafa þeir engum ofsóknum sætt af landstjórnarinnar hálfu. En munurinn er sá, að þeir menn hafa beitt annari, skynsamlegri og sæmilegri aðferð. Það er hreinn misskilningur að Skúli Thoroddsen hafi misst embætti af því að hann hafi fylgt fram vissum skoðunum, heldur af því að hann hefir brúkað þá aðferð, sem ekki hefir verið heppileg fyrir mál þau, sem hann hefir barizt

fyrir nje sjálfan hann. Það munu flestir kannast við, að hjer í landi sje helzt til lítið af húsaga en ofmikið af sjálfræði, vinnufólkið þykist víða vera jafnt húsbændunum og húsbændurnir jafnir sínum yfirboðurum. En mundi sá þjóðarbrestur batna við það, ef embættismönnum hjeldist átölulaust uppi, að standa uppi í hárinu á yfirboðurum sínum? Jeg skýt því undir alla gætna og greinda menn, að yfirvega þessa spurningu og svara henni. Oss er kunn sú aðferð, sem þessi maður hefir beitt. (*Sk. Th.*: Hvaða aðferð?). Sú aðferð, sem komið hefir fram í »Þjóðviljanum» ísfirzka, sú aðferð að vekja »opposition« og tortryggni gegn stjórninni, sem var hans yfirboðari, og það opt með mjög ótilhlýðilegum orðum. Ef vjer hefðum marga slíka leiðtoga, mundi það sízt bæta þjóðina, heldur miklu fremur leiða hana til agaleysis. Hvernig hefði ástandið í landinu orðið, hefði 5 eða 6 sýslumenn komið fram á sama hátt gegn sínum yfirboðurum, sem þessi maður? Vjer þekkum allir þetta mál, sem stundum hefir verið kallað Skurðsmál og stundum Skúlamál, en nú í seinni tíð er eingöngu farið að kalla það Skúlamál. Það er merkilegt að báðir þeir menn, sem mest eru við mál þetta riðnir, hafa fengið alveg sömu fríkenninguna, þeir hafa báðir verið fríkenndir fyrir vöntun á nægum sönnunum.

Jeg vona, að menn misskilji mig ekki og sjái, að jeg er ekki að jafna saman mönnunum, heldur tilfellunum. (*Sk. Th.*: Hvenær var dæmt í Skurðsmálinu?) Báðir málsaðilar eru nú skoðaðar fríir fyrir ákærum rjettvísinnar. En nú skilur það milli þessara manna, að á annan er ekki minnzt einu orði, en hinn er á margra vörum, og nú stendur til að gefa öðrum þeirra töluverða gjöf, en hinn fær ekkert. Prívatmenn geta farið í manngreinarálit, en það getur þingið ekki, og ef þingið vill gefa öðrum manninum gjöf, þá ætti það ekki að setja hinn hjá. Mig furðar á því að h. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem veit, hvernig málinu er komið á þingi, skuli ekki hafa farið fram á að Sigurði skurðyrðu líka veittar bætur af landsfje; það hafa þó gengið sögur af því að hann hafi átt dauflega fangelsisvist, haft þar fremur þröngvan kost og kuldavist; jeg hefði því getað búizt við að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) mundi þykja Sigurður hafa, ef ekki rjettlætiskröfu, þá samt sanngirniskröfu til skaðabóta fyrir meðferðina. Hann var tekinn langan tíma frá atvinnu sinni, og hnepptur í varðhald, rjetturinn hefir ekki fundið hann sekan, ekkert hefir sannazt á hann, og þess vegna var honum sleppt frá ákæru rjettvísinnar; mjer finnst því hann ætti líka skaðabótakröfu á hendur þinginu, ef þessi hjer um ræddi maður á skaðabótakröfu á hendur þings og þjóðar, eins og hann segist hafa. Jeg tek aptur fram, að jeg jafna saman málsatburðum en ekki mönnum. Það er fullkomlega rjett, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að hæstirjettur hefði ekki frídæmt Skúla sýslumann Thoroddsen, og því gæti hann enga rjettarkröfu haft til skaðabóta. Nú hefir Skúli Thoroddsen sagt, að hann vilji frábiðja sjer fje þetta sem gjöf, heldur vildi hann að sjer væri greitt það sem rjettlætiskrafa. Þegar jeg lít til þessara orða, og þess sem h. framsm. fjárlaganefndarinnar (Þórh. Bjarn.) sagði, þá sje jeg ekki að það sje til nokkurs að veita fje þetta, því að herra Skúli Thoroddsen muni ekki þiggja það, samkvæmt hans eigin orðum, því jeg skil ekki að þingið veiti fjeð af þeim ástæðum, að hann eigi heimting á því. Jeg gæti miklu fleira sagt um þetta, en sleppi því; þó skal jeg taka það fram, að jeg ber

meira traust til þess, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) segir um málið, en það sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) ber fram í því; því að orðtækið segir að «hver er blindur í sjálfs sín sök» og mjer finnst það eðlilegt þótt h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) eigi örðugt með að líta óvilhöllum augum á mál og atferli Skúla Thoroddsens. H. þm. Rvík. (J. J.) er aptur á móti gagnkunnugur málinu, hann hefir kynnt sjer skjöl þess og dæmt í því; hann hefir afdráttarlaust sagt, að hjer geti engin rjettarkrafa komið til greina. Þessi maður mun þó varla verða vændur um óvildarhug til Skúla Thoroddsen, þar sem hann er skólabróðir hans, og kunningi má víst óhætt bæta við. En því gleðilegra er það, að vita, að þeir menn eru til, sem kunna að greina vinskap frá rjettlætistilfinningu og rjettlætisskoðun. Það eru svo margir, sem ekki hafa kjark til þessa.

Sighvatur Árnason: Jeg get sagt eins og hinir piltarnir, að jeg á hjer breytingartill. og skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hana. Og jeg vil segja eins og h. þm. Vestm. (V. G.), að jeg get ekki lofað því að vera mjög fáorður. Breyt.till. mín er á þingskj. 277 og vona jeg að h. deild hafi tekið eptir henni, þótt eigi standi hún á atkvæðaskránni og þótt h. þm. Vestm. (Valt. G.) hafi að eins einn orðið til að minnast á hana. Jeg vona að enginn h. þm. telji þessa breyt.till. í þeim flokki, sem bitlingar eru kallaðir. Jafnframt því sem þing og þjóð þráir það, að vjer getum orðið sjálfstæðir menn og ráðið sjálfir lögum vorum og lofum, jafnframt því er áríðandi að taka í þann strenginn að efla vísindin í landinu sjálfu. Vjer eigum að sýna það í verkinu, að vjer berum skyn á, hvað til þess heyri að vera sjálfstæð þjóð; að öðrum kosti er hætt við að aðrar þjóðir líti smáum augum á sjálfstjórnarkröfur vorar og virði þær vettugi. Á þessu þingi stendur til að verja stórfje til ýmiskonar verklegra framfara, og dettur mjer ekki í hug að lasta það. En það hlýðir ekki að líta einungis á hina líkamlegu hlið; það þarf líka að líta til hinnar hliðarinnar. En þegar litið er á gjörðir h. deildar á þessu þingi, þá má segja, að henni hafi verið nokkuð mislagðar hendur. Hún hefir, eins og jeg tók fram, varið stórfje til samgöngubóta á sjó og landi, en hún hefir alls ekki verið eins stórtæk í því að efla vísindalíf í landinu. Jeg skal í þessu máli taka dæmi af sjálfum mjer: Á uppvaxtarárum mínum var jeg látinn gefa mig allan við vinnu, og vandist jeg henni svo, að jeg lagði stund á hana með kappi, en þegar aldur færðist yfir mig, sá jeg, að þótt vinnan væri nauðsynleg og óhjákvæmileg, þá væri hún samt ekki einhlít; mig fór að renna grun í að menntuð og grunduð þekking einstaklingsins mundi þó vera undirstaðan undir því að vinnan bæri fullan arð og maður kæmist á verulegt framfarastig; fór jeg þá að hugsa um að mennta mig, þótt helzt til seint væri, því að jeg var þá kominn í þá stöðu, sem batt mig fastan við vinnuna; þá fyrst fór jeg að leitast við að læra nokkuð til munnsins, sem menn kalla, og þrátt fyrir töluverða erfiðleika varð mjer þó dálítið ágengt og það verð jeg að segja, að þegar jeg nú á efri árum mínum lít aptur í tímann, þá finnst mjer jeg ekki hafa varið öðrum tíma og annari vinnu betur en því sem jeg varði til að mennta anda minn. Svipað þessu segi jeg að sje varið með þjóðbú vort, en vjer höfum nú lagt miklu meiri stund á hið líkamlega en hið andlega, sem er þó sannarlega fyrsta skilyrðið fyrir sönnum þjóðþrifum, þó hvorttveggja sje nauðsynlegt. H. þm. Vestm.

(V. G.) virðist koma svo fram á þingi, að hann ætli í einu kasti að umskapa þing og þjóð viðvíkjandi hinum verklegu framkvæmdum. Þessi h. þm. (V. G.) sagði um annað atriði nýlega «að slíkt viðgengist í engu landi»; hjer segi jeg hið sama, að það viðgengst í engu landi að menn hugsi eingöngu um aðra hliðina, eða láti vísindin algjörlega sigla sinn eigin sjó í hálfgjörðu reiðileysi. Í tilefni af þessari hugsun minni hefi jeg komið fram með þessa tillögu mína um að stofna norrænu kennslu í Reykjavík á næsta fjárhagstímabili. Þessi vísindagrein er, eptir því sem jeg hefi komizt næst hjá þeim, sem gott skyn bera á vísindi yfir höfuð, einhver hin dýrmætasta vísindagrein fyrst og fremst fyrir oss Íslendinga og jafnvel þótt lengra sje leitað. Jeg vona að h. d. sje mjer samdóma um þetta og gangi inn á, að hún geti ekki vel látið vera að sinna þessari kröfu, eigi sízt þegar það er athugað, að hún hefir ráðgjört að leggja fram svo hundruðum þúsunda króna skiptir til verklegra framfara; og þótt nú allt þetta, sem h. d. hugsar til að leggja fram til umbóta á sjó og landi sje svo mikið, að til þurðar horfir í landssjóði, þá samt munar minnstu, úr því sem komið er, þótt 4000 kr. sje bætt við á fjárhagstímabilinu, það er eins og dropi í hafinu í samanburði við allt annað, sem ráðgjört er nú að leggja úr landsjóði. Jeg vona fastlega, að þegar deildin fer að athuga og yfirvega þessa tillögu mína, þá muni hún taka hana til greina. Það virðist svo, af því að varla hefir verið minnzt á hana, að fæstir h. deildarm. hafi veitt henni eptirtekt til yfirvegunar, af því hún er ein af þeim breytingartill., sem liggja utan við atkvæðaskrána og nota jeg því tækifærið til að vekja athygli á henni. H. þm. Vestm. (V. G.) lagði mikla áherzlu á breyt.till. undir 103. lið á atkvæðaskránni, um það að útvega norskan járnbrautafræðing til þess að rannsaka og gjöra lauslega áætlun um gerð þriðjungsbrauta hjer á landi. Jeg efast ekki um að kjósendur h. þm. Vestm. (V. G.) hafi hvatt hann til að bera þetta fram hjer á þingi og beðið hann að útvega sjer járnbraut (*Kl. J.*: Ísland?) En það er þá víst hið eina kjördæmi, sem þessu hefir fylgt fram. Jeg játa það, að þessi aðferð h. þm. (V. G.) er mun heppilegri til að byrja með en ráðabrugg hans á síðasta þingi um járnbrautir og gufuvagna, en þó er mjög athugavert og efasamt, hvort hjer er um tímabært fyrirtæki að ræða eptir því sem á stendur fyrir oss. Mundi ekki vera ráðlegra að ljúka við þau fyrirtæki, sem hálfgjörð eru af vegabótaframkvæmdum vorum, áður en farið er að leggja út í járnbrautargerð? Mjer finnst hún vera nokkuð mikið í loptinu enn sem komið er. H. þm. (V. G.) minntist á að grunnur undir járnbrautinni yrði fyrir svo litlum skemmdum (*V. G.*: Svo er það í Sviss). En hvernig hagar til hjer á landi í klakaleysingum? (*Kl. J.*: h. þm. (V. G.) þekkir það ekki). H. þm. (V. G.) minntist á að grunnurinn mundi verða ódýr undir járnbrautir hjer á landi. En jeg vil spyrja, hvernig hugsar h. þm. (V. G.) sjer að hafa ódýran grunn undir járnbrautina yfir Ölvesá og Þjórsá? Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvernig hann hugsar sjer þann grunn. Heldur h. þm. (V. G.) að allt vatnsrennslið hjer á vetrum og vorum muni hlíta járnbrautaveginum hans eða sneiða hjá honum? Jeg vil geta þess, að eptir því sem jeg þykist þekkja stefnu þingsins að undanförnu, þá virðist mjer h. þm. Vestm. (V. G.) muni reisa sjer hurðarás um öxl, ef hann ætlar sjer að snúa stefnu þings og þjóðar í vegamálum

vorum. Það er þegar búið að leggja allmikið fje í hinar nýju vegagjörðir og harla ólíklegt þykir mjer að h. þm. (V. G.) takist að fá því til vegar komið, að hætt verði við þær vegagjörðir í hálfu kafi, sem þegar er byrjað á. Mig furðar á því, hve mikið kapp h. þm. (V.G.) leggur á að koma fram skoðunum sínum; hann hlýtur þó að játa það, að hann, sem setið hefir erlendis mikinn hluta æfi sinnar, sje ókunnugri ýmsu því, hvernig hjer hagar til, en við hinir í móti því sem á sjer stað í Danmörku eða öðrum útlöndum, sem hann er ávalt að vitna til.

Viðvíkjandi öllum þeim bitlingum, sem nú liggja fyrir þinginu, get jeg sagt það, að jeg get fáum þeirra gefið atkvæði mitt, en jeg ætla ekki að tala um hvern einstakan þeirra, heldur láta atkvæði mitt sýna, hvernig jeg lít á þá. Það má annars segja um alla þessa bitlinga í þetta sinn eptir því, sem við horfir með landsjóð, að það sje líkt með þær fjárbænir eins og þegar maður kemur til manns og biður hann að gefa sjer fáeinar krónur, en fær það svar: Jeg get það ekki, góðurinn minn, jeg á enga krónu til í eigu minni. Því er svipað varið með landsjóð nú, hagur hans er ekki álitlegri en svo, að það er full ástæða til að hugsa, að hann, að með töldum viðlagasjóði, ausist alveg upp að loknu þessu þingi.

Jeg hefi ekki tafið mikið umræðurnar um fjárlögin enn sem komið er og ætla ekki að tefja tímann meir að þessu sinni.

Landshöfðingi: Það er einungis út af áskorun h. þm. Vestm. (V. G.), að jeg ætla að gefa upplýsingu um landsbókasafnið.

Það er rjett, að bókavörðurinn við safnið hefir verið veikur nú í nokkra mánuði, og eru það afleiðingar af »Influenzu«. Jeg hefi talað nýlega við lækni þann, sem stundar hann, og hefir hann sagt mjer, að hann væri veikur af »angina pectoris«, en hann hefði tekið hann undir »kur« og hefði beztu vonir um, að hann mundi verða albata innan skamms. En hitt kannast jeg ekki við, að útlán frá safninu eða annað sje ekki í lagi, því þar er aðstoðarmaður, vandvirkur og kunnur safninu. Mjer finnst því, að meðan ekki er útsjeð um sjúkdóm bókavarðar geti menn ekki ráðstafað sýslun hans, en læknirinn hefir, eins og jeg sagði, sagt mjer, að hann hefði beztu vonir um, að hann yrði bráðum albata.

Sigurður Gunnarsson: H. framsögumaður fjárlaganefnd. (Þ. Bj.) hefir nú talað um breyt.till. hennar, og þarf jeg því ekki sem einn nefndarmaður að hafa upp aptur það sem hann sagði, enda hefir og fæstu af því verið mótmælt. Það verða því að eins nokkur einstök atriði, sem jeg minnist á.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að breyt.till. þm. Strand. (Guðj. G.), því þar tást við það, sem einna mestu máli skiptir við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Þessi h. þm. vill færa niður tillagið til flutningabrauta frekar en nefndin gerði. Því er jeg mótfallinn eins og meiri hluti nefndarinnar; jeg tel sjálfsagt að ljúka þeim brautum, sem nú eru í smíðum og stjórnin gerir ráð fyrir, að lokið verði á næsta fjárhagstímabili; en að því loknu, vil jeg láta fara að hugsa um brautir í öðrum hjeruðum, sem lítils eða einskis hafa notið enn í því tilliti. Síðari lið breyt.till. þm. Strand. (Guðj. G.) um 5000 krónu uppfærslu á þjóðvegafjenu get jeg aptur á móti samþykkt. En jeg get eigi neitað því, að mjer þótti það mótsögn hjá sama h. þm., þegar hann í gær hjálpaði til að drepa hið litla sanngjarna frumv. um þjóðveginn frá Reykjavík til Stykkishólms. Ástæður þær, sem færð-

ar voru gegn því, voru jafnframt ástæður gegn öllum þjóðvegum landsins, og því einkis virði að því leyti.

Þá vil jeg næst lýsa yfir því, að jeg get ekki fylgt meðnefndarmönnum mínum í því, að nema burtu styrkinn til fimleikakennarans; jeg tel hann nú sem fyrri nauðsynlegan. Að öðru leyti skal jeg ekki fara að leggja út í harða glímu við þá um þetta atriði, þó þeir ættu það skilið fyrir tregðu sína í því, að leggja dálítið af mörkum til að koma endurbótum á jafna-heilsusamlega list sem fimleikalistin er. Jeg greiði þá atkvæði með frumv. stjórnarinnar í þessari grein.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) mótmælti styrknum til kvennaskólans á Austurlandi og fór um leið ýmsum almennum orðum um það, að þingið ætti ekki með fjárveitingum að ýta undir ómennsku og dáðleysi hjeraðanna út um landið, kom þeim upp á að gjöra ekkert sjálf, og get jeg fyllilega samsinnt þetta út af fyrir sig, en þessar athugasemdir þingmannsins ná ekkert til kvennaskólans fyrirhugaða á Austurlandi. Hann gat þess og, að þingið gerði vel mikið að því að styrkja hið vanmáttuga og veika; þó er þetta hinn sami þingmaður, sem mælti kröptuglega með styrknum til Steingríms Jónssonar, og vita allir að hann gerði það með hliðsjón af tilvonandi lagaskóla; en hvað getur verið vanmáttugra og veikara en lagaskóli, sem ekki er til nema í hugsuninni.

Enn fremur er þess að gæta, að styrkurinn til kvennaskólans er ekki veittur til að stofna skóla, heldur til að styrkja hann, því það stendur svo í athugasemdunum: »Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje bygt fyrir árslok 1896«. — Styrkurinn fellur því í burt af sjálfu sjer, sje skólinn eigi stofnaður þá. Styrknum til námsmeyja hefir nefndin sleppt, enda þótt skólinn, ef hann yrði kominn á fyrir árslok 1896, ætti tilkall til þessa styrks, eins og aðrir kvennaskólar landsins, því slíkt væri ekki nema sanngirni.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um kaup á handritasafni Bókmenntafjelagsins, en jeg er á svipaðri skoðun í því máli og hæstv. landshöfðingi og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að mjer finnast slík kaup eigi eðlileg, og vjer virðist handritasafn þetta eiga sjer svo djúpar rætur hjer í landi, að það ætti að hverfa hingað heim til vor með tímanum eins og af sjálfu sjer.

Þá er ein breyt.till., sem jeg á og vildi minnast á, um styrk til náttúrufræðings Helga Jónssonar, sem er við nám á háskólanum í Kaupmannahöfn. Hafði hann beðið um 1200 kr. styrk til gróðrarrannsókna hjer á landi, en jeg hefi fært hann niður í 800 kr. eða sömu upphæð og annar ungur vísindamaður, nefnilega cand. Bjarni Sæmundsson, hefir fengið til fiskiveiðarannsókna. Jeg var ekki svo heppinn í fjárlaganefndinni, að geta fengið meiri hluta atkvæða fyrir þessum styrk, en vonast til, að h. þingd. muni við nánari yfirvegun kannast við nytsemi þess starfa, sem hjer er gjört ráð fyrir. Þessi efnilegi vísindamaður hefir þegar byrjað slíka rannsókn, sem hjer um ræðir, á Austurlandi, og hjer liggur fyrir eptir hann rit, sem skýrir frá þessum rannsóknum, og er það sjerprentun úr »Botanisk Tidskrift«, og önnur ritgjörð samskonar efnis kemur út í sumar. Þingið hefir látið þann vilja sinn í ljósi, að það vilji styðja að innlendri vísindalegri menntun, og er það vissulega rjett stefna; jeg veit eigi, hvað þjóð vorri gæti horft til gagns og sóma fremur en að innlendir vísindamenn rannsökuðu sem bezt mætti verða land vort, og þá ekki síður í þá

stefnu, er að praktisku gagni mætti koma. Praktiskt gagn af þeirri rannsókn, sem hjer ræðir um, virðist liggja opið fyrir. Þetta land er eingöngu kvikfjárræktarland, og liggur þá í augum uppi, að nauðsynlegt er að rannsaka gróður þess í smáu og stóru, bæði á þurru og í ám og vötnum. Helgi Jónsson hefir líka ekki að eins rannsakað jurtagróðann á þurlendinu heldur og í vötnum, ám og dýjum og mjer skilst af bænarskránni, að hann ætli einnig að rannsaka jurtagróður í grunnsævi með ströndum fram, en allir munu vita, að jurtagróður í sjó og vötnum hefir mikla þýðingu fyrir dýralífið og þar af leiðandi fyrir alla veiði, og gróðrarrannsókn á þurru landi er nauðsynleg meðal annars til þess, að komast að því, hverjar grastegundir, sem vaxa vilt hjer og hvar um hagann, ættu að færast í tún og engjar. Mjer virðist því ekkert efamál vera, að gróðrarrannsóknir þessar geti orðið til verulegs gagns, og hljóti að framkvæmast fyr eða síðar, og þá bezt sem fyrst.

En þegar jeg lít á manninn sjálfan, hvort hann muni vera fær til að takast þennan starfa á hendur, þá held jeg að óhætt sje að segja, að svo muni vera. Þeim, sem þekkja til hjer í Reykjavík, mun kunnugt um, að maður þessi var þegar mjög efnilegur í skóla og hugur hans hneigðist þá mjög að náttúrufræði, einkum botanik, — og síðan hann kom til háskólans hefir sama orðið raunin á, og prófessor Warming, kennari í »botanik« við háskólann í Kaupmannahöfn, hefir gefið honum hinn bezta vitnisburð, og útvegað honum erlendan styrk til gróðrarrannsókna þeirra á Austurlandi, er jeg áðan gat um. Hann ætlar að taka próf næsta ár, en framkvæma gróðrarrannsóknir næstkomandi 2 sumur. Jeg hefi, eins og jeg sagði áðan, fært beiðni hans niður í 800 kr., því þó það sje minna en það, sem hann hefir beðið um, þá er það betra en eigi neitt, og mundi hann, ef hann fengi þessar 800 kr., þó ráðast í að gjöra rannsóknirnar, því maðurinn er, auk þess að vera ágætt vísindamannsefni, hinn áhugamesti og vill af fúsum huga helga þjóð sinni krapta sína.

Tíminn leyfir mjer eigi að fara út í fleiri atriði, þótt mig hefði langað til, enda eru umræður orðnar býsna miklar, en jeg ætla einungis að víkja nokkrum orðum að ræðu h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.), þar sem hann talaði á móti 500 kr. viðbót við eptirlaun Skúla Thoroddsens. Mjer virtist reyndar ræða hans vera sprottin af nokkuð ískyggilegu hugarfari, og vil jeg því sem minnst um hana tala. Eins og h. þingdeildarm. heyrðu, gekk ræða hans mest út á það, að gjöra samanburð á Skúla Thoroddsen og manni, sem sterklega var grunaður um manndráp. H. þm. Árn. (Tr. G.) sagðist reyndar ekki vera að jafna þeim saman; en þó var hann í löngu máli að lýsa því, hvað væri líkt með þessum mönnum og hvað ólíkt. Jeg fyrir mitt leyti skal ekki með einu orði dæma um, hvað þessi samlíking hefir verið heppileg, því jeg veit, að deildin kann að meta þannig lagaðan samanburð að verðugu. Svo mun og h. deild kunna að meta lofsorð sama þingmanns til h. þm. Rvík. (J. Jenss.) fyrir það, hve vel honum hefði tekizt, að greina milli vináttu og rjettlætis, þar sem hann væri bæði vinur og skólabróðir h. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.). Látum svo vera, að h. þm. Rvík. (J. Jenss.) hafi átt þau lofsorð skilin; en víkja mætti þá þeirri spurningu, að h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.), hvort honum hafi þá tekizt eins vel. Það er sem sje hljóðbært, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir ekki borið neitt vináttuþel til h. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.), og mætti þá

spyrja, hvort h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi tekizt eins vel að greina milli óvináttunnar og rjettvísinnar.

Sami h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það upp eptir h. þingm. Reykv. (J. Jenss.), að Skúli Thoroddsen hefði enga rjettarkröfu til þessa fjár, en minna mætti hann sjálfan á, að eigi alls fyrir löngu, er Ölfusárbrúin var byggð, sendi hann sjálfur inn á þing bæn um sömu upphæð, er um daginn var ætluð Skúla Thoroddsen, 5000 kr., og kom öllum saman um, að slíkt væri ekki rjettarkrafa, heldur að eins sanngirniskrafa, og greiddi jeg eins og margir fleiri h. þingdeildarm. þó atkvæði með henni, og það með ánægju. —

Þá var fundi frestað til kl. 9 e. h.

Kl. 9 e. h. setti forseti fundinn á ný.

Halldór Daníelsson: Það voru að eins fáein orð, sem jeg vildi segja viðvíkjandi ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.) í dag. — Jeg skal sízt taka þann heiður af Norðlendingum, sem þeir eiga skilinn fyrir dugnað sinn og kapp við vegabætur, brúargerðir og annað, sem miðar til þrifa, en óþarfi lízt mjer, að niðra Mýramönnum fyrir það, þó Norðlendingum sje hrósað, og að vísu get jeg fært dæmi til, að Mýramenn hafa þó sýnt rögg af sjer; þegar brúa átti Hvítá hjá Kláffossi, buðu þeir allir fje til smíðarinnar, og ætla jeg eins dæmi, þar sem landssjóðsvegur (þjóðvegur eða akvegur) hefir átt í hlut, og svo styrktu Hvítársíðingar með talsverðum samskotum til þess, að brú kæmist á Hvítá hjá Barnafossi, og ekki veit jeg til þess, að til þeirrar brúar hafi verið veittur einn eyrir úr landssjóði. Það er líka nokkuð annað að gera vegi, þar sem hjerað er lítið og jafnt á allar hliðar, en þar sem hagar svo til, að sýsluvegir eru 18 mílur á lengd, eins og í Mýrasýslu, og sumstaðar torgerðir og á miklum hluta yfir verstu torfærur, fen og forræði, og jeg er ekki viss um, að Þingeyingar sjeu búnir að gjöra meiri vegabætur á sýsluvegum sínum en Mýramenn hafa þegar gjört á sínum vegum.

Og þó ekki sje hægt að jafna Mýramönnum við Norðlendinga, sem hafa smíðað fjölda brúa, hve haldgóðar sem þær nú eru sumar hverjar, það skal jeg ekkert um segja, þá hafa þeir líka fengið styrk til sinna brúa; t. d. fengu Skagfirðingar 2500 kr. til dragferju á Hjeraðsvötnin, og nú nýlega 500 kr. styrk til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin, þó sagt sje, að annar stöpullinn undir brú þessari sje ekki sem allra traustastur; hitt veit jeg mikið vel, að Norðuramtið fjekk 20,000 kr. til að brúa Skjálfandafljót, en mjer dettur ekki í hug, að telja það eptir; jeg man að það þóttu frjettir í Borgarfirði, þegar jeg var að alast upp, og þótti mjer vænt um, og mikið koma til framkvæmdarsemi og skörungsskapar Norðlendinga. Helmingurinn af því fje var síðan gefið upp, og sje jeg hreint ekkert eptir því.

Loks mælti h. 2. þm. Eyf. (J. Jónss.) nokkur óhugðarorð til búnaðarskólans á Hvanneyri, þó ekki væru þau mikil. En jeg vildi að h. þm. vildi gera svo vel og koma að Hvanneyri, og líti á, hversu þar fer. Mjer er sönn ánægja, að því, að segja það í þessum sal, að sá skóli er á reglulegum framfaravegi, forstjórinn röskur og útsjónarsamur, svo að jeg veit fyrir víst, að því fje, sem veitt er til skólans, er ekki illa varið. Jeg ætla mjer ekki að leggja út í skólajöfnuð eða hjeraðajöfnuð, til þess er jeg ekki nógu kunnugur hinum skólunum eða öðrum hjeruðum.

Einar Jónsson: Jeg flyt eina breyt.-

till. við 13. gr. frumv., en það hefir tekizt svo óheppilega til í prentuninni, að hún er ekki sem formlegust; það hefir fallið úr C á eptir 13. og stendur svo liðurinn, á að vera við liðina fyrra árið.

Það stendur svo á breytingartill., að presturinn á Dvergasteini hefir óskað 1500 kr. uppgjöf á landssjóðsláni, er fengið var til kirkjubyggingar á Seyðisfirði árið 1885. Lánið var að upphæð 4000 kr., og átti að endurborgast á 28 árum, svo að afborgunin verður 240 kr. á ári; 10 afborganir hafa farið fram, 18 eru eptir. Nú stendur svo á, að brúttótekjur kirkjunnar eru 350 kr., nettótekjurnar ekki meira en um 300 kr., og þegar afborgunin, 240 kr., er dregin frá, verða árlegar tekjur um 60 kr. — Nú vildi svo óheppilega til í vetur, eins og kunnugt er, að kirkjan fauk af grunni, þessi dýra kirkja, og skemmdist svo mikið, að hún er óhæf til guðsþjónustu nú; smiðir, sem fengnir hafa verið til að skoða ástand hennar, ráðgerðu, að það mundi kosta 3000 kr. að endurbæta hana. Nú á kirkjan í sjóði að eins um 400 kr., og stendur í 3000 kr. skuld við landssjóð; hún getur því að líkindum ekki fengið meira lán til endurbyggingar en sem svarar þeim 1000 kr., sem borgaðar eru af landssjóðsskuldinni. En þær 1000 kr., að viðbættum sjóðnum 400 kr., yrðu allt of lítið fje, til að byggja kirkjuna upp, og þess vegna hefir presturinn farið fram á, að getnar yrðu upp 1500 kr. af landssjóðsláninu, svo að kirkjan gæti fengið lán sem því svarar. — Jeg sje að h. fjárlaganefnd hefir ekki sjeð sjer fært, að taka þessa till. til greina, en jeg hefi samt leyft mjer að koma fram með breyt.till., en farið þó ekki fram á meira en rúman helming af því, sem presturinn biður um, 800 kr. — Eins og kunnugt er, stendur svo á, að ef nýja kirkju þarf að byggja, og sjóður hennar hrökkur eigi fyrir kostnaðinum, þá er presturinn, ef hann er umráðamaður hennar, skyldur til að leggja til það sem á vantar af eigin fje. Allir h. þingdeildarm. munu kannast við, að það eru ranglát lög, sem prestar búa við í þessu tilliti. Sjerstaklega þegar svo vill til eins og hjer, að kirkja fýkur eða brennur, eða skemmist af öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum, og treysti jeg því að alþingi sjái sanngirni í því, að hlaupa undir bagga, er svona stendur á. Menn geta sagt, að það sje eðlilegast, að söfnuðirnir hlypu undir bagga, en hjer stendur svo á, því miður, að samkomulag er ekki sem bezt með presti og söfnuði, og því óhægra við að fást, og jeg get hugsað mjer þá menn í söfnuðinum, sem vildu, að gjöldin lentu á prestinum við þetta tækifæri. Enda sýna og undirtektir safnaðarins undir samskotin, að ekki er við miklu fje að búast frá honum.

Þessi kirkja var rammlega byggð í upphafi af mönnum frá Noregi, svo að það var eðlilegt, að presturinn áliti, að henni væri óhætt, þar sem slíkir menn höfðu gert hana, og þess vegna hafi hann eigi verið svo gætinn, sem hann átti að vera í því efni, að verja hana foki, og verður eigi hægt að sakast um það.

En hvað sem því nú líður, þá þarf kirkjan að byggjast; hún hefir ekki fje, getur ekki fengið lán úr kirkjusjóði, þar eru allir peningar fastir, engin samskot að ráði fáanleg frá söfnuðinum, og hann hefir enga skyldu til að borga það sem á vantar, svo þá leiðir beint þar af, að presturinn sjálfur verður að leggja fjeð til úr sínum eigin vasa.

Jeg get hugsað mjer, að sú mótbára verði færð gegn þessu, að með því sje

byrjað á nýjum vegi, og það dragi aðra dilka eptir sjer af sömu tegund, en því betur eru slík atvik fágæt hjer á landi, að dýr kirkja eyðileggist eins og hjer, og að svo standi á að öðru leyti eins og hjer.

Jeg hefi engan h. þingd.mann heyrt minnast á þessa breyt.till., hvort sem það er af því, að þeir hafi ekki viljað eyða orðum að henni, ekki álitið hana þess verða, eða af hinu, af þeir hafi álitið hana svo sanngjarna og sjálfsagða, að þeir ætli að samþykkja hana orðalaust, og það vil jeg heldur ætla að sje.

Jeg vildi svo víkja að einstökum atriðum á atkvæðaskránni með nokkrum orðum. H. 2. þm. Eyf. (Jón í Múla) minntist á kvennaskólastofnun Austfirðinga, en þar þarf jeg ekki margt um að tala, h. fjárlaganefnd hefir tekið málinu vel, og treysti jeg, að það hljóti sigur, sem hún hefir lagt til. En jeg kunni ekki við orð h. 2. þm. Eyf. (J. J.). Hann vildi ekki veita styrk til hans af því, að hann væri ekki kominn á fót; en meiningin er, að veita ekki styrkinn nema hann komist á fót, og meira að segja hefir fjárlaganefndin heitið honum að eins með því skilyrði, að hann verði kominn á fót fyrir árslok 1896. Því miður er jeg hræddur um, að hann komist ekki upp fyrir þann tíma, og geti svo ekki öðlazt styrkinn. En málið er þó í undirbúningi og talsvert fje hefir þegar verið lagt til skólans í Múlasýslunum, en af því að hjer er eigi farið fram á styrkinn fyr en skólinn er kominn á fót, þá er rangt að bera hann saman við spítalann á Sauðárkrók tilvonanda; hjer er ekki verið að tala um fje til að stofna skóla, heldur styrkja hann, eptir að hann er kominn á, en fjeð til spítalans er veitt til þess, að koma honum upp; að því leyti er samanburðurinn rangur hjá h. þm. Eyf. (J. J.).

En um leið vil jeg minnast þess að jeg gef atkv. mitt með spítalastyrknum með góðu geði, af því að jeg hefði helzt óskað, að spítali væri í hverju eða öðruhverju læknishjeraði, þar sem læknar gætu haft sjúklinga, er þeir þyrftu að hafa stöðugt eptirlit með, og jeg vonast eptir og býst við því, að þeir komist á, áður en langt um líður. Jeg gæti vel sjeð að lagður væri styrkur til þeirra af landssjóði, en hjeruðin ættu að reisa þá, að minnsta kosti að einhverju leyti, og annast þá svo úr því. Því að það er mjög óþægilegt fyrir lækna, að geta ekki haft sjúklinga undir umsjón sinni.

Það eru nú fleiri skólar, sem hjer er um að ræða, og þar á meðal að stofna nýjan skóla, húss- og bústjórnarskóla hjer í Reykjavík. Jeg viðurkenni, að þetta er gott, en heldur vildi jeg að það sem þessi skóli á að kenna yrði kennt á hverjum þeim kvennaskóla, sem nú er, að kvennaskólarnir væru sniðnir þannig, að þetta væri eitt aðalatriði af kennslunni, og því gef jeg atkv. á móti þessum skóla.

Jeg held, að eptir ástæðum þjóðar vorrar væri það rjettast, að kvennaskólarnir væru sem praktiskastir, í þá átt, að þeir kenndu stúlkum að verða góðar húsmæður og stjórna vel og hyggilega búi; það ætti að verða höfuðatriðið í kennslunni á kvennaskólunum, eptir því sem til hagar hjá oss. Út af orðum h. varaforseta (Tr. G.) vil jeg geta þess, að jeg álít kvennfólkinu annað þarfara, en að læra að búa til útlendan mat, svo útlendingum líki; það er sjaldnast, að bændakonur þurfi á þeirri íþrótt að halda; það lægi þeim miklu nær að læra að búa haganlega og vel til algengan mat handa Íslend-

ingum, og svo það sem þarf til að geta veitt sómasamlegan beina hverjum sem er, og að hagnýta sem bezt efni sín, og yfir höfuð að sjá vel um heimili sitt og hyggilega í hverju sem er. Þessi kvennaskóli á Austurlandi á að ganga í þessa praktisku átt, og getur vel verið, að hann komist ekki upp, ef hann verður ekki hafður í því formi. Því hefir verið haldið fast fram af sumum, að hann yrði settur í samband við búnaðarskólann á Eiðum, af því að þar verði þessu fyrirkomulagi bezt komið við, og það gæti haft góð áhrif á hvern skólann fyrir sig, að standa í sambandi hvor við annan.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) vildi helzt að keypt væri hús handa sjómannaskólanum eða byggt. Jeg er nú að vísu ekki á móti því; en hann sagði, að ekkert húsnæði væri til (*Valt. G.*: Gott, sagði jeg) til að kenna í; jeg ímynda mjer að það húsnæði sje þó til, sem kennt hefir verið í, og að kenna megi í því enn nokkra stund.

Mjer hefir fallið illa ein breyt.till. nefndarinnar, sú sem fer fram á að fella styrkinn til leikfimiskennarans til þess að fara utan og kynna sjer betur list sína. Jeg fyrir mitt leyti greiði atkvæði móti þeirri breyt.till. Jeg álít að vísu leikfimiskennsluna ekki svo ófullkomna, að hún komi ekki að neinu haldi, jeg ímynda mjer að hún sje ekki verri nú en þegar jeg var í skóla, og þá var hún til mikils gagns; hún herðir og æfir líkamann, þó ekki sje hún eins góð og í útlöndum, og jeg álít hvern pilt gera mjög rangt, sem hliðrar sjer hjá leikfimiskennslu, þó að hún sje ekki fullkomnari en hjer, því að hún er holl; svo reyndist mjer það og svo mun fleirum hafa reynzt.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) mælti mjög í móti ölmusum og vildi helzt nema þær alveg burt, af því að hann áleit, að fyrir þær drægjust of margir að skólanum og frá hinum praktisku störfum í lífinu. Jeg er ekki á sama máli og hann um það, jeg óska helzt að þær verði ekki færðar niður úr því sem nú er, því að þó að misfellur sjeu á veitingu þeirra, þá er vonandi að það lagist og ekki er eins hætt við misbrúkun nú, þegar nemendur eru fleiri og fjeð minna. Afleiðingarnar af að minnka ölmusurnar að mun, og sjálfsagt ef þær verða afteknar, verða þær að ekki sækja aðrir skólann en ríkra manna synir, og þeir sem eiga heima í Reykjavík, eða þeir piltar, sem vel standandi menn taka að sjer. En hingaðtil hefir margur bláfátækur góður drengur komizt áfram fyrir ölmusurnar, og orðið að góðu liði, og það vil jeg ekki hindra. Jeg vil alls ekki ámæla Reykvíkingum nje ríkra manna sonum, en hitt vitum við, að í öðrum fjórðungum landsins eru líka til duglegir menn. Og jeg tel víst, að margir þeir menn, sem dragast að bókmenntum, af því að þeir eru sjerstaklega hneigðir fyrir þær, mundu eigi hafa haft eins mikla hæfilegleika til að snúa sjer að hinni praktisku hlið lífsins, og því ímynda jeg mjer, að margir,.sem fyrir ölmusurnar hafa komizt í gegnum skólann og orðið nýtir menn, hefðu ekki orðið eins nýtir menn annars.

Aptur var h. þm. Vestm. (Valt. G.) mjög meðmæltur styrknum til málaraefnis, og talaði þar um blundandi hæfileika, sem þyrfti að glæða. En mjer sýnist það mótsögn, að vilja styrkja slíka hæfileika en ekki ágæta hæfileika til bóknáms, því að sannarlega eru þó ekki líkur til, að hinir fyr nefndu verði að meira liði fyrir þjóð vora, en bókmenntamennirnir. Mjer finnst þetta því ósamkvæmni hjá h. þm., sem jeg get ekki rjettlætt fyrir sjálfum mjer.

Það hefir mikið verið talað um vega-

gerð, bæði í gær og í dag, og breyt. h. þm. Vestm. (Valt. G.) um að kosta mann til Noregs til að skoða mjóbrautir, og gera álit um, hvort þær mundu geta staðizt hjer á landi. Um þetta vil jeg segja það, að hvað sem akbrautum líður, þá óska jeg að ekki verði lagt mikið í þær fyrst um sinn. Jeg gef raunar atkv. mitt með þessum 45,000 kr. til brautarinnar austur að Þjórsárbrú og austur á Þingvöll, því að þá álít jeg komna nægilega vegaspotta til þess að fá reynslu fyrir því, hvernig akbrautir borgi sig, en svo vil jeg hætta um tíma við að leggja þær, en taka þá til við hina almennari vegu landsins og gera þá vel færa yfirferðar sem allra fyrst, og snúa sjer öfluglega að því að brúa árnar og hinar verstu torfærur. Þetta tvennt vildi jeg að rjeði mestu í vegagerð vorri fyrst um sinn. Því vil jeg að breyt.till. h. þm. Vestm. (Valt. G.) bíði að minnsta kosti til næsta þings, því að kæmi það upp, að sá maður, er fenginn yrði til að skoða járnbrautirnar, áliti, að gjörlegt væri að reyna að koma þeim hjer á, þá er jeg hræddur um, að byrjað væri á þeim áður en gert væri við þjóðvegu landsins og lendir þá allt vegafjeð enn af nýju í þessum hinum næstu sýslunum, er bezt liggja við; þá væri lagt í nýjan kostnað áður en akbrautirnar væru reyndar til fulls og áður en búið væri að gera við þjóðvegu landsins, en það álít jeg alls eigi hyggilega eða haganlega ráðið. Jeg gef því atkvæði móti þessari breyt.till., ekki af því að jeg sje á móti skoðuninni, heldur af því að jeg álít það megi bíða, meðfram fyrir það, að það er mikið við fje að gera nú á þessu þingi í öðru tilliti.

Breyt.till. á þingskj. 477, um að veita 2000 kr. til norrænukennslu, er svo stutt og óákveðin að jeg get ekki áttað mig á henni. Á einn maður að hafa kennsluna á hendi og taka hvern til kennslu sem vill? Eða á að setja hana í samband við skólana? Það sjest ekki. Af því að hún er svo óákveðin, get jeg ekki verið með henni, eins og hún liggur hjer fyrir. Það er fjarri því að jeg sje á móti því að kennsla í ísl. bókmenntum og sögu komist á, en hjer er ekki farið fram á bókmenntakennslu, heldur kennslu í málinu sjálfu, og er það þá heldur eigi nógu nákvæmt, sje hitt tilætlunin.

Eitt er það í athugasemdum fjárlaganefnd. sem jeg get heldur ekki verið með, og það er 60,000 kr. lán til Vesturamtsins. Jeg veit ekki til að nein ósk sje komin fram um það. Og yfir höfuð er mjer þetta allt of óákveðið. Svo mun og hæpið að fá það fje, þegar litið er á aðrar útborganir, sem gjört er nú ráð fyrir úr viðlagasjóðnum og þá er til lítils að setja það hjer inn.

Lánið til tóvinnuvjela og þilskipakaupa lízt mjer betur á; að eins hefði jeg óskað, að það væri veitt með betri kjörum, og komi breyt.till. í þá átt, mun jeg verða með henni. Auðvitað veitist lánið ekki nema nægilegt fje sje laust í viðlagasjóði, eða verði losað.

Meira ætla jeg ekki að segja að svo stöddu.

Jens Pálsson: Þó jeg vilji fylgja breyt.till. fjármálanefndarinnar í lengstu lög, þá verð jeg þó að vera á móti tillögu hennar undir tölul. 66 á atkv.-skránni, að styrkurinn til leikfimiskennarans falli burtu. Jeg álít — eins og tekið hefir verið fram, — að leikfimiskennslan sje mjög mikilsvarðandi kennslugrein í latínuskólanum. Það ætti að vera öllum skiljanlegt, að þegar ungir piltar verða að sitja samfleytt 6 stundir um formiðdaginn og 5 stundir hvern eptirmiðdag við bóklestur, að þá sje gott og hollt fyrir þá að hreifa sig á ákveðinn og hentugan hátt, svo

að þeir hafi gott af. Jeg man eptir því, þegar jeg var í skóla, að mjer þótti það hressandi og styrkjandi að taka þátt í leikfiminni. Þegar tilrætt varð um það fyrir nokkru, hvort innleiða ætti Slöjd í skólanum, þá var það viðkvæðið, að nær væri að bæta og fullkomna leikfimiskennsluna. Stjórnin hefir nú orðið við þessum tilmælum og farið rjettilega að með þessari tillögu. Jeg er sannfærður um að þetta er mjög gott og gagnlegt, og kann ekki við að þingið þvertaki fyrir þennan styrk, en verð að greiða atkvæði með honum.

Viðvíkjandi námsstyrk til hinna ýmsu kennslustofnana skal jeg taka fram, að jeg er samdóma h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), að rjett sje að veita styrk til þeirra skóla, er sjerstaklega eru ætlaðir til undirbúnings embættismannaefnum í þjónustu ríkisins, svo og til þeirra skóla, sem undirbúa menn undir sjerstök áríðandi störf í þjónustu atvinnuveganna. Eptir þeirri reglu álít jeg allt svo rjett, að styrkja pilta á prestaskólanum, læknaskólanum, latínuskólanum og sjómannaskólanum, sem kenna sjerstök störf, sem útheimta sjerstaka þekkingu og lögákveðin undirbúningsskilyrði. Sömuleiðis álít jeg rjett, þegar kennarakennsla kemst á fót, að styrkja hana af opinberu fje. Vjer þurfum á kennurum að halda til þess að annast barna og unglinga uppfræðslu, eins og tekið var ýtarlega fram, þegar frumv. um kennarakennslu var til umræðu í deildinni.

Jeg álít að fylgja eigi þessari reglu um styrkveitinguna meðan aðsóknin að skólum er ekki meiri en þörf er á, en verði aðsóknin of mikil, þá er rjett að draga úr styrknum. Nú hefir um langan tíma verið of mikil aðsókn að latínuskólanum, svo að afleiðingin hefir orðið sú, að margir hafa orðið að bíða lengi eptir stöðu, sumir farið burt til Ameríku, og úr öðrum máske orðið lítið. Af því aðsóknin til latínuskólans hefir þannig verið of sterk, og menn dregizt frá öðrum nytsömum lífsstörfum, stundum til einskis gagns, þá aðhyllist jeg tillögu h. þm. Vestm. (V. G.) um að minnka styrkinn smátt og smátt.

En þegar um þá skóla er að ræða, sem eiga að undirbúa menn undir það, að verða duglegir og nýtir borgarar, og gefa almenna menntun, svo sem realskólar, alþýðuskólar, búnaðarskólar og kvennaskólar, er rangt að veita námsstyrk, af því það dregur úr þeim áhuga manna, að vilja hjálpa sjer sjálfir. Það má ekki hlaða undir menn, heldur á að hvetja þá, að læra að bjargast á eigin spýtur; námið er heldur ekki dýrara en svo, að það er engin ofætlun.

Hentugasti tíminn til að ganga t. d. á Möðruvallaskólann og búnaðarskólana er aldurinn frá 17—21 árs, og á þeim aldri eru menn venjulega orðnir svo þroskaðir, að þeir eiga að geta unnið fyrir sjer sjálfir, enda vera búnir að innvinna sjer svo mikið, að þeir geti kostað kennsluna sjálfir, og slíkir verða einmitt duglegustu mennirnir. Annars verður styrkurinn eða getur orðið til þess, að ala leti og ómennsku í fullvinnandi piltum, sem þá gætu sagt: »Jeg vil mennta mig af því það kostar mig ekki neitt«.

Kvennaskólarnir finnst mjer ekki vera í sem beztu lagi; það þarf að koma þeim betur fyrir í landinu, og breyta fyrirkomulaginu á þeim sjálfum. Nú sem stendur eru 2 kvennaskólar á Norðurlandi og einn í Reykjavík en enginn í hinum fjórðungum landsins. Jeg held, að sú uppástunga sje mest praktisk að 1 kvennaskóli sje í hverjum landsfórðungi, og að þeir verði settir í samband við búnaðarskólana, og að þeir hefðu það augnamið, að

mennta húsmæður og búkonur í landinu; þá mætti koma því við, að kenna ekki að eins hannyrðir og bókleg fræði heldur einnig praktiska heimilisstjórn og bústjórn og matreiðslu, sem á við á sveitaheimilum alstaðar utan kaupstaða; — kenna mjólkurmeðferð og í stuttu máli kenna stúlkunum »að koma ull í fat og mjólk í mat« —. Þær gætu þá lært bóklegar fræðigreinir með piltunum á búnaðarskólunum. Jeg álít það ekki varhugavert að karlar og konur læri saman, þvert á móti álít jeg það heppilegt. Finni hannyrðir og finni matreiðslu ætti svo að eins að kenna á einum kvennaskóla í landinu; og þá væri kvennaskólinn í Reykjavík bezt til þess fallinn. Þetta yrði miklu heppilegra og praktiskara fyrirkomulag en það, sem nú er. Kvennaskólinn í Reykjavík yrði þá nokkurskonar landsskóli fyrir allar finni kvennmenntir, handa embættismanna dætrum og dætrum efnamanna, sem vildu afla sjer fullkomnari menntunar en fengist í hinum kvennaskólunum.

Af því að mín grundvallarskoðun á kvennaskólunum er þessi, sem jeg hefi nú skýrt frá, get jeg ekki fallizt á, að stofnaður sje hjer í Reykjavík sjerstakur kvennaskóli með að eins einni kennslugrein, matreiðslu. Jeg álít að hjer eigi að eins að vera 1 kvennaskóli, og að matreiðsla eigi að vera kennd þar eins og á öllum kvennaskólum yfir höfuð. Mitt álit er, að það sje aðalatriðið, að kennd sje matreiðsla eptir því sem við á á hverjum stað fyrir sig, en í Reykjavík getur ekki verið að ræða um meðferð mjólkur, skyrgerð, smjörgerð eða tilbúning á sveitamat. Jeg ber að vísu gott traust til konu þeirrar, er matreiðsluskólann vill stofna, og veit að hún er ágætiskona og vel að sjer í þessari grein.

H. framsögum. (Þórh. B.) minntist á það, að sú spurning hefði verið lögð fyrir hann, »hver ætti svo að borða allan þennan góða mat, sem tilbúinn væri á þessum skóla«; hann svaraði því á þá leið, að það mundu kostgangarar gera. Svo tók hann og fram að námsstúlkurnar á skólanum ættu ekki að vera vinnukonur. En jeg vil þá spyrja: Eiga þær þá ekkert að gera annað en horfa á? Jeg ímynda mjer að þær læri of lítið á því. Nei, þær eiga að vera vinnukonur, því að eins geta þær lært svo til gagns komi. Sá sem ekki lærir að vinna, kann ekki að láta vinna eða stjórna vinnu. Jeg vona að h. þm. hafi skilið mig, og skal því ekki lengja ræðu mína um þetta efni meira.

Af því að jeg hefi þessa skoðun á kvennaskólum, þá er jeg eindregið með því, að kvennaskóli sje settur á stofn á Austfjörðum og að hann sje styrktur, bæði vegna þess, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók fram, og svo þess, að mjer hefir verið sagt, að sumar gjafir til skólans hafi verið gefnar með því beinu skilyrði, að skólinn væri settur í samband við Eiðaskólann og mest áherzla lögð á hið praktiska.

Þá er styrkurinn til stór-stúku Good-Templara; jeg er nefndinni þakklátur fyrir, að hafa hækkað þann styrk, ekki svo mjög vegna krónanna, heldur fyrir þá mikilsverðu viðurkenningu fyrir þeirri nytsemi og gagni, sem fjelag þetta gerir.

Hvað snertir hina svo kölluðu bitlinga, þá get jeg sagt um þá alla: ef jeg ætti svo mikið fje sjálfur og mætti missa það, vildi jeg hjartanlega veita þá alla. En hjer er um landsfje að ræða, sem þarf að brúka til ýmsra óhjákvæmilegra og nytsamra fyrirtækja, og því verður að takmarka sem mest slíkar aukastyrkveitingar.

Jeg skal þá fyrst minnast á breyt.

till. 1. þm. Rangv. (S. Á.) um 2000 kr. til norrænu kennslu í Reykjavík hvort árið. Jeg heyrði hann ekki skýra það vel, hvað lægi í þessari kennslu, en mjer virtist liggja næst, að það væri sama sem kennsla í íslenzku. Norræna er sama sem forníslenzka, og vjer erum svo lánsamir að tala enn sama málið og talað var í fornöld á Norðurlöndum. H. þm. (S. Á.) sagði, að hjer væri eigi um bitling að ræða, en bitlingur er það samt. Jeg get ekki skilið annað, en að þetta sje stofnað út í loptið. Aptur á móti gæti jeg skilið það, ef veita ætti þennan styrk við útlendan háskóla, í því skyni að vekja eptirtekt útlendinga á tungu vorri, þjóð og bókmenntum. Sömuleiðis gæti jeg skilið tilgang tillögunnar, ef hún hefði farið fram á, að veita fje til kennslu sögu landsins og bókmenntum þess, því það álít jeg hefði verið gott. En íslenzku kennslu hötum við í öllum skólum hjer.

Þá er breyt.till. um að veita 5000 kr. til þess að fá verkfræðing frá Noregi til þess að rannsaka, hvort hægt sje að leggja mjóbrautir hjer. Þm. N.-Múl. (E. J.) hjelt það mál ofsnemma upp borið, en það held jeg ekki. Það mundi taka langan tíma að undirbúa það mál. Hann sagði það þyrfti fyrst að gera akbrautirnar, og þegar það væri búið, þá væri fyrst tími til að fara að hugsa um járnbrautirnar. Jeg álít þetta ekki rjett hugsað. Hann spurði um, hvort undirlagið undir brautina væri ódýrt, brýrnar á Þjórsá og Ölfusá væri ekki ætlaðar til þess. Jeg get nú ekki annað hugsað, en að þessar brýr sjeu nógu sterkar til þess að bera slíka braut, annars væru þær sannarlega of veikar. Það er mögulegt að útbúa brýrnar svo, að til hvorstveggja megi nota þær, bæði manna og skepna yfirferða, og til rautarvagna ferða. Hann taldi torvelt að koma járnbrautum við hjer sökum snjóa og rigninga, en þó það snjói og rigni hjer, þá er það ekki neitt sjerstaklegt fyrir Ísland, það kemur víðar fyrir. Veðrátta í Noregi og Skotlandi er ekki ólík því, sem hún er hjer. Hitt er aptur á móti miklu fremur spurningin, hvort flutningsþörfin sje svo mikil, að fyrirtækið geti staðizt.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson:) Fundurinn hefir nú staðið í 9 stundir og liggur því eðlilega mjög margt fyrir, en það er fjarri mjer að svara því öllu. Jeg mun að eins minnast á það, sem jeg sjerstaklega þarf að skýra eða mótmæla fyrir nefndarinnar hönd.

Jeg skal þá fyrst og fremst snúa mjer að ræðu hæstv. landsh., sem þó eins og áður hafði fremur fátt að athuga við aðgjörðir nefndarinnar.

Jeg skal þá lýsa því yfir að breyttill. nefndarinnar undir 62. tölul. á atkvæðaskránni, um niðurfærslu á fjárveitingunni til tímakennslu við lærðaskólann, sem hæstv. landshöfðingi og fleiri hafa mælt á móti, er tekin aptur; nefndin vill eigi gjöra það lítilræði að þrætuefni.

Sömuleiðis tekur nefndin aptur br.till. undir 82. tölul. um að styrkurinn til daufdumbrakennarans falli burt. Hæstv. landshöfðingi hefir gefið þær upplýsingar, að amtsráðin þyrftu að koma fyrir hjá honum allt að 12 heyrnar- og málleysingjum og kennarinn þyrfti og hefði í hyggju að fá sjer annan aðstoðarkennara. Í því trausti að þetta verði framkvæmt vill nefndin ekki nema styrkinn burt.

Aptur gat nefndin ekki fallizt á að taka aptur breyt.till. undir tölulið 66., um að fella burt ferðastyrkinn til fimleikakennarans. Það hafa að vísu margir mælt á móti þessari breyt.till., og

nefndin verður að taka því, sem verða vill við atkvæðagreiðsluna.

Jeg er sjerstaklega þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hve vel hann tók í styrkinn til Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna; hafa og aðrir talað vel fyrir þeirri tillögu, og hefi jeg engu þar við að bæta.

Aptur verð jeg að gjöra athugasemdir við þennan örðugleika eða ómögulegleika, sem hæstv. landsh. taldi á því, að fullnægja heimildunum til lána úr landssjóði á næsta fjárhagstímabili.

Mjer telst þó svo til, að með 100,000 kr. í hlaupareikningi í landsbankanum og rúmum 200,000 kr. í konunglegum skuldabrjefum og peningaforða landsins í árslok 1893 töluvert yfir 200,000 kr. og nokkrum tekjuafgangi fyrir árin 1894 og 1895, þá verði, þrátt fyrir hinn áætlaða tekjuhalla, til handbært fje á fjárhagstímabilinu að upphæð framt að 600,000 kr. Jeg veit að vísu að hæstv. landsh. hefir gengið út frá því, að 350 þús. kr. yrðu að vera til taks í byrjun fjárhagstímabilsins til hinna fyrirhuguðu eimskipakaupa, en þó svo færi og þó eitthvað verði jafnframt að vera handbært til útgerðarinnar, þá ætla jeg að 1—200,000 kr. verði samt eptir til lána, enda getur það aldrei komið fyrir, að það þurfi að láta allt þetta, sem leyft er að lána, út í einu. Nefndin verður því að álíta að athugasemdir hennar eða lánleyfi hennar aptan við frumv. geti staðið.

Þá skal jeg snúa mjer að hinum öðrum mælendum, en reyna að fara sem allra fljótast yfir sögu.

H. formaður fjárlaganefndarinnar hefir svarað h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og jeg get bætt því við fyrir nefndarinnar hönd, að hún til 3. umr. vill gjarnan vera á bandi með h. þingmönnum Eyf., ef unnt væri að koma að ákvæðum, er gætu leitt til þess, að kvennaskólarnir fyrir norðan sameinuðust.

Þá er næst h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.); það er gott samkomulag milli hans og nefndarinnar um það að veita námspiltum á sjómannaskólanum einhvern dálítinn styrk, og eins vill nefndin taka til íhugunar að gjöra lánin til þilskipakaupa enn aðgengilegri og mun í samráði við h. þm. koma með breyt.till. um það við 3. umr.

Matreiðsluskólinn hefir fengið nokkur andmæli og nú síðast frá h. þm. Dalam. (Jens P.) Hann og aðrir kannast eigi við það að námsmeyjar á slíkum skóla hafi nóg að gjöra þennan stutta tíma, nóg að læra bæði verklegt og bóklegt. Skyldu margar húsmæður hjer á landi hafa nokkra verulega hugmynd um hlutfallið milli næringargildis og peningaverðs ýmiskonar matvæla, og skiptir þó slíkt eigi svo litlu. Margt fleira mætti nefna, sem verðandi húsmæður vorar brestur stórum í verklegri þekkingu. Það yrði svo langt mál að fara út í það hjer, hvort betra væri, að sameina slíka matreiðslu- og hússtjórnarskóla við kvennaskólana, eða hafa þá sjerstaka, að jeg verð að ganga fram hjá því, en jeg get tekið það fram, að þau hjón, sem lengst og bezt hafa staðið fyrir kvennaskólanum hjer í Reykjavík, álíta, að heppilegra sje að hafa slíka skóla út af fyrir sig.

H. þm. Eyf. (J.J.) talaði langt mál, sem að sumu leyti hefir verið svarað af öðrum og að sumu leyti snerti það, sem fram fór hjer í deildinni í gær og má því sleppa. H. þm. misvirti það einkum við fjárlaganefndina, að hún vill fella burt listastyrkinn til Skúla Skúlasonar. Jeg hjó eptir því í ræðu þessa h. þm., að hann sagði, að þessi maður hefði fyrst byrjað á hinu eiginlega námi sínu nú í vetur. Þetta finnst

mjer ekki meðmæli með honum. Ennfremur sagði h. þm., að ef þingið hætti að styrkja Skúla, þá yrði hann að hætta námi sínu. Það væri siðferðisleg skylda þingsins að styrkja hann áfram. Hvað lengi? Í það óendanlega? Og jeg vil spyrja: hefir h. þm. þá trú á því eða vissu fyrir því, að þessi maður verði nýtur listamaður, ef þingið heldur áfram að styrkja hann?

Þá vík jeg mjer að h. þm. Vestm. (V. G.), sem talaði lengst og einna rækilegast móti nefndinni. Hann talaði mikið á móti því, að þær 300 kr. yrðu strykaðar út úr frumv., sem veittar hefðu verið að undanförnu til umsjónar með latínuskólahúsinu og áhöldum þess, eins og nefndin hefir stungið upp á. Hæstv. landshöfðingi gat líka um þessa tillögu nefndarinnar, en hafði, að jeg heyrði, lítið sem ekkert við hana að athuga og finnst mjer þá þingdeildin geta sætt sig við það. H. þm. Vestm. (V. G.) gat þess um leið, að ekki væri rjett og sanngjarnt að fela rektor þetta ólaunaða starf, og gat þess um leið, að hinn fráfarandi rektor hefði haft ólaunað starf við skólann, þar sem hann hefði haft á hendi umsjón með bókasafni skólans. Það er alveg rjett: rektor Jón Þorkelsson var allt af boðinn hvern dag í vikunni, að sinna mönnum, sem leituðu til hans með bókalán, auk þess sem hann var úti á safninu eina stund vissan dag í hverri viku. En jeg vil ekki gjöra svo mjög mikið úr því, þó maður, sem hefir góð laun, hafi einhvern starfa á hendi, sem ekki er launaður. Það gjöra margir í almenningsþarfir, og það menn, sem lítil eða alls engin laun hafa. Hve miklum *tíma og fyrirhöfn verja* ekki bændur í fátækrastjórn og sveitarstjórn yfir höfuð, og fá ekki einn eyri fyrir?

Þá vjek h. þm. (V. G.) að aðgjörðum nefndarinnar í stýrimannaskólamálinu. Hann játaði þó, að húsið væri ekki gott og ekki hentugt til stýrimannaskóla. Dómur nefndarinnar er hinn sami, og þess vegna ræður hún einmitt frá að kaupa húsið, *og telur* óhentugt að byggja ofan á það. Í vetur sem leið voru 20—24 menn á skólanum. Var þeim fyrri hluta vetrar skipt í 2 deildir, og lánaði skólastjóri annari deildinni rúm í sínum eigin herbergjum. Nú hefi jeg heyrt að um 30 hafi sótt um skólann. Það getur verið að þeir komist ekki allir að, og er það auðvitað ekki gott, en úr því verður ekki bætt á næsta fjárhagstímabili, verði ekki byggt. Þilskipaútvegur vor er heldur ekki kominn á það stig enn og nær varla þeim vexti á næstu árum, að stýrimannaþörfinni verði ekki nokkurnveginn fullnægt með þeim nemendafjölda, sem nú kemst fyrir á skólanum árlega.

Um ölmusutillögu nefndarinnar til lærðaskólans þarf jeg ekki margt að tala, því mótmælum þeim, sem hún hefir mætt, hefir verið svarað af öðrum. H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um að hæfileikamenn gengi fremur lærða veginn af því, að þeir gjörðu sjer von um að verða styrks aðnjótandi, en mundi það ekki vera eins mikið af því, að hjer eru svo fáir aðrir vegir, sem menn geta gengið í von um sæmilegt upp eldi?

Um landsbókasafnið væri gaman að geta sagt hið sama og h. þm. Vestm., en hann verður að gæta þess, að fjárlaganefndin stendur með 100,000 kr. hækkun á útgjöldum fram yfir stjórnarfrumv. og 75,000 kr. tekjuhalla. Þá verð jeg að neita, að Bókmenntafjelagið hafi heimild til að láta handritasafnið til útlanda, enda er jeg viss um, að h. þm. Vestm. (V. G.) stæði manna fastast á móti þeirri ráðstöfun safnsins. Það er líka vitanlegt, að Jón heitinn

Sigurðsson, sem flestum handritunum hefir safnað, sagði berlega, að þeim væri safnað handa landinu og að sjálfsagt væri að flytja þau til Íslands, þegar vissa væri fyrir því, að þau væru þar vel geymd. Annars hefi jeg heyrt að safnið hefði ekki sem bezt húsnæði í Kaupmannahöfn. Það er að vísu «gott allt gefins», en jeg vil þó benda á þetta, af því að jeg veit, að h. þm. Vestm. (V. G.) má sín mikils í stjórn Bókm.-fjel. í Kaupmannahöfn.

Þá sný jeg mjer að því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) taldi sitt mesta áhugamál, sem er tillaga hans um styrk til að fá hingað útlendan járnbrautafræðing til að rannsaka og gjöra áætlun um gerð mjóbrauta hjer á landi. Hann taldi það ekki samvizkusemi af þinginu að neita um styrk til að leita sjer upplýsinga þessum mjóbrautum viðvíkjandi. En hvaða upplýsingar getur norskur járnbrautafræðingur gefið í þessu efni, sem ekki má fá alveg eins í landinu sjálfu? Hann getur ekki gefið betri upplýsingar en vjer getum aflað oss sjálfir, t. d. um vegalengdir, vörumagn, flutningaþörf, fólksfjölda o. s. frv. Þegar svo þar við bætist, að vjer höfum í höndunum upplýsingar um lagningarkostnað slíkra mjóbrauta, þar sem þær eru allra ódýrastar, sem er 70,000—100,000 kr. fyrir míluna, þá getum vjer að sinni með góðri samvizku greitt atkvæði móti þessari fjárveitingu.

Jeg álít, að vjer höfum nóg að gera næstu 2 árin að yfirvega, hvort það yfir höfuð er nokkur leið fyrir oss að leggja út í slíkt stórræði, sem hjer ræðir um, og treysti jeg h. þm. Vestm. (V. G.) til að eiga þar góðan hlut í; þá þyrfti líka að yfirvega, hvað slík braut mundi gefa af sjer, hvort hún einu sinni mundi bera sinn árlega kostnað, þó ekki væri meira. Jeg vildi feginn hafa þá trú, að þetta fyrirtæki gæti borgað sig, ef ekki beinlínis þá óbeinlínis, en jeg get ekki haft hana. Það er rjett, að brautir liggja um mjög strjálbyggð hjeruð í Noregi, en þær eru þá greinar út frá stórum borgum og fjölbyggðum, auðugum sveitum, eða tengja slíkar byggðir saman.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) bið jeg afsaka, að jeg minntist ekki á tiliögu hans um norræna kennslu hjer í Reykjavík. Það var af því, að tillaga hans stóð ekki á atkvæðaskránni.

Jeg get þá lýst því yfir, að nefndin getur ekki fallizt á þessa tillögu, bæði af því, að hún álítur ekki sjerlega þörf á þessari kennslu og svo af því, að fjárhagurinn leyfir það ekki að sinni.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) mælti með styrknum til Helga Jónssonar, og vil jeg til andsvara að eins minna á það, að Stefán kennari Stefánsson, landinu að kostnaðarlausu, fæst við líkt og Helgi Jónsson vill fá styrkinn til. Þar sem h. þm. talaði um, að gróðurlífsrannsóknir í ám, vötnum og sjó gætu haft mikilsverða þýðingu fyrir fiskiveiðarnar, þá hefir fjárlaganefndin sýnt, að hún kannast við þetta, með því að taka upp styrkinn til Bjarna Sæmundssonar.

Um fjárveitingar til einstakra listamanna: skálds, málara, myndasmiða og söngfræðings, hefi jeg áður talað. Nefndin hefir að eins sýnt einum náðina og við það eðlilega gefið nokkurn höggstað á sjer, þar sem hún ekki sló stryki yfir alla, enda hefir sá höggstaður verið notaður.

Jeg skal leyfa mjer að bæta því við frá eigin brjósti, að jeg tel frágangssök fyrir okkar fátæka land, að gefa sig við að styrkja slíkar listir. Sjálfur greiði jeg atkvæði móti öllum þessum fjárveitingum; jeg gæti helzt verið með söngfræðingnum, þar sem starf hans á að vera að nokkru leyti vísindalegt.

Jeg álít, að það sje að nokkru leyti líkt með hinar fögru listir og með trúna og kirkjuna. Jeg álít, að hvorttveggja eigi að vera frálaust og óstyrkt af ríkinu, álít, að ríkið skapi hvorki trú nje listir.

Jeg skal svo ekki tala meira sem framsögumaður, en h. fjárlaganefnd var svo elskuleg að taka af mjer beizlið eitt augnablik og leyfa mjer að tala nokkur orð á móti hennar eigin tillögu.

Jeg vildi þá þakka hæstv. landshöfðingja fyrir það, hve vel hann talaði á móti breyt.tillögu nefndarinnar undir 58. tölul. á atkvæðaskránni, að fella burt þessa 250 kr. fjárveiting, sem stendur í stjórnarfrumv. til að kaupa fyrir »harmónium« handa prestaskólanum.

Hæstv. landshöfðingi tók það fram brosandi, að þessi fjárupphæð hefði verið tekin inn í frumv. eptir eindreginni ósk forstöðumanns prestaskólans, og skal jeg leyfa mjer að skýra frá ástæðunum fyrir þessari fjárbeiðni. Það er svo til ætlazt eptir hinni nýju reglugjörð prestaskólans, sem kemur í haust, að kenndur sje sálmasöngur á skólanum, þar sem undanfarið hefir að eins verið kennt að tóna, og þar sem skólinn hefir nú fengið tvö góð herbergi, þá er hægt að koma þessari kennslu við í sjálfu húsinu og það vill kennarinn auðvitað helzt, en slíkt gjörist ekki nema með hljóðfæri, enda hefir kennarinn undanfarið kennt tón heima hjá sjer. Jeg leyfi mjer þess vegna að leggja sem bezt með því, að breyt.till. nefndarinnar um, að nema þessa fjárveitingu burt, verði felld.

Guðjón Guðlaugsson: Það var að eins viðvíkjandi einu atriði í breyt.till. nefndarinnar, sem jeg ætla mjer að segja fáein orð, nefnilega um þetta 60 þús. kr. lán, sem nefndin hefir ætlað amtsráði vesturamtsins til gufubátsferða. Það hafa reyndar ekki komið fram svo mjög mótmæli gegn þessu láni, en þau hafa þó heyrzt, einkum frá h. þm. N.-Múl. (E. J.), og það eru einmitt orð hans, sem hafa knúð mig til að standa upp.

Hæstv. landshöfðingi kom líka með þá athugasemd, að þetta fje væri ekki til handbært í landssjóði, en h. framsögum. (Þ. Bj.) hefir nú þegar sýnt fram á, að þessi orð hæstv. landsh. sjeu eigi á rökum byggð, enda mun vera óhætt að fullyrða, að nægilegt fje muni verða til, einkum þegar þess er gætt, að þetta fje þarf eigi að greiðast allt saman strax í ársbyrjun; enn fremur eru mörg af landssjóðslánunum afborgunarlán, og svo væri ekkert á móti því að gjöra gömlu lánin að afborgunarlánum með t. d. 10 ára afborgun. Það liggur í augum uppi, að ekki muni verða svo mikil fjárþröng, að ekki verði hægt að uppfylla þetta, þótt gufuskip verði keypt.

H. þingm. N.-Múl. (E. J.) og hæstv. landshöfðingi sögðu enn fremur, að eigi hefði verið beðið um þetta lán. Já, jeg veit ekki, hvað þeir kalla að biðja, en að minnsta kosti hafa þingmenn Vestfirðingafjórðungs beðið um þetta lán og mjer finnst að taka megi bænir þeirra til greina. En því að eins hafa Vestfirðingar ekki beðið um þetta, að þeir hafa beðið um miklu meira, þeir hafa beðið um, að keyptir væru gufubátar á kostnað landssjóðs, en þegar það eigi fæst, þá taka þeir þetta þakklátlega. Þingið á ekki að leggja áherzlu á, hvort fjárveitingin verði notuð, þegar til kemur, heldur hitt, hvort fjárveitingin geti orðið að liði, og mjer blandast ekki hugur um, að þessi fjárveiting komi að miklu liði, ef hún verður notuð, en verði hún ekki notuð, þá eru útlátin engin fyrir landssjóðinn. Verði þessi fjárveiting felld, þá er þar með öllu ó-

nýtur sá 10 þús. kr. styrkur, sem samþykktur var hjer í gær til gufubátsferða á Vestfjörðum og þá væri næst mjer að greiða atkvæði á móti honum, ef hann kæmi sjerstakur undir atkvæði.

Jeg verð að álíta það alveg skakka stefnu, að einstakir menn hafi á hendi úthald þessara gufubáta. Það eru ekki aðrir til, sem færir eru um að taka að sjer slíkar ferðir, en kaupmenn, og þá helzt þeir, sem sterkastir eru, og þá jafnframt sterkastir í því að efla einokun, og geta þá notað þessi samgöngufæri sem örugg hjálparmeðul til þess að bægja samkeppninni frá, og með því að fá þeim slíka gufubáta til umráða, þá fá þeir í hendur vopn, sem getur orðið mjög svo hættulegt móti frjálsri verzlun, en það mun þó sízt af öllu vera ætlunarverk þingsins, að hepta samkeppni og þar af leiðandi hepta frjálsa verzlun. Við Vestfirðingar höfum reynslu fyrir oss í þessu efni. Ísfirðingar höfðu einu sinni gufubát, sem gekk um Ísafjarðardjúp, og sem var eign hins sterkasta kaupmanns vestanlands, en það sem samningarnir strönduðu á um þann bát, var það, að kaupmaðurinn fjekkst ekki til að láta hann ganga lengur en fram að haustkauptíð. Og hver var orsökin? Ekki af því, að hann fengi ekki haustferðirnar nógu vel borgaðar, því honum var jafnvel boðið hærra tillag, en hann vildi ekki ganga að því; og orsökin var sú, að hann hafði útibú inn við djúpið og sá því, að bátsferðirnar mundu draga svo frá haustverzlun sinni, að tekjurnar af gufubátsferðunum mundu sem einskis virði í samanburði við það. Báturinn hætti því, þegar mest var þörfin fyrir hann, hinum opinbera styrk var því sama sem kastað í sjóinn, menn urðu að neyðast til að selja vöru sína þessum einvalda auðkýfing með lægra verði en þeir gátu fengið á Ísafirði og töpuðu því stórfje, sem útgerðarmaðurinn naut einn fyrir einveldi sitt. Sami kaupmaður hafði líka útibú á fleiri stöðum og lagði því undir sig alla verzlunina. Og þessi sami maður mun nú vera sá eini, sem er fær um að halda uppi gufubátsferðum, nema ef vera skyldi einn kaupmaður á Breiðafirði. Kaupmenn geta ekki tekið að sjer slík fyrirtæki nema þeir fái miklu að ráða, og þá fyrst getum við búizt við að fá nokkru að ráða, þegar við tökum að okkur ferðirnar sjálfir. Og þótt nú Vestfirðingar sýndu aldrei svo mikla rögg af sjer, að þeir notuðu þetta lán, þá gæti það þó ef til vill orðið til þess, að þeir fengi aðgengilegri tilboð um gufubátsferðir frá kaupmanna hálfu, ef þeir vissu, að menn gætu byrjað upp á eigin spýtur, ef þeir vildu.

Annars finnst mjer nokkuð öðruvísi háttað á Vestfjörðum en á Austfjörðum; þar hafa menn kaupmann, sem þeir þekkja að dugnaði og ósjerplægni, og sem hefir gefið þeim vilyrði fyrir þessu; en Vestfirðingar hafa engum slíkum manni á að skipa. En þótt Austfirðingar sjeu betur staddir, þá skal jeg játa, að það er einn ókostur við þetta fyrirkomulag, og hann er sá, að þótt vjer veitum árlega 10 þús. kr. til Norðlendingafjórðungs og 10 þús. kr. til Vestfirðingafjórðungs, 6 þús. kr. til Austfirðingafjórðungs og 6 þús. krónur til Sunnlendingafjórðungs eða samtals 32 þús. kr. til gufubátsferða árlega, og látum það renna í vasa einhverra kaupmannanna, þá stöndum vjer uppi jafnófróðir eptir sem áður, og höfum jafnlitla reynslu að byggja á, og vitum ekkert um, hvernig slíkt báta-úthald borgar sig. Útgerðarmenn bátanna segja náttúrlega, að mönnum komi ekkert við, hvort þeir græði á ferðunum eða ekki, þeir fara að eins þær ferðir, sem þeir hafa skuldbindið sig til að

fara og taka sinn styrk og stinga honum í vasann. Þetta finnst mjer mjög mikill galli á þessu fyrirkomulagi, og mjer finnst landið í heild sinni mætti þakka fyrir, ef einhver landsfjórðungur vildi eiga undir með, að taka að sjer ferðirnar upp á eigin reikning, og gefa skýrslu um, hvernig þær gengi. Ef illa gengi, þá gætu hinir látið vera að byrja á sömu stefnu, en ef vel gengi, þá gætu þeir farið í sama farið, eða þá að minnsta kosti sagt við sína báta-útgjörðarmenn: Við viljum hafa ferðirnar fyrir minna verð en hingað til hefir verið eða við gjörum út okkar báta sjálfir.

Mjer þykir það harla ótrúlegt, að h. þingd. greiði atkvæði á móti þessu, og það því fremur, sem þetta er að eins lán, og getur aldrei orðið til neins skaða fyrir landssjóð. Það er heldur ekki sagt, að Vestfirðingar bruki 60 þúsund kr., það getur verið, að þeir geti fengið þennan bát fyrir minna. Þó ekki hafi enn þá verið beðið um þetta af öðrum en þingm. úr Vestfirðingafjórðungi, og samgöngunefndinni, sem hefir gjört þetta að ósk sinni, og sömuleiðis fjárlaganefndin, og enn fremur get jeg fullvissað h. þingm. um það, að þessu þingi verður ekki lokið fyr en óskir, sem fara í þessa stefnu, verða komnar úr Vestfirðingafjórðungi.

Jeg verð að álíta það óheppilegt, að h. þingd. felldi um daginn tillöguna um, að taka 2 gufubáta á leigu, já, jeg kalla það nærri því skömm, en ef hún nú kórónar það með því, að fella þessar 60 þús. kr., þá verð jeg að segja, að hún bíti höfuðið af skömminni.

Jón Jensson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið Mig langaði að eins til að tala fáein orð um stýrimannaskólann. Jeg er að miklu leyti samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að nefndin hafi ekki leyst hlutverk sitt vel af hendi, hvað þennan skóla snertir. Í stjórnarfrumv. var stungið upp á, að hús það sem hingað til hefir verið notað, væri keypt handa skólanum fyrir 8500 kr., og má rökstyðja það með því, að í fyrsta lagi er það eðlilegast, að það opinbera eigi slíka stofnun úr því hún er komin á, og í öðru lagi, að skólinn útheimtir breytingu á húsinu, sem hinn núverandi skólastjóri verður að bera, en sem rjettara er, að hið opinbera beri. Það er ekki svo hægt að semja við eigandann um húsaleigu, þegar um leið verður að gjöra töluverða breytingu á húsinu, sem hann sjálfur verður að kosta.

Í frumv. stjórnarinnar, sem gekk út frá þessum kaupum var kostnaðurinn reiknaður við skólann 370 kr. á ári, fyrir umsjón og ýms gjöld, en áður var húsaleigan 500 kr. H. fjárlaganefnd hefir nú komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rjett, að breytt væri um eigendur, en viljað leggja það til, að húsaleigan væri hækkuð um 100 kr., og bætt við laun skólastjóra 200 kr. á ári. Jeg skil þetta svo, sem það sje hið sama, sem að bætt sje 300 kr. við húsaleiguna til þess að fá húseigandann til að þegja. En nefndin kemst ekki nær spursmálinu, því eigandinn er ekki skyldur til að breyta húsinu, og afleiðingin verður að eins hækkuð húsaleiga, en sama húsrúm. Munurinn á þessum 800 kr. í nefndarálitinu og 370 kr. í stjórnarfrumv. verður nú 430 krónur, og það er næstum eins mikið og áður hefir verið goldið fyrir ekki að eins húsrúm fyrir skólann, heldur einnig fyrir umsjón, eldivið og fleira, og þó verður engin bót ráðin á húsnæðisvöntun skólans. Jeg verð að álíta það einfaldast að kaupa húsið, það verður þó úr fyr eða síðar, að skólinn verður að

eignast sitt eigið hús, og því þá ekki að gjöra það strax; það á heldur að reka á eptir, að 430 kr. er ekki lítil leiga fyrir blábert húsnæðið handa skólanum; það hefir verið sagt, að kaupverðið, sem tiltekið er, væri nokkuð hátt, en það er þó talsvert lægra en húsið var virt fyrir skömmu af þar til kvöddum mönnum, en annars þyrfti þetta ekki að standa í vegi fyrir því, að stjórninni væri að minnsta kosti falið að semja við eigandann, og setja þá upphæð, sem þingið vill til kosta. Eptir því sem jeg hefi heyrt, þá stendur eiginlega ekki annað í vegi fyrir því, að samningar náist, en að skólastjóri heimtar, að gjört sje við útihús, sem heyrir húseigninni til, en það yrði auðvitað eign skólans, svo að jeg sje ekki, að það sje nein frágangssök.

Jeg sting því upp á, að tillögum stjórnarinnar verði haldið óbreyttum við þessa umræðu, en skora á nefndina að koma fram með einhverjar nýjar og betri tillögur til 3. umræðu, svo að málinu verði þá ráðið til lykta á fullkomnari hátt. Jeg geng út frá því, að ef gengið er að kaupunum, þá verði laun skólastjóra ekki hækkuð, enda mun hann ekki hafa farið fram á það. (*Þórður Thoroddsen*: Jú).

Það er stungið upp á því frá nefndinni, að fella burt 700 kr. fjárveiting til kvennaskólans í Reykjavík, sem sótt hefir verið um, til að bæta við skólann 4. bekk, þar sem stúlkum, er gengið hefðu gegn um hina 3 neðri bekkina, gæti gefizt kostur á, að afla sjer meiri menntunar í ýmsum gagnfræðum, er meðal annars gerði þær hæfari til að hafa á hendi barnakennslu. Nefndin hefir ekki viljað fallast á þessa fjárveiting, og rökstutt það álit sitt með því, að þær stúlkur, sem vildu búa sig undir barnafræðslu gætu lært við kennaraskólann í Flensborg. En þar til er því að svara, að það er ekki tilgangurinn, að þetta eigi einungis að vera til að mennta þær sem kennara, heldur til að gefa þeim meiri almenna menntun, t. d. í málinu, heldur en nú er kostur á fyrir þær að fá í kvennaskólunum. Að vísa stúlkum á Flensborgarskólann er óviðfeldið og ekki víst, að þær kjósi að vera á skóla, þar sem eru mestmegnis karlmenn. En aðal-ástæðan er þó sú, að þetta á að vera gagnfræðabekkur, en ekki verulegur kennaraskóli. Mjer finnst menn verði að viðurkenna, að það er ekki mikil samkvæmni í því hjá þinginu, ef það neitar nú um þennan lítilfjörlega styrk til þess, að kvennfólk geti einnig orðið aðnjótandi dálítillar gagnfræðakennslu, og vera þó allt af að berjast við að veita kvennfólkinu allskonar rjettindi, svo sem kosningarrjett og kjörgengi, sem einmitt útheimtir menntun og andlegan þroska til að nota rjett. Þær ættu umtalslaust, að fá þessar krónur til þess, að eiga kost á að afla sjer hærri menntunar en nú eru föng á, og það er ekki efi á því, að slíkur skóli væri bezt settur í Reykjavík. Nú fær skólinn 1500 kr. af opinberu fje — jeg tel ekki með þær 300 kr., sem veittar eru til námsmeyja, svo að allt tillag til skólans yrði þá 2200 kr. úr landssjóði. Mjer finnst hjer vera um svo lítinn styrk að ræða, en svo auðsjáanlegan rjett kvennfólksins, að þingið ætti ekki, eins framarlega og það hefir hingað til viljað standa í baráttunni fyrir rjetti kvennfólksins, að vera á móti fjárveitingunni.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) minntist á lán til þilskipakaupa og tók fram, hvernig þess konar lán væru veitt í Noregi, nefnilega með lægri vöxtum en þingið hjer hefir hugsað sjer eða með $2^1/_2$%. Það álít jeg mjög æskilegt, að þingið veitti lán til þilskipakaupa með

slíkum kjörum; það gæti orðið hvöt fyrir menn til að eignast þilskip, einkum ef þar við bættist, að tryggingin mætti vera í skipinu sjálfu, með því skilyrði, að það væri nægilega vátryggt. Þetta gæti líka orðið mikill styrkur fyrir þilskipa-ábyrgðarfjelögin, sem verið er að koma á stofn hjer á landi, því að það mundi hæna menn til þess, að ganga í þau, ef þeir fyrir það gætu fengið lán út á skip sín. Í þessari viðaukagrein við fjárlögin er það tekið fram, að ekki megi veita meira en 4000 krónur til þilskipakaupa til hvers einstaks manns, en því ætti að breyta svo að upphæðin væri ákveðin fyrir hvert einstakt skip, því mjer finnst það sanngjarnt, að ef maður byggir mörg skip, þá fái hann lán fyrir hvert þeirra. Jeg vil líka færa líkar ívilnunar-reglur yfir á aðrar lánveitingar til atvinnubóta, t. d. til ísgeymslu. Í þessu sama riti um lánið til þilskipakaupa, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) minntist á, er einmitt getið um, að lán sjeu veitt gegn $2^1/_2$% mönnum sem hafa sjerstaka aðferð til að geyma sjávar-afla, þar á meðal með ísgeymslu. Auðvitað verður að vera full trygging fyrir láninu, annaðhvort veð eða ábyrgð.

Jeg vildi að eins taka þetta fram í sambandi við orð h. 2. þm. Ísf. (Skúla Th.), og skjóta því til fjárlaganefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka þessa athugasemd til greina við 3. umr.

Þórður Thoroddsen: Það eru fáein atriði í þessum kafla fjárlaganna, sem jeg vildi leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við. Jeg verð fyrst að minnast á það, að jeg get ekki fylgt h. fjárlaganefnd í einu atriði, það er, að fella í burtu úr stjórnarfrumv. ferðastyrkinn til fimleikakennarans. Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er því mótfallinn, að þessi styrkveiting falli burt.

Það hafa komið fram hjer í dag raddir í þá átt, að leikfimiskennslan við latínuskólann sje ekki eins góð og hún ætti að vera. Nú vona jeg, að allir verði mjer samdóma um það, að leikfimiskennsla sje nauðsynleg, sem kennslugrein við latínuskólann, en svo framarlega sem hún er nauðsynleg, og svo framarlega sem hún ekki er í því formi, sem hún ætti að vera, þá finnst mjer vera bein skylda þingsins að leggja fram fje til þess að reyna að bæta þessa kennslugrein, og jeg er viss um, að svo framarlega, sem þessi styrkur verður veittur, þá mun hann koma að góðu gagni.

Fimleikakennslan hefir á síðari árum tekið svo miklum stakkaskiptum í öðrum löndum, að hún er nú mjög ólík því sem hún áður var. Í fyrri daga lögðu menn minni stund á að kenna þær líkamsæfingar, sem nánastar eru heilbrigðisfræðinni, þá kenndu menn mest heræfingar til þess að gera menn að hermönnum; en nú á síðari árum, einmitt eptir daga þessa gamla dáta, sem kenndi leikfimi við latínuskólann áður, hefir fimleikakennslan breytzt og gengið í þá átt að kenna mönnum þær líkamsæfingar, sem standa í nánu sambandi við heilbrigðisfræðina. — Allt þetta nýja, sem segja má að byggt sje á vísindunum, höfum vjer Íslendingar enn farið á mis við; þess vegna finnst mjer það eðlilegt, að vjer reynum að gera eitthvað til þess að innleiða þessa nýju grein hjer hjá oss. — Það er að eins í þessum pósti, að jeg ekki get fylgt h. fjárlaganefnd.

Svo vildi jeg minnast dálítið á stýrimannaskólann og ræður tveggja h. þm. (þm. Vestm. og þm. Rvík.), að því sem það mál snertir. Þessir tveir h. þingm. voru báðir þeirrar skoðunar, að fjárlaganefndin hefði ekki leyst »uppgáf-

una« með stýrimannaskólann svo vel af hendi, sem vera ætti, svo jeg bruki orð h. þm. Rvík. (J. Jenss.).

Mjer skildist á ræðu h. þm. Vestm. (V. G.) sem hann vildi láta kaupa skólahúsið, og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði það með berum orðum, að það væri heppilegast að kaupa það. Nú skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, hvað það var, sem gjörði mjer og h. meðnefndarmönnum mínum, að við eigi greiddum atkvæði með þessari fjárveitingu. Strax og málið var tekið fyrir í fjárlaganefndinni voru þrír af oss gjörðir út til að skoða þetta hús, sem var stungið upp á að kaupa. Og eptir að vjer höfðum skoðað húsið og kennslustofurnar, og talað við skólastjórann um það, þá komumst vjer að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki vera heppilegt að kaupa svona lagað hús fyrir stýrimannaskólann. Húsið er gamalt, ef til vill margra ára, og að kaupa það fyrir skólann álitum vjer mundi verða dýrara en að byggja nýtt hús handa honum.

H. þm. Vestm. (V. G.) áleit, að húsrúmið væri svo ónógt, að ekki væri hægt að notast við það handa skólanum næsta ár, og að í öllu falli yrði að byggja ofan á allt húsið, ef menn vildu útvega skólanum þar viðunanleg kennsluherbergi; en, þá vil jeg spyrja, hvað mundi svona hús kosta, ef menn gengju inn á að kaupa það og ljetu svo byggja ofan á það, til þess að útvega skólanum viðunanlegt húsnæði, eða næg kennsluherbergi? Jeg ímynda mjer, að þetta mundi kosta 12—16 þús. kr., og með því lagi fengjum vjer gamalt hús eða rjettara sagt, gamla undirstöðu undir hús, sem yrði oss fullt eins dýrt, ef ekki dýrara en að láta reisa nýtt hús. Ef vjer gjörum ráð fyrir, að þetta gamla hús kostaði ekki nema 12 þúsund kr., þá kostaði húsaleiga þess landssjóðinn 4 % af 12000 kr. eða 480 kr. árlega, fyrir utan allt árlegt viðhald, sem ekki mundi verða lítið á svo gömlu húsi; jeg vil benda á þetta til þess, að mótmæla því, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að fjármálanefndin vildi gera húsnæði skólans dýrara fyrir landssjóð, með því að leigja húsið en en ekki kaupa. Það er þvert á móti; þessi 600 kr. leiga, sem stungið er upp á, er að frá dreginni ræstingu, ljósi og eldivið minni en renturnar af því fje, sem vjer hlytum að leggja í húsið, ef vjer keyptum það og ljetum gera við það.

Enn fremur sagði h. þm. Rvík. (J. Jenss.), að þessi staður, sem húsið stendur á, væri hentugur fyrir skólann. Jeg skal játa það, að hann er hentugur, en það munu vera til fleiri hentugir staðir, og jeg er viss um, að það mætti alveg eins vel fá annarsstaðar hentuga lóð undir hús handa sjómannaskólanum, eins og þarna. Þess vegna álít jeg, og mjer mun vera óhætt að segja það fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, að hún er einhuga á því, að það sje óráðlegt að kaupa þetta gamla hús handa skólanum, en hún mun sjálfsagt verða með því, að byggt sje nýtt hús handa honum, og jeg er viss um, að svo framarlega, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) kæmi fram með breyt.till. í þá átt til 3. umr., þá mundi fjárlaganefndin gefa henni atkv. sitt.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að svo framarlega sem hætt yrði við að hafa skólann þar, sem hann hefir verið að undanförnu, þá væri það sanngjarnt að greiða skólastjóranum skaðabætur úr landssjóði fyrir þá breytingu, af því að hann hefði byggt þetta hús í skólans þarfir. Jeg get ekki verið á sama máli og h. þm.; þetta sjerstaka

hús, sem hann hefir eingöngu byggt í skólans þarfir, kostaði upprunalega 2800 kr., eptir sögu skólastjórans sjálfs, og sú bygging hefir sannarlega borgað sig vel, svo hann hefir enga ástæðu til að heimta skaðabætur, þó hætt verði við að hafa skólann þarna.

Jeg skal enn fremur geta þess, að þegar fjárlaganefndin talaði við skólastjórann, þá var hann mjög áfram um það, að landið keypti húsið, og hann gat þess um leið, að svo framarlega sem ekkert yrði af kaupunum, mundi hann setja þá kosti, að laun sín yrðu hækkuð upp í 2500 kr. og húsaleigan upp í 800 kr., en annars mundi hann ekki lána húsrúm handa skólanum. Nefndinni gat ekki komið til hugar, að þetta væri talað í alvöru, en þetta væri að eins talað til að ögra nefndinni, því að hún áleit, að skólastjóri mundi geta gert sig ánægðan með minna. En sjerstaklega af því, að það er óneitanlegt, að þessi maður hefir sett sig í skuldir einmitt fyrir skólann, og annars vegar af því, að hann er alls góðs maklegur fyrir allt það, sem hann hefir unnið í skólans þarfir, þá sýndist fjárlaganefndinni það vera rjett, í viðurkenningarskyni að hækka laun hans um 200 kr., og þar að auki húsaleiguna dálítið. Nefndin gjörði þetta ekki beinlínis til þess, að fá skólastjórann til að þegja, eins og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) komst að orði, heldur beinlínis af því, að hún áleit, að öll sanngirni mælti með því.

Þá vildi jeg gera stutta athugasemd viðvíkjandi breyt.till frá h. 1. og 2. þm. Eyf. á þingskj. 261, sem fer fram á að veita 6 þús. króna styrk til að byggja nýtt skólahús á Akureyri handa kvennaskóla.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þótti það við við fjárlaganefndina, að hún hefði eigi tekið sig til viðtals um þetta mál, en jeg get fullvissað h. þm. um það, að ef fjárlaganefndinni hefði komið til hugar, að þingmaðurinn áliti gengið fram hjá sjer, þá mundi hún hafa gert það. En hún gerði það ekki af því, að hún áleit það ekki vera nauðsynlegt, því hún þóttist sjálf vera nægilega kunnug til til þess að geta dæmt um málið, þó hún ef til vill væri ekki eins kunnug og h. þm. sjálfur. En sjerstaklega vil jeg taka það fram þessu viðvíkjandi, að það væri beinlínis óðs manns æði, að fara að veita svona háan styrk til skólahússbyggingar á Akureyri hreint út í bláinn, meðan að sýslunefndir í hlutaðeigandi sýslum ekki hafa komið sjer saman um að sameina Laugalands- og Ytri-Eyjarskólann, og ekki geta komið sjer saman um það. Og ef sú á að vera meining með þessari fjárveiting, að hún eigi að herða á því, að skólar þessir sameinuðu sig, þá dugar það ekkert nema þingið setji þá það skilyrði um leið, að enginn styrkur og ekkert fje skuli veitt til kvennaskóla á Norðurlandi nema til þessa eina fyrirhugaða skóla á Akureyri. Þetta mundu h. þm. Eyf. líklega ekki vilja ganga inn á, og því getur fjárlaganefndin ekki gjört annað í þessu máli en það sem hún hefir gert.

Þá er það 96. og 99. liður á atkv.sk., sem jeg vildi tala nokkuð um. Fyrri lið. er viðaukatillaga frá 2. þm. K.-G. (J. Þ.) um 500 kr. styrk til Þórarins B. Þorlákssonar til að nema málaralist, en sá síðari, sem er viðaukatillaga frá 2. þm. Eyf., er um styrk til Bj. Þorsteinssonar og til skáldsins Þorsteins Erlingssonar. Jeg skal játa það viðvíkjandi þessari fyrstu styrkbreiðslu, að jeg mundi greiða atkvæði með því, ef jeg sæi, að einhver maður sækti um styrk til þingsins í þessu skyni, svo framarlega sem jeg geti álitið með sjálfum mjer að styrkveitingin mundi koma að góðum notum, en í þessu til-

felli held jeg að það muni ekki verða; ástæðan fyrir því er hin sama og sú sem h. þm. Vestm. (V. G.) drap á, að mjer þykir þessi maður of gamall. Jeg hefi þá skoðun á slíkum listum, sem málaraíþróttin er, að þær lærist ekki á einu augnabragði, og ekki svo að gagni sje, nema byrjað sje að læra þegar á unga aldri og jeg álít að þetta sje það sama og að kasta peningunum út til ónýtis. Maður á þessum aldri mundi ekki hafa jafn mikið gagn af styrknum og yngri maður; væri hann t. d. 15—20 árum yngri, þá væri hjer allt öðru máli að gegna, og þá mundi jeg glaður vera með því að veita honum styrkinn. Svo er það aðgætandi, að það væri ekki nóg að veita svona lagaðan styrk eitt fjárhagstímabil, það yrði að halda honum áfram, þangað til nemandinn væri orðinn fullnuma, svo framarlega sem hann ætti að koma að tilætluðum notum. Það væri alls ekki rjett að veita svona styrk að eins fyrir eitt fjárhagstímabil. Jeg fyrir mitt leyti gæti ekki annað álitið, en að það væri illa gjört af mjer að standa upp fyrir þessari fjárveitingu, af því, að ef hún fengist, yrði þessi maður fyrir framtíðina ver farinn við það að taka sjer þetta starf fyrir hendur, heldur en ef hann hjeldi áfram þeirri iðn, sem hann hefir þegar lært og sem hann er, eptir því sem sagt er, vel að sjer í.

Jeg er meðmæltur styrknum til Bj. Þorsteinssonar, og get þar skrifað undir með h. þm. Eyf. Menn verða að gá að því að hjer er um nokkuð sjerstakt að ræða, sem getur flogið burt á hverri stund, sem vera skal og týnzt, ef því er ekki safnað í tíma.

Svo kemur styrkur til Þorsteins skálds Erlingssonar, eða rjettara sagt styrkur handa Þ. E. til ritsmíða. Sumir h. þm., h. 2. þm. Eyf. og þm. Vestm. (V. G.), hafa talað af mikilli andagipt um þessa styrkveitingu. En þrátt fyrir alla þeirra miklu andagipt og öll þeirra fögru meðmæli, get jeg ekki fylgt með þeim í þessu máli. Jeg álít að skáldrit Þorsteins Erlingssonar sje eigi svo úr garði gjörð að innihaldi, að þeirra vegna sje ástæða til að veita honum laun af opinberu fje. Þær ritsmíðar í bundnu máli, sem hafa komið frá Þ. E. sumar hverjar, og sem birzt hafa á prenti, eru að efni til ekki þannig lagaðar, að þjóðin eigi að reyna að fá framleitt meira af þess konar. Meðan hin kristna kirkja er þjóðkirkja hjer á landi og kristna trúin er þjóðtrú, sem ríkið á að vernda og styrkja, kann jeg ekki við að launa þeim skáldum af landsfje, er gjöra sjer far um að rífa allt þess konar niður, og sem láta þær hugsanir koma fram í skoðunum sínum, sem ekki verður annað um sagt en að hafi, auk þess áður talda, spillandi áhrif á hvert óspillt og saklaust hjarta.

Jeg álít að þingið með því að veita þeim skáldum laun, er hafa slíkt innihald í kvæðum sínum, «sanctioneri» að þessar hugsanir eigi að ná sem mestri útbreiðslu hjer á landi. Jeg skal fúslega játa það, að opt finnast hjá Þ. E. einkennilegar og fagrar hugmyndir, að hann er góður hagyrðingur, og kann vel þá list að íklæða hugsanir sínar í fagran búning, þó að jeg ef til vill ekki skrifi undir það mótmælalaust, að hann sje hið bezta núlifandi íslenzkt skáld, eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði. Heldur ekki vil jeg skrifa undir það með h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að vjer Íslendingar höfum ekki ráð á að missa þessar hugmyndir; þvert á móti álít jeg að hin trúaða, saklausa, óspillta íslenzka þjóð hafi ekki ráð á því að Þ. E. mitli út úr sjer allar þær hugmyndir, sem frá honum hafa komið. Jeg skal í sambandi við þetta, sem jeg nú hefi sagt, að eins benda á ritdóm

um tvö kvæði eptir Þ. E., sem kom út í blaðinu Sunnanfara í Kaupmannahöfn. Ritdómurinn er í góðu riti, sem er gefið út í Vesturheimi. Kvæðin heita »Örlög guðanna» og «Örbirgð og auður»; Hvert innihald þessara kvæða er, sjest í þessum ritdómi, og hvernig á þau er litið þar. Enn stendur annað kvæði í «Eimreiðinni» ný-útkominni í nánu sambandi þar við, að jeg ekki telji fleira.

Þegar svona lagaðar hugmyndir, eins og í þessum kvæðum, koma fram hjá einhverju skáldi, þá álít jeg, að engin ástæða sje til þess fyrir þjóðina að styðja að því að þær breiðist út. Geymi þeir sínar hugmyndir hjá sjer, og það er illa gjört af hverjum sem er, jafnt Þ. E. sem öðrum, að rífa niður kristna kirkju og kristna trú og með því koma inn hjá lítilsigldri alþýðu slíkum hugmyndum.

Það er af þessum ástæðum, sem jeg hefi tekið fram, að jeg get ekki greitt atkvæði með þessari fjárveitingu, sem hjer er farið fram á.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): H, þm. Reykvík. (J. Jensson) sagði að fjárlaganefndin hefði ekki leyst vandann með stýrimannaskólann. Jeg skal kannast við að þetta er rjett hjá h. þm.; nefndin hefir ekki leyst þennan vanda, af því að hnúturinn verður ekki leystur fyr en nýtt skólahús er byggt. H. þm. áleit vandann leystan, ef hið núverandi skólahús væri keypt; þar get jeg ekki verið h. þm. samdóma, því ekki mundi húsnæði skólans breytast til batnaðar við það, þó eigandaskipti yrðu; þá lægi strax fyrir stór kostnaður við breytingu á húsinu svo að fullgilt væri til frambúðar.

Af hinum ýmsu athugasemdum, er komið hafa fram í þessu máli frá ýmsum h. þm., fannst mjer athugasemd h. þm. Vestm. (V. G.) vera rjettust, að það mætti ganga þá leið að styrkja skólastjórann til að gera þær breytingar á herbergjaskipun hússins, svo að hægt væri að una við það að minnsta kosti hin næstu 2 ár. Svipað vakti fyrir fjárlaganefndinni, þar sem hún fór fram á að hækka laun skjólastjórans og húsaleiguna; hún vildi með því bæði gefa stjórninni tækifæri til að krefjast meira húsnæðis af skólastjóranum og gjöra honum ljúfara að láta það af hendi, og bjóst nefndin við því að skólinn, án verulegs kostnaðar fyrir húseigandann, gæti þá haldið áfram í sama húsi altjend næsta fjárhagstímabil með núverandi nemendafjölda, og þó helzt enn fleiri, og hugði nefndin það bezt fyrir húseigandann sjálfan og jafnframt ástæða til að hlífa landssjóði í þetta sinn við kostnaðinum að byggja skólahús.

H. þm. Reykvík. minntist á kvennaskólann í Reykjavík og viðhafði þau orð, að þessi hækkun til skólans í stjórnarfrv. sje ekki eiginlega ætluð til þess að stofna einn kennarabekk, sem 4. og efsta bekk í skólanum, heldur til að koma þar á gagnfræðakennslu. En þetta er í beinni mótsögn við ástæðurnar í stjórnarfrv., því þar stendur að styrkur sje veittur — «til þess að «koma á fót 4. bekk fyrir námsmeyj«ar, — sjerstaklega fyrir þær, er vilja «verða kennslukonur». Tvær ólíkar ástæður eru færðar fyrir fjárkröfunni, og skulu þá greidd tvö svör á móti af hendi fjárlaganefndarinnar. Ef hjer er um gagnfræðakennslu að ræða, þá var nefndinni það alls ekki í hug að stofna 3. gagnfræðaskólann á landinu; en sje hjer um kennarakennslu að ræða, þá hefir nefndin lýst því yfir, að hún vildi hlynna að slíkri kennslu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, jafnt fyrir konur sem karla.

Viðvíkjandi athugas. h. þm. um lán til þilskipakaupa, hvernig heppilegast mundi vera að haga þeim, þá hefir nefndin þegar lofað að íhuga það betur fyrir 3. umr. og mun þakklátlega þiggja aðstoð h. þm. í því efni.

Mjer hefir alltaf láðst að minnast á eina breytingartillögu, hana vantar líka á atkvæðaskrána, frá h. 1. þm. Norðmýlinga, (E. J.) um 800 kr. styrk til endurbyggingar Dvergasteinskirkju.

Nefndin sá sjer ekki fært að aðhyllast þessa breyt.till. Hún álítur að hlutaðeigandi söfnuður sje svo efnum búinn, að honum sje það ekki um megn að koma kirkjunni upp; en þó söfnuðurinn geti ekki lynt við prestinn sinn, þá á landssjóður ekki að borga fyrir það, og auk þess mundi söfnuðurinn eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hafði um þetta mál, ekki vera ófús á að ganga í það, svo framarlega sem kirkjan yrði byggð upp inni á Øldu.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg skal vera stuttorður. Jeg ætla fyrst að minnast á skólana. H. 2. þm. Kj.- og Gullbr. (J. Þ.) talaði margt um leikfimiskennsluna; hann hafði mikið á móti breytingartill. fjárlaganefndarinnar, og sagði að leikfimin væri einhver þarfasta og bezta kennslugrein í skólanum. (*Jón Þórarinsson*: Jeg stend við það). Jeg get nú ekki sjeð, að það sje satt, og held að hann hafi gjört of mikið úr þeirri námsgrein, án þess jeg vilji neitt lasta hana. Við Íslendingar vinnum meira og hreyfum oss meira úti við, en tíðkast í öðrum löndum meðal nemenda, og við erum ekki skyldir til að taka upp allar nýbreytingar frá útlöndum, án tillits til, hvort þær eiga við vort hæfi eður eigi. Þótt það kunni að vera nauðsynlegt fyrir námsmenn í stórborgum að temja sjer fimleika til heilsubóta, og iðka »Sløjd« í skólum, þá er alls ekki sjálfsagt, að sama þörf sje á öllu slíku hjer. Í sambandi við þetta skal jeg minnast á kvennaskólana. Það gladdi mig að heyra skoðun h. þm. N.-Múl. (E. Jónss.) á þeim. Þeir eru ekki komnir í fast horf enn hjá okkur. Það er nóg að hafa 1 kvennaskóla í landinu, sem kennir tungumál og fínni hannyrðir, og annað þess konar. En kvennaskóla, sem kenna húsmóðurstörf, vantar okkur, og þeirra þurfum við með. Jeg er ekki móti því að stofna þennan matreiðsluskóla í Reykjavík, því að jeg hefi bezta álit og traust á konu þeirri, er gengst fyrir honum, og því að eins fáum vjer gagnlega kvennaskóla, að stofnendur þeirra sjeu færir um að koma góðri skipun á þá, og láta þá samsvara tilgangi sínum.

H. þingm. Vestm. (V. G.) talaði um landsbókasafnið og kaup á handritasafni Bókmenntafjelagsins. Jeg var með því í nefndinni, að styrkja Bókmenntafjelagið til þess, að fjárhagur þess batnaði og það gæti stutt að útbreiðslu vísinda og jafnframt að alþýðlegri menntun. En jeg er ekki samþykkur því, að það eigi að verja 12000 kr. á ári til bókakaupa handa landsbókasafninu, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) tiltók, því að jeg hygg, að þá mundu verða keyptar margar bækur, sem varla nokkur maður liti í.

Um bitlingana, sem svo eru nefndir, skal jeg vera fáorður. Þá vildi jeg út af ræðu h. 1. þm. K.- og G. (Þ. Th.) minnast á skáldið Þorstein Erlingsson. H. þingm. K.- og G. (Þ. Th.) sagði, að kvæði hans væru ekki holl fæða fyrir alþýðu, þar sem þau rífu niður alla trú og kristindóm og kristilegt siðferði. Taldi hann því fráleitt, að styrkja slíka skáldskaparstefnu. Jeg skal nú játa það, að það er margt í kvæðum hans, sem hefir sært mína tilfinningu, en það er líka margt í skáldskap Þorsteins

Erlingssonar, sem jeg hefi haft mjög mikla ánægju af, og málið á kvæðum hans er víða svo einkennilega fagurt, að það mætti heimfæra upp á hann, sem sagt var um Jónas Hallgrímsson:

»Úr fjörugu máli fegri sprett
fjekk ei neinn af sveinum,
hjá þjer bæði lipurt og ljett
lá það á kostum hreinum«

Vjer elskum allir málið okkar, eða ættum að minnsta kosti að gjöra það, og það gleður oss og hrifur tilfinningar vorar, þegar það ber á kostum hjá skáldum og ritsnillingum; enda verða bókmenntir vorar bezta eignin okkar, og því er vert að styrkja allt það, sem miðar til að hefja þær, og er þeim til sannarlegs sóma. — Á síðustu árum hefir hugur þessa skálds einnig hneigzt mjög að því, að vekja meðaumkun til saklausra dýra og bágstaddra manna, og það verður hver maður að játa, að er gott og kristilegt hugarfar.

Þá eru eptirlaunin — hækkunin til Skúla Thoroddsens. Nýlega kom hjer fram í deildinni frumv. um hækkun á eptirlaunum eins æruverðs gamals kennara (H. Kr. Friðrikssonar). En það var fellt hjer, og var jeg með því, þótt jeg gerði það hálf-nauðugur. Jeg álít það sem sje ósamkvæmni hjá þinginu, ef það færi að hækka eptirlaun einstakra embættismanna úr því, sem lög heimila. — Jeg er því eindregið á móti því, að hækka eptirlaun Skúla Thoroddsens, þótt hann kunni að hafa sanngirniskröfu til þess að fjárveitingarvaldið minnist hans með einhverri hugnun fyrir hrakningar, enda hefir honum þegar verið ákveðin all-rífleg fjárupphæð. — Hann líkti sjer við mann, sem slasaðist og yrði þess vegna óhæfur til að gegna embætti sínu. En þessi samlíking er alls eigi rjett. Hann er full-friskur og fær í hvern sjó, og getur vel gegnt embætti, ef honum stæði það til boða og á því ekki að fá há eptirlaun. Jeg vildi heldur vera með því, að veita honum einhverja þarflega stöðu. En þessu get jeg ekki verið meðmæltur, eins og málið liggur nú fyrir.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg ætla að minnast á breytingartill. h. þingm. Vestm. (V. Guðm.) um 5000 kr. styrk handa járnbrautafræðing frá Noregi. Þingm. talaði mikið um samvizkusemi og ábyrgð. — Honum þótti það bera vott um skort á samvizkusemi hjá h. þingmönnum, ef þeir greiddu atkvæði á móti tillögunni. — En jeg þykist nú samt hafa ástæðu til að greiða atkvæði á móti henni. Vjer þurfum eins fyrir því okkar akvegi og hestavegi, og til þess þarf mikið fje. — Jeg er hikandi í öllum stærri fjárframlögum til samgöngubóta af því að okkur vantar telegraf. Jeg vildi láta byrja á telegraf. Ef jeg væri ekki hræddur um, að það yrði álitið stærilæti, vildi jeg að dæmi Cato majors byrja og enda allar mínar ræður á þessum orðum: »Telegraf þurfum við að fá«.

Þá er kvennaskólinn á Austurlandi; jeg ljet í ljósi, að jeg væri á móti að styrkja hann. — H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) sagði það vera mótsögn hjá mjer, þar sem jeg hefði lýst því yfir, að jeg vildi styrkja Steingrím Jónsson og lagaskólann. En það er engin ósamkvæmni í því. Styrkurinn til Steingríms Jónssonar er að eins eitt skipti fyrir öll, en styrkurinn til kvennaskólans er framhaldandi árlegur styrkur.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) taldi það rangt af mjer, að vera á móti styrk til kvennaskólastofnunar á Austurlandi, þar sem jeg væri með spítalastofnun á Sauðárkrók. En spítalastofnun á Sauðárkrók þarf að eins að styrkja í eitt skipti, þar sem kvennaskólann mundi þurfa að styrkja um aldur og ævi. —

Þá talaði h. framsögum. (Þórh. Bj.) nokkuð um styrkinn til Skúla Skúlasonar. Hann lagði þá spurningu fyrir mig, hvort jeg hefði nokkra trú á honum sem listamanni. Jeg get ekki sagt að jeg hafi fulla trú á honum, það þarf svo mikið til þess, að jeg vilji kalla það trú, en jeg hef von um hann. En hvaða ástæðu hefir fjárlaganefndin fyrir sínu trúleysi? hvaða ástæðu hefir nefndin til að leggja á móti þessum styrk til hans? Jafnvel sjálfur formaður nefndarinnar, varaforseti, sem ætti þó að vera nokkuð kunnugur þessu máli, var fast á móti því, að styrkja þennan mann lengur. — H. fjárlaganefnd mundi hugsa sig alvarlega um, áður en hún undirskrifaði dauðadóm, og þótt ólíku sje saman að jafna, þá er það þó líkt að því leyti, að það væri honum sama sem dauðadómur hans heitustu framtíðarvona, ef hann væri nú sviptur þeim styrk, sem hann svo að segja var ginntur með út á þessa braut. Verði þessi styrkur felldur, þá álít jeg að það eigi að vera princípið, að veita alls ekkert fje til eflingar listum og íþróttum.

H. 1. þm. Kj.- og G. (Þ. Th.) var á móti tillögu okkar um 6000 kr. styrk til að byggja kvennaskólahús á Akureyri. Hann sagði, að það væri engin trygging fyrir því, að kvennaskólarnir á Norðurlandi yrðu sameinaðir. Nú þarf að byggja hús fyrir kvennaskólann á Laugalandi, og þá er eins hægt að byggja það hús á Akureyri eins og á Laugalandi, og verði kvennaskólarnir sameinaðir, þá mundi sá sameinaði kvennaskóli hvergi betur settur en einmitt á Akureyri.

Sami h. 1. þm. Kj.- og G. (Þ. Th.) sagði, þar sem hann var að tala um styrkinn til Þorsteins Erlingssonar, að við hefðum ekki ráð á, að láta skoðanir Þorsteins breiðast út, og sneri þannig við því, sem jeg hafði sagt, að við hefðum ekki ráð á, að verða af skáldskap Þorsteins. Jeg stend nú við þessi orð, hvað sem h. 1. þm. Kj.- og Gull. (Þ. Th.) segir um það, að ljóð hans sjeu ekki launaverð, þau rífi niður kristindóm og siðferði. En listin er fullt eins rjett-há í mínum augum eins og kirkjan. Löggjafarvaldið á að styrkja list og kirkju hvora fyrir sig, sem þarfar og þjóðnýtilegar, en því kemur ekki við, þótt þær geti ekki setið á sárshöfði hvor við aðra. Listin er miklu eldri en kirkjan, og hefir að því leyti sögulegan rjett, og hið almenna gildi hennar er margfalt meira, því að það er viðurkennt um allan menntaðan heim, en það vantar mikið á, að sama verði sagt um kirkjuna. — Þau kvæði, sem hann nefndi eptir Þorstein, hagga ekkert grundvallar-atriðum góðs siðferðis, það er ekkert ósiðlegt í þeim. Hann kennir þvert á móti í mörgum af kvæðum sínum hreinan og fagran kristilegan siðalærdóm, þar sem hann brýnir fyrir mönnum kærleika, meðaumkvun og mannúð gegn mönnum og skepnum. Ekki sje jeg að þingið með fjárveiting til Þorsteins Erlingssonar gefi neina yfirlýsing um mótstöðu gegn þjóðkirkjunni, þar sem hið sama þing veitir síra Matthíasi skáldlaun. En hann er eins og allir vita, mjög vel metinn klerkur og kirkjunnar þjónn. Og svo kom h. þm. Kj.- og G. (Þ. Th.) með ritdóm um 2 kvæði eptir Þorstein í »Sameiningunni«, sem er eins og allir vita ofstækisrit, mjög einstrengingslegt kirkjurit. — Mjer ógnar, að h. 1. þm. Kj.- og G. (Þ. Th.) skuli bera það rit fyrir sig, er um skáldskap er að ræða, og jeg vona að slíkur einstrengings-hugsunarháttur komi ekki að tilætluðum notum eða hafi nein minnstu áhrif á atkvæði h. þingmanna.

Sighvatur Árnason: Tillaga mín um styrk til norrænukennslu í Reykjavík hefir mætt talsverði mótspyrnu. Framsögum. fjárlaganefndarinnar (Þ. B.) sagði að nefndin væri henni mótfallin. Jeg skal nú ekki deila um það, hvort rjettara hefði verið fyrir nefndina að styrkja orðasafn, heldur en þessa till. mína; »sínum augum lítur hver á silfrið«. Jeg hafði hugsað mjer, að ef slík kennsla kæmist á hjer, þá gætu leikmenn einmitt haft not af henni með því að hlýða á fyrirlestra við kennsluna. Leikmenn hafa engin not af vísindalegri málfræðiskennslu í lærðaskólanum.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hafði það á móti tillögunni, að hún væri of óákveðin. Jeg veit ekki hvað ákveðið er, ef það er ekki það, að nefna eina fræðigrein út af fyrir sig. Þessi andmæli eru því ekki vel yfirveguð. Annað mál er það, vilji þingm. bæta við sögukennslu og bókmennta, og skyldi jeg fúslega ganga inn á það, og sama get jeg sagt við þm. Dal. (Jens P.). Það væri ekki á móti mínu skapi að taka það með. Legg jeg svo þetta mál undir atkvæði deildarinnar.

Jeg skal svo snúa mjer að þm. Dal. (J. P.) viðvíkjandi vegagjörð og járnbrautum, þar sem sú tillaga nú liggur fyrir að fá járnbrautafræðing frá Noregi hing ð. Jeg spurði, hvaða grundvöll ætti að hafa undir járnbraut yfir Ölfusá og Þjórsá; þm. nefndi þá til þess brýrnar á ánum, og sagði að hægt væri að fara með hesta yfir þær líka utan við járnbrautina. Í fyrra sagði hann að enginn hestur mætti stíga fæti á járnbrautir, nú segir hann að vel megi fara með hesta utan við járnbrautina yfir brýrnar. Skoðanir hans breytast eptir árferðinu. En líklega þyrfti þá að minnsta kosti að passa mjög vel upp á brýrnar, svo hestaumferðin skemmi ekki járnbrautina, en sú pössun er naumast hugsanleg. Jeg vil því stinga upp á því, að h. þm. Dal. (J. P.), sem heldur járnbrautum fast fram, hætti við að sækja um Garðabrauðið, en gjörist gæzlumaður við járnbrautina yfir brýrnar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal fyrst geta þess viðvíkjandi tillögu h. fjárlaganefndar um að færa niður styrkveitingar við hinar æðri menntastofnanir, að mjer þykir hún nokkuð athugaverð. Það hefir komið fram töluverð óánægja yfir því, hve margir af menntamönnum vorum streymdu til háskólans í Kaupmannahöfn; mönnum þykir danskur hamur færast yfir menntalíf vort við þennan menntamannastraum til Danmerkur, og háskóla hreifing vor stefnir auðsjáanlega að því að kyrsetja menntamennina við menntastofnanirnar í landinu sjálfu, og að því að gefa menntun vorri á þann hátt innlendan og þjóðlegan blæ. Það mun óhætt að segja, að þessi stefna sje allrík og hafi við ýms góð og gild rök að styðjast, en því undarlegra er það, ef einmitt um sömu mundir á að fara að draga úr styrk til æðri menntastofnananna, og gjöra þær svo úr garði að þær þyki óvistlegar, að minnsta kosti í samanburði við þau kjör, sem eru við háskólann í Kaupmannahöfn. Þessi stefna verður auðsjáanlega til þess að menn verða enn ófúsari á að ganga á æðri menntastofnanir hjer en verið hefir, og því vil jeg ekki fylgja henni.

Jeg sje mjer ekki fært að fylgja því að fje sje lagt fram úr landssjóði til kvennaskóla á Austurlandi, og því fremur hlýt jeg að vera því mótfallinn, sem mjer er kunnugt um að ein sýsla í Austuramtinu hefir þegar lýst því yfir, að hún álíti skóla þennan ekki nauðsynlegan, og muni því ekki taka þátt í stofnun hans nje viðhaldi. Að öðru leyti hafa þegar verið færðar fram á-

stæður gegn stofnun skóla þessa, og skal jeg því ekki tefja tímann með því að fara lengra út í þetta mál.

Viðvíkjandi stýrimannaskólanum er það að segja, að æskilegt væri að h. nefnd gæti komizt að betri niðurstöðu um hann og náð betur samkomulagi við hann heldur en enn er orðið, því að það er auðsýnn skaði, ef ekki komast fleiri á hann en nú lítur út fyrir að komast muni, eða ef vísa þarf piltum frá, vegna rúmleysis, eins og nú er útlit fyrir. Fyrst hjer er ekki nema einn stýrimannaskóli á landinu, þá ætti að styrkja hann ríflega, enda sýnist það ekki ofætlan. H. framsögum. (Þ. B.) gat þess, að nægja mundi að 10 menn útskrifuðust af skólanum á ári, til að fullnægja þeirri þörf, er væri á stýrimannaefnum. En jeg vil segja, að helzt ættum vjer að fá töluvert fleiri stýrimannaefni á ári, ekki sízt nú fyrst um sinn; þeir mundu skapa nýja þörf, með því að gjöra má ráð fyrir að þeir muni beitast fyrir því að ný þilskip sjeu útveguð, og þannig verða til að efla þilskipaútveginn, en jeg veit ekki betur en að menn sjeu næsta sammála um, að slíkt sje hagvænlegt fyrir landið. Jeg hefði helzt óskað að hvorttveggja fjelli, bæði tillögur stjórnarinnar í þessu máli og tillögur h. fjárlaganefndar, en að fitjað væri upp á málinu að nýju til 3. umr., því að þótt fara ætti að byggja steinhús handa skólanum — og úr öðru efni gjöri jeg ekki ráð fyrir að húsið verði byggt — þá er ekki tími til að ljúka því af nú áður en skólinn byrjar. Jeg hefi heyrt að 10—12 nemendur muni bætast við í haust, fleiri en skólinn getur tekið, og mjer sýnist nauðsyn að gjöra eitthvað til þess að fá húsrúm handa þeim þegar þetta ár.

Jeg tel það óforsvaranlegan hvikulleik af þinginu að veita Skúla Skúlasyni styrk á þinginu 1893, en neita honum um styrkinn í ár. Fjárveitingin þá sýndi að þingið hafði trú á að hann mundi vera efni í listamann, og jeg veit ekki til að nokkur skapaður hlutur hafi komið fram síðan, sem hafi getað haggað þeirri trú.

Jeg sje mjer ekki fært að fylgja tillögu h. þm. Vestm. (V. G.) um að fá norskan verkfræðing hingað til að athuga járnbrautagerð hjer á landi. Jeg veit ekki betur en að Norðmenn sjeu nú sjálfir að rannsaka mál þetta, og því sýnist mjer að ráðlegast sje fyrir oss að bíða og sjá, að hvaða niðurstöðu þeir komast.

Þá skal jeg minnast á styrkinn til útgáfu alþingisbókanna. Jeg man ekki til að í umræðunum í dag hafi komið fram ástæður gegn styrkveiting þessari. Jeg fyrir mitt leyti legg ekki áherzlu á, hver þennan styrk fær, en jeg legg áherzlu á að styrkurinn sje veittur og bækurnar gefnar út; þær hafa afarmikla þýðingu bæði í almennu sögulegu tilliti, og ekki sízt að því er rjettarsöguna snertir. Í þeim eru margir dómar, sem enn hafa gildi, og það er óhjákvæmilegt fyrir kennara við hinn fyrirhugaða lagaskóla að vera þeim kunnugur. Það kostar ekki jafnmikið, að gefa út bækur þessar eins og tvöföld prentun alþingistíðindanna 1893. Það er gjört ráð fyrir að útgáfa lögþingisbókanna muni kosta landið 20,000 kr. en útgáfukostnaður alþingistíðindanna 1893 var 13,000 kr. Það hefði því kostað 26,000 kr. að tvíprenta þau, eða 6,000 kr. meira en að gefa út lögþingisbækurnar, og þó segi jeg að landið mundi hafa hundraðfalt gagn af útgáfu lögþingisbókanna í samanburði við útgáfu alþingistíðindanna, og er þó langt frá að jeg lasti alþingistíðindin 1893.

Jeg vildi leggja allt mitt fylgi fram til þess að fje yrði veitt til útgáfu lög-

þingisbókanna og ef um tvennt væri að velja, kysi jeg heldur að 17. liðurinn væri felldur.

Þá legg jeg á móti því að amtsráði Vesturamtsins sje veitt lán til gufubátskaupa. Jeg er í sjálfu sjer alls ekki á móti því að lánið sje veitt, en jeg vil ekki að amtsráðin sjeu gjörð að einskonar samgöngumálastjórn; það er því líkast sem stiptsyfirvöldin færu að fjalla um fjárskoðanir bænda heima í hjeruðum, eða samgöngumálanefndin okkar færi að hlutast til um víxlprjedikanir nágrannapresta hvers hjá öðrum. Með öðrum orðum: Þetta starf liggur svo fjarri verkahring amtsráðanna, sem frekast má verða.

ATKV.GR.: 13. gr. A. a. samþ. í einu hlj.; 13. gr. A. b. 1—6 samþ. í einu hlj.; 13. gr. B. I. a. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. I. b. 1 samþ. með 20 samhlj. atkv; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. I. b. 2. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 13. gr. B. I. b. 3.—6. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. I. b. 7. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 13. gr. B. I. b 8. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. I. b. 9. felld með 14 : 6 atkv.; 13. gr. B. II. a. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. II. b. 1. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 13. gr. B. II. b. 2.—4. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. II. b. 5. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 13. gr. B. II. 6.—8. samþ. í einu hlj.; 13. gr. B. III. a. samþ. í einu hlj.; 13. gr. B. III. b. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. b. »til yfirumsjónar« o. s. frv. falli burt samþ. með 18 samhlj. atkv.; 13. gr. B. III. c. 1.—4. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 4. (Nr. 62 á atkv.skrá) tekin aptur; breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 5. (262) felld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugss.,
Jens Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónsson, Eyf.	Halldór Daníelss.,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	J. Jónss., þm. A.-S.
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Þ. Guðmundsson.	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundss.	Tr. Gunnarsson,
	Þórð. Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 5. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. B. III. c. 6.—9. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 10. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. c. 11. samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Eir. Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-S.	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. Eyf.	Halld. Daníelsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Sk. Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Tr. Gunnarsson,	Valt. Guðmundss.,
Þ. Guðmundsson.	Þórð. Thoroddsen.
Þórh. Bjarnarson.	
Þorl. Guðmundss,.	

Breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. (262) tekin aptur; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. III. (nýr liður) samþ. með 18 samhlj. atkv.; 13. gr. B. IV. a. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. IV. b. 1. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. IV. b. 4. tekin aptur; 13. gr. B. IV. b. 2.—4. samþ. í einu hlj.; 13. gr.

B. IV. b. 5. samþ. með 15 : 1 atkv. breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. V. a. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. V. b. 1. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 13. gr. B. V. 2.—3. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. V. b. 4.—6. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. V. b. (273) felld með 11 : 10 atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VI. a. 1. samþ. með 14 : 3 atkv.; 13. gr. B. VI. 2.—4. til »lengd kennslutímans« samþ. í einu hlj.; 13. gr. B. VI. 2.—4. »þar af 500 kr. til námsmeyja« samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VI. a. 4. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. IV. a. (261), nýr liður, felld með 16 : 3 atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. IV. a. (nýr tölul.) 1. liður samþ. með 17 : 4 atkv.; breyt till. nefnd. við 13. gr. B. IV. a. (nýr tölul.) 2. liður samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VI. b. 1. samþ. með 16 samhlj. atkv.; aths. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VI. b. 2. 1. liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VI. b. 2. 2. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. VI. (257) samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. VI. h. tekin aptur; 13. gr. B. VI. f.—g. samþ. í einu hlj.; 13. gr. B. VI. h. samþ. með 13 : 7 atkv.; 13. gr. B. VII. a. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VII. b. samþ. með 20 samhlj. atkv.. breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13; gr. B. VII. (257) a. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VII. (257) b. 1. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VII. (257) b. 2. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VII. (257) b. 3. felld með 11 : 10 atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. I. (85. á atkv.skrá) samþ. með 20 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 1. a. og b. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. I. c. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. I. d. (262) felld með 17 : 4 atkv.; 13. gr. C. I. d.—f. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. C. II. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 3. a. samþ. með 13 : 7 atkv.; 13. gr. C. 3. b. samþ. með 21 samhlj. atkv.; aths. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 3. b. (262) samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 4. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 5. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 5. a. breytt samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 5. b. »Fyrir: 800 komi: 400« samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 5. b. (nýr liður) samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 6.—9. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 10. samþ. með 16 samhlj. atkv.; aths. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 11.—13. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 14. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 15. felld með 11 : 7 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. (258, Nr. 96 á atkv.skrá) samþ. með 12 : 3 atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 16. samþ. með 12 : 6 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 17. (259) felld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Eir. Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jens Pálsson.
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónss. þm. A-Sk.
Jón Jensson,	J. J. þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Þórð. Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,

já:	*nei:*
Þórhallur Bjarnars.,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Sk. Thoroddsen,
	Valt. Guðmundsson.
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. við 13. gr. C. (261, nýr liður 18) felld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Einar Jónsson,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugss.,	J. Jónsson þm.A Sk.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Halldór Daníelsson,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Sighv. Árnason,
Jón Jónsson, Eyf.	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss,
Valt. Guðmundsson,	Þórður Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þórhallur Bjarnars.
	Þorl. Guðmundss.

Pjetur Jónsson, greiddi ekki atkvæði.

Breyt.till. við 13. gr. C. (261, nýr liður 19.) samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.-till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 16) samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.-till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 17) samþ. með 12 : 6 atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 18) samþ. með 12 : 5 atkv., breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 19) samþ. með 14 : 1 atkv.; breyt.-till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 20) samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 21) samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. 22 (262) samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 13. gr. C. (nýr liður 22) samþ. með 19 samhlj. atkv.; viðaukatill. við breyt.till. nefnd. (274) felld með 14 : 4 atkv.; breyt.till. við breyt.till. nefnd. (213 og 264) felld með 12 : 5 atkv.; breyt.till. við breyt.-till. nefnd. við 13. gr. C. (104 á atkv.-skrá) fallnar burtu; breyt.till. 4 á þingskj. 276 felld með 14 : 4 atkv.; breyt.-till. á þingskj. 277 felld með 12 : 3 atkv.; viðaukatill. á þingskj. 287 felld með 13 : 5 atkv.; 13. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 14. gr. frv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 15. gr. frv. samþ. í einu hlj.; breyt.till. nefnd. við 15. gr. (107 á atkv.skrá) samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jónsson, A.-Sk.
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss. þm. Eyf.	Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Valt. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	Þórð. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. nefnd. við 15. gr. (síðari liður undir Nr. 107 á atkv.skrá) samþ. með 19 samhlj. atkv.; 16. gr. frv. samþ. í einu hljóði; 17. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj.; 18. gr. óbreytt samþ. í einu hlj.; viðaukatill. nefnd. nr. 112 á atkv.skrá 1. liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; viðaukatill. nefnd. nr. 112 á atkv.skrá 2. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; viðaukatill. nefnd. nr. 112 á atkv.skrá 3. liður samþ. með 13 samhlj. atkv.; viðaukatill. nefnd. nr. 112 á atkv.skrá 4. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þrítugasti og fjórði fundur, föstudag 9. ágúst, kl. 5½ e. hád. Allir á fundi nema 1. þm. Húnv. (Bj. Sigf.), er tjáð hafði forföll.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald (C. 288); 3. umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu í deildinni, þá kom fram breyt.-atkvæði við það, sem fjekk svo mörg atkvæði, að mjer virðist engin þörf að halda um það langa tölu nú; jeg vona, að það fái góðan byr hjer út úr deildinni, í því formi sem það hefir nú, því það er byggt á sanngirni, eins og áður er tekið fram, að útflutningsgjald á blautu heilagfiski og kola sjeu 3 og 5 aurar af hverjum 100 pundum í samanburði við útflutningsgjald það, sem greitt er af verkuðum saltfiski.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga frv. þau, sem legið hafa fyrir deildinni síðan fjárlögin komu til umræðu. Mjer finnst, að þó jeg aðhylltist að færa nokkuð niður útflutningsgjald á þessum vörum, að niðurfærslan sje heldur mikil og get jeg því tæplega fallizt á það. Jeg hefði helzt óskað, að h. flutningsm. (Tr. G.) hefði leyft að taka málið út af dagskrá, því jeg hefði þá viljað koma með breyt.till., sem færi bil beggja, í stað þess að fella frumv. eða samþykkja það svona. En þegar breyt.till. var fyrir við 2. umr., bjóst jeg ekki við, að málið gengi fram með svona lágum tolli, en nú virðist mjer tími til að lagfæra það, svo að það geti orðið samþykkt.

Futningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg heyrði ekki, hverju h. þm. (P. J.) vildi breyta. Jeg hefi sagt og segi enn, að þetta er alveg í samræmi við það útflutningsgjald, sem er af saltfiski, 10 aurar af rúmum 100 pundum af verkuðum fiski, sem er sama og 30 aurar af 600 pundum af blautum fiski eða 320 pund af verkuðum saltfiski, og er þá hægt að sjá, að 200 pund af blautu heilagfiski samsvari nálega 100 pundum af verkuðum saltfiski; verður þannig útflutningsgjaldið tiltölulega sama af heilagfiski og saltfiski, en vegna þess að kolar eru miklu ódýrari fiskur er útflutningsgjaldið af honum að eins 3 aurar af 100 pundum.

H. efri deild getur breytt þessu og hækkað gjaldið, ef henni virðist það of lágt, en hjer sýnist mjer engin ástæða til að fresta umræðum til að gera breytingar við tollgjaldið.

ATKV.GR.: Málið samþykkt með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um rjett þeirra manna, er þjóðkirkjutrú hafa, til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. 175); 3. umr.

ATKV.GR.: Málið samþykkt orðalaust með 15 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1892—1893 (C. 172); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Hin eina breyt.till., sem nefndin fer fram á við þetta frumv., er, að peningaforði landssjóðs 31. des. 1893 sje talinn 235,948 kr. 27 a. í staðinn fyrir að í stjórnarfrumv. er hann talinn 230,210 kr. 75 a., sem er prentvilla, fyrir 239,210 kr. 75 aura.

Munurinn á þessum 2 upphæðum er, eins og sjest á nefndaráliti um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana (tölulið II. 35) 3262 kr. 48 a.; en hvernig á þessum mismun stendur, geta menn sjeð af brjefi landshöfðingjans 31. maí 1895, sem er prentað aptan við landsreikningana 1892 og 1893, því að þar skýrir landshöfðingi frá, að með því að fara lauslega yfir útgjaldabálk landsreikninganna árin 1882, 1883 og 1884 hafi hann komizt að raun um, að gleymzt hafi að telja með útgjöldum þessar upphæðir:

1.	í landsreikningnum	1882.	169,20
2.	- —»—	1883.	1324,95
3.	- —»—	1884.	1768,33
		Samtals kr.:	3262,48

Eins og jeg tók fram áðan, leggur nefndin til, að peningaforðinn sje talinn 135,948 kr. 27 a., en eptir jarðabókarsjóðsreikningnum og reikningsbók ráðgjafans, var hann í raun og veru að að eins 233,316 kr. 74 a. og er sá munur, sem þannig kemur fram, 2631 kr. 53 a., sem enn þá vantar að gera fulla grein fyrir.

Reyndar hefir hæstv. landshöfðingi í brjefi sínu 31. maí þ. á. tekið það fram, að þessi mismunur sje sumpart sprottinn af villum í fyrri landsreikningum, en ekki af því, að landssjóður hafi orðið fyrir neinu tjóni í viðskiptum við aðra sjóði. Þetta er að vísu sennileg tilgáta, en samt sem áður álítur reikningslaganefndin ekki rjett, að gengið sje þegjandi fram hjá þessari skekkju, heldur sje reynt að komast fyrir, hvernig á henni stendur.

Landshöfðingi: Jeg verð að eins að gjöra litla athugasemd út af orðum h. framsm. (Ól. Br.) Hann sagði, að sá mismunur, sem er á peningaforða landsjóðs í lögunum 2. nóv. 1885 og eins og hann átti að vera í raun og veru 31. des. 1881 muni vera *af villu í gömlum* landsreikningum, sem ekki er skýrt frá í brjefi mínu 31. maí 1895. Á þessum mismun mun standa svo, að í reikningssamþykktarlögunum fyrir árin 1880 og 1881, sem eru fyrstu lögin þar sem tekið er upp ákvæði um upphæð peningaforðans, þá var það ekki landshöfðingi heldur nefnd sú í neðri deild þingsins, sem valin var til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna, sem ákvað, hvað peningaforði landssjóðs ætti að vera við árslok 1881. En hvernig sú nefnd hefir fengið út kr. 47,105,01 í staðinn fyrir 44997,41 eins og landshöfðinginn hafði talið peningaforðann í árslok 1881 í 47. fylgiskjali við landsreikninginn fyrir það ár, er erfitt að rekja. Hvað komið hafi nefndinni til að ákveða hina hærri upphæð, hefir hvorki mjer nje hinum umboðslega endurskoðanda tekizt að finna út. Þó er kunnugt um eitt atriði, að landshöfðingi hjelt því fram, að 2000 kr. ölmusustyrkur til latínuskólans væri greiddur reikningslega, en nefndin vildi ekki fallast á að svo væri, og á þessari upphæð byggist aðalágreiningurinn um peningaforðann við árslok 1881.

Það er ekki ljóslega komið fram, hvorir hafa haft rjettara, landshöfðingi eða nefndin. Hinn umboðslegi endurskoðari hefir gjört sjer mikið far um að rannsaka þetta, en hvergi komizt að neinni vissri niðurstöðu. Jeg held, að óhætt sje að taka trúanlegt, að peningaforði landssjóðs hafi ekki verið meiri en landshöfðingi sagði 31. des. 1881.

Jeg held því, að rjett sje, að tiltaka nú peningaforðann eins og hann var í raun og veru við árslok 1893, þ. e. að ákveða hann kr. 233,512,79.

Framsögum. (*Ólafur Briem*): Að vísu játa jeg að mismunurinn á peningaforðanum, eptir því sem nefndin leggur til að hann sje talinn 235,948 kr. 27 a., og eptir því sem hann var í raun og veru 233,316 kr. 24 a., sje mestmegnis fólginn í því, að peningaforðinn í árslok 1881 er í reikningslögunum 2. nóv. 1885 talinn 2107 kr. 61 a. hærri en eptir skýrslu landshöfðingja á 47. fylgiskjali við landsreikninginn 1881. En mjer er spurn, hvort stjórnin hefir verið viss í sinni sök, að þáverandi reikningslaganefnd ákvæði skakkt peningaforðann. Ef henni hefði verið þetta ljóst, ímynda jeg mjer að hún hefði naumast lagt til, að reikningslagafrv. frá 1885 yrði staðfest. En með því að

ráða til staðfestingar á því, hefir hún viðurkennt upphæðina rjetta. Og af því leiðir, að hvenær sem hún vill fá þessu breytt, verður hún að koma með upplýsingar, sem nokkuð sje hægt að byggja á. En eins og yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa tekið fram, eru þær upplýsingar eigi komnar.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þó leiðrjett sje skekkja sú, er landsh. telur að slæðzt hafi inn í reikningslögin 2. nóv. 1885, þá munar enn 523 kr. 92 a. og að því er þá upphæð snertir er líklegt, að þann mismun megi finna með því að ganga nákvæmlega í gegn um landsreikningana síðan 1885. En meðan það er eigi gjört til hlítar, virðist ekki takandi í mál, að ákveða peningaforðann lægri en gjört er í breytingartillögu nefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að orsökin til þess, að reikningslagafrumvarpið frá 1885 var staðfest, þrátt fyrir mismun þann sem er á peningaforða þeim sem var í raun og veru í árslok 1881 og því sem ákveðið var á alþingi 1885, mun hafa verið sú, að þegar þau lög komu til umræðu á þingi var landshöfðingi sá sem samdi reikninginn 1881, farinn af landi burt, en hinn nýi landshöfðingi eigi nógu kunnur málinn og gat því ekki gert athugasemdir sínar við ákvæði reikningslaganefndarinnar.

Ef hinn fyrverandi landshöfðingi hefði ekki verið farinn og nýr kominn í hans stað, þykir mjer líklegt að ráðið hefði verið til að neita lögunum staðfestingar, úr því að peningaforðinn var ákveðinn öðruvísi í þeim en rjett var; en hinn nýi landshöfðingi hefir ekki verið svo kunnugur málinu, að hann þyrði að leggja það til, jafnvel þó það hefði verið rjettast; en mjer finnst að þegar upplýsist, að þetta er rangt, þá mætti nú laga það.

Jeg sje að hjer er ekki prentað sem fylgiskjal við landsreikningana skjal, sem er skýrsla frá hinum umboðslega endurskoðara um mismuninn á peningaforða landssjóðs eins og hann var í raun og veru í árslok 1885 og eins og hann er talinn í reikningssamþykktarlögunum fyrir árin 1884 og 1885. Af þeirri skýrslu má sjá, að sami mismunurinn á hinum sanna og hinum lögákveðna peningaforða, sem kemur fram í árslok 1893, var þegar til í árslok 1885, þannig að skekkjan er öll saman eldri en 1886. Eins og skýrt er frá í brjefi mínu 31. maí þ. á., sem prentað er aptan við landsreikninginn 1893, var mismunurinn á hinum sanna og hinum lögákveðna peningaforða í árslok 1893 kr. 5667,40, og í sama brjefi eru leidd rök að því, hvernig stendur á kr. 5370,09 af þessari upphæð: að kr. 2107,61 stafa frá því að peningaforðinn var oftalinn um þessa upphæð í árslok 1887, og að kr. 3262 48 a. stafa frá reikningsvillum í landsreikningunum 1882—1884. Hvernig standi á afganginum kr. 297,31 má líklega upplýsa með því að rannsaka betur landsreikningana 1882—1885, en jeg álít ókleyft nú að komast að raun um, hvernig standi á mismuninum á hinum sanna og hinum lögákvðna peningaforða, sem kemur fram í árslok 1881.

ATKV.GR.: I. Tekjur:

1.—22. tl. samþ. í einu hljóði.

II. Gjöld:

1.—11. tl. samþ. með 21 samhlj. atkv.

orðin «eignir viðlagasjóðs etc.« s amþ með 21 samhlj. atkv.

orðin «tekjueptirstöðvar etc.» samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till við peningaforða landssjóðs (177) samþ. með 16 samhl. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 176); 2. umr.

Framsögum. (*Ólafur Briem*): Að því er snertir viðaukatill. nefnd., sem sett var til að íhuga þetta mál, skal jeg taka það fram, fyrst og fremst viðvíkjandi liðn. a., sem er um 200 kr. til viðgerðar á hliði og grindum fyrir framan landshöfðingjahúsið, að nefndin viðurkenndi að þegar landshöfðingjahúsið þyrfti nauðsynlegra aðgerða við, þá ætti sá kostnaður að borgast úr landssjóði, en á hinn bóginn áleit nefnd. það sjálfsagt, þegar um viðgerðir í stærri stíl væri að ræða, að þá væri borin upp fyrir fram á þinginu fjárveiting í því skyni; en svona litlar fjárveitingar eins og þessi er áleit nefndin að gæti komið til veitingar á fjáraukalögum eptir á.

Þá er liðurinn b, — fyrir áhöld til kennarakennslu við Flensborgarskólann — 200 kr. — Nefndin hafði það að athuga við þessa fjárveitingu — sem fremur snertir form en efni hennar — að á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 voru veittar 500kr. til kennarakennslu við Flensborgarskólann; þar með sýnist þingið hafa látið í ljósi, hve mikið fje það vildi veita í þessu skyni, þessar 500 kr. en ekki meira. Og því þótti nefnd. landstjórnin hafa ofgert í því að veita meira fje til kennslunnar en þingið hafði til tekið og án þess að þessi aukafjárveiting hefði verið borin sjerstaklega upp áður. Á hinn bóginn kom nefnd. saman um það, að fjenu hefði verið varið í góðum tilgangi, og að það hefði komið að góðum notum, svo frá þeirri hlið skoðað hefði hún ekkert út á það að setja og hefir því lagt það til að þessi upphæð verði samþykkt.

Þá er lið. c — styrkur til að gefa út aths. við hagskýrslur Baldv. Baldvinssonar — 80 kr. Nefnd. fannst, það liggja nokkuð fjarri tilgangi fjárveitingarinnar í 16. gr. fjárlaganna að verja þar af fje til að gefa út ritgjörð, sem mönnum sýnist landstjórnin gæti látið sjer vera alveg óviðkomandi. Reyndar skal jeg játa það, að um það bil sem hagskýrslur B. B. komu út, þá var víða um land óánægja yfir framkomu höfundarins bæði í ræðum og ritum; nefndinni gat því vel skilizt það, að tilgangur landstjórnarinnar með að styrkja útgáfu þessara athugasemda væri sá, að draga úr áhrifum þeim er ritgjörð B. B. kynni að hafa, og hrekja þær öfgar, sem í henni eru.

Þá er liðurinn d. — fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu — 20 kr. Í sjálfu sjer er þetta lítil upphæð, og nefndin vill taka það fram, að í sama skyni hefir öðrum sýslumönnum verið veitt fje úr landssjóði, og ekki að því fundið. Reyndar mætti segja, að þessi fjárveiting sje óþörf, af því að sýslumenn gætu sjálfir lagt sjer til slíkar vogir, en af því að upphæðin er svo lítil, og hins vegar má gjöra ráð fyrir, að umrædd brjefavog fylgi sýslumannsembættinu, finnur nefndin ekki á stæðu til að leggja á móti henni.

Svo er liðurinn e — ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði — 143 kr. — Þessi síðasta upphæð fannst nefndinni vera næsta óviðfeldin. Hún gat ekki skilið, að landssjóður þyrfti að hlutast til um þetta mál, sízt á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Í brjefi biskupsins til landshöfðingja dags. 22. sept. 1893, sem um nokkra undanfarna daga hefir legið frammi á lestrarsalnum, er því sjerstaklega haldið fram til að rjettlæta útborgun þessarar upphæðar, að biskupnum hafi borizt kærur frá

söfnuðinum á Seyðisfirði móti hlutaðeigandi presti, og að það hafi getað komið til álita, að stefna þessum presti fyrir prófastarjett, eða að öðrum kosti, að biskup sjálfur færi í eptirlitsferð austur, til að kynna sjer málavöxtu. Jafnframt er það tekið fram í þessu brjefi, að ef biskupinn hefði tekizt slíka ferð á hendur, þá hefði kostnaður af henni, eins og af hverri annari vísitazíuferð, fallið á landssjóð. Enn fremur tekur biskup það fram, að það sje sanngjarnt, þó það sje ekki bein lagaskylda, að þessi kostnaður greiðist á sama hátt og kostnaður af vísitazíuferðum úr landssjóði, þar sem hann hefði sent prófast og prest til að kynna sjer þennan ágreining og stuðla að því, að gott samkomulag komist á milli safnaðar og hlutaðeigandi prests. Það er hvorttveggja, að þessi sáttaleitunarferð hafði engan árangur, enda finnst nefndinni það harla óviðfeldið, að teygja lagaákvæðin um vísitazíuferð biskups á þann hátt, sem hjer er gjört.

Annars vonar nefndin, að h. þingm. hafi kynnt sjer öll atvik þessa máls svo, að þeir sjeu færir um, að greiða atkvæði um það eptir málavöxtum.

Landshöfðingi: Eptir ræðu h. framsögumanns (Ól. Br.) hefi jeg ekki mörgu við að bæta. Jeg skal geta þess, viðvíkjandi staflið b í nefndarálitinu, að á fjárlögunum 1892 og 1893 var veitt viss upphæð til kennarakennslu við Flensborgarskóla, en sem eptir því, hvernig veitingin var orðuð, að eins var veitt til kennslunnar sjálfrar. Af því nú forstöðumaður kennarakennslunnar fór þess á leit við mig, að sjer leyfðist að útvega á kostnað landssjóðs þau áhöld, sem væru alveg nauðsynleg fyrir kennsluna, svo að hún gæti ekki orðið að tilætluðum notum, ef þau ekki fengjust, þá rjeðst jeg í að veita í því skyni 200 kr. af því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda; þetta gjörði jeg einkum af því, að mjer fannst þinginu 1891 vera hugarhaldið um það, að koma þessari kennslu á, og að hún kæmi að tilætluðum notum, og af því jeg hins vegar trúði forstöðumanni kennarafræðslunnar til þess, að áhöld þau, sem hann fór fram á að fá, væru alveg nauðsynleg til þess, að kennslan gæti borið tilætlaðan árangur.

Sama er að segja um staflið c. Jeg er á sömu skoðun og h. framsögum. (Ól. Br.), að það hafi verið nauðsynlegt, að hrekja kenningar B. B. hjer út um land, nauðsynlegt að benda fólki á það, sem er skakkt í þeim, svo það ekki trúi þeim í blindni; og af því að einn bóksali hjer í Reykjavík vildi taka að sjer að gefa út þessar athugasemdir fyrir 80 kr., sem er mjög lítið verð, þá áleit jeg óhætt, að veita þær af fje því, sem ætlað er til óvissra útgjalda; og það því fremur, sem það er hæpið að segja, hvað megi veita, og hvað ekki á þeim útgjaldalið, — ef ekki er brúkað fram yfir þá upphæð, sem veitt er alls. Það er hvergi tiltekið, hvað megi veita af þessum gjaldlið, enda hafa líkar fjárveitingar þessari áður átt sjer stað; það hefir t. d. verið veitt fje til að gefa út pjesa um sullaveikina og um bráðapestina, og var ekkert að því fundið.

Viðvíkjandi staflið d tók h. framsögumaður (Ól. Br.) það fram áðan, að kostnaður við útvegun brjefavoga handa sýslumannsembættum hefði áður verið borgaður af landsfje og ekki verið að því fundið, svo að jeg hef þar ekkert frekar að athuga.

Um staflið e skal jeg geta þess, að þær ráðstafanir, er biskupinn gjörði til að reyna að koma á sátt og samlyndi milli prests og safnaðar í Dverga-

steins prestakalli, og sem þessi kostnaður gekk til, voru mjög nauðsynlegar. Það var um há-vetur, og ekki takandi í mál fyrir biskupinn sjálfan að fara austur í eptirlitsferð á þeim tíma árs, enda mundi það hafa kostað landssjóðinn miklu meira en þá litlu upphæð, sem hjer er um að ræða.

Nýlega, fyrir 2 eða 3 árum síðan, hafði biskupinn verið þar á staðnum og leitað um sættir milli prests og safnaðar, og þá hafði gengið saman með þeim. En nú hjelt hann að samkomulag mundi geta komizt á, ef hann sendi 2 valinkunna presta til að leita um sættir. Nú áleit jeg það vera við urhlutamikið, ekki að borga ferðakostnað prestanna, ef ferð þeirra gæti orðið til þess, að sættir kæmust á; á hinn bóginn var ekki hægt að búast við því, að prestarnir færu þetta fyrir ekki neitt.

Annars er annar af þeim prestum, sem hjer er átt við, hjer í deildinni, og mun hann geta gjört frekari grein fyrir því, hvernig þessu máli víkur við.

ATKV.GR.: 2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.; 3. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Viðaukatill. nefnd. um nýja grein þingskj. (176): liður a samþ. í e. hlj.; liður b samþ. með 19 samhlj. atkv.; liður c samþ. með 14 : 7; liður d sþ. með 15 samhlj. atkv.; liður e samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Einar Jónsson,	Jón Jensson,
Eir. Gíslason,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Guðl. Guðmundss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Sig. Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen,
Halld. Daníelsson,	Valtýr Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Þórður Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Þórður Thoroddsen,
Tr. Gunnarsson,	Þórh. Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.

já:
Pjetur Jónsson,
Sighv. Árnason.

Hin nýja gr. samþ. í heild sinni með 18 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. nefnd. samþ. í e. hlj.; 1. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 218); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Jeg þarf ekki að taka neitt sjerstaklega fram við þessa fyrstu umræðu málsins; það er fyrst við 2. umræðu, sem hægt verður að ræða hin einstöku atriði.

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 8, 13. apríl 1894 (C. 241); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Gíslason): Tilefnið til þess, að jeg hefi komið með þetta frumv. er það, að jeg hefi fengið áskorun frá kjósendum mínum um það, að póstvegurinn frá Mýrunum og til Stykkishólms verði tekinn í tölu þeirra þjóðvega, sem nefndir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894. Eptir þeim lögum á kostnaður til þeirra vega að greiðast úr landssjóði. Hvað þennan veg snertir, úr Mýrasýslu til Stykkishólms, þá er hann mjög fjölfarinn, og liggur um þjettbyggðar sveitir. Auk talsverðra póstflutninga, er mikil umferð um hann báðar leiðir, og síðan gufubátsferðir komust á milli Reykjavíkur og Borgarness, er hann mjög fjölfarinn vestan úr Stykkishólmi og Snæfellsnessýslu til Borgarness og til baka aptur. Eins og mönnum er kunnugt, er þessi vegur mjög slæmur yfirferðar um meiri hluta Mýrasýslu og Hnappadalssýslu; vegir

eru þar verri en víðast hvar annarsstaðar á landinu, og vegagjörðir mjög kostnaðarsamar og seinfara. Að því er Snæfellsnessýslu snertir, hefir nú um mörg síðastliðin ár allt sýsluvegagjald þeirrar sýslu gengið til þess, að bæta póstveginn frá Stykkishólmi til Hítarár. Annarsstaðar í þessari sýslu hefir orðið að verja öðru fje til vegabóta. Það er því hin mesta þörf á, að þetta hjerað fái styrk til vegabóta af almanna fje. Við 2. umræðu fjárlaganna var það ráðgert, að leggja fje til brúar á Langá, sem er á þessu svæði. Mjer er nú kunnugt um, að í ráði er, að hafa brúna langt úr vegi frá þeim póstvegi, sem nú er farinn. En bæði fyrir vestan og sunnan ána er vegur mjög slæmur, eintómir forarflóar, sem ófært er yfir að fara Ef áin verður brúuð þar, þá þarf að bæta veginn beggja megin við hana, en til þess mun þurfa tugi þúsunda, svo þessi vegur geti heitað viðunanlegur, sjerstaklega fyrir vestan ána. — Ástæða kjósenda minna fyrir þessari beiðni er sú, að þeir ekki sjá sjer fært að koma í sýslunni á viðunanlegri vegagjörð án þess, að fá til þess styrk úr landssjóði. — Um allar sýslur liggja þjóðvegir, nema um Strandasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Þessar sýslur eru fremur fátækar, og að svo miklu leyti sem þær eigi geta sjálfar lagt fram fje til vegagjörða á þessum vegum, þá hljóta þeir að vera miklu verri en annarsstaðar. Að vísu eru vegir á Norðurlandi og Suðurlandi mun fjölfarnari en á þessu svæði, en þeim hefir líka verið lagt mikið fje úr landssjóði. Það er því eðlilegt og sanngjarnt, að hjeruðum þeim, sem hafa verið gjörð afskipta, verði gjört mögulegt að geta orðið aðnjótandi einhvers opinbers styrks til móts við önnur hjeruð landsins.

Þótt þetta frumv. verði samþykkt, þá get jeg þó varla búizt við því, að hjeruðin á þessu svæði fengju nokkurn verulegan styrk fyrst um sinn af opinberu fje til vegabóta; en jeg vona, að h. þingdeild kannist við, að frumv. er sanngjarnt, og hún þess vegna taki því vel.

Jens Pálsson: Það var dálítil athugasemd, sem jeg vildi gera út af þessu frumv. Frumv. fer fram á að gjöra breyting á 5. gr. vegalaganna 13. apríl 1894, þar sem slegið er föstu, hverjir skuli vera þjóðvegir; þessir þjóðvegir eru bæði langir og margir og langt þess að bíða, að þeir verði gjörðir góðir; en sú skylda liggur á landssjóði, að gera þá vegi færa. Hingað til hafa ekki verið peningar til þess; auk þess er með lögunum gefið fyrirheit um það, að þeir vegir, sem 5. gr. nefnir, skuli ganga á undan öðrum vegum. Það gæti því ekki orðið spurning um að leggja neitt fje til þessa vegar fyr en eptir nokkur ár — ef til vill mörg ár. Jeg álít því, að frumv. þetta sje of snemma upp borið, og skal því leyfa mjer að skjóta því til flutningsmanna, hvort þeir eigi vilji heldur taka frumv. aptur en eiga það á hættu að það verði fellt af deildinni.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get ekki orðið við þeirri ósk h. þm. Dal. (Jens P.) að taka frv. þetta aptur. Mjer finnst það svo sanngjarnt, að jeg vona, að það fái framgang. Það er engin ástæða gegn frumv. þó þjóðvegir sjeu miklir og þó langt kunni að verða þangað til þeir eru orðnir vel færir. Hitt er fremur á að líta, að hjer er um fjölbyggð hjeruð að ræða og mikil umferð um þennan veg, en hlutaðeigandi sýslusjóður fátækur. Auk þess er þess vel gætandi, að fyrir 25 árum síðan var það ákveðið, að þetta skyldi vera aðalpóstleið til Stykkishólms og þaðan

yfir Skógarströnd og Dali til Ísafjarðar. En í auglýsingu 1875 er ákveðið að póstvegurinn skuli liggja yfir Norðurárdal og Bröttubrekku. Í 5. gr. vegalaganna eru þjóðvegir miðaðir við aðalpóstvegi, og því hefir þessi póstleið orðið útundan, og það er því víst fremur að kenna hendingu eða ógáti en hinu, að hann í raun og veru hafi ekki átt að vera talinn með þjóðvegum.

Byggðirnar eru fjölmennar og vegirnir vondir. Og það er lítil sanngirni í því, að láta Mýrasýslu og Snæfellsnessýslu vera útilokaðar frá vegabótafje úr landssjóði. Jeg vona því að h. deild líti svo á, að það sje rjett, sem frumv. þetta fer fram á.

Jens Pálsson: Jeg held því fast fram, að þjóðvegir þeir, sem nefndir eru í 5. gr. vegalaganna, hafi forgöngurjett sem lögskipaðir þjóðvegir á undan þessum vegum. Meðan þeir vegir ekki eru búnir að fá nægilega viðgerð, verður þessi vegur að bíða. Jeg vil ekki breyta þeirri grundvallarreglu. Hins vegar álít jeg þó rjett af deildinni að styrkja einstöku fyrirtæki, svo sem brúna á Langá.

Landshöfðingi: Jeg er samþykkur h. þm. Dal. (Jens P.) um að þjóðvegir þeir, sem nefndir eru í lögum nr. 8, 13. april 1894, verði að ganga fyrir þeim vegi, sem frumv. fer fram á. H. flutningsm. (E. G.) gekk út frá því, að fyrst um sinn væri ekki að búast við, að fje yrði lagt til þessa vegar úr landssjóði, af því svo margt væri enn ógjört af þeim vegabótum, sem á landssjóði hvíldu. Afleiðingin af því að samþykkja þetta frumv. og gera það að lögum yrði því sú, að skylda sú, sem nú hvílir á sýslusjóðunum að gjöra við veginn, fjelli burt, og hins vegar gæti landssjóður ekki skipt sjer neitt af honum fyrr en hann væri búinn að gera við hina eldri þjóðvegi; vegur þessi yrði því miklu ver farinn eptir en áður, þar sem engin líkindi eru til, að neitt yrði gert við hann fyrst um sinn, ef frumv. væri samþykkt.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vil ekki ganga út frá því, sem h. þm. Snæf. (Eir G.) gerði, að ekkert fje verði í bráð lagt til þessa vegar úr landssjóði; heldur býst jeg við því, að verði frv. samþykkt, þá muni eitthvað verða lagt til hans. Það er fremur sprottið af gleymsku, að þessi vegur var ekki gerður að þjóðvegi, þegar vegalögin voru samþykkt, heldur en því, að það væri ekki rjett og sanngjarnt.

Flutningsmaður (Eiríkur Gíslason): Hæstv. landsh. sagði, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá yrði afleiðingin sú, að vegurinn yrði verri en hann er nú. Jeg geng út frá því, að þó frv. verði að lögum, þá verði þó fje ekki lagt að mun til þessa vegar úr landssjóði fyrst um sinn, enda varla til þess að ætlast, þar sem víða annarsstaðar þarf fyrst að verja miklu fje til vegabóta. En þó ekkert fje yrði fyrir hendi í landssjóði til þessa vegar, þá dettur mjer ekki annað í hug en að Myrasýsla og Snæfellsnessýsla mundu eptir sem áður leggja fram svo mikið fje til vegabóta á þessum vegi úr sýslusjóðum, sem þeim væri frekast unnt.

Landshöfðingi: Jeg efast um, að sýsluvegasjóðir megi leggja fje til þjóðvega eða neinna þeirra vega, sem landssjóður á að kosta. Í lögunum 1894 stendur að sýsluvegir skuli kostaðir af sýslusjóðum, en þjóðvegir af landssjóði. Þess vegna tók jeg fram, að afleiðingin yrði sú, að vegurinn yrði ver staddur eptir en áður, ef frv. yrði að lögum, þar sem ekkert fje yrði þá lagt til hans úr landssjóði. Og h. flutningsm. (E. G.) gjörði rjettilega ráð fyrir því, að ekki væri líklegt að fje úr landssjóði yrði lagt til þessa vegar að nein-

um mun fyrst um sinn. Til hvers er þá að samþykkja þetta frv.?

ATKV.GR. Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 8.

Tillaga til þingsályktunar um gagnfræðakennslu (C. 236); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Ein umræða samþykkt í einu hlj.

Þrítugasti og fimmti fundur,

laugardag 10. ágúst, kl. 11 f. hád. Allir á fundi.

Með því að hinn lögskipaði þingtími var liðinn í dag, mæltist forseti til þess, að landshöfðingi lengdi þingtímann eins og vandi væri til, og lengdi þá landshöfðingi þingtímann til laugardags 24. ágúst.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. 304, 307, 308, 312—319); 3. umr.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það segir sig sjálft, að þar sem flestum breyt.till. hefir verið útbýtt fyrst núna á fundinum, þá hefir nefndin ekki getað yfirvegað þær enn, og jeg get því ekki sagt um þær fyrir hönd nefndarinnar, nema að því leyti sem sumar þeirra lágu fyrir við 2. umr. En af því jeg get búizt við, að tveir fundir verði í dag, þá má gera ráð fyrir, að nefndin fái tíma til að tala sig saman um breyt.till. og taka ákveðna stöðu gagnvart þeim. Af þessum ástæðum mun jeg í þetta sinn að miklu leyti sleppa að tala um breyt.till., en geyma það þangað til síðar.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að flestar af þeim breyt.till., sem fjárlaganefndin hefir komið með við þessa 3. umr., eru upprunalega komnar frá öðrum, eða aðrir gefið tilefni til þeirra, en nefndin aðhyllzt þær í einhverri mynd; skal jeg nú gera nokkura grein fyrir þeim.

Við 2. umr. voru færðar ástæður fyrir fyrstu breyt.till. um skiptinguna á fje því, sem leggja á úr landssjóði til þilskipaábyrgðarfjelagsins við Faxaflóa og skal jeg ekki lengja tímann með að tala um það að nýju; orðfærið fælir nú engan frá að gefa þessari tillögu atkvæði.

Um aðra breyt.till. er líkt að segja; nefndin hefir dálítið lagað orðfærið, og líka komið fram með nokkra efnisbreyting við tillögu h. 1. þm. S.-Múl. (E. J.) um ferð augnalæknisins til Seyðisfjarðar. Nefndinni virtist rjettara, að læknirinn ætti kost á að ferðast bæði árin, ef hann kemur því við; hún leggur og áherzlu á það, að hann ferðist kring um landið og komi við á sem flestum stöðum. Það er að vísu ekki tekið fram í breyt.till., að ferðalag læknisins skuli auglýst fyrirfram, en nefndin gekk út frá því sem gefnu, að læknirinn mundi haga ferðum sínum eptir samráði við landshöfðingja, og að þær muni verða auglýstar rækilega fyrirfram, bæði til þess, að sjúklingar geti fengið að vita, hvenær hann er að hitta á hverjum stað á ferðum hans, og til þess að fyrirbyggja það, að sjúklingar fari ónýtisför til Reykjavíkur á meðan læknirinn er fjarverandi. Nefndin álítur það rjettast, að læknirinn færi fyrra árið til Seyðisfjarðar, því að þaðan hafa sjúklingar átt einna örðugast að ná til hans, og því mest þörfin að liðsinna þeim fyrst. Seinna árið gæti hann svo dvalið tímakorn á öðrum stað, t. d. á Akureyri. Nefndin tók styrkinn svo riflega til, að læknirinn gæti verið í burtu að minnsta kosti einn mánaðartíma hvort árið, og svo langan tíma áleit hún að hann gæti verið að heiman að skaðlitlu, ekki sízt af því að hann hefir nú

svo lengi verið búsettur hjer, og er því búinn að bæta mörgum í nálægum sveitum mein sín.

Þá hefir nefndin, samkvæmt því sem kom fram í ræðu hæstv. landshöfðingja, komið með viðaukatillögu við 12. gr. B. a., til þess að taka af vafa um það, hvernig greiða skuli verkfræðingi landsins ferðakostnað hans. Nefndin hafði fyrir sjer brjef verkfræðingsins um þetta atriði og kannaðist hún við það, að ósanngjarnt væri, að hann yrði að borga fæðispeninga úr sínum vasa, þegar hann ferðaðist með strandskipunum í landsins þarfir; en hún taldi það aptur sanngjarnt, að hann borgaði fæði sitt, þegar hann ferðaðist á landi. Nefndin hafði lagt það til og það var samþykkt við 2. umræðu, að hjeruðin gætu fengið aðstoð verkfræðingsins, þegar um stærri samgöngubætur væri að ræða, og þegar mætti missa hann frá annari vinnu í landsstjórnarinnar þjónustu, og jafnframt gerði hún ráð fyrir, að hjeruðin skyldu borga ferðakostnað hans í þeirra þarfir. En við nánari íhugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjettara mundi að landssjóður greiddi einnig þennan ferðakostnað, að svo miklu leyti sem verkfræðingurinn fengi ferðakostnað greiddan. Nefndin gjörir nefnilega ráð fyrir því, að það muni sjaldnast koma fyrir, að landsstjórnin láni hjeruðunum verkfræðing sinn til annara fyrirtækja en þeirra, sem landssjóður styrkti eða mundi styrkja að einhverju leyti, og þá er ekki nema eðlilegt, að hann styrki hjeruðin einnig að því leyti, að hlaupa undir bagga með að greiða ferðakostnaðinn.

Þá kemur næst nýr liður og gamall þó um styrkveiting til að fá póst fluttan með skipum fiskifjelagsins »Dan«. Þessi liður fjell með mjög litlum atkvæðamun við 2. umr., og höfuðmótbáran gegn honum þá var sú, að skilyrðin fyrir styrkveitingunni væri ekki nógu glögg og greinileg. Nú hafa skilyrðin verið löguð eptir bendingu frá framsögumanni samgöngumálanefndarinnar, svo að jeg vona, að »actíurnar« sjeu nú stignar fyrir þessum lið frá því sem var við 2. umr.

Styrkinn til útgáfu á kennslubókum við latínuskólann vill nefndin hækka um 200 kr., samkvæmt loforði því, sem hún gaf h. þm. Vestm. (V. G.).

Sama er að segja um 300 kr. styrkinn handa námspiltum við stýrimannaskólann. Nefndin hefir borið fram þá tillögu eptir áskorun h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.); hún hafði að vísu gert ráð fyrir að leggja það til, að styrkur þessi yrði 400 kr., en síðan hefir hún fengið upplýsingu um, að námspiltar á þeim skóla fengju allt að 200 kr. á ári af legati Fischers kaupmanns, og því vildi hún ekki fara hærra.

Þá kemur nýjung og veruleg breyting frá nefndarinnar hálfu, að því er snertir kvennaskólana á Norðurlandi. Nefndin hafði lýst því yfir í áliti sínu, að hún væri mjög hlynnt sameining kvennaskólanna á Norðurlandi, og í samráði við h. þm. Eyf. (Kl. J. og J. J.) hefir hún sett inn þennan póst um 2500 kr. fjárveiting til að byggja sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland. Nefndum h. þm. þykir þessi upphæð allt of lítil, en hærra vildi nefndin eigi fara. Hún gat fyrir sitt leyti aðhyllzt þessa fjárveiting, einkum af því, að hún sá, að hún hortði til sparnaðar. Nú eru 4400 kr. ætlaðar til beggja skólanna á Norðurlandi á ári. En væri skólinn að eins einn, þá má gjöra ráð fyrir, að eigi þyrfti að veita til hans í mesta lagi meira en 3000 kr. árlega, enda þótt hann bæði væri allstór og í góðu lagi. Nefndin taldi því þetta góðan búhnikk fyrir landið, úr því skólar

þessir á annað borð hvíla á landssjóði og ekki útlit fyrir, að breyting verði á því fyrirkomulagi fyrst um sinn. Annað mál er það, að eptir minum kunnugleik og eptir ummælum h. þm. Eyf. horfir málið svo við fyrir mjer, að jeg hefi litla trú á, að sameiningin komist á að svo stöddu og býst því ekki við, að styrkveitingin til húsbyggingarinnar muni koma til útborgunar á fjárhagstímabilinu. Þá er og farið fram á lítilfjörlega breytingu á síðari athugasemd inni við útborgun á styrknum til kvennaskólanna norðlenzku, sem stendur í sambandi við þetta sameiningarmál; þessi athugasemd verður að ná til beggja skólanna jafnt.

Þá hefir nefndin gert breytingar á skilyrðunum fyrir lánveitingunum aptan við frumvarpsgreinarnar. Þessar breytingar hefir hún gert eptir bendingum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) að því er lánin til þilskipakaupa snertir. En þegar hún fór að hagga við skilyrðunum á annað borð, þótti henni samræmilegast að láta breytinguna á skilyrðunum einnig ná til lána til tóvinnuvjela og ísfjelaga. Niðurfærslan á rentunum er að eins óveruleg og nemur ekki nema nokkrum hundruðum króna á ári. Oss nefndarmönnum þótti óþarfi að taka hærri vexti af landssjóðsfje til gagnlegra fyrirtækja í landinu en konunglegu skuldabrjefin gefa.

Mesta nýungin í skilyrðunum fyrir lánveitingu til þilskipakaupa er sú, að fara eptir dæmi Norðmanna í því, að leyfa að setja megi veð í skipinu sjálfu, er nemi allt að helmingi virðingarverðs þess, sje það í áreiðanlegri vátryggingu.

Önnur nýung er það, að þar sem áður hefir staðið að veita megi 4000 kr. til hvers einstaks manns, þá leggur nefndin nú til, að veittar sjeu 4000 kr. til hvers skips. Jeg hefi veitt því eptirtekt, að þetta var þannig orðað frá fjárlaganefndinni 1893, en breytt síðan, en nú er horfið að því aptur, af ástæðum sem fram voru teknar við 2. umr.

Loks hefir nefndin komið með breytingu á afborgunarfrestinum. Hún ræður til, að lánið sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. H. deild sjer, að nefndin vill, að afborgunarfrestur á lánum til þilskipakaupa sje að miklum mun styttur, og það telur hún til bóta. Það er óheppilegt, að hafa þennan borgunarfrest 28 ár, því að skipin eru einatt áður gengin úr sjer og það er harla óviðkunnanlegt og óþægilegt að þurfa að vera að afborga hlut eptir að hann er liðinn undir lok eða orðinn óhæfur til brúkunar. Þilskipalán þessi eru líka að öðru leyti veitt með þeim hlunnindum, að það ætti ekki að fæla menn frá því að taka þau, þótt borgunarfresturinn sje styttur. Sömuleiðis hefir nefndin ofurlítið stytt afborgunarfrestinn á lánum til tóvinnuvjela.

Fleira hefir nefndin ekki að athuga við breytingar sínar að svo stöddu. Hún ræddi um það sín á milli, að halinn á 13. gr. væri orðinn ærið langur, en þó varð ekki úr því, að hún legði til að klípa af honum. Sjálf hefir nefndin sjer það til rjettlætingar á dómsdegi, að þegar sleppt er þessum eina manni, er sendi til þingsins sinn biðjandi svein, er horfði á nefndina á hverjum degi meðan hún sat að störfum sínum, þá hefir hún ekki lengt 13. gr. með óþörfum og óverklegum fjárveitingum.

Að svo stöddu og af ástæðum, sem jeg gat um í upphafi ræðu minnar, sleppi jeg að minnast á breyt.till. þær, sem komið hafa frá h. deildarmönnum, en bið þess, að þeir sjálfir hafi talað fyrir þeim.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg á hjer tvær breyt.till., sem jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um. Fyrri breyt.till. fer fram á það, að við 10. gr. C. á eptir staflið 4 bætist nýr stafliður 5 «Til að kaupa »harmonia» í Prestsbakka og Langholtskirkjur 450 kr.»

Við 2. umr. var felld hjer í deildinni breyt.till., sem fór fram á það, að veita 800 kr. til þess að kaupa hljóðfæri í þrjár landssjóðskirkjur. Mjer heyrðist þá á h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (Þ. B.), að hann áliti í öllu falli að því er eina þessa kirkju snertir, að ekkert mundi vera á móti því að fje væri greitt úr landssjóði til að kaupa fyrir hljóðfæri í hana. En af því að hæstv. landshöfðingi taldi tormerki á því, nema því að eins að sjerstök fjár veiting kæmi til, þá hefi jeg komið með þessa breyt.till., en hefi þó fært upphæðina niður frá þeirri áætlun, sem gerð var í stjórnarfrv. og sem mun hafa verið byggð á skýrslu frá mjer til landstjórnarinnar. Jeg hygg að þessi lægri upphæð muni nægja, því að jeg hefi nú fengið þau skilríki, er sýna að hægt muni að fá gott hljóðfæri fyrir 250 kr. í nokkuð stóra kirkju og fyrir 200 kr. í smærri kirkju eins og Langholtskirkja er. Til þess að styðja mál mitt og til þess að rjettlæta fjárveitinguna, hefi jeg útvegað mjer skýrslu um nettotekjur kirkna þessara síðustu 10 ár; fyrir árið 1894 hefi jeg ekki fengið skýrslu.

Skýrslan er þannig:

Prestsbakkakirkja:	Langholtskirkja:
1884 kr. 64,71	1884 kr. 99,43
1885 — 94 81	1885 — 64,64
1886 — 92,14	1886 — 48.01
1887 — 81,96	1887 — 39,58
1888 — 50,00	1888 — 43,72
1889 — 70,42	1889 — 25,38
1890 — 83,31	1891 — 45,71
1891 —150,90	1892 — 60,52
1892 —128,12	1893 — 61,85
1893 — 84,00	

Eptir þessu verða nettotekjur Prestsbakkakirkju að 10 ára meðaltali 88 kr. 3 a. á ári, og nettotekjur Langholtskirkju á sama hátt um 50 kr. á ári. Á þessu tímabili hefir landssjóður mjer vitanlega ekki varið neinu til Prestsbakkakirkju, nema 750 kr., sem veittar voru á fjárlögunum 1891—92 til þess að leggja þak á hana fyrir. Mjer finnst að fyrst enginn portionsreikningur hefir verið haldinn fyrir kirkjuna, og fyrst hún á hinum síðasta áratug hefir haft jafnmiklar nettotekjur og jeg sýndi fram á, þá sje það skylda landstjórnarinnar að gjöra reikning fyrir viðskiptum landssjóðs við kirkjuna; á meðan það er ekki gjört benda allar líkur á, að hún muni eiga meira en harmoníumsvirði í landssjóði. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ef sjerstakur reikningur hefði verið haldinn fyrst fyrir Kirkjubæjarklausturskirkju, og síðan fyrir Prestsbakkakirkju, þá mundi hún eiga töluverðan sjóð. Mjer finnst því að hjer þurfi í raun rjettri ekki að fara bónarveg, heldur sje hjer um lagaheimting að ræða. Um Langholtskirkju er það að segja, að 1890 var þar gjört við þil og skrá og eitthvað fleira smávegis; þetta er sú eina viðgjörð, sem jeg veit til að hún hafi fengið síðan hún var byggð 1863 og sá eini kostnaður, sem til hennar hefir gengið, þangað til nú á þessu ári á að verja 500 kr. til viðgjörðar á henni. Það er auðsætt að þar sem tekjur hennar hafa verið hátt á sjötta hundrað kr. á síðustu 10 árum og að sama skapi þar á undan, þá á hún sömu heimtingu og Prestsbakkakirkja á að fá hljóðfæri borgað úr landssjóði. Það tjáir ekki að slá því fram að byggingarkostnaður kirknanna hafi verið svo mikill, að tekjur þeirra verði að ganga um aldur

og æfi til að borga hann; slíkt nær engri átt.

Sömu skyldur hvíla og í raun og veru á landssjóði gagnvart Þykkvabæjarkirkju; nettotekjur hennar eru undir 40 kr. á ári, og líkindi fyrir að hún geti staðið ein 50—60 ár enn. Þó hefi jeg ekki farið fram á að hljóðfæri væri keypt í hana að þessu sinni, af því að hún er tekjuminnst þessara þriggja kirkna og söfnuðurinn fámennur. Þess er að geta, að auk þess sem meðferð landssjóðs á kirkjum hans er ranglát gagnvart kirkjunum, þá er hún þó enn ranglátari gagnvart söfnuðunum. Bruttotekjurnar eru svo miklu meiri en nettotekjurnar, af því að öll stjórn og umsjón kirkna þessara er stórum dýrari en bændakirknanna. Söfnuðurinn verður þannig að gjalda töluverð gjöld, sem eigi kemur kirkju hans að neinu haldi. (J. J. þm. Eyf.: Hversvegna taka þá söfnuðirnir kirkjurnar ekki að sjer?) Já, hversvegna taka söfnuðirnir þær ekki að sjer? Af því að þeir eru ekki fremur en aðrir söfnuðir skyldir til þess, nema þeir vilji; og það er engin ástæða fyrir þessa söfnuði að taka að sjer kirkjurnar meðan landssjóður gjörir þær eins úr garði og hann gjörir. Jeg get ekki annað sagt en að þær sjeu smánarlegar útlits, tjörubikaðar eins og hjallar, margskjöldóttar innan eins og málningin á veggjunum væri útflúruð með skrípalegum draugamyndum; altaristafla er eigi til nema í einni þeirra og hún ekki stærri en svo að jeg býst við, að ef þar væri þjófgefinn meðhjálpari, þá gæti hann stungið henni í vasa sinn og borið hana burt svo ekki bæri á. Fyrir einni kirkjunni er brotin skráin. Jeg hefi sjálfur komizt í að opna hana með nagla. Ekki er um ljósahjálma að tala í kirkjum þessum, heldur er kertunum tildrað á tólgaða trjestaura. Þetta er útbúnaðurinn á landssjóðskirkjunum og þetta er eptirdæmið, sem hann gefur öðrum. Mjer þætti það hrein og bein vansæmd fyrir söfnuðina að láta dengja upp á sig slíkum hjöllum. Það má nærri geta, hvort ekki mætti t. d. gjöra Prestsbakkakirkju sæmilega úr garði, þar sem hún hefir yfir 200 kr. í bruttotekjur á ári. Jeg vona, að hver sem vill líta á málið hlutlausum augum, sjái hve rjettmæt tillaga mín er.

Þá skal jeg víkja að síðari breyt.till. minni við 12. gr. C. b. um styrkinn til gufubátaferða. Ástæðan fyrir því að jeg hefi komið fram með þessa breyt.till er sú, að síðan 2. umr. fór fram hefi jeg átt tal við útgjörðarmann gufubátsins Elínar, og borið mig saman við þá h. þm., sem hjer eiga einkum hlut að máli, og niðurstaðan hefir orðið sú, að rjett væri að reyna að fá þessa breytingu fram. Það er samdóma álit vort að ekki geti orðið svipað því fullt gagn af ferðum hins fyrirhugaða fjórðungsbáts á svæðinu frá Ölfusá og að Jökulsárósum. Fjórðungsbátarnir hljóta að hafa ákveðna og dagfasta ferðaáætlun, en af slíkum bátum er ekki hægt að hafa verulegt gagn á þessu svæði; vjer verðum að hafa báta, sem sætt gæti lagi, og beðið eptir hagstæðu veðri, og það er varla um annað að gjöra fyrir þessar sýslur en að semja við gufubátseiganda líkt og nú, að láta bát sinn hlaupa austur með ströndinni á dálítið óákveðnum tíma, láta ferðaáætlun hans hlaupa á 6—8 dögum. Þannig löguðum ferðum gæti ekki einn bátur sinnt, sem ætti að hafa undir alla ströndina frá Borgarnesi austur að Vík. Nú stendur svo á, að austanmenn hafa gjört samning við gufubátseiganda á Eyrarbakka um að láta bát sinn fara 4—6 ferðir fyrir 1200 kr. frá Reykjavík og austur með ströndinni; á þessu sama vilja hlutað-

eigendur geta átt kost framvegis. Útgerðarmaður Elínar hefir skýrt mjer frá því, að útgerð á stærri bát en Elín borgaði sig ekki, nema styrkurinn væri hækkaður, og því væri ekki tiltalsmál að halda úti stærri bát nema með töluvert hærri styrk. Reyndar bjóst hann við að eigi mundi verða ráðizt í að útvega stærri bát fyrra árið, þótt styrkurinn yrði aukinn, en hann gaf all sennilega von um að það mundi geta orðið síðara árið, ef styrkurinn hækkaði svo að hann yrði 8000 kr. alls eða 6000 kr. úr landssjóði og 2000 kr. frá hjeruðunum. Nú vil jeg mælast til að 7500 kr. yrðu veittar til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi; mætti þá ætla 1500 kr. til gufubátsferða í Árnessýslu og Rangárvallasýslu og 6000 kr. til gufubáts á Faxaflóa og til Vestmannaeyja og Víkur. Fyrir oss Skaptfellinga kæmi það sjer betur að sameina oss við Faxaflóabátinn; vjer getum meir bundið oss við dagfasta ferðaáætlun en hinar tvær sýslurnar.

Jeg vona að það reynist heppilegt fyrirkomulag, ef það kemst á, sem jeg hefi hjer farið fram á, og jeg treysti því, að kröfur vorar þyki ekki of háar, þar sem jeg sje að tveim öðrum fjórðungum eru ætlaðar 10,000 kr. hvorum til gufubátsferða.

Guðjón Guðlaugsson: Vegna þess að jeg á breytingartill. með nokkrum öðrum h. þingm. á þingskj. 316, ætla jeg að taka til máls.

Viðvíkjandi 1. lið breytingartill., þá er það að eins viðauki til skýringar, sem þar er farið fram á, en af því að enginn hefir haft á móti henni, álít jeg ekki þörf, að fara um hana fleiri orðum.

Hvað snertir 2. lið breytingartill., er fer fram á, að færa niður tillagið úr landssjóði til akbrautanna um 5000 kr. á ári, þá ætla jeg að fara um það nokkrum orðum og það því fremur, sem mjer var ekki leyft að svara mótmælum, er komu gegn mjer við 2. umræðu. Það er ekki til neins fyrir menn, að reyna að þvinga mig til að þegja, ef jeg vil eitthvað segja, og það er þýðingarlaust að skera niður umræður á einu stigi málsins, þegar svo allar hinar sömu umræður koma fram og jafnvel miklu lengri á öðru stigi þess, enda helber rangindi af þeim, sem greiða atkvæði með umræðuskurði, þegar þeir sjálfir hafa talað eins og þeir hafa framast leyfi til, en fyrirmuna svo öðrum að svara þeirra og annara útúrsnúningum.

Það voru nokkur mótmæli, sem ræða mín fjekk við 2. umr., en mjer fannst þau ummæli öfgar einar og útúrsnúningur, og fyrir utan efnið, og ekki vera reynt að hrekja ummæli mín með nokkrum gildum rökum. Fyrstu mótmælin voru frá h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) gegn því, að akbrauta-trúin væri að rjena hjá mönnum út um land. Jeg skal ekki gera mikið úr því, hvort hún er rjett eða röng. En það er eitt víst, að nú er trú þessi mjög lítil, og hafi hún ekki rjenað, sýnir þetta, að hún hefir aldrei mikil verið frá upphafi. Til sönnunar þessu get jeg tekið það fram, að á þremur þingmálafundum, sem jeg var á, hafa komið fram sterk mótmæli gegn akbrautunum.

Jeg átti leið um Norðurland í vor, og gæti jeg sagt sögu úr þeirri ferð af samtali, er jeg átti við mann í Norðurlandi. Jeg spurði hann, hvaða álit hann hefði á akbrautunum. Bað hann mig afsökunar, því þótt hann hefði áður greitt atkvæði með þeim, mundi hann nú greiða atkvæði á móti þeim. Hann tók dæmi af sjer sjálfum. Hann kvaðst eiga 10 hesta, sem hann endilega þyrfti að hafa til þess, að reiða heyið á af engjunum, sem að nokkru leyti náðu

til fjalls, færri kvaðst hann ekki komast af með, til að geta flutt heyið heim af engjunum. Hann kvaðst ekki þurfa aðra aðdrætti en úr kaupstað tvisvar á ári, og færi hann þá með alla hestana, og vera einn dag að heiman í hvort sinn, þ. e. sama sem hann þurfi tuttugu hestburði úr kaupstað yfir árið. Og svo bætti hann við: »Væri nú akbraut heim að túninu hjer úr kaupstaðnum, þyrfti jeg ekki 10 hesta til hvorrar ferðar, heldur að eins tvo, en þá yrði jeg líka að kaupa kerru og aktýgi, og mundu það svara til verðs á 3 hestum. Auk þess yrði jeg að leggja akbraut af aðal brautinni, heim að heimili mínu. Árangurinn af akbrautinni fyrir mig yrði þá að eins sá, að jeg gæti látið 8 af hestum mínum vera ónotaða þessa 2 daga ársins, því 2 hestar dygðu þá til hvorrar ferðar«. Og þegar þessi maður getur talað þannig, þar sem hann er þó þannig settur í sveit, að akbrautin, ef hún væri komin á, lægi fáa faðma fyrir neðan tún hans, hvað munu þeir þá segja, sem búa langt fram í afdölum, og sem verða fleiri mílur frá akbrautinni, t. d. íbúarnir í Húnavatnssýslu, sem búa framarlega í Vatnsdal, Svínadal og Langadal, en þó einkum þeir sem búa fram í Blöndudal og Svartárdal. Hvaða gagn skyldu þeir annars hafa af akbraut, sem lægi af Blönduósi og vestur í Miðfjörð eða Hrútafjörð? Ekki meira en vjer Strandamenn eða jafnvel Ísfirðingar, því flestir þessara dalabúa mundu aldrei stíga fæti sínum á akbraut þessa, en hún mundi þar á móti gjöra þeim það ógagn, að gleypa allt það fje, sem hugsanlegt væri, að sýslan fengi til vegabóta, og jafnframt það fje, sem önnur hjeruð væru verðug fyrir að njóta, og hefðu brýnustu þörf fyrir.

Hvernig finnst nú h. þingdeild skoðun þessa manns, sem greiddi þó atkvæði með akbrautunum fyrir 2 árum. Finnst h. þm. þetta vottur um sterka og staðfasta trú á nytsemi akbrautanna sem slíkra? (*Klemens Jónsson*: Honum hefir snúizt hugur furðu fljótt). Má vera, að hann hafi aldrei verið sterktrúaður í þessu efni, en skynsamleg yfirvegun hefir komið honum á þessa sannfæringu, sem hann hefir nú, og álít jeg það engan galla, enda er maður þessi fullkomlega eins skynsamur og þingmenn að meðaltali munu vera, en hafa nokkuð meira af praktisku viti, og sömuleiðis verður honum ekki með sönnu brugðið um hviklyndi. En hann sagðist líka hafa gefið atkvæði með þessum vegalögum af því þau væru stór rjettarbót frá hinum eldri lögum, sem voru enn óskynsamlegri, og þetta hygg jeg að hafi verið ástæðan hjá fleirum. Nafn mannsins hirði jeg ekki að nefna, en ef menn geta leitað hann uppi, mun hann hafa einurð og drenglyndi til þess að kannast við orð sín. Þótt þau hjeruð, sem vegalögin gefa loforð um akbrautir, missi ekki algjörlega trúna á nytsemi þeirra, eða láti ekki trúleysi sitt í ljósi við þingið, þá finnst mjer það engin sönnun, því þar sem akbrautirnar eru vegir, sem að öðrum kosti ekkert væri lagt til úr landssjóði, þá er það auðvitað, að hjeruðin geta þegið að fá akbrautir, svona alveg fyrir ekkert, því altjend má þó nota þær sem reiðvegi, og af þessari ástæðu get jeg trúað því, að Eyfirðingar hafi einhvern neista þessarar akbrauta-trúar, og jeg efast valla um, að hún styrkir töluvert sannfæringu hinna h. þingm. Eyfirðinga, en þó þykist jeg sannfærður um, að Eyfirðingar, ef þeir ættu kost á að velja um, hvort þeir ættu að fá slíka fjárupphæð, sem akbraut þeirra mundi kosta, til hennar

eða annars, sem til framfara leiddi, og sjerstaklega ef það leiddi til annara endurbóta á samgöngum, að þeir þá mundu láta akbrautina dragast aptur úr. Jeg veit líka, að þeir mundu að sjálfsögðu vilja leggja eitthvað af þessari upphæð í veg, en að það væri endilega akbraut efast jeg stórlega um. En nú verður það að vera akbraut eða þá ekkert, og það er það sem ræður útslaginu.

H. 1. þm. Kjósar- og Gullbr. (Þ. Th.) mælti líka á móti því, sem jeg sagði við 2. umræðu þessa máls, og í sama streng tóku h. 1. þm. Árn. (Tr. Gunn.) og h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.), en orð þeirra voru einber útúrsnúningur. Þeir sögðu allir, að það væri ógjörningur, að hætta við hálf-búið verk, akbrautir þær, sem þegar væri byrjað á. Þetta kalla jeg að snúa út úr. Þm. Strandam. hefir aldrei farið fram á það, að hætta við hálfgjörða vegi nje nema vegalögin úr gildi, þó jeg mælti á móti því, að leggja svona mikið fje til akbrautanna næsta ár. Það er allt annað, að lækka fjárveitinguna, en að nema lögin úr gildi.

H. 1. þm. Kj.- og Gullbr.s. (Þ. Th.) kom með þá spurningu, hví jeg hefði ekki komið með breytingartill. um að fella þessar 50 þús. kr. til akbrauta alveg úr frumvarpinu, en bæði vissi hann það vel sem samnefndarmaður minn í fjárlögunum, að jeg fór aldrei fram á slíkt, enda hefði það og verið heimskuleg tilraun, þar sem uppástunga samgöngunefndarinnar fjekk eins mikil mótmæli í nefndinni, sú uppástunga að færa upphæðina niður í 60,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og svo veit þingm. líka, að vjer fjárlaganefndarmenn gerðum oss það að reglu, að koma ekki með breytingartillögur við fjárlögin aðrar en þær, sem nefndin sjálf stakk upp á.

Jeg þarf annars ekki að svara h. 1. þm. Kj.- og Gullbr. (Þ. Th.), því jeg ímynda mjer, að mótmæli hans hafi ekki verið nema spaug eða jeg á að álíta það öfgar, sem ekki eru svaraverðar. Hann sagði að jeg hefði komizt að rangri niðurstöðu með Sunnlendingafjórðung, er jeg bar saman, hve mikinn hluta hann hefði af fje því, er ætlað væri til samgangna, því Suðurland hefði engin not af strandferðunum, en í sambandi við það skal jeg geta þess, að það, sem til strandferðanna hefir gengið, er svo hverfandi stærð, að það hefir enga þýðingu, er sýnt er fram á, hvað mikið fje Suðurland hefir til samgangna í samanburði við hina fjórðunga landsins. En að Sunnlendingafjórðungur njóti einskis eða sama sem af strandferðafjenu er svo miklar öfgar, að ekki er þörf að svara þeim.

Sömuleiðis sagði h. 1. þm. Kj.- og G. (Þ. Th.), að í samanburði mínum hefði átt að sleppa yfirstandandi fjárhagstímabili, en ekki bæta því við, og taka heldur lengra fram í tímann, og þá mundi annað hafa orðið uppi á teningnum. Þetta er ekki rjett, því jeg álít, að jeg hefði átt að taka meira að segja með næsta fjárhagstímabil.

H. 2. þingm. Árn. (Þ. G.) sagði, að sumu af þessu fje væri sökkt niður í Svínahraun, en bæði kemur það ekki þessu við, og svo mun þetta tæplega vera rjett, því skýrsla mín byrjaði ekki fyr en 1888, en jeg hefði gjarna vilja byrja fyr, en gat það ekki vegna þess, að greinileg fylgiskjöl um þetta atriði eru ekki í eldri landsreikningum. En hefði jeg getað tekið lengra fram í tímann, þá mundi mismunurinn heldur hafa orðið meiri heldur en minni.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að vegalögin væru ekki nema 15 mánaða gömul. Jeg þarf ekki að svara því, því það var enginn að spyrja um

skírnarseðilinn þeirra. En hann sagði líka þau einu orð af viti, sem töluð hafa verið gegn ræðu minni í þessu máli, og það var að hann sagði, að því meira fje sem lagt væri til akbrautanna hjer austur á þessu fjárhagstímabili, því fyr yrðu þær búnar, og því fyr gætu þá aðrir fjórðungar fengið þetta akbrauta hnoss. Þetta játa jeg að er orð af viti; en aptur á móti finnst mjer að það sje athugavert, sem hann sagði, að þegar þessar akbrautir væru búnar, þá gætum vjer Vestfirðingar fengið vorar akbrautir, því þar sem hann vissi svo vel, hvað vegalögin voru gömul, þá hefði hann átt að vita, að í þeim er engin abbraut nefnd í Vestfirðingafjórðungi, en hvað endurbætur á póstleiðum snertir, þá þola þær ekki biðina þangað til Sunnlendingar geta ekki þegið meira fje til sinna vega. En þar sem hann segir, að Árnessýsla sje búin, þegar lokið sje við veginn milli brúnna og veginn austur að Þingvelli, þá er það ekki alveg rjett. Það er furða, að hann skuli ekki þekkja betur efni vegalaganna úr því hann veit svo vel aldur þeirra. Mjer finnst þeir h. þm. ekki hafa athugað vegalögin, sem segja að akbrautirnar sjeu rjett búnar í Sunnlendingafjórðungi. Jeg veit ekki betur en að ein akbraut eigi að liggja hjeðan úr Reykjavik austur í Rangárvallasýslu, og þótt búið væri að gjöra veginn milli Ölfusárbrúarinnar og Þjórsárbúarinnar, þá er akbrautin ekki búin fyrir því, því Þjórsá er eins og menn vita milli Árness- og Rangárvallasýslu. Hún getur því ekki talizt búin, þó hún komist austur að Þjórsá, það er austur að Rangárvallasýslu, því í lögunum stendur, að hún eigi að liggja austur í sýsluna, og á fundargjörðum Rangvellinga sje jeg, að þeir vilja fá nú þegar fje til framhalds þessa vegar fyrir austan Þjórsá. Jeg skal líka játa það, að þessi braut austur í Rangárvallasýslu hefir meira skynsamlegt við sig en allar hinar, þar sem hún bæði liggur hjer frá höfuðstað landsins og fellur líka saman við þjóðveg, er landssjóður á að kosta. Þá er önnur akbraut, sem á að leggja samkvæmt 2 gr. vegalaganna úr Reykjavík austur að Geysi, en nú er töluvert eptir af henni, meðan hún er tæplega komin austur að Þingvöllum, og það er skaði, ef þingið hættir við hana hálfgjörða, svo ekki sje hægt að koma því vörumagninu austur að Geysi, sem þangað þarf að komast. Það er illt fyrir þetta vörumagn, ef hætt væri við þetta verk hálfgjört um lengri tíma.

Þá er 3. brautin, sem á að liggja frá Eyrarbakka upp Árnessýslu. Hvaða olnbogabörn eiga nú þessar brautir að vera, ef á að hætta við að leggja þær? Og á hverju er það nú annars byggt, að akbrautir Sunnlendingafjórðungs sjeu búnar, þegar Geysisbrautin er að eins komin að Þingvöllum, Hellisheiðarbrautin að eins að Þjórsá, Eyrarbakkabrautin ekki byrjuð og Borgarfjarðarbrautin heldur ekki byrjuð; það er sannarlega ekki byggt á vegalögunum.

Aðalgallinn á þessum vegalögum er, að hlutaðeigandi hjeruð þurfa ekkert fje að leggja til akbrautanna. Jeg skyldi með ánægju hafa samþykkt fjárveitingar til akbrautanna, ef svo væri ekki. Jeg kom með breyt.till. við vegalagafrumv. í E. d. 1893 þess efnis, að hlutaðeigandi hjeruð legðu til 1/6 kostnaðarins, en það fjell með 5 atkvæðum móti 6. Ef þetta ákvæði hefði komizt á, væri ekkert út á vegalögin að setja. Því þó það væri ekki mikið, sem hjeruðin þyrftu að greiða að tiltölu við landssjóð, væri það þó næg sönnun fyrir því, að þau mundu ekki æskja akbrautanna nema þar sem þær gætu komið að einhverju gagni. Þegar þau sæktu ekki allt fje til þeirra í lands-

sjóðinn. En eins og þessi akbrautaákvæði eru nú í vegalögunum, álít jeg þau einhver hin óhyggilegustu ákvæði í löggjöf vorri.

Þá er jeg kominn að 3. breyt.till. minni á þingskj. 316, að færa upp fjárveitingu þá, sem ætluð er til þjóðvega, upp úr 20,000 kr. í 25,000 kr. Reyndar stendur breyt.till. þessi ekki í neinu föstu sambandi við hina fyrri, og menn geta gjarna samþykkt þessa, þótt menn felli hina fyrri, en jeg kom með þá fyrri vegna þess, að jeg vissi, að sumir kynnu að álíta, að landssjóður væri ekki fær um, að hækka á öðrum stað nema lækkað væri á hinum, en hins vegar er lækkunin mjer ekki eins mikið kappsmál og hækkunin, og þar að auki er það ein ástæðan til þess, að jeg kem með lækkunarbreyt.till. að mjer var ekki leyft að tala við 2. umr. En jeg sje líka nokkurn kost, sem getur leitt af því, að þingið leggi sem mest til akbrautanna, og hann er sá, að þingið á þann hátt kynni að sprengja sig á vitleysunni.

Það er tekið fram í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar, sbr. aths. stjórnarinnar við fjárlagafrumv., að það fje, sem ætlað er til þjóðvega, muni mest-allt ganga til aðgjörðar á póstveginum í Norður Múlasýslu næsta fjárhagstímabil, en fjárlaganefndin áleit nauðsynlegt að hækka þessa fjárveiting um 10,000 kr. vegna nauðsynlegra vegabóta á Grjóthálsi í Mýrasýslu og Geiradal í Barðastrandarsýslu, en jeg get fullvissað h. þingd. um, að fullnægjandi vegabætur á báðum þessum stöðum verða ekki gjörðar fyrir 10,000 kr., og þar við bætist að það er alveg óhjákvæmilegt, að gera við póstveginn í Dalasýslu, einkum yfir hinar svo nefndu Harastaðamýrar, og þá get jeg fullvissað h. deild um, að 10,000 kr. duga ekki. Til að gjöra veg um Geiradal þurfa að minnsta kosti 4—5000 kr., og til að gera við mýrarnar í Dalasýslu þarf líka um 4—5000 kr., sem landstjórnin hefir ekki munað eptir, og svo mun víðar á póstvegum, að viðgerðir þurfa. Jeg vona því, að menn samþykki þessa breyt till., þótt menn felli hina.

Í sambandi við vegakaflana, sem jeg nefndi að þyrfti að endurbæta í Barðastrandar- og Dalasýslum datt mjer í hug svigurmæli h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.); þar sem hann talaði á þá leið, að jeg af hreppapólitík vildi fá fje til vegagjörða og brúalagninga í Strandasýslu, þá held jeg, að jeg standi eins vel að vígi og hann með að sanna, að jeg tali ekki af eigingirni fyrir mitt hjerað, þar sem jeg fer ekki fram á einnar einustu kr. fjárframlag fyrir Strandasýslu sjerstaklega, hvorki til vega, brúa, nje annars, en jeg fer fram á fjárhækkun til þjóðvega á öllu landinu, en hefi vitanlega sjerstaklega fyrir augum þörfina í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, en fyrir þau hjeruð er jeg þó ekki þingmaður, fremur en Árness- eða Rangárvallasýslur. Þarflaust var líka fyrir þingmanninn að vera að grobba af brúnum á Þjórsá og Ölfusá í sambandi við þetta mál, því að jeg hefi aldrei talað eitt orð á móti þeim og greiddi mjög viljugur atkvæði með Þjórsárbrúnni 1893, enda álít jeg þær dýrgripi, þar sem þær eru til ómetanlegs gagns fyrir hlutaðeigandi hjeruð og og landsmönnum til sóma, og það er svo fjarri mjer, að jeg vildi óska að brýr þessar, sem eru sannir dýrgripir, þar sem þær eru, væru komnar norður í Strandasýslu, þar sem þær væru einkisvirði að heita mætti, að mjer þætti það grátlegt tilfelli. Öll þessi orð þingmannsins eru því út í hött.

Jens Pálsson: Jeg býst við, að aðrir en jeg tali um þær breytingar, er jeg er við riðinn, svo að jeg sleppi þeim.

Sú sem jeg sjerstaklega ætla að tala um og færa ástæður fyrir, er sú á þingskj. 312, og er fólgin í því, að farið er fram á 300 kr. hækkun til búnaðarskólans í Ólafsdal hvort árið.

Við 2. umr. hefi jeg tekið það fram, að meðal annars, sem þessi skóli hefði skarað fram úr hinum búnaðarskólunum í, væri, að þar hefði verið og væri aðal-smíðastöð nauðsynlegra jarðyrkjuverkfæra, og hingað til eini staðurinn, sem meiri háttar verkfæri til þeirra hluta væru smíðuð á í landinu, vagnar, plógar og herfi, auk annars. Og það er að þakka framkvæmdarsemi þess manns, sem hefir veitt skólanum forstöðu, — en þetta hefir ákaflega mikla þýðingu fyrir framfarir allar í jarðyrkju hjer á landi. Það má því ekki eiga sjer stað, að þessi verkfærasmiðja falli niður, því hvaðan á þá að fá verkfærin? Það er einmitt búnaðarskólastjórinn sjálfur, sem hefir smíðað þar, en sá maður er orðinn roskinn, kominn á sextugsaldur, og því álít jeg nauðsynlegt, að fenginn væri maður, sem kynni vel til verkfærasmíða, og gæti stundað þær allt árið. Slíkur maður mundi sjálfsagt verða nokkuð dýr. En jeg treysti því, að alþingi sjái sanngirni í því, að sá maður, sem hefir staðið svo vel og lengi í stöðu sinni, sem búnaðarskólastjóri Vesturamtsins, fái dálitla hvíld frá einu af sínum mörgu og umsvifamiklu störfum, — þó það kosti 300 kr. Og þessi maður hefir áreiðanlega með framkvæmdum sínum unnið landinu ómetanlegt gagn. Hann ætti ekki að slíta sjer út með sleggjum í smiðjunni fyrir tímann, heldur geta fengið mann, sem getur kennt lærisveinunum smíðar undir umsjón hans. Það stendur nú svo á, að einn af lærisveinum hans, sem hann hefir kennt sjerstaklega slíkar smíðar, og hann hefir talið sem einna efnilegastan allra sinna lærisveina í þeirri mennt, — hefir sótt um styrk til verkfærakaupa, en sú beiðni gat engar undirtektir fengið, enda mun hafa þótt óvíst um framkvæmdirnar af hendi umsækjanda. Þess vegna hefir mjer hugkvæmzt, að gera skólastjóranum í Ólafsdal það mögulegt, að geta tekið þennan mann sjer til aðstoðar, til þess að landsmenn geti fengið hin veigameiri verkfæri fljótt og þurfi ekki ýmist að bíða eptir þeim sjer til skaða eða sækja þau til útlanda. Hann einn kemst ekki yfir að smíða öll þau tól, sem hann er beðinn um, og það vita fleiri en jeg, hvað það getur komið búendum bagalega, ef þá vantar verkfæri. — Ef þetta fje væri veitt, þá mundu landsmenn eiga hægra með að fá sjer jarðyrkjufæri, og það fljótar en nú er kostur á, smíðuð í landinu sjálfu; jeg treysti því, að h. deild sjái nauðsyn þessa og maklegleika þessa manns, er hjer á hlut að máli, og að hún sjái svo um, að hann geti haldið fram þessu nytsemdarverki, og þurfi ekki að slíta sjer út fyrir tímann.

Jeg álít mig svo eigi þurfa að tala meir um þessa breyt.till. að sinni. En jeg treysti því, að h. fjárlaganefnd taki málið til íhugunar nú milli funda og verði því hlynnt.

Klemens Jónsson: H. þm. Strand. (G. Guðl.) hefir haldið hjer langa ræðu og ýtarlega um akbrautir og hefir hann með miklu kappi leitazt við að sýna fram á, hve vitlaus akbrautahugmyndin sje, og að menn ættu sem fyrst að hverfa frá þessari vitleysu. En jafnframt þessari langloku sinni notaði hann tækifærið til þess að hella sjer út yfir vissa menn í deild., einkum mig, og má ekki minna vera, en að jeg kvitti fyrir það.

Hann talaði mjög ýtarlega um einn þingmann, sem hefði snúizt hastarlega í þessu máli, sem hefði greitt óhikað atkvæði með þeim á síðasta þingi, en

strax iðrazt eptir það, en það er ekki ótítt að menn snúist hastarlega í hinum stærri málum; upp á það höfum við haft mörg sorgleg dæmi einmitt nú á þessu þingi, og auk þess sannar eitt dæmi harla lítið.

Aðalkjarninn í ræðu hans var þessi, að ef einhverjir ekki hafi misst trú á akbrautunum, þá væri það af því, að það kæmi þeirra kjördæmum til góða. Og sjerstaklega sneri hann máli sínu til okkar þingm. Eyfirðinga, og vændi okkur þess, að við mundum eigi vera svo fastir fylgismenn akbrautanna, ef við ættum ekki von á þessu hnossi úr landssjóði handa Eyjafjarðarsýslu. Orð hans í þessu efni fóru langt út yfir þau takmörk, sem tíðkast eða viðgangast á nokkru þingi; það hefði eigi verið nema alveg rjett, þó forseti hefði sett ofan í við hann. En ef maður vildi, þá mætti snúa orðunum til sjálfs hans, að hann stæði svo fast á móti akbrautum, af því að engin von er til, að þær geti komizt á í hans hjeraði, Strandasýslu, og þó að jeg með fullum rjetti gæti einmitt borið h. þm. (Guðj. G.) þetta á brýn gagnvart hans ósæmilegu aðdróttunum til okkar þingmanna, sem leyfum oss að hafa aðra skoðun á þessu máli en hann, þá skoðun, sem við höfðum á þingi 1893 og allur þorri þingmanna þá, þá vil jeg þó ekki geta þess til, heldur ætla jeg að ímynda mjer, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) sje á móti þessari fjárveiting af því, að hann er ekki nógu kunnugur. Ef hann væri nógu kunnugur í Eyjafjarðarsýslu, þá hlyti hann að geta sjeð, að þar er ákaflega mikið gagn að þvílíkri braut, þar sem er að ræða um mjög fjölmennt og þjettbýlt hjerað, er brautin mundi liggja um, hjer um bil eptir miðri sveitinni.

Annars er þetta mál svo mikið rætt, að engin ástæða er til að byrja ræður um þetta á ný; það er of mikið að gera til þess að fara að vekja umræðurnar frá 2. umr. upp aptur. En jeg vísa með öllu frá mjer dylgjum h. þingm. Strand. (Guðj. G.), af hvaða hvötum jeg ekki hefði breytt um skoðun mína á akbrautum.

Þá eru tvær breyt.till., sem við berum upp, þingm. Eyfirðinga, ásamt nokkrum öðrum h. þm.. sem að öllum líkindum fá góðan byr, af því þær fara báðar fram á fjárlækkun. Fyrri tölulíður fer að eins fram á að lækka styrkinn til Skúla Skúlasonar niður í 500 kr. til samræmis við styrk til hinna annara listamannaefna, sem teknir hafa verið inn á fjárlögin nú. Og vænti jeg að hún verði heldur samþ. en breyt.till. á þingskj. 324, er fer fram á að fella hann. Mjer er annars óskiljanlegt, hví ráðizt er á þennan eina mann; jeg gæti skilið í því að vilja fella þá alla, styrkina til þessara listamannaefna, en hitt er mjer óskiljanlegt, að taka þennan eina mann fyrir, sem þingið þar að auki hefir síðferðislega skyldu til að styrkja, fremur hinum, eins og margopt er búið að taka fram. Og auk þess hefir Skúli ágæt vottorð frá kennara sínum og ýmsum öðrum merkum mönnum.

Þá er hinn liðurinn breyt.till. á þskj. 315, er fer fer fram á að styrkurinn til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum verði ekki bundinn við neinn ákveðinn mann, og verði lækkaður niður í 800 kr. hvort árið. Eptir því sem jeg þekki til ætla jeg að sú upphæð sje nægileg, og það mun vera heppilegra að binda hana ekki við neinn tiltekinn mann. Jeg ímynda mjer, að sá maður, sem tiltekinn er í stjórnarfrumv., sje vel hæfur til þess að verða styrksins aðnjótandi, en eins og kunnugt er eru 4 sýslur lausar sem stendur, og ekki ólíklegt, að hann sækti um einhverja þeirra. Nú mun það ekki vera

meiningin að hann haldi styrknum með sýslunni og styrkurinn yrði þá að vera bundinn því skilyrði, að hann hjeldi þeirri stöðu, sem hann nú hefir, en slíkt skilyrði ætla jeg hvorki gagnlegt nje þægilegt. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að styrknum verði haldið, ef frv. um lagaskóla, sem nú liggur fyrir h. Ed. gengur þar í gegn; jeg er viss um að það verði samþ. hjer, og útlit er fyrir að það nái konunglegri staðfesting. Sje svo, þá er óhjákvæmilegt að styrkja lögfræðing til að undirbúa sig undir stöðu við skólann. Því er nauðsynlegt að veita fje til þess á fjárlögunum, en jeg álít heppilegast að binda hann ekki við vissan mann, enda sjálfsagt að stjórnin veiti hann þessum manni, svo framarlega sem hann getur þegið hann vegna anna.

Fleiri breyt.till. á jeg ekki, og finn enga ástæðu til að ræða aðrar breyt. Þó skal jeg geta eins, að þegar jeg talaði móti auknum styrk til Bókm.fjel., bar jeg þá spurningu upp fyrir framsögum. (Þórh. Bjarnars.), hvaða stórræði fjelagið hefði með höndum, er gæfi ástæðu til að hækka styrkinn, og sömuleiðis beindi jeg sömu spurningu til h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), viðvíkjandi Þjóðvinafjelaginu. H. formaður Þjóðvinafjelagsins veitti því máli svör, þó þau væru alls ekki fullnægjandi, en um Bókm.fjel. fjekk jeg engar upplýsingar. Því þykir mjer vænt um að breyt.till. kom fram í þá átt að lækka styrkinn til þess, og gef henni atkvæði mitt. Jeg hefi enga minnstu ástæðu til þess að hækka hann; reyndar hefi jeg heyrt fljúga fyrir, að það væri vegna Bíflíuljóðanna, en því fremur er jeg á móti hækkuninni, — ekki af því jeg efist um að ljóðin verði hin beztu, og landinu og bókmenntum vorum til sóma, heldur af því jeg álít að Bókmenntafjelagið eigi ekki að gefa út slíkar bækur, þó það kunni að hafa komið fyrir áður, að fjelagið hafi gefið út bækur líks efnis.

Jón Þórarinsson: Jeg hefði helzt óskað, að jeg hefði enga breyt.till. þurft að flytja við fjárlögin við þessa umr. En af því að jeg hefi orðið var við eptir atkvæðagreiðsluna, að einn liður hefir fallið, af því 1 eða 2 þm. greiddu atkvæði móti honum af misskilningi, þá hefi jeg tekið upp þessa breyt.till.: «Til styrkveitingar handa þeim er próftaka í uppeldisfræði 30 kr. 300—300».

Jeg skal taka það fram til skýringar, að það er gert ráð fyrir, að þrír kennarar verði við skólann framvegis, þó að þess sje ekki getið, að tillag til skólans sje aukið til þess að bæta 3. kennaranum við. En það var nauðsynlegt að fá 3. kennarann vegna þess, að bæta á einum bekk við, sjerstaklega til þess að mennta barnakennara. Þessir menn fá, eins og menn vita, mjög lítið í aðra hönd, svo að það er ekki heimtandi mikill tími eða fje til undirbúnings undir starf þeirra. Þó er sem stendur heimtað af þeim lengri dvöl á skólanum en þeim sem ganga á realskólann einan. Fyrirkomulagið verður þannig, að þeir, sem ganga tvo vetur í realskólann, verða að vera að auki 1 vetur í kennaraskólanum, og taka þar barnakennarapróf. Þar að auki verður þetta próf ekki haldið fyr en 14. maí, og verða kennaraefnin því að vera við nám sitt arðsamasta tíma ársins, vetrarvertíðina. Og þess vegna er hjer farið fram á þennan lítilfjörlega styrk til þess að vega upp á móti fjármissinum, er lærisveinarnir verða fyrir af því að hverfa frá atvinnu sinni.

Það mætti búast við því, að jeg sem forstöðumaður þessa skóla færi fram á, að honum væri gert jafnt undir höfði og öðrum skólum, hvað ölmusustyrk áhrærir. Það hefi jeg þó ekki gert af

þeirri ástæðu, að það er mín skoðun, að óþarft sje að veita ölmusu þeim vinnandi piltum, sem ganga í skóla vetrarmánuðina til þess að afla sjer almennrar menntunar. Að vísu hefir Flensborgarskólinn nú um mörg ár verið sá eini skólinn — að fráskildum barnaskólum, sem ekki hefir haft ölmusur að bjóða sínum nemendum. En það hefir ekki verið honum til neinnar fyrirstöðu; aðsóknin hefir verið fullnóg samt, yfir 40, svo að ekki hefir verið rúm fyrir fleiri. Mín skoðun er, að enginn slíkur skóli eigi að þurfa að kaupa menn til þess að nota þá kennslu, er þeir bjóða; það er fullnóg, að nemendur fái fría kennslu.

En öðru máli er að gegna um þá skóla, sem búa menn undir ákveðna stöðu, veita nemendum þekkingu, sem þeim er nauðsynleg til þess að þeir geti tekið að sjer ákveðin störf í þjónustu ríkisins. Þeir ættu að hafa styrk að bjóða þeim, sem búa sig undir það starf í ríkinu, sem þeir eiga að takast á hendur. Eptirleiðis kennir skólinn þjónum ríkisins, barnakennurum, og þess vegna er farið fram á þennan styrk, en hann kemur ekki til útborgunar eins og sjá má af breyt.till., fyr en þeir, sem verða hans aðnjótandi, hafa sýnt, að þeir eru hans maklegir.

Jeg vona, að þegar h. deild hefir athugað þetta, þá sannfærist hún um, að það er meiri ástæða til að veita þennan lítilfjörlega styrk en nokkurn annan, til hvaða skóla sem er í landinu, hvort heldur er Möðruvallaskólinn, kvennaskólarnir eða latínuskólinn.

Jeg hefi tekið eptir því, að nú er flutt breyt.till. í þá átt, að fella burt 200 kr. af 400 kr. og 200 kr. seinna árið, sem veittar eru til áhaldakaupa. Flutningsm. þessarar breyt.till. var ekki við, þegar 2. umr. fór fram; jeg gerði þá glögga grein fyrir því, hve nauðsynlegar þessar upphæðir eru; jeg geri ráð fyrir, að hann hefði ekki fundið ástæðu til að koma með þessa breyt.till., ef hann hefði heyrt ástæður mínar. En nú skal jeg á ný gera grein fyrir, hvílíkur skaði það er fyrir kennsluna, ef þessi styrkur er felldur burt.

Deildin hefir þegar viðurkennt, að kennarafræðsla er nauðsynleg, og fallizt á, að hún ætti að vera fyllri en hingað til hefir verið, — en þá verður um leið að viðurkenna, að það er nauðsynlegt að leggja það til, sem ekki verður hjá komizt til þess að sú kennsla geti verið í lagi. Skólinn á að veita kennaraefnunum æfingu í því að kenna börnum með þeim kennsluáhöldum, sem ætla má að engum barnaskóla sje ofætlun að eignast. Hann þarf því sjálfur að eiga þessi kennsluáhöld. En hingað til hefir hann ekkert árlegt fje haft til að kaupa áhöld fyrir, eins og aðrir skólar, sem hafa haft sama verk að vinna, en að eins í tvö skipti fengið fje til þess, 200 kr. hvort skiptið. Það er ekki til neins að fá barnakennurum áhöld í hendur, ef þeir ekki kunna að nota þau, en það er kennaraskólans verk að kenna þeim það.

Þess vegna þarf Flensborgarskólinn sem kennaraskóli áhalda, sem annars eru notuð í barnaskólum. Jeg veit, að þeir sem dálítið þekkja til skólahalds munu kannast við þetta, og fyrir þeim þarf jeg ekki að skýra það.

Nú, en þessar 200 kr. umfram fyrra árið eru nauðsynlegar vegna þess að það þarf að bæta við nýjum bekkjahanda börnum, þar sem kennaraefnin geta æft sig; þar þarf að setja borð og bekki eptir nýjustu tízku, svo að til fyrirmyndar sje fyrir aðra skóla. Þessi upphæð fyrra árið verður því notuð til þess að útbúa fyrirmyndar barnaskóla í skólahúsinu. Og vona jeg að mönnum skiljist það, að þegar kennaraefnin

umgangast á hverjum degi áhöld, sem hentugust eru til kennslu, þá læri þeir meira af því en af margra tíma fyrirlestrum um sama efni.

Hjer er þá um það að gera: Á að veita þessar 200 kr., og eiga það víst, að kennaraefnunum gefist fyrir þær kostur á að sjá með eigin augum, hvernig barnaskóli á að líta út, eða á að spara þær og verða þá af þeim notum, sem fyrirmyndarskóli gæti veitt?

Hvað aðra liði undir þessum staflið snertir, veit jeg að deildin stendur við það sem hún hefir gert í fyrra dag, enda sje jeg ekki, hvaða ástæður geta verið komnar síðan, til þess að greiða atkvæði í móti þeim.

Um aðrar breyt.till. skal jeg ekki tala, svo að jeg tefji ekki umr. Að eins skal jeg geta þess, að af ógáti hefir orðið »alþýðu-« fengið að standa; hjer flyt jeg breyt.till. um, að það falli burt.

Þm. segja opt, að þetta og þetta sje þeim ekki kappsmál. Jeg get ekki sagt hið sama um ölmusustyrkinn til kennaraefnanna; þó að þessi upphæð sje lítil, þá er mjer það kappsmál, að kennaraefnum sje ekki gert lægra undir höfði en öðrum, og það er þeim gert, ef þeir fá engan styrk.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla fyrst að minnast á breyt.till. nefnd. við 11. gr. C. 4. um að breyta orðalaginu í skilyrðisgreininni fyrir ferðastyrknum til Björns Ólafssonar augnalæknis. Jeg var á móti því við aðra umr. að styrkurinn væri einskorðaður við Seyðisfjörð, og er því nefndinni þakklátur fyrir breytinguna.

Viðvíkjandi breyt.till. við 12. gr. C, f, um 5000 kr. styrkinn til fiskifjelagsins »Dan«, skal jeg geta þess, að jeg við 2. umr. fjárlaganna greiddi atkv. á móti honum af því mjer þótti skilyrðisgreinin þá svo óákveðin. En þegar slík skilyrði eru sett fyrir styrknum, sem hjer er gert, þá get jeg verið með honum. Póstsambandið við útlönd útheimtir, að fastákveðin ferðaáætlun sje auglýst fyrirfram með nægum fyrirvara. Að vísu er hægt að skilja nægan fyrirvara á ýmsa vegu. Jeg hefði heldur kosið, að það hefði verið tekið fram, að það skyldi auglýst um allt land og erlendis, t. d. í Kaupmannahöfn og jafnvel í Ameríku. En jeg vona samt, að stjórnin taki það fram, þegar hún semur við fjelagið, að fardagar skipsins sjeu auglýstir hjer og erlendis.

Þá er breyt.till. þm. Húnv. (B. Sigf.) um að lækka styrkinn til áhaldakaupa handa Flensborgarskólanum fyrra árið og fella hann burt síðara árið. Jeg tók það fram við 2. umr., að mjer þætti það skrítið, ef landssjóður ætti að kosta bæði kennaraskóla, gagnfræðaskóla og barnaskóla. H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) tók nú fram, að barnakennsla ætti að fara fram í skólanum. En jeg verð nú að vera á sama máli og hann með það, að ef kosta á kennslu á þessum skóla úr landssjóði, þá verði hún að vera að gagni, og úr því það er nú samþ. að kosta kennarakennslu þar, þá álít jeg nauðsynlegt að áhöld sjeu keypt til skólans, og verð því að greiða atkv. með þessari fjárveiting.

Þá er breyt.till. þm. V.-Skaptf. (G. Guðm.) um að færa styrkinn til gufubáta upp í 7500 kr. Jeg minntist á þetta við 2. umr., en vil þó tala betur um það nú. Þm. fór nokkrum miður velvöldum orðum um mig, sagði að jeg lifði upp í loptinu, en hjeldi mjer ekki við hið praktiska í lífinu. Jeg tek ekki með þökkum slík ummæli. Enda veit jeg að allir eru ekki á sama máli og hann með það. Jeg er honum þó

þakklátur fyrir að styðja tillögu samgöngumálanefndarinnar og fjármálanefndarinnar um fjórðungabátana með þeim upplýsingum, sem hann gaf um »Elínu« og fólks- og vöruflutninga með henni árin 1893 og 1894, og sýnir það ljóslega, að nefndin hefir ekki farið of frekt í með stærð bátanna, að ætla rúm á þeim fyrir 25 farþega, þar sem Elín hefir að meðaltali 1893 flutt 39 farþega í hverri ferð milli Reykjavíkur og Garðs og 51 milli Reykjavíkur og Borgarness og enn fleiri 1894. Hvað farmrúmið snertir, þá hafa vöruflutningar milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal farið svo í vöxt, að þm. tók það fram, að æskilegt væri að fá stærri bát. Jeg held nú að þessar upplýsingar hans sjeu greinileg sönnun fyrir því, að þessir bátar svona stórir sjeu nauðsynlegir og að ekki sje takandi í mál að hafa minni báta, ef mögulegt er að fá svona stóra báta. Jeg skal viðurkenna það, að þessi tillaga er á rjettum rökum byggð. En jeg get þó ekki ásakað mig fyrir það, þó jeg ekki minntist á þetta að fyrra bragði, þegar jeg tek tillöguna til greina undir eins og jeg fæ upplýsingar um, að styrkurinn verði að vera sjerstakur til þeirra hjeraða, af því þau geti ekki notað stærri bát. Upplýsingarnar eru nægilegar, og jeg greiði atkv. með breyt.till. En jeg hefði óskað, að viðbótin við skilyrðisgreinina hefði fallið í burt eða orðazt öðruvísi. Jeg hefði viljað fyrirbyggja að »Elín« væri notuð, því jeg álít hana óhæfa til mannflutninga.

Jeg gerði ráð fyrir því við 2. umr. fjárlaganna, að koma með breyt.till. um, að styrk handa tannlækni yrði haldið í fjárlögunum, og hefi nú gert það. Það voru fleiri, sem álitu þetta æskilegt og þar á meðal hæstv. landsh., og jeg finn því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það atriði, en vona að tillagan fái góðan byr.

Þá er breyt.till. við 13. gr. B. III. c. um styrkinn til fimleikakennarans. Jeg tók það fram við 2. umræðu málsins, að þetta væri ekki styrkur til neins einstaks manns — þótt hinn núverandi fimleikakennari auðvitað njóti styrksins — heldur miðaði þessi styrkur til þess, að gera kennsluna í þessari grein að einhverju verulegu gagni, því eins og hún nú er, er hún tómt kák. Jeg álít, að fimleikakennslan sje ekki að eins gagnslaus, eins og hún nú er, heldur jafnvel ef til vill til skaða. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vildi ekki kannast við það, en jeg held því fast fram. Að eins loptið í húsinu, þar sem kennslan fer fram í, er skaðlegt fyrir heilsu piltanna. Það væri talsvert betra fyrir piltana að ganga sjer »túr« upp á Öskjuhlíð í fimleikatímanum. Jeg veit ekki, hvaða þýðingu það á að hafa, að hafa þá kennslu við latínuskólann, sem er allsendis ónýt, en kostar þó talsverða peninga árlega. En því vilja þeir menn, sem eru á móti þessari fjárveiting, þá ekki hreinlega hætta við leikfimiskennsluna? Þeir segja að hreifingin, sem fáist við æfingarnar, sje góð, en jeg segi, að hún geti verið skaðleg, þegar hún ekki er byggð á þekkingu á byggingu líkamans og heilsufræðinni. Í útlöndum er hún byggð á þessu hvorttveggju, hreifing hvers vöðva er nákvæmlega reiknuð út, og hreifingarnar eru látnar fylgja hver annari eptir heilsufræðislegum reglum. Styrkurinn, sem nú er veittur til leikfimiskennslunnar, er því til einskis gagns og jafnvel til skaða, og það þarf því að veita meira fje til þessarar kennslu, ef þeim peningum á eigi að vera kastað í sjóinn. — En jeg játa það, að þessi styrkur, sem hjer er farið fram á, er ekki nógur; það

þarf að bæta kennsluáhöldin og húsrúmið m. fl. En ekki kemur það til neinna mála, að kosta upp á neitt af þessu fyr en betri þekking er fengin á sjálfri kennslunni og nytsemi hennar, því fyr vita menn ekki, hverra áhalda þarf með.

Jeg er sannfærður um, að ef 1. þm. N.-Múl. (E. J.) kæmi inn í leikfimishús ytra, þá mundi hann sannfærast um, að kennslan hjer væri ekki einungis þýðingarlaus og gagnslaus, heldur jafnvel skaðleg — verri en ekki neitt.

Þá eru breyt.till. á þingskj. 316 og 4 breyt.till. á þingskj. 318 um lækkun á tjárveitingunni til akbrautanna og um styrkinn til járnbrautafræðingsins.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók það fram við 2. umræðu, að hann hefði ekki orðið þess var, að áhugi manna á akbrautum væri farinn að rjena. En í 3 þingmálafundargjörðum er mælt á móti akbrautum, og í öðrum er ráðið til að láta þær bíða; þetta sýnir, að áhugi manna bæði á austur- og vesturlandi er farinn að rjena á því, að leggja mikið fje til þeirra. Samgöngumálanefndin fór fram á, að styrkurinn til akbrauta væri færður niður í 30,000 kr., en framsögum. fjármálanefndarinnar (Þ. Bj.) sagði við 2. umr., að það væri nauðsynlegt að veita alla þessa upphæð, til þess að hægt væri að ljúka við þær brautir, sem þegar væru byrjaðar; á þetta fjellst samgöngumálanefndin. En svo á nú að byrja á akbraut milli brúnna á Ölfusá og Þjórsá, sem gert er ráð fyrir að muni kosta um 55,000 kr. Þessi braut hefði gjarnan mátt bíða. Eða því var ekki farið fram á það strax í fyrstu, þegar beðið var um fje til að byggja brýrnar, að það þyrfti líka 55,000 kr. eða meira fyrir brú á milli þeirra? Þessi akbraut mætti vel bíða eitt fjárhagstímabil, því hafi hingað til verið hægt að komast af án akbrautar yfir Flóann, þá verður það eins hægt næstu 2 árin í hið minnsta. Og það var aldrei meining okkar, að verja ætti því, sem afgangs yrði Þingvallarbrautinni, til þessarar brautar.

Í sambandi við þetta skal jeg taka það fram, að svo framarlega sem járnbrautir verða lagðar hjer á landi, svo hljóta þær að verða lagðar austur á bóginn og þá eflaust einnig milli brúnna á Ölfusá og Þjórsá. Það er því ekki hyggilegt, að sökkva þessu fje niður í Flóann, áður en menn hafa leitað sjer upplýsinga um, hvort járnbrautir verði lagðar hjer. — Mundu menn ekki sjá eptir þessu fje, ef það sýndi sig, að það væri mögulegt. Jeg álít því, að þessi braut milli brúnna ætti að bíða fyrst um sinn. Þó það kunni að vera óþægilegt að hafa ekki akbraut þar, þá er það ekki óþægilegra nú en áður og eigi verra fyrir þessar sveitir að fara á mis við hana en margar aðrar, sem enga vegabót fá. Jeg vil því styðja breyt.-till. um að styrkurinn sje færður niður í 40,000 kr.

Það var mikið rætt um styrkinn til járnbrautafræðingsins við 2. umræðu, og að lokum var hann felldur. Jeg hefi nú að eins stungið upp á 4000 kr. Jeg veit auðvitað ekki, hvort það er nóg, en sama get jeg sagt um 5000 kr., jeg veit heldur ekki, hvort sú upphæð yrði nægileg. Upphæðin er því fremur sett af handahófi, þó jeg eptir lauslegri áætlun ætli, að það mætti fá mann fyrir 4000 kr., og ef til vill jafnvel minna.

Jeg sýndi fram á það við 2. umr., hvaða kosti járnbrautir hefðu fram yfir akbrautir.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hjelt, að járnbrautir yrðu dýrari hjer á landi en annarsstaðar; en jeg held þvert á móti, að þær kosti ekki meira hjer, og jeg held jafnvel, að þær mundu kosta minna

hjer en í öðrum löndum. Allur sá kostnaður, sem í öðrum löndum gengur til þess að kaupa land undir brautirnar, mundi sparast hjer.

Í Noregi, þar sem kostnaðurinn við gerð mjóbrautanna hefir reynzt frá 19—20 þúsund kr. fyrir hvern kílómeter, hefir á 5. þús. kr. gengið til að kaupa grunn undir brautirnar og girðingar fram með þeim. Þessi kostnaður mundi sparast hjer að öllu eða mestu leyti og munar það eigi litlu, þar sem þetta nemur undir 40 þús. kr. á hverja mílu.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði meðal annars, að það þyrfti að rannsaka flutningsmagnið, og að það gerði þessi útlendi maður. Mjer þykir það leiðinlegt, að jeg gat ekki tekið þessa athugasemd til greina, þegar jeg orðaði *tillögu mína*. En verði tillagan samþykkt, skal jeg reyna að sjá um, að orðalaginu verði breytt svo í h. efri deild, að verja megi nokkru af fjenu til þess að útvega upplýsingar um flutningsmagnið o. s. frv.

En viðvíkjandi því, hvað það kostar, að láta lestir ganga eptir járnbrautinni, mun jeg sjálfur útvega mjer upplýsingar ytra.

Jeg vona, að menn sannfærist um nauðsynina á þessari fjárveitingu, og að það sje engin ástæða til, að láta það dragast lengur, því að því meiru fje, sem varið er til akbrauta, því meir sjá menn eptir því, ef það verður ofan á — sem jeg ætla ekki að efa — að ódýrara og í alla staði sje betra að leggja hjer járnbrautir.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni.

Jón Jensson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með nokkrar breytingartill. til þessarar 3. umr., en jeg skal játa, að jeg hefi ekki komið þar að öllu leyti fram ósk minni, því jeg mundi sjálfsagt, ef tíminn hefði verið rýmri milli umræðanna, hafa komið með breyt.till. við miklu fleiri atriði, því jeg sje nú ekki betur, en að fella verði burt úr fjárlagafrv. mjög mörg atriði, enda vona jeg, að ef það verður ekki gjört hjer, þá verði það gjört í h. efri deild.

Jeg skal þá útskýra dálítið, hvað jeg hefi hugsað mjer með breytingartill. mínum.

Fyrst hefi jeg stungið upp á mjög lítilli breyt.till. við 10. gr. C. 1. b. í þá átt, að landshagsskýrslur verði eptirleiðis gefnar út sjer á parti. Þessi tillaga er í samræmi við það, sem jeg tók fram, þegar frumv. til laga um hagfræðisskýrslur lá fyrir deildinni. — Jeg tók það fram, að bezt ætti við, að landshagsskýrslurnar væru rit út af fyrir sig, en ekki hluti af Stjórnartíðindunum. Breyt.till. felur í sjer beiðingu til landsstjórnarinnar um að hætta að gefa út C-deild Stjórnartíðindanna, en að gefa út landshagsskýrslur sjer í lagi. Vona jeg að h. þingd. fallist á þessa breyt till. án þess, að jeg þurfi að tala frekar fyrir henni.

Þá hefi jeg og verið með í því, að bera fram breyt.till., sem gengur út á, að fá styrk handa tannlækni, er hafi aðsetur sitt í Reykjavík, en sem eðlilega væri fyrir landið allt, þó hann sæti þar. Jeg vona að jeg þurfi ekki að mæla neitt með þessari tillögu, og það því síður, sem h. fjárlaganefnd er ekki á móti henni.

Þá hefi jeg verið með í því, að leggja það til, að ferðastyrkur til fimleikakennarans til að fullkomna sig í list sinni verði settur inn aptur með lægri upphæð en áður, eða 800 kr. Jeg skal játa, að mjer var hálf-nauðugt að setja styrkinn niður, því mjer finnst hann ekki mega vera lægri en 1000 krónur. Jeg gekk þó inn á þessa lægri upphæð, í þeirri von, að tillagan fengi þá betri byr. Það hefir verið haft á móti styrkn-

um, að sá, sem ætti að njóta hans, væri orðinn of gamall, og mundi hann því ekki koma að tilætluðum notum. Jeg held þó varla, að þetta sje rjett álitið, því að maðurinn er eiginlega á bezta aldri, og sjerstaklega vel lagaður fyrir þessa list.

Jeg vil sjerstaklega halda því fram, að hinum núverandi fimleikakennara við lærða skólann verði veittur þessi styrkur, en öðrum ekki, því jeg býst við, að hann verði við kennsluna, hvort sem er, næstu 20—30 ár eða svo lengi, sem hann er fær um það. Jeg ímynda mjer, að þessi starfi verði ekki tekinn af honum, og því álít jeg hyggilegast, að hann fái styrkinn. Að öðru leyti skal jeg játa, að ef ekkert tillit væri tekið til þessa manns, og ekki þætti hart að svipta hann þessum starfa, þá áliti jeg fyrir mitt leyti lang-æskilegast, að tekin væri upp á fjárlögin t. d. 1200 kr. fjárupphæð á ári til að útvega fyrir fimleikakennara frá útlöndum, er kenndi bæði hjer í latínuskólanum og öðrum skólum í Reykjavík. Með þessu áliti jeg fimleikakennslunni bezt borgið. Það mætti reyndar líka fara milliveg og svipta ekki hinn núverandi kennara stöðu sinni að öllu leyti, heldur t. d. að eins um eitt fjárhagstímabil meðan hann væri að læra af þeim útlendingi, sem fenginn yrði hingað til að kenna leikfimi þessi árin. Því meðan hinn útlendi maður væri að kenna hjer á skólunum, gæti hann undirbúið menn til að taka að sjer þessa kennslu bæði við latínuskólann og aðra skóla. En hjer liggur nú ekki annað fyrir en tillaga um 800 króna ferðastyrk handa þessum manni, og því gef jeg henni mitt atkvæði.

Jeg verð að taka undir með h. þm. Vestm. (V. G.), að jeg vildi heldur, að leikfimiskennslan yrði lögð niður við latínuskólann, en að henni verði haldið áfram í því horfi, sem hún nú er í, því jeg er hræddur um, að eins og hún er nú, sje hún fremur heilsuspillandi en heilsubætandi, sjerstaklega vegna loptsins í húsinu, þar sem hún fer fram.

Breyt.till. h. fjárlaganefndar um 5000 kr. styrk til fiskiveiðafjelagsins »Dan«, fyrir að flytja póst hingað til landsins og hjeðan til útlanda 14. hvern dag, er jeg fullkomlega samþykkur, því í fyrsta lagi álít jeg vel gefandi 5000 kr. fyrir annað eins hagræði eins og það, að geta fengið póstflutninga milli útlanda annarsvegar og Reykjavíkur og Vesturlandsins hins vegar, 14. hvern dag í 5 mánuði ársins, og í öðru lagi vil jeg taka tillit til þess, að með þessu fjárframlagi styrkti þingið óbeinlínis nýbyrjað gagnlegt fyrirtæki til eflingar öðrum aðal-atvinnuvegi landsins, þar sem Ísfjelagið á í hlut, og það álít jeg að mæli sterklega með þessari tillögu.

Þá er breyt.till. frá h. fjárlaganefnd um styrk til sameiginlegrar kvennaskólabyggingar á Norðurlandi, sem mjer þykir mjög vænt um, sjerstaklega vegna þeirra skilyrða, sem nefndin hefir sett fyrir styrkveitingunni, og sem stefna í þá átt, að draga kvennaskólana fyrir norðan saman í einn skóla. Þeirri stefnu er jeg alveg samþykkur. Að því er kvennaskólana snertir, vil jeg að þeir sjeu að eins tveir á öllu landinu. Vil jeg þá að sjálfsögðu, að annar sje í Reykjavík, en hinn á Akureyri eða einhversstaðar í Eyjafirði. Þá væri hægt að styrkja skólana vel, en meðan þeir eru fleiri, er ekki hægt að styrkja þá eins vel. Jeg vil ekki vera að dreifa kvennaskólum út um allt land, sem eru lítið betri en barnaskólar. Það leiðir þá af þessari skoðun minni, að jeg get ekki verið með í því, að veita styrk til kvennaskóla á Austurlandi; enda er hann ekki stofnaður

enn þá, og engin vissa fyrir, að hann verði stofnaður. Ef menn vilja bæta úr því, að hinir 2 kvennaskólar landsins yrðu svo langt frá Austurlandi og Vesturlandi, þá væri það mjög einfalt ráð, að veita stúlkum úr þessum hjeruðum ferðastyrk til skólanna, því með því minnkar maður fjarlægðina fyrir þær. Það er sama ólagið með kvennaskólana eins og búnaðarskólana, sem líka væri rjettast að hafa færri og betri. Þessi skoðun mín kemur líka vel heim við þá ósk mína, að kvennaskólinn í Reykjavík yrði styrktur betur til þess, að hann gæti boðið fullkomnari kennslu en nú er kostur á að fá í honum. — Tillaga mín um þann styrkauka fjekk ekki framgang hjer við 2. umr., en jeg vona, að það lagist einhversstaðar svo, að styrkurinn komist að. En, sem sagt, jeg er með tillögu nefndarinnar, að veita styrk til kvennaskólabyggingar í Norðurlandi, sjerstaklega þegar jeg sje, að nefndin er á þeirri rjettu leið, að vilja draga skólana saman.

Þá hefi jeg verið með að leggja það til, að styrkurinn til Bókmenntafjelagsins yrði færður niður í 1000 kr., og er það sjerstaklega af þeirri ástæðu, að styrkurinn er ekki veittur til ákveðins fyrirtækis. Þegar bætt hefir verið við fjelagið áður, hefir verið tekið til, til hvers styrkurinn ætti að vera. Nú er þetta ekki gjört, en þeirri reglu vil jeg ekki koma á. Það er líka ástæða til, að líta til þess, að þessar 1000 krónur, sem fjelagið hefir nú, voru upphaflega veittar til »Tímaritsins«, sem fjelagið gefur út, en áætlunin með Tímaritinu var, að hafa það í líkingu við gömlu Lærdóms-lista-fjelagsritin, og ætti að vera alþýðumenntandi tímarit; en hvernig er Tímaritið orðið nú? Nú seinast er það nærri tómar sprenglærðar fornfræðisritgjörðir, um Eddukvæðin og þess háttar, en slíkt getur alls ekki talizt vera í þá átt, sem alþingi ætlaðist til. Meðan fjelagið þannig ekki notar þann styrk, er það hefir, á tilætlaðan hátt, álít jeg enn minni ástæðu til, að bæta við það nýjum styrk. — Jeg skal bæta því við, að fjelagið hefir fyrir skömmu gjört þá ályktun, að gefa út umfangsmikið rit, sem alls ekki heyrir undir þess verkahring. Jeg sje ekki að það sje samkvæmt tilgangi fjelagsins, að gefa út bifliuljóð, enda vil jeg ekki styrkja það til þess.

Þá hefi jeg stungið upp á því, að styrkur til cand. Steingríms Jónssonar til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum, að upphæð 1200 krónur, verði felldur burt úr frumv. Þetta hefi jeg gjört vegna þess, að jeg get ekki sjeð, að sú styrkveiting gefi neitt í aðra hönd fyrir landið. Sá maður, sem hjer er um að ræða, hefir stöðu, sem að vísu er lágt launuð (1000 kr. á ári), en þó verður ekki sagt, að hann geti ekki lifað á henni, enda stendur til, að sagt er, að hann fái nú eða hafi þegar fengið betur launaða stöðu, stöðu, sem gefur af sjer 1300 kr., og þá verður eigi haft á móti því, að honum sje vel borgið. Maður þessi hefir þannig nóg til að lifa af sem stendur, en auk þess hefir hann yfirfljótanlegan tíma til að gjöra hvað sem hann vill, því það starf, sem hann á að vinna fyrir laun sín, er ekki meira en 2—3 tíma vinna á dag og varla það. En þar sem hann hefir bæði tíma og tækifæri til að vinna það starf, sem hann hefir í hyggju að taka fyrir sig, þá sje jeg ekki að þörf sje á, að styrkja hann til þess úr landssjóði. Hann hlýtur og að hafa fulla hvöt til að vinna þetta sama verk fyrir sjálfan sig, því þetta, »að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum«, er nokkuð sem heyrir honum að sjálfsögðu til,

vegna þess lífsstarfs, sem hann hefir valið sjer, hvort sem hann ætlar að verða kennari við hinn fyrirhugaða lagaskóla, eða takast á hendur annað lögfræðislegt embætti. Hjer er því að tala um, að veita honum styrk til að gjöra það, sem hann gjörir og verður að gjöra fyrir sjálfan sig. Þegar svo er, sje jeg ekki, að maður gjöri neitt með þessum 1200 kr. fyrir landið. Það hefir verið talað um, að slíkur styrkur hafi verið veittur áður. Það er rjett: Páli amtmanni Briem var veittur slíkur styrkur, en sá var munurinn, að hann átti að verja honum til að stunda löggjöf Íslands að fornu, og er töluverður munur á því, enda hafði Páll Briem þá enga stöðu, er veitti honum nægt fje og tíma til að vinna þetta verk, sem að eins gat miðað til að búa hann undir að verða kennari við lagaskóla, enda var styrkurinn veittur honum einmitt í því skyni.

Jeg hefi komið með tillögu um, að stryka út styrkinn til Skúla Skúlasonar, en er þó ekki svo harður á því, að hún verði samþykkt, því mjer finnst það mæla með Skúla, að honum var veittur styrkur á seinustu fjárlögum. Samt verð jeg að mótmæla því, sem sagt hefir verið hjer í þingsalnum, að með því að veita styrk einu sinni, hafi þingið moralskt skuldbundið sig til, að styrkja sama manninn áfram. Jeg vil taka það skýrt fram, að þó jeg t. d. verði nú með því, að veita Þórarni Þorlákssyni styrk, þá álít jeg mig ekki þar fyrir moralskt skyldugan til, að halda því áfram. Hitt er annað mál, að það, að maður hefir fengið styrk áður, getur verið ein með öðrum ástæðum til þess, að veita sama manninum aptur.

Jeg vildi einnig að felldar væru burt þær 8000 kr., sem samþykktar voru við 2. umr. til hækkunar á styrknum til búnaðarfjelaganna, en þar sem tillaga um það liggur ekki fyrir hjer, vona jeg að það verði gjört í h. Ed.

Styrk til brúargjörðar á Langá álít jeg ekki ætti að veita, enda yrði veitingin til þess, að ala upp í sýslunefndunum ásælni í landssjóð, og veikja eigin krapt þeirra. Það hefir verið bent á mörg fögur dæmi fyrir norðan, sem þessi sýslunefnd hefði gott af að taka sjer til fyrirmyndar.

Sömuleiðis er jeg á móti styrk til matreiðsluskóla í Reykjavík, sem jeg þó ekki skal tala neitt um frekar.

Enn fremur er jeg enn á móti styrk til þessa allsherjar-búnaðarfjelags, sem ekki er til. Þessar 4000 kr., sem því voru veittar við 2. umr., standa innanstryks í frumv. og eru ekki taldar með í tekjuhallanum. Þær hafa máske í raun og veru alls ekki verið veittar enn þá, og væri jeg, satt að segja, mjög ánægður með það.

Þegar jeg lít yfir niðurstöðu fjárlagafrumvarpsins, þá er hún allt annað en glæsileg. Tekjuhallinn er talinn 64,000 kr., en þegar þar við bætast 4000 kr. handa þessu allsherjar-búnaðarfjelagi, þá verður hann 68,000 kr.; þar við má svo bæta 20,000 kr., sem jeg álít, að tekjurnar sjeu reiknaðar of hátt. Fjárlaganefndin hefir nefnilega spennt sig töluvert á því, að áætla tekjurnar hátt, jafnvel hærra en áður, svo sem t. d. útflutningsgjaldið á fiski og lýsi, kaffi- og sykurtollinum o. fl. Þegar þessar 20,000 kr. bætast við áður taldar 68,000 kr., verður tekjuhallinn 88,000 kr. Í stjórnarfrumv. var áætlaður tekjuafgangur um 32,000 kr. Mismunurinn eða hækkun neðri deildar á útgjöldunum nemur því 120,000 kr. Til ýmsra lánveitinga eru þar að auki ætlaðar 170,000 kr. Þegar þessari upphæð er

bætt við tekjuhallann, verður upphæðin 258,000 kr., ef öll lánin verða veitt. Nú þegar þess er gætt, að neðri deild hefir stungið upp á að kaupa skip fyrir 350,000 kr., þá verða það alls rúmar 600,000 kr., sem taka á úr viðlagasjóði næsta fjárhagstímabil, og skil jeg ekki, hvernig slíkt má ske, þar sem svo mikið af honum er í föstum lánum. Það yrði sjálfsagt óhjákvæmilegt, að landssjóður tæki lán sjálfur til þess, að geta staðizt öll útgjöldin.

Einar Jónsson: Jeg kom með br.till. við 2. umr. þar sem farið var fram á 300 kr. styrk handa augnlæknunum fyrra árið til þess að hann gæti farið til Seyðisfjarðar í lækniserindum. Það gleður mig að sjá að fjárlaganefndin hefir nú tekið þessa tillögu mína til greina og aukið við hana. H. varaforseti brá mjer þá um hreppapólitík út af þessari tillögu, en í því lá alls ekki þannig, og jeg lýsti því þá skýrt yfir, að jeg vildi helzt að læknirinn færi einnig til annara staða á landinu, þó að jeg legði þá til, að byrjað væri á þessum stað, þar sem erfiðast er að ná til augnlæknisins; en að jeg ekki fór fram á að veitt væri fje nema annað árið, kom til af því, að jeg hjelt að mönnum mundi vaxa það í augum, ef farið væri fram á meiri fjárupphæð á fjárhagstímabilinu í þessa átt. Mjer stendur á sama, þótt Seyðisfjörður sje ekki nefndur á nafn við þessa fjárveiting, því að jeg tel víst, að hann verði fyrst látinn fara einmitt til Austfjarða, helzt Seyðisfjarðar, sem erfiðast eiga hingað að sækja, og af því að þessi tillaga nefndarinnar fer alveg í þá átt, sem jeg vil, þá gef jeg henni fúslega atkv. mitt.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði mikið um styrkinn til fimleikakennarans og vjek sjerstaklega orðum sínum að mjer og því sem jeg talaði um það mál við 2. umr., en það sem hann sagði um það hlýtur að vera byggt á misskilningi hjá h. þm., því jeg greiddi atkv. með styrknum við 2. umr. og vildi að jeg hefði átt ráð á svo mörgum atkv. að hann hefði orðið samþykktur. En jeg verð að mótmæla því, eins og jeg gjörði þá, að fimleikakennslan, eins og hún er, sje með öllu gagnslaus eða jafnvel skaðleg; jeg held því fram að hún sje gagnleg, eins og hún er, en jeg hefi náttúrlega ekkert á móti því að hún verði enn þá betri, og þess vegna er jeg því mjög meðmæltur að fimleikakennaranum verði veittur þessi styrkur til að fullkomna sig í íþrótt sinni. H. þm., sem mest töluðu um það að fimleikakennslan í skólanum væri skaðleg, eins og hún er, h. þm. Vestm. (V. G.) og h. þm. Rvík. (J. J.) töluðu mikið um það, hvað slæmt væri loptið í leikfimishúsinu, en til þess að bæta úr því þyrfti þó að öllum líkindum ekki að senda mann til útlanda, því að líklega á hann þó ekki að sækja lopt. Jeg álít mikið gagn að fimleikakennslunni yfir höfuð og jeg veit, að það eru margir hjer í þessum sal, sem mikið gagn hafa haft af henni, og stöndum við með eins hraustum líkama og hver annar, og ef við berum fimleikakennarann, sem nú er, saman við h. þm. Vestm. (V. G.), sem ennþá gengur á fimleikaæfingar í Höfn, þá mun víst öllum sýnast fimleikakennarinn hafa eins hraustan líkama og h. þm., og það þótt hann daglega sje í þessu vonda lopti, sem h. þm. talar um, í fimleikahúsinu.

Hjer liggur fyrir breyt.till. viðvíkjandi matreiðsluskólanum. Jeg er eins á móti honum nú og jeg var, þótt hann sje í þessu formi, sem nú er farið fram á. Þegar jeg lít á kvennaskólana yfir höfuð, þá vildi jeg helzt að sú kennsla, sem hjer er farið fram á, væri veitt á

þeim eins og jeg hefi áður sagt; jeg vildi helzt að í hverjum fjórðungi væri skóli, þar sem þetta væri kennt sem aðalatriði, og svo einn kvennaskóli fyrir allt landið, þar sem kennd væri sjerstaklega bókleg fræði og finni hannyrðir og það jafnvel talsvert meira en nú, svo að þangað gætu þær stúlkur leitað, sem sjer í lagi vildu læra það. Jeg held að þetta væri heppilegra fyrirkomulag en það sem nú er. Og hvað kvennaskóla á Austurlandi snertir, þá veit jeg að það eru margir, sem vilja hafa hann í þessu formi, og að margir, og þar á meðal jeg, munu verða beinlínis á móti því að stofna hann, ef hann verður ekki með þessu sniði.

Björn Sigfússon: Eins og h. þ.deild mun minnast, þá kom tillaga 1893 frá búnaðarskólanefndinni um hækkun á styrk til búnaðarfjelaganna. Nefndin hafði rætt þetta ýtarlega og var öll samdóma um það, að framfarir í búnaði mundu verða meiri, ef styrkur þessi yrði hækkaður. Tillaga þessi var felld þá á þinginu. En síðan hafa ýmsar raddir komið fram í þá átt að þessi styrkur sje mjög nauðsynlegur, og flestir munu nú samdóma um að þetta sje ein sú vinsælasta fjárveiting frá þinginu, og því hefir verið lýst yfir, að hún hafi víða borið mikinn og góðan ávöxt. Jeg er h. fjárlaganefnd þakklátur fyrir það að hafa fært þennan styrk upp, og tillögur hennar hafa fengið svo góðan byr hjer í deildinni að mjer datt í hug, að þær mundu ef til vill hafa orðið samþykktar, þótt þær hefðu gengið nokkuð lengra, og þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma með þessa tillögu um að hækka hann um 2000 kr. fyrra árið, svo að hann verði jafnhár bæði árin eða 15,000 kr. Það hafa reyndar ekki orðið margir til andmæla þessari hækkun, jeg man ekki eptir öðrum en h. landsh. og h. þm. Rvík. (J. J.) Jeg minnist þess nú, að þegar h. landsh. talaði um þetta, þá minntist hann á, að komið hefðu fram tillögur í blaðagrein frá einum mikilsmetnum manni um að afnema með öllu þennan styrk, en veita aptur lán sýslufjelögum og sveitafjelögum til jarðabóta. Mjer er líka kunnugt um þetta, og hefi átt tal við greinarhöfundinn um það, en jeg hygg að þessi maður haldi engan veginn fast við þessa skoðun sína nú. H. landsh. ljet í ljósi, að hann væri meðmæltari þeirri hugmynd að veita lán til jarðabóta með góðum kjörum. Í hinni sömu grein var því haldið fram, að áhugi á jarðabótum væri allt of lítill, og jeg skal fúslega kannast við að svo sje víða enn; og þessi uppástunga átti svo að vera til að ráða bót á þessu og glæða áhuga manna, en jeg sje eigi ástæðu til að svo mundi fara. Þeir sem væru færir um að taka slík lán og setja það veð, sem heimtað yrði, gætu alveg eins gjört það nú, en jeg minnist þess eigi að menn hafi gjört það. Jeg held því ekki, að menn mundu rjúka upp til handa og fóta að biðja um lán, þótt styrkurinn til búnaðarfjelaganna væri afnuminn, heldur mundi það þvert á móti verða til að draga úr áhuga manna. Það er líka auðsjeð, hvernig fara mundi, þegar til framkvæmdanna kæmi með þessi lán. Einungis hinir efnaðri menn gætu fengið lánin, nfl. þeir sem hefðu tryggt veð að bjóða sýslunefndum eða sveitanefndum, ef annars nokkrir sæktu um þau, en allir fátæklingar, sem ekkert hefðu að setja, væru útilokaðir frá því að fá lánin; og þannig mundi þetta fyrirkomulag verða til þess að hnekkja áhuga allra hinna fátækari manna. En þótt styrkurinn hafi verið lítill, þá hefir hann þó mikið stuðlað að því að glæða áhuga manna, og ofurlítið stutt hina fátækari til jarða-

bótaframkvæmda. H. framsögum. fjárlagan. gat þess að eigi mundu hafa komið nema tæpir 20 au. á hvert dagsverk hingað til og er það auðvitað ákaflega lítið, en samt hvetur það áhugann. Þessum styrk er einmitt viðast hvar nú orðið varið til þess að kaupa fyrir vinnu, og vinnunni er svo jafnað niður milli fjelagsmanna í hlutfalli við jarðabótastörf þeirra. Sum búnaðarfjelög hafa jafnvel þann fagra sið að styðja frekara hina fátækari meðlimi sína með þessari vinnuhjálp. Því hefir verið fleygt fram að menn hlypi í búnaðarfjelögin bara til þess að krækja í styrk úr landssjóði. En um leið og menn segja þetta, játa þeir að styrkurinn sje til uppörfunar, því menn mega ekki gleyma því, að ekki geta aðrir notið þessa styrks en þeir sem inna af hendi góðar og gildar jarðabætur og nú er nokkurnveginn tryggilega um þetta búið síðan gjört var að skilyrði, að allar jarðabætur sjeu skoðaðar af þar til hæfum mönnum, sem sýslunefndir velja til þess. Það er orðin töluvert almenn skoðun að hyggilega unnar jarðabætur gefi af sjer 8—10% hjer á landi, og jeg hefi nokkurn veginn góða reynslu fyrir því, þar sem jeg þekki til, að þetta mun vera áreiðanlegt, en þar af leiðir að það fje, sem varið er til að styrkja að jarðabótum, gefur einna bezta vexti af því fje, sem borið er úr landssjóði, og það stuðlar til að auka framleiðsluna og við það vaxa þá tekjur landssjóðs. Þótt því einstöku raddir hafi komið fram á móti þessari hækkun á búnaðarstyrknum, þá vænti jeg samt þess, að h. þingdeild sjái hve nytsöm þessi styrkveiting er, og gefi br.-till. minni atkv. sitt. Það mætti líka kynlegt heita, ef þessi h. deild synjaði um þessa styrkhækkun, þar sem hún þó er all-ör á að brytja landssjóðinn niður í smáa spaðbita og fleygja sínum í hvern með efasömum árangri, sem jeg tel mjög óheppilega fjármálapólitík.

Síðari liður breyt.till. minnar er um það að færa niður styrkinn til áhaldakaupa við Flensborgarskólann um 200kr. fyrra árið, og fella hann alveg burtu síðara árið. Eins og h. þm. vita, þá fór jeg á mis við umræðurnar um 13. gr. sökum veikinda minna, og fjekk því eigi af umræðunum upplýsingar um það, hve nauðsynleg þessi fjárveiting væri, en síðan hefi jeg þó fengið nokkrar upplýsingar í þessa átt hjá h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) Jeg skal ekki neita því, að nauðsyn ber til að skólinn hafi slík áhöld til kennslunnar, en jeg hjelt, að talsvert væri til af þeim, því að jeg hefi tekið eptir því að í fjáraukalögunum 1893 hafa verið borgaðar 200 kr. fyrir áhöld til Flensborgarskólans. Jeg hjelt því að skólinn hlyti að eiga svo mikið af áhöldum, að hann gæti bjargazt með það, þótt jeg geti vel skilið að það mætti nota meira. En við verðum hjer sem í öðru að sníða okkur stakk eptir vexti, og það er svo margt, sem þörf er á að styðja, svo við verðum að fara sparlega með fjeð og verja ekki óþarflega miklu til neins. Þótt jeg nú hafi fengið þessar upplýsingar frá h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) þá hefi jeg enganveginn fyrir það sannfærzt um að breyt.till. mín sje ástæðulaus. Mjer dettur í hug, hvort ekki mætti spara þessa upphæð á öðru til skólans. Jeg sje að sá liður stjórnarfrv., þar sem gjört var ráð fyrir 500 kr. til slöjdkennslu, hefir verið felldur burt, og það skyldi sannarlega gleðja mig, ef það væri meining deildarinnar að fella slöjdkennsluna alveg í burt, því jeg verð að álíta hana mjög svo óheppilega. Ef nú slöjdkennslan hætti, þá mætti selja þau verkfæri, sem notuð hafa verið við hana, og verja því fje, sem inn kæmi, til að kaupa verk-

færi fyrir til kennarakennslu. Slöjdkennsluna álít jeg mjög óheppilega og illa viðeigandi í skóla, þar sem eingöngu eru fullorðnir menn, sem á sumrin ganga að líkamlegri vinnu. Það er allt öðru máli að gegna, þótt hún sje álitin nauðsynleg í sumum skólum erlendis, þar sem eru eintóm börn og unglingar, sem ganga í skóla meiri hluta ársins og hafa enga líkamlega vinnu. Það sannar alls ekki, að nauðsyn sje á henni hjer og þá sízt í þeim skóla, sem stendur styzt af öllum skólum á landinu og þar sem eru tómir fullorðnir alþýðumenn, sem allan hinn tímann hafa næga hreifingu og líkamlega áreynslu. Jeg hefi talað við ýmsa, sem á skólann hafa gengið, og þeir hafa sagt, að þeir álitu að slöjdkennslan væri sjer bæði ónauðsynleg og gagnslaus. Væri þeim kennd hin einföldustu handtök með venjulegum verkfærum þá gæti þeim orðið það eftil vill að einhverju liði seinna meir, en þetta barnaglingur er ekki fyrir fullorðna menn. Þeir læra þar ekki svo mikið, að þeir verði færir um að smíða mjög einfalda hluti á eptir. (*Ir. G.*: þekkir þingmaðurinn þetta?) Jeg hefi skoðað ýmsa hluti, sem smíðaðir hafa verið á skólanum, og átt tal við marga, sem þekkt hafa til, um þetta nám. En því er annars ekki lagt fram sýnishorn af því sem unnið hefir verið á skólanum, eins og gjört hefir verið af kvennaskólunum, svo að mönnum gæfist kostur á að sjá þetta makalausa smíði?

Jeg verð að svo stöddu að svara þessari spurningu sjálfur þannig, að jeg skil ekki í, að það sje af öðru en því, að þeir sem fyrir skólanum standa álíta það ekki þess vert og halda að það yrði fremur til að spilla fyrir skólanum. Jeg álít því fje illa varið, sem varið er til slöjdkennslunnar í Flensborg; það er svo sem álíka hyggilegt, eins og hætt væri við að kenna fatasaum á kvennaskólunum, en að eins farið að kenna þar hinar finni hannyrðir, að baldíra og bródera og annað þess háttar. Ef það er meiningin að hætta við slöjdkennslu, þá hlyti að mega fá nokkurt fje upp úr þeim verkfærum, ef þau annars eru seljanleg, sem svo mætti nota til áhaldakaupa við kennarafræðsluna. Það eru fleiri skólar en Flensborgarskólinn, sem sjálfsagt þurfa á fje að halda til áhalda, en engum dettur í hug að fara fram á neitt slíkt, þótt sama þörf virðist vera fyrir hendi, t. d. við kvennaskólana.

Af því að jeg fór að minnast á kvennaskólana, þá ætla jeg að fara fáeinum orðum um breyt till. frá fjárlaganefndinni um að veita 2500 kr. styrk til að byggja sameiginlegt kvennaskólahús fyrir Norðurland. Mjer stendur nú nokkurnveginn á sama, hvort þessi styrkur er samþykktur eða ekki, því að jeg ímynda mjer, að þótt hann verði samþykktur, þá verði hann aldrei notaður; jeg byggi þetta á því sem h. framsögum. (Þórh. B.) hafði eptir þingmönnum Eyfirðinga, að kvennaskólinn í Eyjafirði mundi ekki færast þaðan, en jeg get lýst því yfir, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu mun aldrei ganga inn á það að flytja sinn skóla norður í Eyjafjörð, og mjer finnst henni full vorkunn, þótt hún ekki vilji það. Þingmönnum er það kunnugt, að bæði kvennaskólinn hjer í Reykjavík og á Laugalandi höfðu talsvert fje til að byrja með, en skólinn á Ytri-Ey byrjaði með tvær hendur tómar. (*Klemens Jónss.*: Hvaða fje hafði Laugalandsskólinn til að byrja með?). Það var duglegur maður, sem gekkst fyrir samskotum handa honum bæði utan lands og innan; hvað þau samskot urðu mikil, veit jeg ekki með vissu, en það veit jeg þó, að útlendu samskotin voru eitthvað um eða yfir 4000 kr., og innlendu

samskotin munu hafa verið viðlíka mikil. En hvernig er nú komið? Nú er verið að jarma fyrir kvennaskólann á Laugalandi um 6000 kr. til skólahúsbyggingar, og jeg hefi heyrt að það væri alls ekki að ástæðulausu, en sje það svo, þá hefir eitthvað ekki verið vel haldið á. Aptur á móti á skólinn í Húnavatnssýslu skólahús í góðu standi og er ekki í neinum sjerlegum fjárvandræðum. Húnavatnssýslu er því full vorkunn, þótt hún vilji ekki sleppa sínum skóla þangað sem skólinn ekki þrífst eins vel, og mjer er óhætt að fullyrða, að sýslunefndin í Húnnvatnssýslu gefur ekki sitt samþykki til þessa flutnings. Jeg sje heldur enga sanngirni í því að fara að rífa skólann upp úr sýslu, þar sem hann hefir þrifizt vel, og flytja hann í aðra, enda er jeg ekkert hræddur um að þingið fari að styðja að því.

Skúli Thoroddsen: Viðvíkjandi breyt.-till. þeim, sem fram eru komnar, skal jeg ekki tala nema örfá orð um breyt.-till. á þingskj. 314. Eins og h. þingdm. er kunnugt, var það samþ. við 2. umr. fjárlaganna, að veita 1200 kr. í eitt skipti fyrir öll og 500 kr. á ári, til þess að koma á stofn matreiðsluskóla hjer í Reykjavík; en þessi till. gekk fram með að eins 11 eða 12 atkv., og jeg hefi síðan heyrt það á ýmsum h. þdm., að þeir eru fjárveitingu þessari mjög mótfallnir, og sömu skoðun mun h. Ed. hafa á máli þessu; þess vegna hefir mjer og nokkrum öðrum h. þingdm. hugkvæmzt, að rjettast væri, að fara eins konar miðlunarveg í þessu máli. Og það því fremur, sem mjer lízt varhugavert að stofna opinberan skóla, sem landssjóði úr því er skylt að styrkja ár frá ári. Allir játum við, að það er mjög þarflegt fyrir kvennfólk að læra hreinlega meðferð á mat og húsfreyjustörf yfir höfuð; en mín skoðun er, að slíka kennslu ætti helzt að sameina við kvennaskólana; en eins og nú stendur, þá eru sjerstök atvik til þess, að þetta getur ekki saman farið hjer í Reykjavík, og af þeim rótum mun umsóknin vera runnin; en í stað þess að setja upp sjerstakan opinberan skóla, þá fer breyt.till. fram á að veita 1000 kr. styrk í eitt skipti fyrir öll, til þess að koma á heimiliskennslu í matreiðslu og hússtjórn.

Konan, sem fyrir skólanum ætlar að standa, er alkunn að góðu, og jeg þykist vita, að allir játi, að torvelt muni að finna konu betur fallna til þess starfa, en forstöðukonuna frá Ytriey; en það getur verið, að upphæð sú, sem hjer er farið fram á, sje ekki nógu há, og skal jeg því taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti mun ef til vill ekki verða því mótfallinn, að hún yrði nokkuð hækkuð, ef þess kynni að þykja þörf; en jeg legg aðaláherzluna á, að með því að samþykkja þessa breyt.till., þá er ekki settur á stofn sjerstakur opinber skóli, heldur að eins hjálpað til þess, að koma upp prívatkennslu í þessari grein, enda er það ekki nema tímaspursmál, að lík kennsla verði sameinuð kvennaskólanum í Reykjavík, í fyllri mæli en nú er.

Aðrar breyt.till., sem jeg er við riðinn, þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um, því að aðalflutningsmenn þeirra hafa þegar talað fyrir þeim; en að lokum vil jeg að eins þakka h. fjárl.n. fyrir undirtektir hennar undir þær.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Fjárlaganefndin hefir nú, þótt fundarhljeið væri ekki langt, getað borið sig saman um breytingartill. og ætla jeg að leyfa mjer að segja álit hennar, sjerstaklega á nýjungum þeim, sem fram hafa komið.

Jeg tek breyt.till. eptir röðinni á þingskjölunum og er þá fyrst breyt.till.

á þingskj. 307 frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um harmonia til tveggja landssjóðskirkna. Meiri hluti nefndarinnar var nú eins og áður á móti þessari fjárveiting. Það var ófögur saga, sem h. þm. (Guðl. G.) sagði af allri ráðsmennskunni við þessar landssjóðskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu, og tekur landsstjórnin það væntanlega til íhugunar.

Þar sem h. sami þm. og fleiri flytja þá till. að hækka upphæðina til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi, með hliðsjón af því að sjerstakur bátur verði að ganga á svæðinu frá Ölfusá að Jökulsárósi á Sólheimasandi, þá fellst fjárlaganefndin á ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir því.

Þá er á þingskj. 308 breyt.till. frá h. 2. þm. Kjós.-G. (J. Þór.) o. fl. um 300 kr. styrk hvort árið handa þeim sem próf taka í uppeldisfræði við Flensborgarskólann. Fjárl.n. lýsti því við 2. umr., að hún væri hlynnt þessari fjárveitingu, og þarf ekki að endurtaka það hjer. Það er eigi síður ástæða til þess en við stýrimannaskólann, að styrkja ofurlítið þessa fátæku námsmenn, sem að loknu prófi fara strax að vinna í landsins þjónustu.

Jeg get í sömu andránni minnzt á breyt.till. á þingskj. 327 frá h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) og fleirum, sem vill klípa 200 kr. af áhaldafje skólans hvort árið. Fjárlaganefndin vill styðja skólann sem kennaraskóla, og áhöldin eru sjerstaklega nauðsynleg vegna kennarakennslunnar. Annars get jeg minnzt á, að sú fjárveiting var við 2. umr. samþ. með 20 samhljóða atkvæðum og breytist því vart nú.

Þá er næst breyt.till. frá h. þm. Dal. (J. P.) o. fl. á þingskj. 312 um að hækka styrkinn til Ólafsdalsskólans um 300 kr. hvort árið til jarðyrkjuverkfærasmiðju. H. þm. talaði fagurlega fyrir þessu, en meiri hluti nefnd. gat ekki vikið frá þeirri skoðun, sem hún hefir áður lýst, að Ólafsdalsskólinn hafi þegar fengið það sem honum ber í rjettu hlutfalli við aðra búnaðarskóla landsins.

Þá er breyt.till. á þingskj. 314 frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) o. fl. um að færa niður fjárveitinguna til matreiðsluskólans, og orða þann lið nokkuð öðruvísi, eða veita hlutaðeiganda 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll til að koma á fót heimiliskennslu í hússtjórn og matreiðslu. Ástæður fyrir því taldi hann ýmsar, en sjerstaklega að það væri viðsjált að stofna opinberan skóla, er búast mætti við að yrði föst stofnun, er hvíldi á landssjóði. Jeg get að vísu hugsað mjer, að þessi vísir til heimiliskennslu gæti líka leitað á landssjóðinn seinna meir, þótt hann bæri ekki skólanafnið, en bæði mun nú vera rjettara að sleppa því, og þetta á svo örðugt uppdráttar hjer í deildinni, að nefndin vill ganga inn á þessa »miðlun« h. þm. En að hafa á móti þessari stofnun, af því að hún á að vera í Reykjavík, og það af því að hjer sje ekki unnt að kenna alla matargerð, nær engri átt; hjer er nægja mjólk að fá, og fullkomlega hægt að kenna alla meðferð hennar, þar sem víða í sveit væri aptur ómögulegt að kenna meðferð á fiskæti.

Þá er breyt.till. á þingskj. 315, frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) o. fl., að gjöra myndasmiðunum jafnhátt undir höfði með því að færa Skúla niður í 500 kr. Þeir um það, sem vilja veita honum nokkuð. Fjárlaganefndin heldur sínu stryki, að greiða atkvæði á móti allri fjárveiting til hans. Mjer þótti annars h. 2. þm. Eyf. (J. J.) taka nokkuð djúpt í árinni, þegar hann við 2. umr. var að tala um dauðadóm nefndarinnar yfir þessum manni, sem mjer skildist helzt að ætti að taka bókstaflega hjá h. þm.

Á sama þingskj. (315) er breyt.till. um að færa styrkinn handa lögfræðingi til að stunda nýrri löggjöf landsins niður um 400 kr., og binda eigi þá fjárveiting við ákveðinn mann. Auðvitað veit maður, hver hreppa muni hjá stjórninni. Breyting þessi er til bóta og aðhyllist nefndin hana.

Þá er allþýðingarmikil breyt.till. á þingskj. 316 frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) o. fl. um 5000 kr. niðurfærslu á fje til flutningabrauta, og tilsvarandi hækkun til þjóðvega. Samnefndarmaður vor, h. þm. Strand. (Guðj. G.), talaði kröptuglega fyrir þessari breyt.till., en aptur hefi jeg fyrir nefndarinnar hönd við 2. umr. talað svo rækilega á móti þessari niðurfærslu til flutningabrautanna, að jeg álít þýðingarlaust að karpa frekar um það. En gagnvart h. þm. Vestm. (V. G.) vil jeg geta þess, að jeg skildi hann svo við 2. umr., að hann játaði það vera skyldu þingsins, að ljúka þessum vegum, sem nú eru í gerð, og þar með brautinni að Þjórsá. Brúargjörðin á Þjórsá og brautargjörðin austur að henni hefir verið óaðskiljanlega sameinað í huga þingsins til þessa.

Annars skildi jeg h. þm. Strand. (G. G.) svo, að honum væri ekki eiginlegt kappsmál að færa niður fjeð til flutningabrauta, en hitt væri honum mikið áhugamál, að færa upp styrkinn til þjóðvega; og fær það væntanlega framgang, þar sem meiri hluti nefndarinnar hefir nú hneigzt að því, eins og líka sýnir sig á því að 2 aðrir fjárlaganefndarmenn standa undir breyt.till. með flutningsm.

Þá koma nokkrar breyt.till. á þingskj. 318 frá h. þm. Vestm. (V. G.) o. fl. Þar eru fyrst teknir upp styrkirnir til tannlæknis og fimleikakennara. Fjárlaganefndin gjörir svo sem ekki kappsmál úr þessum fjárveitingum, en hefir ekki getað sannfærzt um nauðsyn þeirra. Þriðja breyt.till. á þessu þingskj. er um niðurfærslu á styrknum til Bókmenntafjelagsdeildarinnar í Rvík. H. þm. Vestm. (V. G.), sem stendur hjer fremstur á blaði, talaði þó ekki fyrir þessari tillögu, enda ætla jeg hann ekki hlynntan þeirri niðurfærslu; hann er of nákominn Bókmenntafjelaginu til þess. Ef jeg man rjett, þá hefir hann sjálfur sagt mjer, að það sje siður ríkisþingsins danska að veita Hafnardeildinni jafnmikið fje og alþingi veitir deildinni hjer, og ætti það að vera oss hvöt til að bæta við deildina hjer heima, þar sem íslenzkar bókmenntir fá þá jafnmikinn styrk úr annari átt, landinu að kostnaðarlausu. Það var sjerstaklega h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem talaði gegn þessari hækkun og spurði mig við 2. umr., hvaða stórræði Bókmenntafjelagið hefði með höndum, er gerði þessa hækkun nauðsynlega. Í framsögu minni hjelt jeg mjer aðallega við skuld fjelagsins; það skuldar 4000 kr., og á útistandandi eitthvað álíka mikið, en ekki mundi það þykja gott við verzlun, ef hún ætti jafnmikið hjá viðskiptamönnum sínum, sem aðrir ættu hjá henni, og hefði ekki úr öðru að spila. Af þessari miklu fjárþröng leiðir, að fjelagið er lamað og hept í öllum framkvæmdum. Nú liggur við borð að gefa út, auk ársritanna, sem ekki mega falla niður, og auk sýslumannaæfanna, sem þingið hefir áður styrkt, jafnmerkilegt og umfangsmikið rit sem Landfræðissögu Íslands eptir Thóroddsen, væntanlega í 5 bindum, sem ekki verður komið út fyrir fjeleysi. Og þar sem minnzt var á Biblíuljóðin, þá verð jeg að álíta, að þau geti heyrt undir Bókmenntafjelagið, lög þess eru svo rúm. H. þm. (Kl. J.) kannaðist við, að þau yrðu bókmenntum vorum til sóma, og í lögunum stendur einmitt að fjelagið eigi að

gefa út þær bækur, er ætla megi að verði bókmenntum vorum til sóma. (*Jón J.*, 2. þm. Eyf.: Ekki eingöngu!). Jeg segi ekki að það rit liggi næst verkahring Bókmenntafjelagsins, en mótmæli því að það sje fjelaginu óskylt. Auk þessa geta fallið til góð rit, sem enginn vegur er til að koma á prent, ef Bókmenntafjelagið hefir ekki krapt til þess, og get jeg í þessu sambandi minnt á ritgjörðir, sem hafa hlotið verðlaun af gjöf Jóns Sigurðssonar en liggja óútgefnar enn þá. Það var greinilega tekið fram í nefndarálitinu og af framsögum., að þingið skuldbindi sig alls ekki til þess að halda þessari hækkuðu styrkveiting framvegis; og það mun vera rjett hjá h. þm. Reykv. (J. Jenss.) að slíkar aukastyrkveitingar hafi áður verið miðaðar við ákveðin fyrirtæki; nú ef þingið vill binda hana við ákveðið verk, t. d. útgáfu Landfræðissögunnar, þá mun jeg greiða því atkv. mitt. Nefndin er eindregið með því að halda fram þessari hækkun, af ástæðum, sem jeg þegar hefi tekið fram, og nú voru taldar.

Þá er enn ein breyt.till. á sama þingskj. frá h. þm. Vestm. (V. G.) og hún ekki svo lítil, sem sje að veita 4000 kr. til þess að láta járnbrautafræðing rannsaka og gera áætlun um gerð mjóbrauta hjer á landi. Um þetta var rækilega talað við 2. umr., og mundu sömu ástæður færðar hjer fram með og móti og þá. Hann flutti eina nýja ástæðu fyrir málstað sínum, að land undir brautina mundi verða ódýrara hjer en erlendis; það mun rjett vera, en eptir því sem jeg þekki til, mundi verkmannakaup aptur verða stórum mun dýrara hjer hjá oss og vegur það hvað á móti öðru. Atkvæði h. þm. munu vera óhöggð frá 2. umr. í þessu máli og nefndin hefir ekki breytt skoðun sinni, svo að það er ekki til neins að vera að ræða það frekar.

Þá er breyt.till. á þingskj. 319, frá h. þm. Rvík (J. J.) o. fl. Hann vill gera breytingu á útgáfu Stjórnartíðindanna, í þá átt að landshagsskýrslur komi út í heild fyrir sig. Nefndin ætlar þá tillögu heppilega, enda er h. þm. trúandi til þess, að vera kunnur þeim sökum, gömlum ritstjóra Stjórnartíðindanna, og mun nefndin taka tillöguna til greina.

Sami h. þm. kom víða við og sjerstaklega ræddi hann um kvennaskóla. Jeg kannast við það, að ef kvennaskólar eru ekki annað en hannyrðaskólar og realskólar, þá sje bezt að draga þá saman í 2 fyrir allt land. En sem húsmæðraskólar geta þeir vel þrifizt 1 í fjórðungi hverjum, og í þá átt ættu þeir að stefna. Sú þörf hefir þó skýrzt fyrir mönnum við umr. um hússtjórnar- og matreiðsluskólann. Annars get jeg, úr því jeg er farinn að tala um kvennaskóla, tekið það fram út af orðum h. 2. þm. Húnv. (B. S.), að það var nóg atkvæðamagn í fjárlaganefndinni fyrir því að beita langt um harðari ráðum til sameiningar kvennaskólanna á Norðurlandi. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar, ef eigi öll nefndin í heild sinni, var á því, að rjettast væri, til að herða á sameiningunni, að veita hvorum skólanum um sig að eins fyrra árið, en ætla svo síðara árið fjárstyrk til hins sameinaða kvennaskóla á Norðurlandi, sem yrði til stórsparnaðar, eins og áður hefir verið tekið fram. Sú tillaga hefði eflaust fengið góðan byr hjer í þingdeildinni. Þá hefðu skólarnir staðið uppi styrklausir síðara árið, ef hlutaðeigandi skólastjórnir risu öndverðar gegn sameiningunni. Fyrir hóflegar tillögur eins h. þm. sem er þessu máli gagnkunnugur, fjell nefndin þó frá þessu, en það

er rjett að láta þetta koma fram í umr., svo að aðstandendur skólanna viti að þetta liggur í loptinu.

Þá er á þingskj. 325 breyt.till. frá h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), sem fer í líka átt fyrir Austfirðingafjórðung og hin umtalaða breyting á gufubátsferðum í Sunnlendingafjórðungi, að í stað gufubáts komi -báta, og að styrknum megi skipta í tvo eða fleiri staði. Þar sem þetta getur orðið hallkvæmara fyrir Austfirðingafjórðung, þar sem um fleiri gufubáta getur verið að velja, og hinir afskekktari staðir kunna að njóta góðs af því, þá hefir nefndin ástæðu til að aðhyllast þessa breyt.till.

Þá er á þingskj. 327 breyt.till frá h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) o. fl. Hann vill setja búnaðarfjelagastyrkinn 15,000 kr. hvort árið, eða hækka hann um 2000 kr. fyrra árið.

H. þm. (B. Sigf.) veit, hvað jeg er hlynntur þessari fjárveiting, og jeg vildi gjarnan geta fært eitthvað frá 13. gr. C. til búnaðarstyrksins; þar væri það betur komið; en eins eindregið og fjárlaganefndin hjelt fram hækkuninni við 2. umr. úr 20,000 kr. í 28,000 kr. bæði árin, eins verður hún nú að vera mótfallin breytingu á þessum lið. Hækkunin átti hjer góða formælendur og hún fjekk allan þorra atkvæða, en nokkrir voru henni þó andstæðir, sem mundu rísa upp með meira krapti, ef lengra væri farið, og sjerstaklega er mjer kunnugt um, að í h. efri deild eru ýmsir efasamir um gagnsemi þessa styrks, en jeg þykist þó fullviss um, að hækkunin, sem nú er fengin, nær þar fram að ganga; en verði styrkurinn hækkaður enn meir, getur það orðið þrætuefni milli deildanna og þá ósjeð hvernig fer. Jeg tel því óheppilegt að gjöra breytingu á þessu, þar sem það gæti orðið til þess, sem vjer sízt vildum, að styrkurinn minnkaði frá því sem hann nú er kominn inn á fjárlögin. Líka er fyllsta ástæða til að láta ekki styrkinn hækka snögglega; dagsverkum fjölgar stöðugt og það hvað mest á árinu 1894, og vjer vonum, að þau fækki ekki í ár eða að ári, heldur stígi þetta jafnt, en 3000 kr. hækkun fyrra árið og 5000 kr. hækkun hið síðara vegur fullkomlega á móti því. Þessi stígandi hækkun á styrknum er hin heppilegasta og gefur líka von um, að hann færist eigi niður í framtíðinni.

Jeg gæti að lokum vikið svolítið að hinum almennu athugasemdum h. þm. Rvík. (J. Jenss.), sem reyndar áttu betur við 1. umræðu fjárlaganna, eða þegar tekjukaflinn var ræddur og samþykktur við 2. umræðu. H. þm. sakaði nefndina fyrir, að hafa áætlað tekjurnar 20,000 kr. of hátt; hann nefndi sjerstaklega til útflutningsgjaldið af fiski og lýsi; þar var nefndin þó fullar 5000 kr. undir 3 ára meðaltali. Annars voru þeir reikningar raktir við framsöguna á tekjukaflanum og allar hinar áætluðu hækkanir fjárlaganefndarinnar rækilega rökstuddar. Hæstv. landshöfðingi var þá hjer í salnum, og jeg efast eigi um, að hann hefði talað á móti þessum hækkunum fjárlaganefndarinnar, hefði hann álitið þær fjarri sanni. Jeg vil biðja h. þm. að bera saman og athuga hinar áætluðu tekjur landsins í nokkrum hinum síðustu fjárlögum, þær eru sem betur fer stöðugt hækkandi, einnig þá er engir nýir skattar eða tollar bætast við. Hækkunin á fjárlögum þingsins 1893 frá næstu fjárlögum á undan var 78,000 kr., og munu þó árin 1894 og 1895 gefa töluvert fram yfir áætlun. Nú í ár eru áætlaðar tekjur hækkaðar um 63,000 kr. frá því sem þær voru gerðar 1893; það er þó töluvert minna. Jeg vona, að þetta sýni, að nefndin fór ekki í gönur með áætlun sína.

Sami h. þm. (J. Jenss.) óskaði margt strykað út og mörgu sleppt, og get jeg að ýmsu leyti samsinnt því, sjerstaklega við þennan síðasta kafla fjárlaganna. En það er orðið of seint í þetta sinn, það getur að eins komið fram sem bending fyrir h. efri deild, eða til athugunar fyrir oss, er vjer væntanlega fáum frumvarpið þaðan aptur. Betur, að fleiri hefðu hugsað svo í tíma, því að það er alveg eins mikið varið í það, að koma óþörfum póstum út af fjárlögunum eins og gagnlegum inn á þau; en eptir minni stuttu reynslu skilst mjer, að sje hið síðara auðgefnara fyrir þá, sem eiga sæti í fjárlaganefndinni, þá er hið fyrra aptur hægra fyrir þá, sem fyrir utan hann standa.

Annars get jeg ekki annað en þakkað h. þm. fyrir það, hve vel þeir hafa yfir höfuð tekið tillögum nefndarinnar frá fyrstu.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: H. framsögum. (Þórh. Bj.) minntist á breyt.till. mína á þingskj. 325, um gufubátaferðirnar, og vildi jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Það sem vakti fyrir mjer, var það, að jeg hjelt, að miðbik Austfjarða, þar sem gufuskipsferðir eru nú svo miklar, mundi varla gefa um að styrkja gufubátsferðir; þar er ekki svo mikil þörf á þeim. En þeir landshlutar, þar sem mest er þörf á slíkum ferðum, eru Norður-Þingeyjarsýsla og Skaptafellssýslurnar. Jeg fann því ástæðu til að skipta styrknum í tvo eða fleiri staði og hefi þá samkvæmt því stungið upp á að breyta orðinu »gufubáts« í »gufubátaferða«. Það væri í rauninni ekki of mikið, þó að Austur-Skaptafellssýsla fengi sjerstakan styrk til slíkra ferða; hún hefir hingað til orðið mjög út undan bæði með styrk til vegabóta á landi og samgöngubóta á sjó.

Jeg hafði ráðgert að koma mjer saman við h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um hljóðfærakaup handa landssjóðskirkjum í Skaptafellssýslum, en við höfum eigi getað orðið samdóma um Bjarnaneskirkju. Hann tók fram, að þessar kirkjur, sem breyt.till. hans ræðir um, væru illa hirtar, og fjárhaldið eigi sem bezt, og færði það sem ástæðu fyrir því, að landssjóður ætti að leggja þeim til hljóðtæri. Af reikningum þessara kirkna sjest, að þær hafa haft ekki alllítil útgjöld hin síðustu ár. Bjarnaneskirkja hefir aptur á móti haft fremur lítil útgjöld og þá er ekki síður ástæða til að leggja fje til hljóðfærakaupa þeirri kirkju, þar sem útgjöldin hafa verið spöruð, en þeim, sem hafa orðið landssjóði meira til kostnaðar. Af landsreikningnum 1892 sjer maður að »bruttó«-tekjur Bjarnaneskirkju hafa verið 135 kr. 20 a., en útgjöld 26 kr. 30 a.; tekjur Prestbakkakirkju 199 kr. 72 a., útgjöld 71 kr. 60 a., tekjur Langholtskirkju 111 kr. 82 a., en útgjöld hennar 51 kr. 30 a. 1893 voru »brúttó«-tekjur Bjarnaneskirkju 67 kr. 68 a., útgjöld 38 kr. 65 aurar; tekjur Prestbakkakirkju 200 kr. 88 a., útgjöld 116 kr. 88 a.; tekjur Langholtskirkju 120 kr. 7 a., útgjöld 58 kr. 22 a. Útgjöldin við Bjarnaneskirkju eru, eins og sjest af þessu, ekki sjerlega mikil og því ekki síður ástæða til að hlynna að henni en hinum.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) gat um, að landssjóður hefði kostað járnþak á Prestbakkakirkju, sem hefði kostað nærri 1100 kr.; því má þá ekki hlynna að Bjarnaneskirkju líka? Í fjárlaganefndinni var jeg með þessum hljóðfærakaupum, en vildi bæta Bjarnaneskirkju við, en svo varð það ofan á, að synja öllum, og nú hefir Bjarnaneskirkja orðið út undan. Það er of seint

að koma með breyt.till. um það nú hjer í deildinni, en það má ef til vill reyna að koma henni að í efri deild.

H. þm. Rvík (J. Jenss.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vildu færa niður styrkinn til Bókmenntafjelagsins. H. framsögumaður (Þ. Bj.) hefir að vísu svarað, en jeg vildi þó leyfa mjer að fara um það fáum orðum.

Mig furðar mjög að sjá nafn h. þm. Vestm. (V. G.) undir þessari breyt.till., þar sem hann um daginn vildi láta bæta hag Bókmenntafjelagsins með því að veita landsbókasafninu talsvert fje til að kaupa handritasafn Bókmenntafjelagsins. Fjárlaganefndin sá sjer eigi fært að vera með þeirri fjárveitingu, en vildi aptur á móti hækka styrkinn til fjelagsins, svo að það kæmist úr fjárþröng og efldist til framkvæmda undir stjórn hins nýja forseta. Það hafa sumir haft það á móti þessu fjelagi, að það gæfi út ýms rit, sem ekki væri við alþýðuskap. En það er erfitt að gera svo öllum líki. Þetta fjelag er okkar einasta vísindafjelag og á eigi að gefa sig sjerstaklega við alþýðufræðslu. H. þm. Rvík. (J. Jenss.) amaðist einkum við fornfræðinni í Tímaritinu. En hvað er það, sem hefir gert Íslandi mestan sómann og gefið því mest gildi í augum útlendra manna? Það eru einmitt vorar fornu bókmenntir, og því er ekki rjett að vilja útrýma fornfræðinni. Hún verður að vera með, það er ómögulegt annað. Þar að auki er ekki sanngjarnt að ásaka stjórnina fyrir, að hún hlynni að fornfræði fremur öðru, þegar svo stendur á, að hún fær einmitt flestar ritgjörðir um þesskonar efni, en lítið annað í Tímaritið. Enn fremur var nú á fundi í vor ákveðið, að láta tímaritið framvegis ganga í alþýðulegri stefnu en hingað til.

En það sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), engu síður höfðu á móti fjelaginu, var það, hvað ótilhlýðilegt það væri, að Bókmenntafjelagið gæfi út bifliuljóð. Það hefir áður verið ríkjandi sú skoðun, að fjelagið ætti að gefa út það, sem bókmenntum vorum væri til sóma, hvort sem það er andlegs eða veraldlegs efnis; fjelagið hefir líka áður gefið út þýðingar á Milton og Klopstock og það sýnist liggja enn nær að gefa út frumsamin, innlend listaverk. Jeg vona, að enginn hjer í deildinni verði á móti því, að gefið sje út rit, sem styðji trú á kristindóminn, þótt ýmsir sje nú farnir að gerast fráhverfir slíku.

Jeg hefi fátt annað að athuga; þó vildi jeg geta þess viðvíkjandi námsstyrknum til lærisveina Flensborgarskólans og til stýrimannaefna, að jeg verð á móti þeim báðum. Jeg vil ekki byrja á að veita neinn styrk, þar sem hann hefir ekki verið áður.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) minntist á Langárbrúna, — kallaði hana óþarfa og sagði, að slíkar fjárveitingar væru til að ala upp framkvæmdarleysi í mönnum. En því fer fjarri að svo sje. Þar í því hjeraði er enginn þjóðvegur, og þingið neitaði einmitt í gær að láta leggja þjóðveg þar, þó það sje að kunnugra manna frásögn einhver versti vegur á landinu. Það má ekki gera neinn hluta landsins afskiptan vegabótum.

Þórður Guðmundsson: Nafn mitt stendur hjer undir tveim breyt.till., nefnilega á þingskj. 314 og 315. Það kann ef til vill að vekja furðu hjá sumum h. þingmönnum, þar sem jeg við 2. umr. var á móti seinni liðnum á 315 og algjörlega mótfallinn 314. En fjárveitingar þessar voru þá öðruvísi lagaðar en þær eru nú; nú hafa þær verið lækkaðar, og því hefi jeg ljeð tillögunum nafn mitt til að koma þeim að.

Viðvíkjandi styrknum til cand. juris Stgr. Jónssonar, til að stunda íslenzk

lög, þá hefir nú komið fram breyt.till. um hann á þingskj. 324, sem fer fram á allt öðruvísi lagaða fjárveitingu en við 2. umræðu.

Breyt.till. á þingskj. 314, um styrk til að koma á fót heimiliskennslu í hússtjórn og matreiðslu, þar sem nú er farið að eins fram á 1000 kr. styrk í eitt skipti fyrir öll, er jeg miklu nær með að gefa atkvæði mitt svona lagaðri, en við 2. umr., þó jeg enn þá efist um, að þessi styrkveiting verði að miklum notum. Jeg hefi áður tekið fram ástæður mínar og skal því ekki fara frekar út í það nú.

Hvað snertir breyt.till. á þingskj. 307, þá þarf jeg ekki að minnast frekar á hana en h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir gert; hann hefir tekið það fram bæði rjett og greinilega, að það er lítið sem ekkert gagn að því fyrir þessi hjeruð, sem liggja að suðurströnd landsins, að vera í sambandi við bát, sem fer um Faxaflóa og á að fara einn yfir svo mikið svæði.

Þá get jeg ekki annað en minnzt lítið eitt á breyt.till. á þingskj. 312, þar sem farið er fram á að veita 300 kr. árlega til að stofna jarðyrkjufæraverkstæði við búnaðarskólann í Ólafsdal. Mjer finnst það viðsjárvert, að vera að kosta til verkstæðis vestur í Ólafsdal. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg viðurkenni ekki gagn það, sem skólinn gerir, en mjer finnst, sem landið hafi líka kunnað að meta það. Það eru eigi dæmi til, að landssjóður hafi veitt annað eins fje til nokkurrar prívat eignar, eins og til þessa skóla. En það sje fjarri mjer að telja slíkt eptir. Mjer heyrðist svo á h. þm. Dal. (J. P.), að skólastjórinn í Ólafsdal væri nú orðinn svo uppgefinn. Mjer finnst það mæla lítið með þessari jarðyrkjufæraverkstæðisstofnun, að byrja að setja það á stofn, þegar skólastjórinn er orðinn þreyttur og lúinn. Annars finnst mjer misráðið, að vera að leggja fje til verkstæðisstofnunar vestur í Ólafsdal, þar eð það er mjög ervitt fyrir landsmenn að ná þaðan verkfærum; ef endilega álízt þörf fyrir þetta verkstæði, sem hjer ræðir um, ætti það að setjast niður hjer í Reykjavík; hjeðan eiga menn úti um landið mikið hægra með að ná verkfærunum til sín. Jeg greiði því atkvæði á móti þessari fjárveitingu.

Jón Þórarinsson: Jeg hugsaði, að svo mundi ekki fara, að jeg yrði að tala tvisvar við þessa umræðu fjárlaganna. Það sem gerir mjer það nauðsynlegt, voru ýmsir útúrdúrar í ræðu h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.); jeg neyðist til að svara honum. Þegar jeg heyrði ræðu hans, datt mjer í hug:

»Hvaðan kennir þef þennan?
Þorkell andar nú handan«.

Hann spurði fyrst, hvort það væri meiningin, að »sløjd«-kennsla við Flensborgarskólann ætti að leggjast niður, þar sem sá liður er nú felldur burt, er var í stjórnarfrumv. sem sjerstök borgun fyrir hana. Hann sagði, að ef svo væri, þá skyldi það gleðja sig, því að þeim peningum væri illa varið, sem borgaðir væru fyrir kennslu í skólaiðnaði. Ja, sá talar mest um Ólaf kóng, sem hvorki hefir heyrt hann nje sjeð! Jeg get svarað h. 2. þm. Húnv. (B. S.) því, að hann nýtur ekki þeirrar gleði meðan jeg lifi, og er forstöðumaður Flensborgarskólans. Þessi námsgrein hefir nú á stuttum tíma rutt sjer til rúms á öllum Norðurlöndum, og víðast hvar annarsstaðar í Norðurálfunni; kennsla í henni hefir jafnvel komizt til Kína. Hún er nú svo fræg um allan hinn menntaða heim, að hver sá maður, sem talaði um hana í útlöndum eins og h. 2 þm. Húnv. (Bj. Sigf.), myndi vera álitinn svo mikið »raritet«, að jeg

er viss um, að hann gæti sýnt sig fyrir peninga. Hann stakk upp á því, að selja »sløjd«-kennsluverkfærin og kaupa svo áhöld til kennarakennslu fyrir það, sem fengist fyrir þau. Hann fann og margt að sløjd-kennslunni, og gat þess meðal annars, að hún væri óhentug fyrir fullorðna menn, þetta væri barnaglingur. Þingmaðurinn talar hjer um það, sem hann hefir ekkert vit á. Það eru til tvær tegundir af »sløjd«, önnur fyrir börn, en hin fyrir unglinga og full-þroskaða menn, og það er einmitt sú tegund, sem jeg hefi lært og kenni. Hvernig jeg leysi þessa kennslu af hendi, skal jeg ekkert um segja. Mjer ber ekki að dæma um það sjálfum. — H. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) bar fyrir sig ummæli tveggja pilta úr Húnavatnssýslu, sem hefðu lært hjá mjer, og sagzt ekkert gagn hafa haft af sløjd-kennslunni. Jeg vil ekki að svo stöddu lýsa þessi orð h. 2. þm. Húnv. (B. S.) ósannindi, en jeg verð þó að efast stórlega um, að það sje rjett hermt, að piltar þykist ekkert gagn hafa af því, sem þeir sækjast eptir að fá að læra. Það stendur svo á, að jeg hefi ekki rúm fyrir fleiri en 10 manns í einu í sløjd-tímunum, og því orðið að skipta henni svo niður að að undanförnu hefi jeg haft 3 deildir, sem hver hafði 2 tíma á viku, en í vetur 2 deildir, eldri og yngri og jafnmarga tíma á viku. — Að undanförnu hefi jeg kennt 30 nemendum, en í vetur að eins 20, og gerði jeg það til þess, að hver af hinum eldri fengi lengri tíma, en ekki var það af því, að fleiri vildu ekki taka þátt í náminu.

H. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.), sem hefir sjálfur lært eitthvað í trjesmíðum, kannaðist við það, að nauðsynlegt væri að læra hin algengustu handtök með almennum verkfærum. Veit h. 2. þingm. Húnv. (Bj. Sigf.) ekki betur en þetta? Eða er hann að fara með þetta rugl af ásettu ráði? Þau verkfæri, sem við kennsluna eru brúkuð, eru almenn snikkara-verkfæri, en bara hentugri en hjer gjörist almennt, því þau eru keypt hjá góðri verksmiðju erlendis; ef h. þingm. vill fá betri verkfæri, en þau sem hann hefir sjálfur, þá vil jeg ráða honum til að panta verkfæri frá sömu verksmiðju. Sú verksmiðja hefir gjört stórar endurbætur á ýmsum verkfærum, og hefir mikið orð á sjer. En h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) er auðsjáanlega af þeim gamla skóla. Hann sagði, að það sem smíðað væri, væri mest barnaglingur, og nefndi svo myndaramma, sem átti að hafa komið þaðan. Það vill nú svo illa til, að í þessi 4 ár hefi jeg ekki látið búa til einn einasta myndaramma. Og þótt hlutirnir, sem þar eru smíðaðir, væru lítilfjörlegir, þá er það engin sönnun fyrir, að námið sje lítils virði, því það er mikilsvert, að læra aðferðina og handtökin við smíðarnar. Hver sá maður, sem hefir notið sløjd-kennslu, á að vera fær um að smíða hvern einfaldan og óbrotinn hlut, sem vera skal, eptir mynd. Jeg get ekki viðurkennt annað en að þeir, sem hafa lært hjá mjer, geti smíðað einfalda og óbrotna hluti. Þeir geta sagað, þeir geta heflað og svo framv. H. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) er sjálfur smiður, og hefir sjálfsagt einhvern tíma orðið svo frægur, að smíða kommóðu t. d. Hann miðar nú sjálfsagt við þann, sem hann hefir bezt álit á, sjálfan sig, og segir sem svo: »Sløjd-kennslan er ónýt af því, að þeir hafa ekki smíðað kommóðu!« En þeir læra öll handtök til þess: þeir geta sagað, heflað, geirneglt, stemmt inn skrár o. s. framv.; þeir hafa í öllu falli lært handtökin að því, og það játaði h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) að væri nokkurs virði.

H. 2. þingm. Húnv. (Bj. Sigf.) spurði,

því jeg hefði enga smíðisgripi lagt fram til sýnis. Til þessarar spurningar gat verið ástæða. En á þessu stendur svo, að piltarnir kaupa fyrir eigin peninga efnið, sem þeir vinna úr; þeir eiga sjálfir þá muni, sem þeir smíða, og jeg hefi ekkert vald yfir þeim. En þó þessir hlutir væru sýndir, þá myndi þó lítið að græða á þeirri sýningu. Ef sløjd-kennslan hefði staðið lengur, þá væri betra tækifæri til þess. Það þyrfti að vera margir og fjölbreytilegir hlutir, til þess að sýningin fengi gildi í augum annara en þeirra, sem kunnugir eru sløjd-kennslu, eða af eiginni reynd vita, hvað það er, að leysa slík verk af hendi. Hann gat þess til, að jeg hefði ekki viljað sýna þessa muni, af því þeir væru ekki þess verðir. Mjer þykir mjög leitt, að jeg ekki skyldi vera heima, þegar h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) gjörði mjer þann heiður að heimsækja mig um daginn, en jeg vona, að ef hann kemur þangað bráðum aptur, þá geti jeg sýnt honum einhverja smíðisgripi, og hvernig vinnan á þeim er. En ef menn óska, að munirnir sjeu sýndir opinberlega, þá skal jeg reyna að bæta úr því seinna. Auk þess gagns, sem h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) játar, að sløjd-kennslan gjöri, o: með því, að kenna mönnum smíðar, þá er önnur gagnsemi hennar eigi minni, þó að hún sje h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) hulin, já, hulin þrátt fyrir það, að hann hefir sjálfur orðið hennar aðnjótandi, þar sem hann hefir lært að smíða trje.

H. 2. þingm. Húnv. (Bj. Sigf.) getur verið viss um það, að ef hann hefði ekki fengið tilsögn í trjesmíði, þá væri hann ekki eins greindur og hann þó er. Honum þykir þetta eflaust mjög skrítin kenning, en það er nú allsstaðar viðurkennt, að menn græði í andlegu tilliti á því, að læra smíðar; það er viðurkennt að líkamleg vinna hefir góð og heillarík áhrif á anda mannsins, sje vinnan sniðin eptir þörfum sálar og líkama. Gamlir skólamenn bjóðast nú jafnvel til að sleppa af sínum eigin kennslustundum, jafnvel grískunni og latínunni, sem er þó næst hjarta þeirra, til þess, að hægt sje að kenna sløjd; en svo rís einn spámaður upp, einn vitringur kemur frá Norðurlandi, h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) og segir: »Þetta er tómt humbug, góðir menn! Peningunum, sem þið verjið til sløjd-kennslu, er illa varið!«

Sigurður Gunnarsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við breyt.till. á þingskj. 316 frá h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) og fleirum af því, að hún skiptir einna mestu máli af breyt.till. þeim, sem fyrir liggja. Í breytingartill. þessari er fyrst og fremst farið fram á, að færa enn niður styrkinn til akbrauta um 5000 kr. á ári. — Um það þarf jeg ekki að vera margorður, því að h. framsögum. (Þórh. B.) hefir svarað því á þann veg, sem jeg mundi hafa viljað svara því.

Að því er snertir hina tillöguna, að færa styrkinn til þjóðvega úr 20,000 kr. upp í 25,000 kr. á ári, get jeg líka tekið undir með h. framsögum. (Þ. B.) og hermt það rjett að vera, sem hann sagði, að það voru fleiri í fjárlaganefndinni en h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem töldu það rjett, að hækka fjárframlag þetta, og jeg er einn í þeirra tölu; en vil þó einnig, að styrkurinn til akbrauta, sje látinn haldast óskertur.

Mjer hefir heyrzt það á mörgum h. þingdeildarm., að þeir teldu rjett að hlynna að þjóðvegum; mjer kom það því undarlega fyrir, þegar hinir sömu menn rjeðust á hið litla frumvarp um veginn gegn um Mýrasýslu, sem hjer var til umræðu í deildinni í gær, og það af ástæðum, sem jeg get ekki talið

mikils virði. Reyndar var það borið fram af hæstv. landsh. og h. þingm. Dal. (J. P.), að frumv. þetta mundi fremur gjöra ógagn en gagn, því að þegar vegurinn væri kominn í þjóðvegatölu, þá mundi sýslunefndin ekki skipta sjer af honum framar. Hið sama má segja um alla aðra þjóðvegi, og þá hlýtur það að hafa verið vanhugsað, að hafa tekið alla þá þjóðvegi upp í lögin, sem gjört hefir verið; það má gjöra ráð fyrir, að sýslunefndirnar skeyti ekki meira um þá en um þennan veg. Þrátt fyrir þessa athugasemd mun jeg þó greiða atkvæði með breytingartill.

Jeg sje að 6 h. þm. bera fram þá tillögu, að veita fimleikakennaranum 800 kr. styrk, til að fara utan og fullkomna sig í list sinni. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa breytingartill., h. deild man, hvernig jeg tók í styrkveiting þessa áður, og mun jeg greiða atkvæði með henni nú, eins þótt hún sje nokkuð lækkuð frá því, sem upphaflega var til ætlað.

Jeg sleppi að tala um hinar breyt.-till.; h. framsögum. (Þórh. Bj.) hefir þar tekið ómakið af mjer.

Þótt jeg hafi hingað til greitt atkvæði með sumum styrkveitingum til einstakra manna fram yfir það, sem fjárlaganefndin gjörði í heild sinni, þá er ekki víst, að jeg greiði nú atkvæði með þeim öllum; áður gjörði jeg það með sumar af þeim fremur til þess, að mönnum gæfist betur kostur á að ræða um þær, en af því að mjer þætti æskilegt, að þær fengju fullnaðar-samþykki deildarinnar.

Yfir höfuð álít jeg það rjett, að þegar svo mikið er veitt til atvinnuvega og samgöngubóta sem nú, að takmarka þá sem mest allar smá-styrkveitingar til einstakra manna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sje að hjer er komin fram tillaga um að veita 300 kr. hvort árið til jarðyrkjuverkfæraverkstæðis í Ólafsdal. Með þessari tillögu get jeg ekki beinlínis verið, því að þótt jeg trúi því vel að skólastjórinn í Ólafsdal muni vera orðinn þreyttur af smíðum og öðrum störfum, þá finnst mjer ekki ástæða fyrir þingið að veita þetta fje fyrir þá sök. Jeg játa að það sje þarflegt að smíðuð sjeu jarðyrkjuverkfæri, en jeg held að einna sízt sje þörf á því í Ólafsdal eða Vesturlandi; þar mun þegar töluvert til af jarðyrkjuverkfærum, sem breiðzt hafa út frá þessari stofnun. Það mun meiri þörf að styrja menn til þeirra smíða annarsstaðar á landinu. Jeg álít t. d. að gagnlegra væri að koma upp slíku verkstæði hjer í Reykjavík; hjer er hægra að ná til verkfæranna en í Ólafsdal, og hægra að breiða þau út um landið og það eigum við þingmenn að hafa fyrir augum, þegar við veitum fje til verklegra framkvæmda, að sem flestir gætu notið þess. Jeg hefi ásamt öðrum fleirum skrifað undir breyt.till. á þingskj. 307, en þó ekki af því að jeg sje henni fullkomlega samdóma. Við 2. umr. var jeg ekki meðmæltur hljóðfærakaupum í kirkjur þær, sem hjer ræðir um, með fram af þeirri ástæðu að þeim mundi ekki vel borgið í þessum ljelegu kirkjum, og að þau mundu fljótt verða þar ónýt. Í þessari skoðun hefi jeg heldur styrkzt við ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl.. Guðm.) í dag; lýsing hans á kirkjunum þar vestra var þannig, að engum mun blandast hugur um að þær sjeu lítt hæfur geymslustaður fyrir hljóðfæri; og mig skal sízt furða á því þótt h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) vilji láta eitthvað hlynna að kirkjum þessum. Mjer finnst að á meðan landssjóður á að annast kirkj-

ur þessar, þá verði hann að gjöra eitthvað meira fyrir þær en hingað til, og það því fremur, sem h. þm. (Guðl. G.) sýndi fram á að hann hefir ekki skaðazt á þeim, að minnsta kosti ekki í seinni tíð. Ef kirkjurnar eru í því ástandi, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um, þá finnst mjer að söfnuðirnir hefðu átt að vera búnir að senda kvartanir yfir því. (*Guðl. Guðm.*: Þeir eru margbúnir að gjöra það, en þeim hefir engu verið gengt). Ef þessir menn vissu, hve mikið gengur til Reykjavíkurkirkju, sem jetur upp mestallar tekjur sínar, þá er von að þeim gremdist. En eins og jeg gat áðan um, þá er þó óvíst að jeg geti gefið breyt.till. atkvæði, af því að jeg álít hljóðfæri varla geymandi í kirkjum þessum, eins og þær nú eru. Þá hefi jeg ásamt öðrum fleirum skrifað undir breyt.till. á þingskj. 327 um að hækka búnaðarstyrkinn. Jeg er því fremur fylgjandi að styrkur þessi sje heldur hækkaður en lækkaður, en kappsmál er mjer það þó ekki.

Viðvíkjandi Flensborgarskólanum skal jeg taka það fram, að jeg er á því, að spara það sem hægt er, og það er sitthvað, hvað hægt er að komast af með, og hitt að hafa allan útbúning sem glæsilegastan. Það er svo að margur einstakur maður verður að neita sjer um ýmislegt, sem honum þætti æskilegt að hafa; en jeg játa að nokkuð öðru máli er að gegna með skóla, og er því ekki víst að jeg greiði atkvæði móti tillögunni. Í einum pósti get jeg verið samdóma h. 2. þm. Húnv. (B. S.) Jeg hefi enn ekki verið trúaður á nytsemi slöjdkennslunnar, mjer hefir þótt það nokkuð lítilfjörlegt fyrir þroskaða menn að gefa sig við því, eins smágert og það er. Þó er þetta svo nýtt enn, að það er fullsnemmt að fella fullnaðardóm yfir því. Jeg læt hjer að eins í ljósi mína skoðun eptir því sem málið hefir hingað til komið mjer fyrir sjónir. Jeg er einn þeirra sem talað hafa móti þessari nýju skólastofnun í Reykjavík. Jeg sje reyndar, að hjer er komin fram breyt.till. um að færa styrkinn niður í 1000 kr. og veita hann að eins annað árið. H. framsögumaður (Þ. B.) talaði um að vel mætti kenna meðferð á mjólk hjer í Reykjavík. Það getur að vísu verið, en í stórum stýl getur það naumast orðið, og varla er að tala um að hjer verði ostagjörð kennd. Auðvitað má gjöra vel þótt smátilraunir sjeu; það má t. d. strokka rjóma í flösku til að sýna, hvernig eigi að fara að því að búa til hreint og gott smjör.

Jeg segi það enn, að jeg tel slíka stofnun ekki vel setta í Reykjavík; það er með hana líkt og með alþing; það hefði haft sínar góðu hliðar að það væri haldið enn þann dag í dag á Þingvelli og það vill svo vel til um þessa skólastofnun, að það mælir miklu færra með því að hafa hana í Reykjavík en alþingið, en fleira með því að stofna hann annarsstaðar í landinu.

Ein tillagan er að færa niður styrkinn til Bókmenntafjelagsins. Vjer vitum allir að hagur þessa fjelags er slæmur í fjárhagslegu tilliti; vitaskuld hvílir það mest á stjórn fjelagsins, en það nær þó til allra fjelagsmanna, og þeim er öllum skylt að láta sjer annt um hag fjelagsins. Jeg get tekið undir með h. þm. A.-Sk. (J. J.) að jeg get ekki deilt á fjelagsstjórnina, þótt teknar hafi verið upp í Tímaritið nokkuð langar ritgerðir um Eddukvæðin; því að þegar menn í útlöndum ætla að fara að grafa undan þeim heiðri, sem vjer höfum af slíkum bókmenntum vorum sem Eddukvæðin eru, og hagga honum, þá sýnist mjer það hlutverk Bókmenntafjelagsins að taka til andmæla og leyfa þeim mönnum ritrúm, sem

finna hjá sjer krapta og köllun til að snúast til varnar. En jeg er á því að fjelagið ætti að geta sparað sjer fje með því að hætta að gefa út Skírni; þeir sem blöðin lesa og fylgja eitthvað með munu varla líta í hann, það borgar sig ekki, þeir hafa löngu áður heyrt flestar þær frjettir, sem hann hefir að flytja; það var öðru máli að gegna áður á tímum meðan blöð voru svo fá og strjál og fálesin, þá var ástæða til að gefa út slíkt rit sem Skírni. Jeg kalla það að kasta peningum fjelagsins í sjóinn, að vera að verja þeim til útgáfu Skírnis eins og nú standa sakir. Jeg mun að vísu greiða atkvæði með hærri upphæðinni, en það liggur við, að jeg muni segja mig úr Bókmenntafjel., ef haldið verður áfram að gefa Skírni út, því jeg tel mjög óbúmannlegt að fleygja þannig út peningum, sem engum getur verið til fræðslu nje skemmtunar.

Tryggvi Gunnarsson: Ræður manna í daga hafa verið mjög höglegar, svo jeg þarf lítið að tala um þær breyt.till., sem fyrir liggja.

Breyt.till. h. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.) o. fl. við styrkinn til gufubátsferða, get jeg verið meðmæltur. Þar er nokkuð vikið frá þeirri upphæð, sem samþykkt var við 2. umr., en mjer þykir sjálfsagt að hliðra til frá því, sem fjárlaganefndin hafði ákveðið, úr því þessir bátar hjer sunnanlands eru nú komnir og hafa verið notaðir til töluverðs hagnaðar fyrir þessi hjeruð. Það er almennt álitið að gufubáturinn «Elín«, sem gengur hjer á Faxaflóa, sje of lítilll sjerstaklega til mannflutninga, svo ef þess 1500 kr. viðbót gæti orðið til þess, að annar stærri bátur fengist, þá álít jeg þessum krónum mjög vel varið.

Styrkurinn, sem fjárlaganefndin stakk upp á til fiskiveiðafjelagsins «Dan» fyrir póstflutninga, fjell hjer í deildinni við 2. umr. Á þessu furðaði jeg mig stórlega, því mjer fannst sú ráðstöfun mest í samræmi við brask samgöngumálanefndarinnar hjer í deildinni um daginn, og þar sem þetta er henni ódýrasti máti til að fá póst fluttan til og frá landinu 14. hvern dag í marga mánuði, þá var jeg satt að segja alveg hissa, að samgöngumálanefndin skyldi vera með til að fella það. Jeg hefi því komið með breytingartillögu til að setja þessa upphæð inn aptur.

Að því er snertir styrkinn til fimleikakennarans, þá held jeg hvorugt sje hentugt, hvorki það, sem farið er fram á í nefndarálitinu nje í breyt.till., því þó margir vilji halda áfram með þennan mann, þá lízt mjer ekki á að binda sig við hann lengur. Eptir þeirri lýsingu á kennslunni, sem komið hefir hjer fram í dag, þá álít jeg sjálfsagt bezta ráðið, að fá hingað leikfimiskennara frá útlöndum, því það er mjög hætt við því, að þessi maður, sem er orðinn miðaldra, geti ekki sett sig nærri nógu vel inn í þann kennslumáta, sem nú tíðkast, á fáum mánuðum. Það er enginn efi á því að fá má hingað duglegan leikfimiskennara frá útlöndum með lágum launum, því sú kennsla er orðin mjög útbreidd í öðrum löndum, og margur um boðið, ef föst laun bjóðast. Þegar um það hefir verið að ræða að senda menn hjeðan til útlanda til að læra sitt hvað, þá hefi jeg alltaf haft þá skoðun, að heppilegra væri að fá menn frá útlöndum hingað til að kenna það, heldur en senda menn hjeðan til að læra slíkt á fáum mánuðum. Þannig var það heppilegt, þegar norsku vegagjörðarmennirnir voru fengnir hingað, og eins mundi útlendur leikfimiskennari gjöra hjer mikið gagn þótt í smærri stýl sje. Kæmi hingað útlendur góður fimleikakennari, gæti hinn nú-

verandi leikfimiskennari við latínuskólann lært hjá honum, eða þá einhver annar, er til þess þætti hentugri. Svo gætu líka fleiri lært hjá honum, er gætu tekið að sjer þessa kennslu við aðra skóla.

Um hina nýju breyt.till. þm. Vestm. (V. G.) o. fl., að fá hingað norskan járnbrautafræðing, skal jeg engum orðum eyða; jeg hefi áður sagt mitt álit um það.

Þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) talaði svo mikið um styrkveitinguna til Skúla Skúlasonar, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann getur sótt það mál með svo miklu kappi. Jeg þekki vel þennan mann. Hann hefir verið í vinnu hjá mjer í tvo mánuði. Jeg álít að hann hafi ekki gagn af því að fá þessa peninga, því hann getur ekki lært myndasmíði svo fyrir þessa peninga að hann geti lifað á því, því ef hann á að hafa gagn af námi sínu, þá verður að veita honum, ekki 500 kr., heldur 3000 kr. Hann var fyrst að hringla við trjeskurð, en er nú byrjaður eitthvað á marmara myndasmíði, hvað lengi sem hann heldur áfram með það. Einar Jónsson er kominn miklu lengra og því hefi jeg mælt með honum. Jeg vona að h. þm. álíti mig ekki svo samvizkulausan, að jeg vildi eyðileggja framtíð Skúla með því að mæla á móti honum, ef jeg hjeldi að hann gæti haft gagn af að fá þennan styrk. Jeg álít að þingið eigi að styrkja það, sem er fagurt og gott, hvort sem slíkir styrkir eru kallaðir bitlingar eða ekki. Það er verið að tala um að veita peninga til að efla gras og aptur gras og áburð, en jeg álít ekki að allt eigi að ganga í gras, heldur eigi líka að verja nokkru fje til að bæta fegurðartilfinningu manna; þess er sannarlega ekki vanþörf, en til þess álít jeg þennan mann ekki færan; ef á að fara að veita honum styrk nú, þá álít jeg að þingið sje hálfbundið við að styrkja hann framvegis, þangað til lærdómurinn getur orðið honum að einhverju gagni, en þá verða sjálfsagt komnar til þess yfir 3000 kr.

Af því h. þm. Húnv. (B. S.) talaði svo mikið um «slöjd»-kennsluna við Flensborgarskólann, sem reyndar liggur ekki hjer fyrir nú, þá get jeg vottað, að jeg hefi sjeð þessa vinnu frá þeim skóla, og þótti mjer hún furðu góð, en jeg þykist hafa nokkurt vit á að dæma um slíkt, þar sem jeg er trjesmiður og hefi kennt trjesmíði ekki svo fáum, sem nú eru góðir smiðir bæði á Ísafirði og við Eyjafjörð og enda í Ameríku. Um það þarf ekki að þrátta hjer, hvort «slöjd» sje nauðsynlegt í skólum eða ekki, því það er viðurkennt um alla Evrópu og víðar um hinn menntaða heim.

Yfir höfuð hefir verið svo lítið kapp í ræðum manna í dag um þau atriði, sem hjer liggja fyrir, svo jeg álít að ekki þurfi að verja löngum tíma til að ræða um þau.

Klemens Jónsson: Það er út af orðum h. þm. Húnv. (B. S.), sem jeg tek til máls. Hann fann ástæðu til að fara að tala um sameiningu kvennaskólanna, en allt það sem hann sagði um það mál var byggt á tómum misskilningi, eins og eðlilegt var, þar sem hann eigi hafði verið viðstaddur umræðurnar við 2. umr.

Það var engin ástæða fyrir h. þm. Húnv. (B. S.) að fara að hamast og sízt til að fara að ráðast á Laugalandsskólann og hefja Eyjarskólann upp til skýjanna. Tilgangurinn hefir líklega verið, að benda hnútu að mjer persónulega, en það vill nú svo vel til, að jeg hefi aldrei verið í stjórn Laugalandsskólans, en þrátt fyrir það er jeg skólanum mjög kunnugur, og mjer er

óhætt að fullyrða, að stjórn Eyjarskólans alveg ólastaðri, að þeim skóla er engu betur stjórnað en Laugalandsskólanum.

H. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að allt af væri verið að jarma um styrk til Laugalandsskólans. Hve nær hefir komið fram styrkbeiðni frá Laugalandsskólanum fyr? En það ætti h. þingm. Húnv. (B. S.) að muna, að Eyjarskólinn hefir nokkrum sinnum verið að leita styrks, jeg segi ekki að jarma um hann, og einmitt árið 1891 fjekk hann töluverðan styrk til húsabygginga, svo að það er engin furða, þó húsið sje enn stæðilegt.

H. þm. Húnv. (B. S.) þekkir alls ekki, hvernig fjárhag Laugalandsskólans er varið, en góður mætti fjárhagur hans vera, ef hann væri fær um að byggja sjer skólahús, sem mun koma til að kosta hjer um bil 12 þús. kr.

Jeg verð því að bera til baka og mótmæla orðum h. þm. Húnv. (B. S.), sem algjörlega í ótíma töluðum og óvirðulegum.

Að öðru leyti er jeg þakklátur h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (Þ. B.). Það er alveg rjett stefna, sem nefndin hefir tekið, að stuðla sem mest að sameiningu skólanna, en annars skal jeg ekki fjölyrða nú um það mál. Jeg þykist nú hafa borið fyllilega til öll óvirðuleg og ósamboðin ummæli h. þm. Húnv. (B. S.).

Þá var það h. þingm. Árn. (Tr. G.), sem jeg þurfti að svara fáeinum orðum. Jeg get ekki skilið, hvers vegna hann leggur Skúla Skúlason eins í einelti og hann gjörir, en hefir ekkert að segja um Einar Jónsson. Skúli á ekki á neinn hátt að geta lifað af þessari list sinni, en Einar á að geta það. Ef jeg ekki þekkti h. þingm. Árn. (Tr. G.) eins vel og jeg gjöri, þá gæti jeg ekki annað en haldið, að það væri eitthvað persónulegt á bak við þetta, þegar jeg heyri önnur eins orð eins hann hefir látið sjer um munn fara í þessu atriði, en jeg vil ekki væna hann þess, að svo sje. En jeg þykist viss um, að deildin kunni að virða að verðugu orð hans.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer kom nokkuð á óvart undirtektir h. fjárlaganefndar undir breyt.till. mína á þingskj. 308 um hljóðfærakaupin til landssjóðskirknanna. Jeg verð að vekja athygli h. þingd. á því, að þetta liggur ekki fyrir þinginu sem bæn, heldur sem rjettarkrafa, er kirkjur þessar eiga fulla lagaheimtingu á að fá uppfyllta. Í lögum 22. maí 1891 er það tekið fram, að eigandi sje skyldur til að útvega hljóðfæri í kirkjur sínar, þegar krafizt er, ef kirkjan á nægilegt fje í sjóði fyrir því, sem það kostar.

Nú hefi jeg sýnt það og sannað með tölum, að ef portionsreikningur þessara kirkna hefði verið færður, þá ættu þær nóg fje í sjóði til þess, að hægt væri að kaupa hljóðfæri handa þeim, og að minnsta kosti er það skylda þeirra, sem eru á gagnstæðri skoðun, að sanna það, að fjeð sje ekki fyrir hendi, fyrst portionsreikningur kirknanna hefir ekki verið færður. Það lítur út fyrir, að þingið kunni að semja lög fyrir aðra, en að það kunni ekki að hlýða þeim lögum, sem það sjálft býr til, því þetta er bert ranglæti, og stjórnin hefir sjálf viðurkennt, að það væri miður sæmilegt, en jeg verð að álíta það til stórskammar, ef landssjóður gengur á undan öðrum kirkjueigendum með það, að vilja ekki útvega hljóðfæri í kirkjur sínar.

Hjer er um beina rjettarkröfu að ræða, sem hefir við svo mikið að styðjast frá sjónarmiði heilbrigðrar skynsemi og sanngirni. Það verða allir að játa, að endurbættur og góður söngur hefir

mjög mikil menntandi áhrif á söfnuðina, og jeg ímynda mjer, að lögin frá 22. maí 1891 miði beinlínis til þessa, og hafi einmitt þetta fyrir augum, þar sem þau gjöra hverjum kirkjueiganda það að skyldu, að útvega hljóðfæri til að hafa við hátíðasöng; þingið hefir þá, þegar það samdi þessi lög, haft augu fyrir þessari nauðsyn, þótt það virðist ekki hafa það nú.

H. þm. halda kannske, að jeg hafi tekið nokkuð djúpt í árinni, þegar jeg var að lýsa útliti kirknanna um daginn, en vísitazía biskupsins 1894 er alveg samhljóða minni lýsingu, og það verða menn þó að taka trúanlegt, þótt menn aldrei nema vildu vefengja lýsingu mína.

Við hliðina á þessum landssjóðskirkjum eru bændakirkjur, þar sem eigendurnir hafa byggt upp kirkjurnar, og söfnuðurinn hefir í öllu falli á einum stað, sem jeg get nefnt, sýnt eigendunum þá viðurkenningu, að kaupa hljóðfæri í kirkju sína. Það hlýtur þó hver heilvita maður að geta skilið, að annað eins og þetta er landssjóði til stórskammar, þegar þar við bætist, að kirkjurnar sjálfar eru í hinu versta ástandi. Það er eitt enn þá, sem vekur enn meiri gremju út af slíkri aðferð af þingsins hálfu, og það er það, að til landssjóðs greiðast úr þessu hjeraði svo mörg peningagjöld, auk kirkjugjaldanna, þar sem öll gjöld af landssjóðsjörðunum greiðast þannig.

Mjer virðist það vera bersýnilega ranglátt, að ausa út fje í helbera vitleysu, en vilja ekki sinna þessu neitt, sem er á rjetti byggt og skýlausum lögum; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að margt af því, sem fjárlaganefndin fer fram á, það sje að ausa fje út í helbera vitleysu. Og jeg hika mjer ekki við að segja, að nefndin hafi ekki getað kynnt sjer þetta nægilega á svo stuttum tíma, sem hjer er um að ræða, síðan breyt.till. mín kom fram.

Gagnvart h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), skal jeg taka það fram, að þótt mín lýsing á kirkjunum sje í alla staði rjett, þá er það þó engin sönnun fyrir því, að hljóðfæri gætu ekki geymzt í þeim, því þær geta vel verið þjettar og rakalausar, og svo geng jeg út frá því, að söfnuðirnir verndi hljóðfæri sín eins vel og föng eru á, að minnsta kosti veit jeg, að svo er gjört í öllum bændakirkjum.

Jeg er viss um það, að það er enginn kirkjueigandi af bændastjett til svo lubbalegur, að hann hefði ekki skammazt sín fyrir, að svara þessu máli á sama hátt og háttv. fjárlaganefnd hefir gjört.

H. 2. þingm. Árn. (Þorl. Guðm.) vildi segja, að söfnuðirnir ættu að senda kvörtun um viðhald kirknanna til umboðsmanns, og heimta að kirkjurnar væru málaðar, settir í þær ljósahjálmar, altaristöflur o. s. frv. Jeg veit nú ekki betur en að þetta hafi verið gjört, og að umboðsmaður hafi skrifað amtmanni og amtmaður aptur landshöfðingja um þetta. Landshöfðingi segist ekki gjöra neitt nema þingið samþykki það, en svo segir þingið, að söfnuðirnir eigi að sjá um þetta sjálfir. En segi hinir háttv. þingm. nei við jafn-rjettum kröfum og þetta eru, þá getur verið að mjer verði það á, að segja já við einhverjum ranglátum kröfum. (*Tryggvi Gunnarsson*: Það er á ábyrgð þingmannsins). En hitt er á ábyrgð fjárlaganefndarinnar. Jeg tek það upp aptur, að enginn bóndi mundi vera svo lubbalegur, að svara þessu eins og fjárlaganefndin hefir gjört. Jeg get ef til vill, ef þingið neitar þessu um samþykki, fengið aðstoð dómstólanna til

þess að söfnuðirnir geti fengið kröfum þessum framgengt, og náð sínum skýlausa rjetti.

Um hina síðari breyt.till. mína þarf jeg ekki að tala, þar eð jeg hefi engin mótmæli heyrt koma fram á móti henni.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Útaf ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skal jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu í því máli; jeg hefi ásett mjer að greiða atkv. með breyt.till. hans, og ástæða mín er sú, að jeg vil eigi knýja kirkjurnar til að fara í mál við landssjóð, sem jeg hygg, að hann mundi tapa. En annað mál er það, hvort ekki er reynandi að fá söfnuðina til að taka kirkjurnar að sjer, því jeg skil eigi, að þeir vilji það ekki, því það væri undarlegt þar sem tekjur þeirra, eptir því sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) segir, hafa reynzt svo miklar. Jeg skil því ekki, af hvaða ástæðu þeir vilja ekki taka þær að sjer, því þá geta söfnuðirnir sjálfir annazt um hljóðfærakaup, og aðra prýði þeirra.

Í ræðu h. þm. Vestm. (Valt. G.) var eitt atriði í dag, sem jeg þarf svolítið að athuga. Hann sagði það sama, sem sumir aðrir h. þm., að áhugi manna væri að minnka með flutningabrautir og vitnaði í þingmálafundi máli sínu til sönnunar. En þetta sannar ekkert, því það vantar að þessi sömu hjeruð hefðu áður lýst yfir áhuga á flutningabrautum, en þetta mál getur ekki hafa legið fyrir þingmálafundunum. Því á það mun að eins hafa verið minnzt einu sinni áður, en það lá ekki fyrir á þingmálafundunum 1893, svo jeg álít það jafnan-óhrakið fyrir því, og þótt einstaka þingmaður hafi ekki nú trú á flutningabrautum, þá er það ekki fullgild sönnun, nema hann hafi ljóslega sýnt, að hann væri með þeim áður. Og hvað h. þm. Strand. (Guðj. G.) snertir, þá hefir hann aldrei verið með þeim og h. þm. Vestm. (Valt. G.) var ekki á þingi 1893, og hefir því ekki látið þar atkvæði sitt í ljósi.

Þá þarf jeg að gjöra dálitla athugas. við ræðu h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) í dag, þar sem hann fann að því, að landssjóður væri brytjaður niður í smáfjárveitingar, en vildi þó á hinn bóginn auka styrkinn til búnaðarfjelaganna. Jeg verð að biðja h. þm. og h. deild að gæta að því, að ekkert af því fje, sem veitt er úr landssjóði, er brytjað eins smátt niður og styrkurinn til búnaðarfjelaganna, og dettur mjer þó engan veginn í hug að álíta, að því fje, sem veitt er til þeirra, sje illa varið. Væri gengið út frá því, að þegar landssjóður væri brytjaður smátt, þá væri fjenu illa varið, þá ætti á hinn bóginn að vera vel varið því fje, sem væri brytjað stórt. En allir sjá, að það er engin algild regla.

Þá kem jeg að styrknum til Skúla Skúlasonar. H. varaforseti (Tr. G.) sagði, að jeg sækti mál þetta með kappi og jeg blygðast mín ekki fyrir að játa, að jeg sæki það mál með kappi, sem miðar að því, að hjálpa efnilegum fátækling, sem er að brjóta sjer braut, og á mjög fáa meðmælendur. Reyndar geri jeg mjer ekki vonir um, að orð mín hafi þau áhrif á dóm h. deildar.

Mjer þótti vænt um að heyra h. flutn.m. breyt.till. um að fella Skúla Skúlason burtu, h. þm. Rvík. (J. Jenss.), segja, að reyndar hefði verið fullt eins mikil ástæða til að fella Einar Jónsson í burtu, og hið sama fáum vjer að heyra frá vörum nokkurra h. þingm. Og það má virðast undarleg stefna að vilja fella í burtu að styrkja þann mann, sem þingið hefir byrjað á að styrkja, en taka annan mann fram yfir hann. Mig furðar á því, að þingmenn vilja fella Skúla Skúlason í burtu, en lýsa

þó því yfir, að þeir vilji fullt eins vel fella Einar Jónsson í burtu, en þeir skuli þó ekki koma með breyt.till. í þá átt, það er að segja þeir, sem vitað hafa af breyt.till. fyrirfram. Jeg verð að játa, að mjer kom það illa, að nokkrir þingm. komu með þessa tillögu á ný. Og við aðrir þingm. fáum ekki að vita neitt af þessari till. fyr en í morgun, og því orðið of seint að koma með breyt.till. til að fella burtu einnig aðra styrkbeiðendur, er líkt stendur á með, svo þar af leiðandi verður ómögulegt að láta þá einnig koma undir atkvæði. Mjer dettur það engan veginn í hug, að drótta því að h. flutnm. breyt.till. að þeir hafi stillt svo til, að breyt.till. kæmi svona seint inn, til þess að koma öðrum h. þm. á óvart, heldur að það hafi orðið óvart, að þetta verður að ranglæti. Hefði jeg vitað af þessari breyt.till. í gær, þá hefði jeg óhikað komið með þá breyt.till. að Einar Jónsson og Þórarinn Þorláksson væru felldir líka.

H. framsögum. (Þórh. B.) lýsti því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að nefndin vildi að Skúli væri felldur, og hann komst þannig að orði, að nefndin hefði »tekið afstöðu í málinu«. En Pílatus hafði líka tekið afstöðu, þegar hann sagði: »Það sem jeg hefi skrifað það hefi jeg skrifað«. Hann er oft nefndur »hinn rangláti dómari« og fyrir minni tilfinningu er þessi afstaða nefndarinnar ranglæti, án þess jeg meini að fjárl.-nefndin vilji vísvitandi beita ranglæti, en það er ranglæti frá mínu sjónarmiði, því jeg þekki svo vel manninn, og jeg hugsa að nefndin hafi ekki litið svo rækilega á allar hliðar málsins eins og jeg.

Mjer þykir slæmt, að h. framsögum. hafði ekki rjett eptir mjer orð mín við 2. umr., en orð mín voru þannig: »Jeg veit, að hin h. fjárlaganefnd mundi hugsa sig vel um áður hún kvæði upp dauðadóm«, og jeg get bætt því við, dóm, sem er fullnægt þegar, er hann er kveðinn upp.

H. varaforseti (Tr. G.) sagði, að jeg sækti mál þetta með kappi. Jeg játa það. Menn munu þekkja ástæður þingsins 1891, þegar neitað var um þennan styrk, og ástæður þingsins 1893, þegar þessum manni var veittur styrkurinn, en mjer er kunnugt meira. Jeg veit, hvernig styrkurinn hefir verið notaður, og hvað olli því, að styrkþiggjandinn fór aðra götu og hvað olli því, að hann breytti aptur stefnunni. Þetta og fleira er mjer fullt eins vel kunnugt og h. varaforseta, þótt hann hafi haft hann í vinnu, líkl. vanal. skipavinnu í 2 mánuði. Jeg get ekki skilið, að h. varaforseti geti dæmt um lista hæfileika þessa manns, þótt hann hafi verið hjá honum í vinnu. Mjer er það ekkert launungarmál, að það eru vonbrigði fyrir mig, ef maður þessi er sviptur styrknum, og það eru vonarsvik fyrir hann, ef annar maður er tekinn fram yfir hann. Sjálfur ber jeg sjerstaka ábyrgð á þessu, jeg vissi hvernig högum hans var varið og jeg hvatti hann að leggja út í námið og jeg vonaði að deildin yrði samkvæm sjálfri sjer, þótt það kunni að reynast öðruvísi. Jeg treysti því að h. deild mundi líta sömu augum á þetta mál og jeg, þótt það ef til vill bregðist nú.

H. varaforseti sagði, að það væri ekki gott fyrir Skúla Skúlason að fá þennan styrk, því hann vendist af að vinna. Mjer finnst nokkuð hart að hafa slík ummæli. Jeg gæti með sama rjetti sagt, að það væri ekki holt fyrir bankastjórann að fá 5000 kr. um árið, því fyrir það vendist hann af að vinna. En þessi ástæða er að mínu áliti á litlum rökum byggð, eins og listanámið sje ekki vinna, örðug vinna og áreynsla

fyrir hvern þann er stundar það með kappi og því fremur sem hann er fátækari, og þarf því meira að leggja á sig. Mjer fannst h. varaforseti fara allt of hörðum orðum um þennan mann, það mætti þó ekki minna vera en að hann væri ekki borinn brigslyrðum jafnframt og reynt er til að slökkva allar framtíðarvonir hans. Jeg held að það reyndist heppilegra fyrir h. varaforseta að beita ekki slíkum orðum, því bæði mjer og öðrum, er heyrðu þau, mun hafa þótt þau sett á rangan stað.

Varafors. sagði, að það mælti með Einari Jónssyni, sem hann er meðmæltur, að hann væri kominn lengra. Það er ekkert tiltökumál, því hann er búinn að vera einu eða hálfu öðru ári lengur við námið.

H. varafors. (Tr. G.) sagði enn fremur, að ekki ætti að veita þeim mönnum fje, sem ekki yrðu landi sínu og þjóð til sóma og gagns. Jeg held að við báðir, varaforseti og jeg, höfum jafna hæfileika og jafnan rjett til að dæma um það fyrirfram, hverjir muni verða landi sínu og þjóð til sóma og gagns, við verðum að játa að við sjáum hvorugur svo langt fram í framtíðina. Þá talaði hann um, að Skúli hafi engar rjettarkröfur til þessarar fjárveitingu. Hver talar hjer um rjettarkröfur, en h. þingd. má ekki gleyma hinni siðferðislegu kröfu, því þó henni sje trúað fyrir að varðveita fje landssjóðs, og það sje ekki vort eigið fje, hvers um sig, sem við erum að greiða atkv. um, þá heimtar þjóðin alls ekki af oss mannúðarleysi, eða hörku. Auk þess að fullnægja rjettarkröfum höfum við bæði rjett og skyldu til að taka vel sanngirnis- og siðferðiskröfum. Jeg býst við að það verði þung vonbrigðafregn fyrir Skúla, ef hann skyldi frjetta það, að þingið hefði neitað honum um þennan fjárstyrk, sem hann hafði þó töluverða ástæðu til að gjöra sjer vonir um, þar sem hann var tekinn upp á fjárlagafrumv. stjórnarinnar. En því meiri verða líka vonbrigðin fyrir hann, hann sjer allt þetta breytast. Nú þráir hann, með hverri ferð, er kemur hjeðan frá Íslandi, að heyra, að hann fái þennan lítilfjörlega styrk, en sem þó öll framtíð hans er ef til vill undir komin, því hjer er að tefla um það, hvort hann á að verða að manni, eptir því sem gáfur hans og hugur hneigjast að, eða hverfa í örbyrgð og volæði, og það má því fremur búast við að vonbrigði hans verði meiri, er hann sjer annan pilt á líku reki tekinn fram yfir sig að eins fyrir þá sök að hann er dálítið lengra kominn, sem stafar einungis af því, að foreldar eða vandamenn þess pilts höfðu fje til að senda hann upp á eigin spýtur. Jeg veit fyrir víst, að þó h. varaforseti færi hörðum orðum um Skúla, muni hann finna til þess, að hann sje nokkuð hart leikinn og það því fremur, sem hann vissi, að stjórnin var búin að taka hann á sína arma, sem byggt hefir á staðfestu þingsins í þessu máli, en eptir því sem vonir hans eru meiri, eptir því má búast við að kvalirnar verði meiri, ef vonir þessar geta ekki rætzt.

Jens Pálsson: Af því að breyt.till. sú sem jeg og nokkrir aðrir h. þm. höfum leyft oss að koma fram með, hefir mætt mótmælum hjer í deildinni, þá finn jeg ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um breyt.till. og svara þeim mótbárum, sem fram hafa komið.

Jeg skal taka það fram strax, svo það ekki geti orðið misskilningi undirorpið, að með þessari 300 kr. viðbót til skólastjóra Torfa í Ólafsdal fyrir þetta fjárhagstímabil, er eiginlega farið

fram á að fenginn sje duglegur smiður á hið eina jarðyrkjufæra-verkstæði, sem til er á öllu landinu, smiður sem hafi verið við þær smíðar og geti starfað að þeim; jafnframt á hann að vera Torfa í Ólafsdal til aðstoðar og undir hans umsjón kenna þessar smíðar öðrum.

Hver er þessi maður, sem með breyt.-till. er farið fram á að fái þennan ljetti? Það er sá maður, sem að mínu áliti, og jeg held að það sje ekki ofsagt að flestra áliti, er faðir búnaðarkennslunnar og þar af leiðandi faðir allra nýrri búnaðarframfara hjer á landi; það er sá maður, sem hin íslenzka bændastjett á meira upp að unna en nokkrum öðrum manni nú um langan aldur. Hvers virði eru ljáirnir skozku, sem Torfi í Ólafsdal innleiddi fyrstur hjer á landi? Og hve mikils virði er allt það, sem með þeim hefir verið afkastað síðan, umfram það, er sami vinnukraptur hefði unnið með gömlu ljáunum? Eða hverjum eru ristuspaðarnir að þakka, sem hafa verið eitt af aðalhjálparmeðölum landbúnaðarins hjá oss á síðari árum? Hvers virði eru vagnar og plógar, og að læra að nota þau verkfæri? Það er frá þessu verkstæði, sem hjer er farið fram á að styrkja, að öll þessi verkfæri hafa dreifzt út um landið. Og hverjum er svo allt þetta að þakka? Á því getur enginn vafi leikið. Meira að segja allir búnaðarskólar á landinu, sem komu á eptir búnaðarskóla Torfa í Ólafsdal, hafa ef svo mætti segja, lifað á starfsemi, hagleik og dugnaði þessa manns, og hve mikils virði er það? Vjer vitum að suðuramtið, sem er fólksflesta amt landsins, hefir nú um langan tíma verið að burðast með einn búnaðarskóla á mjög góðri jörð; það hefir haft handa skólanum 2 skólastjóra hvorn fram af öðrum, en þrátt fyrir það hefir skólinn aldrei getað þrifizt, þangað til fyrst núna, og hvers vegna? Af því að skólinn hefir nú þann forstjóra, sem hefir verið meðkennari Torfa í Ólafsdal og lært af honum.

Þess vegna segi jeg það, að ef slíkir menn, sem þessi maður er, ekki eiga viðurkenningu skilið, þá veit jeg ekki hver á hana.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. Guðm.) hreyfði helzt mótmælum móti þessari breyt.till.; en má jeg spyrja h. þm., getur hann sagt mjer, hve mikils virði verk þessa manns eru? Jeg held h. þm. geti ekki leyst úr þeirri spurningu, því það verður ekki í fljótu bragði gjört. H. þm. hermdi rangt orð mín áðan; jeg sagði ekki að Torfi í Ólafsdal væri kominn að fótum fram, en jeg sagði að hann væri orðinn roskinn — hann mun nú kominn á sextugs aldur — og hlyti þess vegna eptir svo langt æfistarf að vera farinn að lýjast. Enn fremur sagði sami h. þm., að hann teldi það ekki eptir að leggja slíkri stofnun sem búnaðarskólanum í Ólafsdal mikið fje, en svo fer hann í sama orðinu að telja fjeð nirfilslega eptir, segjandi, að engin privat stofnun hjer á landi hafi fengið jafn mikið af opinberu fje. Jeg neita því ekki að þetta er rjett, en hvers vegna er það svo? Af því að Torfi í Ólafsdal stofnaði sinn búnaðarskóla á undan öllum öðrum, á undan sýslutjelögunum, á undan ömtunum, á undan öllu Íslandi; en jeg hefi heyrt marga vitra menn telja þetta kost en ekki löst, svo það getur ekki verið nein ástæða á móti minni breyt.till.

Þá gaf h. þm. (Þ. G.) það ráð, að jarðyrkjuverkfærasmiður settist að í Reykjavík; það get jeg ekki þugsað mjer með þennan mann, sem jeg hefi fyrir augum. Hafi h. þm. meint að

einhver annar maður settist að í Reykjavík sem jarðyrkjufærasmiður, þá vildi jeg styrkja að því; og jeg er meira að segja viss um að sá heiðursmaður, sem hjer er verið að tala um, mundi líka vilja styðja að því.

Jeg skal taka það fram, áður en jeg lýk ræðu minni, að hjer er ekki að tala um neina beiðni frá Torfa í Ólafsdal, hann hefir heldur ekki beðið mig prívat að bera þetta mál fram, en jeg veit að þörfin er fyrir hendi. Það hefir lengi vakað fyrir mjer sú hugsun, hve mikið gott mætti gjöra með því að styrkja slíkt fyrirtæki sem þetta, og úr því bænarskrá um styrk í þessa átt kom frá einstökum manni, sem er atorkusamur en fátækur, svo engin vissa er fyrir að hann geti haldið áfram við sínar smíðar, þótt hann fengi styrk, — þá hefi jeg gerzt talsmaður þessarar uppástungu, því jeg álít að þetta eina jarðyrkjusmíðaverkstæði hjer á landi, sem er í gangi, ætti framvegis að geta verið í gangi, á meðan vjer erum svo staddir að vjer hvergi getum fengið jarðyrkjuverkfæri annarsstaðar í landinu. Það er ekki lítið í það varið að geta fengið jarðyrkjuverkfæri smíðuð fljótt og vel; eins árs bið eptir þeim aptrar um eitt ár framkvæmdum þeirra verka, sem með þeim á að vinna; og er það ekki þýðingarlítið.

Jeg skal ekki lengja umr. frekar; þó verð jeg að geta þess, að mjer þótti það undarlegt að mótmæli skyldu koma frá h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.). Jeg hefði ekki búizt við því að maður úr bændastjettinni sýndi skort á hluttekningu fyrir máli sem þessu; þegar annað eins kemur frá bændum á þinginu, þá kemur það sannarlega úr hörðustu átt. Jeg vona að h. þingd. sjái, hve mikil sanngirni mælir með þessari styrkveitingu, og að þetta er í nytsemdarskyni gjört fyrir alla.

Valtýr Guðmundsson: Það eru að eins fáeinar stuttar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra.

H. framsögumaður (Þ. Bj.) og líka h. formaður fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) hjeldu því fram, að styrkurinn til fimleikakennarans mundi ekki koma að neinu verulegu gagni. Jeg skil ekki, hvernig fjárlaganefndin og h. formaður hennar hafa hugsað sjer þetta; jeg sje reyndar, að sömu skoðun er haldið fram í nefndarálitinu, því þar segir: »Vjer efumst um, að veruleg endurbót á fimleikakennslunni fengist við þá fjárveiting eina«. Hvað vakað hefir fyrir fjárlaganefndinni með þessum orðum, er mjer ekki ljóst; mundi það vera það, að hún áliti meira fje þyrfti fram að leggja til áhaldakaupa við kennsluna. Svo hefi jeg heyrt það utan að mjer, að sumum hafi þótt þessi fimleikakennari vera orðinn of gamall og ekki vel fær til að hafa kennsluna á hendi. En sje svo, hafi þetta vakað fyrir mönnum, þegar þeir felldu styrkinn, þá hefðu þeir átt að ganga lengra og fara fram á það, að þessi maður yrði settur frá starfinu og annar fenginn í hans stað; að einmitt þetta hafi vakað fyrir mönnum, virðist mjer það benda á, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) og formaður fjárlaganefndarinnar ljetu í ljósi, að bezt mundi vera að fá einhvern útlendan mann til að annast kennsluna. Jeg veit ekki, á hverju það álit er byggt, að styrkurinn mundi ekki koma að notum, þótt hinn núverandi fimleikakennari njóti hans og annist kennsluna; jeg fyrir mitt leyti álít, að hann sje einna bezt fær til þessa starfa, af öllum þeim sem vjer höfum völ á. En væri mótstaða fjárlaganefndarinnar byggð á þessu, sem jeg nú hefi tekið fram, þá verð jeg að segja það, að það er bein skylda fjárlaganefndarinnar að gera sitt til að kippa þessu í liðinn.

Jeg verð enn að vera á þeirri skoðun, sem jeg tók fram áðan, að jeg álít fimleikakennarann vel færan til að kenna, ef hann fær tækifæri til að fullkomna sig, sem farið er fram á með þessari fjárveitingu, en sem hann aldrei hefir átt kost á áður; hann hefir opt sótt um styrk til þingsins í sama skyni, en aldrei fengið.

Breyt.till. mín er ekki orðuð svo, að leikfimiskennarinn skuli fara til Danmerkur til að fullkomna sig, heldur stendur í henni: »til þess að fara utan«; jeg hafði það fyrir augum með að orða breyt.till. þannig, að leikfimiskennslan er ekki fullkomnust í Danmörku, heldur í Svíþjóð, og þess vegna álít jeg rjettast að binda ekki styrkinn við Danmörku eða Kaupmannahöfn. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta atriði, að eins vil jeg benda á, að það gæti orðið erfitt að útvega útlending til að taka að sjer leikfimiskennsluna við latínuskólann, meðan fjárveitingin til kennslunnar er svo lítil, eins og hún nú er hjá þinginu. Annars ætti leikfimiskennslan og leikfimisæfingarnar hjer ekki eingöngu að vera fyrir latínuskólann, heldur fyrir alla Reykjavík, unga sem gamla; í Kaupmannahöfn t.d. er það svo, að fjöldi manna tekur þátt í leikfimisæfingum, meira að segja gamlir gráhærðir öldungar á milli sextugs og sjötugs, prófessórar, »departementschefar« jafnt og aðrir.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) og h. þingm. Húnv. (B. Sigf.) áttu í all-harðri deilu út af slöjd-kennslu. Jeg er þar samdóma h. þm. Húnv. (B. Sigf.); jeg álít, að slöjd-kennsla eigi ekki við í skólum eins og latínuskólanum hjer, eða sje ekki fyrir nemendur á því þroskastigi, sem þeir eru á. Jeg þekki sjálfur töluvert þessa kennslugrein, og hún er ekki álitin að eiga við nema í barnaskólum í stórbæjum erlendis, þar sem börnin hanga allt árið í skólunum, nema einn mánuð af sumrinu, þar sem þau hafa engin auð svæði til að leika sjer á og litla hreifingu undir beru lopti; þar er slöjd-kennsla afar nauðsynleg, en slík nauðsyn er hvergi hjer á landi, jafnvel ekki í barnaskólum, og allrasízt í latínuskólanum. Um Flensborgarskólann skal jeg ekki segja; jeg efast ekki um, að h. skólastjóri annist slöjdkennsluna þar vel, sjerstaklega eptir þeim áhuga að dæma, sem hann hefir sýnt á því máli hjer í þinginu.

Jeg gleymdi áðan einu atriði viðvíkjandi járnbrautafræðingnum, sem jeg vildi hafa tekið fram. Menn hafa sagt, að það mundi vera bezt að fresta því að þessu sinni að fá járnbrautafræðing hingað upp, það væri betra að láta það bíða, en í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að jeg hefi skrifað til Noregs öðrum þeirra manna, sem hafa haldið mjóbrautunum þar fram; það er fyrverandi ráðherra, núverandi bankastjóri Berner; hann skrifaði mjer aptur brjef, sem legið hafa fyrir samgöngumálanefndinni, þar sem hann gefur mjer vilyrði fyrir því, að útvega hingað upp, ef til þess kæmi, annan af þeim 2 mönnum, sem stórþingið norska hefir sent út til að kynna sjer mjóbrautir í öðrum löndum, — það er »ingeniör« Rosendahl frá Bergen, sem nú er að ferðast um Sviss og Þýzkaland á kostnað stórþingsins. Bankastjóri Berner kveðst sjálfur hafa talað við manninn, og segir að hann hefði ekki gefið neitt loforð en þó vilyrði fyrir því að fara hingað upp næsta sumar. Vjer gætum ekki fengið hingað betri mann en þennan, til að gera þær rannsóknir, sem hjer er um að ræða; það mun varla vera völ á manni, sem hefði betra vit á þessu eða hefði aflað sjer slíks undirbúnings. Það er þetta sem mælir með því, að draga ekki þessa fjárveitingu,

þar sem vjer vitum, að vjer nú getum fengið þann mann, sem vafalaust er bezt hæfur til þessa starfa.

Björn Sigfússon: Mjer kom það eigi á óvart, þó h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) vildi ekki játa, að jeg hefði rjett fyrir mjer í því, sem jeg sagði hjer í dag; það hefði líka verið til of mikils mælzt, að ætlast til þess. Jeg vissi vel, að þingm. var þetta mál viðkvæmt, en þó datt mjer ekki í hug, að hann mundi fyllast slíkum óhug og jafn miklum móði, eins og hann gerði.

Efnið í ræðu h. þm. (J. Þór.) var þetta: Jeg einn hefi vit á þessu og því eigið þjer að trúa mjer í blindni, en hver sem mælir á móti þessu, hann gerir sig hlægilegan, af því hann leyfir sjer að dæma um það, sem hann hefir ekkert vit á. Þetta var efnið í ræðu h. þm., þetta og ekkert annað. Röksemdir h. þm. voru ákaflega litlar, þrátt fyrir það, að hann leitaðist við að hrekja það sem jeg sagði. Þm. (J. Þór.) kom þar á móti með ýmsar fullyrðingar; hann sagði til dæmis, að nemendurnir í skólanum lærðu að smíða þessa og þessa muni, svo sem til dæmis kommóður, og að þeir yrðu svo fullnuma í smíðum, að þeir gætu smíðað hjer um bil hvað sem fyrir kæmi. Það er ósköp auðvelt að kasta þessu og þvílíku fram, án þess að koma með nokkra sönnun, en þá vil jeg spyrja, hvers vegna hafa ekki smiðir komið frá skólanum, sem hafa sýnt jafnmikla þekkingu á smíðum og þingm. fullyrðir að menn fái þar? Hann getur ekki bent á nokkur dæmi, máli sínu til sönnunar. Jeg verð þess vegna að halda því föstu, að slíkar fullyrðingar og þær, sem h. þm. kom með, sjeu ástæðulausar og órökstuddar. Hann sagði meðal annars: »Piltar slást um að læra slöjd«. Ja, hvað sannar þetta, þó satt væri, nema ekki neitt. Menn sækjast eptir mörgum hjegómanum, og jafnvel eptir því sem skaðlegt er. Hann rangfærði mjög orð mín, þar sem hann gaf í skyn, að jeg hefði fordæmt alla skólaiðnaðarkennslu, hver sem væri, og leitaðist við að gera mig hlægilegan fyrir það sem jeg sagði ekki. Allir h. þingdm. heyrðu, að jeg viðurkenndi, að þetta gæti verið nauðsyn erlendis undir vissum kringumstæðum; en eins og hjer stæði á, í þessum skóla, væri það óþarft og ópraktiskt. Hann hagaði annars orðum sínum þannig, að nú er óvandaðri eptirleikurinn. Annars dettur mjer ekki í hug, að fara að elta allar röksemdir h. þm., þær voru svo bágbornar, og hafa alls ekki hrakið það, sem jeg hefi haldið fram.

Þingm. (J. Þór.) reyndi mjög mikið til að vera fyndinn, svo þungt sem honum var niðri fyrir; hann sagði t.d., að jeg væri það »rarítet«, að það mundi mega sýna mig fyrir peninga. Ja, þó jeg væri brjóstgóður og vissi, að skólastjórann eða skólann vanti fje og jeg vildi gera þingm. kost á því, að sýna mig fyrir peninga, þá er jeg hræddur um, að það yrði lítill gróðavegur fyrir hann eða Flensborgarskólann (*Jón Þórarinsson:* Jú!). Jeg man það annars viðvíkjandi Flensborgarskólanum, að á þingi 1893 hafði þáverandi þm. Rvík. þessi orð um skólann: »hann fær aldrei nóg«. Þetta var þá illa upp tekið, eins og við mátti búast af h. 2. þingm. G.-K. (J. Þór.), en reynslan hefir sýnt, að þetta voru sönn orð, því að handa Flensborgarskólanum hefir allt af á hverju einasta þingi verið heimtað meira og meira fje, það hefir ekki brugðizt; Jeg held þó, að skólinn fengi aldrei mikið upp úr því að sýna mig, en hann ætti að geta hafi meira upp úr öðru, upp úr því, að sýna sex vikna kandídata! sem hafa kostað landið 400 kr. hver, kandídata, sem hafa notið kennarakennslu við skólann og útskrifazt

eptir 6 vikur. Slíkir kandídatar eru líklega hvergi til í heiminum, ekki einu sinni í Kína; þeir eru því sann-nefnd »rarítet«. Svo eru önnur »rarítet«, sem þm. gæti líka sýnt, það eru þessir merkilegu gripir, sem hafa verið smíðaðir á skólanum, og að síðustu mætti sýna þaðan kennara, sem kennir það sem hann alls eigi hefir lært. Upp úr öllu þessu kynni að mega fá fje.

Annars ætla jeg mjer ekki að eyða fleiri orðum að þessu, því jeg álít það þýðingarlaust, að þrátta um þetta fram og aptur. Þó að þm. (J. Þór.) segi, að allir þeir, sem eru svo djarfir að mótmæla honum, sjeu flón, þá á hann eptir að sanna það. Jeg beindist alls eigi persónulega að þm., jeg hafði enga ástæðu til þess, og það er innbyrling úr þingm. sjálfum, ef hann heldur, að jeg hafi viljað sýna sjer óvild; mjer hefir aldrei dottið það það í hug, en einmitt nú hefir h. þm. (J. Þór.) með ræðu sinni gefið mjer nokkuð tilefni til þess. Svo skal jeg ekki fara lengra út í þetta, að eins vil jeg bæta því við, að þar sem þm. áðan vildi telja mönnum trú um, hve makalaust fær hann væri til að kenna þessar smíðar (slöjd), þá minnti það mig á þá tíð, þegar slöjdkennslan var hjer fyrir deildinni. Jeg man ekki betur, en að þessi h. þingm. (J. Þór.) vildi þá halda því fram, að hjer á landi væri enginn, sem væri fær um að kenna »slöjd«, og þess vegna þyrfti þingið nauðsynlega að styrkja mann til að læra það erlendis; en hvernig fór svo? Þegar þessi styrkur fjekkst ekki veittur af þinginu, þá kom það allt í einu upp úr kafinn, að skólastjórinn í Flensborg þóttist vera fær um að kenna slöjd. Hvar hafði hann lært það svona allt í einu, og hvar hafði hann tekið próf í því?

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók sjer það mjög nærri, sem jeg sagði um kvennaskólann og kastaði hnútum til mín fyrir það, að jeg hefði beinzt að sjer persónulega. Þetta er misskilningur af h. þm.; hann hermdi eptir mjer orð, sem jeg aldrei hefi talað, því mjer datt alls ekki í hug að beinast persónulega að þingm. — Það voru orð h. framsögum. (Þ. Bj.), sem gáfu mjer tilefni til að tala um sameining kvennaskólanna; jeg er viss um, að jeg hefi heyrt það rjett, að h. framsögum. (Þ. Bj.) kvaðst hafa það eptir 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að skólanum yrði haldið áfram í Eyjafirði, og þar sem hann jafnframt ljet í ljósi, að það mundi mega þvinga Norðlendinga til að sameina skólana, því gat jeg út af þessu ekki dregið aðra ályktun en þá, að þetta ætti að gerast á kostnað Húnvetninga, að þeir ættu að þvingast til að rífa sinn skóla upp með rótum, þann skóla, sem þeir hafa sýnt mikla rækt og farið vel með.

Jeg stend við það, sem jeg sagði í dag, að fjárhald Laugalandsskóla hefir ekki verið gott; þar með er ekki sagt, að það sje þeim að kenna, sem nú eru í stjórnarnefnd skólans, og hafa á hendi fjárhald og umsjón hans. Það getur vel verið, að það sje þeim að kenna, sem voru í nefndinni fyrir löngu síðan; um það skal jeg ekkert segja. En niðurstaðan er sú, að skólinn er illa staddur í fjárhagslegu tilliti og húsið ljelegt.

Þó að Húnvetningar hefðu minna fje til umráða, þegar þeir stofnuðu sinn skóla, þá er hagur hans nú þannig, að hann hefir gott húsnæði og stendur sig í fjárhagslegu tilliti mun betur en Laugalandsskóli; þetta sýnir, að betur hefir verið farið með fje þessa skóla en hins.

Sumir þingm. hafa kallað það þá einu rjettu leið, að draga kvennaskólana saman. Um þetta má auðvitað lengi þrátta, en jeg fyrir mitt leyti er

ekki á þeirri skoðun, að það sje sú rjetta leið, að draga skólana saman. Menn verða að taka tillit til þess, að ætíð er erfiðara fyrir kvennfólk en karlmenn að sækja skóla langar leiðir, og svo er það aðgætandi, að eptir því sem aðsóknin hefir verið að skólunum, nú um nokkur ár, þá efast jeg um, að það yrði heppilegt, að setja svo marga nemendur saman á einn skóla, þar sem á Ytri-Eyjar og Laugalandsskólanum hafa verið um 40 nemendur á hvorum. Jeg er hræddur um, að skólinn yrði of umfangsmikill, ef aðsóknin yrði svona mikil. Þar að auki finnst mjer það engar öfgar, að hafa 2 kvennaskóla á Norðurlandi.

H. framsögum. (Þórh. Bj.) gat þess, að það hefði komið til orða í fjárlaganefndinni, að sýna kvennaskólunum á Norðurlandi enn þá meira harðræði, en hjer væri gjört, til þess að þeir sameinuðu sig, og hann hafði það í hótunum, að við því mættu skólarnir búast framvegis. Jeg kalla að kvennfólkið hjer á landi megi eiga von á góðu; það má sannarlega vera þeim þingmönnum þakklátt eða hitt þó heldur, sem reyna til að halla rjetti þess, því að jeg álít, að það sje að halla rjetti kvennfólksins, að kippa í burtu kvennaskólunum, þaðan sem þeir nú eru. Alþingi hefir nú hingað til ekki lagt kvennfólkinu á Íslandi svo mikinn styrk til að mennta sig fyrir, að nokkur ástæða sje til þess að hafa það í hótunum, að gjöra það minna framvegis.

Þó þetta sje stutt, sem jeg hefi talað, skal jeg samt láta hjer staðar nema; jeg skal hlífast við að tala um fleiri liði fjárlagafrumv., en að eins með atkvæði mínu sýna, hverju jeg er meðmæltur og hverju ekki.

Jón Þórarinsson: Með leyfi h. forseta vil jeg gjöra stutta athugasemd, þó jeg sje »dauður«.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) hefir einn galla, sem að vísu sómir sjer illa á öllum, en ekki sízt á þingmanni, og hann er sá, að hann talar mjög óruggt um hluti, sem hann ekki þekkir nægilega til. Þeim sem slíkt gjöra, hættir mjög til þess að verða sjer til minnkunar. Hann spurði, hvar jeg hefði lært »sløjd«. Þetta var h. 2. þingm. Húnv. (B. Sigf.) vorkunarlaust að vita. En jeg vil þó svara þessari spurningu hans. Fyrir því þingi, sem veitti mjer fje til að hefja sløjd-kennslu hjer á landi, lá vottorð um hæfilegleika mína frá Axel Mikkelsen í Kaupmannahöfn, kennara mínum, sem af mörgum er álitinn hinn fyrsti og fremsti kennari á Norðurlöndum í þessari grein, og þótt víðar sje leitað. (*Björn Sigfússon*: Þá hefir átt að narra út styrkinn til þess, að læra það, sem skólastjórinn kunni). Þarf enginn að læra trjesmíðar af því, að h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) er snikkari?

Guðjón Guðlaugsson: Eptir tilmælum fjárlaganefndarinnar tek jeg aptur breyt.till. mína á þingskj. 316, annan lið, nr. 12 á atkvæðaskránni, um niðurfærslu á styrknum til akbrauta, þar sem mjer er þetta ekki kappsmál, en meðnefndarmenn mínir sögðust verða samþykkir 3. lið breytingartillögunnar, sem jeg álít þýðingarmeiri.

Framsögumaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Það hefir að vanda fremur lítið verið andmælt breyt.till. nefndarinnar, og má því ætla, að þær verði fiestallar samþykktar. H. þm. munu hafa reiknað það saman, að þær fela í sjer hækkun, sem nemur alls 14,000 kr., og við það mun svo óhætt að bæta 10,000 kr. hækkuninni til þjóðvega. Nú er tekjuhallinn eptir frumvarpinu, sem liggur fyrir oss, samþykktu við 2. umræðu, 64,629 kr., en rjett talinn er hann 4000 kr. hærri, þar sem láðst hefir að færa út þá upphæð í samlagningunni

á einum stað í 10. gr., sem h. þingm. Reykvíkinga (Jón Jensson) vakti athygli á. Þá er tekjuhallinn kominn mjög nálægt 100,000 kr. En nú eru margar aðrar breytingartillögur til hækkunar, og nái þær flestar eða allar samþykki, förum vjer upp úr þessum 100,000, og mun þá flestum þykja nóg og of mikið. Þetta vil jeg biðja háttv. þingmenn að athuga, áður en til atkvæða er gengið.

Eptirtektavert er það, að lengstu og snörpustu umræðurnar hafa orðið út af smá atriðum, t. d. út af harmonia-kaupunum handa landssjóðskirkjum í Skaptafellssýslum. Jeg get ekki, þrátt fyrir mælsku h. flutningsm. (Guðl. G.), sjeð, að það sje nein lagaskylda, að veita kirkjunum þetta, en jeg get fyrir mitt leyti kannast við, að það er sanngjarnt. Annað sem mikið hefir tafið fyrir og sett nokkurn hita í blóðið er listarstyrkurinn til Skúla Skúlasonar.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) talaði enn á ný mjög fagurlega fyrir honum, og sló á viðkvæmnis-strengina, að þessum manni brygðust vonir sínar, er hann hefði reitt sig á þingið. En vonbrigði eru mörg hjer á þinginu. Jeg vil minna á það, að 25 af þeim bænarskrám, sem komið hafa til þingsins í ár, hafa alls enga áheyrn fengið. Jeg játa, að það hefði verið rjettara, að taka alla þessa menn, sem eiga að fá fje úr landssjóði án nokkurs ákveðins starfa í landsins þjónustu, í einu númeri og fella þá alla burt, og hinir h. flutningsmenn tillögunnar á þingskj. 324, sem vilja stryka út 2 af þessum mönnum, munu kannast við, að jeg bauð mitt nafn til að koma þeirri tillögu að, að fella þá alla saman, en þó að einir tveir menn hafi verið valdir úr, þá heptir það ekki mitt atkvæði, enda mun verða kostur á því síðar, að fella hina líka burt, og þá er hægra um, er nokkrir eru farnir.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 319 við 10. gr. C, 1. b, frá Jóni Jenssyni o. fl. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 312 við 10. gr. C. 4. a. 1., 1. liður frá Jens Pálssyni o. fl., felld með 14 gegn 7; breyt.till. á þskj. 312 við 10. gr. C. 4. a. 1., 2. liður frá Jens Pálssyni o. fl. þar með fallin.; breyt.till. á þingskjali 327 við 10. gr. C. 4 b. frá Birni Sigf. o. fl. felld með 12 gegn 9; breyt.till. á þingskj. 307 við 10. gr. C. frá Guðlaugi Guðmundssyni o. fl. samþykkt með 15 gegn 3; breyt.till. á þingskj. 317 við 10. grein C. 6 frá nefndinni samþykkt með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 316 við 10. gr. C. 11 frá Guðjóni Guðlaugssyni o. fl. samþ með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj 317 við 11. gr. C. 4. a. frá nefndinni samþykkt í einu hlj.; breyt.till. á þingskj. 317 við 11. gr. C. 4. b. samþykkt í einu hlj.; breyt.till. á þingskj. 318 við 11. gr. frá Valt. Guðmundssyni og fleirum samþykkt með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 317 við 12. gr. B. a. frá nefndinni samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 316 við 12. gr. B. b. frá Guðj. Guðl. o. fl. tekin aptur; breyt.till. á þingskj. 316 við 12. gr. B. c. frá Guðj. G. o. fl. samþ. með 20 shlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 307 við 12. gr. C. b. frá Guðlaugi Guðmundssyni o. fl. fyrri liður, samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 307 við 12. gr. C. b. frá Guðl. Guðm. o. fl. síðari liður, samþykkt með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. á þgskj. 325 við 12. gr. C. e frá J. J. þm. A.-S., fyrri liður, samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 325 við 12. gr. C. e.frá J. J., þm. A.-S. síðari liður samþykkt með 16 samhljóða atkv.; breytingartill. á þingskjali 317 við 12. gr. C. e frá nefndinni samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. á þskj. 317 við 12. gr. C. f. nýr liður frá

nefndinni samþ. með 19 samhlj. atkv.; Athugasemdin samþ. m. 19 shlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 317 við 13. gr. B. c. 10. frá nefndinni felld með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Björn Sigfússon,
J. J., þm. A.-Sk.	Eiríkur Gíslason,
J. J., 2. þm. Eyf.,	Guðl. Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Halld. Daníelsson,
Skúli Thoroddsen,	Jens Pálsson,
Tr. Gunnarsson,	Jón Jensson,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þórh. Bjarnarson.	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. á þingskj. 318 við 13. gr. B. III. c. frá Valtý Guðmundssyni o. fl. felld með 13 gegn 10 atkv.; breyt.till. á þingskj. 317 við 13. gr. B. V. b. 3. frá nefndinni samþ. með 14:1 atkv.; breyt.till. á þingskj. 317 við 13. gr. B. VI. a. frá nefndinni, 1. liður samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 317 við 13. gr. B. VI. a. frá nefndinni, 2. liður samþ. með 14 gegn 5 atkv.; breyt.till. á þingskj. 308 við 13. gr. B. VIII frá Jóni Þórarins. o. fl. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 327 við 13. gr. B. VIII. b. 1. frá B. Sigf. o. fl., fyrri liður felldur með 14 gegn 8 atkv.; breyt.till. á þingskjali 327 við 13. gr. B. VIII. b. 1. frá Birni Sigf. o. fl. síðari liður felldur með 16 gegn 2 atkv.; breyt.till. á þingskj. 308 við 13. grein B. VIII. b. 2. frá Jóni Þórarinssyni o. fl. samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundss.,	Eiríkur Gíslason,
Halld. Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Jón Þórarinsson,	J. J., 2. þm. Eyf.
Ólafur Briem,	Sighv. Árnason,
Pjetur Jónsson,	Þórður Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þórður Thoroddsen,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Tryggvi Gunnarss.,	
Valt. Guðmundss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. á þingskj. 318 við 13. gr. C. 3. a. frá Valt. G. o. fl. felld með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Halld. Daníelsson,
Eiríkur Gíslason,	J. J., þm. A.-Sk.,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Þórarinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Pjetur Jónsson,
Jón Jensson,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Tr. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Valtýr Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. á þingskj. 324 við 13. gr. C. 15 frá Jóni Jenssyni o. fl. felld með 12 gegn 8 atkv.; breyt.till. á þingskj. 315 við 13. gr. C. frá Kl. Jónssyni o. fl. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breytingartill. á þingskj. 324 við 13. gr. C. 17 frá J. Jenssyni o. fleirum felld með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Halld. Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
Jón Jensson,	J. J., þm. A.-Sk.
Sighv. Árnason,	J. Jónss., þm. Eyf.
Tr. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,

já:	*nei*:
Þórður Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Þórður Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Þórh. Bjarnarson,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Skúli Thoroddsen,
	Valt. Guðmundss.

Breyt.till. á þingskj. 315 við 13. gr. C. 17 frá Kl. Jónssyni o. fl. samþ. með 15 gegn 1 atkv.; breyt.till. á þingskj. 314 við 13. gr. C. 21. frá Sk. Thoroddsen o. fl., samþ. með 16 gegn 1 atkv.; breyt.till. á þingskj. 318 við 13. grein C. frá Valt. Guðmundssyni o. fleirum felld með 14 gegn 7 atkv.; breyt.till. nefndarinnar á þingskjali 317, við athugasemd í niðurl. frv.

við 1 samþ. með 22 samhlj. atkv.
— 2 — — 21 — —
— 3 — — 21 — —

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og afgreitt til Ed.

Þrítugasti og sjötti fundur; mánudag 12. ág. kl. 12 á hád. — Allir á fundi, nema þm. S.-Þing. (P. J.)sem hafði tjáð forföll.

Frumvarp til laga um skrásetning skipa (C. 266); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atk.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum 1892 og 1893 (C.323); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþykkt í e. hl. og sent til Ed.

Frumvarp til laga um eyðing sela (C. 295); 1. umr.

Eiríkur Gíslason: Frv. þetta er stutt, en það felur mikið í sjer. Það er alkunnugt og það játa allir, að selurinn er spillvirki í sjónum og gjörir miklar skemmdir á laxveiði og fiskiveiðum. En hitt er líka alkunnugt, að það eru margar jarðir, sem hafa mikil og góð hlunnindi af selveiði. Það vita allir, að þeir munu vera fleiri, sem hafa arð af laxveiði, en hinir, sem hafa hlunnindi af selveiði. Samt sem áður hygg jeg rjett vera, að selnum sje útrýmt, að svo miklu leyti, sem það er hægt. En jeg álít það tölverðum erfiðleikum bundið að gjöra það þannig, að laxaveiðin aukist að sama skapi. Jeg hefi dálitla reynslu fyrir mjer í þessu efni, því jeg bý á jörð, sem hefir töluverða silungsveiði og líka selveiði. Það er kunnugt, að selurinn er töluvert skynugur. Það er hægt að styggja hann, en erfitt mun vera að útrýma honum. Jeg hefi fyrir löngu hallazt að því, að það væri rjett að útrýma honum og því hefi jeg látið drepa hann, en jeg hefi fengið reynslu fyrir því og orðið þess var, að þó hann að vísu styggist, þá er umferð hans samt mikil á því svæði, þar sem þetta er gjört. Samkvæmt þessu frumvarpi er selur hvervetna rjettdræpur nema á Breiðafirði; selveiði er vanalega mest við eyjar, hólma og sker, en það hagar og víða svo til á slíkum stöðum, að þar einnig er meira og minna æðarvarp. Þannig er því ekki óvíða háttað fyrir framan Mýrarnar og svo hygg jeg að allvíða annarsstaðar muni vera. Þar sem nú er farið fram á það í þessu frumvarpi, að sel skuli allsstaðar algjörlega útrýmt, nema á Breiðafirði, þá liggur það í augum uppi, að margar jarðir hljóta að missa mikil hlunnindi við slík lög, sem hjer ræðir um. Jeg þekki eigi svo fáar jarðir, sem taldar eru allgóðar einmitt mest fyrir arðsemi af selveiði, en sem mundu verða mjög rýrar svo framarlega sem selveiðin hverfur með öllu. Jeg vona þess vegna, að h. þingd. taki þetta mál til ræki-

legrar íhugunar og álít jeg nauðsynlegt, að skipuð verði nefnd til að íhuga það vandlega.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta frumv. hefir verið kallað «stutta frumvarpið». Það er satt, að bókstöfunum til er það stutt, en að efninu til er það allvíðtækt eins og önnur slík mál, sem eins og þetta snerta mjög atvinnumál ýmsra landsmanna eða atvinnuvegi. Það mun óvíða meiri áhugi á að fá selnum útrýmt en í mínu kjördæmi, sem eðlilegt er, þar sem laxveiði er svo mjög stunduð í Ölfusá og er arðsöm fyrir einstaka menn. Þó eru skoðanir manna auðvitað mjög misskiptar þar vegna þess, að þar eru líka menn, sem eiga friðlýst sellátur. Þeir hinir sömu eru auðvitað á móti þessu máli.

Frá mínu sjónarmiði álít jeg æskilegt, að selnum yrði útrýmt, en það mun satt vera, sem h. þm. Snæf. (E. G.) tók fram, að það mun hægra að styggja selinn en útrýma honum.

En þá kemur fram sú spurning, hvort leyfilegt sje að svipta menn þannig arðsömum hlunnindum án skaðabóta. En ef það álízt hvorki leyfilegt nje gjörlegt, hvaðan eiga þá skaðabæturnar að koma? Það mun þykja hart að taka þær af laxveiðaeigendunum, ekki sízt þar sem selveiði er mikil, en laxveiði lítil. Sömuleiðis mundi þykja athugavert, að leggja skaðabótakostnaðinn á landssjóð og það mundi mæta mótstöðu. Þá sýnist ekki annað ráð, en að leggja sjerstakan toll á laxveiðina í heild sinni. Þar sem allt er svona erfitt viðfangs, þá má segja, að þetta sje stórt mál, enda verður vandræðamál. Það hefir verið stungið upp á að skipa nefnd til að íhuga það, og er jeg fullkomlega samþykkur því, að það verði gjört, þegar búið er að ræða það, því slík mál sem þetta verðskulda það að þau sjeu vandlega yfirveguð áður en þeim er til lykta ráðið.

Guðjón Guðlaugsson: Enda þótt það kunni að vera rjett, að selurinn gjöri mikinn skaða á fiskiveiðum og einkum á laxveiði og silungsveiði, þá get jeg samt ekki verið með þessu frv., því það er að mínu áliti alltof víðtækt. Hið einasta, sem jeg gæti verið með, að því er eyðing sela snertir, er það, að selurinn væri gjörður rjettdræpur í ám og árósum, þar sem laxveiði er mikil; en að hann skuli rjettdræpur allstaðar, þar sem hann kann að vera til einhverrar hindrunar fyrir laxveiði eða silungsveiði, það get jeg ekki sjeð fulla ástæðu til. Jeg þekki á, sem rennur rjett hjá bæjardyrunum að kalla má hjá mjer. Í henni er silungsveiði, sem jeg á tilkall til, en veiðin er ekki meiri en svo, að hún nemur nokkrum máltíðum, þegar bezt er. Skammt frá mjer er önnur jörð, sem þessi lög gætu náð til, því þar er selveiði og fást um 20—30 selir á ári. Þó jeg nú gæti fengið fáar máltíðir fram yfir það, sem jeg nú fæ, einungis fyrir það, að eyðilögð væru töluverð hlunnindi fyrir nágranna mínum, þá segi jeg fyrir mig, að mjer þætti það ekki tilvinnandi. Jeg álít þetta frumv. allsendis óhafandi, því þó það kunni að efla að einhverju leyti laxveiðina og silungsveiðina, þá skerðir það eignarrjett manna meira en má í öðrum greinum. Það er óneitandi, að selveiði er einn af aðalkostum sumra jarða. Jeg þekki jörð nálægt mjer, þar sem selveiði gefur af sjer fleiri hundruð krónur á ári, því þar fást opt á 2. hundrað selir á ári. 1/8 hluti þessarar jarðar er í veði fyrir hárri skuld. Sá, sem veðskuldina á, yrði með svona lögum sviptur þeim rjetti, sem hann hafði fengið, þegar hann fjekk veðið. Nú skyldi annar þriðji hluti

jarðarinnar vera nýlega keyptur háu verði. Sá, sem keypti, væri með þessu sviptur þeim hlunnindum, sem höfðu svo mikil áhrif á söluverðið. Ennfremur skyldi 1/3 hluti sömu jarðar hafa nýlega gengið að erfðum og verið útlagður einum erfingjanum gegn öðru fje. Þessi erfingi yrði með þessum lögum fyrir halla miklum, þar sem honum hefði máske verið útlagður jarðarparturinn með þessum hlunnindum móti öðrum jörðum, sem fyrir engum slíkum halla yrðu af lögum þessum, eða þá peningum eða lausafje, sem hefði orðið hinum erfingjunum að arðsamri eign. Á þessari einu jörð getum vjer sjeð, að þrír menn verða, sinn á hvern hátt, sviptir þeim rjetti, sem þeir skýlaust hafa fengið hver með sínum jarðarhluta. Jeg skil ekki að löggjafarvaldið geti verið þekkt fyrir að svipta menn endurgjaldslaust því, sem er eins regluleg eign manna eins og nokkuð getur verið. En að bæta mönnum þann halla, sem þeir yrðu fyrir við slík lög sem þessi, finnst mjer því nær óhugsanlegt, því hvaðan á að taka þær bætur?

Það eina, sem mjer finnst hugsanlegt að gjört verði í þessu máli, er það, að leyfa að eyða sel í ám og ósum hinna stóru laxveiðiáa, en að eins á þeim stöðum, og finnst mjer þó efasamt, hvort það verði leyft endurgjaldslaust. Jeg verð þess vegna að styðja þá tillögu, að nefnd verði sett í þessu máli og verði það ekki samþykkt, hugsa jeg helzt að greiða atkvæði á móti því, að frumv. gangi til 2. umr.

Halldór Danielsson: Það hefir verið tekið fram að þetta væri stutt frumv., en þar sem það getur orðið til þess að halla rjetti manna, þá má segja, að það sje full-langt, þar sem selur er rjettdræpur í öllum þeim ám, er lax gengur í og 1/2 mílu út frá ósum þeirra. Þetta ákvæði mundi koma illa við sumstaðar t. d. í Mýrasýslu, við ósa Langár og Hítarár, því varla mun vera hálf míla frá ósum þeirra þangað sem friðlýst selalátur eru. Mjer finnst þessi lög koma í bága við hag og rjettindi einstakra manna, því margir, sem búa á jörðum nálægt árósum hafa mikil hlunnindi af selveiði; þess vegna finnst mjer ekki geta átt við, að samþykkja þetta frumv. eins og það er. En að breyta því er svo vandasamt, að mínu áliti, að það verður ekki gjört í fljótum hasti. Þess vegna er jeg á sama máli og h. þm. Strand. (Guðjón Guðl.) að rjett sje að fella frumv. sjálft, verði nefndaruppástungan felld.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vil minna h. deild á, að síðan hin gildandi lög um friðun á laxi komu út 1886, hafa menn á hverju einasta þingi viljað fá þau endurskoðuð og þeim breytt, og hafa við þær umræður komið fram sterkar og vel rökstuddar óskir um það, að ófriðhelga selinn enn meir en nú er gjört í 4. gr. nefndra laga. Efni þessa stutta frumvarps er því gagnkunnugt þinginu, og þetta mál orðið vandlega rætt og hugsað í sambandi við laxafriðunina. Allt það, sem jeg hefi lesið um mál þetta, hefir sannfært mig um það, að selveiði sje lítils virði í samanburði við laxveiði, og það sje hverfandi tjón, sem það hefði í för með sjer fyrir einstaka menn að selur sje gjörður þannig rjettdræpur, eins og hjer er farið fram á, í samanburði við þann arð, er búast má við af aukinni laxveiði. Ef frumv. kann að vera of víðtækt í orðfæri sínu, eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) vjek að, þá má laga það í hendi sjer, án þess að setja málið í nefnd, því að slíkt er í raun rjettri sama sem að fella frumv., þar sem svo stutt er eptir af þingtímanum. Það sýnist alveg óþarft að fara þá krókleið fyrir þá sem vilja fella frumv. en lofa

selnum að vaða uppi; það er umsvifaminna fyrir þá að stytta frumv. þegar aldur, ef þeir geta.

Þórður Guðmundsson: Það má segja að mál þetta sje ekki spánýtt hjer á þingi, það er gamall uppvakningur og það uppvakningur, sem mörgum stendur stuggur af, ef það yrði samþykkt. Það er satt, að frumv. þetta er ærið stutt, enda var það skírt í Ed. 6 orða frumv. Það hafa heyrzt þær raddir í h. Ed. að þetta væri eitt hið rjettlátasta og nytsamasta frumv., en jeg aptur á móti held að það hafi við litla rjettmæta dómsgreind að styðjast. Það hefði mátt ætla að h. flutningsm. frv. í Ed. hefði gjört sjer grein fyrir, hvað af frumv. þessu mundi leiða, en það held jeg að hann hafi ekki gjört, hann hefði þá ekki farið að leggja það fyrir þingið. Af því mundi leiða stórtjón, fyrir ýmsa einstaka menn, og fyrir landssjóð líka, því frumv. mundi hafa í för með sjer rýrnun á ekki svo fáum prestaköllum, og þá mætti búast við að hlutaðeigandi prestar gjörðu kröfu til skaðabóta úr landssjóði og enn fremur mundi það leiða til málaferla. Menn skyldu búast við að fyrir þinginu lægju rökstuddar skýrslur um það, hvað mikinn arð selveiði gæfi. En jeg veit ekki til að neinar slíkar skýrslur hafi komið fram. Aptur á móti eru til skýrslur um laxveiði, og þó þær muni ekki vera sem áreiðanlegastar, má þó nokkuð á þeim byggja.

Útrýming selsins snertir mest Ölfusá og Þjórsá hjer á Suðurlandi; við þær búa margir laxveiðendur, en þar búa líka allmargir selveiðendur og það var ekki alveg rjett hjá h. 2. þm. Arn. (Þorl. G.) að menn þar teldu selinn einan spilla laxveiðinni. H. þm. (Þorl. G.) mun vera kunnugt um það, að hjer á lestrarsalnum liggja skjöl frá ýmsum íbúum Árnessýslu, þar sem verið er að lýsa rýrnun laxveiðanna í efri hluta Árnessýslu; segir svo í einu skjalinu: »Það er ekki selurinn, heldur maðurinn, sem er skæðastur í þessu tilliti«, það er að segja, í því að eyða laxinum. Í öðru skjalinu segir: »Sumir hafa kennt þetta selnum, en slíkt getur þó ekki ekki verið aðalorsök þessa«. Undir þessi skjöl eru ritaðir 96 laxveiðendur. Þetta er einhuga álit allra þessara manna, að það sje ekki selurinn einn, sem eyðileggi laxveiðina fyrir þeim. Það má ekki ganga inn á einstök atriði nú við fyrstu umræðu, enda gjörist þess ekki sjerleg þörf, því að jeg býst þó við, að málið fái þann heiður að ganga til 2. umr., þótt jeg í raun og veru álíti að það eigi slíkt ekki skilið. Þess vil jeg því biðja h. þm. Árn. (Þorl. G.) að gera sjer ljóst, hverja þýðingu það muni hafa fyrir Árnessýslu, ef allur selur skyldi verða flæmdur úr Þjórsá og Ölfusá án nokkurra skaðabóta. Mjer er þó kunnugt um að það eru ekki svo fáir, sem nú hafa mikinn arð af selveiðinni í Árnessýslu úr Þjórsá. Jeg þekki fjölskyldumann, sem hefir sjálfsagt á þriðja hundrað króna upp úr selveiði; að vísu eru það brutto tekjur en tilkostnaðurinn er tiltölulega lítill, og það þætti mjer hart, ef löggjafarvaldið svipti hann þessum hlunnindum án alls endurgjalds. Eptir því sem mjer er kunnugt, munu veiðast um 500 selir á ári úr báðum ánum, Þjórsá og Ölfusá, eða þó fyllilega það, og eigi er ofílagt að meta hvern kóp á 5 krónur. Það sjest því að hjer er ekki um óverulega tekjugrein að ræða.

Jeg veit að það er sagt, að laxveiðin gefi miklu meiri tekjur en selveiðin, en það er hugsjón gripin úr lausu lopti, því að engar áreiðanlegar skýrslur eru til um arð af selveiði. Þó skal jeg benda á, hvernig hlutfallið er milli þessa kringum 1890. eptir því, sem jeg

hefi getað komizt næst. Árið 1891 var lax fluttur út fyrir 16,000 kr., en selurinn gaf af sjer 30,000 kr. 1890 var lax fluttur út fyrir 5,000 kr., en arður af selveiðinni áætlaður 21,000 kr. Árið 1891 veiddist á Mýrunum lax fyrir 1000 kr., en selur fyrir 3000 kr. Jeg vona að h. deild sjái af þeim dæmum, sem jeg hefi fært til, að það er þess vert að athuga, hvað selveiðin gefur af sjer, og bera það saman við arðinn af laxveiðinni áður en lengra er farið út í þetta mál. H. þm. Borgf. (Þórh. B.) sagði, að frv. þetta væri líkt lögum þeim, sem samþykkt voru á þinginu 1891, en það er eigi fullkomlega rjett; í þeim lögum var að eins leyft að skjóta seli í árósum, þar sem eigi væru friðlýst selalátur. Svo víðtækt frv. sem þetta, finnst mjer með öllu óaðgengilegt. Það er dálítið undarlegt að Breiðifjörður skuli vera undanþeginn í lögum þessum. Hversvegna á laxinn í Laxá í Laxárdal að vera undanþeginn friðun? Jeg sje því minni ástæðu til að svipta laxveiðendur í þeirri á hagsmununum, sem menn ætla að verði af eyðing selsins, þar sem áður hefir verið varið fje úr landssjóði til laxaklaks þar.

Jeg sje ekki betur en að eptir þessum lögum sje selur rjettdræpur allstaðar nema á Breiðafirði. Það er líklega meiningin, að eyða sel í ám, og útrýma honum með fram ströndunum, en það get jeg fullvissað h. þingd. um að aldrei tekst. Það má að vísu flæma hann úr ánum. En hvað gjörir hann svo? Hann dregur sig út fyrir ósana, staðnæmist þar og verður sem annar þrándur í götu fyrir laxinum, þegar hann ætlar að ganga upp í árnar. Það vita kunnugir menn að fyrir utan ósinn á Ölfusá er brimgarður, svo að þar er ekki bátum fært, en nógir steinar eru þar fyrir selinn til að liggja á um fjöruna; hann getur því verið þar í ró og næði og beðið eptir laxinum og veitt honum viðtökur, þegar hann ætlar að ganga upp í ána. Það sjá víst flestir, að hann muni ekki verða öllu betri gestur þarna en uppi í sjálfri ánni.

Allir, sem nokkuð þekkja til, munu játa, að ekki muni verða hægt að skjóta um 500 seli á ári í Árnessýslu, ef selur verður gjörður dræpur hvervetna, og eins er líklega annarsstaðar. Mjer sýnast ákvæði frumv. æði rúm að því leyti, að hver maður má ganga inn í mitt og þitt land og drepa þar sel. Það lítur út fyrir að selina megi sækja beint inn í selalátur. Þegar svo er komið, þá finnst mjer vera farið að gjöra heldur lítið úr eignarrjettinum, og eigi of rammt að kveðið, þótt það sjeu kölluð ofbeldis og harðneskjulög, sem svo langt fara. Það er því næst geði mínu að óska eptir að frv. verði styttur aldur nú þegar, þó jeg á hinn bóginn vilji ekki sterklega mæla á móti að nefnd sje kosin til að yfirvega það.

Þorlákur Guðmundsson: H. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) sagði, að það væri rangt hjá mjer að laxveiðendur í Árnessýslu vildu fá selnum útrýmt. Þetta er misskilningur hjá h. þm. Rangv. (Þ. G.). Mjer er fullkunnugt um þær bænarskrár um lagavernd, sem komið hafa til þingsins þessu viðvíkjandi, og h. þm. má vera fullkunnugt um, að það er ekki langt síðan að hjer lágu fyrir þinginu bænarskrár frá mörgum laxveiðaeigendum í Árnessýslu, og sumum þeim sömu, sem nú hafa sent þinginu ýtarlegt mál um laxveiðina, og jeg veit það vel, að menn telja selinn spilla laxveiðinni, þótt þeir sem ofar búa með ánni álíti, að þeir sem neðar búa við ána sjeu enn skaðlegri en selurinn. En í Árnessýslu eru meiningarnar um þetta mál skiptar í 2 flokka, svo það eru hreinustu vandræði fyrir okkur þm., að við verðum að synda milli skers og

báru eða á milli meininganna heima í hjeraði.

Jeg get ekki verið samþykkur h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) um það, að bezt sje að setja ekki nefnd í málið. Jeg verð að álíta að málið sje svo mikilsvert og svo margs að gæta, að það sje þess vert að nefnd sje sett í málið.

Jens Pálsson: Það hefir brytt á tilraunum hin síðari árin til þess að fá selinn gjörðan ófriðhelgan með lögum. Þessi stefna kom, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók fram, í ljós á þingi 1891. Þessar tilraunir eru allar byggðar á þeirri skoðun, að selurinn sje skaðlegt og grimmt rándýr og spilli mjög laxveiði og fiskiveiði. (*Þórh. Bjarnarson*: Hvað jetur selurinn?). Jú, það er satt hann jetur fisk, en hann hefir gjört það lengi, hann gjörði það líka þegar landnámsmenn komu hingað og fundu allar ár fullar af laxi og silungi.

Það hagar nú svo til hjer á landi, að hjer eru talsverð hlunnindi af laxveiði, en hjer eru líka víða hlunnindi af selveiði. Hvorttveggja eru hlunnindi einstakra manna, og þegar um hagsmuni einstakra manna er að ræða, þá verð jeg að spyrja, hvorir eru rjetthærri? Jeg álít þá sem hlunninda eigendur báða jafna, og þá, sem missa selveiðina, tekur það allt eins sárt, eins og þá sem missa laxveiðina. Þess vegna er þetta vandræðamál, og erfitt að ráða því til lykta, án þess að bættur sje sá skaði, sem hlunninda- eigendurnir verða fyrir. Jeg álít það sje bezti vegurinn til að fá selnum útrýmt, að trúin á það, að fiskiveiði og laxveiði aukist þar sem selurinn er drepinn, að trúin á það, segi jeg, eflist svo að selveiðendurnir sjálfir komist á þá skoðun að arðsamara muni vera fyrir þá, að fá selnum útrýmt, en leggja meiri rækt við laxveiðina. Og sje það óyggjandi sannleikur, að laxveiðin vaxi eða jafnvel myndist af stofni í ám þar sem selurinn er styggður og drepinn, þá ætti sá sannleikur að sigra, án þess að löggjafarvaldið þyrfti að grípa inn í. Jeg hefi heyrt að einn merkisbóndi fyrir norðan, Sigurjón á Laxamýri, hafi þessa trú, og að hann láti allstaðar útrýma sel í sínu landi svo sem unnt er, og svo gæti jeg ímyndað mjer að fara mundi með fleiri, og ef svo færi, þá kæmist málið á eðlilegan rekspöl svo löggjafarvaldið þyrfti ekki að skerast í leikinn. Jeg er á þeirri skoðun að rjettast væri að setja nefnd í málið til að íhuga það, því að eins og nú er, þá eru vandkvæði á því að greiða atkvæði um það.

Sigurður Gunnarsson: Það má vel vera að það þurfi eitthvað að breyta þessu frumv., eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) drap á, en jeg sje ekki betur en að það sje hægt að gjöra það á milli umr., eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) benti á. Jeg hallast að því að sú meginsetning sje rjett, sem h. þm. Dal. (J. P.) minntist á viðvíkjandi sel og laxi. Jeg hefi bæði heyrt um það talað og lesið um það í útlendum fiskitíðindum, að það væru betri skipti að útrýma selnum en auka laxveiðina, og sama hygg jeg að verði ofan á hjer á landi. Þar sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) hjelt langa ræðu til meðhalds selnum, og tók það fram að útflutningur af sel hefði verið miklu meiri en af laxi, þá er ástæðan til þess sú að selurinn hefir eyðilagt laxinn. Ef selurinn hefði ekki eyðilagt laxinn, þá er spursmál um, hvort arðurinn af laxveiðinni hefði eigi verið margfalt meiri. Annars veit jeg ekki, hvað jeg á að hugsa um ræðu h. þm. Rangv. (Þ. G.), þegar jeg ber hana saman við grein, sem stóð í Ísafold fyrir nokkrum árum og var skrif-

uð af bónda úr sömu sýslu og h. þm. er, Einari Einarssyni á Urriðafossi. Sú ræða var miklu meira sannfærandi fyrir mig heldur en ræða h. þm. Rangv. (Þórð. G.), að honum alveg ólöstuðum. Jeg vil ráða h. þingd. til að kynna sjer þessa grein, og af því að jeg býst ekki við að fá leyfi forseta til að lesa hana upp, þá ætla jeg að leggja blaðið fram á lestrarsalinn, svo að þm. gefist kostur á að lesa hana. Það var alveg rjett dæmið, sem h. þm. Dal. (J. P.) kom með að norðan um Sigurjón á Laxamýri. Þar fjell saman þetta tvennt, selveiði og laxveiði, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að laxveiðin væri arðsamari og betra væri að eyðileggja selinn; og þetta hefir eflaust orðið arðsamara, ekki að eins fyrir sjálfan hann, heldur einnig fyrir marga aðra, sem hafa laxveiði í sömu á.

Jeg ætla ekki að lengja umr. meira í þetta sinn, en vil að eins ráða deildinni til að yfirvega málið vel og rækilega, og sting upp á að setja ekki nefnd í það, heldur laga það til 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg er meðmæltur nefnd í þessu máli, meðfram af því, að í hvert skipti, sem mál þetta kemur fram á þingi, koma margir þingm. fram með það, að hallað sje rjetti þeirra manna, sem selveiði eiga, en aldrei er þó hægt að segja, hve miklu skaðinn nemur, af því að aldrei liggja fyrir neinar skýrslur um selveiði og laxveiði í landinu. Jeg hefði því helzt viljað fresta málinu nú, en láta útvega til næsta þings skýrslur um það um land allt, hvar selveiði og laxveiði væri og hve mikils verð, og sömuleiðis um það, hvar líkindi væru til, að laxveiði mundi koma upp eða aukast að mun, ef selnum væri eytt. Vildi jeg, að þingið fæli landshöfðingja að útvega þessar skýrslur fyrir næsta þing, og helzt fá svo frumv. frá stjórninni, er byggt væri á skýrslunum. Mætti láta hvern hreppstjóra senda landshöfðingja skýrslu úr sínum hreppi. Sjáist það nú á skýrslunum, að selveiði sje á einhverju stóru svæði arðsöm, en jafnframt ekki hættuleg fyrir laxveiði, eða að þar væri eigi um laxveiði að tala, þá álít jeg, að eigi ætti að láta lög um eyðing sela ná til þeirra staða.

Vilji menn nú samt sem áður láta frumv. þetta ganga fram á þessu þingi, þá er æskilegt, að nefnd verði sett, því að hún gæti fengið nokkrar skýrslur hjá kunnugum mönnum, þó að þær geta eigi orðið nákvæmar, og byggt á því tillögur sínar; en helzt hefði jeg þó óskað, að mál þetta fengi að bíða næsta þings. Það hefir nýlega verið veittur fjárstyrkur til fiskifræðings hjer á landi, og jeg ímynda mjer, að það geti fallið undir verksvið hans, að rannsaka laxveiði í ám og einnig það, hvar selurinn skaði tilfinnanlega laxveiðina eða hindri hana. Jeg bý, eins og kunnugt er, nálægt Lagarfljóti og hefi dálitla laxveiði í því, en annar maður býr við ósinn, sem hefir þar nokkra selveiði og býst jeg fastlega við, að laxveiði mundi aukast hjá mjer, ef selnum væri eytt þar, en þrátt fyrir það vil jeg þó ekki gera selveiðieigendunum meiri skaða yfir höfuð en þörf er á.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

Nefndarkosning samþykkt með samhljóða 13 atkv. og í nefndina kosnir:

Eiríkur Gíslason	með	13	atkv.
Björn Sigfússon	—	10	—
Tryggvi Gunnarss.	—	10	—
Þórður Guðmundss.	—	9	—
Guðjón Guðlaugsson	—	9	—

eptir hlutkesti milli þessara tveggja síðast töldu og Jóns Jenssonar, er fjekk jafn-mörg atkvæði.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk (C. 284); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 306); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um birting hinna opinberu auglýsinga (C. 255); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Till. (álit) yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1892 og 1893 (C. 169); fyrri umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þessar tillögur eru hvorki margar nje efnisríkar.

Hin fyrsta af tillögum þessum fer fram á, »að landsreikningunum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau sjeu greidd«. Í 3. gr. prestakallalaganna frá 27. febrúar 1880 er ákveðið, að þar sem gjöld eiga að greiðast af brauðum, skuli þau, þar sem því verður við komið, greidd í fasteignum, eða afgjaldi fasteigna, og þannig hafa ýmsar jarðir verið fluttar smátt og smátt frá einu prestakallinu til annars; til þess að fá nokkurn veginn glöggt yfirlit yfir þessar ráðstafanir, þarf ekki annað en fletta upp B. deild Stjórnartíðindanna og finna þar brjef þau, sem um þetta hljóða, en í þessari tillögu yfirskoðunarmanna er farið fram á, að fá enn fremur árlega skýrslu um, hvernig árgjöldin eru greidd at prestaköllunum. Þó nefndinni þyki ekki þetta atriði miklu skipta, vill hún þó mæla með því, að tillagan verði samþykkt.

Í öðrum tölulið er farið fram á, »að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað, greiddan úr landssjóði, og um endurgjald hans«. Eins og sjá má af skýrslu þeirri, er fylgir landsreikningunum, inniheldur hún að eins aðalupphæð þá, sem greidd er úr landssjóði, sumpart fyrir gjafsóknarmál og sumpart fyrir sakamál og lögreglumál. En hjer er farið fram á, að skýrslan sje nokkuð yfirgripsmeiri, og að það sje tekið fram við hvert einstakt mál, að hve miklu leyti kostnaðurinn á að greiðast beinlínis úr landssjóði, eða hann er fyrirfram greiddur móti endurgjaldi. Að vísu má sjá þetta í fylgiskjölum við jarðabókasjóðinn, en þó ekki eins greinilega og hjer er farið fram á.

Þá er þriðja tillaga, er fer fram á, »að lán sjeu eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignum«. Um þessa tillögu má taka það fram, að nefndinni kom saman um, að virðingargjörðir væru að vísu ekki áreiðanlegur mælikvarði, að því er veðið snertir, en með því að í þeim felst ávallt lýsing á fasteignunum, virðist naumast gjörlegt að sleppa þeim. Það liggur ekki í þessari tillögu, að farið hafi verið ógætilega í að veita lán úr viðlagasjóði, en af því það er föst regla við aðrar lánsstofnanir landsins, t. d. landsbankann, að heimta slíkar virðingargjörðir, þá sýnist ekkert á móti því, að sömu reglu sje fylgt, þegar lán eru veitt úr viðlagasjóði. Annars má búast við því, eptir því sem hagar fjárveitingum á þessu þingi, að slík lán verði minni á hinu næstkomandi fjárhagstímabili.

Fjórða tillagan fer fram á, að reynt sje með undirboði að fá hæfa menn til að taka að sjer póstferðir, þar sem eigi er á annan hátt unnt að fá menn til að taka þær að sjer fyrir hæfilega

borgun. Að vísu hafa yfirskoðunarmenn landsreikninganna tekið fram í athugasemdum sínum, að sjer virðist sumar póstferðir nokkuð dýrar. Án þess að nefndin vilji leggja nokkurn dóm á, á hverjum rökum þær athugasemdir eru byggðar. Þá finnst henni eðlilegt, að mönnum sje gefinn kostur á, að bjóða sig fram, þegar sýslanir þessar eru lausar. Þó er hjer ekki farið fram á, að það sje gert að fastri reglu, að undirboð sje reynt, heldur að eins þegar eigi er hægt að fá menn til að taka að sjer póstferðir fyrir hæfilega borgun. En það er alls eigi meiningin, að taka eigi jafnan hið lægsta boð, heldur að eins að það sje tekið til greina, þegar 2 menn bjóða sig fram, sem eru jafnhæfir að öðru leyti.

Viðvíkjandi nefndarálitinu er að öðru leyti ekkert að athuga. Að eins vil jeg fyrir hönd nefndarinnar leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. landshöfðingja, að hann útvegi skýrslu um, hvernig gjöf Lotz til fiskimannasjóða hjer á landi hafi verið ráðstafað og láti slíka skýrslu fylgja næsta landsreikningi.

Landshöfðingi: Þær tillögur, sem nefndin hefir stungið upp á að þingið samþykki, viðvíkjandi landsreikningunum fyrir árin 1892 og 1893, eru hvorki margar nje miklar.

Við 1. tölulið — að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd — skal jeg geta þess, að þessu ákvæði er fullnægt í svörum við landsreikninginn fyrir 1892; þar er fyrst á bls. 119–20, og aptur á bls. 127—28 fullkomin skrá yfir öll þau prestaköll, sem eiga að borga árgjald í landssjóð og þau sem fá tillag úr landssjóði, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd. Jeg get því ekki sjeð, að í landsreikningunum þurfi framvegis annað en að skýra frá þeim breytingum, sem hafa orðið á árgjöldum prestakallanna eða tillögum til þeirra, frá því að þessi skrá, sem jeg nefndi, var samin. En að láta hverjum landsreikningi fyrir sig fylgja svona töflur er ekki annað en skrifinnska, sem veldur óþarfa prentkostnaði.

Viðvíkjandi 2. tölulið — að hverjum landsreikningi fylgi skýrsla um allan málskostnað greiddan úr landssjóði o. s. frv. — þá er orsökin til, að jeg hefi ekki látið slíka skýrslu fylgja landsreikningunum fyrir 1892 og 1893, sú, að fylgiskjalið með jarðabókarsjóðsreikningnum er svo greinileg skýrsla um þetta, að yfirskoðunarmennirnir geta af henni fengið allar fullnægjandi upplýsingar. Auðvitað mundi þessi skýrsla, sem hjer er farið fram á að fá, verða svo, að ekki yrði mikið á henni að græða, hún yrði ekki annað en nöfn og tölur; þó hefi jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því að láta hana fylgja með hverjum landsreikningi framvegis.

Þriðji töluliður af tillögunum held jeg sje þýðingarlítill, því það er fyrirsjáanlegt, að þetta þing muni ganga svo frá viðlagasjóðnum, að hann hafi ekki fje aflögum til að lána gegn fasteignarveði og að þessi tillaga verði því óþörf.

Fjórða tölulið er jeg meðmæltur; jeg held það væri heppilegt, að fá menn til að taka að sjer póstferðirnar við undirboð, þegar það er ekki hægt á annan hátt.

Enn fremur minntist h. framsögum. (Ól. Br.) á, að skýrslu vantaði um það, hvernig gjöf Lotz hefði verið ráðstafað. Enn þá hefi jeg enga skýrslu fengið um þetta efni, en jeg ímynda mjer, að það muni skiptast til þeirra 3 eða 4 sjóða hjer á landi, sem eru til styrktar ekkjum og börnum sjódauðra manna.

Þórður Thoroddsen: Eins og sjest af nefndarálitinu hefir nefndin tekið flestar af till. yfirskoðunarmanna landsreikningsins til greina; það eru að eins 2 till., sem nefndin ekki hefir tekið til greina. Sú fyrri er um það — »að landsstjórnin heimti peninga til greiðslu opinberra gjalda í stað ávísana, þegar ávísanirnar geta eigi komið svo tímanlega, að þær verði sendar út á borgunarstað með síðasta póstskipi hvers árs«. — Hin tillagan er sú — »að landsreikningurinn eptirleiðis innihjeldi skýrslu um útreikning umboðslaunanna, þegar um nokkuð óvenjulegt er að tala«. —

Það er sjerstaklega sú fyrri af þessum till., sem mjer finnst nefndin hefði átt að taka til greina, og það er um hana, sem jeg vildi fara nokkrum orðum.

Þegar litið er á landsreikninginn fyrir 1893, þá rekur maður sig fljótt á, að það er talsvert fje af opinberum gjöldum, sem landssjóður á útistandandi við árslok, eða þegar reikningarnir eru gerðir upp. Jeg álít að þingið eigi að gjöra sitt til, að hafa gát á því, að þetta verði gjört. Það er ekki svo að skilja, að jeg álíti, að landsstjórnin hafi sýnt trassaskap í því, að heimta ekki betur af gjaldheimtumönnum þau gjöld, sem þeir eiga að kalla inn og greiða, en mjer finnst ekkert vera á móti því, að þingið herði á landsstjórninni og bendi henni á, að hún skuli gjöra allt hvað hún getur til að fá gjöld landssjóðs inn í rjettan tíma.

Samkvæmt landsreikningunum var útistandandi við árslok af þeim gjöldum, sem landssjóði ber að fá, eptir 1892 um 42 þús. kr., eptir 1893 43 þús. kr. Og þegar gætt er að, í hverju þetta liggur, þá sjest að eptirstöðvarnar eru mest fólgnar í tollum og aðflutningsgjaldi. En þegar það er nú vitanlegt, að flestir tollar falla svo tímanlega til á árinu, að þeir ættu að geta verið komnir inn áður en reikningurinn hjá landfógeta er lokaður, sem ekki mun vera fyrr en í marzmán. næsta ár á eptir, þá þykir manni það óviðkunnanlegt að sjá, að svona mikill hluti af tekjum landssjóðs skuli vera útistandandi. Og sjer í lagi virðist það enn óviðkunnanlegra, þegar maður, með því að ganga í gegn um tekjuliðina, sjer, að í sumum sýslum er ekkert útistandandi, en í öðrum mjög mikið. Eptir því verður maður að álíta, að úr því að sumir sýslumenn geta sent sín gjöld nógu tímanlega inn, þá ættu hinir líka að geta það. Jeg skal taka t. d. að í landsreikningnum fyrir 1892 var útistandandi í Þingeyjarsýslu 3408 kr., í Norður-Múlasýslu 3901 kr., í Ísafjarðarsýslu 9912 kr., í Húnavatnssýslu 2268 kr., í Suður-Múlasýslu 5846 kr., í Strandasýslu 2898 kr., í Skagafjarðarsýslu 1200 kr., í Eyjafjarðarsýslu 30 kr. og í Barðastrandarsýslu 682 kr. En næsta ár, 1893, var útistandandi í Þingeyjarsýslu 2078 kr., Norður-Múlasýslu 6220 kr., Ísafjarðarsýslu 14048 krónur, Húnavatnssýslu ekkert, Suður-Múlasýslu 9007 kr., í Strandasýslu 200 kr., Skagafjarðarsýslu ekkert, Eyjafjarðarsýslu ekkert, og Barðastrandarsýslu ekkert.

Af þessu geta menn sjeð, að sumir sýslumenn geta staðið nógu tímanlega í skilum, en sumir ekki, og að þetta er nokkuð mismunandi á hverju ári, því hjá sumum sýslumönnum er innistandandi annað árið, en ekki hitt. — Reyndar munu gjöldin í flestum þessum sýslum vera borguð í ávísunum, en sumstaðar eru þær út gefnar svo seint, ekki fyrr en í desember eða janúar, eða jafnvel seinna, svo að þær geta ekki komið til innborgunar í landssjóð fyr en á næsta árs reikningi.

Jeg get þess vegna ekki skilið í því,

hvers vegna nefndin hefir ekki tekið til greina þessa tillögu yfirskoðunarmannanna, og það því fremur, sem það er ekki að eins fyrir árin 1892 og '93 að mikill partur af gjöldum landssjóðs er útistandandi hjá gjaldheimtumönnum, heldur hefir það komið fyrir meir og minna á hverju einasta ári. Og því meiri ástæðu hafði nefndin til að taka till. upp, ef það er rjett, sem jeg hefi heyrt sagt, að landshöfðinginn hafi, straks eptir að yfirskoðunarmennirnir komu fram með till., lagt fyrir sýslumenn að fylgja henni framvegis.

Jeg get sem sagt ekki verið með h. nefnd í því, að ráða deildinni frá, að aðhyllast þessa till., jeg verð heldur að ráða deildinni til, að taka hana til rækilegrar íhugunar, af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar tekið fram.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Hinar umræddu eptirstöðvar af tekjum landssjóðs eru sjerstaklega fólgnar í útistandandi tollum og aukatekjum. Nú hagar svo til með tollheimtuna, að þó að það sje aðal-regla, sem h. 1. þm. G.-K. (J. Þ.) tók fram, að tollarnir falli einkum til á fyrri hluta árs, þá er það þó á nokkrum stöðum, að þeir falla líka í gjalddaga á síðasta fjórðungi ársins, en samkvæmt reglugjörð 13. febr. 1873 er gjaldheimtumönnum heimilt að að borga þessar tekjur landssjóðs með ávísunum, svo þegar tollarnir falla í gjalddaga á síðasta ársfjórðungi, þá verða ávísanirnar ekki sendar út fyr en eptir nýár. Sama getur komið fram, þó að tollarnir falli til fyr á árinu, ef kaupmenn fá frest á að greiða þá samkvæmt lögum. Alveg sama er með aukatekjurnar, að þær falla til á ýmsum fjórðungum ársins.

Svo að það út af fyrir sig, að eptirstöðvar eru á landsreikningnum er engin sönnun fyrir því, að þau gjöld hafi ekki verið goldin samkvæmt gildandi reglum um opinber reikningsskil. En þá kemur sú spurning til greina, hvort ekki sje þörf á breytingu í þessu tilliti? Um all-mörg ár að undanförnu hefir svo verið háttað viðskiptum ríkissjóðs og landssjóðs, að landssjóður hefir verið í skuld við ríkissjóð, skuld sem hann hefir rentulausa, og þar af leiðir, að meðan svo stendur, verður það ekki neinn halli fyrir landssjóð, þó tekjur þessar sjeu borgaðar í ávísunum, og þó þær komi nokkrum mánuðum seinna inn en ella. Aptur á móti er það hagræði fyrir gjaldheimtumenn, að geta borgað opinber gjöld með ávísunum, og að svipta þá þeim rjetti mundi gjöra þeim miklu óhægra fyrir en áður, en þetta mundi aptur koma hart niður á gjaldendum, að því leyti, sem þar með væri takmarkaður rjettur þeirra til að greiða gjöld til landssjóðs með innskriptum í verzlanir.

Þegar nefndin vó þetta hvað á móti öðru, komst hún að þeirri niðurstöðu, að hagur gjaldendanna við að halda þessum rjetti ætti að vega meira en sá óverulegi hagur, sem landssjóður hefði af því, að þeir yrðu sviptir honum.

Jeg skal játa það, að nokkuð af umræddum eptirstöðvum stafar af því, að hinum gildandi ákvæðum um reikningsskil opinberra gjalda í reglugjörðum 13. febr. 1873 og 25. maí 1878 hefir í einstökum tilfellum ekki verið alls kostar fylgt. En hæstv. landsh. hefir tekið það fram, að í þeim tilfellum hefðu reikningshaldarar fengið tilhlýðilega áminningu, og svo gekk nefndin út frá því sem sjálfsögðu, að landsstjórnin eptirleiðis gengi strangt eptir því, að áðurnefndum reglugjörðum væri fylgt.

Valtýr Guðmundsson: Jeg er samdóma h. framsögum. (Ól. Br.) um það,

að svo framarlega sem reglurnar fyrir gjaldheimtunni væru hertar, eins og h. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.) stakk upp á, og samkvæmt tillögum yfirskoðunarmanna, þá mundi reikningahöldurum verða gjaldheimtan erfið; en á hina hliðina er ekki gott að þurfa búa við það, að fje landssjóðs hrúgist saman í ríkissjóði Dana og liggi þar arðlaust. Nú mun landssjóður eiga inni hjá ríkissjóði um 125 þús. kr.

Það er þó annað atriði, sem jeg sjerstaklega vil minnast á: Mjer finnst nefndin hefði átt að ganga lengra í ákvæðunum um lán úr viðlagasjóðinum. Hún hefði átt að fara fram á, að takmörkuð yrðu sem allra mest lán úr viðlagasjóðnum. Eins og nú stendur, er mikill hluti sjóðsins útistandandi í lánum hjá einstökum mönnum, svo ef þyrfti að grípa til þeirra peninga, þá væri það ekki hægt, því að þeir sitja fastir.

Hve óheppilegt þetta er, kom berlega fram hjer á þinginu fyrir fáum dögum, þegar var verið að ræða um að taka lán úr viðlagasjóðnum til gufuskipskaupa, en þá var því barið við, að það væri ekki hægt, sjóðurinn hefði ekki nóg fje fyrirliggjandi; sama getur komið fyrir í annað sinn, að þegar vjer til einhverra opinberra fyrirtækja þurfum fje, þá er það ekki til, það er allt í lánum.

Jeg get ekki álitið, að það sje tilgangur viðlagasjóðsins að vera lánastofnun fyrir einstaka menn. Fyrir þá er bankinn, leiti þeir þangað. Og þó að sjóðurinn með því móti geti haft sitt fje á ofurlítið hærri vöxtum, heldur en með því að leggja það í konungleg skuldabrjef eða önnur veðbrjef, þá væri það þó að mínu áliti langt um heppilegra, því að sjóðurinn á að vera til þess, að vjer höfum allt af fje að grípa til, þegar þörf er á.

Jeg hefði þess vegna helzt óskað, að h. nefnd hefði gert sjer far um, að takmarka sem allra mest lán úr sjóðnum til einstakra manna.

Jens Pálsson: Það var að eins viðvíkjandi 25. liðnum í nefndaráliti reikningslaga nefndarinnar, um póstflutninginn, sem jeg vildi gjöra dálitla athugasemd. — Mjer geðjast ekki að þessari tillögu nefndarinnar. Þess er getið, að yfirskoðunarmennirnir hafi tekið fram, að þeim virðist ekki hafi verið farið sparlega með fje til póstflutninga, og að þeir leggi því til: »að reynt sje með undirboði að fá hæfa menn til að taka að sjer póstferðir, þar sem ekki er á annan hátt unnt að fá hæfa menn til að taka þær að sjer fyrir hæfilega borgun«. Afleiðingin af þessari tillögu yrði auðvitað sú, að undirboðum yrði ekki beitt, nema þar sem ómögulegt væri á annan hátt að fá menn til að taka að sjer póstflutninga fyrir hæfilega borgun. Mjer finnst nú vafasamt, hvað sje hæfileg borgun; öðrum finnst það óhæfilegt, sem hinum finnst hæfilegt o. s. frv. — Jeg veit dæmi til þess, að áreiðanlegur og heiðarlegur maður gjörði undirboð í aukapóstferðir, en eptir því sem jeg veit bezt, gekk honum tregt með að fá svar upp á tilboð sitt, en hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður ljet mann frá sínu eigin heimili — vinnumann sinn — fara ferðirnar, en undirboðinu var ekki sinnt. En þetta framboð er nú úr sögunni, því hlutaðeigandi er dáinn.

Annað dæmi, sem ekki er úr sögunni, er þetta.

Nýlega var tekin upp brjefhirðing á Kleifum í Gilsfirði. Það var svo tilætlað, að póstur gengi frá Kleifum og norður að Stað í Hrútafirði. Og með því það sýndist óþarft, að aukapóstur þessi gengi alla leið milli Bæjar í Króksfirði og Staðar í Hrútafirði, þar

sem aðalpósturinn gengur milli Bæjar og Kleifa í Gilsfirði, þá bauðst bóndinn á Kleifum til þess, að taka að sjer aukapóstferðirnar frá Kleifum og norður að Stað fyrir 15 krónum minna hverja ferð en verið hafði áður. En hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður áleit, að ekki mætti leggja niður aukapóstferðir milli Bæjar og Kleifa, þó aðalpóstur færi þá sömu leið. Og afleiðingin varð því sú, að undirboði Kleifabóndans var ekki sinnt, en póstafgreiðslumaðurinn annast sjálfur þessar aukapóstferðir eins eptir sem áður, og sjálfsagt fyrir sama gjald og áður.

Jeg verð nú að álíta það mjög svo óheppilegt fyrst og fremst, að undirboð áreiðanlegra manna skuli eigi vera tekin til greina, þar sem það hefir talsverðan fjársparnað í för með sjer fyrir landssjóð, og í öðru lagi álít jeg það óheppilegt, að póstafgreiðslumennirnir skuli annast póstferðirnar sjálfir, þar sem það eru einmitt þeir, sem eiga að hafa eptirlit með ferðunum, og sjerstaklega með því, að það sjeu hæfir menn, sem fara þær, og að þeir ekki setji þær dýrara en hæfilegt er. Það er allt af óheppilegt, að vera dómari í sinni eigin sök, en það eru póstafgreiðslumennirnir með þessu móti. — Ef lík tilhögun og þetta, sem jeg nú hef tekið fram, á sjer stað víða um land, þá er eflaust gefið út talsvert meira fje fyrir póstferðir en nauðsyn er til, og þó það kunni að vera um litlar upphæðir að ræða á hverjum stað fyrir sig, þá munar þó um það, þegar það kemur allt í eitt. »Margt smátt gerir eitt stórt«. Það er optast nær viðkvæðið, þegar um eitthvert stórt og þarflegt fyrirtæki er að ræða, að þá sje ekki nægilegt fje fyrir höndum. — Það er því vert að spara öll ónauðsynleg útgjöld, sem hægt er að komast hjá. —

Jeg álít heppilegra að orða tillöguna á þá leið, að með undirboði mætti fá hæfa menn til að takast á hendur póstflutninga fyrir sem lægst kaup.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af athugasemd h. þm. Dal. (Jens Pálss.) um undirboð á póstflutningum, skal jeg geta þess, að það hagar sumstaðar svo til, að undirboð geta orðið til mikils skaða, þannig að óhæfir menn bjóði svo lágt í ferðirnar, að hæfir menn fáist ekki til að takast á hendur póstferðirnar og með því sje póstflutningunum stofnað í hættu. Undirboð eru sumstaðar alveg ótiltækileg aðferð; jeg vil taka t. d. póstferðirnar milli Prestsbakka og Bjarnarness og Prestsbakka og Odda. Það er allopt lagt á tvær hættur með, hvort einn maður komist yfir vötnin á þessum póstleiðum um þann tíma árs, þegar jökulvötn eru í vexti. Væri nú póstferðakaupið skrúfað svo niður með undirboði, að pósturinn gæti eigi keypt sjer fylgdir yfir vötnin, þá væri bæði lífi póstsins og póstflutningnum stofnað í hættu. Enda hefir það komið fyrir ekki alls fyrir löngu, að pósturinn var nærri farinn í Skeiðará og póstflutningurinn týndur. En kæmi slíkt optar fyrir, að póstar og póstflutningar týndust, mundi það ekki tilvinnandi fyrir fárra króna sparnað.

Það getur vel verið, að það sje ekki heppilegt, að póstafgreiðslumennirnir annist sjálfir eða láti sína eigin menn fara aukapóstferðirnar, en bezt mun þó að láta þá ráða sem mestu í því efni, og mjer finnst það lýsa ofmiklu vantrausti, að þeim er ekki trúað til þessa. Það eru sumar af aukapóstferðunum, sem alls eigi er heppilegt að beita undirboði. Þannig er t. d. milli Prestsbakka og Borgarfells í Skaptártungum; þar þarf á völdum mönnum að halda og það tjáir ekki að láta

hvern slóðann, sem minnst býður, takast þær ferðir á hendur. Á þessari leið fórst pósturinn 1893, og póstflutningurinn týndist, þó að pósttöskunni að vísu skolaði upp aptur. Það dugir því eigi hjer að fara eingöngu eptir undirboði, enda mundi það eigi borga sig, því kostnaðarsamt yrði það líka, ef póstar og póstflutningar týndust opt í vötnunum.

Jens Pálsson: Jeg mótmæli því, að í mínum orðum hafi legið nokkurt vantraust til póstafgreiðslumanna yfir höfuð. Þar sem gert er ráð fyrir því, að með undirboði verði fengnir hæfir menn til að takast póstflutninginn á hendur, þá er það á valdi annaðhvort póstmeistara eða póstafgreiðslumanna að meta það, hverjir hæfir eru af umsækjendum. Jeg vorkenni ekki póstafgreiðslumönnum að færa í letur og senda póstmeistara skoðanir sínar um það, hverjir í boði sjeu og hver af þeim að þeirra áliti sje hæfur eða hæfastur til að takast ferðirnar á hendur. Jeg skoða það meira vantraust, ef þm. V.-S. (G. G.) vantreystir þeim til þess, að láta uppi skoðanir sínar um, hverjir sjeu hæfir til póstferða eða ekki.

Landshöfðingi: Út af því, sem h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) tók fram um tekjueptirstöðvarnar, þá skal jeg geta þess, að við árslok 1894 voru tekjueptirstöðvar landssjóðsins komnar niður í 23500 kr., og höfðu þannig lækkað á því ári um 20000 kr.; hvort sem því tillaga í þá átt, sem þingmaðurinn tók fram, verður samþykkt hjer í deildinni eða ekki, þá er óhætt að treysta landstjórninni til þess að sjá um að tekjurnar sjeu heimtar inn svo fljótt sem unnt er.

Að því er sum gjöld snertir, sjerstaklega útflutningsgjöldin, þá er bein lagaheimild til þess, að greiða þau í ávísunum. Og það er opt og tíðum ómögulegt að heimta, að þessi gjöld sjeu komin inn fyrir árslok. Gjaldheimtumenn eru skyldir að taka á móti ávísunum á áreiðanleg verzlunarhús á hvaða tíma árs sem er; þeir geta ekki fremur krafizt peninga í lok reikningsársins en endrarnær.

H. þm. Vestm. (V. G.) þarf ekki að vera hræddur um eða kvíða því, að lán verði veitt úr viðlagasjóði einstökum mönnum eða fjelögum á næsta fjárhagstímabili; hann hefir hjálpað til að sjá fyrir því, að það komi ekki til.

Viðvíkjandi innieign landssjóðs í ríkisfjárhirzlu um 125,000 kr., sem sjeu vaxtalausar, þá er þess að gæta, að ríkissjóður hefir opt átt þrefalt stærri upphæð hjá landssjóði, án þess að heimtaðir hafi verið vextir af. Það væri heldur ekki ráðlegt að fara að ávaxta þessa upphæð nú, þar sem ekki er að vita, nema bráðlega þurfi að grípa til hennar. Og það er ekki hætt við að landið næstu árin komi til að eiga mikla peninga vaxtalausa, hvorki í ríkissjóði eða jarðabókarsjóði.

Þórður Thóroddsen: Það gladdi mig að heyra það af svari hæstv. landsh. að tekjueptirstöðvarnar í árslok 1894 höfðu minnkað svo mjög. Jeg tók þetta áðursagða fram, ekki af því, að jeg vantreysti landsstjórninni að hafa gætur á þessu, heldur af því, að jeg álít, að þingið eigi að hafa vakandi auga á því, að landssjóður eigi sem minnst útistandandi í lok hvers reikningsárs. Dæmin hafa sýnt, að það er ekki heppilegt, að láta mikil gjöld safnast fyrir hjá einstökum mönnum.

Hæstv. landsh. þótti tekjueptirstöðvarnar eðlilegar og áleit þær vera samkvæmar lagaheimildum. Jeg get nú að nokkru leyti verið honum samdóma um það, en jeg þykist þó geta bent á sumar tekjugreinir landssjóðs, sem þetta

á ekki við, en sem þó optast nær eru talsvert í eptirstöðvum. Þannig þekki jeg enga lagaheimild, sem heimilar að húsaskattur og skattur af ábúðar og lausafje standi í eptirstöðvum. Jeg álít skyldu mína, að hreifa þessu, hvað svo sem þingið gerir.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi ábúðar- og lausfjárskattium skal jeg geta þess, að það hefir opt verið tekið fram í svörunum upp á athugasemdir yfirskoðunarmannanna, að þessi skattur er mjög víða, — einkum norðanlands og austanlands — borgaður með innskriptum hjá kaupmönnum, eins og skattalögin einnig heimila. Það mundi annars valda miklum óþægindum fyrir alla hlutaðeigendur, ef innheimta ætti þennan skatt í peningum á manntalsþingum, þar sem peningar víða ekki eru til, og mundi leiða til lögtaka og ýmissa óþæginda. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er sú, að kaupmenn borga aptur innskriptirnar með ávísunum til gjaldheimtumanna, en þessar ávísanir fást optast nær ekki fyr en um nýár, þegar kaupmenn eru búnir að gera upp reikninga sína við gjaldendur. Þessi regla er auðvitað ekki rjett, en það er ekki hægt að hafa þetta öðruvísi; menn verða að beygja sig fyrir kringumstæðunum. Afleiðingin verður því sú, að meira eða minna af gjöldum þessum næst ekki inn fyr en eptir nýár. Það mundi reynast mjög erfitt, að gera neina breytingu á þessu fyrirkomulagi, enda eru eptirstöðvarnar svo litlar, að það er ekki tilvinnandi fyrir lítinn drátt með borgun á nokkur þúsund krónum, að baka öllum hlutaðeigendum þau óþægindi, sem það mundi hafa í för með sjer að heimta borgun á manntalsþingum í peningum.

ATKV.GR.: 1. till. sþ. með 14 sh. atkv. 2. till. samþ. í einu hlj.; 3. till. samþ. með 16 sh. atkv.; 4. till. samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. smþ. án atkvgr. Málinu vísað til síðari umr. í e. hl.

Þrítugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 13. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar í stjórnarskrármálinu (C. 20); ályktun um dagskrá.

Forseti: Eins og jeg kunngjörði h. deild í gær, fjekk jeg frá 11 nafngreindum h. þm. skjal með tilmælum um, að taka upp á dagskrá á morgun tillögu þá til þingsályktunar um stjórnarskrármálið, sem hjer hefir verið til meðferðar í deildinni. Mun jeg nú færa nokkrar ástæður fyrir því, hvernig mjer sýnist rjettast að taka í ósk þessa, og hver vegur rjettastur í máli þessu. Eins og h. deild mun kannast við, tók jeg það fram, þegar málið kom hjer fyrst til umr. 8. júlí, að jeg áliti formið á tillögunni koma í bága sumpart við principið í 20. gr. þingskapanna, og sumpart og sjer í lagi við ýmsar greinar í sjálfri stjórnarskránni, bæði 9. gr., 21. gr. og 61. gr. Af þessum ástæðum neitaði jeg að hafðar væru tvær umr. um ályktunina, og fjellst deildin á það, að umræðan skyldi að eins vera ein. Við þá umr. var það ráð tekið, að afhenda tillöguna nefnd þeirri sem kosin var til að íhuga frumv. til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, og satt að segja vonaði jeg að nefnd þessi tæki til íhugunar bendingar mínar og breytti formi tillögunnar, svo að það yrði samhljóða því sem fyrir er mælt í 21. gr. stjórnarskrárinnar. En svo fór að h. nefnd fann eigi ástæðu að ráða til þess að formi tillögunnar væri breytt. Þetta

var því valdandi að jeg sá mjer ekki fært að taka tillöguna ótilkvaddur upp á dagskrá, eins og jeg annars sjálfsagt hefði gjört, svo að hún eins og önnur mál gæti afgreiðzt eptir rjettri röð og með hæfilegum hraða. Nú þegar bein ósk hefir komið fram um að tillagan yrði tekið á dagskrá, þá liggja fyrir tveir vegir og hvorugur góður, annar sá að láta formið verða málinu til foráttu og taka það alls eigi til umræðu; hinn er sá að heimfæra tillöguna, þrátt fyrir formgalla hennar, undir 34. gr. þingskapanna; þennan seinni veg ætla jeg að velja, sumpart af því að hjer er einungis um eina umr. að ræða, en sjer í lagi af því að jeg get ætlað að h. deildarmenn kunni — auðvitað af misskilningi — að grípa til einhverra vandræðaráða, sem truflað geti hina bróðurlegu samvinnu, sem verið hefir í deildinni, og sem er svo nauðsynleg fyrir heillaríkum úrslitum málanna, sem hún hefir til meðferðar.

Jeg vil því skjóta því undir h. deild, hvort hún samkvæmt 34. gr. þingskapanna vilji, að tillagan sje tekin til framhalds 1. umr.

ATKV.GR.: Samþ. með 19 atkv., að taka málið á dagskrá næsta dag til framhalds 1. umr.

Frumv. til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings (C. 286, 329, 333); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Jeg sje að nokkrir h. deildarm. hafa komið með breyt.till. við frumv. þetta og fer hún í þá átt að fá 1. gr. frumv. numda burt. Verði breyt.till. þessi samþ., þá verð jeg fyrir mitt leyti að segja, að mjer sýnist frumv. að miklum hlut hafa misst þýðingu sína. Það sem einkum hefir orðið tilefni til þess að frumv. þetta er komið fram, er meðferðin á markaðshestunum, einkum að því leyti að þeir hafa orðið svo hófsárir við að vera einatt reknir langa og grýtta leið, að þeir hafa varla getað stigið fæti nema á mjúka jörð, og það hafa nógir orðið til að sjá þá hörmungasjón, að þegar þeir hafa komið hingað ofan í bæinn, hafa þeir ekki þolað við að standa á mölinni heldur kastað sjer niður, og svo orðið að keyra þá upp með svipuhöggum, þegar þurft hefir að færa þá úr stað. Þessi hryllilega sjón hefir orðið til þess að alvarleg löngun hefir vaknað hjá mönnum til að kippa meðferðinni á hestunum í lag.

Þeir sem breyt.till. flytja bera víst fyrir sig erfiðleikana við að fá stóðhrossin járnuð, annað gæti þeim varla gengið til að koma með hana. Að öðru leyti skal jeg ekki tala meira um hana að svo stöddu, heldur bíða þess að jeg heyri bornar fram ástæður fyrir henni. Þá eru og komnar fram breyt.till. frá nefndinni, og vonar hún, eptir því sem orð fjellu áður við umr. málsins, að þær muni þykja til bóta og verða til að greiða fyrir málinu. Það kom fram sá skilningur á frv. að lögreglustjóri ætti jafnan að láta hjúkra þeim skepnum og lækna, er meiddar væru af illri meðferð eða sjúkar, en eigandi mætti ekki gjöra það sjálfur. Auðvitað var þetta ekki meiningin, og orð frumv. gefa ekki tilefni til þessa skilnings, en þó þótti nefndinni rjett, fyrst þessi misskilningur kom fram, að koma með þá breytingu, er ljóslega sýndi, að það væri eigandinn, sem ætti að annast hjúkrun og lækning á skepnum sínum, en að lögreglustjóri ætti að eins kost á að grípa í taumana, þegar eigandinn vanrækti skyldu sína.

Þá kom það fram að rjettara og umsvifaminna væri að hreppstjórar útnefndu skoðunarmennina. Nefndin sá

ekki neitt sjerlegt athugavert við þetta, og hefir því komið fram með breyt.till. í þá átt.

Enn var eitt, sem að var fundið; það þótti sem sje ekki skýrt tekið fram í frumv., hver ætti að greiða skoðunarmönnum og eptirlitsmönnum laun þeirra fyrir skoðun á fje því er kaupfjelög flyttu út. Nefndin hefir leitazt við að ráða bætur á þessu með því að kveða þannig á, að launin skuli greiðast af þeim er fyrir kaupum eða útflutningi á fjenaðinum standa. Þessar breyt.till. nefndarinnar stafa af aðfinningum þeim sem komu fram við frv. við 2. umr.; og fyrst nefndin hefir tekið þær svo rækilega til greina, vonar hún að málið fái greiðlega að ganga fram.

Jeg skal taka það enn fram, að mjer þykir breyt.till. um að fella 1. gr. frv. burtu, svo þýðingarmikil, að jeg er í efa um, hvort mjer þykir frumv. þess vert að greiða því atkv., ef hún hefir náð fram að ganga.

Jón Jónsson, (þm. Eyf.): Jeg vil fara fám orðum um breyt.till. þá sem jeg, ásamt öðrum h. þingdm., hefi komið fram með. H. framsögum. (J. Þór.) mælti fastlega á móti henni, og kvaðst álíta að frumv. hefði tapað tilgangi sínum, ef hún yrði samþ.; kvað hann frumv. sjerstaklega vera komið fram til þess að fyrirbyggja illa meðferð á útflutningshrossum. Jeg lít nú nokkuð öðruvísi á þetta mál. Jeg játa það, að það sje skylda vor að efla og styðja góða meðferð á skepnum og mannúðarfulla. En í þessu frumv. er og annar þáttur og hann fullt svo þýðingarmikill, sá að reyna að fyrirbyggja að sjúkt fje sje flutt út úr landinu; það þurfa ekki margar sjúkar skepnur að slæðast með til þess að eyðileggja fjenaðarsölu vora til útlanda um lengri eða skemmri tíma. Að vísu eru fjenaðarskoðanir sumstaðar svo fullkomnar, að það þurfa engar lagaákvarðanir um þær; en af því að lagaákvæðin vantar, játa jeg þó, að gott sje að fá þau, til þess að geta beitt þeim, þar sem á þarf að halda.

Jeg skal geta þess, að mjer sýnast breyt.till. nefndarinnar vera til verulegra bóta.

Að því er snertir hitt atriðið, betri meðferð á útflutningshrossum, þá játa jeg fullkomlega að það er mjög verulegt atriði frá annari hlið skoðað, og væri ekki hægt að fyrirbyggja illa meðferð á þeim nema með nýjum lögum, þá sýnist nauðsyn til bera að setja þau lög.

Það er engin frágangssök fyrir kaupanda, þó að hann verði að reka öll hross sín járnuð til útflutnings, hann mundi að eins setja seljanda það skilyrði, þegar þyrfti, að hafa járnað þau hross, sem hann keypti að honum, og frágangssök vil jeg ekki segja að það sje fyrir seljanda að fullnægja þessu skilyrði, en allerfitt getur það þó stundum verið. Í hestasveitum reka menn opt miklu fleiri tryppi á markaðinn, en þeir selja, máske ein 10 eða fleiri, þótt eigi selji þeir nema 3—4; þeir vita ekki áður en þeir fara að heiman, hvernig salan muni ganga eða hver af tryppunum útgengilegust reynist, og taka því þetta ráð. Fyrir þessa menn er óhægt að járna öll tryppin áður en þeir fara að heiman, en kaupandi þarf jafnaðarlegast að hraða svo burtrekstri hrossanna eptir að þau eru keypt, að þá er ekki tími til að járna þau öll. Járningarákvæðið er því þó nokkrum annmörkum bundið, getur stundum haft ekki svo lítinn kostnað í för með sjer, og leggur nokkur höpt á greið viðskipti. Annarsvegar er það, að mjer getur tæplega skilizt, að sjerstök lög þurfi að setja um þetta, því að annaðhvort er

meðferðin svo ill að hún heyrir undir hegningarlögin, eða ef hún að vísu þykir óforsvaranlega ill, en hegningarlögin ná þó ekki til að refsa henni, þá gæti verið ástæða til að breyta þeim í þeirri grein. Mjer er breyt.till. að vísu ekki kappsmál, en hefi komið með hana til þess að gefa h. d. á ný kost á að íhuga þetta atriði, og greiða atkvæði um það, og mun jeg ekki greiða atkv. með frumv. ef breyt.till. fellur. Jeg skal að nýju taka það fram, að mjer finnst höfuðþýðing frumv. ekki vera fólgin í 1. gr. þess, og að sú grein sje ekki nauðsynleg, og því síður praktisk.

Tryggvi Gunnarsson: Það var auðheyrt á ræðu h. þm. Eyf. (J. J.), er síðast talaði, að hann vildi að vel væri farið með skepnur, en því miður bar hún vott um hið sama, sem kemur fram hjer á landi hjá fjölda mörgum öðrum; þótt hugmyndin sje vöknuð, að það sje siðferðisleg skylda að fara vel með skepnurnar, þá er hún enn þá hjá mörgum all-óljós og óþroskuð. Hann sagði að það væri vel gert að fara vel með skepnurnar; en þó væri skoðunargjörðin aðalatriðið, af henni væri mest hagsmunavonin. Hjer gægist fram hin almenna skoðun, sem sje að líta á hagnað eigandans, en eigi tilfinning skepnunnar; því er opt viðkvæðið, þegar einhver missir úr hor, að það hafi verið mikill skaði fyrir eigandann, að missa svo margar skepnur, en á hitt er síður minnzt, hvað skepnurnar hljóta að pínast á undan hordauðanum. (*J. J.* þm. Eyf.: Jeg tek þetta ekki að mjer). Nei, jeg væni þingmanninn eigi þess, að hann hafi þessa skoðun; jeg var að tala um almennan hugsunarhátt hjer á landi, sem hann mun eigi hafa til fulls slitið sig frá. Jeg er viss um, að h. þm. vill nema 1. gr. frumv. burt, af því hann hefur ekki hugsað málið nógu vel. Hann hefði átt að vera hjer, þegar útflutningshestar úr fjærsveitum, t. d. norðan úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, hafa komið hingað til bæjarins, hann hefði átt að sjá, hvernig þeir hafa fleygt sjer ofan í mölina við útskipunarstaðinn, vegna þess, að þeir hafa í engan fótinn þolað að stiga. (*J. J.* þm. Eyf.: En hegningarlögin?) Slíkt nær ekki undir hegningarlögin eins og þau eru orðuð. En hvað hefði það svo kostað, að járna þessa hesta? Ekki nema hálfa aðra krónu, og þó í raun rjettri ekki nema 50 aura, því að eigendurnir gátu látið draga skeifurnar undan hestunum á útskipunarstaðnum, og notað þær aptur. H. þm. sagði, að það væri svo kostnaðarsamt, ef öllum yrði gert að skyldu að járna markaðshross, þar sem sumir færu með allt að 20 hross á markað, þótt þeir seldu ekki nema 3—4. En á þá að kvelja þúsundir hesta til þess að einn spjátrungur meðal 100 markaðsseljanda geti rekið allt stóð sitt á markað til að sýna hrossaauðlegð sína? Yfir höfuð tel jeg litla nauðsyn, að fara með öllu fleiri hross á markað, en þau, sem þar á að selja.

Það er saga ein í Dýravininum, sem menn hefðu gott af að lesa og setja á sig; þar er sagt frá manni, sem var dýravinur og dýraverndari. Hann tók einu sinni eptir hestum, sem báru sig undarlega að; fór hann þá að skoða þá, og sá að búið var að blinda þá á báðum augum. Nú fór hann að spyrja sig fyrir, af hverju svo hefði verið farið með hestana; var honum þá sagt, að þetta væru hestar, sem brúkaðir væru í námu, en þegar þeir kæmu þangað niður, fældust þeir ljósglætuna, sem þar brygði fyrir, og vagnaskröltið, og til þess að spekja þá væri þetta ráð tekið, að taka sjónina frá þeim.

Nú liggur það fyrir öllum þorra af hestum vorum, sem út eru fluttir, að

ala aldur sinn í námum á Englandi; mjer finnst það því ekki ofætlun fyrir hestaeigendur hjer, þó þeir fái hestum sínum skó á fæturna, til þess að ganga á til grafarinnar, eða þangað sem er enn verra fyrir þá en dauðinn og gröfin, enda er ólíklegt. að menn telji það eptir sjer, þegar þeir hugsa alvarlega um málið. Það hefir einn Englendingur sagt mjer, að það væri sorgleg sjón að sjá þessi mörgu þúsund af ungum og fjörugum hestum svipt frelsi og flutt út úr landinu, og hryggilegt að hugsa til þess, hvílík æfi biði þeirra flestra. Mjer dettur ekki í hug að fara að prjedika hjer um dýraverndun, nje gegn því að hestar sjeu seldir út úr landinu; það er nú kominn sá regspölur á hið síðarnefnda að torvelt mun verða að sporna við því. En það er hægt og kostnaðarlítið, að sýna skepnunni þá rækt, að kveðja hana vel, og sýna viðleitni þess, að henni líði þolanlega þangað til hún fer út fyrir landsteinana, og því furðar mig, ef nokkur er sá, sem telji það eptir sjer að láta skó á fæturna á hestinum, sem hann selur, ef hann hugsar að honum geti liðið betur fyrir það. Það er annars gleðilegt að nú er ekki orðið nema dálítið tímaspursmál, þangað til að velvild til skepnanna verður orðin svo ríkjandi, að eigendur telji ekki eptir 1 kr. til að setja skeifublöð undir berfætta hesta sína, sem þeir selja og sjá aldrei aptur; það er sorglegt að slík smámunasemi skuli koma fram hjer í salnum, og verða til þess að þarflegt lagaboð falli; það er varla heldur nema lítið tímaspursmál, að almenn velvild til skepnanna verði svo ríkjandi hjá þjóðinni, að *horfellir á fjenaði* varla komi fyrir; en þá mun það sannast, að sá hugsunarháttur verður þjóðinni ein hin drýgsta og hagfeldasta tekjugrein, miklu meira virði en kaffi- og víntollurinn samanlagður — auk þess sem líf skepnanna verður allt öðruvísi og betra en það er nú.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir verið tekið fram, að það muni vera ómögulegt fyrir kaupanda, að járna markaðshross, það baki honum of mikla tímatöf. Þetta kann og satt að vera, en aptur á móti er það vel framkvæmanlegt fyrir seljanda, og ekki nema stöku sinnum að það baki honum nokkur verulег óþægindi eða kostnað; þó menn nú ekki finni sjer skylt skepnunnar vegna að leggja neitt í sölurnar, sem þó er skylt, þá ætti þó eiginhagsmunavonin að knýja menn til þess, að láta fjenaðinn líta sem bezt út á heimsmarkaðinum, hvort það er heldur hross eða sauðfje.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að hjer þyrfti engin ný lagaákvæði, það væri jafnan hægt að grípa til hegningarlaganna. En mín skoðun er sú, að það geti opt verið á takmörkunum, hvort hinar smærri yfirsjónir í þessu efni heyri undir hegningarlögin eða ekki, og að það opt verði snúningasamt í framkvæmdinni að fara að beita þeim, ekki sízt hjer, þar sem það yrði fyrst við útskipunina, sem til þess kæmi að fara að setja skepnurnar fastar og lögsækja eiganda þeirra, eða þann sem fyrir útflutningi stendur; því hygg jeg að betra sje og umsvifaminna, að sjerstakt lagaákvæði sje til um meðferð á útflutningsfjenaði. Því skal jeg skjóta þessu undir h. lögfræðinga deildarinnar, hvort þeir álíti að hegningarlögin sjeu handhæg í þeim tilfellum, sem hjer yrði optast um að ræða.

Jeg gat þess áður við þessa umræðu, að jeg hefði álitið slæma meðferðina á fje því, sem geymt var til útflutnings

hjer í grennd haustið 1890; hún var allt annað en góð á sumum stöðum, en þó mundi hafa orðið erfitt að koma meðferðinni undir hegningarlögin; til þess hefði orðið að setja fjeð fast og hindra útskipun þess; yfir höfuð álít jeg betra að hafa lög, sem hindra að lagabrotið verði framið, en þau lög, sem hegna á eptir, eins og horfellislögin eiga að gera, enda hafa þau orðið dauður bókstafur hjer á landi. Að hinu leytinu er jeg á því, að frv. sje ekki með öllu þýðingarlaust, þótt 1. gr. þess falli burtu; en samt verð jeg að álíta að ákvæðin í 1. gr. sjeu þörf.

Þórður Guðmundsson: Það voru að eins fáein orð út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) viðvíkjandi br.till. á þingskj. 331, sem mig langaði til að taka fram. Mjer virtist hann blanda þar inn í allt öðru máli en frumvarpið hljóðar um, nefnilega horfelli og illri meðferð á hrossum á Englandi, svo sem því, að þau sjeu enn brúkuð í kolanáma og sum verði blind; jeg fæ ekki sjeð að nein breyting verði á því, þótt frumv. þetta verði að lögum. Hann tók það og fram, að það væri opt og einatt hörmuleg meðferð á hrossum hjer, sem seld væru til útflutnings, og kann það satt að vera, en jeg fæ ekki betur sjeð en að kaupandi eigi að bera fulla ábyrgð á meðferð þeirra eptir að hann hefir keypt þau. Mjer finnst það ætti að gjöra hrossakaupmönnum að skyldu að járna hrossin, þegar þörf þykir til, en vitanlega er það mjög misjafnt, hvað langt þarf að reka hrossin og hvernig vegurinn er, svo að sumstaðar er þörf á að járna þau en annarsstaðar ekki, þó jafnlangur sje vegurinn, því úr annari sýslunni getur verið um grjótlausan veg að fara, en úr hinni, þó vegurinn sje ekki lengri, máske mesti grjótapall. Mjer heyrðist á ræðu h. varaforseta (Tr. G.) eins og hann vilji kenna landsmönnum um þessa illu meðferð, sem ætti sjer stað, en jeg álít að þar sje hrossakaupmönnum mest um að kenna, því þeir hljóta að bera ábyrgð á fjenaðinum, hvort heldur það er hross eða sauðfjenaður, úr því þeir eru orðnir eigendur að því; jeg álít að þessi áburður h. varaforseta um illa meðferð á seldum fjenaði sje ekki beint í rjetta átt, þar sem hann kennir það seljendum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get bætt því við það sem jeg sagði áðan, að það er ekki ómögulegt að h. þm. gefist kostur á, ef þeir vilja, að sjá hvernig hross, sem rekin hafa verið langt að og lengi pössuð hjer, eru útleikin, áður en þingtíminn er úti, og þá gæti jeg hugsað, að menn fyndu ástæðu til þess að vera með því, að þau væru járnuð. Ef þeir kynntu sjer útlit þeirra eptir langan rekstur og fleiri vikna þröngsýna pössun á grýttu og þröngu landi, sem svo má ætla að fje verði passað á aptur í haust, ef það fæst. Eins og h.þm. Eyf. (J. J.) tók fram, þá járnar auðvitað seljandi hrossin; annars finnst mjer það þýðingarlítið atriði, hver það gjörir, bara að skepnan fái rjett sinn. H. þm. Eyf. (J.J.) virtist leggja svo mikla áherzlu á þetta atriði.

Jón Jónsson, þm. Eyf. Öllu því sem h. varaforseti (Tr. G.) dróttaði að mjer um það, að mjer væri ekki annt um að farið væri vel með skepnurnar og að jeg hefði þennan sama þjóðgalla og allir aðrir hjer á landi, verð jeg að vísa frá mjer sem ástæðulausum insinuationum. Því leggja menn ekki kapp á að láta þessum tryppum líða vel heima hjá sjer? Hvernig er farið með hross á vetrum í hestasveitunum? Meðferð þeirra er opt svo ill, að versta meðferð í rekstri og flutningi nálgast það ekki. Því taka menn ekki þar í strenginn?

Því hefir ekki verið mótmælt ennþá, sem jeg sagði, að ef ill meðferð á þessum skepnum, sem um er að ræða í frumv., ætti sjer stað, þá væru ákvæði hegningarlaganna þessu viðvíkjandi nægileg, eða ef svo væri ekki, hvort ekki væri rjettara að breyta hegningarlögunum, en vera ekki að búa til ný lög um hið sama.

En jeg vildi leyfa mjer að benda mönnum á það, hvernig þeir hafa hugsað sjer að ákvæðum 1. gr. verði beitt. Jeg sje ekki að neitt eptirlit komi til að eiga sjer staðfyr en úti við skip. Og hver getur þá sannað, að lögin hafi verið brotin, þótt hross sjeu hófgengin og ójárnuð? Hver getur sannað að þau hafi verið rekin fulla dagleið? Og hvað liggur við, ef lögin eru brotin? Þetta vantar alveg í frumv. Það er ekki til neins að semja lög til að hindra illa meðferð á skepnum, ef þessum lögum um það, sem við höfum, er ekki framfylgt, eins og hegningarlögunum og horfellislögunum!

Annars verð jeg algjörlega að vísa öllum aðdróttunum h. varaforseta um illa meðferð á skepnum frá mjer og mínum nágrönnum. Við höfum gjört okkur allt það far, sem við höfum getað, um það að fara vel með skepnur okkar, er við rekum þær til skips, og jeg þyrði óhræddur að láta skoða sauðfje okkar og meðferð þess í rekstri, hvern sem vera vildi, og jafnvel mætti h. varaforseti vera með í þeirri för. Jeg er því alveg samdóma þeim hugsunarhætti, sem kemur fram í frumv., en mjer finnst það nokkuð þýðingarlítið að vera að setja ákvæði, sem að sumu leyti eru óþörf og auk þess verður ekki framfylgt.

Framsögumaður (*Jón Þórarinsson*): H. þm. Eyf. (J. J.) og okkur flutningsm. þessa máls kemur í rauninni vel saman. Hann leggur að eins meiri áherzlu á eptirlitið, en játar hinsvegar hinn *góða tilgang frv.* Hjer er því að eins spurningin um það, hvort hægt sje að koma fram nægilegri tryggingu fyrir því að þessum lögum verði beitt án mikils kostnaðar eða umsvifa. Ástæður hans gegn því voru hvorki sjerlega margar eða sjerlega mikilsverðar. Mjer virtist h. þm. (J. J.) bera einhvern kviðboga fyrir því, að sá sem keypti ætti að bera allan kostnaðinn við járninguna, en jeg álít sjálfsagt að seljandi beri þann kostnað; það er hægt að auglýsa það fyrirfram, að hestarnir verði að vera járnaðir, þegar þeir koma á markaðinn og svo hefir kaupandinn engan vanda af neinu, nema ef skeifa kann að fara undan á leiðinni. (*J. J.* þm. Eyf.: Þetta er allt út í hött; jeg *minntist* ekki á þetta). H. þm. Eyf. (J. J.) talaði mikið um það, að þetta gæti valdið óþægindum fyrir þá, sem t. a. m. rækju ein 20 tryppi á markaðinn, en ætluðu sjer ekki að selja nema 2 eða 3. Jeg ímynda mjer nú fyrst og fremst að það sje hreinasta undantekning að nokkur reki svo mörg tryppi á markað, sem hann ætlar sjer ekki að selja, en gjöri menn það, þá eru þeir hinir sömu líklega færir um að hafa með sjer skeifur undir þau af þeim, sem þeir ætla að selja og geta svo rekið undir þau á markaðsstaðnum.

H. þm. Eyf. (J. J.) sagði ennfremur að óþarft væri að búa til ný lög um þetta efni, því að fyrst og fremst væru menn alltaf að fara betur og betur með skepnur sínar og í öðru lagi, ef einhver gjörði sig sekan í illri meðferð á þeim, þá heyrði það undir hegningarlögin. Það er satt, að það má allt af vísa til hegningarlaganna, en þau ákvæði, sem þar eru um illa meðferð á skepnum, eru svo ströng, að lengi má um það deila, hvort hvert einstakt tilfelli geti heyrt undir þau eða ekki, og

þótt hægt sje að stefna þeim er illa fer með skepnur, samsvæmt hegningarlögunum, og þó viðkomandi manni verði hegnt, þá eru ekki þar með bættar þær kvalir, sem skepnan hefir orðið að þola, en það er einmitt tilgangur þessa frumvarps að koma í veg fyrir að skepnum sje misboðið.

Þá var minnzt á þá tryggingu, sem menn hefðu fyrir því að lög slík sem þessi kæmu að nokkru haldi. Mjer finnst nægileg trygging fengin fyrir því með því, þar sem skoðunarmenn eru settir til þess að hafa eptirlit með þeim hrossum, sem ætluð væru til útflutnings, og ef þeir reka dyggilega erindi sitt, er öllu vel borgið. Geri þeir það ekki, varðar það ábyrgð. Jeg vona, að menn láti sjer ekki vaxa í augum þann aukakostnað, sem af þessu kann að leiða. Eptir umræðunum að dæma þykist jeg þess fullviss að h. þm. samþykki 1. gr. og br.till. nefndarinnar. Jeg er sannfærður um það, að verði þetta frumv. að lögum, þá verður það talsverð rjettarbót. Og jeg efast ekki um, að h. þm. Eyf. (J. J.) eins og allir honum jafnmannúðlegir og menntaðir menn vilji styðja þessa rjettarbót.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd. Jeg get ekki ímyndað mjer að ákvæðin í 1. gr. mundu valda neinum tilfinnanlegum kostnaði, því að járn þau sem hjer þyrftu, þyrftu ekki að vera vönduð, og jeg býst við að seljandi gæti haft þau með sjer og tyllt þeim undir á markaðsstaðnum. En þó 1. gr. sje felld, þá álít jeg samt mikla rjettarbót að frv. og jeg álít að ákvæði þeirra nái talsvert lengra en ákvæði hinna almennu hegningarlaga. Jeg skal geta þess, að til þess að komið geti til tals að beita 299 gr. hegningarlaganna, þá verða að vera mikil brögð að hinni illa meðferð. Það er auðvitað galli á þessum lögum, að sektir skuli ekki vera lagðar við, en þó er það bót í máli að skepnunum skal hjúkrað og þær læknaðar á kostnað eigandans. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. móti br.till. á þingskj. 331.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 331 felld með 15 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Eir. Gíslason,
Jón Jónss þm.Eyf.	Guðjón Guðlaugss.,
Sighv. Árnason,	Guðl. Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Halldór Daníelsson,
Sk. Thoroddsen,	Jens Pálsson.
Þórð. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Þórður Thoroddsen,	Jón Jónss. þm. A-Sk.
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Valt. Guðmundsson.
	Þórhallur Bjarnars.,
	Þorl. Guðmundsson.

Viðaukatill. nefnd. við 2. gr. á þingskj. 329 samþ. með 22 samhlj. atkvæðum. Br.till. nefnd. 1.—3. á þingskj. 329 sþ. með 22 samhlj. atkv.; br.till. nefnd. 2.—3. á þingskj. 392 samþ. með 20 sh. atkv.; br.till. nefnd. við 4. gr. á þskj. 329 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík (C. 107, 143, 245); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jafnvel þó nefndarálitið sje tvískipt, þá hefir þó nefndinni komið saman um aðalefni frumvarpsins. Nefndarmenn hafa verið ásáttir um, að rjett væri og sanngjarnt, að húseigendum í Reykjavík gæfist kostur á, að fá lækkuð þau gjöld, er þeir nú verða að greiða fyrir elds-

voðaábyrgð á húseignum sínum. Sömuleiðis kom öllum nefndarmönnum saman um það, að innlent brunabótafjelag ætti að komast á sem fyrst, og að æskilegt væri, að Reykjavík gengi í slíkt fjelag, þegar það væri stofnað. Og enn kom nefndarmönnum saman um það, að dráttur sá, sem orðið hefir á því, að slíkt fjelag kæmist á stofn, ætti ekki að verða til þess, að hindra Reykjavíkurbúa frá að geta orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, er frumvarp þetta fer fram á að veita þeim í tilliti til lækkunar á brunabótagjöldum fyrir húseignir þeirra. Hinn eini ágreiningur meðal nefndarmanna var sá, að meiri hlutinn vildi, að einhver þau ákvæði væru í lögunum, sem bæru þess sýnileg merki, að ekkert hik væri á þingi eða þjóð, að því er snerti stofnun innlends brunabótafjelags. Og til þess að sýna þetta, þá áleit meiri hluti nefndarinnar, að heppilegt væri að takmarka gildi þessara laga við 4 ára tímabil. Meiri hlutinn hjelt, að þótt stjórnin hafi hingað til verið hægfara í því að undirbúa stofnun hins innlenda brunabótafjelags, þá mundu þó 4 ár vera nægilegur tími, og það því fremur, sem hæstv. landshöfðingi hefir lýst því yfir, að stjórnin væri ekki mótfallin slíkri stofnun. En skyldu nú einhverjar ófyrirsjáanlegar tálmanir verða til þess, að þetta fjelag ekki gæti komizt á fót á þessu tímabili, þá leiðir það af sjálfu sjer, að þessi lög verða framlengd fyrir Reykjavík. Samkvæmt þessu sje jeg ekki, að þetta atriði þurfi að valda neinum ágreiningi.

Jón Jensson: Jeg ætla ekki í þetta sinn að rekja ástæðurnar fyrir því, að þetta frumv. er komið fram, heldur að eins að taka fram, að í raun og veru er hjer ekki um annað að ræða en almennan samning milli Reykjavíkur annars vegar og danska brunabótafjelagsins hins vegar, og er að eins leitað samþykkis löggjafarvaldsins um samninginn, til þess að halda bæjarbúum fastara saman að málinu, og eigi vegna þess, að þeir sjeu ekki í raun og veru og eigi að vera einráðir um það, ekki síður allir húseigendur í sameiningu, heldur en annars hver einstakur húseigandi, hvernig hann tryggir hús sitt fyrir eldsvoða. Mál þetta snertir því að eins Reykjavík eina. Maður ætti því að mega ganga út frá því, eins og hæstv. landsh. sagði, að þingið, sem heldur því svo opt fram, að sveitafjelögin eigi að ráða sem mestu í sínum eigin málum, leggi ekki hindrun fyrir, að Reykjavík fái að ráða þessu sjerstaka málefni sínu, og breyti ekki þannig beint á móti sínum eigin grundvallarreglum.

Eins og h. framsögum. (Ól. Br.) sagði, er bæði meiri og minni hluti nefndarinnar samdóma í aðalatriðunum um þetta frumv., en meiri hluti nefndarinnar hefir þó fundið ástæðu til að koma fram með breyt.till., sem miða til að takmarka tímagildi þessa frumv., og ástæðurnar fyrir því, að nefndin hefir gert þetta, eiga að vera þær, að girða fyrir, að þessi lög standi fyrir því, að innlent brunabótafjelag verði stofnað. En mjer finnst þetta óþarft, því það leiðir af sjálfu sjer, að þegar með lögum verður ákveðið, að innlent brunabótafjelag skuli stofnað, er nái til Reykjavíkur, þá eru þessi lög þar með úr gildi fallin.

H. framsögum. nefndarinnar (Ól. Br.) bar það nú eiginlega heldur ekki fram sem ástæðu fyrir breyt.till., að frv. án þeirra mundi verða til hindrunar framgangi hins fyrirhugaða innlenda brunabótafjelags, en hann áleit tímatakmörkunar-ákvæðið, er breyt.till. innihalda, nauðsynlegt til að bera vott um, að nefndin hafi haft í huga stofnun á innlendum brunabótasjóð; það á að vera

eins konar plakat, eða auglýsing um, að í ráði sje, að stofna hjer sem fyrst almennt brunabótafjelag eða brunabótasjóð. Það er nú hvorttveggja, að það er fremur óheppilegur og óvanalegur staður til að auglýsa á, að setja auglýsingar í lög. Það ætti þó betur við, ef þess gerist þörf, að auglýsa slíkt í blöðunum. En auk þess sje jeg eigi, að þingið þurfi að vera að auglýsa vilja sinn í þessu efni, þar sem í fyrra á þinginu var skorað á stjórnina að vinna að undirbúningi laga um stofnun innlends brunabótafjelags, og stjórnin hefir samkvæmt þeirri áskorun tekið málið í sína hönd og hefir það í undirbúningi, þó að það hafi, eins og eðlilegt er, ekki getað orðið fullbúið til þessa þings. Þessi auglýsingarástæða h. tramsögumanns er þannig, eins og hin ástæðan, að frv. geti orðið almennu brunabótafjelagi til fyrirstöðu, hjegóminn einber, og vildi jeg óska þess, að nefndin hætti við þessar breyt.till. og tæki þær aptur, enda vona jeg, að deildin aðhyllist ekki slíka meiningarleysu. Breyt.till. nefndarinnar, eins og þær eru orðaðar, eru auk þess ekki að eins meiningarlausar, heldur geta þær verið hættulegar fyrir framgang málsins. Það er sem sje alls ekki óhugsandi, að þær geti orðið málinu til falls; það er ætíð hættulegt, að skjóta þess konar fleygum inn í frumv., og á aldrei að gera, þegar það ekki þarf með, og sjerstaklega eru fleygarnir hættulegir, þegar um samninga er að ræða, og þetta frv. er, eins og tyr er á vikið, ekki annað en samningur milli Reykjavíkur og fjelags þess, sem hefir tekið að sjer að ábyrgjast húseignir hennar gegn eldsvoða.

Meðal annars er það töluvert óvíst, hvort það ákvæði breyt.till., að gömlu lögin eigi að rísa upp aptur eptir 4 ár, ef brunabótafjelagið almenna verður þá ekki komið á, getur komið að tilætluðu gagni; en ætti þá Reykjavík á hættu að standa uppi brunabótalagalaus með öllu eptir 4 ár og vera þannig ver stödd en nú, þá væri henni eigi láandi, þar sem samningi hennar er að henni fornspurðri breytt, þótt hún jafnvel leitaðist við að koma í veg fyrir, að slík valdboðin lög öðluðust samþykki hins aðila löggjafarvaldsins, en kysi heldur að reyna að notast áfram við þau lög, sem hún nú hefir um brunabótaábyrgð á húsum bæjarins.

Jeg enda mál mitt með því, að skora á h. deild að samþykkja frumv. óbreytt, nema hvað snertir breyt.till. þá (þingskj 143), er jeg hefi leyft mjer að koma með og sem nefndin hefir fallizt á, en fella breyt.till. nefndarinnar, nema færðar verði fyrir þeim einhverjar ástæður, sem ástæður geta kallazt.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eptir því sem jeg skildi ræðu h. þm. Rvík. (J. Jenss.), o: minni hluta nefndarinnar, þá fannst mjer það liggja næst skoðun hans, að breyt.till. nefndarinnar væru óþarfar; hitt var þingmaðurinn meira í vafa um, hvort þær gætu orðið hættulegar.

Aðalástæðan, sem h. þm. (J. Jenss.) byggði vafa sinn á, var sú, að hjer væri um samning að ræða. En þessi lög með breyt.till. nefndarinnar ganga ekki út á annað en að staðfesta þann samning, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir gjört við brunabótatjelag hinna dönsku kaupstaða, sem bráðabyrgðarráðstöfun, þangað til brunamálum alls landsins er skipað með lögum. Jeg verð þá fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að lýsa því yfir, að hann finnur ekki ástæðu til, að gera bæjarstjórn Reykjavíkur þær getsakir, að hún muni fara að biðja stjórnina um, að synja þessum lögum staðfestingar, sem að efninu til eru öldungis samkvæm yfirlýst-

um vilja bæjarstjórnarinnar. Hin eina ástæða meiri hlutans til að binda gildi þessara laga við víst tímabil var sú, að hann taldi það víst, að á þessu tímabili mundi nýju skipulagi verða komið á brunamál alls landsins í heild sinni, og þar á meðal brunamál Reykjavíkur. Og þá áleit nefndin það óþarft, að þessi lög væru lengur í gildi. En færi svo, af einhverjum ófyrirsjáanlegum tálmunum, að allsherjar brunabótafjelag ekki komist á þessu á tímabili, þá væri ekki annað fyrir, eins og jeg tók fram áðan, en að framlengja þessi lög fyrir Reykjavík, eða, verði þau staðfest, að semja ný lög, í síðasta lagi á þingi 1899.

Mjer finnst þetta mál liggja svo opið fyrir, að hver maður hljóti að geta gert sjer það skiljanlegt.

Jón Jensson: Jeg get ekki kannazt við það, að h. framsögum. (Ól. Br.) hafa fært ástæður fyrir því, að þessi breytingartillaga sje þörf.

H. framsögum. (Ól. Br.) snýr spursmálinu við. Hann segir: »Það er ekkert á móti því, að lögin sjeu svona« (ɔ: með þessari breytingu). En jeg segi þá, að sá sem kemur fram með breytingartillögu, hann á að færa ástæður fyrir henni; en hann getur ekki heimtað það af þm., að þeir færi fram ástæður fyrir því, hvers vegna hann ekki hefði átt að koma fram með breyt.till. — Þetta er að snúa öllu málinu við, því upp sem niður á.

Jeg ætla mjer ekki að tala meira um þetta, en jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að nefndin (ɔ: meiri hlutinn) hefir ekki sjeð sjer fært að færa fram eina einustu ástæðu fyrir breyt.till. sinni.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 1. breyt.till. nefnd. (245) við 3. gr. c. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. nefnd. (245) við 3. gr. c. samþ. án atkv.gr.; 3. gr. breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. samþ. með 19 samhj. atkv.; 6. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 7. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 8 gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. breyt.-till. nefnd. (245) við 9. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.; 9. gr. breytt samþ. m. 14 samhlj. atkv.; 10. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; viðaukatill. á þingskj. 143 samþ. með 22 samhlj. atkv.; 4. breyt.till. nefnd. (245), við 11. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 11. gr. verður 12. gr. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 1. febr. 1882 um skipun prestakalla (C. 148, 205, 260); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Af því að þetta er framh. 1. umræðu, ætla jeg mjer, sem framsögumaður í nefndinni, ekki nú að fara inn á einstök atriði viðvíkjandi þessu máli. Jeg vona, að h. deild lofi frumv. að ganga til 2. umr., því það er sannarlega þess vert, að það sje athugað rækilega.

Eins og menn sjá, snertir frumv. 3 eða rjettara sagt 4 prestaköll hjer á landi. Upphaflega kom stjórnarfrumv. fyrir þingið, sem fór fram á, að Eyvíndarhólaprestakalli yrðu lagðar 200 kr. úr landssjóði, og fyrir þessu var færð sú ástæða, að brauðið um 7 undanfarin ár hefði verið prestslaust, og að sá prestur, sem fjekk brauðið veitt 1894, hefði ekki verið þar nema eitt ár, af því, að hann hefði ekki getað lifað af tekjum brauðsins, þær væru svo litlar, og prestakallið svo rýrt.

H. efri deild tók svo í þetta mál við-

víkjandi Eyvindarhólabrauðinu, að, af því beiðni hefði komið frá nágrannapresti við Eyvindarhóla um, að fá línun á árgjaldi af sínu brauði, vegna skemmda af náttúrunnar völdum, sem á því hefðu orðið, þá tók deildin það ráð, að steypa þeim 2 brauðum saman, í þeim tilgangi auðsjáanlega, að slá hjer »2 flugur í einu höggi«, losna við bæði uppgjöf á árgjaldi Holts og við uppbót til Eyvindarhóla. En síðan hafa sóknarmenn í Eyvindarhólaprestakalli sent til þingsins hörð mótmæli móti sameiningunni. Nefndin hefir tekið þessi mótmæli til íhugunar, þó þau reyndar kæmu eptir að nefndarálitið var samið, en hún getur ekki allt um það breytt skoðun sinni á málinu; bæði af því, að hún verður að álíta, eins og h. efri deild, að sameining þessara brauða sje mögueleg, og að hún ekki muni valda sóknarbúum neinum sjerlegum erfiðleikum á því að nota þjónustu prestsins. Annars má gera ýtrari grein fyrir þessu við 2. umr.

Hið annað prestakall, sem frumv. snertir, er Grundarþing í Eyjafirði, gengur frv. út á að leggja jörðina Hrafnagil til prestakallsins.

Ástæðan er sjerstaklega sú, að presturinn í Grundarþingum er bújarðarlaus og því á flæðiskeri staddur með bújörð. Reyndar hefir hann byggingu fyrir jörðinni Hrafnagil, en bæði er sú ábúð orðin stopul, og hins vegar er eptirgjaldinu eptir jörðina svo háttað, — það er greitt í heyi, töðu — að það hlýtur að eyðileggja hana innan skamms, og það er jafnvel vafasamt, hvort slík bygging geti staðizt eptir ábúðarlögunum. Þess vegna er í frv. farið fram á að leggja þessa jörð til prestakallsins sem prestsetur, en greiða til Akureyrarprestakalls 150 kr. sem uppbót fyrir jarðarafgjaldið, eða þann tekjuhalla, sem Akureyrarbrauð mundi líða við það, að missa afgjaldið af Hrafnagilinu.

Þá er þriðja prestakallið, sem frumv. fer fram á að breyta; það er Kirkjubæjarklausturs-prestakall í Vestur-Skaptafellssýslu. Prestakallið skal eptirleiðis ná að eins yfir Prestsbakkasókn, en Kálfafellssókn, sem áður hefir verið sjerstakt brauð, en seinna sameinað Prestsbakkabrauðinu, skal nú aptur verða brauð sjer, og verður þá lagt úr landssjóði 300 kr. uppbót.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að eins og nú er sóknaskipunin, má svo heita, að Kálfafellssókn sje næstum prestsþjónustulaus, ýmsra orsaka vegna, mikilla vegalengda, vatnsfalla, sem presturinn verður að fara yfir, og svo vegna þess, að heimasóknin sjálf er víðlend og fjölmenn. Og þó að nefndin í heild sinni sje á móti því að skipta prestaköllum, þá finnur hún þó ástæðu til að gera þessa breytingu hjer. Um allt þetta mál má fá ýtarlega þekkingu af þeim skýrslum, er hjer liggja fyrir, frá sóknarmönnum sjálfum, hjeraðsyfirvöldunum og stiptsyfirvöldunum.

Jeg finn út af þessu frumv. ástæðu til að vekja máls á því, að það er dálítið einkennilegt samband á milli þjóðkirkjunnar á aðra hliðina og landssjóðs á hina. Þegar nýa prestakallaskipunin var gjörð 1880, þá virðist sú hafa verið meiningin, að kirkjan ætti að bera sig sjálf, án þess landssjóður þyrfti að leggja henni nokkuð til styrktar. Sú hefir þó ekki orðið raunin á, því að mörg prestaköll, ef til vill meiri hluti þeirra, hefir rýrnað á hinum síðustu árum, og þess vegna hefir þeim prestum, er á þessum brauðum hafa setið, fundizt sjer vera gerður órjettur í því, að fá ekki rýrnunina upp bætta. Það hefir t. d. komið fyrir, að brauð

hefir orðið fyrir þeim áföllum af náttúrunnar völdum, sandfoki, vatnaágangi o. fl., eða slysum, kirkjur fokið, prestsetur brunnið o. fl., sem beinlínis hafa rýrt það; hver á nú að bera skaðann, slík áföll eða slíka rýrnun? Það væri hart að láta það lenda á þeim presti, sem þjónar brauðinu, því ekki er hann annað en leiguliði. En hvaðan eiga þá skaðabæturnar að koma? Eptir okkar löggjöf er ekkert svar til upp þá spurningu. Þessi spurning hefir svo opt komið fyrir hjer í þinginu, ef ekki beinlínis, þá þó óbeinlínis, að það er full ástæða til að vekja athygli manna á henni.

Jeg finn ekki ástæðu til að tala frekar um málið að þessu sinni. Jeg óska þess, að frumv. nái að ganga til 2. umr., þá fengist betra ráðrúm til að athuga það og útskýra það betur fyrir mönnum.

Sighvatur Árnason: Það er nú eigi að vísu ástæða til að tala mikið um málið við þessa umr. Jeg ætla þó að fara nokkrum orðum um það, að því er snertir sameiningu prestakalla undir Eyjafjöllum, sem frumv. fer fram á, af því að jeg er nokkuð kunnugur um, hvernig því víkur við.

Jeg skal játa það, að mjer finnst í rauninni ekki vera ótiltækilegt að steypa þeim 2 prestaköllum saman, sem hjer ræðir um, en á hinn bóginn eru nokkrir annmarkar á því eins og það liggur fyrir. Jeg vil benda á eitt atriði viðvíkjandi sameiningunni, sem h. framsögum. (G. G.) að eins drap á, að það sýnist vera varhugavert fyrir þingið að steypa brauðunum saman að svo stöddu, á meðan málið er svo illa undirbúið, eins og það er nú. Því jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje á móti lögunum frá 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda. Þar segir í síðari lið 12. gr.: »Enga breyting má gjöra á takmörkum sókna eða prestakalla, — nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna samþykki breytinguna á hjeraðsfundi«. — Nú hefir þetta mál ekki verið borið undir hjeraðsfund; þess vegna álít jeg, að þó að sameiningin annars sje tiltækileg, að þingið geti tæplega aðhyllzt hana nú í þetta sinn. Málið er svo vaxið yfir höfuð, að nákvæmlega þarf að athuga það, eins og h. framsögum. tók fram. Jeg vil því taka það fram, að þó að jeg líti svona á, á þessu stigi málsins, þá er jeg hlynntur því að frumv. fái að ganga til 2. umr., til þess að það geti orðið rækilegar yfirvegað, sem það nauðsynlega þarf með, bæði viðvíkjandi þessu atriði, og öðru, sem þetta mál snertir.

Þar sem í frumv. er talað um að kljúfa í sundur 2 prestaköll í Skaptafellssýslu, sem hafa verið sameinuð síðan prestakallalög frá 27. febr. 1880 komu út, þá finnst mjer það vera líka athugavert, sjerstaklega þegar svo á stendur sem hjer er, að hið nýja brauð ekki getur staðizt nema með talsverðri uppbót úr landssjóði. Jeg veit það vel, að það eru töluverðir örðugleikar á að hafa þessi 2 prestaköll á Síðu í Vestur-Skaptafellssýslu sameinuð, þó það sje alls ekki frágangssök. En þá ber þess að gæta, ef ætti að aðskilja þau á ný, að Kálfafellsbrauði mundi ekki nægja minni uppbót en sú sem farið er fram á í frv., sem er 300 kr. eða að minnsta kosti 200 kr. Sóknin er mjög fámenn; það eru ekki fleiri en um 200 sálir alls í sókninni, eins og h. framsögum. (Guðl. Guðm.) mun vera kunnugt um. En á hinn bóginn er það svo, að kirkjan er á prestsetrinu, svo það yrði út af fyrir sig eitt hið hægasta prestakall, sem til er á landinu. Jeg skal líka játa það viðvíkjandi Eyvindarhólabrauðinu að það mun ekki geta staðizt sem sjerstakt

brauð, verði það ekki bætt upp, því að öðrum kosti mun það ekki ganga út. En látum svo vera; ef brauðið ekki gengur út án uppbótar, þá getur það haft sömu prestsþjónustu, sem það hefir notið nú um nokkuð mörg undanfarin ár, frá nágrannaprestinum.

Svo kemur það til athugunar, að nú er komið skjal frá sóknarmönnum Eyvindarhólaprestakalls, þar sem þeir mótmæla harðlega sameiningunni. Enn fremur er einn ungur maður viðbúinn að sækja um brauðið, en þó líklega með þeirri von að það fái uppbót. Allt þetta þyrfti að athuga vel fyrir aðra umræðu.

Þórður Guðmundsson: Eins og sjest á nefndarálitinu hefi jeg ekki getað orðið mínum meðnefndarmönnum samdóma í einu atriði, það er sameiningunni á Eyvindarhóla- og Holtsprestakalli.

Það virðist vera margt, sem mælir á móti þessari sameiningu, sjerstaklega skal jeg benda á eitt, sem þegar hefir verið tekið fram, að enn þá vantar alla hina formlegu hlið málsins, þar sem ekki hefir verið leitað samþykkis hlutaðeigandi safnaða um það, hvort þeir vildu að sameiningin gengi fram eða ekki. Þetta hlýtur alþingi að taka tillit til. Svo er það fleira en hin formlega hlið málsins, sem mælir á móti því. Það sýnist ekki vera aðgengilegt að gera 3 prestaköll, sem áður voru, með 5 kirkjusóknum, að einu prestakalli. Og það sýnist ekki vera undarlegt, þó að söfnuðirnir ekki vilji láta svipta sig þeim rjetti, að fá að hafa sinn eiginn prest; það er eðlilegt, að þeir vilji fá að njóta verka prestsins, úr því þeir borga honum.

Það getur ekki hjá því farið, að ef öllum þessum þrem prestaköllum er steypt saman í eitt, þá hljóta messurnar í hverri kirkjusókn fyrir sig að verða strjálar og þá kirkjuferðir minni, en þar af mundi leiða að kirkjulífið dofnaði. En jeg álít það varhugavert af þinginu, á meðan það hefir nokkur afskipti af þjóðkirkjunni hjer á landi, að stuðla að nokkru því, sem hlýtur að hafa í för með sjer hnignun kirkjulífsins. Reyndar hafa prestaköll ekki sjaldan verið sameinuð áður, en jeg veit, að af því hefir opt leitt megna óánægju hjá hlutaðeigandi söfnuðum.

Að vísu má búast við, að komist sameiningin ekki á, verði það kostnaður fyrir landssjóð, en jeg get ekki álitið annað en að ríkið hafi þá skyldu gagnvart kirkjunni, að láta sjer um það hugað: að trúarlífið deyi ekki út eða dofni að mun, og þá eins og eðlilegt er bera þann kostnað, sem þetta hlýtur að hafa í för með sjer.

Jeg skal ekki ganga inn á hin einstöku atriði frumv.; jeg hefði helzt kosið að stjórnarfrv. hefði fengið að ganga fram, en ekki verið fellt í Ed. Jeg vonast þó eptir að frumv. þetta fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum, nr. 16, dags. 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 311); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 320, 326); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Breyt.-till. þær, sem nú hafa fram komið, virðast mjer undarlegar, þar sem þær fara fram á, að fella burtu upphæðir, sem samþ. voru við 2. umr. Auðvitað geta uppástungumenn síðan hafa fengið betri upplýsingar. Mjer finnst yfir höfuð að tala nokkuð hæpið, að neita einstökum upphæðum samþ., sem eru

útborgaðar af því fje, sem í 16. gr. fjárlaganna er veitt til óvissra útgjalda, svo framarlega sem þær ekki eru beinlínis óþarfar og útborgaðar að ástæðulausu, og ekki er um umframbrúkun fjár að ræða. Þau gjöld, sem talað er um í 16. gr. fjárlaganna, eru næsta óákveðin, og þá er vafasamt, hvort landstjórnin verður með rjettu sökuð um að hafa farið út yfir þá heimild, sem henni er veitt, ef hún hefir eigi borgað meira út en áætlað er. Í þessu tilfelli hefir hún ekki gjört það, þar sem fjárveitingin er 3000 kr., en útborgað af þeim að eins rúmlega 2000 kr. Tilgangur flutningsm. með þessum breyt.till. mun heldur ekki vera aðallega sá, að losa landssjóð við að greiða þessar 243 kr., sem tillögurnar hníga að, heldur hinn, að gefa landstjórninni bending um, að fara varlega í slíkum útborgunum. En jeg kynni betur við að gjöra stjórninni þá bendingu í fjárlögunum, sumpart með því, að færa niður upphæð þá sem veitt er til óvissra gjalda, en sjerstaklega með því, að taka fram í athugasemd við 16. gr., að af þeirri fjárveitingu megi að eins greiða lögboðin skyldugjöld landssjóðs, sem ekki er hægt að ætlast á um fyrir fram. Þá hefði stjórnin að hreinu að ganga. Það gæti verið að það yrði óþægilegt fyrir hana að vera svo bundin, en það er talsvert betra að hafa fyrirfram að vísu að ganga, en að eiga það á hættu, að upphæðir, sem væru borgaðar út í góðri trú, yrðu ekki samþ. af þinginu eptir á.

Skúli Thoroddsen: H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) þótti það undarlegt, að menn nú við 3. umr. skyldu koma fram með breyt.till. um þau sömu atriði, sem samþ. voru við 2. umr.; en þessu er þannig varið, að á undan 2. umr. höfðu sumir enn ekki haft tíma til að átta sig á hinum einstöku atriðum, og síðan 2. umr. fór fram hefir því margt getað skýrzt fyrir mönnum. Annars get jeg verið fáorður um þessar breyt.till. Við höfum stungið upp á að fella burt liðinn c í 4. gr. nefnilega 80 kr. styrk þann, sem varið hefir verið til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar, því að ekki verður annað sagt, en að sú fjárgreiðsla sje óþörf, og landssjóðnum óviðkomandi; þó að í einhverjum pjesa komi fram skoðanir, sem ekki eru landstjórninni að skapi, þá er óþarfi að fara að hrekja þær á kostnað landssjóðs, og það er ekki landstjórnarinnar ætlunarverk að censera slíkar skoðanir, og ef hún endilega vill það, þá hefir hún nóg tæki til þess, að láta andmæla þeim í blöðunum.

Annar liðurinn, sem við viljum fella burtu, er 20 kr. fyrir brjefavog handa sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu. Þó að upphæð þessi sje lítil, hefir það samt sína þýðingu að fella hana, svo að ekki komi hver sýslumaðurinn á fætur öðrum, og heimti, að landssjóður kaupi handa sjer brjefavogir; en slík áhöld, sem litlu verði nema, ættu þeir að leggja sjer til sjálfir, eins og þeir t. d. verða sjálfir að leggja sjer til embættisbækur.

Loks fer breyt.till. fram á, að fella burt 4. gr. e, eða 143 kr. ferðakostnað tveggja presta, sem sendir voru af biskupi til þess að reyna að jafna ágreining á milli prests og safnaðar á Seyðisfirði; en með því að oss er ekki kunnugt um, að heimild sje til slíkrar fjárgreiðslu úr landssjóði, og þar sem biskup hefir haft næg önnur tök til að útkljá ágreininginn milli prests og safnaðar á Seyðisfirði, virðist rjett, að fjárveitingin falli burtu. Þegar biskupi barst kæran, mun hann hafa verið staddur á visitazíuferð í Þingeyjarsýslu, og þó hann ekki gæti farið sjálfur suður

til Seyðisfjarðar, þá gat hann falið hlutaðeigandi prófasti þessar sáttatilraunir, eða þá látið rannsaka, hvort kærur sóknarmanna væru á rökum byggðar; en að senda þessa tvo háttvirtu presta var alveg þýðingarlaust, eins og raun bar vitni um, enda höfðu prestarnir heldur ekki vald til að gjöra neitt; þeir voru þar að eins sem prívatmenn.

H. framsögum. (Ól. Br.) tók fram, að bezt væri að setja athugasemd um það í fjárlögin, hvaða útgjöld mætti greiða af fjárupphæð þeirri, sem veitt er í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, og því hefi jeg ekkert á móti; en jeg hygg, að hin bezta áminning, sem stjórnin gæti fengið um það, að nota þessa fjárveitingu hyggilega, væri fólgin í því, ef þingið vildi fella þessar fjárupphæðir, eins og við höfum farið fram á.

Landshöfðingi: Jeg þarf ekki að segja neitt annað í þessu máli en það, sem jeg hefi tekið fram við 2. umr., og það sem h. framsögum. (Ól. Br.) hefir sagt nú. Jeg treysti mjer ekki að koma fram með betri rök en við 2. umr., og ætla því ekki að tala frekar um það. Atkv.gr. mun sýna hvernig h. þm. taka í þetta.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. á þingskj. 336 felld með 13 : 7 atkv.; breyt till. 2. á þingskj. 336 felld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Jón Jensson,	Eir. Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-S.	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. Eyf.	Halld. Daníelsson,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Sk. Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Valt. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Þ. Guðmundsson.	Pjetur Jónsson,
Þórð. Thoroddsen.	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	nei:
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. 3. á þingskj. 336 samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-S.	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónsson, Eyf.	Halldór Daníelss.,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Þ. Guðmundsson,	Tr. Gunnarsson.
Þórð. Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson,	
Þorl. Guðmundss.	

Frumv. í heild sinni samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 218, 313, 333); 2. umr.

Framsögum. (*Þórhallur Bjarnarson*): Jeg vona að umræðurnar um þetta mál þurfi ekki að vera langar, því frumv. er stutt og ekki margar breyttill. við það.

Eptirgjöf á 800 króna árgjaldsskuld frá Staðarprestakalli á Reykjanesi, sem 2. gr. frv. hljóðar um, hefir nefndin ekki getað aðhyllzt. Skuld þessi er áfallin fyrir fardaga 1893, þegar nýju lögin komu, sem færðu árgjaldið niður í 200 kr. Nefndin vildi helzt ekkert gefa eptir af þessari skuld; en af ástæðum, sem vikið er að í nefndarálitinu, lætur hún tilleiðast að gefa upp helming hennar. Því hefir verið haldið fram, að þetta árgjald hafi komið af nokkurskonar slysum eða í ógáti, en presturinn sókti um brauðið svona. Skuldin er fullkomlega lögleg. Nefndin vill

bæta við þeirri áskorun til landstjórnarinn, að ganga fastar eptir árgjöldum brauða en áður, enda mun það viðurkennt, að þess gjörist þörf, þar sem landshöfðingi hefir í ágústm. í fyrra skrifað stiptsyfirvöldunum um það, svo hjeðan af ætti það ekki að koma fyrir að skuldir söfnuðust fyrir í fleiri ár, svo að þingið á endanum neyðist til að gefa þær upp sem lítt táanlegar. Annað mál er það, ef tekjur brauðs, sem árgjaldi á að svara, verða stórum rýrari af orsökum, sem viðkomandi presti verða eigi gefnar að sök, t. a. m. af völdum náttúrunnar, þá getur viðkomandi prestur auðvitað leitað til þingsins um linun og enda eptirgjöf, en svona gamlar skuldir ættu ekki að eiga sjer stað.

Nefndin leggur til að 3. gr. falli burt. Þegar stjórnin bjó til frumvarpið, var henni ekki kunnugt, að sýslunefndin í Árnessýslu hafði leigt þetta hús við brúna, sem ýmsir munir tilheyrandi brúnni hafa verið geymdir í; á hús þetta að standa óhreyft næstu ár og þarf þá eigi að koma til byggingar. Annars var nefndin á þeirri skoðun, að sýslunefndin í Árnessýslu ætti ekki að telja eptir sjer að eiga sjerstakt hús yfir brúarvörðinn, og þar ætti svo landssjóður, sjer að kostnaðarlitlu, að geta geymt efni og áhöld til viðhalds brúnni. Þingið getur sízt búizt við nokkurri smámunasemi af þeirri sýslu, sem landið hefir veitt svo stórmikið fje til samgöngubóta.

Við 4. gr. er ekkert að athuga. Nefndin fjellst alveg á tilllögu stjórnarinnar um að koma upp nýju prestssetri í Stóruvallaprestakalli í stað hins eydda; presturinn getur ekki byggt það af eigin rammleik, og líkt hefir verið gjört áður við Gufudalsprestakall.

Loks er ný grein, sem nefndin hefir stungið upp á. Það er um að veita fje til að fá hæfan mann frá Noregi til að rannsaka bráðafárið og leggja ráð við því. Af því að nefndin áleit að þetta ætti að gjörast á næsta vetri, kom hún með þessa tillögu á fjáraukalögunum, en setti hana ekki á fjárlögin. Fyrir nefndinni lágu skýrslur úr Árnessýslu, sem sýndu, að í 10 hreppum þar höfðu hjer um bil 5000 fjár á ýmsum aldri drepizt af bráðafári síðastliðinn vetur. Ef maður ætti að meta til peninga tjónið, sem landið hefir beðið núna á einu ári, af bráðapestinni, þá yrði það ógurlegt fje, og jeg held að þó 2 núllum væri bætt aptan við þessa upphæð, sem nefndin stingur upp á, mundu landsmenn láta það fje úti með glöðu geði, gæti það bætt úr þessu meini til fulls. Nefndinni hugkvæmdist nú ekki annað ráð betra, en að fá hæfan mann frá því landi, þar sem bráðafár gengur, eins og hjer, og reynd hafa verið ráð við sýkinni með meiri þekkingu og meira krapti en hjer. Nefndin vonar að eitthvað gott hljótist af komu slíks manns til að lækna eða fyrirbyggja fárið. Ef einhver annar hefir betra ráð, þá tekur nefndin fúslega á móti því. Fjárveitingin er sett 2500 kr., nokkuð af handahófi. Vjer ætlumst til, að maður þessi komi hingað um veturnætur og sje hjer þann tíma, sem helzt er að búast við bráðafárinu.

Það hafa komið fram tvær viðaukatillögur, sem mjer virðast reyndar fremur heyra undir fjáraukalögin fyrir 1892 og 1893, enda hafa þær legið fyrir landsreikninganefndinni. Jeg læt ósagt um þær að sinni, þar sem flytjendur þeirra hafa ekki enn fært ástæður fyrir þeim. Jeg álít og heppilegt, að hæstv. landsh. gæfi upplýsingar um, hvort læknir sá, sem átt er við á þskj. 333, hafi lagarjett til hálfra launa fyrir fyrir þennan mánuð. Í brjefi amt-

manns, sem lá fyrir nefndinni, var þetta að eins talin «sanngirniskrafa».

Einar Jónsson: Jeg á hjer breyt.till. á þingskj. 333 um að veita 62 kr. 50 a. til borgunar fyrir læknisþjonustu í 14. læknishjeraði í ágústm. 1893. Þorvarður Kjerúlf læknir var þá nýlátinn eptir langa legu; amtmaður hafði sett Árna lækni Jónsson til að annast þetta embætti meðan Kjerúlf væri veikur, en þegar hann dó, setti sýslumaður hann áfram, upp á væntanlegt samþykki amtmanns. Árni læknir Jónsson þjónaði nú hjeraðinu þennan tíma og bjóst við, að honum yrði borgaður sá starfi. Jeg veit að vísu að það hefði átt betur við, að amtmaður hefði sett hann í bráð, en ekki sýslumaður; en því var nú svona hagað; og í brjefi frá Árna Jónssyni til þingsins segir, að amtmaður hafi samþykkt þetta síðar, en það hefi jeg hvergi getað fundið, því að Árni læknir sendir engin skilríki fyrir því. En Árni Jónsson hefir þjónað embættinu þennan tíma, og því er sanngjarnt að borga honum. Hann setti á þeim tíma annan mann til að þjóna sínu eigin hjeraði og borgaði honum hálf laun sín. En hefir aptur á móti ekkert fengið enn fyrir sína þjónustu í 14. læknishjeraði, nema kostnaðinn einn, og í því tilliti vil jeg geta þess að hann var sóttur heim í sitt eigið hjerað, á meðan hann þjónaði 14. læknishjeraði, og sú ferð kostaði hann hjer um bil 50 kr., svo að hann mundi því ekki græða mikið þó hann fengi þessar 62 kr. 50 a. Jeg vona því að h. deild samþykki þessa fjárveiting og treysti því að menn líti svo á sanngirnina, sem mælir með því, að þeir láti það ekki standa fyrir, þótt allt hafi ekki verið sem formlegast við setningu hans, einkum þar sem ganga má út frá því sem vísu, að hefði amtmaður sett til bráðabirgða lækni í þetta hjerað, þá hefði það líklega enginn annar orðið en Árni Jónsson.

Ólafur Briem: Landsreikninganefndin hefir komið fram með viðaukatill. um endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri. Eins og mönnum mun kunnugt stendur svo sjerstaklega á með þetta mál, að það hefir verið þrisvar dæmt í undirrjetti. Þriðji dómurinn var staðfestur í landsyfirrjetti, og jafnframt var undirdómarinn dæmdur til að borga málskostnað frá 12. okt. 1891 til 3. sept. 1892. Á þessum tíma áfjell meðal annars kostnaður við varðhald sakamannsins á Akureyri og flutning hans frá Akureyri til Reykjavíkur. Reikningslaganefndin álítur, að þetta ákvæði yfirrjettardómsins sje byggt á því, að undirdómarinn vegna formgalla ætti að greiða þann kostnaðaðarauka, sem hefði leitt af drætti málsins, og að útgjöld þessi bæri fremur að skoða sem skaðabætur en sem sekt. En er hjer um nokkurn aukinn kostnað að ræða? Ef dóminum hefði verið fullnægt, þá hefði sparazt kostnaður, af því um dauðadóm var að ræða; en þessi maður var síðan náðaður, svo af því leiðir að það hefir enginn aukinn kostnaður orðið við lenginguna á gæzluvarðhaldinu, nema svo sem svarar þeim mismun, sem er á kostnaði við gæzluvarðhald og hegningarvist. Því ef enginn dráttur hefði orðið á málinu og fullnaðardómur verið upp kveðinn ári fyrr, þá hefði sakamaðurinn fyrr byrjað að úttaka hegningu sína og kostnaður við gæzluvarðhald hans orðið minni. Reikningslaganefndinni fannst því sanngjarnt, að undirdómarinn væri losaður við þennan kostnað, og hefir því komið með br.till. um að hann greiðist úr landssjóði.

Landshöfðingi: Jeg hefi ekki mikið að athuga við nefndarálitið í þessu

máli. En þar sem h. nefnd út af tillögu sinni við 2. gr. frumv. kemst þannig að orði: «Vjer teljum það mjög «óheppilegt, að árgjaldsskuldir skuli «þannig safnast fyrir, og álítum, að til «þess megi ekki og þurfi alls ekki að «koma, þar sem hlutaðeigandi yfirvöld «hafa vald til þess að kyrsetja það, «sem nægi af tekjum prestsins, er ár«gjaldið greiðist eigi að liðnu fardaga»árinu» — þá er jeg viss um að h. nefnd þykir þetta ekki óheppilegra en landstjórninni sjálfri, en það er ekki jafnhægt að koma í veg fyrir að þessar árgjaldskuldir safnist fyrir eins og h. nefnd ætlar. Í brauðum þar sem presturinn ekki hefir tekjur af jarðarafgjöldum, prestsmötum og því um líku, og þar sem árgjaldið því er lagt eingöngu á sjerstök hlunnindi, sem fylgja prestssetrinu, en tekjurnar eru einkum fólgnar í tíund og lambsfóðrum, eins og á sjer stað með það brauð, sem hjer ræðir um, skil jeg ekki, hvernig kirkjustjórnin á að fara að kyrsetja tekjurnar: tíund, lambsfóður, dún og þessháttar. Jeg er viss um, að ekki yrði hægt að fá neinn mann í prestakallinu til að taka slíkt að sjer. Það er öðru máli að gegna í þeim brauðum, þar sem tekjurnar eru að miklu leyti fólgnar í jarðarafgjöldum. Þar er hægt að ná afgjöldunum og koma þeim í peninga; en þar sem þetta ekki er, þar er ekki annað að gjöra, en að setja prestinn af, ef hann stendur ekki í skilum. Frá prestinum í Staðarprestakalli hefir nú nærfellt á hverju þingi komið bænarskrá til þingsins ýmist um að setja niður árgjaldið eða að gefa upp skuld þá, sem á hann var fallin. Loksins var árgjaldið sett niður um helming á þinginu 1893, en skuld sú, er hann þá var kominn í á undanförnum árum, var hvorki færð niður nje gefin upp, en sú skuld var í árslok 1893 orðin 800 kr. Nú hefir nefndin stungið upp á, að gefinn verði eptir helmingurinn af þessari skuld, eða 400 kr., en jeg skil ekki, hvers vegna hún ekki hefir þá eins getað lagt það til, að öll skuldin væri gefin eptir, því ef sanngirni mælir með því, að helmingurinn verði gefinn eptir, þá hlýtur eins sanngirni að mæla með algjörðri eptirgjöf. Að öðru leyti held jeg að það komi út á eitt, að því er landssjóð snertir, hvort hlutaðeigandi presti verður gjört að skyldu að greiða 400 kr. eða 800 kr., því eptir því, sem mjer hefir verið skýrt frá efnahag hans, þá mun hann lítið eða ekkert hafa að borga með.

Að því er snertir viðaukatillögur, eða breytingartillögur, sem tillögumenn svo kalla, frá öðrum en nefndinni, hefir. h. framsögumaður (Þórh. Bj.) skorað á mig að skýra frá skoðun minni á þeim.

Astæðurnar fyrir tillögunni á þingskj. 333, hefir h. flutningsm. (E. J.), að því er mjer virðist, tekið nægilega skýrt fram. Þegar hjeraðslæknirinn í 14. læknishjeraði dó í júlímán. 1893, var hjeraðslækninum í 13. læknishjeraði af sýslumanninum í Norður-Múlasýslu falið að gegna læknisstörfum í 14. læknishjeraði upp á væntanlegt samþykki amtsins, en hvorki amtmaður nje landshöfðingi fengu neitt um þessa ráðstöfun sýslumanns að vita. Þegar svo lát hjeraðslæknis Þ. Kjerúlfs frjettist hingað, setti jeg þegar í stað mann til að gegna embætti hans, og fór hann þegar austur. Jeg skal ekki bera neitt á móti því, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði um það, að sanngirni mælti með því, að borguð verði hálf ágústmánaðarlaunin fyrir læknisþjónustuna í 14. læknishjeraði, því fremur sem þessi laun hafa ekki verið borguð öðrum. En hinsvegar á læknirinn í 13. læknishjeraði ekkert rjettartilkall eða lagatil-

kall til að fá þessi laun, því eptir gildandi lögum er það landshöfðingi, sem á að setja menn í laus embætti, en ekki sýslumennirnir. Ef sýslumaður hefði leitað samþykkis amtmanns til þess, að Árni læknir Jónsson mætti þjóna þessu embætti, þá efast jeg ekki um, að það hefði óðara fengizt, og þá hefði hinn setti læknir um leið fengið rjett til launa fyrir þann tíma, sem hann þjónaði. Jeg er þess vegna samdóma h. flutningsm. tillögunnar (E. J.) um að öll sanngirni mæli með því, að þessar 62 kr. 50 a. verði veittar sem borgun til hjeraðslæknisins í 13. læknishjeraði fyrir þann tíma sem hann þjónaði 14. læknishjeraði, því það var ekki forsómun læknisins að kenna, heldur forsómun sýslumannsins, að setning læknisins var ekki lögleg. En forsómun sýslumannsins var ekki að eins fólgin í því, að hann leitaði ekki strax samþykkis yfirboðara sinna, heldur og í því, að tilkynningin um þessa ráðstöfun hans kom ekki til mín fyr en fjárhagstímabilið var úti, eða á miðju árinu 1894, þegar ekki var lengur hægt að fá launin útborguð.

Að því er snertir viðaukatill. á þingskj. 313, hefir h. framsögum. landsreikninganefndarinnar (Ól. Br.) skýrt frá ástæðunum fyrir henni. Eins og hann tók fram, var með landsyfirrjettardómi 24. okt. 1892 í sakamáli gegn Jóni Sigurðssyni frá Mýri í Bárðardal, staðfestum af hæstarjetti 14. apríl 1893, undirdómaranum gjört að skyldu að greiða allan kostnað, er leitt hafði af nefndu máli frá 12. okt. 1891 til 3. sept. 1892. Kostnaður sá, sem undirdómarinn átti að borga samkvæmt orðum yfirrjettardómsins, er hæstirjettur staðfesti, nam samt. 893 kr. 83 aur. En af því óbilgjarnt þótti að láta undirdómarann gjalda flutningskostnað fangans frá Húsavík til Akureyrar og frá Akureyri til Reykjavíkur, þó að hann fjelli til á þessu tímabili, þá ljet jeg borga þennan kostnað fyrst um sinn úr landssjóði eða gaf undirdómaranum frest með að borga hann gegn því, að hann gaf skriflega skuldbindingu um að endurgreiða þennan kostnað, ef löggjafarvaldið ekki vildi samþykkja að hann væri greiddur fyrir fullt og allt úr landssjóði.

Nú hefir engin rödd komið, hvorki frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna nje þinginu, í þá átt, að þessi kostnaður skyldi endurgreiðast landssjóði af hlutaðeigandi hjeraðsdómara, svo það má álíta, að krafan á hendur honum, að því er þennan kostnað snertir, sje fallin burt. Þessi flutningskostnaður fangans var samtals 431 kr. 65 aur. Þá eru eptir 462 kr. 18 aur., sem undirdómaranum bar að borga. Í þessari upphæð er fólgið:

Vottagjald og birtingar .	kr.	19,00
Málsfærslulaun	—	40,00
Varðhaldskostn. á Akureyri	—	184,34
Varðhaldskostn. í Reykjavík	—	218,84

Hvað landsyfirrjetturinn hafi hugsað sjer með dómi sínum, er hvorki mitt nje h. framsögum. reikningslaganefndarinnar að segja neitt um. En það er nú á valdi þingsins, hvort það vill gefa undirdómaranum eptir greiðslu þessa kostnaðar að öllu eða nokkru leyti, því hvort yfirdómurinn hefir hugsað sjer nokkuð af þessu undanskilið, um það kemur ekkert fram.

Jeg get getið þess hjer, að eptir beiðni undirdómarans skrifaði jeg landsyfirrjetti 8. sept. 1893 og leitaði upplýsinga hans um, hvað undirdómaranum bæri að borga af þessum kostnaði, samkvæmt ákvæðum nefnds dóms, en svarið, sem jeg fjekk, gaf litlar upplýsingar í þessu efni. Það var líkt og svarið forðum: »Það, sem jeg hefi skrifað, það hefi jeg skrifað«. Mjer finnst því ekki geta komið neitt annað

fram hjer, en skoðun þingsins um, hvað sje sanngjarnt og hvað ekki; um lagalegt tilkall er ekki að ræða.

Jón Jensson: Mjer skildist á ræðu hæstv. landsh. sem hann hefði misskilið framsögum. landsreikninganefndarar (Ól. Br.) eða ekki fengið rjett álit um þá skoðun, sem nefndin gekk út frá í þessa máli. Hæstv. landsh. gengur sem sje út frá því, að það, sem leiddi landsreikninganefndina til að leggja það til, að undirdómaranum yrði endurgoldinn varðhaldskostnaðurinn, sem hjer er um að ræða, hafi verið það, að hún hafi álitið að hún gæti byggt þetta á hugsuðum ástæðum landsyfirrjettardómsins, sem hún væri fær um að geta sjer til. En nefndinni hefir ekki dottið í hug að geta sjer til, hvað yfirrjetturinn hafi hugsað sjer, heldur hefir hún lagt til grundvallar dóm landsyfirrjettarins, sem segir, að undirdómaranum beri að greiða allan kostnað, sem leitt hafi af þessu sakamáli, frá 12. okt. 1891 til 3. sept. 1892, þ. e. ekki að eins þessar 462 kr. 18 aur., sem haldið hefir verið eptir af launum hans, heldur líka þær 431 kr. 65 aur., sem landshöfðingi hefir sjálfur uppá sitt eindæmi leyft að honum væru greiddar aptur eða hann leystur frá að greiða. Landshöfðinginn hefir víst leyft þessa útborgun, af sömu ástæðu og tillaga landsreikn.nefndarinnar er sprottin. Hann hefir leyft útborgunina, ekki af því, að hann hafi getið sjer til, að þetta mætti svo vera eptir landsyfirrjettardómnum eða af því, að hann hafi viljað »corrigera« dóminn, heldur af því, að honum hefir fundizt sanngjarnt að láta undirdómarann ekki greiða þessar 431 kr. 65 aur., treystandi því, að þingið mundi sjálfsagt samþykkja þessa eptirgjöf, og landshöfðinginn hefir ekki farið villt í þessu, því þingið hefir orðalaust samþykkt þessa ívilnun.

Nú er þá að eins spurning um það, hvort fara á lengra í þessari ívilnun en landshöfðingi hefir sjeð sjer fært að fara, en um það er ekki spursmál, að hafa aðra aðferð en hæstv. landshöfðingi hefir haft, því nefndin gengur út frá því, að hjer liggi fyrir gildandi dómsákvæði, sem gefi landssjóðnum rjett til þessa fjár, en hins vegar sje það á valdi fjárveitingarvaldsins, hvort það vilji láta sanngirnis-ástæður ráða, og gefa skuldina upp. Það er sanngirnis-ástæðan ein, sem hefir vakað fyrir landsreikninga-nefndinni í tillögu hennar. Nefndin þykist sjá og hefir gengið út frá því, að komið hafi fram í málinu eptirfarandi atvik, sem yfirdómurinn gat ekki gengið út frá, þegar hann felldi dóm sinn. Þetta eptirfarandi atvik er það, að lífláts-dómnum hefir verið breytt í æfilanga hegningarvinnu. Nú þykist nefndin geta litið á þetta eptirfarandi atvik og sagt sem svo: landsyfirrjetturinn hefir að vísu dæmt undirdómarann í skaðabætur til landssjóðs fyrir drátt þann, sem varð á málinu vegna vanræktar hans, en nú hefir sú breyting orðið á við náðun mannsins frá lífláti, sem dómstólarnir ekki gátu sjeð fyrir, sem sjálfsagða, að landssjóður kemur til að hafa hag af þessari vanrækslu dómarans og drætti á málinu, að því leyti, sem undirhald mannsins sem æfilangs hegningarfanga, sem landssjóður verður að kosta, hlýtur að verða þeim mun styttra, sem maðurinn var lengur í gæzluvarðhaldi og dómur fjell síðar. Nefndin vill nú láta undirdómarann njóta góðs af því, að landssjóðurinn hefir þannig beðið í raun og veru minna eða alls ekkert tap af vanrækt hans, heldur en áhorfðist áður en dómur fjell. Nefndin hefir gengið út frá því, að geymsla mannsins sem hegningarfanga hefði verið jafn-dýr og gæzluvarðhald hans

sama tíma og því lagt til, að allur hjer um ræddur varðhalds-kostnaður fjelli burtu eða yrði endurgoldinn undirdómaranum, en nú hefi jeg fengið upplýsingar um mismuninn á kostnaðinum við geymslu manns, sem hegningarfanga og sem gæzlufanga, og leiða þær upplýsingar til þess, að æskilegast væri, að málinu yrði frestað til 3. umræðu til þess, að endurgjalds-upphæðin verði færð nokkuð niður.

Hæstv. landsh. minntist á svar landsyfirrjettarins til sín út af brjefi, er hann hafði skrifað landsyfirrjettinum eptir beiðni undirdómarans til að fá upplýsingar um, hvaða kostnað landsyfirrjetturinn hefði ætlazt til að undirdómarinn greiddi, og sagði, að á því hefði ekkert verið að græða, því svarið hefði verið hjer um bil þetta: »það, sem jeg hefi skrifað, það hefi jeg skrifað«. Jeg ætla ekki að segja annað en það, að jeg held, að hæstv. landshöfðingi sje búinn að gleyma þessu brjefi landsyfirrjettarins, og því til sönnunar skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp klausu úr þessu brjefi; þar stendur: »Út af þessu viljum vjer virðingarfyllst skýra yður frá, að ákvæði ofannefnds yfirrjettardóms hjeraðlútandi miðuðu að því, að leggja á hlutaðeigandi hjeraðsdómara það, sem málskostnaður í nefndu sakamáli jókst við það, er tafðist fyrir málinu af hans völdum, og að yfirdómurinn því eigi hafði fyrir augum í þessu tilliti t. a. m. kostnaðinn við flutning sakamannsins til Reykjavíkur, sem hlaut að koma til hvort sem var«, o. s. frv. Jeg ætla mjer ekki að tala um það, að þess konar ummæli af landshöfðingjans hálfu væru kölluð ógætni af öðrum, en jeg vísa því að eins til h. þingdeildarm., hvort svar yfirrjettarins sje eins ótullnægjandi eins og hæstv. landshöfðingi hefir gefið í skyn.

Landshöfðingi: Jeg skal fyrst leiðrjetta það hjá h. yfirdómara þm. Rvík. (J. Jenss.), að jeg hafi upp á mitt eindæmi gefið undirdómaranum eptir, að borga þær 431 kr. 65 aur., sem það kostaði, að flytja fangann Jón Sigurðsson frá Húsavík til Reykjavíkur. Jeg mótmæli því, að þetta sje rjett hermt hjá h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Jeg tók það greinilega fram, að jeg hefði gengið inn á, að undirdómarinn mætti fá frest á greiðslu þessa kostnaðar gegn því, að hann skuldbindi sig til, að greiða kostnaðinn í landssjóð, ef löggjafarvaldið ekki vildi samþykkja greiðslu hans úr landssjóði. Hjer var því ekki um neina eptirgjöf að ræða, heldur að eins frest á greiðslu.

Að því er snertir ummæli mín um brjef landsyfirrjettarins, sem jeg minntist á, skal jeg geta þess, að þar sem jeg sagði, að ekkert hefði verið á því að græða, þá var það auðskilið að jeg átti við, að ekkert hefði verið á því að græða viðvíkjandi varðhaldskostnaðinum eða því, hvað yfirrjetturinn ætlaðist til, að undirdómarinn skyldi greiða af þeim 462 kr. 18 aur., sem jeg var þá að tala um. Jeg var þá búinn að tala út um flutnings-kostnað fangans frá Húsavík til Reykjavíkur og nefndi alls ekki, að ekkert hefði verið á brjefinu að græða með tilliti til þess kostnaðar. Annars eru allir samdóma um, að það sje alveg á þingsins valdi, hvort það vilji veita þessar 462 kr. 18 aur. Jeg talaði hvorki með því eða móti, því jeg áleit mjer það óviðkomandi.

Einar Jónsson: Jeg þarf að vísu ekki að skýra nákvæmar álit nefndarinnar í þessu máli, því 2 nefndarmennirnir hafa þegar gjört það, en jeg vildi þó bæta nokkrum orðum við. Það var langt frá því, að nefndin vildi gera lítið úr landsyfirrjettardómnum, þegar hún kom með þessa breytingartillögu.

Hún áleit hann þvert á móti hafa farið rjett að, að því leyti sem dómendunum var kunnugt, hvernig á stóð; en þeim mun ekki hafa verið kunnugt, hvort hinn seki var fluttur hingað eða ekki, þá er dómurinn var felldur í landsyfirrjettinum, og því má það kallast ónákvæmni í dómnum, að eptir orðum hans virðist hjeraðsdómarinn skyldur til að borga flutnings-kostnað fangans af Akureyri, en yfirdómendurnir hafa síðar með brjefi lýst því yfir, að það hafi eigi verið ætlun þeirra með því, að flutningurinn hefði verið sjálfsagður, hvort sem fyrsti hjeraðsdómurinn hefði verið rjettur eða rangur. En hvað varðhaldskostnaðinn snertir, þá var það sjálfsagt, þegar landsyfirrjetturinn dæmdi manninn til líflátsts, að hann hlaut að dæma dómarann til að greiða allan kostnað, sem leiddi af því, að fanginn sat lengur í gæzluvarðhaldi, fyrir hinn ófullkomna dóm, en ella hefði orðið, og hefði maðurinn verið líflátinn samkvæmt dómi landsyfirrjettarins, þá hlaut hjeraðsdómarinn að greiða þann hluta varðhaldskostnaðarins, sem leiddi af drætti þeim sem hann olli.

En þegar maðurinn var náðaður og dæmdur til hegningarvinnu um lífstíð, þá kom ekki til greina, hvað gæzluvarðhaldið drógst, nema að því leyti, sem það varð dýrara en hegningarfangelsi, og því hefir nefndin lagt það til, að fje þetta verði greitt dómaranum aptur. Reyndar álítur hún landsyfirdóminn hafa verið í fullum rjetti, þegar hann úrskurðaði, að hjeraðsdómaranum bæri að greiða þenna kostnað, og því sje hjer ekki um rjettarkröfu að ræða, en eptir að þessi breyting er á orðin, álítur hún mikla sanngirni mæla með því, að endurgjalda honum hann. Því miður hefir nefndin ekki fengið upplýsingu um mismun þann í kostnaði við fangavistina, sem var á gæzluvarðhaldi og hegningarfangelsi, og áleit ekki svo hægt að reikna það út, og að það mundi ekki muna miklu. En vilji menn gjöra breytingu á þessu, er hægt að gjöra það við 3. umræðu, og jeg treysti því, að deildin samþykki breytingartill. nefndarinnar, að minnsta kosti á þann hátt, að taka til greina síðar mismun á kostnaði við hina mismunandi fangelsisvist. Það má líka líta á það atriði, að hefði hinn fyrsti dómur staðið, og verið staðfestur af landsyfirrjettinum, þá mundi fanginn eptir hinni venjulegu meðferð sakamanna hafa verið látinn sitja í gæzluvarðhaldi á Akureyri, þangað til dómur var fallinn syðra, og búið að birta hann nyrðra, og að því beri að eins að líta á þann mismun, sem var á gæzluvarðhaldskostnaði fangans og hegningarfangelsiskostnaði frá því er hann kom til Reykjavíkur og þangað til fullnaðardómur landsyfirrjettarins var fallinn, en sá munur getur ekki verið mikill.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Hæstv. landshöfðingi fann það sjerstaklega að gjörðum nefndarinnar, að hún vildi ekki gefa eptir alla árgjaldsskuld Staðarprestakalls á Reykjanesi, þar sem jafn-mikil sanngirnisástæða væri til að gefa upp alla skuldina sem hálfa. Væri hjer um prinsípspursmál að ræða hjá þinginu, þá væri annaðhvort allt eða ekkert, en svona miðlun er opt gjörð í skuldamálum, og svipað þessu er þingið núna að gjöra með Hólmabrauðið, og svo vakti það fyrir nefndinni, að þó uppgjafaprestur-inn mætti ekki við 800 kr., þá gæti hann losað helminginn, þar sem hann að sögn á dálítið bú, sem selja á.

Aptur saknaði jeg þess hjá hæstv. landshöfðingja, að hann minntist ekkert á nýjung nefndarinnar um bráðafárs-

lækninn, sem yrði þó stærsta fjárveitingin í frumv.. Nefndin treystir því, að þingið samþykki þá fjárveiting, og að stiórnin láti svo ekki standa á framkvæmdinni, og vonar nefndin, að hæstv. landshöfðingi fylgi því máli sem bezt fram.

Að því er snertir viðaukatillöguna um hálf mánaðarlaun til læknisins á Vopnafirði fyrir þjónustu í öðru hjeraði, þá er það nú skýrt af ræðu hæstv. landshöfðingja og ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), að hlutaðeigandi læknir hafi ekki fengið þetta fje greitt að eins sökum vanrækslu hlutaðeigandi sýslumanns. Nefndin leggur því til, að fje þetta sje greitt.

Hvað hina breyt.till. snertir, hefir hún nokkuð skýrzt við umræðurnar, án þess nefndin geti sagt, að hún hafi tekið þar ákveðna stöðu. Nefndin vildi geta komizt að fastri niðurstöðu um það, hver væri sá virkilegi kostnaðarauki fyrir landssjóð af drættinum á málinu, og þann kostnaðarauka á hjeraðsdómarinn að bera, en á hinn bóginn ekki ástæða til að landssjóðurinn hafi hjeraðsdómarann að fjeþúfu. Fjárlaganefndin mun íhuga þetta betur, en helzt er hún á því, að reikningslaganefndin fari of langt í eptirgjöfinni. Fjárlaganefndin hefir í ráði, að koma með tillögu um þetta við 3. umr., og því hygg jeg að rjettast væri, að reikningslaganefndin tæki aptur tillögu sína, og að nefndirnar bæru sig betur saman um þetta til 3. umr.

ATKV.GR.: Breyt.till. 2 á þingskj. 218 síðari liður samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. 218 fyrri liður samþ. án atkvæðagreiðslu; 2. gr. með áorðnum breyting. samþ. með 22 samhlj. atkv ; breyt.till. 3 á þingskjali 218 samþ. með 20 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. samþ. í einu hljóði; breyt.till 5 á þingskj. 218 samþ. með 19 shlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 333 samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 313 tekin aptur.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og áttundi fundur,

miðvikudag 14. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Till. til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C. 215, 20); framh. einnar umr.

Með því að forseti Benedikt Sveinsson settist á þingmannabekk, stýrði varaforseti Tryggvi Gunnarsson umræðunum í þessu máli.

Framsögumaður meiri hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að vísa á nefndarálitið, eins og það liggur fyrir deildinni, sjerstaklega á síðari hluta þess, eða niðurlagsatriðin.

Það hafa engin mótmæli verið flutt gegn þeim ályktunum, sem gerðar eru í niðurlagi nefndarálitsins, og um efni málsins er í rauninni enginn ágreiningur, og það hefir verið tekið fram af báðum flokkum, bæði þeim sem fylgja fram frumv. og tillögunni. Svo að um þetta atriði þarf jeg ekki að tala frekar. Og jeg sje ekki ástæðu til að fara að rekja það nú, það hefir verið rætt svo ýtarlega við meðferð málsins á hinum fyrri þingum. Auðvitað mun jeg svara, ef mótmæli koma fram.

Benedikt Sveinsson (forseti): Jeg vil biðja h. þingdm. að athuga, að það eru tvær ástæður, sem jeg hefi til að taka til máls í þessu máli, önnur ytri, hin innri.

Hin ytri ástæða er sú, að jeg er fulltrúi Norður-Þingeyinga, og sem fulltrúi Norður-Þingeyinga skoða jeg mig einnig sem fulltrúa alls landsins. Jeg skoða

því stöðu mína hjer á þingi svo, að jeg eigi ekki að eins að bera fram sjerstök mál Norður-Þingeyinga, heldur sjerílagi mál alls landsins. Það er þetta, sem knýr mig til að taka til máls um þá viðburði, sem snerta ekki að eins þá, sem eiga sæti í þessum sal, heldur og hina, sem fyrir utan hann eru, alla íslenzku þjóðina í heild sinni.

Hin innri ástæða er byggð á því, sem ekki er áþreifanlegt, ekki kemur sýnilega fram. Hún er sú, að líf mitt, skynsemi mín og vilji er samvaxinn þessu máli, stjórnarskipunarmáli Íslands. Jeg get ekki slitið huga minn frá því, get ekki annað en haft sterkan og einlægan vilja á að halda þessu máli í það horf, sem það hefir fengið og jeg álít að það eigi að halda, svo framarlega sem vjer ekki sjálfir viljum ónýta það, sem vjer sjálfir höfum þegar gert og kippa þannig undan oss fótfestu þeirri, sem vjer stöndum á. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta, jeg vona, að hinir h. þingm. taki orð mín trúanleg og því umberi mjer það, sem jeg tala, að svo mikla leyti sem það stendur í nánu og eðlilegu sambandi við málið sjálft. En eins og það er ómögulegt, að taka stykki úr lifandi holdi án þess að blóð fylgi með, eins er naumast hægt að komast hjá því, að orð falli, sem sumum kunna að þykja snerta sig óþægilega, þegar satt og hlífðarlaust er talað um þetta mál, og aðfarir ýmsra manna í því.

Jeg skal svo snúa mjer að þingskjalinu nr. 20. Það er: tillaga til þingsályktunar í stjórnarskrármálinu.

Þetta þingskjal er svo til komið, að 8. júlí næstliðinn var skipuð hjer í deildinni nefnd í stjórnarskrármáli Íslands. Þessi nefnd fjekk svo til meðferðar frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, alveg samhljóða því, er samþykkt var á alþingi 1893 og aptur eptir nýar kosningar 1894. Enn fremur fjekk nefndin til íhugunar þessa merkilegu tillögu, sem jeg nú held á í hendinni. Forlög hins fyrra máls eru þegar kunn orðin hjer í deildinni. H. neðri deild, jeg segi það með virðingu og þakklátssemi, greiddi svo fyrir því máli, að það komst fram lögskipaða leið í þessari deild og var afgreitt hjeðan á lögskipaðan hátt, enda vona jeg, að menn sjái, þegar blóðið fer að kólna í mönnum, og stundir líða, að aðferð h. neðri deildar, þ. e. þess hluta hennar, er samþykkti frumvarpið, hafi verið sú eina rjetta og þinginu samboðna í þessu máli. Lengra fer jeg ekki út í það atriði að svo stöddu.

En að jeg nú hverfi að tillögunni, sem hjer er beinlínis til umræðu, þá var henni, eins og jeg sagði áðan, vísað til hinnar sömu nefndar, sem hafði stjórnarskipunarlagafrumvarpið til meðferðar. Þingmenn munu kannast við, að jeg lýsti yfir því í gær frá forsetastólnum, að stórkostlegur formgalli væri á þessari tillögu, og að jeg hefði treyst nefndinni eða rjettara, ætlazt til, að hún rjeði bót á honum við meðferð málsins, eins og beint lá við. Nú hefir nefndin eigi að síður látið tillöguna koma fram óbreytta, með öðrum orðum, ræður til að tillagan verði samþykkt óbreytt að efni og formi.

Vjer komum þá til tillögunnar sjálfrar. Hún er ekki mikilfeng að vöxtunum til. Fyrst eru inngangsorð í 3 línum og síðan 3 örstutt tillöguatriði. Tökum þá fyrst fyrir inngangin. Þar stendur: »Um leið og neðri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, eins og þær hafa komið fram á undanförnum

þingum, ályktar hún að skora á stjórnina að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um«, o. s. frv.

»Skora á stjórnina«. Þetta skil jeg eigi vel. Jeg skil ekki, hvað hjer þýðir að »skora á«, og jeg skil ekki, hvað nefndin meinar hjer með »stjórn«. »Að skora á« er skipandi orð. Það er viðhaft í skrifstofustýl, einkum þegar skipað er að framkvæma eitthvað, gjöra eitthvað, sjá um eitthvað, sem vanrækt þykir hafa verið o. s. frv., frá hálfu þess, er óæðri er. Þingið á þá að skora á, skipa stjórninni með bjóðandi valdi að hlutast til um þetta, sem tillagan tekur fram. Þetta get jeg ekki skilið. Þingið á að skora á stjórnina. Er nú ekki þetta orð »stjórn« viðhaft hjer, eins og svo opt hjer í deildinni, eins og óákveðin þokuhugmynd, án skýrrar og skilgreinandi hugsunar? Þannig heyrum vjer þingmenn jafnaðarlega segja, að stjórnin samþykki, sama sem staðfesti, lög frá þinginu; en það er nokkuð, sem er gagngjört rangmæli, því að staðfesta lögin fellur alls ekki undir verksvið stjórnarinnar, heldur konungsins eins, sem hefir löggjafarvaldið. Af þessu sjest, að það er mjög áríðandi, að þingmenn gjöri sjer ljóst, hvað orðið »stjórn« þýðir, ekki sízt í sambandi við þetta mál. Hjer ræðir um hið mesta og tignarlegasta mál, sem alþingi Íslendinga getur haft til meðferðar. Það brýnir þingið til þess að gjöra sjer ljóst, hvaða stjórn það er, sem það skorar á. Sje mjer svarað því, að »stjórnin« sje sama sem ráðgjafi Íslands, þá gjöri jeg mig ekki ánægðan með þá skýringu, því það er fullkomnasta rangmæli. Ráðgjafi Islands er tómt orð, sem engan veginn getur fallið saman við það, sem þingið getur kallað stjórn í þessu eða öðru þvílíku sambandi. Því stjórnskipulega tekið er dómsmálaráðgjafinn í Danmörku, sem ráðgjafi Íslands, en sem dómsmálaráðgjafi Danmerkur er hann meðlimur í ríkisráði Dana, og er því ekki, í stjórnskipunarlegum skilningi, ráðgjafi Íslands. Hann stendur í engu líku sambandi við alþingi Íslendinga, sem hann stendur í við ríkisráð Dana. Þegar vjer því skorum á stjórnina, þá skorum vjer ekki á sjerstakan ráðgjafa Íslands, heldur skorum vjer á ráðgjafa Íslands sem mann, sem er meðlimur í ríkisráði Dana. Eptir 20 ára sorglega reynslu ætti þó alþingið loksins að vera búið að ljúka upp augunum fyrir því, að Ísland hefir engan sjerstakan ráðgjafa, enga sjerstaka stjórn, sem það geti haldið sjer til og skorað á, heldur að eins sameiginlega stjórn við Danmörku, alveg ábyrgðarlausa fyrir alþingi. Jeg held því þannig fast fram, að stjórn geti hjer ekki þýtt annað en stjórn og ríkisráð Dana, sem dómsmálaráðherrann, sem að eintómu nafni er Íslandsráðgjafi, er sjálfsagður meðlimur af. Það er því ríkisráð Dana, sem meiri hluti nefndarinnar ræður alþingi til að skora á. En hvert barnið getur sjeð og hlýtur að sjá, að ríkisráð Dana liggur fyrir utan verksvæði alþingis. Nú erum vjer á hinn bóginn samdóma um, að alþingið hafi að eins að fjalla um Íslands sjerstöku mál, en jeg hjelt að hvert barnið vissi líka, að Íslands sjerstöku mál væru óviðkomandi ríkisráði Dana. Hver á því að geta skilið að alþingi hafi, án þess að gjöra sig sekt í hreinni bernsku, nokkurn stjórnskipulegan aðgang til að skora á ríkisráð Dana um hin sjerstöku mál Íslands, nema þá í einu einasta atriði, því atriði, sem tekið er fram í 3. gr. stöðulaganna með orðunum: »Þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því«. Jeg hefi opt og skilmerkilega gjört

glöggva grein fyrir því, án þess að því hafi verið mótmælt í ræðum eða ritum, að stöðulögin í heild sinni og sjerstaklega 3. gr. taki af allan vafa um það, að Íslands sjerstöku mál, að undanteknu þessa eina: stöðu hæstarjettar, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, væru hinu almenna löggjafarvaldi, og þá líka um leið ríkisráði Dana, allsendis óviðkomandi. Og þetta hlýtur líka svo að vera. En ef hin sjerstöku mál Íslands eru óviðkomandi ríkisráði Dana, þá er það líka gefið, að starfsvið ríkisráðsins liggur fyrir utan starfsvið alþingis. Af þessu sjest berlega, að inngangur tillögunnar er ekki annað en axarskapt, sem fumað er með útí loptið í hreinni stjórnskipulegri blindni og barnaskap. Og einungis á þessum grundvelli, ef grundvöll skyldi kalla, geta menn skilið, ef skilning skyldi kalla, að þessi áskorunarinngangur hafi getað komið fram. En látum oss nú eitt augnablik ímynda oss, að inngangsorð þessi sjeu ærlega meint að efninu til, þannig, að með þeim eigi að skora á ríkisráð Dana, að hætta að fjalla um hin sjerstöku mál Íslands, eins og segir í fyrsta lið tillögunnar; en hvað þýða þá orðin í inngánginum: »eins og þær hafa komið fram á undanförnum þingum«. Þetta bið jeg menn vel að athuga. Í tillögunni stendur, jeg vil alls ekki draga úr því, ef einhvern gullneista mætti í henni finna: »um leið og neðri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands eins og þær hafa komið fram á undanförnum þingum ...« Hvað getur þetta »eins og« þýtt! Ekkert, alls ekkert annað en hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1893 og 1894, því einungis í þeim búningi hafa, öllum vitanlega, sjálfsstjórnarkröfur Íslands komið fram á undanförnum þingum. Jeg tek mjer nú í munn hin snjöllu orð h. framsögumanns meiri hlutans (G. G.) um daginn um búninginn. Þessi orð útiloka allt nema eitt, og það er sá búningur, sem sjálfstjórnarkröfur Íslands hafa fengið í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá. T. d. eins og búningur h. framsögumanns meiri hlutans er nú sá búningur, sem hann oss ásjáandi stendur í og enginn annar. En þegar nú þessu er þannig varið, þá kemur tvennt í ljós, og hvorutveggja ærið eptirtektavert. Fyrst að 1. liður tillögunnar er alveg meiningarlaus og flýtur af sjálfu sjer, því hin endurskoðaða stjórnarskrá gjörir það einmitt ómögulegt og óhugsandi, að hin sjerstöku mál Íslands liggi undir atkvæði hins danska ríkisráðs, en svo kemur hitt, og það er enn verra, og það er sá viðburður og sönnun gegn hinum h. framsögumanni, sem honum tjáir ekki að þræta fyrir, að hann hefir sjálfur fyrir skemmstu reynt og gert allt, sem hann gat, þó honum tækist það ekki með atkvæði sínu, og þeirra annara þingmanna, sem hann hefir getað fengið til þess, að fella hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá annari umræðu, en af þessu leiðir, svo enginn fær í móti mælt, að þessi inngangsorð tillögunnar, og hún því öll frá rótum, er ekki annað en pólitisk tálsnara, sem meiri hlutinn leggur fyrir h. neðri deild!

Þetta, sem jeg nú hefi tekið fram, snertir inngang tillögunnar; en inngangurinn verður að miðast við það, sem á eptir kemur, og menn verða að sjá, í hverju sambandi hann stendur við það.

Í 1. lið tillögunnar stendur, að skora skuli á stjórnina, að hlutast til um, »að löggjafar- og landsstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku mál Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í

því«. Þetta er alveg rjett í sjálfu sjer og samkvæmt þeim skilningi, sem jeg hefi lagt til grundvallar fyrir skoðun minni á inngangi tillögunnar. En þessi orð eru um leið, eins og jeg nú tók fram, alveg óþörf, hefði alvarleg og ærleg meining verið í inngangsorðunum: »eins og á undanförnum þingum«. Þar að auki er það auðsætt hverjum manni, að öll sjerstök mál Íslands eru að núgildandi lögum, sbr. stjórnarskrána 4. jan. 1874 1. og stöðulög 2. jan. 1871 3. gr., útilokuð frá stjórn og ríkisráði Dana og öllum afskiptum í Danmörku, að undan teknum afskiptum konungsins eins, með því stjórnaráði íslenzku út af fyrir sig, og óháðu stjórn Dana, sem hann skýlaust hefir heitið oss og heimilað í áminnztri 1. gr. stjórnarskrárinnar. Það verður því ekki annað sagt en að tillagan sje að þessu leyti samhljóða gildandi lögum. En svo kemur 2. liður tillögunnar, og þá er eigi að efa, að vindurinn blæs úr annari átt. 2. liður tillögunnar er svona: »að gerð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávallt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinlínis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi«. Hjer fer mig enn að bresta skilning. Hvernig stendur nú enn á því, að meiri hluti nefndarinnar fer að skora á ráðgjafastjórnina dönsku að blanda sjer inn í Íslands sjerstöku mál. Mjer datt í hug, þegar jeg las þessi orð, að þau væru hál eins og lax og viðsjál eins og Loki. Það þarf eigi að fara langt út í form eða efni til þess að sjá, að þetta á heima við hvorttveggja. Hvernig getur, spyr jeg aptur, hvað formið snertir, h. meiri hluti nefndarinnar verið þekktur fyrir að skora á þá stjórn, sem alls engan rjett hefir til að fjalla um Íslands sjerstöku mál, að hlutast til um, að gjörð verði breyting á æðstu stjórn Íslands sjerstöku mála? Hvernig getur alþingi skorað á ráðgjafastjórnina í Danmörku, sem ekki hefir að lögum neitt atkvæði um Íslands sjerstöku mál, að hlutast til um þetta, að þeim skuli skipað í rjett horf. Sjer þá ekki meiri hlutinn, að bak við þetta stendur, meðal annars, það, að hann viðurkennir, að þessi sama stjórn sje lögmætur málsaðili gagnvart hinu löggefandi alþingi, en í þessu liggur stjórnskipuleg óhæfa, og bersýnilegur háski fyrir sjálfstæðisrjett Íslands! Til þess að áskorunin hefði verið hugsanleg, þá hefði þingið átt að geta snúið henni til manns, sem hefði verið sjerstakur og sjálfstæður ráðgjafi fyrir Ísland og óháður og laus við ríkisráð Dana. En hvernig hefir meiri hlutinn eða alþingi heimild til þess fyrir hönd Íslands að skora á stjórn, sem ekki er stjórn Íslands í stjórnskipulegum skilningi, að skipta sjer af Íslands sjerstöku málum? Þessu mótmæli jeg hátíðlega fyrir Íslands hönd, sem jeg er fulltrúi fyrir. Jeg gæti hugsað mjer, að ríkisráð Dana ljeti sjer skiljast, að það sje skyldugt til að sleppa öllum gjörræðisafskiptum af Íslands sjerstöku málum og til þess er þing vort og þjóð skyldugt sjálfs síns vegna að knýja það með lögmætum meðulum, en að það taki á móti áskorun um að hlutast til um, að gerð verði breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, það er að eins hugsanlegt með því einu móti, að Ísland afsali sjálfstæðisrjetti sínum í hendur hins almenna danska stjórnar- og löggjafarvalds, og til þess er leikurinn gerður með þessari banvænu tillögu, þó höfundur hennar reyni að hylja úlfinn undir sauðargærunni!

En þá munu tillögumennn spyrja: Hver er hinn rjetti málsaðili gagnvart Íslandi og alþingi í þessu máli? Hver á að hlutast til um þá stjórnarbót, sem vjer krefjumst, og hljótum að krefjast? Þessu getur hvert barnið svarað. Það er hans hátign konungurinn sjálfur. Hann einn og enginn annar getur rjettilega hlutazt til um og á að hlutast til um, að skýlaus, lögföst fyrirheiti við Ísland verði efnd, með skipun sjerstakrar og sjálfstæðrar ráðgjafastjórnar fyrir Ísland. Hans hátign konungurinn er sú eina persóna stjórnskipulega tekið, eina persóna juridica, í víðri veröld, sem hefir vald, skyldu jafnt sem rjett, til þess að taka frumkvæðið í þessu máli gagnvart alþingi. Þetta vald, þennan rjett og þessa skyldu hefir Hans Hátign og enginn annar samkvæmt skýlausum ákvæðum hinnar gildandi stjórnarskrár, sem segir í 1. gr., að í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega hafi landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, »að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi« o. s. frv., og í 61. gr. segir: samþykki hið nýkosna alþingi ályktun um breytingu á stjórnarskránni óbreytta, »og nái hún staðfestingu konungs«, þá hafi hún gildi sem stjórnarlög.

Jeg vil benda h. fulltrúum á alla endurskoðunarsögu stjórnarskrármálsins á alþingi. Hún er ekki löng en hún er glögg? Hún sýnir, að það er konungurinn einn, sem þingið hefir vald og rjett til að snúa sjer til með lögheimilaða kröfu um breytingar á stjórnarhögum landsins, sem hefir verið haldið í röngu horfi í 20 ár og sem leitt hafa til þess ófagnaðar, er landið og þjóð vor stynur undir, og vakið hafa almenna gremju og óánægju þjóðarinnar. Hingað til höfum vjer ekki haft neina stjórnskipulega lögmæta milligöngumenn millum alþingis og konungs. Það eru þeir, sem vjer krefjumst, og að snúa sjer til annara í því efni en konungsins sjálfs, það er jöfnum höndum að ofurselja skýlaus og viðurkennd landsrjettindi Íslands, og á hinn bóginn, að ráðast á hin helgustu einkarjettindi (Prærogativ) konungsins í löggjafarmálum Íslands. Jeg hefi lengi sagt, að jeg væri »loyal« maður, og skammast mín ekki fyrir það. En einmitt af því, að jeg er »loyal« maður, mótmæli jeg því, ef jeg mætti svo segja, að »degradera« löggjafarvald Hans konunglegu hátignar yfir Íslandi sem sjálfstæðu landi í hendur stjórnar Dana, sem er og verður ólögheimiluð gjörræðisstjórn í öllum sjerstökum löggjafar- og stjórnarmálefnum Íslands. Að skora á ráðgjafastjórnina í Danmörku, að hlutast til um, að konungur leggi fyrir alþingi frumv. til stjórnarskrár, hvort sem hún væri góð eða vond í sjálfu sjer, það er þannig bersýnilega óviðurkvæmilegt og óheyrilegt bæði gagnvart valdi og virðing konungsins og eins gagnvart sjálfstæðisrjetti Íslands, sem hin helgasta skylda knýr oss til að vernda og efla af öllum mætti. — Þetta er aðalatriðið í öllu þessu máli.

En til lítils merkis um það, að þessi tillaga sje þar að auki afarlangt frá því að innihalda að efni til aðalkjarnann í stjórnarkröfum vorum, eins og þær eru einskorðaðar í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, skal jeg benda á, að það stendur hvergi í tillögunni, að hann skuli vera ráðgjafi, þessi innlendi hjer á landi búsetti maður, er mæta skuli á alþingi og bera ábyrgð fyrir því. Má jeg spyrja? Hvers vegna stendur eigi orðið »ráðgjafi« á þeim stað í tillögunni, þar sem það einmitt átti og þurfti að

standa, et trygging átti að vera fyrir því, að tillagan væri ekki tálsnara? Þegar vjer erum að fastsetja kröfur Íslendinga, þá eiga öll orð, sem þar að lúta, að vera svo glögg og vafalaus, að enginn vafi geti verið á, hvað vjer meinum. Það er eptirtektavert, að h. efri deild, sem einnig hefir samþykkt þessa tillögu, hefir orðað tillöguna dálítið öðruvísi en meiri hluti nefndarinnar hjer. Tillaga efri deildar er í þessu tilliti gerð, sjálfsagt með vilja, enn þá óákveðnari, svo að segja má, að gegnum þá smugu komist ekki einungis mýfluga, heldur jafnvel úlfaldi.

Á hinn bóginn sjer hver maður, að undir orðin, breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, getur gengið hver helzt óveruleg og ófullnægjandi breyting, t. a. m. sú sem að eins miðaði sig við hinn takmarkaða verkahring landshöfðingja í innanlandsmálum svo nefndum. Jú, þetta væri óneitanlega breyting, en þó sú breyting, sem alls ekki væri viðunanleg, og ef til vill til að gjöra illt verra, þegar öllu væri á botninn hvolft.

Jeg bíð þess nú að h. framsögum. leysi nú úr öllum þessum hnútum, sem jeg get ekki leyst á neinn annan veg, en að tillagan sje hreint og beint stjórnskipulegt hneyksli og tálsnara.

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, vona jeg að h. þingdm. sjái, að tillaga þessi breiðir óhafandi form yfir óákveðið, og því einkisvert innihald, en eptirtektaverðast er það, að það er einmitt þetta form, sem meiri hlutinn leggur svo mikið kapp á að halda fram, að ef jeg segði frá sögu þeirri út í æsar, utan þings og innan, mundu flestir játa, að bak við slíkt ofurkapp hlyti að liggja fiskur undir steini. Hver skynsamleg og föðurlandinu velviljuð hvöt eða tilgangur getur verið undirrót þess forms, sem ógnar og drepur niður landsrjettindum Íslands. eins og þau eru viðurkennd í stöðulögunum 2. janúar 1871 3. gr.; já meira að segja ríður í beinan bága við hina gildandi stjórnarskrá? Í 21. gr. hennar eru teknar fram og skýlaust einskorðaðar hinar einu formleiðir, sem við eiga og lögmætar eru; þar segir svo: Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávarp. Þetta er grundvallarsetningin og mælikvarðinn fyrir því, hvern lögmætan og lögheimiladan aðgang þingið hafi að konunginum, sem löggjafa Íslands í sameiningu við alþingið. Alveg eins stendur í 1. gr. »Löggjafarvaldið er hjá konungi —ekki stjórninni— og alþingi í sameiningu«, og í 9. gr.: »Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana«.

Ef jeg vildi snúa þessu í smekk meiri hlutans, þá hefði þessi grein orðið að hljóða þannig: Ríkisráð eða stjórn Dana getur látið konung leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana. Sjer nú ekki hver maður, að þetta form, sem meiri hlutinn ber blákalt fram, er alveg óheimilað og útilokað í stjórnarskrá Íslands; því jeg mótmæli því statt og stöðugt, að hún heimili nokkurt annað form en það, sem skýlaust er tekið fram í þessari 21. gr. hennar.

Jeg veit að mjer verður svarað því, og að jeg mæti þeirri mótbáru, að það hafi viðgengizt, að alþingi hafi sent áskoranir til stjórnarinnar í löggjafarmálum. Jú, að vísu, en þar hefir þingið gjört það, sem það hafði enga heimild í stjórnarskránni til að gjöra, en venja, sem sagt, óvenja (abusus), sem ekki verður ályktað frá, eður byggt á, og þó maður vildi viðurkenna, að þessi venja hefði náð festu og helgi, þá nær

hún ekki til stjórnarskipunarlaga, heldur að eins til einfaldra löggjafarmálefna. Því allir vita, að um stjórnarskipunarlögin og breyting á þeim gilda sjerstakar tryggjandi reglur bæði að formi og efni, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar og 20. gr. þingskapanna. Jeg spyr enn fremur, getur nokkur sýnt mjer, að alþingi hafi nokkurn tíma fyr eða seinna snúið sjer til annars en konungs í allri stjórnarskrárbaráttu vorri. Og hafi þingið sem ráðgjafarþing borið skynbragð á þetta, þá ætti löggjafarþingið því fremur að gjöra það, sem afstaða þess gagnvart konungi er í þessu tilliti alveg skýrt ákveðin, eins og jeg tók fram. Þegar nú þannig ómögulegt er að samrýma þessa aðferð meiri hlutans, hvorki við ákvæði stjórnarskipunarlaganna, þingvenju nje hlutarins eðli, þá liggur næst að ætla, að tilgangurinn með þessu formi eða formleysu miði til þess, að þingið skrifi undir ríkiseininguna gömlu, sem hin alþekkta auglýsing 2. nóv. 1885 byggir á; með öðrum orðum, að fá Ísland stjórnskipulega innlimað í Danmörku. Hafi tillögumenn ekki haft þetta fyrir augnamið, þá vóru þeir þó skyldugir að sjá eðlilegar afleiðingar gjörða sinna.

Jeg skal svo ekki dvelja lengur við þetta atriði, en vona að h. deild skilji, að jeg hefi ekki að ástæðulausu, heldur beint eptir bókstaf og anda stjórnarskrárinnar færzt í ýtrustu lög undan að láta tillöguna koma til umræðu á þinginu. Jeg verð að segja, að það hlýtur að vera öllum ljóst, að strangt tekið hefði verið rjettast að vísa tillögunni frá öllum umræðum. En jeg treysti því, að svo mikill samvinnuhugur ríki hjer í h. deild, formgalli tillögunnar mundi verða lagaður og henni komið í það horf að hún verði samboðin stöðu þingsins og samhljóða því, sem fyrir er mælt í stjórnarskránni og þingsköpunum, og þessa von el jeg enn. Ætlunarverk vort er að sameina svo krapta vora, að vjer getum unnið gott verk og mikið fyrir fósturjörðina, en til þess útheimtist að forðast allan tvískinnung og sundrung.

Jeg bið h. þingmenn að taka eptir því, að jeg gjörði það í bezta tilgangi að leyfa tillögunni að koma til meðferðar í deildinni, gjörði það til þess að reyna að efla eining og samvinnuhug, og jeg frábið mjer alla ábyrgð á því, ef öðruvísi fer; jeg hefi lagt fram minn skerf, leggi aðrir fram sinn. Þetta, sem jeg nú hefi sagt, hefi jeg tekið fram mest viðvíkjandi formi tillögunnar, en ætla eigi að ganga nákvæmilega inn á hin einstöku efnisatriði hennar frekar en jeg hefi gjört. Jeg vona að jeg hafi bent á nóg til þess að sýna fram á að í henni er engin, eða í öllu falli óákveðin frá hinni efnislegu hlið, trygging fólgin fyrir því að vjer fengjum sjálfsforræðiskröfum vorum fullnægt, og það er því allsendis rangt að segja, að í tillögunni felist aðalkjarni hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár, nema að því leyti, sem hún ráðgjörir, að sjerstök mál Íslands verði losuð við ríkisráð Dana. En hitt, að ætla sjer að fá þingið til að snúa inn á þá braut að leita til stjórnar og ríkisráðs Dana í stað þess að snúa sjer til konungs, hins eina rjetta málsaðila gagnvart alþingi, það er sama sem að afsala sjálfstæðisrjettindum Íslands, eins og jeg hefi áður ljóslega tekið fram, í hendur Danastjórnar, og það er þetta, sem gjörir tillöguna alveg óhafandi, eins og hún er. Slíkri aðferð mótmæli jeg algjörlega fyrir hönd þjóðar minnar. Það verður aldrei vakin nógsamlega eptirtekt hinnar h. þingdeildar á því, að þetta gjöra þeir hinir sömu menn, sem með atkv. sínu vildu fella hina endurskoðuðu

stjórnarskrá frá 2. umr., stjórnarskrá, sem auglýsingin 2. nóv. 1885 finnur það að, að hún um of losi Ísland úr stjórnartjóðri Danmerkur. Það vita þó allir, bæði guð og menn, að þegar frv. er fellt frá 2. umr., þá er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort þykir það ekki heyra undir verksvið þingsins, eða það þykir svo úr garði gjört, að því sje eigi umbóta von. Þessari aðferð vildu h. tillögumenn beita við hina endurskoðuðu stjórnarskrá Íslands; þeir vildu fella frá 2. umr. á þingi 1895 stjórnarskrá, sem þeir sjálfir flestir samþykktu á þinginu 1893 og allir á aukaþinginu 1894, stjórnarskrá, sem yfirgnæfandi meiri hluti allra kjördæma landsins, hvort fyrir sig heima á hjeraðsfundum og því næst sameiginlega á Þingvallafundi, hafa skorað á alþingið, einmitt þetta alþingi, að samþ. óbreytta, stjórnarskrá, sem hefir fasta og sögulega rót í nærfellt hálfrar aldar sjálfsforræðisbaráttu þjóðar vorrar, og sem þeir heldur ekki hafa treyst sjer, að gjöra neinar breytingar við til hins betra.

Skyldu nú fulltrúar þjóðarinnar vera kvaddir til þess á þing að varpa svona fyrir fætur sjer sóma sínum og þjóðarinnar? Jú, það eru þessir menn, svona lagaðir fulltrúar, sem þjóta upp eins og boði á skeri, til sundrungar og tvídrægnis og segjast hafa það fram að bjóða, sem innibindi í sjer meginatriðin í sjálfsstjórnarkröfum Íslands. En þetta nýa hjálpræði er þá ekki annað en að leiða Ísland og alþingi að fótaskör stjórnar Dana og ríkisráði. Mann hryllir við, að heyra slík orð af munni þeirra, sem eiga að heita þjóðfulltrúar Íslands; jeg vildi óska að jeg aldrei framar þyrfti að hlusta á slík orð, ef orð skyldi kalla, í sambandi við jafnheilagt og þýðingarmikið allsherjarmál, eins og stjórnarskipunarmál Íslands er. Jeg held því fast fram, að þessi tillaga, þessi «Henvendelse» til stjórnar og ríkisráðsins danska, geti engan annan tilgang eða augnamið haft en «politiska Capitulation» Íslands, ekkert annað en yfirlýsing um það að alþingi Íslendinga treysti sjer ekki til að semja stjórnarskrá handa landinu, handa sínu eigin landi; eina ráðið sje því að snúa sjer til Danastjórnar og fá liðsinni hennar til að semja stjórnarskipunarlög handa Íslandi, sem sjeu viðunandi. Jeg álít það helga skyldu mína, að vara hina h. deild við því, að ef hún gengur inn á þennan óheyrilega villuveg, þá grefur hún djúpt niður allan árangur og alla lofsverða viðleitni vorrar undanfarandi stjórnarbaráttu, hún gengur inn á þann villustig, sem þjóð vor og þing einlægt hefir mest forðazt sem heitan eld í stjórnarbaráttu vorri frá öndverðu, frá því 1857, og til þessarar stundar. Ef þingið nú sendir áskorun til þeirrar stjórnar, sem heldur því fram að grundvallarlög Dana sjeu gildandi fyrir Ísland, þá hefir það eða sá hluti þess, sem slíkt samþykkir, með því fallið til fóta ríkisráðinu, og eptir þá stund vil jeg ráða þeim mönnum og sjerstaklega h. framsögum. þessa máls (Guðl. G.) til þess að hætta að horfa á mynd konungs hjer á salsveggnum, en knjekrjúpa í stað þess hinu danska ríkisráði og hinni dönsku ríkiseiningarhugmynd. Jeg sagði, jeg vildi ráða hinum háttvirta framsögumanni og tillögufjelögum hans til þessa knjefalls og auðmýktarmerkis við stjórn Dana, en jeg meinti með því, að þeir hlytu að viðurkenna, að slíkt knjefall væri óumflýjanleg afleiðing af tillögu þeirra. Annað mál er það, að langt er frá því, að jeg óski slíkrar þjóðlegrar niðurlægingar og dauðadóms fyrir Íslands hönd, eður

jeg ráði í alvöru nokkrum þeim, er Íslendingur vill kallast, til að ganga inn á þá óhæfu- og óheillabraut.

Sjálfsforræðisbarátta vor, hún hefir frá öndverðu verið sorglega bitur fyrir Ísland; það hefir verið þyrnumstráð braut, sem gengin hefir verið í henni, einn áratuginn eptir annan, síðan 1849. Þeir sem muna, hve opt hefir verið farinn bónarvegur til konungs — aldrei til stjórnar Dana eða ríkisráðsins — en árangurslaust — hljóta að staðhæfa þessi orð með mjer. Það gekk svo lengi vel eptir þjóðfundinn sæla, að leitað var til konungs og hann beðinn að leggja fyrir þingið frv. til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland. Svo komu loks þingin 1865, 1867, 1869 og 1871; fyrir öll þessi þing voru lögð frumvörp í þessa átt, og öll þessi ár hafði því konungur frumkvæðið eða initiativet í málum. En hvernig fór svo? Allar þessar tilraunir strönduðu. Og á hverju? Á þessari, mjer liggur við að segja—innlimunar mani stjórnarinnar dönsku, sem henni þó hefir orðið ærið dýrkeypt, þó hún ekki hafi látið sjer lærazt af því. Í stað þess að taka tillit til og byggja á fjarlægð landsins, hinum alls ólíku staðháttum þess, loptslagi o. s. frv., hinum gagngjörða þjóðernismismun Dana og Íslendinga, ólíku atvinnubrögðum og hugsunarhætti, í stað þess yfir höfuð að byggja á því sem skynsamlegt og praktiskt var fyrir hollt og heillavænlegt jafnrjettindasamband milli landanna, streittist stjórnin án afláts við að steypa Ísland og Íslendinga í danskt mót, innlima þá í Danmörku. Þetta er það sem Dana stjórn hefir einlægt verið að paufa. Þetta er það sem allt af hefir gengið eins og rauður þráður gegnum alla stjórnarbaráttu sögu vora. Í hverju einasta frv. var jafnan sleginn sá varnagli frá stjórnarinnar hálfu að hin íslenzka þjóð gat enga trygging haft fyrir því að hún fengi að ráða sínum eigin sjerstöku málum. En jafnharðan sló alþingið aptur frá sinni hálfu einnig varnagla við því, að landið afsalaði sjer hinum sögulega og sjálfsagða rjetti til sjálfsforræðis, og á þessu strandaði svo endileg skipun málsins ár frá ári; það rak hvorki nje gekk með neinar verulegar framfarir í landinu; en óánægjan og þjóðargremjan óx að vonum og magnaðist, svo börn landsins vildu helzt flýja ófögnuðinn í aðrar heimsálfur. Þrefinu milli alþingis og stjórnarinnar hjelt þannig áfram, og 1871 sendir stjórnin þann boðskap undir nafni konungs, að hann vilji að vísu ekki valdbjóða upp á landið stjórnarskipunarlögum, þótt það væri maklegt, þar sem þingið vildi ekki aðhyllast frv. stjórnarinnar. Svona gekk það þegar stjórnin hafði Initiativet í sinni hendi fyrir og allt fram að árinu 1871. Má jeg nú spyrja: Eru nú nokkur líkindi til að stjórn Dana verði fús til að gjöra meiri tilslökun nú en áður, eða að hún muni koma með þau sjálfsstjórnarboð, er hinu löggefandi alþingi þyki aðgengileg? Svari nú hver sem svara vill. Mikið blessað undra dokument mætti tillögu blaðsnepillinn sá arna, sem jeg held, á reynast, ef stjórnin, það er að segja ríkisráðið danska, nú allt í einu, eptir að það hefir fengið það fram, sem það ætlaðist til, að vjer gugnuðum og legðum árar í bát, af hugleysi og hringlandaskap, vildi gjöra þá tilslökun, sem það jafnan að undanförnu hefir svo þverúðarfullt synjað oss um, nú eptir að vjer sem sagt höfum lagt oss á jörð niður, afvelta eins og hrafna upp í lopt, bíðandi þess að stjórnartæða drjúpi í munna vora eins og manna af himni ofan.—Þetta er þá aðalmergurinn í hugsun tillögumanna. Sú stjórnarskrá, sem vjer nú höfum,

þótt ófullkomin sje, hún er á hinn bóginn fengin fyrir initiativ sjálfs alþingis en eigi stjórnarinnar; hún er sprottin upp af rótum þjóðfundarins og þess frv., sem þingið 1873 samþykkti sem hið síðasta ráðgefandi. Þá slakaði stjórnin þinginu fyrst allt hvað hún þóttist geta, því að hún sá að oss var orðin full alvara; þá kvaðst stjórnin vilja taka allt tillit til óska Íslendinga, sem hún gæti. En hvað var það sem hún gat ekki? Hún gat ekki annað en svalað innlimunarástríðu sinni með því, að ríða þann óhappasæla hnút, sem riðinn er milli Íslands sjerstöku mála og ríkisráðsins danska, þvert ofan í skýlausan bókstaf hinnar nýju stjórnarskrár, er heimilar Íslandi óháða stjórn út af fyrir sig. Vilji nú meiri hlutinn eigi að síður halda fram tillögu sinni, getur hann ekki sloppið við að þjóðin á Íslandi álykti af henni, að hann (meiri hlutinn) vilji lýsa yfir því við Danastjórn, að Íslendingar hafi ekki verið og sjeu ekki enn færir um að semja stjórnarskrá handa sjer, sem vert sje að halda fram til streitu og til sigurs, og þess vegna er það, að þeir vildu fella frá rótum hina endurskoðuðu stjórnarskrá þegar við 2. umr. hennar, sem öldungis óhafandi. Þetta verð jeg að taka sterklega og ýtarlega fram, svo þjóðin geti þekkt og sjeð til fulls framkomu og hugsunarhátt þessara fulltrúa sinna, enda vona jeg og, að hún þá sjái, að tillagan ekki getur staðizt eða skilizt á nokkurn hátt eptir þeim skilningi, sem h. framsögum. (Guðl. Guðm.) vill leggja í hana, hversu sem hann streitist við að fara í kringum sannleikann með orðaleik tómum. H. framsögum. (Guðl. Guðm.) fór mörgum orðum um búning stjórnarskipunarmálsins. En hvernig fer hann með þennan búning? Hann kastar þjóðbúningi þess. Og hvað vill hann svo setja í staðinn? Stjórnarbúning, sem stjórninni þóknast að færa það í, ef hún kynni að leggja málið frá sinni hálfu fyrir þingið. En færi svo, að hún gjörði það, þá má h. framsögum. ekki gleðja sig við það, að það yrði tillögunni hans að þakka, sem er langt frá því, að vera svaraverð, heldur yrði það þá fyrir aðrar aðgjörðir hinnar h. deildar, sem gjöra tillöguna alveg þýðingarlausa, svo sem samþykkt stjórnarskrárinnar, ávarp til konungs m. m.

H. framsögum. (Guðl. Guðm.) segir að stjórnarskráin, sem h. deild hefir nýlega samþykkt byggist ekki á þjóðarvilja. Hvað meinar maðurinn með slíkum og þvílíkum orðum? Heyrir nokkur maður orð þau, sem töluð eru hjer í salnum, sem eigi verður forviða við slík orð af munni þess manns, er dirfist að kalla sig þjóðfulltrúa? Hvernig er þá hin endurskoða stjórnarskrá til orðin? Jeg sagði alveg nýlega að hún væri sprottin upp af rótum þjóðfundarins 1851, og af stjórnarskrá hins síðasta ráðgefandi alþingis 1873, og nú gæti maður bætt við að hún væri aðalleg og sjálfsögð afleiðing af grundvallarákvæði hinnar gildandi stjórnarskrár 1874. Þetta er bara þjóðleg og söguleg framsókn í málinu. Breytingarnar eru orðnar til við það að kröfur tímans hafa breyzt og af öðru ekki. En þó nú h. framsögum. ekki skynji þann þjóðarvilja, sem hjer hlýtur að liggja til grundvallar, og sem enginn annar en hann mundi dirfast að rengja, þá ætti hann þó ekki að vera svo djarfur að þræta fyrir það, sem hvert barnið sjer og getur lesið á lestrarsalnum: samhuga kröfur frá miklum meiri hluta allra kjördæma landsins og sameinaður fundur sömu kjördæma á Þingvelli um að alþingið, þar á meðal þingmaður sjálfur, samþykkti stjórnarskrána, sem h. deild hefir samþykkt,

óbreytta. Það er þó ekki meining h. framsögumanns, að hann, sem treður bersýnilega sannan þjóðvilja undir fótum, beri sjálfur með sjer þjóðvilja.

Ef þess væri þörf, mætti og telja fleira því til sönnunar, að þessi endurskoðaða stjórnarskrá hafi fyrir sig að bera þjóðvilja Íslendinga.

Það hefir verið reynt að klæða sjálfsstjórnarkröfur Íslands í annan búning en þann, sem hjer ræðir um, en sá búningur fjekk ekki fylgi þjóðarinnar. H. þm. man það, að árið 1889 vildu nokkrir þingmenn líkt og hann færa málið í annan búning; en hvernig fór? Enginn þessara manna komst inn á þing aptur við nýar kosningar. Forðaðist þjóðin þá sem pestina sjálfa. Svo fast heldur þjóðin einmitt við þennan búning, að það er grunur minn að líkt muni fara fyrir framsögumanni og fjelögum hans við nýar kosningar eins og breytinga- og brutlmönnum 1889! Vari framsögumaður sig á, að það er nokkuð djarft að segja, að þjóðin láti sjer liggja í ljettu rúmi, hver búningur á stjórnarskrá hennar sje, hvort það eru rammdanskar dulur, eða íslenzkt þjóðklæði. Jeg skal enn taka það fram viðvíkjandi forminu á tillögunni og búningskenningu framsögum., að hjer er alveg sama þrætan milli mín og hans sem var milli Jóns sál. Sigurðssonar og próf. Larsens. Professor Larsen hjelt því fram, alveg eins og framsögumaður gjörir með tillögunni, það sem hún nær, að ríkisráðið danska hefði rjett til að hlutast til um sjerstök mál Íslands, en Jón Sigurðsson neitaði því eins og jeg gjöri, að það hafi nokkurn rjett til að fjalla um þau mál. Þessi grundvöllur, sem Jón Sigurðsson byggði á, er nú staðfestur í 3. gr. stöðulaganna og 1. gr. stjórnarskrárinnar 1874, eins og jeg margsinnis hefi tekið fram. Þessum grundvelli ræður nú meiri hlutinn til að hagga, ræður til þess að alþingi Íslendinga rjetti fram höndina til að afmá og eyðileggja um aldur og æfi þá viðurkenningu, sem hálfrar aldar barátta hefir áunnið sjálfstæðisrjetti Íslands. Og hvað gæti annars knúð h. tillögumenn til þess að hanga svo fast í þessu formi, ef það er ekkert annað en formið eitt, sem hjer ræðir um og bakvið stendur. Segi þeir til þess, ef þeir geta. Nei! Ef hjer væri um form eitt að ræða, form, sem í sjálfu sjer væri saklaust og lögmætt, þá skyldi jeg ekki telja eptir mjer að fylla flokk með h. flutningsmönnum tillögunnar. En því er ekki að fagna; hjer er um þá glæfragjörð að ræða, sem stríðir á móti stjórnarskipunarlögunum og móti því sem hver hugsandi maður á Íslandi vill láta sjer til hugar koma!

Að öðru leyti ætla jeg að h. framsm. (Guðl. Guðm.) hljóti að koma það vel, að sem fæst sje talað um það, hvernig þetta þingskrípi, tillagan, er sögulega til orðin, og skal því enda mál mitt í þetta sinn.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að hann væri hræddur um, að svo mikill »snúningur« væri að búa um sig og koma í ljós hjá þjóðinni á Íslandi, að hann óttaðist, að það kæmi aptur kippur í stjórnarskrár-baráttuna, ef eins færi fyrir frumv. og að undanförnu.

Þá vil jeg biðja hinn háttv. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) — jeg veit hann er greindur maður — að segja mjer, hvernig jeg á að skilja þetta.

Ef hann getur sannað mjer, að áhugi þjóðarinnar á að fylgja fram landsrjettindum Íslands, að viðbjóður hennar á því, að kasta frá sjer þeim litlu rjettindum, sem hún hefir í stjórnarskipulegu tilliti, sje ekki sterkur og vakandi, ef hann getur sannað mjer,

að ráðið til þess að vekja þjóðina til nýrrar baráttu sje að falla á knje fyrir hinu danska ríkisráði,—ja, gott og vel, þá skal jeg vera með þessari tillögu.

En h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) getur það ekki, hann getur ekki sannað mjer það. Að fleygja slíku fram, hvað er það annað en tál? Hvað er það annað en agn? En jeg veit að Íslendingar eru ekki svo heimskir, að þeir muni gína yfir þess háttar agni — jeg meina Íslendingar yfir höfuð. — Þeir hafa hingað til látið sjer skiljast þetta, og jeg vona, að guð gefi, að h. framsögumaður meiri hlutans geti ekki með sinni viðsjálu »logik« sýnt fram á annað, geti ekki slökkt þann neista, sem lifir hjá þjóðinni. — Jeg neita því, að nokkurt hik sje á þjóðinni í þessu máli, jeg neita því fyrir kjördæmi mitt, jeg neita því fyrir allt Ísland, að óundanteknu kjördæmi h. framsögum. sjálfs. Neistinn lifir vakandi í hvers manns brjósti um endilangt Ísland, að vilja ráða lögum og lofum í sínu eigin landi. Í þessu tilliti er það eitt atriði, sem jeg vil leggja áherzlu á: Á hverjum hvílir sönnunarskyldan? — og það er spurning, sem jeg bið h. þingm. að athuga — á hverjum hvílir sú skylda að sanna, að það sje þjóðarvilji á Íslandi, að halda ekki fram vorum sjálfsstjórnarkröfum? Á jeg að sanna það, eða sá sem neitar því? Þetta er þýðingarmikið atriði.

Ef jeg á að sanna það, að sá þjóðvilji sje ekki til, þá á jeg yfirgnæfandi rök fyrir mínu máli, — en ef jeg ekki geri það, þá á hann að sanna það.

H. framsögum. meiri hlutans (Guðl. Guðm.) hefir verið málaflutningsmaður, góður málaflutningsmaður, hann veit, að sönnunarskyldan hvílir á honum.

Það tekur mig sárt, ef borið er á þjóð mína, í heild sinni, slíkt, jeg kalla það óákveðnar dylgjur, að hún hafi ekki tilfinningu fyrir sínum eigin rjetti, sóma og skyldu. Mig tekur sárt til þess, að slíkt er borið á þessa þjóð, — en það er ekki afgert. Jeg bið h. þm. gæta þess og athuga það vel, að sá sem segir, að þjóðin ekki hafi vilja til þess, að halda áfram sínum rjettmætu kröfum, hann á að sanna það. Það má fullyrða slíkt með hvað miklum »Suffisance« sem vera vill; trúi því enginn maður, meðan ekki eru færð að því gild rök og góð!

Eins og hver maður vilji ekki hjer, það sem allar þjóðir vilja, allir menn hafa viljað á öllum tímum, það sem liggur í eðli mannsins, að vilja verða frjáls! Þjóðin á ekki skilið þá vanvirðu, er svitadropar fátæklinganna renna út úr munninum á okkur í krónutali.

Jeg skýt því til allra, sem kunna að lesa, — jeg ætla að biðja þá að líta á gjörðir þingmálafundanna, að lesa þau skjöl, og segja mjer svo, hvort ekki er þjóðvilji til á Íslandi. Jeg vona, að hver óhlutdrægur maður, sem les þau, viðurkenni, að það sem stendur í nefndarálitinu er ekki rjett, að sú niðurskipting er ekki rjett, að einn vilji hafa það svona, annar og þriðji hins vegar, því að »total-indtrykkið« er, að vilja hafa bót á stjórnar-ástandinu. Og h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) játar, einnig hann, að stjórnar-ástandið sje óþolandi. Það er beinlínis óþolandi. Fátæklingarnir líða undir því, allir hinir beztu menn líða undir því, og þeir líða mest undir því, sem hæst standa. Þjóðin finnur þetta ástand en hún úttalar sig á ýmsan hátt.

Íslendingar eru vanir að líða högg og ranglæti öldum saman, og sá maður, sem vill leita að þjóðviljanum, verður að vita það. Jeg vona, að h. þingm. sjeu mjer samdóma um þetta. Og jeg er sannfærður um, að Íslendingar geta

líka lært að stríða. Það dugar ekki að standa ber og nakinn fyrir ranglætinu, það verður að berjast með sannleikans vopnum, með þeim meðölum, sem sæma hverri þjóð. Þeir verða að læra að stríða með vopnum mannúðarinnar, með sannleikans, réttlætisins, með eindrægninnar með sannarlegs vilja vopnum.

Jeg vil, til þess að menn sjái, að jeg tala ekki út í bláinn, gera meira en vísa til skýrslnanna. Á Þingvallafundinum var meiri hluti alls landsins »repræsenteraður«, og þar var samþykkt, að halda í sömu átt og áður. Það er merkilegt, að h. framsögum. meiri hl. (Guðl. G.), jafn-glöggur maður og skynsamur, skuli alveg ganga fram hjá Þingvallafundinum, og hann hefir ekki minnzt á hann. Álítur hann fundinn þýðingarlausan? Er það þá svo, að það er þýðingarlaust, að menn koma lengst norðan af landi, norðan af Langanesi, vestan af Ströndum á Þingvallafund til að gera þar ályktanir eptir þeirra sannfæring. Jeg skil ekki, að h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) geti staðið sig við, að stryka yfir það. Jeg hefi verið á mörgum Þingvallafundum og ævinnlega fundið þar sterkan þjóðvilja, þegnlegan þjóðvilja í þá átt, að halda fram landsrjettindum Íslands.

Og þegar jeg renni huganum í gegn um Ísland — jeg vona að h. þm. Vestm. (V. G.) verði mjer samferða — þá nær hinn sterkasti áhugi yfir allt land, sjer í lagi Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Öll þessi hjeruð eru samdóma, maður fyrir mann, samdóma eins og h. þm. þeirra hjerað geta borið um. Nú geri jeg stökk, tek allt Vesturamtið með, — hleyp yfir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, — þá er Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla og suðvesturhlutinn allur með, þá Árnessýsla með, þá Rangárvallasýsla með, — en þegar kemur að Fúlalæk, þá koma dauðir púnktar, þá snýr maður við. *(Guðl. Guðmundss.:* Hann hefir mörgum snúið aptur!). Já, víst er það, en aldrei mjer!

Jeg gleymi Vestmannaeyjum! H. þm. þess kjördæmis (V. G.) getur víst gefið skýrslu um »stemninguna« þar. Jeg sleppi þeim af því margir álíta, að Vestmannaeyjar eigi ekki að vera sjerstakt kjördæmi.

Það eru þá 4 dauðir púnktar á landinu: Vestur-Skaptafellssýsla, Mýrasýsla, Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla.

Eiga nú þessir dauðu púnktar að ráða stefnunni? Eiga þessi kjördæmi að vera mælikvarði á þjóðina á Íslandi. Ef 2 menn eiga í máli, er þá reglan, að sá sem ekki hreyfir sig, til að verja eða sækja sitt mál, vinni sökina? Slíkt gildir ekki í »Process«, jeg vona, að h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.), sem er slingur málaflutningsmaður, játi það. En skyldi það þá eiga að gilda fyrir þjóðina?

Að þau kjördæmi, sem ekki hreifðu sig, ráði meiru en hin, sem sendu »Repræsentanta« langar leiðir á Þingvallafund? Nei. Qvi tacet consentit. Þau kjördæmin, sem hreifðu sig ekki, treystu þeim sem á Þingvallafund fóru, til að ráða málunum til sem heppilegastra lykta, að ráða þeim málum, sem hvíla á sögulegum grundvelli, sem eru óslítanleg frá iðrum hinnar íslenzku þjóðar meðan hún dregur andann, til þess að við mætti hlíta.

Jeg er fæddur í Skaptafellssýslu, svo að mig tekur sárt til hennar. Það bregzt ekki, að hún hefir sent hina beztu menn á þing um langan aldur. Jeg skal telja þá upp: Það er fyrst Páll í Hörgsdal, prófasturinn, hann var á Þingvallafundinum 1851, hin mesta frelsishetja. Þá er Jón Guðmundsson,

ritstjóri Þjóðólfs, gamli; hann var mestan hluta æfi sinnar fulltrúi Skaptafellssýslu, og vita allir, hvílíkur maður hann var. Og svo hver af öðrum, þeir eru ef til vill ekki mikilmenni, afreksmenn, sem Skaptafellssýsla hefir sent á þing, en þeir hafa aldrei komið hjer til að bregðast undan merkjum þjóðarinnar. Það er alveg nýtt. Það kemur fyrst í æfisögu h. framsögum, meiri hlutans (Guðl. Guðm.).

Já, jeg er sannfærður um, að sá sem leggur eyrað við hjarta Skaptfellinga mun finna að Skaptfellingar leika sjer ekki að sjálfsstjórnarkröfum Íslands. En jeg trúi því, að h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.), sem hefir miklu embætti að gegna, hafi ekki lagt hlustirnar við hjarta þeirra, hann hefir ekki haft tíma til þess. Skaptfellingar eru ekki vanir að tala mikið, þeir hafa þagað, en hvað þeir hugsa, það veit jeg, sem er fæddur þar, miklu betur en h. framsögum. (Guðl. G.).

Viðvíkjandi Skagfirðingum er það kunnugt, og jeg veit að h. þm. þess kjördæmis (Ól. Br.) mun ekki rengja það sem jeg segi, að ef talað er um að fella niður sjálfstjórnarkröfur landsins, þá muni þar hver maður segja nei. Í öðrum málum eru Skagfirðingar ekki svo miklir framsóknarmenn, sem jeg vildi óska, en jeg neita því, að það sje almennur vilji að leggja niður vopnin, neita því alveg; og hið sama segi jeg gagnvart Húnvetningum; jeg gæti nefnt merka menn, sem vildu gefa vottorð um að svo er sem jeg segi. Jeg hefi af tilviljun ferðazt kring í þessum hjerðöum og talað við hina beztu menn, svo jeg veit, hvernig í þeim liggur. Og jeg neita því að það sje nokkurt hik á þjóðinni, og að á því megi byggja, að nokkur apturkippur eigi sjer stað hjá henni í þessu máli, og sízt að af því megi rjettlæta, að kippa fótunum undan sjálfsstjórnarkröfum Íslands. En væri svo, að við fulltrúar þjóðarinnar vissum að hún væri hikandi, hverjum lægi það nær en oss að leiða henni fyrir sjónir, að hún gengi á glapstipum, að hún með viljaleysi og deyfð gefur mótstöðumönnum sínum hið bezta vopn í hendur.

Og sízt má á því byggja, að það sje rjett, að fara á bak við þjóðina, víkja frá sögulegum ferli, sem þjóðin hefir fram haldið í 50 ár, allt til þessarar stundar. Jeg skora á þá, að láta til skara skríða, að þessi tillaga sje borin undir atkvæði landsmanna; gangi þeir um sveitirnar og beri það að dyrum fátæklinganna og hinna efnuðu, karla og kvenna, og láti þá kjósa um, hvort þeir vilji heldur hina endurskoðuðu stjórnarskrá, eða þetta. Þá er leiðin á ábyrgð þjóðarinnar, en ekki okkar. Þessa vil jeg vera með til. En jeg vil ekki vera með til, guð veit jeg vil ekki vera með til, að fara á bak við þjóðina að leggja vopnin niður. Og það er hinn grimmasti misskilningur, að fulltrúum hennar er brugðið um að vilja leggja niður vopnin á alþingi 1895. Það kemur opt fyrir, að menn segja, að þetta og þetta mál þurfi að berast undir þjóðina, — hvað þá í þessu máli, er snertir sögu, rjettindi þjóðarinnar, eptirkomendurna og alla þá sem verða á Íslandi, að velta á alda og óborna þessu bjargi, að fela ríkisráði Dana það mál, og sleppa á því öllum tökum. Því að þó að það gefi eitthvað í staðinn, þá flýtur þar af, að ríkisráðið tekur það á morgun, sem það gefur í dag, ef ríkisráð Dana getur tekið þau lög burtu, sem við höfum, og er sett í sjálfsvald, hvort það gefur nokkuð í staðinn, þau lög, sem eiga að vera grundvöllurinn undir framsókn Íslands, öllu því er stefnir til þjóðsjálfstæðis og þjóðþrifa.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) og

meiri hlutinn verður að fyrirgefa mjer, þó jeg tali með tilfinningu um þetta mál. Mjer er ómögulegt annað. Menn mega ekki skilja, að jeg gangi viljandi persónulega nærri nokkrum manni. En jeg get ekki annað en farið eptir »objectivum« sannleika, sannleika, sem liggur í sögunni, tímans framrás, sögu viðburðanna, sögu mannkynsins, og sjer í lagi í sögu og lífsreynslu sjálfra vor. Meiri hlutinn verður að fyrirgefa mjer, að mjer er ómögulegt að skilja, hví hann leggur slíkt kapp á þetta form. Því að mjer er ómögulegt annað en ímynda mjer að eitthvað liggi á bakvið, sem þeir álíta afarmikils varðandi. Og jeg get ekki skilið annað, en að þetta sje sama sem að skifa undir ríkiseininguna, eins og henni er otað fram í auglýsingu 2. nóv. 1885, sem allt af er vísað til.

Og þetta kapp kemur fram í öllu. Þetta kemur fram á undan stjórnarskrármálinu í báðum deildum á sama tíma, og h. Ed. hefir aldrei áður gripið fram fyrir hendurnar á Nd. Allir verða að játa, að þessi tími og þessi aðferð er svo löguð, að manni dettur ósjálfrátt í hug, að hjer liggi eitthvað á bak við, hjer sje einhver »Bagtanke«.

Jeg veit, að það á ekki við, að tala hjer eitt einasta orð um Ed., en jeg get þó ekki bundizt því að segja: Meðferð h. Ed. á þessu máli er óviðkomandi Nd. Hún hefir ábyrgð á sínum gjörðum fyrir sig, og það getur ekki afsakað Nd., þótt Ed hafi missjezt í þessu máli. Jeg vil þó ekki segja að Ed. hafi ráðið stjórnarskrármálinu bana, en hún hefir lagt það á hylluna og hefir geymt það í góðri kistu, og þar geymist það — til síns tíma. Hún hikaði nú við að fella hana, hún hefir álitið það of langt gengið, hvort það er formlegt eða ekki, sem hún gerði, þar um dæmi jeg ekki, en það var neyðarúrræði.

Jeg segi það enn, jeg skil ekki hvaðan það stafar, þetta kapp, sem meiri hlutinn leggur á formið, jeg skil ekki, hví hann hefir lagt svo mikið kapp á það, að hann hefir neytt mig til að fylgja því, sem ekki er formlega rjett, til að snúa út á þá braut, sem máske ekki er alveg lögleg — máske hefi jeg farið of langt, máske of stutt, eptir því sem það er skilið.

En að lokum að eins fá orð, 2 atriði. Annað er það, að enn má bjarga málinu, enn er 11. stund, en á 11. stund má gera mikið. Það má enn bjarga því á þann hátt, að meiri hlutinn beri þau atriðin, sem hann leggur áherzlu á, fram í ávarpi til konungs; við getum tekið í ávarpið aðalkjarnann úr hinni endurskoðuðu stjórnarskrá við atriði meiri hlutans, á þann hátt, sem hann segist skilja þau, og »til Nöd« alveg óbreytt. Með öllum þessum meðölum er byggt fyrir að snúa sjer til ríkisráðsins danska um löggjöf Íslands. Með þessu er málinu bjargað og jeg álít, að ekki megi seinna vera.

En hvað sem gert er í þessu máli, hvort það er rjett eða rangt, eða hvað sem það verður, þá veit jeg að þjóðviljinn stendur á bak við, þá treysti jeg því að þjóðin leggur sinn dóm á þetta mál, sem er sannur og rjettur, að ef vjer, fulltrúar þjóðarinnar, förum út yfir þann ‚kompetence' sem þjóðin hefir veitt oss, þá höfum vjer ekki heimild til að præjudicera, til að gera það sem á nokkurn hátt geti skoðazt sem statsretlig uppgjöf á landsrjettindum Íslands. Jeg vona að meiri hlutinn sjái, að jeg er talsmaður rjettinda þjóðarinnar, og reyni að varna honum að leiða þingið á þá stigu, sem jeg álít að leiði Ísland á veg til glötunar!

Framsögumaður meiri hl. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það er reyndar orðið nokkuð áliðið fundar, svo það væri má-

ske rjettast að fresta að svara hinni löngu ræðu h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) þangað til á kvöldfundi, en jeg skal gjarnan hætta, þegar h. forseti vill og framhalda þá ræðu minni á kvöldfundinum.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir annaðhvort gjörsamlega misskilið eða beinlínis rangfært orðið »stjórn« í þingsályktunartillögunni, þar sem hann vill láta stjórn þýða sama sem ríkisráð Dana. Þessi skýring hans á orðinu er hrein fjarstæða; það hlýtur að vera öllum ljóst, að þetta á við hina sjerstöku stjórn okkar, ráðgjafastjórn Íslands sjerstöku mála. Það lítur helzt út fyrir, að hann vilji hvorki sjá nje skilji, hvernig þetta mál horfir við samkvæmt stjórnarskrá vorri 5. jan. 1874, nje taka nokkurt tillit til, hver lagaleg breyting er orðin með henni. Vjer höfum lagalega engin viðskipti við ríkisráð Dana. Vjer höfum okkar sjerstöku stjórn í íslenzkum málum, og það er hún og engin önnur, sem við eigum orðastað við, þegar um stjórnarkröfur vorar í hinum sjerstöku málum Íslands er að ræða. Mjer fannst það koma glöggt fram í ræðu h. þm. (B. Sv.), að honum fannst hann vera að tala við einvaldan konung, og einmitt þess vegna var ræða hans töluð út í hött og fór alveg »fyrir norðan garð og neðan« að því er sjálft efnið snertir. Ræða hans kom ekki neitt við löggjafarþingi eða þingbundinni stjórn. Með rangri skýring á orðinu »stjórn« bjó hann sjer til ranga málsástæðu og allur kjarni hinnar löngu ræðu hans var byggður á þessum ranga grundvelli, sem hann bjó sjer til sjálfur í fyrstu. Ræða hans var auk þess svo sundurlaus, að menn verða að afsaka þó jeg taki ekki upp atriði hennar í sömu röð og auk þess var hún full af mótsögnum. Jeg skal að eins nefna fátt eitt. Hann vildi skoða orðið »skora á« sem skipandi í öðru orðinu, en sem biðjandi í hinu. Í öðru orðinu sagði hann, að konunginum væri skipað, að leggja frumv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár fyrir þingið, en í hinu orðinu að farinn væri bónarvegur að ríkisráðinu, og að við með því skrifuðum undir ríkiseininguna í Danmörku. En jafnframt játaði hann þó sjálfur að innihald þingsályktunartill. væri fullnægjandi til þess, að íslenzk mál yrðu eigi borin upp í ríkisráði Dana framvegis, ef hún yrði á annað borð tekin til greina; þetta eru, eins og hver hugsandi maður sjer, berar mótsagnir.

Jeg skal svo snúa mjer að hinum sjerstöku atriðum í ræðu h. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann sagði, að hjer væri farinn bónarvegur að ríkisráði Dana. Jeg tók það strax fram, að við ættum ekkert við ríkisráð Dana, okkur kæmi það ekkert við, og ekki heldur hið almenna löggjafarvald ríkisins nje hið danska ríkisþing, þegar um okkar sjerstöku mál væri að ræða, en að við ættum að eins orðastað við stjórn Íslands sjerstöku mála, sem væri ráðgjafi Íslands með konung við hlið sjer. Hann sagði, að stjórn Íslands væri Hans Hátign konungurinn einn og enginn annar. Hann sagði að konungurinn væri sú »eina persóna« — hann bætti við í hljóði, þm., »juridica« og þá er allt rjett — sem við gætum snúið okkur til, þegar við vildum fá bót á okkar stjórnarskrá. Hans Hátign konungurinn sjálfur er ekki pólitisk persóna og það á alls eigi við, að blanda honum inn í þessar deilur, — en það er stjórn hans, — ráðgjafi Íslands sjerstöku mála, sem ber ábyrgðina, sem getur, ef löggjafarþingið samþykkir, með staðfesting konungs breytt stjórnarskrá vorri. Konungurinn og ráðgjafi Íslands eru ein

»persóna juridica« í þessu sambandi. Við eigum ekki orðastað við konunginn einan heldur við þessa stjórn Íslands sem »juridiska persónu«.

Þessi miskilningur hjá h. þm. (B. Sv.) stafar auðsjáanlega af því, að hann skoðar stjórnarskipunina eins og hún var á fyrsta kafla stjórnarbaráttu vorrar meðan konungurinn var einvaldskonungur, og þessi misskilningur gerir það að verkum, að hann ekki getur skoðað þetta mál — hina núverandi stjórnardeilu vora — í rjettu ljósi. Hann á eðlilega mjög erfitt með að setja sig inn í hugsun okkar, þar sem hann virðist eigi geta gert neinn greinarmun á ráðgefandi þingi, sem átti mál sitt að sækja undir einvaldan konung, og því varð að fara bónarveg, og löggjafarþingi, sem ber fram kröfur fyrir þingbundna stjórn sinna eigin mála.

Þegar nú þessi grundvöllur hans er hruninn þannig gjörsamlega í grunn niður, þá er þar með einnig fallið allt, sem hann byggði þar á. Þetta mál kemur ekki ríkisráði Dana við. Þó að hinn núverandi ráðgjafi Íslands sitji í ríkisráði Dana, þá gerir hann það sem danskur justitsminister, sem hann — eins og kunnugt er — jafnframt er, og það kemur ekkert við stöðu hans sem ráðgjafa Íslands. Og það er svo langt frá því, að mjer hafi nokkurn tíma dottið í hug, að viðurkenna að þetta ætti nokkur áhrif að hafa á framkomu hans sem Íslandsráðgjafa, að jeg hefi opt undir umræðum þessa máls beinlínis neitað því að hann hefði nokkurn stjórnskipulegan rjett til að bera hin sjerstöku mál vor undir ríkisráðið og jafnframt látið þá skoðun mína í ljósi, að jeg áliti það rjett að hæstarjetti væri gefið tækifæri til að skera úr því með dómi, hvort þetta eigi færi beinlínis í bága við bæði stjórnarskrána og stöðulögin.

Þetta er misskilningurinn hjá h. þm. en ekki hjá mjer. Hjer liggur ekki fyrir nein áskorun eða »Henuendelse« til hins almenna löggjafarvalds ríkisins eða til ríkisráðsins danska. Nei, þvert á móti, við tölum hjer við okkar eigin stjórn. — Og hvernig hann getur kallað það tilslökun, að skora á sína eigin stjórn, að gera eitthvað, sem maður álítur blátt áfram, að hún sje skyld til eða að maður eigi heimtingu á, að hún gjöri, það get jeg ekki skilið. Hvernig getur h. þingm. dottið í hug, að hjer sje átt við stjórn, sem algjörlega stendur fyrir utan oss, er oss óviðkomandi?

Hann sagði að þetta væri að kippa fótunum undan þeim stjórnskipulega rjetti, er vjer með stjórnarskránni 5. jan. 1874 hefðum fengið í hinum sjerstöku málum Íslands, og að vjer með þessu drægjum ríkisráð Dana inn í stjórnardeilu vora, og afsöluðum oss í hendur þess landsrjettindum vorum. En þetta er helber misskilningur. (*Benedikt Sveinsson*: Sannanir). Sannanirnar hefi jeg þegar fært; þær liggja í því, að ástandið er nú allt annað en það var meðan alþingi var ráðgefandi og konungurinn einvaldur. Nú höfum við sjerstaka lögbundna stjórn í þessu sem öðru, sem hefir ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart löggjafarþingi voru. Og hvernig fara nú þær þjóðir að, sem hafa þingbundna stjórn, þegar þær vilja breyta sínum stjórnarskipunarlögum? Þær gera það á þann hátt, að stjórnin leggur fyrir þingið frumv. til stjórnarskipunarlaga, sem þingið svo annaðhvort breytir eptir sinni vild eða gengur að óbreyttu. Það er þetta sem við hjer viljum heimta af okkar stjórn, að hún gjöri.

H. þm. Norð-Þing. (Ben. Sv.) vitnaði í 9. gr. stjórnarskrárinnar; þar stendur: »konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og álykt-

ana«. — Ímyndar h. þingm. sjer, að það sje konungurinn persónulega, sem láti leggja þessar uppástungur fyrir alþingi? Nei, engan veginn. Það er stjórnin — stjórn konungs — sem gerir það. Veit hinn h. þm. N.-Þing. (B. S.) ekki, að þessi frumvörp, sem lögð eru hjer fyrir allt af nokkur á hverju þingi, þau eru kölluð »stjórnarfrumvörp«, ekki »konungsfrumvörp«? Þetta er því helber misskilningur í höfði h. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Konungur í þessu sambandi er sama sem stjórn hans og allt annað en konungurinn var meðan alþing var ráðgefandi.

Hann skoðaði þetta sem náðargjöf, er hjer væri farið fram á að fá. En það er ekki svo, við erum ekki að biðja um neina náðargjöf. Vjer heimtum það sem vjer eigum fullan rjett á, það er rjettarkrafa frá vorri hlið, sem hjer er fram sett, og byggð á þörfum þjóðarinnar. Og væri ábyrgð stjórnarinnar gagnvart alþingi fullkomnari og betur fyrir komið en henni nú er, þá mundi neitun stjórnarinnar á því, að taka þessa kröfu vora til greina, leiða til málshöfðunar á hendur ráðgjafanum fyrir ríkisrjetti og ef þá reyndist, að rjetti eða brýnni nauðsyn þjóðarinnar væri misboðið með þeirri neitun, þá mundi málið enda með áfellisdómi. — Þetta er því misskilningur á afstöðu stjórnarinnar og grundvallar-atriðum þingbundinnar stjórnarskipunar og öllu eðli þessa máls yfir höfuð.

Að skoða þetta sem pólitiska »kapitulation« gagnvart ríkisráði Dana, sem algjörða uppgjöf á stjórnarkröfum vorum, það get jeg nú með engu móti skilið. — Að þetta sje að leggja niður baráttuna frá 1851, að afsala löggjafarinitiativinu úr höndum konungsins og þingsins í hendur hins danska ríkisráðs, og að undirskrifa innlimunarkröfur hinnar dönsku stjórnar, skil jeg ekki hvernig nokkur skynberandi maður fer að láta sjer detta í hug, þar sem hjer er einmitt farið fram á, 1., að ríkisráðið og stjórn hinna almennu mála Dana sje útilokuð frá öllum afskiptum af Íslands sjerstöku málum, 2., að alþingi hafi veruleg áhrif á það, hvernig stjórn hinna sjerstöku mála Íslands sje skipuð, 3., að þingið hafi vald til þess, að láta þjóðarinnar menn sjálfa dæma um athafnir stjórnarinnar — að segja að þetta sje, að lima Íslands sjerstöku mál inn í hina almennu stjórn Danmerkur ríkis — þarf rýmri skilning en minn til að grípa.

Nei, það er misskilningur — gjörsamleg umturnun og rangfærsla á öllum grundvallarreglum »konstitutionel« stjórnar. Það sjest hvað bezt á þeirri hugmynd, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir um sjerstaklegt vald konungsins í slíkum efnum. Hún er svo fjarstæð öllu rjettu. Hans Hátign konungurinn má ekki svara sendinefnd—deputation—nema ráðgjafi standi við hlið hans, sem ber svo ábyrgð á þeim orðum, er hann talar. —

Jeg nenni ekki að vera að eltast við einstök orð og setningar í ræðu h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í þessu sambandi. — Jeg hefi sýnt fram á og sannað, að grundvöllurinn undir kenningum hans er rammfalskur og grautfúinn. Hann er orðinn langt á eptir tímanum, og öll hans orð eru því máttlaus, — þýðingarlaust orðagjálfur, sem engan stað hefir í hinu faktiska stjórnarfyrirkomulagi voru. — Og jeg mótmæli gjörsamlega öllu því, sem hann út frá þessum rammskakka grundvelli bar meiri hluta nefndarinnar á brýn. —

Hann talaði mikið um »kapp« hjá okkur tillögumönnunum, og sagði, að hjer hlyti eitthvað að liggja bak við;

að aðferð sú, sem við hefðum beitt, væri sönnun fyrir því, að við hefðum einhvern »Bagtanke«, og hann gaf berlega í skyn, að það væri, eins og hann kemst að orði: »að skrifa undir ríkiseininguna«. Það er nú ekki í fyrsta skipti, sem hann hefir slett þessu í nasir þeim, sem ekki vildu fylgja blindandi hverju hans orði í þessu máli. Nei, »föðurlandssvik«, það hefir ávallt, bæði fyr og nú, fyrst og síðast kveðið við. Jeg kippi mjer ekki upp við það, því það hefir hann allt af brugðið þeim mönnum um, sem ekki hafa viljað þýðast hinar einstrengdustu skoðanir hans á stjórnarbótarmáli voru. Slíkar dylgjur og þvílíkar álít jeg ganga næst »pólitisku« vansæmi. Jeg skýt því til allra, sem með óbrjálaðri skynsemi vilja skoða framkomu okkar í þessu máli, hvort við eigum slíkar dylgjur skilið, og hvort það yfir höfuð sje sæmilegt í slíku máli, að væna menn óhreinna hvata, jafnvel föðurlandssvika, þó menn greini á um ýms auka-atriði, þegar allir eru á eitt sáttir um öll höfuðatriði málsins. —

Hann vildi skoða málið frá objektivu sjónarmiði; það vil jeg líka. En það er öðru nær en að hann hafi skoðað það »objektivt«; hefði hann gert það, þá hefði hann talað allt öðruvísi. — Hann hefði þá ekki allt af ruglað saman ríkisráði Dana og hinu almenna löggjafarvaldi við stjórn hinna sjerstöku mála Íslands. Hann veit það vel, að til er íslenzk stjórn, sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, og hann veit vel, að það er stjórn Íslands sjerstöku mála, sem við eigum við. Hann þarf ekki annað en fletta upp í Alþingistíðindunum, þar getur hann fullvissað sig um þetta.

Svo voru það nokkur atriði, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) drap á, en af því talsverður ruglingur var á ræðinum í ræðu hans, verður hann að fyrirgefa, þó það verði ekki í sem skipulegastri röð hjá mjer. —

Hann gat þess fyrst viðvíkjandi aðferðinni, sem farin væri með þessari þingsályktunartillögu, að hún væri ekki heimiluð í stjórnarskránni. Það kann nú að virðast svo í fljótu bragði. En jeg skal geta þess, að jeg get ekki, hvorki í stjórnarskrá vorri nje þingsköpum, sjeð neitt því til fyrirstöðu, að tillöguform sje viðhaft í þessu máli eins og frumvarpsformið. Og víst er það, að í almennum löggjafarmálum er það orðin 20 ára gömul venja, sem enginn hefir haft neitt að athuga við, og allir telja vafalaust lögheimila, að beita þingsályktunarforminu, og að því er stjórnarskrármálið snertir, þá er mjög langt frá því, að nokkur ástæða sje til þess, að álíta þessa aðferð fremur ólöglega í því heldur en í öðrum málum; að þessi leið sje brot á 20. grein þingskapanna eða 21. gr. stjórnarskrárinnar er alveg rangt, þar sem hjer liggur hvorki fyrir lagafrumvarp nje breytingaratkvæði. Enda er jeg viss um, að hefði forseti verið fyllilega sannfærður um, að hjer væri um brot á stjórnarskránni að ræða, þá hefði hann í gær úrskurðað, að tillögunni skyldi vísað frá. Hefði svo þeim úrskurði hans verið skotið undir atkvæði deildarinnar, sem eflaust mátti gjöra ráð fyrir, og hún ályktað á móti úrskurði forseta, að tillagan skyldi ræðast, þá hefði hann eflaust lýst því yfir, að þetta lagabrot væri á ábyrgð deildarinnar, gengið úr forsetastólnum og lýst yfir, að deildin yrði að fyrirgefa, þó hann ljeði henni eigi hönd til þess, að brjóta lögin. Þetta mundi hafa verið hin eina rjetta aðferð af hendi forseta, ef hann hefði verið sannfærður um, að þessi aðferð væri, eins og hann vill

halda fram, ólögleg, jafnvel stjórnarskrárbrot. En að forsetinn ekki notaði þessa aðferð, sem jeg veit, að jafnglöggskyggn forseti án efa hefir sjeð opna fyrir augum sjer, sýnir það einmitt og sannar, að hann hefir sjálfur verið í öllu falli í vafa um, hvort hjer væri virkilega um nokkurt lagabrot að ræða. Deildin hefir nú skorið úr því, að hjer sje um ekkert laga- eða stjórnarskrárbrot að ræða, svo að mjer finnst það óþarfi fyrir þingmanninn, að gera sjer frekari samvizku út af því.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) tók það fram, að deildin hefði gjört rjett í því, að samþykkja stjórnarskrárfrumv. og hann ljet í ljósi viðurkenningu sína og þakklæti fyrir það, að deildin hefði látið frumv. fá hina »einu rjettu meðferð«. Mjer dettur í hug gamla orðtakið: »Litlu verður Vöggur feginn«. Hefði mjer verið það eins mikið áhugamál eins og h. þm. N. Þing. (B. Sv.), að frumv. yrði samþykkt, þá mundi jeg ekki hafa gert mig ánægðan með það atkvæðamagn, sem það hlaut hjer í deildinni. (*Benidikt Sveinsson*: Það þurfti ekki meira). Það þurfti ekki meira, segir h. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Jeg mundi ekki hafa gert mig ánægðan með svo fá atkvæði í þessu máli. Jeg er á annari skoðun en h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í því efni. Jeg álít það hefði verið miklu rjettara, að afgreiða ekki málið í frumv.formi með svo litlum atkvæðamun, ekki vegna þess, að frumv.formið í sjálfu sjer sje að mínu áliti röng leið, heldur vegna þess, að það er öllum vitanlegt, að það er mikill flokkur, sem er óánægður einmitt með þetta frumv. í þessum búningi, sem h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) kallaði »þjóðbúning«, en sem alls ekki er þjóðbúningur. Það er mjög svo óheppilegt og ópólitiskt, að þvinga áfram frumv., sem mikill hluti þjóðarinnar er óánægður með, þegar kostur er á annari betri leið, sem líklegri er til einhvers árangurs. Það er óhyggilegt að taka ekkert tillit til þeirra óánægjuradda með þetta frumv. og móti þessari aðferð, sem þegar eru farnar að heyrast frá miklum hluta þjóðarinnar.

Ein af aðal-kenningum hins h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) er sú, að frumvarpið og sjálfsstjórnarkröfurnar sjeu eitt og hið sama; enginn geti talizt »sjálfsstjórnarmaður«, ef hann sjái blett eða hrukku á frumvarpinu. Þetta er mjög hættulegur misskilningur, en h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir nú hin síðustu ár lagt sig mjög fram til að breiða þetta út í ræðum og ritum. — Hann hefir barið þetta fyrst inn í sjálfan sig og síðan með öllu móti prjedikað það fyrir þjóðinni, að þetta frumvarp og sjálfsstjórnarkröfur Íslands væri eitt og hið sama, og á þessum rammfalska misskilningi hefir hann svo byggt sína stjórnarbaráttu. Og hafi nokkur dirfzt að anda hið minnsta þar á móti, hefir hann óðar verið bannfærður sem föðurlandssvikari, og kveðinn niður með kenningunni: »Guð er einn og Múhamed hans spámaður«. Það er: »Málið« og frumvarpið er eitt, og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) »spámaður« þess. — Það mundi nú bezt koma í ljós, hvort þetta frumv. og sjálfsstjórnarkröfur Íslands eru eitt og hið sama, ef stjórnin tæki innihald þingsál. upp í frumvarpsformi, gjörði það allri alþýðu kunnugt, og leysti svo upp þingið og legði það frumv. fyrir hið ný-kosna þing. Jeg efast ekki um, að þá mundu menn sjá, að trúin á þetta frumvarp eitt er: oftrú eða hjátrú.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) gat ekki fundið neitt að innihaldi þingsályktunartillögunnar, hann vefengdi það ekki, að í henni væri haldið fram öllum aðalatriðunum í sjálfsstjórnarkröfum vorum;

það eitt, sem hann gat fundið henni til foráttu, var, að hún nefndi ekki »ráðgjafa« með því nafni. En þar er nú nefndur »æðsti stjórnandi«, sem hefir sama vald og sömu ábyrgð sem »ráðgjafi« og hefir öll einkenni þingbundins stjórnanda; það á svo sem ekkert að duga; nafnið á svo sem að vera aðalpósturinn. Ef slíkt er ekki viðsjáll orðaleikur hjá þingmanninum, þá veit jeg ekki, hvað orðaleikur er. Mjer stendur alveg á sama, hvort hann er nefndur ráðgjafi, landshöfðingi eða landsstjóri, þessi æðsti, þingbundni stjórnandi, ef hann að eins hefir ábyrgð gagnvart þinginu á stjórnarathöfnum sínum. — Jeg tek það sjerstaklega fram, að það er mjög svo varhugavert, að taka ekki til greina þær raddir, sem rísa á móti frumv., og öllu fremur gjöra sjer far um, að vinsa úr því allt það, sem flestir geta orðið sammála um. Það er varhugavert að reisa baráttu á óþörfum og óvinsælum grundvelli, ef hægt er að fá skýrari og betri grundvöll, vegna þess að ágreiningur um einstök atriði — ef til vill óveruleg atriði — getur leitt illt af sjer fyrir málið sjálft — aðal-kjarna málsins. Það tjáir alls ekki í þannig löguðu máli, að ana áfram blindandi í einstrengingsskap; það er vísasti vegurinn til að »reka höfuðið í vegginn«, sprengja málið í mola og eyðileggja það.

Jeg skil ekki, hvernig þm. vildi rangfæra orð nefndarinnar í nefndarálitinu þannig, að hún gæfi í skyn, að hjer ætti sjer stað linun í framsókn þjóðarinnar í þessu máli. Þar stendur: »Vjer álítum þetta eigi vott um það, að menn vilji að efni til víkja frá þeim kröfum um sjálfsforræði, er þjóðin ætíð hefir haldið fram, en þessar raddir er vaknað hafa, eru augljós vottur þess« o. s. frv. Þm. hermdi þess vegna orð nefndarinnar þveröfugt. Þessar raddir, sem nefndin minnist á, hafa komið fram á þingmálafundunum og liggja til sýnis á lestrarsalnum. (*Benid. Sveinss.*: Ómerkilegar raddir). Þm. er ekki betri dómari um það en jeg. Það dugar ekki að loka augunum og vilja ekki sjá það, sem allir sjá og geta sjeð, og berja svo blákalt áfram eitthvað, sem aðrir ekki geta sjeð eða skilið. Þeir, sem hafa augun opin og eru á þeirri skoðun að þetta mál sje ekki öðrum málum svo frábrugðið, að ekki megi líta á það með heilbrigðri skynsemi, þeir verða að reyna að afstýra þeim skaða, sem slík blindingsaðferð getur gjört málinu. Þeir, sem enga skynsemi vilja þýðast, þeir auðvitað hamast þangað til þeir reka höfuðið í vegginn.

H. þm. (B. Sv.) minntist á að þær raddir, sem komið hefðu fram gegn frv., væru fávitaæði, sem ekki ætti að taka til greina, vegna þess að þær kæmu í bága við Þingvallafundinn. Hann furðaði sig á því, að jeg skyldi ekkert tillit taka til Þingvallafundarins og spurði mig æði borginmannlega, hvort jeg þyrði að slá strykið yfir samþykktir þess fundar, hvort jeg þyrði að virða að vettugi vilja þess fundar, sem hann líkti við dómstól. Jeg kannast nú ekki við að Þingvallafundur hafi neina lögsögu eða dómsvald, hvorki yfir þinginu, einstökum kjördæmum, nje yfir sannfæringu nokkurs einasta þingmanns. Þær eru víst líka æði skoplegar, rjettarfarsreglurnar við þann »dómstól«. Eptir þeim rjettarfarsreglum, sem jeg hef vanizt, þá hefir það verið svo, að þegar einhverjum er stefnt fyrir rjett til að heyra dóm upp kveðinn yfir sjer, þá er tiltekinn staður og stund í stefnunni, sem mæta beri á, því að öðrum kosti má alls eigi kveða upp dóm yfir hinum stefnda, ef hann ekki mætir. Þingvallafundarstefnan var nú að sögn nokkuð í handaskolum, þar sem hún

var í tveim útgáfum og sinn dagur tilnefndur í hvorri, og enginn vissi, hvor rjettur var, en með því dómstóll sá vitanlega er hátt upphafinn yfir öll lög, þá má nærri geta, að rjettarfarsreglurnar við þann dómstól eru það líka. »Miklir menn erum vjer Hrólfur minn«! Þm. (B. Sv.) verður að fyrirgefa mjer, þó jeg taki ekki mikið mark á slíkum belging. Jeg tek að eins tillit til vilja kjósenda minna og minnar eigin sannfæringar; en um Þingvallafund eða hans gjörðir varðar mig ekkert. Að Þingvallafundur sje eins konar »pólitiskur« dómstóll, sem hafi gefið eða geti gefið þingmanninum fullmakt til að upp kveða »pólitiskan« dauðadóm yfir þingmönnum, er fásinna, barnaskapur; jeg hefi heldur ekki heyrt, að þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafi fengið neitt umboð frá Þingvallafundi til þess að kveða upp slíka dauðadóma. Það væri gaman að fá að sjá þá fullmakt. Jeg er hálf-smeikur um, að þeir dauðadómar hans reynist fljótlega »ómerkir«. Slíkt og þvílíkt dugir ekki að bera fram, að ætla sjer að leggja meiri áherzlu á það, sem slíkur fundur flaustrar af á minna en ½ tíma, en það sem þingið gerir eptir fleiri vikna samvizkusamlega íhugun, — að leggja meiri áherzlu á það, sem ábyrgðarlausir menn, er sigað er saman sitt úr hverju landshorni, sjóða saman á hálfum degi, en á margra vikna alvarlegt starf gætinna og reyndra þingmanna, sem hafa fulla meðvitund um ábyrgð þá, er á þeim hvílir, það kalla jeg fávitaæði. Hvort sem Þingvallafundur er skoðaður sem »pólitiskur« fundur eða dómstóll, álít jeg hann gersamlega þýðingarlausan gagnvart yfirlýstum vilja kjósenda á þingmálafundum, og tek ekki tillit til neins af því, sem hann segir. En þar á móti legg jeg mikla áherzlu á það, sem fulltrúar þjóðarinnar segja hjer á þingi.

En svo er nú að skoða betur þennan Þingvallafundar-þjóðvilja og þessar yfirlýsingar nokkurra þingmálafunda um að halda fram frumv. óbreyttu. Þegar þess er gætt, að mál þetta hefir víst mjög víða legið svo fyrir fundunum, eins og ekkert væri annað að gjöra en annaðhvort að halda þessu frumv. óbreyttu eða sleppa öllum sjálfsstjórnarkröfum, eptir kenningunni: »Frumvarpið og sjálfstjórnarkröfurnar eru eitt«, þá var það ekki neitt efamál, að hverju fundirnir mundu hallast. Þegar svo jafnframt þess er gætt, hvernig þetta hefir verið barið inn í menn með ofsa, svo að það liggur við, að farg hafi verið lagt á frjálsa hugsun og heilbrigða skynsemi manna í þessu máli, nokkurskonar sannfæringarfarg, þá fara nú slíkar yfirlýsingar að verða þýðingarlitlar í mínum augum. En það er öllum ljóst, hverri aðferð hefir verið beitt í þessu máli, til þess að berja frv. áfram og halda við blindri trú á það hjá þjóðinni; sú aðferð hefir einmitt miðað til að leggja farg á sannfæring manna, svo að enginn skyldi þora móti að mæla, hvað svo óánægðir sem þeir væru. Við þá, er ekki vilja blindandi trúa öllum öfgum í þessu máli, hefir verið beitt nokkurskonar »terrorisme«; þeir hafa strax verið kallaðir föðurlandssvikarar, ef þeir hafa haft nokkuð að athuga við frv. Þeir hafa strax verið gjörðir tortryggilegir í augum þjóðarinnar, ef þeir hafa sjeð nokkurn blett eða hrukku á þessu frv., sem á að vera það eina rjetta og sanna, þessu frumv. sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að væri »þjóðbúningurinn«, en er svo langt frá að vera það, þar sem það er kórónað með aldönskum höfuðbúningi, aldanskri stromphúfu, landstjóranum.

Það hefir áður verið tekið skýrt fram, að skipun landstjórans eptir frv. væri sameiginl. mál, sem þessvegna heyrði

undir ríkisráðið. Eptir því getur ríkisráðið danska sent okkur aldanskan þverhaus, sem getur spyrnt móti öllum framförum hinnar íslenzku þjóðar. Þetta eitt vona jeg að sje nægilegt til að sýna, að þetta frv., þessi aldanska skotthúfa, er alls ekki það eina og bezta ráð til að fá sjálfstjórnarkröfum vorum fullnægt.

Það þarf ekki meira en heilbrigða skynsemi til að sjá, að frv. er í mörgum atriðum ábótavant, að það er óþarflega kostnaðarsamt, óhentugt og með ýmsum fleiri annmörkum; jeg vona að h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) neyði mig ekki til að ganga ýtrar inn á fleiri atriði, sem viðsjárverð eru í því. En þetta frv. hefir verið barið áfram og allir kallaðir rangeygðir, sem nokkurn galla geta fundið á því. Það minnir mig á tröllin, sem endilega þurftu að skera í augun á Per Gynt, svo að hann yrði tileygður og sæi ekki gallana hjá þeim. (*Skúli Thoroddsen*: Þm. samþ. þó frv. 1893). H. þm. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði samþykkt frv. 1893. Mjer þykir það mikið gott, að mjer gefst tækifæri til að minnast á þetta atriði. Þingmönnum er öllum kunnugt, hvernig í þessu liggur, því á almennum privatfundi lýsti jeg þá því, að jeg væri ósamþykkur ýmsum atriðum frv. Að jeg ekki þá þegar gjörði mótspyrnu móti frumv. var af því, að jeg vildi ekki, eins og málið þá horfði við, og af því frumvarpsvegurinn var þá ekki eins þrautreyndur og nú, koma á stað fyrirsjáanlegri úlfúð og sundrungu á þinginu, og hins vegar af því, að þó frv. sje í mörgu ábótavant, þá inniheldur það þó aðalatriðin úr sjálfstjórnarkröfum vorum, sem nú eru tekin upp í þingsál.till. Jeg lýsti því þá yfir, svo það veit hvert mannsbarn, að jeg var ósamþykkur ýmsum ákvæðum frumv., þótt jeg hafi ekki greitt atkvæði móti því í heild sinni, enda var það öllum vitanlegt, að frv. mundi ekki ná staðfesting, svo að það var að eins að skoða sem áskorun til stjórnarinnar um að sinna málinu. Það væri betur, að enginn h. þm. hefði dekkri blett á samvizku sinni í því máli en jeg fyrir þetta.

Það er ekki rjett, sem h. þm. (B. Sv.) segir, að það sje nefndin í þessu máli, sem hafi skipt þjóðinni í flokka, og að flokkar þessir sjeu alls ekki til, heldur hefir hún að eins skýrt frá, hvernig samþykktir þingmálafundanna eru í raun og veru. Það er þjóðin sjálf, sem hefir skipt sjer í flokka og hún hefir fullt leyfi til að láta skoðun sína í ljósi og brjótast undan því sannfæringarfargi, sem h. þm. (B. Sv.) hefir haldið henni undir, með því að ógna mönnum með því, að allir þeir, sem annan flokk skipuðu en hann vildi, væru bannfærðir og brenndir sem föðurlandssvikarar. (*Benedikt Sveinsson:* Ósatt). Nei, því er ver og miður, að hjer er of mikill sannleikur á bak við.

Það mun engum geta blandazt hugur um, að rjettara sje að snúa sjer nú eindregið að þingsályktunartillögunni, þar sem útsjeð er um frumv. á þessu þingi, enda efast jeg ekki um, að menn muni sjá það, er fram í sækir. Annars kemur ekkert fram frá þinginu að þessu sinni í málinu.

Þetta er mjög augljóst mál frá upphafi, eins og það hefir legið fyrir þinginu. Hjer liggur á aðra hliðina fyrir frumv., sem fjöldi manna er óánægður með, og á hina hliðina tillaga, sem tekur fram allt það, sem er vilji þjóðarinnar og allir eru að efni til ánægðir með, sem sjálfstjórn vilja. Það getur því varla nokkrum blandazt hugur um, hvoru rjettara sje að fylgja, þótt hvorttveggja lægi fyrir, hvað þá úr því frv. er fallið. (*Benedikt Sveinsson:* Garanti?). Að tillagan inniheldur næga

»garanti« eða trygging í sjálfstjórnarkröfum vorum, það sjest bezt á því, að h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sjálfur gat ekkert að innihaldi hennar fundið, og hafði hann þó hug og vilja á því. Það eina, sem hann fann, var, að »ráðgjafa«-nafnið var ekki brúkað. Þetta verður h. þm. (B. Sv.) líka að viðurkenna, ef hann hefir ekki alveg lokað augunum fyrir allri þekkingu á »statsrjetti«. Hjer eru uppfylltar allar þær kröfur, sem sjerhver þjóð þarf til að geta stjórnað sjer sjálf. — En það er auðvitað annað en frumv. — Það er annað en landstjórinn og aðrar viltar hugmyndir, sem í frumvarpinu felast, og þess vegna er h. þm. N. Þing. svo óánægður með tillöguna.

H. þm. (B. Sv.) var að tala um, að hann vildi ekki samþykkja tillöguna fyr en þjóðin hefði sagt álit sitt um hana, og að fulltrúar þjóðarinnar 1895 mundu bregðast kjósendum sínum, ef þeir samþykktu hana og slepptu þar með öllum sjálfstjórnarkröfum vorum.

Jeg geri ráð fyrir, að till. verði samþykkt og þá vildi jeg óska, að kröfur hennar væru teknar að öllu leyti til greina og lagðar undir dóm þjóðarinnar, á þann hátt, að stjórnin leysti upp þingið og legði nýtt frumv. með þessu innihaldi fyrir þingið 1896; þá mundu menn sjá, hvort mætti sín meira; hvort ekki mundi heillaríkari í skynsamra manna augum tillagan, sem uppfyllir allar sjálfstjórnarkröfur vorar, eða frv., þetta bákn, sem engin von er um að fáist staðfest, og sem auk kjarnans er fullt af ýmsum óheppilegum og óþörfum ákvæðum. Jeg hefi þá trú, að þrátt fyrir allan ofsann í þessu máli, sje enn eptir svo mikið heilbrigt vit í þessu máli hjá Íslendingum, að þeir verði fljótir að átta sig á, hvorum megin er verkleg stefna og hvorum megin orðaflug, sem ekki vinnur annað gagn en orðahljóminn hjer í þingsalnum. Jeg vildi gjarnan óska þess, að þetta yrði sem fyrst lagt undir álit þjóðarinnar; jeg þykist vita, hvorri stefnunni hún muni fylgja. Það er auðvitað, að þeir eiga örðugt með að átta sig á slíku, sem liggja undir sannfæringartarginu, en jeg vona, að það komi sú breyting á þetta eptir þetta þing, að hjeðan af verði ekki allir bannfærðir, þótt þeir efist um, að þetta frumv. sje eins mikið gull og menn hafa látið í veðri vaka. Hvað það snertir, að segja að fulltrúar þjóðarinnar hafi brugðizt þjóðinni í þessu máli, þá neita jeg því algjörlega, þvert á móti, því þingmálafundirnir segja hið gagnstæða, og jeg er viss um, að jafnvel á þeim þingmálafundi, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) var sjálfur, hefði tillögustefnan verið samþykkt, ef málið hefði legið þar fyrir eins og það hefir legið fyrir alþingi og hefðu kjósendur haft tíma og ráðrúm til að setja sig glögglega inn í málið og það verið rætt frjálslega, og menn hefðu fullkomlega þekkt afstöðu þess. Það er hægt að fá menn til að segjast vilja samþykkja frumv. óbreytt, ef þeim er jafntramt gefið inn, með tilbærilegum orðum, að þeir sem eigi geri slíkt, skrifi sig undir ríkiseininguna, ofurselji sig hinni dönsku stjórn, eða með öðrum áþekkum orðum og h. þingm. (B. Sv.) brúkaði áðan.

Það var annars nógu gaman, að veita því eptirtekt, hvernig »tónarnir« fóru hækkandi stig af stigi eptir því sem fram í ræðu þm. (B. Sv.) sótti. Stóryrðin fóru vaxandi, þannig:

1. að tillagan ógnaði landsrjettindum Íslands;
2. að hún væri »pólitisk capitulation«;
3. að hún væri samþykkt á innlimunarhugmyndinni, sem kom fram í stjórnarfrumv. til 1874;

4. að menn vildu knjekrjúpa fyrir ríkisráðinu;
5. að meiri hlutinn vildi falla flatur fyrir ríkisráð Dana.

Það er auðsjeð, að h. þm. (B. Sv.) er að tala sig í hita; hann er allt af að færa sig upp á skaptið og óafvitandi kemst hann alveg upp í loptið og gleymir alveg, hvað hann er að tala um, en er farinn að tala í hugmyndum, sem gátu átt við kring um 1865, en sem nú koma alveg þveröfugar við eyrum manna hjer á þinginu, því hjer er eigi verið að tala við neina einvalda stjórn, nje við ríkisráð Dana. Það er ómögulegt að segja, að þeir sem samvizkusamlega hafa unnið að tillögunni hafi brugðizt, þótt þeir vilji fá verklegum kröfum framgengt, sem miða til þess, að þjóðin verði pólitiskt frjáls.

H. þm. (B. Sv.) sagði, að þjóðin mundi ekki skerpast í sjálfstjórnarbaráttunni, þótt tillagan væri samþykkt og fengi svo engan árangur.

En jeg þykist geta fullyrt, að svo muni fara. Það er óefað, eins og skýrt er tekið fram í nefndarálitinu, að hefði frumv. gengið gegn um þingið nú, þá hefði málið farið á sundrung jafnvel á næsta þingi. Hjer þurfti því að finna heppilegri veg, veg, sem öllum væri skiljanlegur, og það hefir meiri hlutinn gert, og á þeim vegi verða eigi sjeðar verulegar hindranir. Margir vilja reyna þetta form, og margar raddir eru óánægðar með frumv., meðan þessi vegur er ekki reyndur. Ef þessi vegur reynist líka árangurslaus, þá verður hætt að tala um hann, og þá fylgja menn eindregnar því frv., sem menn þá koma sjer niður á. Hjer er engum kröfum sleppt og er því óheppilegt að hindra menn frá að standa betur að vígi í baráttunni á eptir. *(Benedikt Sveinsson*: Hvernig?). Ef tillagan reynist árangurslaus, þá munu þeir, sem tillögunni fylgja nú, reyna að koma sjer saman við h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um nýtt frumv., sem er betur sniðið eptir okkar kröfum en þetta danska skotthúfufrumv., sem hjer hefir legið fyrir; það getur hver maður með heilbrigðri skynsemi skilið. Þetta atriði í ræðu h. þm. (B. Sv.) á því ekki við mikil rök að styðjast.

Öll hin hjartnæmu orð h. þingm. (B. Sv.) um framsóknarvilja og áhuga á þessu áhugamáli þjóðarinnar er jeg honum þakklátur fyrir og þau eru til mikils stuðnings fyrir þingsályktunartillöguna. Það er gild ástæða til að ætla, að tillagan verði til þess, að vjer fáum að minnsta kosti nokkrar verulegar bætur á stjórnarháttum vorum, þannig, að ábyrgð stjórnarinnar verði fyllri og sjerstök mál Íslands verði skilin frá ríkisráðinu, og væri það hvorttveggja til mikils hagnaðar fyrir landið. Vjer þurfum að fá meiri alvöru í okkar mál hjer á þinginu. Menn finna hjer of lítið til þeirrar ábyrgðar, sem á þingmönnum hvílir, og kemur það meðal annars af því, að ályktanir þingsins hafa svo opt verið virtar að vettugi, og þeim synjað staðfestingar. Hefir því þingið of opt afgreitt mál hugsunarlítið, því það hefir vakað óljóst fyrir mönnum, að stjórnin mundi ekki staðfesta. Þessi rekspölur hefir »demoraliserað« þingið, en það er vonandi, að þingið mundi taka stakkaskiptum og mundi betur finna til ábyrgðar þeirrar, sem á því hvílir, ef lagasynjanirnar væru færri, en það mundi taka algerðri breytingu, ef ábyrgð stjórnarinnar væri fullkomnari. Jeg er þakklátur h. þm. (B. Sv.) fyrir, hve ljóslega hann tók þetta fram, og hve mikla áherzlu hann lagði á þetta.

Jeg hygg jafnvel að ef h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefði atkvæðisrjett hjer í deildinni mundi hann í samræmi við

það sem hann í þessu efni tók fram, hljóta að verða með till., því hjer liggur ekki fyrir annað verklegt, sem árangurs er vonandi af, og frá mínu sjónarmiði er það ábyrgðarhluti að sporna við málinu, svo að þessi verklegi árangur spillist. Mjer er óskiljanlegt, að menn geta gjört þetta að slíku kappsmáli. Því að hjer sje að ræða um verulegt hagsmunamál fyrir þjóðina, held jeg ætti að vera öllum ljóst. Jeg efast ekki um, eptir því sem h. þm. N.Þing. (B. Sv.) gaf í skyn, að hann telji okkur, sem fylgjum till. fram, föðurlandssvikara. En það segi jeg. að sje sannfæring h. þm. um ágæti frv. byggð á eins hreinum og skýrum rökum, eins og mín sannfæring um þýðingu till., þá þarf hann ekki að bera neinn kinnroða. Jeg hefi sagt það áður, og tek það upp aptur, að sá sem hefði viljað eyðileggja stjórnarskrármálið nú, hann hefði helzt átt að berja það í gegnum báðar deildir á þessu þingi.

Jeg tala svo ekki meira að sinni, en mjer gefst væntanlega tilefni til að svara síðar.

— Þá hafði fundur staðið 3 stundir og var honum þá frestað til kl. 5 e. h. og síðan eptir ósk nokkurra þm. frestað til kl. 10 f. h. daginn eptir.

Var þá, 15. ágúst kl. 10 f. h., fundurinn settur aptur og tekið til umræðu:

Frumvarp til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi (C. 284); 2. umr.

Einar Jónsson: Mál þetta hefir að vísu fengið góðar undirtektir bæði í Ed. og eins við 1. umr. hjer í deildinni, en jeg vildi þó benda á aðalinnihald þess í von um, að það megi fá sömu undirtektirnar áfram. Frv. fer fram á að landsstjórnin megi kaupa 1/8 hluta úr jörðinni Brjámslæk í Barðastrandarsýslu, sem er bændaeign, fyrir 2000 kr., svo að jörðin öll geti orðið eign prestssetursins, og að frá sama tíma og kaupin eru gjörð, falli niður 80 kr. af uppbót þeirri, sem Brjámslækjarprestakalli er ákveðin í gildandi lögum úr landssjóði. Þó þess vegna sje farið fram á að leggja út 2000 kr. fyrir þennan jarðarhluta, þá er það í raun og veru enginn skaði fyrir landssjóð, þar sem hann fær aptur árlega frá prestakallinu upphæð, sem svarar 4% af því fje, sem hann leggur út. Í h. Ed. var að vísu farið fram á, að láta prestakallið einnig afborga höfuðstólinn, en deildin fjell frá því, enda virðist þess ekki þurfa, úr því, landssjóður fær allt af fulla vexti af fje því, sem hann leggur út, og bíður þannig engan skaða.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. m. 18 atkv.
2. — — — — 17 —
Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumvarp til laga um stofnun lagaskóla (C.306, 338, 343, 345, 356); 2. umr.

Valtýr Guðmundsson: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er búið að standa lengi á dagskrá þjóðarinnar og hefir verið henni töluvert áhugamál. En mjer finnst að þetta mál, eins og sum fleiri mál, hafi verið sótt fremur af kappi en forsjá. Jeg skal játa að full þörf væri á kennslu í íslenzkum lögum og að það væri gott að menn ættu kost á að rannsaka íslenzk lög; en á hinn bóginn hygg jeg, að menn hafi ekki fullkomlega athugað þann kostnað, sem slík kennslustofnun hefði í för með sjer. Eins og kostnaðurinn tekur sig út í 3. gr. frumv., er hann að vísu ekki svo mikill, þar sem hann ekki er

meiri en 9300 kr.; en þetta er að eins laun kennaranna, því seinast í greininni stendur: öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði. Menn geta bezt gjört sjer ljósa hugmynd um, hver þessi útgjöld eru, með því, að taka til samanburðar útgjöldin til prestaskólans. Önnur útgjöld en laun yrðu þá þessi:

a,	húsaleiga um	500	kr.
b,	til bókakaupa	300	—
c,	— eldiviðar og ljósa . .	100	—
d,	— umsjónar	100	—
e,	ýmisleg útgjöld	200	—
f,	til þess að gefa út kennslub.	250	—
g,	húsaleigustyrkur, t. d handa 6 lærisveinum	480	—
h,	ölmusur, t. d. handa 6 lærisveinum . , ...	300	—
Þetta verða til samans .		kr. 2230	—

Þá hefir verið gjört ráð fyrir, að kandidatar frá lagaskólanum þyrftu siglingastyrk til að fullkomna sig erlendis, og ef kennslan ætti að vera í lagi, þá þyrftu kennararnir líka að fá styrk til að fara utan öðru hverju, t. d. annaðhvort ár. Það mun vera meiningin, að þessi skóli veiti líka fræðslu eða gjöri líkt gagn og lögfræðisdeild háskólans; en það er orðin venja við háskóla að professorar ferðist annaðhvort ár, og til þeirra ferða fá þeir styrk. En ef það þykir þörf að kennarar t. d. við háskólann í Kaupmannahöfn ferðist til annara landa, þá má geta nærri að þörfin muni vera enn brýnni fyrir kennara hjeðan, ekki sízt þegar litið er til þess, hve mikið liggur í söfnum í Kaupmannahöfn, er snertir rjettarsöguna. Þangað þurfa kennarar frá lagaskólanum því endilega að fara til að rannsaka skjalasöfnin. Við útgjöldin til skólans bætist því ferðastyrkur, og ef jeg geng út frá, að kennararnir ferðist annaðhvort ár, þá má gjöra styrkinn til þeirra 1000 kr. á ári, en ferðastyrk kandídata gjöri jeg 700 kr. Eru þá útgjöld auk launa orðin 3930 kr. á ári, en með launum verður árlegur kostnaður við skólann eptir því 13230 kr. Næst skulum vjer sjá, hvað muni vera þörf fyrir marga lögfræðisembættismenn á ári, og hvað muni vera þörf fyrir marga lögfræðiskandídata frá skólanum á ári. Nú sem stendur eru 28 lögfræðingar í embættum, þ. e. 17 sýslumenn, 1 bæjarfógeti, 2 amtmenn, 3 yfirdómarar, 1 landfógeti, 1 landritari, 1 landshöfðingi, 2 yfirrjettarmálaflutningsmenn. Þá er spursmál um, hvað þurfi marga kandídata á ári til að fullnægja lögfræðingaþörfinni. Jeg hefi farið yfir lögfræðingatal M. Stephensens í Tímariti Bókmenntafjelagsins og skrifað upp embættisáratölu lögfræðisembættismanna á þessari öld og seinni hluta næstliðinnar aldar, og fengið út 29½ ár að meðaltali. Nú eru lögfræðisembættin 28, og þarf þá að útskrifast tæplega 1 kandídat á ári. Fáum vjer þá út að hver kandídat frá hinum fyrirhugaða lagaskóla mundi kosta landssjóð 13230 kr., ef reikningur minn er rjettur, en jeg vona að ekki sje mikið út á hann að setja.

Þá kemur annarsvegar fram sú spurning, hvort ekki sje miklu ódýrara að læra hjer heima en í Kaupmannahöfn. Jeg skal reyna að sýna fram á, að það er, þvert á móti, heldur dýrara að nema lög hjer en í Kaupmannahöfn.

Jeg gjöri námstímann í Khöfn 5½ ár að meðaltali og 10½ mánuð á ári. Auk Garðstyrks í 4 ár gjöri jeg 25 kr. á mánuði, eða 300 kr. á ári, alls kr. 1200 á 4 árum. Ennfremur eptir Garðtímann 70 kr. á mánuði í 1½ ár . . . . . kr. 1260
Loks gjöri jeg til ferðarinnar fram og aptur . . . . . kr. 200
Kostnaður hvers kandídat í Khöfn er þá . . . . . kr. 2660

Hver verður nú kostnaður við sama nám í Reykjavík? Jeg gjöri ráð fyrir að ætlazt sje til að veitt verði eins fullkomin lagakennsla hjer eins og í Khöfn, og þó sjálfsagt mætti sleppa einhverju, sem kennt er við háskólann, t. d. í dönskum lögum, þá kemur í staðinn sjerstök og nákvæm kennsla í íslenzkum lögum. Hjer standa skólarnir ekki eins lengi á ári eins og í Kaupmannahöfn. Jeg gjöri að kennslutíminn verði hjer 9 mánuðir á ári, og ef jeg til jafnaðar við kennslutímann í Khöfn gjöri, að lögfræðisnámið hjer vari að meðaltali í 6 ár, þá verður námstíminn hjer 54 mánuðir á móts við 58 mánuði í Khöfn. Kostnaður við lögfræðisnám hvers kandídats í Reykjavík má þá gjöra ráð fyrir að verði: 60 kr. á mánuði í 6 ár (9 mánuði á ári) . kr. 3240
Ferðakostnaður: 50 kr. á ári — 300
eða kr. 3540
En þar frá dregst ölmusu- og húsaleigustyrkur 130 kr. á ári, eða í 6 ár . . . . — 780
Svo kostnaðurinn verður alls kr. 2760 eða 100 krónum meiri en kostnaður lögfræðisnemans í Kaupmannahöfn. Vjer sjáum þá, að afleiðingin af því, að stofna lagaskóla í Reykjavík verður sú, að hver lögfrægisnemi kostar 100 kr. meira til námsins í Reykjavík úr eigin vasa en námið kostar í Khöfn og að hver nemandi kostar landið 13230 kr. á ári. Nú er spurningin þessi: Er tilvinnandi að verja svona miklu fje fyrir að fá þessa lagakennslu hjer heima? Hafa menn yfirvegað vel þessa spurningu? Verður lagakennslan svo miklu betri hjer heima í íslenzkum lögum, að tilvinnandi sje, að kosta til hennar svona miklu fje. Jeg skýt því til lögfræðinga þeirra, sem sæti eiga hjer í deildinni, og numið hafa lög við háskólann í Khöfn, hvort þeim hafi verið ómögulegt að gegna embættum hjer á landi með þeirri lögfræðisþekkingu, sem þeir gátu aflað sjer þar. Í annan stað skal jeg geta þess, að þar sem menn kvarta undan því að íslenzk lög verði ekki lærð við háskólann í Khöfn, þá stendur einmitt svo á, að þessa fræðslu má fá við háskólann, undir eins og lögfræðiskandídat hefir sýnt, t. d. með ritgjörð, að hann er fær um að kenna þar íslenzk lög, og vill takast það á hendur. Staðan stendur mönnum opin. Þessu vildi jeg skýra frá, ef mönnum væri það ókunnugt. Um þetta geta allir lesið í Árbók háskólans. En það hefir ekki enn verið hægt að fá mann í þessa stöðu, því allir lögfræðingar hafa rokið í embætti hjer heima.

Jeg veit að mönnum hefir verið þetta mál töluvert áhugamál, en jeg held að þeir hafi ekki skoðað það vel frá öllum hliðum. En þó jeg sje því ekki meðmæltur, þá skal jeg ekki leggja neinn þröskuld í veginn fyrir það. Jeg hefi að eins viljað benda á lögfræðinga þörfina annars vegar og kostnaðinn við lagaskólastofnunina hins vegar.

Að kennslan sjálf geti ekki orðið eins góð hjer eins og við háskólann í Khöfn, eins og stjórnin hefir haldið fram, því get jeg ekki samsinnt, svo framarlega sem fengizt geta góðir kennarar. Hjer er að ræða um bókleg vísindi, sem má eins kenna norður á Spitsbergen eins og í Kaupmannahöfn, ef að eins eru til kennarar. En að skipa gamla embættismenn sem kennara við lagaskólann, það lízt mjer ekki á, enda er það þvert á móti því, sem gjört er við háskólann. Þar eru vanalega fremur ungir menn, sem sýnt hafa einhvern dugnað sem vísindamenn, skipaðir í prófessoraembættin. En að því er laganámið í Khöfn sjálft snertir, þá eru það mest ungir kandídatar sem kenna, en prófessorarnir vinna lítið annað að kennslunni en að prófa kandí-

datana, þegar þeir eru orðnir fullnuma. Að sönnu halda prófessorarnir fyrirlestra, en þeir eru tiltölulega illa sóttir, og jeg veit þess fleiri dæmi, að lögfræðingar hafa aldrei komið á háskólann fyrri en þeir ganga þar upp til prófs, en hafa lært allt úti í bæ hjá ungum kandídötum, og þó fengið 1. einkunn. Ef nú ungir kandídatar geta kennt mönnum lögin til hlítar í Khöfn, þá ættu þeir líka að geta gert það hjer, og það því heldur, sem kennslan hjer yrði aðallífsstarf þeirra, en í Khöfn er kennslan að eins aukavinna, sem þessir kandídatar grípa til í tómstundum sínum til þess að auka tekjur sínar. Frá þessu sjónarmiði sje jeg því ekki ástæðu til að hafa á móti lagaskóla, en kostnaðarspursmálið, — það er annað mál, og það vil jeg biðja menn að athuga vandlega.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg á hjer fáeinar breyt.till. á þingskj. 343, sem jeg vildi minnast nokkuð á. Tvær hinar síðari breyt.till. eru að eins orðabreytingar. Fyrsta breytingartillagan, sem hefir dálitla þýðingu, þó hún sje ekki löng, fer fram á, að í upphafi 5. gr. bætist inn í orðið »einir« á eptir »þeir«; það er sem sje þar með gjört að skilyrði fyrir lögfræðisembættum hjer á landi, að menn hafi leyst af hendi burtfararpróf við skólann. Fái skólinn ekki þann einkarjett, að senda frá sjer þá menn, sem eiga að beita þeim lögum, er gilda hjer á landi, þá fæ jeg ekki sjeð, hvað hann á að gjöra; mjer er það reyndar ekkert kappsmál að koma þessari breytingu inn í lögin, en jeg verð að lýsa yfir því, að jeg álít skólann að öðrum kosti, verði þetta skilyrði ekki sett inn, þýðingarlítinn eða þýðingarlausan. Það gefur að skilja að skólinn mun ekki verða svo úr garði gerður, að hann geti keppt við háskólann í Khöfn; það er ekki von á því, að kandídatar frá þeim skóla njóti meiri rjettar en kandídatar nú frá lækna- og prestaskólanum, til móts við kandídata frá Khöfn.

Jeg býst að vísu við því, að þar sem þessi breyt.till. stefnir að því, að gjöra skólann svo, að hann verði að verklegu gagni, þá muni hún eiga erfitt uppdráttar í deildinni, en jeg verð samt að álíta það skyldu mína að bera hana fram. Skólinn verður svo dýr, að það er viðurhlutamikið að setja hann á fót, ef maður sjer fram á, að hann muni ekkert fá að starfa, ekkert gagn vinna landinu; kostnaðurinn til skólans verður mikill, laun handa tveim kennurum auk alls annars. Jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði með skólanum, nema jeg sjái fram á, að skólinn muni gjöra verulegt gagn; og verulegt gagn kalla jeg að skólinn gjöri, ef hann gefur lögfræðiskandídötum dálítla þekkingu í íslenzkum lögum, sem þeir hafa alls ekki nú, því það er óhætt að segja að kandídatar nú, þegar þeir koma frá »græna borðinu« sjeu ekki á við æfðan sýslumannsskrifara; þeir hafa ekki jafnmikla þekkingu á íslenzkri sveitarstjórnarlöggjöf, gjaldheimtunni og rjettarfarslöggjöfinni. Þeir hafa fullnægjandi þekkingu í einstöku greinum, en í þeim, sem mest koma til daglegra framkvæmda, eru þeir ófróðir. Það hefir einn lögfræðingur hjer á landi, sem er í góðu áliti, sagt mjer, að þegar hann kom hingað heim og fyrst fjekk sýslu, þá hefði hann ekki haft nokkra hugmynd um það, hvernig rjettarhald líti út; hann sagðist hafa orðið að grafast eptir því hjá einum greindum bónda. Það er ábyrgðarhluti, eins og lögfræðingarnir nú eru undirbúnir, að sleppa þeim í vandasöm embætti hjer á landi, og það því fremur, sem löggjöf vor ár frá ári fjarlægist meir og meir danska löggjöf; frá þinginu kemur á hverju

ári stór lagabálkur, sem er byggður á öðrum grundvelli en dönsk lög, og að efni til er þeim frábrugðinn. Það er erfitt fyrir lögfræðingana að framkvæma þessi lög eptir þeim kenningum, sem þeir hafa lært við Kaupmannahafnarháskóla. Hjer er full þörf á breytingu, lögfræðingarnir þurfa að fá þekkingu á þeirri íslenzku löggjöf; jeg get heldur ekki sjeð að það verði kandídötum frá Kaupmannahafnar háskóla nokkur óbærileg byrði, að taka próf við lagaskólann hjer, og jeg get heldur ekki sjeð að stjórnin geti haft nokkra ástæðu til að vera því mótfallin; kandídatarnir mundu ekki þurfa nema 9 mánaða tíma hjer við lagaskólann, því þeir hefðu svo góðan almennan undirbúning, að þeir væru ekki lengi að glöggva sig á því, sem er sjerstakt fyrir íslenzka löggjöf.

Jeg get ekki skilið, að nokkrum h. þingm. geti blandazt hugur um það, að þetta ætti að vera svona, til þess að vorir lögfræðingar fái sem bezta menntun. Og jeg get heldur ekki skilið, að stjórnin muni vera á móti því, það getur ekki gjört henni neitt. Að stjórnin álíti þetta óþarft, er því ólíklegra, sem hún hefir dæmin fyrir sjer, því í hertogadæmunum dönsku heimtaði stjórnin áður sjerstakt próf í sljesvíkskum rjetti; þar var öldungis sama tilfellið og nú er á Íslandi, að danskur rjettur og sljesvíkskur rjettur var byggður á ólíkum grundvelli. Hjá oss er jafnvel enn þá sterkari ástæða til að kenna íslenzkan rjett, heldur en nokkurn tíma var í hertogadæmunum, vegna þess, að löggjöf Íslands hefir nú í 25 ár verið önnur en í Danmörku; á þeim tíma hefir hún nokkuð verið sniðið eptir danskri löggjöf, en að miklu leyti hefir hún snúið sjer að sínum upprunalega norska og íslenzka grundvelli.

Hjer er full þörf á að fyrirskrifa próf í íslenzkum lögum, en fyrst þingið vill koma á fót lagaskóla, þá virðist vera sjálfsagt, að setja þau skilyrði við stofnun skólans, sem geti bætt úr þessari þörf. Það væri óviðkunnanlegt að stofna skóla, en þó ekki vilja láta hann gjöra það gagn, sem hann gæti gjört, og ætti að gjöra. Jeg get ekki sjeð, hvaða gagn er í því, að stofna lagaskóla, ef menn ganga fram hjá þeirri þörf, sem oss er brýnasta nauðsyn að fá bætt; það kalla jeg loptkastalasmíði.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg verð að telja það mjög óheppilegt, að þetta mál og málið um afnám hæstarjettar skyldi koma fram sitt í hvorri deildinni. Þau hafa við það hvort um sig og óháð hinu fengið sína ákveðnu mynd, þannig lagaða, að jeg get með hvorugu greitt atkvæði, þó jeg bæði fylgi alinnlendu dómsvaldi og lagakennslu. Nú er afnám hæstarjettar þegar orðið að lögum í h. efri deild, og þar, — jeg vil biðja h. þingd.m. að minnast þess —, höfum vjer bætt við 2 nýjum dómendum, stofnað 2 ný embætti með 3500 kr. launum hvort. Jeg barðist á móti því ákvæði laganna eins og jeg gat, en það var árangurslaust. Nú kemur frá h. efri deild uppástunga um að stofna 2 ný embætti enn fyrir júrista hjer í Reykjavík, annan með 4000 kr. launum, en hinn með 2800 kr. launum, og mjer skilst svo, sem sú uppástunga hafi mikið fylgi í þessari háttv. deild. Með öðrum orðum, þingmenn geta flutt kjósendum sínum þær frjettir heim í haust, að þeir hafi afrekað það í sumar, að stofna 4 ný hálaunuð embætti í Reykjavík. Það eru um 14,000 kr. á ári, að viðbættum nokkrum þúsundum í eptirlaun, þegar fram líða stundir.

Jeg hjelt því fram, þegar frumv. um afnám hæstarjettar var hjer fyrir, og

jeg tek það fram nú aptur, er lagaskólinn er til umræðu, að það er í lófa lagið, að kennarar við lagaskólann geti án sjerlegs endurgjalds verið dómarar við hinn íslenzka hæstarjett í hinum stærri málum, og það er eins í lófa lagið, að dómararnir í okkar hæstarjetti geta verið aðstoðarkennarar við lagaskólann, án nokkurs sjerlegs endurgjalds; það væri ekki of mikið, að heimta af þeim að kenna aukreitis nokkrar stundir á viku við lagaskólann, þeir mundu ekki hafa svo mikið að gjöra. Hjer má fá alveg hið sama með því að eins að stofna 2 embætti, þá eru 5 dómendur í hæstarjetti, er á liggur, og 2 fastir kennarar við lagaskólann og fallinn burtu aukakostnaður við tímakennslu; í þeirri mynd ætti alþing að ganga frá þessum lögum hvorumtveggjum. Auðvitað er það, að þeir menn, sem nú sitja í yfirdóminum, gætu ekki orðið skyldaðir til að kenna við lagaskólann án endurgjalds, en það mætti hafa lögin svo sniðin, að sú skylda legðist á jafn-skjótt og nýir menn kæmu í dóminn. — Í því skyni væri rjett að ætla til tímakennslu fyrst um sinn, en þessi upphæð, 2500 kr.. er stjórnlaust of há. Fjárlaganefndin vildi klípa af 1700 kr. til tímakennslu við lærða skólann, þar sem tímakennslan nemur fleirum tugum stunda á viku; við lagaskólann yrði hún fjórfalt, fimmfalt minni, en það er eins og allt, sem lögfræðingunum viðkemur, heimti austur af peningum.

Jeg hefi komið fram með þá breyttill., að ekki verði sett nema eitt fast kennaraembætti við skólann; lagakennslan yrði sízt meiri fyrstu árin en að einn maður gæti komizt yfir það með aðstoð yfirdómaranna; því minna fast við þennan skóla, sem svo óheppilega er stofnaður, því betra. Jeg er viss um, að þjóðin kann oss mestu óþökk fyrir, að stofna þessi óþörfu embætti. Eina bótin er, að afnám hæstarjettar verður ekki samþykkt. Jeg veit að það er ljótt — mjög ljótt að segja slíkt, en jeg segi það samt.

Það sem mjer þó finnst að mæli allra mest á móti lagaskólanum undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, óbreyttum, er það, að hin næstu 10 eða 15 ár mun eptir öllum líkum alls enginn ganga á hann. Jeg hefi reyndar ekki kynnt mjer, hve margir Íslendingar stunda laganám nú við Kaupmannahafnarháskóla, en eptir því sem kunnugur maður hefir sagt mjer, munu þeir vera 10 til 12; og jeg gjöri ráð fyrir, að flestir þeirra taki próf. Nú þurfum vjer ekki nema einn eða tvo lögfræðiskandídata á ári, og vjer göngum ekki að því blindandi, eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) benti á, að á meðan nokkur kandídat er til, sem hefir bærilegt embættispróf frá Kaupmannahafnar háskóla, þá mun hann ganga fyrir kandídötum hjeðan að heiman til allra embætta. Það er víst, að enginn læknaskólakandídat fær hjeraðsembætti á meðan nokkur háskólakandídat í þeirri grein er hjer til; alveg sama er með guðfræðiskandídatana, að því er til stjórnarinnar kemur; þess vegna liggur það í augum uppi, að lagaskólinn mundi ekki geta borið sig með þessari samkeppni. Skilyrðið fyrir því, að hann geti borið sig, er, að stúdentastraumurinn til Kaupmannahafnar sje heptur að mun; þá ímynda jeg mjer, að skólinn mundi geta borið sig eða fengið aðsókn eptir 10—12 ár, en ekki fyr.— Á hinum síðustu 8 árum hafa útskrifazt úr latínuskólannm 120 stúdentar, að meðaltali 15 á ári, af þeim hefir fullur helmingur farið til Kaupmannahafnar, eða milli 7 og 8 á ári; nú gjöri jeg

ráð fyrir, að þeir sjeu þar að jafnaði í 6 ár, sem ef til vill er of lítið í lagt; eptir því eru við Kaupmannahafnar háskóla nú um 50 stúdentar, en fyrir allan þennan fjölda hefir landið enga þörf. Reyndar er það æskilegt, að hafa nógu marga stúderandi menn í öllum vísindagreinum, og það er sjálfsagt, að í sumum greinum hljótum vjer að leita til Kaupmannahafnar háskóla, t. d. í öllu því, sem heyrir undir hið filósófiska »falkúltet«; en svona stór stúdentastraumur, eins og hjeðan hefir verið á hverju ári til Kaupmannahafnar, er bæði óþarfur og jafnvel skaðlegur; jeg þart ekki að fara út í það frekar, það hefir verið ýtarlega rakið af öðrum.

Jeg vildi hreyfa því, hvort ekki mætti reyna til, annaðhvort frá þingsins hálfu, eða frá hálfu embættaskólanna hjer heima, að minnka þennan stúdentastraum að mun, þó ekki að aftaka hann með öllu, heldur takmarka hann. Það mundi hafa meiri krapt, ef slík tilraun kæmi frá þinginu, ef til dæmis þingið færi fram á, að Garðstyrkur Íslendinga væri minnkaður þannig, að hann væri ekki veittur nema svo og svo mörgum í einu, og að það fje, sem við það ynnist, væri látið ganga til kandídata hjeðan heiman að, sjerstaklega til læknaskólakandídata, sem mundu hafa mikið gagn af að fá þann styrk til lengri dvalar en nú er. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að það væri kappnóg fyrir oss að hafa árlega 20 stúdenta við háskólann, og þó að ekki fleiri stúdentar fengju háskóla-styrkinn, mundi hann geta komið oss að eins miklum notum og nú, þegar 40 50 stúdentar njóta hans.

Verði breyt till. mín ekki samþykkt, treysti jeg mjer ekki til að greiða atkvæði með frumv., þó jeg bæði sjái og kannist við, hve mikil þörf oss er á kennslu í íslenzkum lögum, og þó jeg gangi að því vakandi, að íslenzk lög aldrei verði kennd við Kaupmannahafnarháskóla, sízt svo, að vjer viljum við það una. En jeg vil bæði spara óþarfa útgjöld, og í annan stað fyrst fá þau skilyrði, sem eptir minni skoðun eru nauðsynleg til þess, að skólastofnunin geti komið að nokkrum notum. — Skilyrðin eru þau, að stúdentastraumurinn til Kaupmannahafnar sje heptur með því, að Garðstyrkurinn, sem er svo ríflegur, að námið við Kaupmannahafnar háskóla verður oss lítið dýrara en hjer, sje takmarkaður. Reyndar held jeg að reikningur h. þm. Vestm. (V. G.) hafi verið rangur að ýmsu leyti, en satt er það, sem hann sagði, að styrkurinn dregur þennan fjölda til Kaupmannahafnar háskólans.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ásamt öðrum háttv. þingm. hefi leyft mjer að koma fram með breytingartill. við það frumv., sem hjer liggur fyrir.

Okkur finnst vera nokkur ástæða til að draga úr kostnaðinum við hinn fyrirhugaða lagaskóla; þess vegna höfum vjer farið fram á, að færa upphæðina til aukakennslu í skólanum úr 2500 ofan í 2000 kr. Laun kennaranna eru miðuð við laun prestaskólakennaranna, þó raunar sje ekki hægt saman að jafna þeim tveim skólum, því eptir því sem hinn h. þm. Vestm. (V. G.) sýndi fram á með ljósum rökum, munu aldrei verða margir nemendur á lagaskólanum, og líklegast er, að hann fyrst framan af standi hjer um bil tómur.

H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) minnti menn á, í sambandi við þessa fjárveitingu til aukakennslu í lagaskólanum, að fjárlaganefndin hefði farið fram á, að færa niður styrkinn til tímakennslu í latínuskólanum; miðað við þá upphæð, sem veitt er til þeirrar tímakennslu, sýnist þessi upphæð hjer vera óeðlilega há.— Svo er það aðgætandi, að það vill opt-

ast nær fara svo, að fjárveitingarnar heldur færast upp en niður með tímanum; þess vegna er heppilegra, að byrja heldur lágt en hátt.

Jens Pálsson: Þó að þörf sje á sjerstakri kennslu í íslenzkum lögum, þá er það þó eigi aðalástæðan fyrir mig að vera því fylgjandi að lagaskóli sje stofnaður hjer, enda hefir það verið tekið fram af þm. Vestm., að kennslu megi fá í íslenzkum lögum við Kaupmannahafnarháskóla undir eins og fær maður fáist til að takast hana á hendur. Aðalástæða mín fyrir því að stofna lagaskóla hjer er sú, sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram, að stöðva straum hinna íslenzku stúdenta til Kaupmannahafnar, af því að jeg álít hann að ýmsu leyti mjög óheppilegan og enda skaðlegan. Það væri því mjög nauðsynlegt að tryggja lagaskólanum nemendaaðsókn og það því fremur, sem kringumstæðurnar eru svo; að ef lagaskóli nú er stofnaður, þá mundu á honum verða fyrst um sinn eintómir kennendur, en enginn nemandi. Nú sem stendur eru duglegir piltar að eins 5 ár við laganám í Kaupm.höfn. Íslenzkir stúdentar ganga þar fyrir öðrum stúdentum með Kommunitet, 40 kr. á mánuði, og heimavist á Garði eða þá húsaleigustyrk í peningum. Þetta allt er til samans stórfje, og það þarf því að veita mikið fje til þess, að gjöra laganámið hjer eins aðgengilegt og ódýrt eins og það er nú við háskólann. Þó að facultetið juridiska við háskólann sje vitanlega að eins Examenskommission og stúdentar því verði að kaupa sjer auka kennslu fyrir 12 kr. á mánuði eða svo, þá eru þó eptir 28 kr. af þeim mánaðarlega styrk, sem þeir fá í peningum. Sumir fullyrða að dýrara sje að lifa í Kaupm.höfn en Rvík.; jeg ætla að það muni sár-litlu; víst er það, að 1872 var fæði og föt engu dýrara í Kaupm.höfn en í Rvík.; en þótt það leiddi af vist í stórri borg fremur en vist í litlum bæ, að óvissu og ónauðsynlegu útgjöldin yrðu frekari, þá getur sá munur naumast numið meiru en 28 kr. á mánuði. Þegar svo þess er gætt, að sú stefna hefir verið mjög ríkjandi hjer á landi, að láta kandidata frá Kaupm.hafnar háskóla ganga fyrir kandidötum frá embættaskólunum hjer —og það jafnvel ósanngjarnlega og um lög fram—, þá má búast við því að kandídatar frá lagaskólanum verði einnig látnir sitja á hakanum. Það sjá því allir, að hjer er ekki til neins að stofna lagaskóla, ef það ekki verður samþykkt, að þeir, sem taka próf við hann, gangi hjer fyrir öðrum með embætti. Ef því breyt.till. í þessa átt ekki verður samþykkt, mun jeg greiða atkvæði á móti lagaskólanum. Jeg ætlast til að þessi forrjettindi íslenzkra lögfræðiskandidata byrji að verka fyrst þá, þegar skólinn hefir staðið í 5 ár, eða þegar hann fyrst fer að útskrifa kandidata. Tel jeg þá ákvörðun sanngjarna, svo að þeir sem þegar eru orðnir kand. í lögfræði, eða áleiðis komnir nokkuð í laganámi við háskólann, geti verið búnir að fá embætti, þegar einkarjetturinn gengur í gildi, og svo að byrjandi lögfræðisnemendur, sem skammt eru á veg komnir, eigi kost á með nægum fyrirvara að velja um, hvort þeir vilji nota einkarjettinn eða eigi.

Jeg hef þannig gert grein fyrir breyt.till. og því, hversvegna jeg greiði atkvæði móti frv., ef breyt.till. kemst eigi að.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. (345) felld með 16 gegn 7 atkv; breyt.till. við 3. gr. (338) felld með 13 gegn 9 atkv.; 3. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. óbreytt

samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. við 5. gr. (356) felld með 12 gegn 10 atkv.; breyt.till. við 5. gr. (353) samþ. með 12 gegn 11 atkv.; viðaukatill. við 5. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. með breyt. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um áfangastaði (C. 206, 344); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Frumv. þetta kemur aptur nokkuð styttra en það var upphaflega. En jeg vona þó, að það mæti ekki mikilli mótspyrnu fyrir það hjer í deildinni. Nefndin var á einu máli um það, að 2. gr. mætti fara. Aðaltilgangurinn er tekinn fram í seinni greinunum, nefnilega sá, að sýslunefndirnar hafi vald til að ákveða áfangastaði og hæfilegt endurgjald. Eins og frv. kom inn á þingið í fyrstunni, var það að mestu leyti samið eptir óskum sýslunefndanna, en nefndin áleit, að það mætti að skaðlausu styttast. Og eptir því sem umræður fjellu við 1. umr., þá held jeg að þessi 2 aðalatriði, sem nefndinni voru hughaldin, þurfi ekki að mæta neinni sjerlegri mótspyrnu.

Þorlákur Guðmundsson: Nefndin hefir nú stytt svo frv. þetta, að það er bara orðið einar 2 greinar. Framsögum. (Tr. G.) sagði, að það að efni til væri hið sama og það, sem sýslunefndirnar hefðu farið fram á. Jeg er honum nú ekki samdóma um það. Ef breyt.till. nefnd. verður samþ., þá mega sýslunefndir alstaðar ákveða áfangastaði, en hinir fornu áfangastaðir hverfa.

Jeg skoða áfangastaðina sem kvöð á hlutaðeigandi jörðum. Og jafnvel þó að þetta frv. verði skoðað sem heimildarlög, mundu sýslunefndir neyðast til að gera eitthvað í því efni í Árnes- og Rangárvallasýslum. Jeg álít það óeðlilegt, að sýslusjóðirnir fari að kaupa kvaðir af jörðum manna; ef á annað borð ætti að kaupa þær, þá væri það landssjóður, sem ætti að gera það. Jeg vil samt ekki fara fram á það, enda mundi það varla til neins, því jeg býst ekki við að fjárveitingarvaldið vildi fallast á það. En jeg verð þó að álíta, að það væri meiri samkvæmni í því, eins og t. d. að landssjóður kostar sæluhús við sína vegi. Ef till. nefndarinnar nær að ganga fram, þá er jeg í efa um, hvort jeg get gefið frumv. atkvæði mitt.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg held þetta atriði um gömlu áfangastaðina sje ekki eins hættulegt eins og h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram. Orsökin til þess, að þetta var fellt úr, var sú: að nefndin vildi ekki binda hendur sýslunefndanna, heldur láta þær sjálfráðar, hvort þær hjeldu gömlum áfangastöðum endurgjaldslaust eður eigi. Þegar betur er aðgætt, þá liggur í þessari grein ekkert, sem bendir til þess, að gömlu áfangastaðirnir skuli leggjast niður. Hjer er einungis lagt á vald sýslunefndanna að ákveða nýa áfangastaði. Og þó að þeim sje heimilað þetta með lögum, þá geta þær látið það vera, ef þær svo vilja; þær eru alls ekki skyldaðar til þess fremur en þær vilja. Mín persónulega skoðun er sú, að eins eigi að borga fyrir gamla og nýa áfangastaði. En sem sagt, sýslunefndirnar hafa hjer óbundnar hendur og geta gert eins og þeim gott þykir. Jeg vona að h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) verði með frumv.

Þorlákur Guðmundsson: Útaf breyt.-till. nefndarinnar skal jeg taka það fram, að það getur varla verið meining hennar, að fella burt »nýa áfangastaði«. Jeg skal taka það líka fram, að jeg er ekki á móti því, að fyrri hluti 2. gr.

falli burtu, með því hann er viðsjárverður eins og hann er orðaður, en jeg vil halda síðari hluta greinarinnar.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. á 344 samþ. með 19 gegn 1 atkv.; breyt.till. 2. á 344 samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. 3. á 344 1. lið samþ. með 17 gegn 2 atkv.; breyt.till. 3. á 344 2. lið samþ. án atkvgr.; breyt.till. 3. á 344 3. lið samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. gr. (nú 1. gr.) samþ. með 13 gegn 10 atkv.; 4. gr. (nú 2. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málið fellt frá 3. umr. með 12 gegn 10 atkv.

Frv. til laga um birting hinna opinberu auglýsinga (C. 255); 2. umr.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get ekki sjeð að neitt sje unnið við það, að samþykkja þetta frv., þar sem það að eins veitir stjórninni heimild, sem enganveginn er víst, að hún kæri sig um að nota. Að því er snertir þá breyt.till. að skylda stjórnina að birta opinberar auglýsingar í Stjórnartíðindunum, þá verð jeg að álíta það mjög óheppilega aðferð, því að allir vita, að Stjórnartíð. eru ekki eins útbreidd og fjöllesin blöð. Og af því að hjer liggur ekkert annað fyrir, verð jeg að greiða atkvæði á móti hvorttveggju.

Eina ráðið væri að fara fram á það, að auglýsingarnar væru boðnar upp með undirboði, ef hjer væri um einhvern hag fyrir landssjóðinn að ræða, en það mun ekki vera um mikið fje að gjöra. Þetta væri hinn eini rjetti vegur, og þá aðferð á nú að hafa í Kaupmannahöfn; þegar eigandi Berlingatíðinda dó í vetur, sem leið, voru einkarjettindi blaðsins til að flytja opinberar auglýsingar ekki framlengd nema um eitt ár, í því skyni að reyna, hvaða blað vildi greiða ríkissjóði mest fje fyrir það að fá framvegis einkarjett til að flytja þær. Þar sem nú engin tillaga í þá átt liggur fyrir, verð jeg að greiða atkvæði á móti frumv. eins og það nú er.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er eitt atriði, sem jeg vil benda á og það er útsending stjórnartíðindanna til hreppstjóra. Eins og nú stendur, munu tíðindin að eins send 4 sinnum á ári, og afleiðingin af þeirri tillhögun mundi því verða sú, að auglýsingar, sem birtar eru í þeim, kæmu ekki til hreppstjóra með styttra millibili en 3 mánaða. En sá dráttur getur — eins og gefur að skilja — komið sjer illa, og auk þess mundi sá kostnaðarauki, sem prentun auglýsinganna í Stjórnartíðindunum hefði í för með sjer fyrir landssjóðinn, fullkomlega jafnast á við ágóðann, — því að nauðsynleg afleiðing af þessu fyrirkomulagi yrði auðvitað sú, að breyta yrði til um útgáfu og útsendingu tíðindanna. Þau þyrftu þá helzt að koma út á ákveðnum tímum og sem optast, en það mundi ekki álítast gjörlegt, þar sem efni þeirra er svo lagað, að þau ekki geta komið út reglulega. Það er því, hvernig sem menn velta þessu fyrir sjer, heppilegast og hið eina rjetta, að auglýsingarnar, eins og verið hefir, komi út í einhverju fjöllesnu blaði. Það á ekki við, að mínu áliti, að þingið sje að blanda sjer í þetta mál. Ætli þingið að hafa nokkur afskipti af málinu, þá væri sjálfsagt rjettast, eins og h. þm. Vestm. (Valt. G.) drap á, að reyna með undirboði, hver vildi taka auglýsingarnar að sjer fyrir minnst. En eins og útgáfu og útsendingu Stjórnartíðindanna nú er varið, tefur það fyrir birtingu allra þeirra auglýsinga, sem birta þarf með ákveðnum fresti eða fyrirvara, og getur orðið með öllu óhæfilegt. Jeg get því með engu móti greitt atkvæði með frv.

Klemens Jónsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. þm. V-Sk. (Guðl. G.). Hann sagði, að Stjórnartíðindin væru að eins send til hreppstjóranna fjórum sinnum á ári; þetta er ekki rjett, því að sýslumönnum eru send Stjórnartíðindin handa hreppstjórum vanalega með hverri póstferð, en það eru hreppsnefndirnar, sem að eins fá þau 4 sinnum á ári. En þó útsendingin til hreppstjóra sje nú svona tíð, og þótt breyta yrði til með útsendingu á Stjórnartíðindunum, ef auglýsingarnar eru teknar upp í þau, þá sje jeg ekki, að hjer sje um breyting til bóta að ræða, og það því síður, sem hjer er um alls engan hagnað fyrir landssjóð að ræða, því jeg vil taka það fram, að það er alveg rangt, sem menn eru alltaf að klifa um, að landssjóður tapi svo miklu; hinar opinberu auglýsingar eru tíðast proclama, uppboðsauglýsingar, eða annað því um líkt, en kostnaður við þessar auglýsingar lendir eigi á landssjóði, eins og allir vita. Jeg get því ekki gefið þessu frv. atkv. mitt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg verð að grípa í sama strenginn eins og h. þm. Eyf. (Kl. J.) Jeg held að tilgangur þeirra, sem auglýsa, sje sá, að láta sem flesta lesa auglýsingar sínar, en það næst bezt með því að auglýsa í þeim blöðum, sem flesta kaupendur hafa. Jeg verð að álíta að ef þetta frv. verður samþykkt, þá geti það beinlínis orðið skaðlegt, t. d. þegar ræða er um auglýsingar á uppboðum, skiptum í dánarbúum o. s. frv. Það er kunnugt, að ekki 1/4 partur manna les Stjórnartíðindin á við þá sem lesa blöðin, og útsending á þeim miklu seinfærari en á blöðunum; það er því bersýnilegt tjón og breytt til hins verra fyrir hlutaðeigendur, ef þeir væru neyddir til að auglýsa í Stjórnartíðindunum, sem hafa svo örfáa kaupendur.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með br.till. við þetta frv. Eins og það kemur frá h. Ed., þá er að eins farið fram á að veita stjórninni heimild til að bregða út af fyrirmælum þeim, sem nú gilda, samkvæmt opnu brjefi 27. maí 1895 um birting hinna opinberu auglýsinga, en þetta virðist mjer þýðingarlítið nýmæli; á þingmálafundi í mínu kjördæmi var okkur þingmönnum sýslunnar falið á hendur að koma fram með tillögur á þingi í þá átt, að breyting kæmist á það fyrirkomulag, sem nú er, og var álitið rjettast að öllum blöðunum í Rvík væri gefinn kostur á að keppa um auglýsingarnar með undirboði og samkvæmt þessari áskorun Ísfirðinga kom h. 1. þm. Ísf. (S. St.) fyrst með till. í þessa átt í h. Ed., en tók hana svo aptur, af því að hann sá, að hún hafði ekki nægan byr í deildinni, og í þess stað kom hann svo með frv., er fór fram á það, að stjórnin væri skyld að birta opinberu auglýsingarnar í Stjórnartíðindunum. Þessu breytti deildin síðan þannig, að það skyldi eigi vera nein skylda, heldur veittist stjórninni að eins heimild til að birta hinar opinberu auglýsingar í Stjórnartíðindunum, og varð frv. þannig samhljóða stjórnarfrv. því sem lagt var fyrir þingið 1885, þegar svo stóð á, að stjórnin var nýbúin að taka auglýsingarnar af blaðinu «Þjóðólfi» og fá þær blaðinu «Suðra», sem hafði minna af kaupendum en af fylgi við stjórnina; en neðri deild alþingis 1885 skoðaði þetta sem «krakilleri», og felldi því frumv.

Breyt.till. mínar fara nú í þá átt, að færa frv. í sömu mynd, sem það hafði, er það var flutt inn í efri deild, þannig, að það sje skylda, að birta hinar

opinberu auglýsingar í Stj.tíð., og vona jeg að sú breyting þyki horfa til bóta.

Það hefir verið tekið fram, að óheppilegra væri að birta auglýsingarnar í Stjórnartíðindunum, heldur en í einhverju «þjóðblaði» — mjer virðist nú reyndar, að betur eiga við annað nafn en þjóðblaðs-nafnið á því blaði, sem flytur auglýsingarnar. En jeg verð að benda á það, að engin trygging er fyrir því, að það blað, sem stjórnin felur auglýsingarnar, sje keypt eða lesið í hverjum hreppi; það er mjög misjafnt, hvaða blöð menn kaupa; í sumum hreppunum gezt mönnum betur að þessu blaðinu, og í öðrum að hinu, og eins og nú er, þá held jeg, að óhætt sje að fullyrða, að það eru margir hreppar á landinu, sem aldrei sjá það blað, sem auglýsingarnar eru birtar í. En ef þær væru birtar í Stjórnartíð., þó eru þó allt af nokkrir menn í hverjum hreppi, sem fá þau, og með því mótinu er þá trygging fengin fyrir því, að auglýsingarnar komist í hvern hrepp, og að allir fái vitneskju um þær, þar sem hreppstjórunum með br.-till. minni er gjört að skyldu að auglýsa almenningi það, sem sjerstaklega varðar menn í hans hreppi. Og þar sem h. þm. V.-Sk. (G. G.) tók fram, að Stj.tíð. væru ekki send hreppstjórunum nema 4 sinnum á ári, þá er stjórninni auðvitað innan handar að haga útsendingunni öðruvísi; og hvað því viðvíkur, að stjórnin muni jafnan gæta þess, að velja fjöllesnasta blaðið til að flytja auglýsingarnar, þá getur opt verið álitamál, hvort blaðið það ef, enda breytist kaupendatala blaða ár frá ári; og þess utan hefir reynslan sýnt, að stjórnin hefir ekki allt af fylgt þeirri reglu, að velja fjöllesnasta blaðið; það gerði hún t. d. ekki, þegar hún setti auglýsingarnar í «Suðra», sem var mjög lítið keypt blað. Um það blað, sem nú flytur auglýsingarnar, skal jeg ekki segja, hvað mikla útbreiðslu það hefir, en það er mjer kunnugt, að í mörgum hreppum landsins er það lítið eða alls ekki keypt, af því að menn hafa óbeit á stefnu blaðsins, og álíta þær skoðanir, sem það flytur, vera þjóðinni óhollustufæðu. Auk þessa verð jeg og að leggja áherzlu á það, að það er almennt álitið, að eins og nú stendur sjeu þessar auglýsingar eins og nokkurskonar bitlingur, eða dúsa, sem stjórnin geti notað, til þess að stinga upp í sjer fylgispakt blað; en þetta almenningsálit hlýtur að vera mjög leiðinlegt bæði fyrir stjórnina og líka fyrir hinn heiðraða ritstjóra þess blaðs, sem auglýsingarnar fær, og jeg held því, að bæði stjórninni og blaðstjóranum mætti vera það kært að breyting kæmist á þetta.

Jeg tók það fram, að opinberu auglýsingarnar væru almennt álitnar sem bitlingur, og svo leit það að minnsta kosti út, þegar stjórnin svipti «Þjóðólf» þessum auglýsingarjetti í ritstjórnartíð Jóns Ólafssonar, en fjekk þeim aptur húsrúm hjá «Suðra«, blaði, sem daðraði við stjórnina, en hafði litla útbreiðslu, og það er heldur ekki trútt um, að mönnum virðist það blað, sem nú flytur þessar auglýsingar, hafa öðlazt einhverja «æðri og betri þekkingu» á ýmsum málum, síðan það fjekk dúsuna, eða «opinberu auglýsingarnar» til flutnings; og þegar svona bregður kynlega við, að stefna blaðsins í aðal-þjóðmálum vorum verður allt önnur, eptir að það fær auglýsingarnar til birtingar en áður, þá er mönnum ekki láandi, þótt þeir setji eitthvert orsakasamband á milli þessa hringlanda blaðsins í stjórnmálum og auglýsinganna.

Jeg get því ekki betur sjeð,— hvort sem jeg lít á þetta mál frá hálfu lands-

manna eða stjórnarinnar eða jafnvel frá hálfu þess blaðstjóra, er auglýsingarnar hefir, — en að þingið vinni þægt verk með því, að koma einhverri breytingu á það fyrirkomulag, sem nú er; en annars er mjer þetta mál alls ekkert kappsmál, og allra sízt ef br.-till. mín nær ekki fram að ganga.

Þórhallur Bjarnarson: H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að það hefði verið óþarfa «krakilleri» þegar auglýsingarnar voru teknar af »Þjóðólfi» og jeg er honum alveg samdóma um að svo hafi verið, en mjer finnst það væri líka óþarfa «krakilleri», et þingið færi nú að blanda sjer í þetta mál og taka þær af öðru blaði, sem þó játanlega hefir mikla útbreiðslu, og af þeirri ástæðu verð jeg algjörlega að vera á móti þessari br.till. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.)

Einnig verð jeg að vera þeirrar skoðunar að óheppilegra sje að birta opinberar auglýsingar í Stj.tíð. heldur en í fjöllesnu blaði, nema þá með því móti að útbreiðsla Stjórnartíðindanna yrði miklum mun meiri en nú er, en þá er jeg nú hræddur um að ágóðinn við það mundi fara að jeta sig upp.

Jeg skal geta þess, að fyrir fjárlaganefndinni lá erindi frá landshöfðingja, um það, að hækka það fje, sem nú er veitt til útsendingar á stjórnartíðindunum, því að sá, sem nú hefir útsendinguna á hendi, hafði tjáð landshöfðingja, að hann sæi sjer ekki fært að annast hana framvegis fyrir sömu borgun og að undanförnu, hann vildi fá þrefalt meira fyrir það, og það var rjett af hendingu, að fjárlaganefndin datt ofan á mann, sem vildi taka að sjer útsendinguna með sömu kjörum og hingað til, þó ekki nema til eins árs, og hann gekk að eins að þessu með því skilyrði, að útsendingin væri, eins og hún hefir verið, 4 sinnum á ári, til sveitarstjórnarvalda og jeg efast ekki um, að hann mundi heimta þessa þóknun hækkaða að mun, ef útsendingin yrði tíðari. Ef auglýsingarnar yrðu teknar upp í Stjórnartíðindin, þá mundu og í annað stað, auk hækkunar á flutningsgjaldi við stækkunina, aukast kostnaður við ritstjórn og útgáfu tíðindanna. Slík breyting væri því áreiðanlega enginn búhnykkur.

Það blað, sem áður hafði þessar auglýsingar, hjelt í fullu trje við stjórnina, og jeg efast ekki um, að það blað, sem nú flytur þær, bæði geti og muni gera það.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. á þingskj. 360 felld með 15 : 8, að viðhöfðu nafnakalla, og sögðu

já:	*nei*:
Guðj. Guðlaugsson,	Klemens Jónsson,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Einar Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Björn Sigfússon,
Sighv. Árnason,	Eir. Gíslason,
Sig. Gunnarsson,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Halld. Daníelsson,
Valt. Guðmundsson,	Jens Pálsson,
Þórður Thoroddsen.	Jón Jensson,
	Jón Jónsson, A.-Sk.,
	Jón Þórarinsson,
	Ól. Briem,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. 2 á þingskj. 360 þar með fallin; breyt.till. 3 á þingskj. 360 felld með 14 : 3.

Frumv.greinin sjálf felld með 16 samhlj. atkv. og frumv. þar með fallið.

Tillögur (álit) yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1892 og 1893 (C. 169, 337); síðari umr.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 337 samþ. með 16 samhlj. atkv.

Tillögurnar í heild sinni með áorðn.

breyt. samþ. með 21 samhlj. atkvæði og verður afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C. 20, 215, 365); framh. einnar umr.

Framsögumaður meiri hl. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg ætla fyrst að gera fyrirspurn til hæstv. landshöfðingja um það, hvort nokkur líkindi mundu vera til þess, að orðið »stjórn« geti orðið skilið öðruvísi en stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, Hans Hátign konungurinn og ráðgjafi Íslands, eða hvort nokkur mögulegleiki muni vera til að skilja það svo, sem átt sje við ríkisráð Dana.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 365, þá skal jeg ekkert hafa móti því, að hún komi til atkvæða, ef h. flutningsmenn vilja taka aptur 2. lið tillögunnar, og að 3. liðnum verði breytt þannig, að síðasti hluti hans, frá orðunum: »er mæti á alþingi« verði tekin aptur. Ef h. flutningsmenn taka þessa athugasemd mína til greina, þá mun jeg eigi verða breyt.till. mótfallinn.

Landshöfðingi: Jeg skal verða við áskorun h. framsögum. meiri hl. (Guðl. Guðm.), þar sem hann óskaði yfirlýsingar frá mjer um það, hvort orðið »stjórn« mundi verða skilið um Hans Hátign konunginn með ráðgjafa þeim, sem stendur fyrir Íslands sjerstöku málum, eða um ríkisráðið í heild sinni. Jeg er í engum vafa um, og held ekki að nokkru sinni hafi verið meint annað með »stjórn« Íslands, en Hans Hátign konunginn með ráðgjafanum fyrir Ísland. Menn heyra svo opt sagt á þingi, að stjórnin hafi lagt þetta og þetta lagafrumvarp fyrir þingið, og dettur þá engum í hug, að það sjeu aðrir en konungur og ráðgjafi Íslands. Jeg get að minnsta kosti ábyrgzt, að það stjórnarvald, sem tillögunni er beint til, muni ekki skilja þetta öðruvísi. Að setja orðið landsstjórn í staðinn fyrir stjórn álít jeg þess vegna alveg þýðingarlaust. Hvorttveggja orðið þýðir það sama.

Þórhallur Bjarnarson: Mjer dettur ekki í hug að fara út í hina hærri »pólitik« í þessu máli eða taka þátt í því »turnimenti«, sem hjer er háð, en að því er snertir hina æðri »pólitik«, vil jeg þó leyfa mjer að gera þá athugasemd, að ef það er óhæfa að senda frá sjer þessa þingsályktun, af því að hún fer til ríkisráðsins danska, þá er hið sama að segja um stjórnarskrárfrumvarpið frá 1893, því að það fór sömu leið, beint í sömu ljónagröfina. Jeg ætla að öðru leyti að eins að tala um málið eptir mínum »ójuridiska« skilningi og eins og það horfir nú við í þinginu.

Jeg greiddi atkvæði með stjórnarfrumvarpinu meðan það var hjer fyrir deildinni, af því að meiri hluti kjósenda minna hallaðist að því, þótt merkismenn í kjördæmi mínu væru líka hlynntir ávarpsleiðinni. Menn hugðu mestan krapt og mesta einingu mundu fylgja frumv. óbreyttu, án þess menn þó væru sjerlega ánægðir með það. Ríkur vilji er í mínu kjördæmi með frestandi neitunarvaldi, og ef jeg hefði viljað aðhyllast það, þá hefði jeg fengið nærri alla kjósendur mína á eitt band um það. En þó jeg álíti, að í frestandi neitunarvaldi sje bezta tryggingin fólgin, þá vildi jeg ekki halda því fram, því það hefði orðið »óheillafluga« hjer á þingi, og í sundrungunni er mesta hættan fólgin. Sjálfur var jeg og persónulega hlynntari frumvarpsleiðinni en annari aðferð, því jeg álít, að frumvarpsleiðin sje einbeittari og í meira samræmi við það, sem á undan er gengið í þessu máli.

Meðan hvorttveggja lá fyrir þinginu, frumvarpið og þingsályktunartillagan,

þá urðu menn algjörlöga að aðhyllast annað og hafna hinu. En þegar annað málið er út af dagskrá þingsins, eins og nú á sjer stað, þar sem h. efri deild hefir neitað að taka frumvarpið fyrir, þá horfir málið öðruvísi við. Jeg get tekið undir með aðalstyðjanda frumv. í efri deild, h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), þar sem hann lýsti því yfir, að svo kynni að fara, að hann gæti greitt atkvæði með þingsályktunartillögunni. Og þetta skýrði hann þannig, að meðan frv. væri enn hjer fyrir deildinni, og væntanlegt hjeðan upp í efri deild, gæti hann ekki greitt atkvæði með tillögunni, ef frumv. fjelli hjer í neðri deild mundi hann geta gert það. Eins get jeg nú, þar sem frumv. er úr sögunni, greitt atkvæði með tillögunni sem nú er ein eptir og liggur hjer fyrir samþ. af efri deild.

Það sem jeg hefi helzt á móti tillögunni er það, að með henni leggur þingið niður sitt »initiativ« eða frumkvæðið í þessu máli og selur stjórninni, að mjer finnst, nokkurs konar sjálfdæmi. Jeg kannast við, að þingið hverfur ekki með þessu frá sjálfstjórnarkröfum sínum, en það ætlar þó að láta stjórnina skapa búninginn eða að minnsta kosti hafa fyrsta sporið til þess. En þó jeg hafi þetta og sumt annað á móti tillögunni, ætla jeg samt að samþykkja hana og það af tveimur aðalástæðum, sem fyrir mjer eru glöggar og fullnægjandi.

Önnur ástæðan er sú, að ef tillagan ekki verður samþykkt, þá er stjórnarskrármálið dottið í mola á þessu þingi, því verði tillagan felld, þá er eptir að eins ávarpsleiðin, sem mundi reynast ófær, því um ávarp mundi ekkert samkomulag fást hjer í deildinni, að tillögunni felldri. Komi þingsályktunin svo að eins frá efri deild, þá getur stjórnin fundið ástæðu til að sinna málinu alls ekki, en jeg vil ekki gefa stjórninni neitt undanfæri með að gefa ákveðið svar upp á kröfur tillögunnar, jeg vil að hún sýni, hvort hún hafi ekkert annað að bjóða en þetta eina þurra nei.

Jeg tel og það tillögunni til bóta, ef það ákvæði kæmist inn í hana, að stjórnin skuli leggja frumv. til stjórnarskipunarlaga fyrir næsta alþingi.

Hin ástæðan fyrir því, að jeg get verið með tillögunni, er sú, að það er svo mikill flokkur hjá þjóðinni og í þinginu, sem krefst þess, að þessi leið sje farin. Þessum mönnum vil jeg gera það til geðs að styðja að því, að tillagan geti orðið samþykkt hjer í deildinni, enda álít jeg engu verulegu spillt með því, úr því sem komið er. Jeg get ekki samsinnt, að það væri rjett að leggja þetta formspursmál um tillögu eða frumvarp fyrst fyrir þjóðina, eða með öðrum orðum, að eyða 2 árum til þess bara að deila um það, hvor leiðin skuli farin. Jeg álít rjett, að tillagan fari nú, svo árangurinn geti sjezt fyrir þing 1897. Verði árangurinn enginn, þá hefir það sýnt sig, að þessi leið er gagnslaus, og það er þá að minnsta kosti unnið, að þessi aðferð verður ekki reynd aptur. Jeg ætla að taka þá ábyrgð upp á mig, að verða með tillögunni, þó jeg verði sá 12., en jeg treysti því reyndar, að þeir verði talsvert fleiri, sjerstaklega ef samþykkt verður breyt.till. um að setja inn í tillöguna þá kröfu, að stjórnin leggi frv. fyrir næsta þing. Og jeg tel það sjerstaklega þýðingarmikið, að tillagan fái framgang með sem mestu fylgi og sem mestum krapti, vegna þess, að hæstv. landshöfðingi hefir lofað að túlka sem bezt kröfu þá, sem tekin er fram í 1. lið tillögunnar, um að Íslands sjerstöku

mál verði ekki lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs, eða borin upp í því. Jeg álít, að þessu voru versta meini verði seint hrundið úr vegi, ef ekki nú, þegar sjáltur fulltrúi stjórnarinnar vill styðja að því. Jeg vil í þessu sambandi minnast á mann, sem talað hefir margt snjallt orð bæði í þessari deild og í salnum hjerna við hliðina. Hann býr nú í fjarlægri heimsálfu, en með hugann heima. H. þingm. munu þegar hafa getið, hver maðurinn er, það er Jón Ólafsson. Jeg fjekk nýlega brjef frá honum, sem er mest um íslenzka »pólitik«. Segir hann þar meðal annars, að Íslendingar geti því að eins vænzt eptir bót á stjórnarhögum sínum, að þeir hafi landshöfðingjann í liði með sjer. Það hafa allir viðurkennt og einnig h. forseti, þingm. N.-Þing. (B. Sv.) í ræðu sinni í dag, að það væri eitt vort mesta mein, að mál vor kæmu undir ríkisráðið danska, og væri því ekki lítilsvert, ef því meini yrði kippt burt.

Því hefir verið haldið fram, að það að samþykkja og senda stjórninni þessa þingsályktunartillögu, væri sama sem uppgjöf á landsrjettindum vorum. Vjer fjellum nú á annað knjeð fyrir stjórninni og næst mundum vjer falla á bæði knjen, ef ekki flatir fyrir henni. Þessu hefir verið rjettilega mótmælt, og skal jeg ekki taka þau mótmæli upp aptur. Það liggur í augum uppi, að vilji ekki stjórnin taka á móti hinni framrjettu hönd vorri, þá verður afleiðingin sú, að sjálfstjórnarbaráttan harðnar, og verður þeim mun snarpari en um 1870, sem hún nú er linari en þá. Það má segja um mig, að jeg sje enginn spámaður, en það get jeg þó sagt fyrir sjálfan mig, að ef stjórnin sýndi þann þvergirðing, annaðhvort að svara engu upp á þessa áskorun eða gefa þá úrlausn kröfum vorum, sem er sama og engin, þá yrði jeg að velja milli embættisins og þingsins, því mjer og öðrum embættismönnum mundi hentast, að gjörast ekki forkólfar þeirrar stjórnarbaráttu, sem þá hlyti að hefjast, nje sitja á alþingi. Og sú barátta yrði ekki að eins háð hjer á þingi, heldur fyrir »public opinion«, eða almenningsáliti og rjettlætistilfinningu alls hins menntaða heims. Með þeim huga óska jeg að tillagan gangi fram, hvort sem það verður með 12 eða 18 atkvæðum.

Einar Jónsson: Jeg vil með nokkrum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Þegar tillaga þessi kom fyrst inn á þingið og stjórnarskrárfrumv. skömmu á eptir, kaus jeg heldur þann veg, að fylgja frumv., af því jeg áleit, að það væri rjettara, að frumv. tæri frá þinginu en nokkuð annað í þessu máli, helzt frumv., sem menn gætu sameinað sig um með miklum atkvæðafjölda. Jeg vissi reyndar, að menn voru ekki allir ánægðir með frumv., og vildu því helzt breyta því, en þó jeg hefði verið til með að aðhyllast breytingar á frumv., þær sem mjer hefðu þótt til bóta, þá vildi jeg heldur vera með því eins og það var, heldur en að samþykkja tillöguna, með því að það hefir inni að halda margar góðar breytingar á stjórnarskránni frá því sem nú er. En nú er ekki lengur um frumv. að tala, og mun jeg því greiða atkvæði með tillögunni, og það af þeirri ástæðu, að jeg vil leita svo mikils samkomulags við stjórnina, sem unnt er í þessu máli, og það álít jeg gjört með þessari tillögu. Það hefir tvivegis verið borið fram fyrir konung inn frumv. til nýrra stjórnarskipunarlaga, og því hefir tvívegis verið synjað staðfestingar. Það virðist því ekki vera til neins, að halda þessa leið aptur, fyr en ef það sýnir sig, að samkomulag næst ekki á annan hátt. Hin eina samkomulagsleið, sem eptir er, er því

að skora á stjórnina, að leggja frumv. fyrir þingið til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga, sem hafi inni að halda aðal-kröfur vorar til endurbótar á stjórnarfyrirkomulaginu, og sem stjórnin komi fyrir í því formi, sem hún álítur aðgengilegast. Og af því að þetta er tilgangur tillögu þessarar, mun jeg greiða atkvæði með henni. En jeg vildi óska, að tillögunni yrði breytt á þann hátt, sem jeg og h. þm. S.-Þing. (Pj. J.) höfum farið fram á í breyt.-till. á þingskj. 365, því þá yrði tillagan aðgengilegri fyrir mig, og þegar þannig er leitað samkomulags við stjórnina, þá vildi jeg óska, að tillagan fengi sem flest atkvæði í deildinni.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefir lýst því yfir, að hann ætlaði að greiða atkvæði með tillögunni, og sama hefi jeg sagt fyrir mitt leyti, en jeg get hugsað mjer, að fleiri yrðu með till. ef breyt.-till. okkar h. þm. S.-Þing. (P. J.) kæmust að.

Mjer er ekkert kappsmál um 2. lið breyt.till.: að í staðinn fyrir »stjórnina« í upphafi tillögunnar, komi »landsstjórnina«, því jeg hefi sjálfur aldrei álitið, að stjórn Íslands sjerstöku mála væri eptir lögum vorum ríkisráð Dana. En af því, að einn h. þingd.m. vildi skilja orðið stjórn svo, að þar með væri meint ríkisráð Dana, og af því jeg gat ímyndað mjer, að fleiri væru kannske á sömu skoðun, þá þótti mjer heppilegra, að setja það orð inn í tillöguna, er tæki af öll tvímæli í þessu efni. — Þegar nú hæstv. landshöfðingi hefir lýst því yfir, að þessi breyting sje þýðingarlaus, þá óska jeg ekki, að þessi liður breytingartill. sje borinn undir atkvæði.

Breyt.till. undir 3. lið á þingskj. 365 fer fram á, að slengja saman 2. og 3. lið þingsályktunartillögunnar með nokkrum breytingum. Þessi tillaga er sprottin af því, að jeg áleit, að þessir 2 liðir í þingsál.till. ættu báðir að takast til greina í því frumv. til stjórnarskipunarlaga, sem stjórnin legði fyrir þingið. Sömuleiðis þótti mjer nauðsynlegt, að taka það beint fram, að þetta yrði gjört fyrir næsta þing. Nú heyri jeg samt, að tillögumenn vilji ekki hafa saman í einum lið ákvarðanirnar í 2. og 3. lið þingsályktunartillögunnar, og stendur mjer fyrir mitt leyti á sama um það. Sýnist mjer því mega bera 3. lið á breyt.till. upp í tvennu lagi. Þá þykir mjer viðfeldnara, að minnast á það í inngangi till., að frumv. til stjórnarskipunarlaga hafi verið samþ. í deildinni á þessu þingi, og ræð því til, að því sje bætt inn í inngangsorðin (sbr. 1. lið breyt.till.).

Skil jeg svo ekki, að tillögumenn geti haft neitt á móti, að samþykkja 1. lið breyt.till. og fyrri hluta 3. liðs, og úr því þeim er kappsmál að hafa ekki orðið landsstjórn í staðinn fyrir stjórn, og jeg álít það engu skipta, þá tek jeg þann lið aptur.

Jeg vona, að menn álíti ekki, að breytingartill. sje komin fram til að gjöra málinu skaða. Jeg veit ekki, af hverju menn ættu að geta ráðið það, enda get jeg fullvissað menn um, að hún er komin fram af hreinum og góðum hug.

Sighvatur Árnason: Jeg get nú að nokkru leyti tekið undir með h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.). Það var nefnilega tvennt, sem gerði mjer, að jeg greiddi atkv. með stjórnarskrárfrumv. Bæði var það, að meiri hluti kjósenda minna komst að þeirri niðurstöðu, að fylgja málinu fram í frumv.formi. Og annað það, að það er sannfæring mín, að sá einasti, hreinasti og bezti vegur fyrir málið, sje að fylgja því fram einmitt í

frumvarpsformi. Jeg hefi líka haft þessa skoðun frá því jeg fyrst kom á þing 1865 og 1867; þá stóð yfir hin fyrri stjórnarbarátta vor, og þá komst jeg fyrst á þessa skoðun, fyrir útlistun Jóns sál. Sigurðssonar og annara merkra manna, sem þá sátu á þingi, að það væru ekki og ætti ekki að brúka nema 2 vegi fyrir stjórnarbótarmálið, nefnilega frumv.leiðina og ávarpsleiðina til konungs.

Jeg skal játa það, að á undanförnum þingum, og jafnvel á þessu þingi, sem nú stendur yfir, hefir sú leið verið farin, að skora á stjórnina með þingsályktunartillögu í ýmsum málum, en jeg hefi aldrei fyr vitað á minni þingæfi þennan veg valinn fyrir þetta mál. Jeg vil, af því jeg hefi minnzt á þessa fyrri tíma, leyfa mjer að líta dálítið til baka.

Eins og jeg tók fram, átti jeg fyrst sæti á ráðgjafarþingi 1865; þá lá fyrir stjórnarbótarmál vort, og ef mig minnir rjett, í tvennu lagi, annað var stjórnarskráin og hitt aðskilnaður fjárhagsins. Fyrir þessum tveim málum báðum var barizt þing af þingi, þangað til loksins annað þeirra, aðskilnaður fjárhagsins, hafðist fram; þegar þessi mál lágu fyrir á ráðgjafarþingunum, höfðu þau bæði svo öflugan mótstöðuflokk, að það mátti segja eins og þar stendur — þar var ýmist frekari sókn en vörn og ýmist frekari vörn en sókn, — enda gekk það svo, að ýmsir urðu undir og ýmsir ofan á. En hvað skeði svo fyrir þeim flokkinum, sem fylgdi fram stjórnarbótarmálinu? Hvað honum ávannst á endanum 1874, mun flestum vera kunnugt. Svo verð jeg að minna á orð hins hásæla Jóns Sigurðssonar, þegar hann var að berjast fyrir málinu, á móti mótstöðumönnum þess; jeg man það, að þegar menn stungu upp á því, að fara þá leið, að biðja stjórnina um, að leggja stjórnarskrárfrumv. fyrir þingið, þá sagði Jón Sigurðsson þessi orð; jeg man þau enn — þessi orð:

»Vjer eigum sjálfir að setja á pappírinn þær kröfur og þær greinar, sem vjer viljum biðja hans hátign konunginn um að samþykkja!« Þetta var á ráðgjafarþingunum, og þá var ekki um annað að tala en bænarskrár til konungs, frumvarpsleiðin var þá ekki til. En svo þegar kemur til löggjafarþinganna, þá man jeg líka þau orð, sem Jón Sigurðsson sagði, þegar menn vildu skora á stjórnina, og það í smá-málum. — »Vjer eigum ekki«, sagði hann, »að venja oss á, að skora á stjórnina, því það er sama sem að skora á ríkisráð Dana, vjer eigum að búa frumvörpin til sjálfir«. — En hann var með því, að senda konungi ávarp. — Svo man jeg í stjórnarskrármálinu, að hann hafði þessi orð: — »Vjer eigum allra sízt í þessu máli að venja oss á að skora á stjórnina, því það gæti leitt til þess, að ríkisráðið danska hefði svo mikil afskipti af málum vorum, að það drægist úr höndum okkar það vald, sem vjer höfum fengið«. — Svona voru hans orð, jeg lýsi þeim yfir hjer; og jeg held, að ef hann nú væri risinn upp úr gröf sinni, mundi hann segja eitthvað líkt þessu.

Þetta var eitt af því, sem fyrir löngu síðan hefir sannfært mig um, að sá vegur, sem hjer er stungið upp á að fara með stjórnarbótarmálið, er ekki sá rjetti.

Þetta rifjaðist upp fyrir mjer í gær, þegar tillögunni var haldið fram með svo miklu kappi; og þegar jeg rifja upp fyrir mjer þann tíma, er Jón Sigurðsson hafði forustuna hjer á þingi, þá furðar mig á því, með hve miklu kappi málið hefir verið barið fram nú í öfugu formi.

Það kom fram í ræðu h. framsögum.

meiri hlutans (Guðl. Guðm.) í gær, að sannfæring manna hjer á landi í stjórnarskrármálinu lægi undir fargi, og þar með að sannfæring nokkurs hluta h. þingm. lægi undir fargi.

Af því jeg fyrir mitt leyti býst við, að jeg eigi einn hluta af þessum orðum h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.), þá óska jeg þeim frá mjer til hans aptur, seðji hann sjálfan sig á slíkum orðum en ekki mig.

Það má segja, þegar litið er á þetta mál, að nýir siðir komi með nýjum herrum. Jeg ætla mjer engu að spá um það, hvaða afleiðingar þessir nýju siðir muni hafa; en jeg get ekki að mjer gjört, þegar jeg lít á hvað nú fer fram, að minnast þess, sem fram hefir farið hjer á þingi fyrir mörgum árum síðan. Og það er þetta sem gjörir, að jeg get ekki verið með þingsályktunartill., ekki af því að sannfæring mín í þessu máli sje undir fargi, heldur það, að þessir tveir vegir, sem ávallt áður hafa verið álitnir þeir einu rjettu, nefnilega frumvarpsleiðin og ávarpsleiðin til konungs, hafa lengi staðið fastir í mínum huga.

H. framsögum. (Guðl. G.) sagði, að þorri þjóðarinnar vildi fara tillöguleiðina. Þetta er að mínu áliti alls ekki rjett; jeg er handviss um það, að meiri hluti þjóðarinnar er frumvarpsfylgjandi, hversu háværir sem forgangsmenn till. eru hjer á þinginu nú.

Jeg vil af mínum veika mætti segja það eitt, sem er satt.

Því miður er nú svo komið fyrir þessu máli eins og opt áður, að það er klofnað í sundur, sem verður auðvitað til þess að ónýta allt fyrir þingi og þjóð.

Þess er ekki langt að minnast, síðan þetta okkar allsherjar mál var á ferðinni þing af þingi, fyrir og eptir 1890, þá kom fram hin svo kallaða miðlun á þinginu, en — hún kom þó fram í frv. formi, en ekki í tillögutormi; þeir menn, sem þá fylgdu miðluninni, vöruðu sig þó á því að velja aðra leið fyrir málið en frumv. leiðina.

Sem sagt, jeg vil taka það upp aptur, það er ekki spónný hugsun fyrir mjer, að vilja ekki halda þessu máli fram þingsál. veginn, því mjer eru ógleymanleg orð Jóns Sigurðssonar forðum, og það þegar um smærri mál en þetta var að gera. Hann sagði: — Vjer eigum ekki að venja oss á að biðja stjórnina að semja fyrir okkur frumv., vjer eigum sjálfir að gjöra það, svo ekki þurfi annað en staðfesta þau.

Jeg fyrir mitt leyti álít að tillögunni hafi verið fylgt með óþarflega miklu kappi. Jeg skil ekki, hversvegna menn ekki vilja hallast að uppástungu h. torseta, að taka efni till. upp í ávarp til konungs. Mjer finnst það vera stífni og ótilhliðrunarsemi af þeim mönnum, sem eru að berjast fyrir henni. Og þrátt fyrir það, þó þeir sje óhræddir um það að þeir geri oss ekki skaða með því að skora á stjórnina eða sama sem ríkisráðið í Danmörku, þá vil jeg þó ekki eiga það á hættu, því jeg efast ekki um að hver þm. finnur til þess í sínu eigin brjósti, að sá andi er ríkjandi hjá stjórninni, að vilja draga frá oss aptur það vald, sem vjer höfum þegar fengið með stjórnarskrá vorri frá 1874. Og jeg skal bæta því við, að jeg álít að okkar h. yfirstjórn geti beitt frjálslegar við oss vorri stjórnarskrá, en hún gerir. Jeg tek þetta t. d. til þess að sýna, að það má óttast fyrir því, að stjórnin eða ríkisráðið haldi fram sama strykinu og að undanförnu með að draga undir sig mál vor í stað þess að láta oss halda þeim rjettindum óskertum, sem vjer höfum og sem vjer eigum fulla heimting á að fá.

Jeg tala þessi orð hreint og beint

eptir því sem mín sannfæring býður mjer, hvernig sem aðrir leggja þau út. Af þessum ástæðum, sem jeg hefi nú tekið fram, get jeg ekki greitt atkv. með þingsályktunartill.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli og sjerstaklega breyt.till. þeirri, sem jeg er flutningsm. að. Jeg hefi ekki skrifað undir þessa breyt.till. af því að jeg sje elskur að þingsál.till. sjálfri. Eins og jeg tók fram í nefndaráliti mínu, þykir mjer tillöguleiðin leiðinleg í þessu máli, og kýs frumv. leiðina; en nú er hún lokuð á þessu þingi. Að vísu er ein leiðin enn til, nefnilega ávarpsleiðin og hana álít jeg skárri. En eptir undirtektum h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), er nú vissa fyrir að þingsál.till. gengur fram, og þá kýs jeg þó þann kost, að orða hana svo, að hún sje þolanleg. Þess vegna hefi jeg skrifað undir þessa breyt.till. Jeg hirði ekki um að fara að þvo hendur mínar gagnvart tillöguleiðinni. Jeg álít óheppilegt þegar þm. greinast í 2 flokka og þá því nær jafna, að annar flokkurinn þvoi hendur sínar af aðgerðum hins. Og einkum álít jeg það óheppilegt, þegar ágreiningurinn er um formhlið einhvers máls, en ekki um merginn málsins. Okkar þing er of fámennt og okkar þjóð of fátæk til þess hún hafi ráð á því. Jeg álít mjer því skylt að sýna þessari þingsályktunartill. þá rækt að laga hana.

Svo vil jeg drepa á innihald sjálfrar till. Mjer þykir það kynlegt, að hún gangi fram, án þess að hún minnist á frumv., sem deildin samþ. í þessu máli fyrir skömmu. Auðvitað stóð það ekki til í hinni upphaflegu tillögu, af því hún kom fram áður en frumv. En gangi hún fram, eins og hún liggur nú fyrir, má líta svo á, að deildin vilji ekki kannast við frumv. lengur, eins og það væri lausaleikskrakki, sem þingdeildin vildi ekki gangast við. Auðvitað get jeg skilið, að aðalflutningsm. till. kæri sig ekki um að kannast við frumv.; en hitt get jeg ekki skilið, að þeir, sem greiddu atkvæði með því, vilji ekki láta þess getið.

Viðvíkjandi 2. lið breyt.till. skal jeg gera mig ánægðan með útskýringu hæstv. landsh. á orðinu »stjórnin« því »dýrt er drottins orðið«, enda þótt mig minni að önnur þýðing í því orði komi fram í konunglegri auglýsingu 2. nóv. 1885. Mjer fyrir mitt leyti er því sama þó sá liður breyt.till. sje tekinn aptur.

Þriðji liður breyt.till. er einkum orðamunur. Mjer finnst undarlegt að það megi ekki standa með berum orðum í þingsál.till., sem er þó meiningin fyrir flutningsm. hennar, að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumv. til nýrra stjórnarskipunarlaga. Jeg hygg að það verði þó auðveldara að skýra mönnum ótvírætt innihald till., ef þetta er tekið fram eins og breyt.till. gerir.

Jeg vil svo ekki lengja umr. meira, þótt margt mætti segja fleira um málið. Mjer fellur ætíð illa, þegar verið er að skýrskota til þjóðviljans, þegar þrætuefnið er mestmegnis formsatriði. Í þeim efnum út af fyrir sig hygg jeg að þjóðvilji geti ekki átt sjer stað. En eitt er samt víst, og það er, að þjóðin vill óhikað, eindregið og einarðlegt áframhald í þessu máli.

Framsögumaður m. hl. (Guðl. Guðm.): Jeg vil nú þegar standa upp og minnast á ýmislegt það sem fram hefir komið, síðan jeg hafði síðast orðið.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 365, þá er í sjálfu sjer ekkert á móti því, að bæta þeim orðum inn í 1. lið till. að skýrskota til stjórnarskrármálsins á undanförnum þingum og einnig á þing-

inu í sumar. Því það er vel aðgætandi, að þingsályktunartillagan grípur ekki að eins yfir frumv. það, sem deildin hjer hefir samþykkt í sumar, heldeinnig yfir allar aðrar myndir, sem sjálfstjórnarkröfur vorar hafa komið fram í. Annar liður breyt.till. hefir verið tekinn aptur, og niðurlagsatriði 3. liðs verð jeg einnig að skoða sem tekið aptur, eða rjettara sagt, jeg vona, að h. flutningsm. gjöri það. Munurinn er sá, að breyt.till. fer að eins fram á, að stjórnin gefi loforð um, en tillagan heimtar, að landsdómur sje stofnaður. Breyt.till. fer því aptur á bak, en þingsályktunartill. áfram. Jeg vil ekki að neinu leyti slaka til í þessari kröfu, og jeg álít hana svo þýðingarmikla, að verði þessi liður breyt.till. samþykktur, þá greiði jeg atkvæði mitt á móti þingsál.till. eins og hún verður þá. Jeg álít að menn eigi að leggja eins mikla áherzlu á þessa kröfu og ábyrgðina sjálfa, því ábyrgðin verður þá þýðingarlaus, ef á að sækja dóm um hana á hendur útlendum dómstóli.

Við ræðu h. þm. Borgf. (Þórh.Bjarn.) hefi jeg ekkert að athuga. Jeg er honum algjörlega samdóma um þau áhrif, sem væntanlegt nei frá stjórninni upp á þessa tillögu mundi hafa. En jeg er líka sannfærður um, að stjórnin sjer þetta eins vel og við, og því hygg jeg að megi búast við verulegum tilslökunum frá hennar hendi gagnvart kröfum okkar. Það væri mjög óþægilegt fyrir hana, ef embættismenn draga sig til baka, og segja: «Við viljum ekki eiga við slíkt framar». Því ef stjórnin þverskallast, þá verða embættismenn á þingi annaðhvort að gjöra: fara úr þjónustu stjórnarinnar, eða sleppa sínu sæti hjer.

H. 1. þm. Rangv. (Sig. Á.) hefir eins og sumir aðrir, auðsjáanlega ekki gjört sjer nógu vel grein fyrir því, að ráðgefandi þing og löggjafarþing er ekki hið sama. Breyting sú, sem nú er orðin á þinginu, gjörir það að verkum, að við stöndum allt öðruvísi að vígi eptir 1874 en við stóðum fyrir 1874. Við eigum hjer að eins orðastað við H. H. konunginn sem «júridiska persónu», með Íslands ráðgjafa sjer við hlið, hvort sem um ávarp eða þingsályktunartill. er að ræða. Og að samþykkja þingsályktunartillögur er 20 ára »praxis» hjer á þingi, og í fullu samræmi við bæði stjórnarskrá og þingsköp. H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um, að það væri hætta að samþykkja tillöguna, af því að ríkisráðið mundi fjalla um hana; en sama mundi eiga sjer stað með stjórnarskrárfrumvarp og sama með ávarp til konungs. Jeg tek það fram enn, konungurinn stendur fyrir utan þessa þrætu, við eigum engan orðastað við H. H. persónulega. Þessi «absolutistiska» hugmynd er svo rík hjá þeim þingmönnum, sem hafa átt sæti á ráðgjafarþingunum. Það er enginn háski á því, að þessi leið dragi þetta velferðarmál landsins meira undir ríkisráðið en frumvarps- eða ávarpsleiðin, en auðvitað á það einungis að koma undir atkvæði konungs og ráðgjafa, en stjórnin hefir nú þessa venju, þó það ekki eigi að vera. H. þm. (S. Á.) vitnaði til Jóns Sigurðssonar, en jeg get fullvissað hann um, að Jón Sigurðsson mundi aldrei hafa villzt á þingbundnum konungi og einvöldum konungi.

Á þessum þýðingarlausa grundvelli byggði h. þm. Rangv. (S. Á.) nú ýmsar slettur til mín og annara. En þegar grundvöllur hans er hrakinn, þá er engin ástæða til að yrðast við hann útaf því, enda álít jeg, að slíkar slettur og fúkyrði sje ekki samboðið þessu máli.

H. þm. Rangv. (S. Á.) hefir misskilið eða ranghermt orð mín. Jeg sagði að mikill þorri þjóðarinnar væri óánægður með þetta frumv. og ekki mætti byggja á þingmálafundunum, vegna þess, að þá lá fyrir annaðhvort þetta frumv. eða ekki neitt. Og þá var það eðlilegt að menn kysu heldur frumv. heldur en sleppa öllum sjálfstjórnarkröfum. Fyrir h. þm. er frumv. og sjálfstjórnarkröfurnar hið sama, og hann gaf það í skyn að það væri líka fyrir þjóðinni. En það er misskilningur, ef h. þm. heldur það. Jeg get vel skilið í, að menn með bjargfasta trú á frv. hafi barið þessum misskilningi inn í sig, en að menn almennt hugsi svo, því neita jeg.

H. þm. Árn. (S. Á.) gat um, að mikið kapp hefði verið lagt á till. hjer á þingi, og að menn væru mjög háværir um hana. Það er sjálfsagt, að það er ekki til mikils góðs að vera hávær, en það get jeg bent h. þm. á, að hávaðinn í þessu máli er fullt eins mikill fyrir utan þingsalinn. Og þessi glamrandi í stjórnarskrármálinu út um allt landið hefir haft mjög vond áhrif. Jeg beini þessu ekki að h. flutningsm. þessa máls, en þeir sem glamra eru menn, sem hjer á landi, eins og annarsstaðar, fylgja með öllum pólitiskum forkólfum, »eftersnakkere«, ef jeg má brúka það orð; það eru þeir, sem klingja með stóru orðunum fyrir eyrum alþýðunnar, án þess þeir skilji þau til hlítar sjálfir, og með þessum stóru bjöllum eru þeir búnir að hringja þjóðina svo heyrnarlausa, að nú á hún bágt með að heyra það sem heilbrigð skynsemi talar. Þessi »snakkaraflokkur« verður að bera ábyrgðina á gjörðum sínum. En svo er guði fyrir þakkandi, að hinir eru þó fleiri, og hjá þeim flestum er heilbrigð skynsemi ekki svo trufluð að ekki megi koma skynsamlegum rök um að.

Jeg vona, að þingsál.till. hafi þau áhrif, að stjórnin láti undan, en það er fyrirsjáanlegt, að frumv. hefði engin áhrif, nema að eins að fækka sínum eigin fylgismönnum. Jeg hefi á móti ávarpi, af því að það í þessu máli á ekki við fyrir löggefandi þing. Jeg mun seinna við tækifæri tala meir um það. Þeir sem spilla fyrir tillögunni, vinna að því að spilla fyrir málinu; í Ed. er tillagan samþ.; felli Nd. hana, þá liggur ekki fyrir stjórninni samhljóða ályktun frá báðum þingdeildum.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) var eitthvað að tala um lausaleiksbörn og heimfærði líkingu um slíkt upp á málið. Mjer fannst hann tala óvirðulega um málið og álít það ekki eiga við; en það að ekki er minnzt á frumv. í inngangi tillögunnar liggur í því, að búið var að semja tillöguna áður en frumv. kom fram. Jeg verð að skoða niðurlag 3. liðs sem tekið aptur. Annars hefi jeg ekkert að athuga almennt við breyt.-till.; hún er mestmegnis orðabreyting, og svo er það tekið fram, að stjórnin skuli leggja frumv. fyrir næsta þing. Reyndar verður tillagan dálítið óviðkunnanleg í orðfæri ef breyt.till. verður samþ., en á það er ekki vert að leggja mikla áherzlu. Sem sagt, jeg hefi ekkert á móti fyrri liðunum, ef niðurlagið á greininni er tekið aptur, því þar er stórt skref stigið aptur á bak.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði mikið um kapp okkar megin. Það vil jeg sem minnst tala um, því kappið eða ofstækið er ekki mín megin, heldur einmitt hinu megin. Það kalla jeg ekki kapp, þó menn vilji hlýða lögunum, en það kalla jeg ofstæki ef menn reyna til að beygja eða brjóta lögin, til þess að koma sínu fram. Jeg mun ef til vill

seinna finna þessu stað og skal þá skýra það betur, ef þörf gjörist.

Jens Pálsson: Jeg finn ástæðu til að gjöra grein fyrir afstöðu minni í þessu mikla máli. Á undanförnum þingum hefi jeg eindregið verið með stjórnarskrárfrumv., og því hefir framkoma mín nú verið misskilin, og jafnvel verið ráðizt á hana opinberlega í blaði.

Jeg vil minnast nokkuð á sögu málsins nú á þessu þingi. Þegar jeg kom til þings nú, höfðu ýmsir skýrir menn hugsað upp þennan þingsál.till.veg, og lá það í loptinu að tillagan mundi koma fram. Innan skamms var það öllum ljóst, að hún í Ed. mundi fá fylgi bæði konungkjörinna og þjóðkjörinna þm. Þá fór jeg að hugsa, hvort það væru að koma ný tímamót í sögu máls þessa, og mjer fannst svo vera mundi. Þegar jeg sá, að tillagan hafði að innihalda 3 aðalatriði stjórnarbótarmáls vors, og einmitt þau sem eru undirstöðuatriði hinnar eptiræsktu sjálfsstjórnar þjóðar vorrar, og jeg gat ekki haft út á efnið að setja, þegar jeg einnig varð að álíta von um að alþingi mundi nú auðnast í fyrsta skipti að standa svo að vígi í máli þessu, að allir konungkjörnir þm. yrðu samhuga og samtaka við þjóðkjörna þm. um aðalatriði málsins, þá sýndist mjer þessi vegur rjettastur og langlíklegastur til verulegs árangurs, og þessi von mín styrktist enn meira, þegar landsh. tók ekki stirðara undir málið en hann gjörði í h. Ed. Jeg vil fullvissa menn um, að jeg íhugaði málið rækilega áður en jeg fór að fylgja till.; jeg áleit að það væri ómetanlegt gagn fyrir málið, að þingið allt stæði sem einn maður um það; jeg gat eigi sjeð, hvernig stjórninni mundi fært, að daufheyrast við sjálfstjórnarkröfum vorum, þegar hennar eigin fulltrúar á þinginu legðust á eitt með þjóðfulltrúunum að halda þeim fram í aðalefninu, að óskertum öllum vorum rjetti og landsrjettindum. Jeg þori óhræddur að skjóta því undir dóm hinna beztu og vitrustu manna þjóðarinnar, hvort þeim ávinningi hafi verið hafnandi fyrir einþykknissakir, þeim ávinningi að fá atkv. kgk. þm. með undirstöðuatriðum málsins nú, eptir það sem á undan er gengið. Tvær atrennur hafa verið gjörðar til hlítar: 1885—86 og 1893—94. Í þau bæði skipti var farin til enda frumv.-leiðin, svo sem kunnugt er; stjórnin hefir neitað frumv. staðfestingar, og borið fyrir að ofmikið los kæmist á ríkisheildina, ef þau yrðu að lögum. Hver atriði frumv. einkum valda þessu áliti stjórnarinnar, er mjer ekki fullkomlega ljóst. Gæti það ekki verið landstjórinn? Jeg álít rjett, að fá tækifæri til að sjá, hver þau atriði sjerstaklega eru. En vegurinn til þessa er þingsál.till. Jeg hefi viljað styðja að því að allt þingið sameinaði sig um till., og óskaði því að frumv. kæmi ekki fram á þessu þingi, enda vissi frá upphafi þings, að það mundi ekki geta gengið alla leið í gegnum það. Þetta var og á öndverðu þingi hverjum einum þm. vitanlegt. Ed. var búin að afgreiða stjórnarskrármálið frá sjer, ekki að eins í ákveðnu formi, heldur jafnframt með sjálfstæðri þinglegri gjörð, þinglegri ályktun, sem ekki var komin undir atkv. Nd., heldur var út af fyrir sig sjálfstæð þingleg athöfn, er ekki varð raskað, — og var málið þegar á þennan hátt afgreitt frá Ed. til stjórnarinnar, þegar frumv. lá hjer í deildinni fyrir til annarar umr., og fyrsta atkv.greiðsla um það fór fram. Það var þá þegar óyggjandi, að frumv. gat ekki náð samþ. Ed.; það hlaut að stranda á miðri leið á einhvern hátt. Úr því svona var komið, til hvers var þá að pressa frumv., sem ekkert gildi gat fengið sem þingleg niðurstaða nema með samþ. beggja deilda, — gegnum

neðri deild eina? Það var til einskis; einber hjegómi; — það verða allir að sjá. — Fleira þarf jeg ekki að segja til þess að afmarka afstöðu mína og atkv.-greiðslu í málinu.

H. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) fór nokkrum þungum orðum um aðferð þeirra manna, er greiddu atkv. á móti því að málið gengi til 2. umr. og sagði, að svo færu menn að eins með þau mál, er þeir álitu svo fráleit, að ekki væru þess verð, að þau kæmu til umr., en jeg get ekki verið á þeirri skoðun, því að það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er alveg tilgangslaust að vera að eyða tíma þingsins í að ræða þetta mál, sem búið er að ræða jafn-ítarlega bæði á þingi og heima í hjeruðum, nema því að eins að menn hafi ætlað að gjöra breytingar á frumv., en það ímynda jeg mjer að engum hafi komið til hugar. Af þessum ástæðum áleit jeg mjer skylt að gjöra mitt til að hindra það að málið færi lengra, jafnvel þótt jeg greiddi atkv. með hinum einstöku greinum frv. Jeg er h. þm. Borgf. (Þ. B.) alveg samdóma, og jeg er honum innilega þakklátur fyrir þau orð, sem hann talaði, þau voru eins og töluð frá mínu eigin bjósti, sjerstaklega það sem hann minntist á afleiðingarnar af þessum þvergirðingi, ef stjórnin neitaði að sinna tillögunni; jeg tek alveg undir með honum um það, hverjar afleiðingar það ætti og mundi hafa. Þingið selur stjórninni að eins í hendur frv.-rjettinn til næsta þings. Það var ein heppileg setning í ræðu h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) þegar hann sagði, að með nýjum herrum kæmu nýir siðir. Þetta er alveg rjett, og mjer dettur í hug út af þessum orðum, að það eru nú sem stendur tímamót í okkar íslenzku pólitík. Jeg hefi ekki tíma til þess nú að fara frekara út í þetta, en skal að eins taka það fram, að jeg með þessu á við það, að okkar pólitík er á góðum vegi til að verða meira praktisk og við erum að fjarlægjast meir og meir hina abstrakt idealistisku pólitík, sem hingað til hefir verið ríkjandi hjá oss. Og jeg er sannfærður um að þessi vegur, sem við nú höfum valið í stjórnarskrármálinu, miðar einmitt í þessa praktisku stefnu.

Benedikt Sveinsson (forseti): Jeg verð að játa það, að jeg var nokkuð langorður um þetta mál í gær, en jeg vona að menn verði líka að játa, að jeg hafi haft ástæðu til að svara því sem h. framsögum. (Guðl. G.) tók fram. Jeg skal nú lofa því, að vera eins fáorður og jeg get, og það eru að eins fá atriði, sem jeg ætla að minnast á.

Það er þá fyrst höfuðatriðið, sem jeg tók fram, þýðingin í orðunum »að skora á stjórnina«. Jeg þóttist útlista það nógu rækilega í gær, hvað jeg í þessu sambandi skildi við orðið «stjórn«, að það væri sama sem stjórn Danmerkur og ríkisráð Dana, en að það undir engum kringumstæðum gæti þýtt ráðgjafa Íslands, því að ráðgjafi Íslands er í stjórnskipulegum skilningi ekki til; hann er að eins einn meðlimur af ríkisráði Dana, og hefir þar á hendi dómsmálastjórn Danmerkur. Það er enginn efi á að þetta er satt, og það er ómögulegt að snúa sjer til ímyndaðs ráðgjafa til framkvæmda um þetta mál. En í tillögunni stendur ekki ráðgjafi heldur stjórn, og það hlýtur að vera stjórn konungs, sem hjer er átt við, sú hin sama, sem vitnað er til í hinni konunglegu auglýsing 2. nóv. 1885, og sem jeg með leyfi forseta skal leyfa mjer að lesa kafla úr. Þar stendur meðal annars: »Ef æðsta stjórn Íslands yrði, eins og ákveðið er í hinu samþ. frv., fengin í hendur ábyrgðarlausum landstjóra, skipuðum af Oss í landinu sjálfu« o. s. frv. «þá myndi Ísland með þessu

móti í raun og veru verða leyst úr öllu sambandi við ríkið, þar sem æðsta stjórn yrði falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu«.

Þarna kemur það, það er fyrst og fremst ábyrgðin, sem oss vantar, og í öðru lagi er það augljóst að auglýsingin segir að frv. sje því til fyrirstöðu að hægt sje að draga stjórn Íslands mála undir stjórn Dana og ríkisráðið. En nú heyri jeg það sem mjer ekki datt í hug og engum skynberandi manni mun detta í hug, að undir stjórn konungs heyri einnig H. H. konungurinn sjálfur. H. frams.m. (Guðl. Guðm.) tók þetta skýrt fram og mig furðar mjög á því að hæstv. landsh. lýsti hinu sama, því hjer ræðir þó ekki um óákveðið daglegt hjal, heldur um einskorðaðar stjórnskipulegar hugmyndir. Hjer stendur í hinni sömu auglýsingu frá 2. nóv. 1885: «Það hefir því glatt Oss að verða þess vísir — — — að stjórn Vorri og alþingi hefir tekizt» o. s. frv. Er það nú ekki konungurinn sjálfur, sem hjer setur sig í mótsetningu við stjórn sína; enda get jeg fullvissað hina háttv. herra um það, að þótt leitað sje með logandi ljósi í lögfræðisútlistunum Dana, þá er konunginum aldrei blandað saman við orðið «Regjering» og «Statsraad», heldur er þetta tvennt, konungurinn og stjórnin, sett sem hvort öðru mótsett, og jeg verð því algjörlega að mótmæla því, að í orðinu »stjórn» sje innifalinn konungurinn sjálfur, og jeg hefi aldrei látið mjer detta í hug að nokkur lögfróður maður mundi halda slíku fram.

Jeg skal svo ekki dvelja lengur við þetta atriði, en að eins benda á það, að ef menn halda fram þessum skilningi á orðinu stjórn, þá yrði eptir því í 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem talað er um að senda konungi ávörp, einnig meint stjórnin, en slík fásinna nær engri átt. Það er þvert á mót konungurinn einn, sem staðfestir lögin með sinni eigin undirskript, í skörpustu mótsetning við ráðgjafann, eða stjórn hans, sem ber ábyrgðina, og við þurfum ekki annað en taka sjálfa stjórnarskrána og hver helzt lög, sem vera skal, til að sjá þetta svart á hvítu. Hæstv. landsh. ber auðvitað ábyrgð á sínum skilningi á orðinu stjórn, en jeg verð að vara h. þm. við að greiða atkvæði með tillögunni, ef þeir ganga út frá því, að í orðinu stjórn sje innifalin H. H. konungurinn, því þá hljóta orðin að »skora á« líka að eiga við konnnginn, en jeg þarf ekki annað en að skjóta því til heilbrigðrar skynsemi þingmanna og óspiltra tilfinninga þeirra, hve óviðurkvæmilegt og óleyfilegt það muni vera, að skora á konunginn sjálfan. Nei! Enginn lifandi maður getur í stjórnskipulegum skilningi meint annað með stjórn, en stjórn Dana og ríkisráðið eingöngu, svo að konungurinn er alveg útilokaður í þessu sambandi. En það er mergurinn málsins, að h. framsögum. og hæstv. landshöfðingi eru nauðbeygðir til að flýja undir skjól þessarar aumkvunarlega bágbornu skýringar á orðinu »stjórn« í tillögunni, að það þýði ýmist ráðgjafi Íslands, sem enginn er að rjettu lagi, eða konunginn sjálfan, eða þá hvorttveggja, því með öðru móti geta þeir ekki komizt hjá að viðurkenna þá þýðingu, sem jeg hefi margsannað: að þetta orð sem sje að eins geti táknað »stjórn og ríkisráð Dana«.

H. framsm. (Guðl. G.) sagði að jeg skoðaði konunginn sem einvaldan. Það er langt frá mjer. En jeg skoða hann sem takmarkað einvaldan um Íslands sjerstöku mál og einmitt þess vegna er alveg nauðsynlegt, að aðgreina »stjórn« konungsins frá honum sjálfum, sem ábyrgðarlausum, en þetta skynjar ekki

h. framsögum. Í 1. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Í öllum þeim málum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöt sína og stjórn út af fyrir sig«. Þetta hefir konungur vor enn þá ekki efnt, og því stendur þessi grein enn sem »Löfteparagraf«. Það er loforðsgrein, sem konungurinn er siðferðislega og stjórnskipulega bundinn við að uppfylla, nefnilega að efna það loforð, sem ótvíræðilega er gefið í þessari grein. Jeg veit það vel að h. þm. (Guðl. G.) ætti að vera fróður í ríkisrjetti, en jeg þykist líka hafa lesið hann og vist er um það, að hann lætur ekki ljós sitt skína í því efni í þessu máli, heldur lítur svo út, sem hann sje alveg ófróður um stjórnarsögu Íslands. Það vita þó allir, bæði guð og menn, að það er sú sama danska stjórn, sem hefir beitt sama framkvæmdargjörræðinu í íslenzkum málum á meðan alþingið var ráðgefandi eins og hún hefir beitt öll þau 20 ár, síðan það að nafninu til varð löggefandi, og þetta er það, sem gjörsamlega ruglar skilning framsögum. Það varð nefnil. við 4. jan. 1874 engin breyting á factiskri stöðu hinnar dönsku stjórnar gagnvart Íslandi annað en það, að dómsmálaráðherra Dana er látinn heita Íslands ráðgjafi, en heldur þó áfram að vera í stjórnarráði Dana, einnig með tilliti til sjerstakra mála Íslands, og í tillögunni liggur því einmitt það að lögfesta íslenzk mál undir ríkisráð Dana. En höfum vjer, hvað sem öðru líður, ástæðu til að ganga fram fyrir þessa stjórn, eins og hún þannig hefir reynzt oss, og sem í stjórnskipulegum skilningi er oss alveg óviðkomandi. Jeg skýt því til h. þm., hvernig þessi stjórn hefir reynzt okkur síðar 1849, og jeg tek það enn einu sinni fram, að við eigum ekki að hafa og megum ekki hafa neinn orðastað við hana eða ríkisráð Dana, en það er einmitt það sem tillagan gjörir. Jeg ætla mjer ekki að þrátta meira við h. framsögum. um þetta, en það sem jeg hefi sagt, er óhrekjandi og óyggjandi sannleikur. Það sem h. framsögum. sagði um það, að jeg ætti örðugt með að gjöra mun á ráðgjafarþingi og löggjafarþingi, þá er það fallið með því sem jeg hefi tekið fram, og sýnt, að hann sjálfur er alveg ruglaður í hinni pólitisku »Situation« Íslands gagnvart Danmörku. Skilningsörðugleikarnir liggja að öðru leyti í því að konungur vor er ekki búinn að uppfylla loforð sín við Ísland um að skipa sjerstaka stjórn handa því eða stjórn út fyrir sig. Löggjafarþing vort er því ekki löggjafarþing nema að hálfu leyti enn sem komið er, og verður það ekki um aldur og æfi fyrri en skipuð verður sjálfstæð stjórn gagnvart því, með fullri ábyrgð. Minn grundvöllur er því fastur og sú bygging, sem jeg með logiskum rökum hefi byggt á honum, stendur óhögguð.

H. framsögum. talaði stór orð um það, að höfða mætti mál gegn ráðgjafa Íslands fyrir að flækja málum Íslands inn í ríkisráðið; hann um það. Jeg ætla að eins að bíða þess, að sjá hvernig hann ætlar sjer að fara að gjöra það. H. framsögum. (Guðl. G.) talaði um það sem jeg minntist á formið á tillögunni og hermdi orð mín þar ekki rjett. Hefði jeg vísað tillögunni frá, þá hefði jeg gjört það af ástæðum, sem ekki lágu undir atkvæði deildarinnar. En það er á ábyrgð forseta að hann ekki vísi máli frá, sem átt hefði að koma undir atkvæði. Jeg vona, að ekkert það atriði komi nú fyrir, sem gjöri mjer það ómögulegt að láta tillöguna koma til atkvæða þingsins. En ef h. framsögum. heldur fram þessum skiln-

ingi á orðinu stjórn, þá er mjer ómögulegt að setja tillöguna undir atkvæði.

H. framsögum. sagði, að jeg væri ánægður með efni tillögunnar. Þetta er blátt áfram ósatt. Jeg rakti efnið frá rótum og sagði, að jeg vorkenndi þessu þingskrípi, svo að jeg vildi ekki fara að rekja úr því garnirnar frekar en jeg gjörði.

Jeg skal geta þess, að þó að það fengist, sem tillagan fer fram á, þá er ekki fengin meiri trygging fyrir ráðgjafa-ábyrgð en svo, að ábyrgðin yrði eptir sem áður eins og hún er í Danmörku, en ábyrgðarlög yrðu samin fyrir landshöfðingja í öllum þeim málum, sem undir verksvið hans liggja sjerstaklega. Tillagan, eins og hún er orðuð hálft og óákveðið, tryggir ekki meira. Einn helzti lögfræðingur og embættismaður landsins sagði líka um þessa tillögu í gær h. framsögumanni (Guðl. G.) sjálfum áheyrandi, að hún væri lík tunnu, sem enginn vissi hvað væri í, og jeg tók það líka fram í ræðu minni í gær, að ekki væri gott að reiða sig á, hvað í henni byggi, og jeg viðhafði um hana tvö lýsingarorð, sem jeg vona, að ekki hafi fallið úr hjá þingskrifurunum, að hún væri hál sem lax og viðsjál sem Loki.

H. framsögum. (Guðl. G.) talaði um, að menn ættu að varast að blanda nafni konungs inn í umræðurnar. — Þetta er í sjálfu sjer satt, enda hefi jeg opt tekið það fram á þingi. En hver er það, sem dregur nafn konungs inn í umræðurnar, ef ekki sá, sem við stjórn vill skilja konunginn sjálfan, og hefir jafnframt ummæli um, að stefna megi þessari stjórn fyrir lög og dóm? En þegar menn vilja draga hans hátign á bak við ríkisráðið, og færa það löggjafarvald, sem hann hefir, yfir á ríkisráðið og gjöra Íslendinga að þegnum þegnanna, þá álít jeg það helga skyldu mína, að verja hina rjettu og stjórnskipunarlegu stöðu konungsins.

H. framsögum. (Guðl. Guðm.) nefndi orðið föðurlandssvikarar, og sagði þeim sem ekki fylgdu stjórnarskrárfrumv. hefði verið gefið það nafn. Jeg veit ekki annað, en að jeg sje saklaus af því, þó að slíkt hafi verið gjört. En jeg skal ekki innistanda fyrir, hvaða nafn þeim kann að verða gefið, sem hafa reynt að flytja löggjafarvaldið yfir Íslandi frá konungi yfir til hinna dönsku stjórnarvalda, og jeg hefi engan vilja á, að losa þá við það nafn, sem þeir eiga skilið fyrir slíkt athæfi, enda mundi jeg ekki geta það, þótt jeg feginn vildi. Því að þó gjört sje lítið úr þessu nú á þessari stundu, þá munu þó þeir tímar koma, sem það ekki verður gjört.

Í sambandi við þetta minntist háttv. framsögum. (Guðl. G.) á þjóðviljann á Íslandi og sagði, að mikill þorri manna væri móthverfur frumvarpinu. Hvar er þessi þorri? Það eru fáein kjördæmi, það eru dauðu púnktarnir í landinu, sem eiga að dansa á höfðum hinna lifandi, það er Skaptafellssýsla, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Mýrasýsla og svo Vestmannaeyjar, sem helzt ættu engan þingmann að hafa. Það eru þessir dauðu púnktar, sem eiga að ráða lofum og lögum í landinu. En þetta er ekki svo mikill hluti lands eða þjóðar, að Ísland hætti að vera Ísland, eða að Íslendingar hætti að vera þjóð, þó honum væri sökkt í sjó niður, eður drepsótt gjörði hann mannlausan. — Eigi að síður mundi Ísland þá hafa allan hinn sama rjett og skyldu til að hrinda af höndum sjer hörmungum þeim, sem gjörræði Danastjórnar hefir valdið á þessu landi. —

H. framsögum. (Guðl. G.) vill ekkert gjöra úr Þingvallafundinum eða hjeraðsfundunum. En hvernig fer hann þá

að finna, hver vilji þorrans er. Er nokkur annar vegur, sem við höfum hjer á þessu fámenna og strjálbyggða landi til þess að láta í ljósi vilja vorn, en að koma saman og gjöra ályktanir, því að það er þó víst ekki meining þingmannsins, að hann hafi gengið fyrir hvern einstakan mann og spurt um álit hans.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) byggir allt á því, að í sínu kjördæmi sje enginn áhugi fyrir málinu, og dregur svo þá ályktun út af því, að eins muni vera annarsstaðar, en hefir h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) þá ekki lesið áskoranir þær, sem liggja frammi á lestrarsalnum? Til þess að sýna, að menn sjeu eins mótsnúnir frumv. og hann vill halda fram, þá verður hann að koma með jafn-margar áskoranir með jafn-mörgum undirskriptum til þess að geta sannað þann málstað sinn.

En hvað veit h. framsögum. (Guðl. G.) um viljann í stjórnarskrármálinu í sínu eigin kjördæmi? Eptir því sem hann segir, þá leiddi hann alveg sinn hest frá að ræða það á þingmálafundum, sem hann hjelt, en sagði við kjósendur sína: »Þetta mál verðið þið að ræða, því Þingvallafundurinn er settur til höfuðs mjer«. Dettur nú nokkrum manni í hug, sem nokkuð þekkir Skaptfellinga, að þeir muni hafa viljað skilja milli bols og höfuðs á yfirvaldi sínu, með því að sækja Þingvallafund; skárri mátti það nú vera áhuginn á Þingvallafundi. Þetta sýnir einmitt, að h. framsögum. (Guðl. G.) hefir með kænsku drepið niður hluttekning kjósenda sinna á Þingvallafundi, og ámælir þeim svo á eptir fyrir áhugaleysið.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um sannfæringarfarg, sem lægi á þjóðinni, og mjer fannst hann beina því að mjer, að jeg hefði lagt þetta farg á hana. Jeg skil ekki, hvað þingmaðurinn á við með þessu eða hvernig sannfæringin getur legið undir fargi. Sannfæringin er meðvitund um það, að maður styðji skoðun sína á hlutlegum rökum, og það er að eins sú sannfæring, sem engin sannfæring er, sem getur verið undir fargi. Það vita allir, að ef þjóðin hefir gengið frjálslega að nokkru verki, þá er það að stjórnarbaráttunni, hún hefir ekki verið tómt orðaglamur fyrir þjóðinni, heldur háð af fullri sannfæringu; bezti vottur þess er það, sem hún hefir lagt í sölurnar fyrir málið, og nú síðast Þingvallafundurinn. Það tekur sig hálf-skrítilega út, það sem h. framsögum. (Guðl. G.) segir um þjóðviljann, og að hann standi ekki yfir alþingi. Mjer dettur ekki í hug, að hann standi formlega skilið yfir því, en hann stendur samt sem áður bæði yfir því og undir og á bak við gjörðir þess. Þó að allir Íslendingar annarsvegar gerðu einhverja skynsamlega ályktun um eitthvert mál, og svo aptur á móti þeir 36 menn, sem á alþingi sitja, gerðu óskynsamlega ályktun um hið sama mál, þá er það að sjálfsögðu sú ályktun, sem gildir formlega, og að því leyti er það rjett, að þjóðviljinn stendur ekki yfir þinginu. En af annari hálfu vona jeg, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) játi, að það sje siðferðileg og sjálfsögð skylda þingsins að taka þjóðarviljann sem mest til greina, og að það beri ábyrgð á því, ef það gjörir það ekki.

Öll orð h. framsögum. (Guðl. G.), sem voru fyrir utan efni þessa máls, leiði jeg alveg hjá mjer, hvort sem þau stefna að því, að kasta hnútum að hinni endurskoðuðu stjórnarskrá eða mjer persónulega. Slíkri mælgi og markleysum álít jeg mig of góðan til að svara. En þess læt jeg getið, að þetta stjórnar-

skipunarlagafrumvarp, sem hann ræðst svo ómjúkt en ófugt og ástæðulaust á, er myndað af öllum beztu og vitrustu mönnum, sem lifað hafa á þessu landi nú um hálfa öld, og sem hann þolir engan persónulegan samanburð við sjálfur; mynd tveggja þessara manna blasir við oss hjer í salnum; það er myndað af nauðsyn tímans og framsóknar-anda þjóðarinnar, og jeg er viss um, að þessu máli verður haldið fram af hinni íslenzku þjóð þangað til hún ber sigur frá borði, hvað svo sem h. framsögum. (Guðl. G.) gutlar og skvaldrar út í loptið, og jeg er einnig sannfærður um, að þessa sigurs verður ekki langt að bíða, ef þingið stendur svo í stöðu sinni, sem því sæmir, gagnvart þjóð og konungi sínum.

Jeg bið svo þingmenn að fyrirgefa, þó jeg hafi orðið nokkuð langorður um þetta mál; mjer liggur það svo ríkt á hjarta, og það sem jeg hefi talað, það hefi jeg talað af hreinum hug og með fullri meðvitund um, að jeg hefi góðan málstað að verja gegn árásum, sem miða landi og þjóð til vansæmdar og niðurdreps.

Þórður Thoroddsen: Jeg ætla að eins að lýsa því yfir áður en til atkvæða er gengið, að jeg get hvorki greitt atkvæði með tillögunni sjálfri nje breyt.-till. við hana. Jeg hefi verið á þeirri skoðun og er það enn, að þessi aðferð, að bera fram stjórnarskrármálið í tillögu formi til stjórnarinnar, sje ekki vænlegri til að fá áheyrn hjá henni en frumvarpið; og þegar jeg lít á efni tillögunnar, þá get jeg því síður vænzt eptir betri svörum frá stjórninni en áður. Auk þess held jeg að þessi aðferð geti haft þær afleiðingar, að apturkippur komi í málið, og fyrir mínum sjónum lítur svo út, sem þetta sje tilraun til að finna veg til að svæfa stjórnarskrármálið, en því hefir nú verið neitað, að svo sje, og skal jeg því ekki halda því fram. Jeg lýsi því yfir, að mín persónulega sannfæring, óháð öllu öðru, er, að ekki sje rjett, að greiða atkvæði með tillögunni. Jeg greiði því ljúflegar atkvæði gegn tillögunni, sem það virðist vera í samræmi við þjóðviljann í mínu kjördæmi, að því leyti, sem hann kom fram á undirbúningsfundum þeim undir alþingi, sem haldnir voru í vor, og jeg veit, að hann hefir ekki breytzt í þessu máli síðan, og sízt snúizt móti skoðun minni á tillögunni.

Það hefir verið talað um, að þjóðviljinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi verið flekkóttur í stjórnarskrármálinu; en nú skal jeg gefa dálítið yfirlit yfir, hvernig hann kom fram á þeim 7 stöðum, þar sem undirbúnings-fundir voru haldnir undir þing síðari hluta júnímánaðar. Á öllum þessum fundum kom stjórnarskrármálið til umræðu, og skal jeg nú stuttlega skýra frá, hvernig hver fundurinn fyrir sig tók í það. — Fyrsti fundurinn var haldinn í Gerðum í Garði; þar var samþykkt í einu hljóði, að skora á alþingi, að halda áfram stjórnarskrár-frumvarpinu frá 1893 óbreyttu. Annar fundur var haldinn á Brunnastöðum; þar var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 5 að halda stjórnarskrármálinu óbreyttu eins og það var samþykkt 1893. Þriðji fundurinn var haldinn á Bjarnastöðum á Álptanesi; þar var samþykkt í einu hljóði, að halda áfram stjórnarskrármálinu í frumvarpsformi. Fjórði fundurinn var haldinn í Hafnarfirði; þar var samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum að skora á alþingi að halda stjórnarskrármálinu áfram í líka stefnu og á undanfarandi þingum. Kollafjarðar-fundurinn var hinn fimmti; á honum var samþykkt í einu hljóði, að þingið hreifi málinu í ávarpsformi og biðji stjórnina, að leggja fyrir þingið frumvarp til stjórnarskip-

unarlaga; en til vara, ef þetta ávarpsform yrði fellt í þinginu, þá að frumv. yrði haldið áfram með breytingum, sem þinginu kynni að koma saman um, að gætu verið til samkomulags. Sjötti fundurinn var haldinn í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi; þar var samþykkt í einu hljóði, að halda fram stjórnarskrármálinu í frumvarps-formi. Loks var sjöundi fundurinn haldinn í Hafnarfirði til undirbúnings undir Þingvallafund; á honum var tillaga um það, að fulltrúarnir fylgdu fram frumv. frá 1893 óbreyttu samþykkt.

Af þessu yfirliti verður ekki annað sjeð, en að þjóðviljinn í mínu kjördæmi sje sá, að halda stjórnarskrárbaráttunni áfram í sama formi og á undanförnum þingum, en eigi sá, að taka upp þessa tillögu-aðferð; og eins og jeg sagði áður, hefi jeg enga vitneskju fengið um, að þjóðviljinn hafi breytzt í þá átt síðan undirbúningsfundirnir voru haldnir í vor.

Jeg hefi nú stuttlega gert grein fyrir atkvæði mínu, en læt mjer að öðru leyti í ljettu rúmi liggja, hvað aðrir segja um skoðun mína.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg vil eins og aðrir fleiri reyna að gera grein fyrir því, hvernig afstaða mín er í þessu máli, og hvernig jeg muni greiða atkvæði í því. Jeg get sagt þetta í stuttu máli: Jeg er mótfallinn tillögunni. Jeg skal ekki eyða tíma við að fara út í efni tillögunnar, en get þess, að mjer sýnist ekki neinar líkur til þess, að þessi aðferð beri betri árangur, en sú aðferð, sem hingað til hefir verið höfð, sú aðferð, að flytja málið í frumvarpsformi; þó er þetta ekki hið eina, sem ákvarðar mig, en jeg er óánægður með þá aðferð, sem hefir verið höfð til að koma tillögunni inn á þing og hafa hana þar fram. Hjer er fyrst og fremst sá stóri galli, að ekki hefir verið fengin yfirlýsing þjóðarinnar um það, hvort hún vildi hafa þessa aðferð, þvert á móti er eins og reynt hafi verið að sneiða hjá að fá þessa yfirlýsing. Skal jeg færa nokkur rök fyrir þessu. Jeg veit eigi til, að flutningsmenn tillögunnar, máske að undanteknum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), hafi hreyft henni í blöðunum eða á fundum á undan þingi. Þetta eitt út af fyrir sig er ljós vottur þess, að skoðun mín er rjett. Fám dögum áður en alþing kom saman var haldinn þjóðfundur á Þingvelli, og þótt eigi hafi verið gert mikið úr þeim fundi hjer í salnum, þá skil jeg ekki í því, að flutningsmenn tillögunnar skyldu eigi bera hana þar fram og sýna fundinum fram á ágæti hennar og reyna að sannfæra hann um það. Þessi aðferð ein, sú aðferð, eins og að fara á bak við þjóðina með tillöguna, hún er nóg fyrir mig til að vera henni mótfallinn, hvað sem efni hennar líður eða formi.

Það hneykslar mig, hvað opt er verið að tala um þjóðviljann í sambandi við tillögu þessa, og jeg sje ekki með hvaða rjetti er verið að tala um hik hjá þjóðinni í stjórnarskrárbaráttunni. Það hafa verið tilgreind einstök hjeruð, þar sem þetta hik hefði komið fram á þingmálafundum. En slíkt hik hefir áður komið fram í bili í einstökum hjeruðum. Þannig kom það fram í Árnessýslu fyrir þing 1887, og þá var h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) í samræmi við kjósendur sína, er hann greiddi atkvæði móti stjórnarskrárfrumv. Eptir því sem jeg veit bezt, munu aptur ályktanir í stjórnarskrármálinu hafa verið miklu strangari úr því hjeraði í ár. Og þó það kunni að vera rjett, að sóknin hafi eitthvað linazt í einstökum hjeruðum, þá er það eins rjett, að hún mun aptur hafa harðnað í öðrum hjeruðum landsins, svo að jeg verð að telja það allsendis óheimilt að halda því fram, að

um nokkra verulega, því síður algerða linun sje að ræða af hálfu landsmanna. Fyrir minni tilfinningu er það hvorki fallegt nje rjett, að hæðast að hinum veiku tilraunum þjóðarinnar til að halda fram rjetti sínum.

Mjer finnst það miður sæma að gera lítið úr Þingvallarfundinum og hreita til hans ónotaorðum. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) kvað hann hafa verið götóttan. Það kennir kulda af orðum þessum; og hverjum voru götin að kenna? Svari þeir því, sem nú gera minnst úr honum.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hafði og annað orðatiltæki um fundinn, sem mjer þótti harla óviðkunnanlegt; hann sagði, að mönnum hefði verið sigað saman á hann úr öllum landshornum. Jeg veit ekki, hvort h. þm. hefir með þessu viljað gefa í skyn, að það hafi verið tómar skepnur, sem þangað voru sendar. Jeg skal ekki tala langt um það, sem h. þingm. (Guðl. G.) þuldi um stjórnarskrárglamrið út um landið, en lýsi því að eins yfir, að það særir tilfinning mína sem Íslendings að heyra gert gys að og talað þannig um tilraunir vorar til að ná meiri sjálfstjórn en nú njótum vjer. Jeg hefði óskað, að þeir mörgu, sem berjast af fullri sannfæringu fyrir því máli, hefðu fengið að njóta sannmælis.

Þá skal jeg minnast á eitt atriði í ræðu h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.). Ef jeg hefi skilið hann rjett, þá kvað hann eigi vera heppilegt að fresta málinu til næsta þings og lofa þjóðinni að segja álit sitt um tillöguna, áður en hún yrði samþykkt, af þeirri ástæðu, að svo miklar deilur mundu verða allan þann tíma um málið. En þótt tillagan verði nú þegar samþykkt hjer á þingi, sje jeg litlar vonir til, að eigi verði deilt um hana eptir sem áður, þangað til sjest, hver endi verður á málinu. Jeg segi, að því miður muni ekki verða hjá þessu komizt, því að líklega er það ekki til fagnaðar fyrir neinn þingmann nje neinn Íslending, að þurfa að vera að deila um mál, sem öllum kemur saman um að efninu til. Eins og jeg sagði áður, er tillagan komin fram á þann hátt, sem jeg get ekki fallizt á að sje rjettur, og jeg vil eigi gefa veikri viðleitni þjóðarinnar til að ná rjettindum sínum slag í andlitið; jeg vil draga mig þar í hlje, þó að vísu muni ekki mikið um mig.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi áður tekið til máls og skýrt frá skoðun minni, þegar frumv. til stjórnarskipunarlaga var til umræðu hjer í deildinni, og því stend jeg nú að eins upp til þess að gera grein fyrir því, að jeg er móti tillögu þessari, og skal jeg nú rökstyðja atkvæði mitt með fáum orðum.

Þegar jeg þá fyrst lít á formhlið málsins, dylst mjer ekki, að hjer er eigi farinn sá vegur, sem stjórnarskráin vísar oss á, því að 61. gr. hennar segir skýrt, hvernig fara skuli að, þegar þjóðin vill breyta stjórnarskrá þeirri, sem konungur gaf henni 5. jan. 1874, og sá vegur er því hinn eini eðlilegi, sá eini vegur, sem samkvæmt stjórnarskránni sjálfri er spor í áttina til breytinga. — Og hefðu menn viljað hætta við málið, eða taka sjer hvíld í stjórnarskrárbaráttunni, en viljað þó halda því vakandi, sem menn segja, þá var vegurinn, sem stjórnarskráin fyrirskipar, sá, að senda konungi ávarp.

En með þingsályktunartillögu þeirri, sem hjer liggur fyrir, er valinn sá vegur, sem að vísu byggist á gamalli þingvenju, sem að vísu hefir allopt verið notuð í ýmsum almennum löggjafarmálum, en aldrei í stjórnarskipunarmálum, og þetta verð jeg að telja næsta óheppilegt. En þegar nú sleppt er þessari formhlið málsins, þá heyri jeg það

hljóma frá vörum þeirra tillögumanna, að hjer sje fundin ný leið, leiðin til sigurs. En jeg verð á hinn bóginn að segja, að hjer er enginn vegur fundinn eða farinn, heldur er nú svo komið, að alþingi Íslendinga hefir horfið frá þeirri stefnu, sem fylgt hefir verið, sjálfstjórnarbaráttunni að undanförnu, og ber fram auðmjúkar óskir fyrir stjórnina; þingið gefur stjórninni það ótvírætt í skyn með þingsályktun þessari, að nú sje svo komið fyrir oss, að vjer getum ekki komið oss saman um neitt ákveðið form fyrir sjálfstjórnarkröfum vorum, heldur sjeu það að eins viss aðalatriði, sem oss þætti vænt um, að stjórninni mætti þóknast að taka til greina, en að öðru leyti felum vjer henni alveg að skapa þeim búning; og til þess að sýna stjórninni það enn berar, þá hefir það verið tekið fram, bæði af h. framsögum. (G. Guðm.) og í h. efri deild, að þessi vegur sje farinn meðfram af því, að menn sjeu óánægðir með frumv. það, sem samþykkt hefir verið á undanförnum þingum. Þessu vil jeg að menn veiti eptirtekt, og tek jeg það þá jafnframt fram, að jeg tel næsta óheppilegt, að slíku hefir verið varpað fram; með því er stjórninni gefið undir fótinn, að fara sjer hægt, og með því hafa tillögumennirnir slegið sjálfa sig á munninn. Jeg álít, að h. þm. (Guðl. G.) hafi með þessu dregið kraptinn úr þeim tilraunum, sem hjer eptir verða gjörðar, til þess að koma stjórnmálum vorum í eðlilegra horf.

Og þegar jeg spyr sjálfan mig, hver óskað hafi þess, að tillagan væri borin fram, þá sje jeg, að það er ekki þjóðin. Nei, það er meira að segja þvert á móti óskum þjóðarinnar, að hún er komin inn á þing, því að þjóðin hefir ótvírætt óskað þess, að vjer gengjum í þessu máli hina sömu götu, sem að undanförnu. Þingið getur því ekki reynt þennan svo kallaða nýja veg, nema með því móti einu, að þingmenn um leið gangi þvert á móti óskum kjósendanna og rjúfi þau heitorð, sem þeir hafa gefið þeim, því að kjósendurnir hafa lagt svo fyrir, að málinu væri haldið áfram í frumvarpsformi; og að því er mitt kjördæmi sjerstaklega snertir, þá hefi jeg ótvíræða áskorun þaðan, að fylgja málinu fram á sama hátt eins og að undanförnu, svo að jeg gat því ekki orðið þingsályktunartillögumönnunum samferða, nema með því að bregðast trausti kjósenda minna og eigi einungis trausti minna kjósenda, heldur einnig, þegar litið er til ályktunar Þingvallarfundarins, trausti þjóðarinnar yfir höfuð; og þegar jeg lít á þingmálafundagjörðir hinna einstöku kjördæma, sje jeg, að það er að eins ein sýsla, Húnavatnssýsla, sem hefir óskað þess, að tillöguleiðin væri farin; mjer dettur því ekki í hug að telja það óeðlilegt, þótt þingmenn Húnvetninga sjeu ekki á móti því, að þessi leið sje reynd, en hvernig aðrir h. þingmenn ætla sjer að forsvara framkomu sína í þessu máli gagnvart kjósendum sínum, er mjer óljósara.

Þetta voru þá nokkrar af þeim aðalástæðum, sem urðu þess valdandi, að jeg eigi gat aðhyllzt þingsályktunartillöguna í þingbyrjun, og jeg get heldur ekki nú greitt atkvæði með henni, þótt stjórnarskipunarfrumvarpið sje strandað í efri deild.

Jeg tók það fram áðan, að þessi vegur, sem þingið nú vill reyna, mundi af stjórninni verða skoðaður sem vottur um hik hjá þjóðinni, og því verður eigi neitað, að slíkt væri ekki að ástæðulausu, þegar litið er til þess, hvernig tillagan hefir verið rökstudd, bæði hjer í deild og í h. efri deild; en mjer fellur það illa, að þetta hik skuli koma fram í þessu máli, og það einmitt á

þessum tíma, þegar lagasynjanirnar gerast sem tíðastar, svo að stjórnin lætur sjer ekki lengur nægja að synja einu og einu lagafrumvarpi, heldur heilli hrúgu, ekki færri en 5—6 í senn; og því sorglegra er það, að þessi apturkippur skuli koma fram einmitt nú, þegar stjórnin hefir brugðið upp nýjum fána, fána hinnar politisku ofsóknar, því að einmitt þessi framkoma stjórnarinnar ætti að knýja þjóðina til að harðna í sókninni, en eigi að lina hana eða að draga úr baráttunni.

Jeg skal ekki spá mörgu um það, til hvers þessi tillaga muni leiða; en þegar jeg lít á yfirlýsing landshöfðingja bæði í h. efri deild og hjer í deild, sýnist mjer sannarlega ekki mikils að vænta. Hann hefir að vísu lýst því yfir, að hann gæti mælt með fyrsta lið tillögunnar, þ. e. að sjerstakleg málefni landsins verði ekki lengur rædd í ríkisráði Dana, og fengist þetta, væri það að vísu nokkuð til bóta, en þó ekki annað en það, sem vjer nú eigum heimtingu á samkvæmt gildandi lögum. En satt að segja þá geri jeg mjer ekki miklar vonir um, að stjórnin í Kaupmannahöfn muni gefa þessu mikinn gaum, þótt landshöfðingi mæli fram með því, því að vjer vitum, að þetta er einmitt eitt af aðalatriðunum, sem stjórnin vill ekki hreifa við, og segist ekki geta hreift við, af því að það komi í bága við ríkiseininguna. Þetta hefir hún tekið ótvírætt fram í auglýsingunni 2. nóv. 1885 og ítrekað það í desemberauglýsingunni 1893. Og að því er snertir hin atriði tillögunnar, var jeg sjálfur heyrnarvottur þess í h. efri deild, að landshöfðingi kvaðst ekki geta mælt með þeim. Eitt er og víst og það er það, að þar sem frumv. hefir strandað á þingi í ár, af því að tillaga lá hjer í loptinu, þá er hún þess valdandi, að vjer getum alls eigi fengið bót á stjórnarhögum vorum næstu tvö árin; en þetta hið sama getum vjer ekki sagt með vissu, ef stjórnarskrármálið hefði verið samþykkt í frumvarpsformi nú á þinginu. Jeg benti á það við 3. umr. stjórnarskrárfrumv., að það væri ekki persónuleg skoðun konungsins, heldur skoðun stjórnarinnar, sem kæmi fram í nóv. og desember auglýsingunum, og jeg tók það líka fram, að breyting gæti orðið á stjórninni og stjórnarstefnunni í Danmörku á hverri stundu, sem vera skyldi, og því gæti það verið, að vjer yrðum búnir að fá nýja stjórnarskrá 1897, ef frumvarpsleiðin væri farin; en það er víst, að vjer verðum ekki búnir að fá hana þá, ef tillöguleiðin er valin.

Það hefir og verið tekið fram sem kostur við tillöguna, að bæði konungkjörnir og þjóðkjörnir þm. gætu sameinazt um hana; en á þetta get jeg ekki mikla áherzlu lagt; konungkjörnu þm. hafa að vísu lýst því yfir, að þeir sjeu samþ. aðalatriðum þeim, sem till. fer fram á, en verulega þýðingu hefir þessi yfirlýsing ekki fyr en þeir hafa samþ. frumv., er hafi að geyma þessi aðalatriði, og jeg gæti svo ósköp vel trúað því, eptir framkomu þeirra í máli þessu að undanförnu að dæma, að þeir hefðu eitthvað við málið að athuga, þegar það kæmi fram í frumv.formi, svo að þeir gætu þá ekki fylgzt með, heldur fyndu þá máske eitthvert nálarauga til að smjúga í gegnum, eitthvert smáatriði, sem þeir gætu ómögulega samþ. Það er sitt hvað að skrifa undir almennar yfirlýsingar, sem menn vita að aldrei geta orðið að lögum, eða hitt að samþ. ákveðin lagafrumv.

Það hefir komið fram í ræðum sumra þm. eða að minnsta kosti hefi jeg heyrt því hreift af þeim sem till. eru sinnandi, að aðaltilgangurinn með þingsályktun þessari væri sá, að hreinsa ögn loptið, og að stíga á hálsinn á gamla

frumv., en koma svo fram með nýtt stjórnarskrárfrumv. á þinginu 1897; en þó að jeg játi, að stjórskrárfrv. þetta sje ófullkomið eins og öll mannaverk eru, og geti, eins og jeg tók fram við 3. umr. stjórnarskrármálsins, vel hugsað mjer, að velja megi sjálfstjórnarkröfum vorum nýan og hæfilegan búning, þá er jeg enn ekki farinn að sjá, hvernig tekst að skapa hinn nýja grundvöll, sem framtíðarbarátta vor á að heyjast á. En hvað sem þessu líður, finnst mjer það ekki allskostar rjett af þeim, sem fylgt hafa stjórnarskrárfrumv. að undanförnu, og greitt því þá óhikað atkv. sitt, að ámæla því nú svo mjög, því að með því ámæla þeir sínum eigin gjörðum. Enginn mun og heldur geta neitað því, að í því frv. felist aðalatriðin fyrir sjálfstjórn vor Íslendinga, og að þegar þessi aðalatriði sjeu fengin, þá sje hægra að koma aukaatriðunum í það horf, sem oss þætti betur fara; og þar sem h. framsögum. (Guðl. Guðm.) hefir tekið það fram og lagt mikla áherzlu á það, að þorri manna hjer á landi væri óánægður með stjórnarskrárfrumv., þá er þetta ekki rjett hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Þessi óánægja hefir alls eigi komið almennt fram, og þó að einstakir menn þykist heima hjá sjer vera óánægðir með einstök atriði, þá er ekki mikið á því að byggja, á meðan þá skortir annars vegar þrek til að láta óánægju sína í ljósi á opinberum mannfundum, og vit á hinn bóginn eða þekkingu, til að koma með annað betra í staðinn eða þá loks lægni til að sannfæra menn um, að tillögur þeirra sjeu í sannleika betri; enda verðum vjer að gæta að því, að það er jafnan auðveldara að finna að en úr að bæta, hægra að rífa níður en að byggja upp.

H. 2. þm. Eyf. (J. Jónss.) mótmælti röksamlega ummælum h. framsögum. (Guðl. Guðm.) um Þingvallafund og þingmálafundina yfir höfuð, svo að jeg hefi þar litlu við að bæta. Að eins vil jeg láta þess getið, að mjer lízt oss þm., sem eigum atkv. um mál þjóðarinnar, samkvæmt vilja og atkv. kjósenda á kjörfundum, — ekki sæma að gera lítið úr þeim vilja, sem hefir borið oss í þennan þingmanns-sess, því að enda þótt þm. sjeu að vísu ekki bundnir við annað en sannfæringu sína, þá er þeim þó skylt að taka tillit til óska kjósendanna og þjóðarinnar, að svo miklu leyti, sem það getur samlagazt sannfæringu þeirra.

Þar sem h. framsögum. (Guðl. G.) enn fremur tók það fram, að þjóðin hefði skipzt í tvo flokka í þessu máli, þá mótmæli jeg að slík skipting eigi sjer stað. Hún er enn ekki komin út fyrir þingsalinn, og hvort hún kemst þaðan nokkurn tíma skal jeg ekkert um segja — en það hefir allt af sýnt sig, að í hvert skipti, sem veðrabrigði hafa orðið hjer á þinginu í þessu máli, og málinu hefir síðan verið skotið undir úrskurð þjóðarinnar, þá hefir hún æ verið því fylgjandi, að halda þessu máli fram sem hiklausast og fastast.

H. sami þm. talaði vel og lengi um það, að nú fengi þjóðin að skera úr því, hvort hin íslenzka »pólitík« ætti framvegis að vera »ideel« eða »praktisk«, og þar með gaf hann í skyn, að öll trú á því, að stjórnarskrárbarátta vor gæti nokkurn tíma leitt til sigurs, hefði verið í lausu lopti byggð, en að þingsályktunarleiðin, eða uppgjafar- og bænakvabbs-leiðin, væri »praktiskur« vegur; en trúi þeir þessu, sem vilja; jeg er ekki svo trúarsterkur; í mínum augum er tillagan ekki annað en pappírsblað, sem færir stjórninni þá sorglegu sögu, að alvara, táp og festa þm.

í þessu máli sje á förum, og að stjórninni hafi með synjunum sínum tekizt að nálgast það takmarkið, sem hún auðsjáanlega hafði sett sjer, að þreyta þingið í þessu máli; en annars leiðir tillaga þessi ekki til neins, og er ekkert spor í áttina, nema stjórnin bænheyri deildina og sendi henni einhverja frumv.mynd af miskun sinni.

Annars held jeg, að þessi bónar-vegur sje ekki hyggilegur í þessu máli, en að hin leiðin sje oss sæmri gagnvart sjálfum oss og öllum hinum menntaða heimi, að sýna einurð og þolgæði í baráttunni, og það eitt gefur stjórninni virðingu fyrir málstað vorum og rjettmætum kröfum, en hitt er ekki hyggilegt, að fara fyrst til stjórnarinnar og segja: Hvað getur þú gengið inn á? Því þá er víst, að stjórnin nefnir hið allra allra minnsta, ef hún á annað borð anzar oss nokkru. Mín skoðun er sú, að einmitt með því, að halda áfram sem beinast og hiklausast vinnum vjer eitthvað á. Sá vegurinn er að minni hyggju vænlegastur til sigurs, vænlegastur til þess, að fá stjórnina til þess að stíga sporið hálft til móts við oss, fá hana til að rjetta oss hendina til samkomulags, og þá fyrst vil jeg slaka til, ef vjer sjáum alvarlega tilraun til þess frá stjórnarinnar hálfu, að vilja sinna sanngjörnum kröfum vorum að nokkru.

H. þm. (Guðl. G.) tók það fram, að hann áliti að það væri ábyrgðarhluti fyrir hvern þm. að greiða atkv. móti þessari tillögu; en jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg hika ekki við að taka þá ábyrgð upp á mig, og það því fremur, sem mjer dylst það ekki, að ákvæði till. sjálfrar eru mjög óákveðin, enda þótt jeg játi, að breyt.till. h. þm. N.-Múl. (E. J.) bæti nokkuð úr, ef hún yrði samþ., þar sem í henni er skýrskotað til frumv. þess er deildin samþ. í ár og samþ. hefir verið á fyrri þingum.

Jeg þykist svo hafa gert stuttlega grein fyrir atkv. mínu; jeg geng að því vísu, að till. verður samþ., og þótt jeg geti ekki greitt atkv. með henni, þá harma jeg það ekki, að hún nái fram að ganga, af því að jeg treysti því, að þegar það er sýnt, að tillögu- eða bónarleiðin leiðir ekki til neins, þá muni þeir menn, sem henni eru fylgjandi, að minnsta kosti sumir þeirra, taka höndum saman við oss, þó að við ekki gætum orðið þeim samferða í þetta skipti, — til að herða baráttuna betur.

Framsögumaður meiri hl. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg skal í fám orðum ganga gegnum þær ræður, sem síðan seinast hafa verið fluttar, og vona að deildin fyrirgefi mjer þó að jeg taki fyrst til við hinn síðasta ræðumanninn.

Hann tók það fram, h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), að formhlið þessa máls væri öðruvísi en venja væri á þinginu.

Þetta hefi jeg áður farið út í, og þessu formi hefir opt verið beitt, en að þessu leyti er stjórnarskráin ekki neinum öðrum lögum bundin en almenn mál. Ástæðan til þess, að vjer leggjum áherzlu á þessa leið er ekki sú, að við viljum selja stjórninni sjálfdæmi á nokkurri af okkar kröfum, það útilokar innihald tillögunnar, nje heldur það, að við sjeum ekki færir til þess að finna þeim búning. Það er engin af þessum ástæðum. Þingið hefir hvað eptir annað reynt að finna búning fyrir stjórnarskipun, sem stjórnin gæti gengið að. Nú seinast á þinginu 1893 og '94 var henni sniðinn einn stakkurinn, sem stjórnin gat ekki gengið að, og sem mikill hluti þjóðarinnar er ekki ánægður með. Þá sýnist ekki óeðlilegt að segja við stjórnina: Hvaða búning getur þú gengið að? En það er vitan-

legt að í tillögunni felast grundvallaratriðin úr sjálfstjórnarkröfum okkar. Þetta finnst mjer svo ljóst og beint fyrir, að engum manni, sem hugsar nokkurnveginn rjett, dylst það. Og allt, sem á því er byggt, að þær felist ekki í henni, fellur um sjálft sig.

Að menn hafi dregið nokkuð krapt úr áhrifum till. með því að láta í ljósi óánægju yfir þeim búningi, sem þessar kröfur hafa komið fram í, sje jeg ekki. Einmitt í umr. nú hefir stjórnin fengið bendingu um búninginn, sem hún ætti að taka til greina, bendingar um fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar hjer á landi, að hún er of margbrotin og óþarflega kostnaðarsöm.

Svo spurði þm. (Sk. Th.), hver óskað hefði breytingar á aðferðinni í þessu máli. Jeg get bent á mitt kjördæmi og fleiri, og auk þess hefir málið horft svo við á þessu þingi, að það var nauðsynlegt að breyta um leiðir, koma málinu inn í nýan farveg, af því að hinn gamli vegurinn virtist verða málinu til meins, að einstrengja sjálfstjórnarkröfurnar við það og ekkert annað.

Jeg þykist ganga að því vakandi, að enginn hugsandi maður álíti, að hjer sje slakað til eða gengið fram hjá nokkru atriði, sem hafi þýðingu fyrir sjálfstjórnarkröfur þjóðarinnar.

Þegar nú þannig stendur á, er sjálfsagt að fulltrúarnir hagi sjer eptir því, hvernig á stendur. Því að binda sig einstrengt við umboð, sem er margra mánaða gamalt, og þegar öll skilyrði eru síðan breytt, það er alveg ástæðulaust, enda býst jeg við, að á flestum þingmálafundum hefði niðurstaðan orðið önnur, ef menn hefðu þá vitað, hvernig málið horfir við hjer á þinginu. Annars ætla jeg nú alls ekki að fjölyrða um það, það er tekið skýrt fram áður. Þvert á móti er það stjórninni vottur um að pólitískur þroski, festa og vilji sje að vaxa hjá oss, ef vjer sameinum oss um grundvallaratriðin, en leggjum ekki kapp á búninginn. Það er, segi jeg, stjórninni vottur um meiri pólitískan þroska hjá þinginu, meiri þekkingu, meira víðsýni. Þetta er einmitt að færa út kvíarnar, fá breiðari »basis« undir málið. Frumv. gat ekki lengur borið uppi baráttuna, það var fyrirsjáanlegt.

En hverjum pólitiskt hugsandi manni er það ljóst, að í tillögunni felast einmitt þær hugsanir, sem hafa haldið þjóðinni vakandi í stjórnarskrárbaráttunni, og einmitt þær hugsanir, sem hafa haldið lífinu í frumv. svona lengi, þrátt fyrir alla þess galla. Og jeg efast ekki um, að þegar menn fara að skilja kröfurnar í tillögunni, þá muni þær geta haldið málinu lengur vakandi en frumv.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) minntist á undirtektir landsh., og áleit að það gerði ekki mikið til nje frá, hvað hann legði til. Jeg geri ekki meira úr því en er. En það er óneitanlegt, að meðmæli landsh., fulltrúa stjórnarinnar, hafa allt af mikið að þýða.

Og eitt þýðingarmikið atriði gekk hæstv. landsh. inn á, og hjet meðmælum sínum, þó að hann þættist ekki geta gengið að hinum, — því, að íslenzk mál væru ekki borin upp í ríkisráði Dana. — En jeg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að stjórnin muni ekki með rökum geta haft á móti hinum öðrum atriðum; jeg býst við, að hún hefji fremur mótmæli gegn innlendum landsdómi, en móti því að við fáum hjer búsetta stjórn, er hafi ábyrgð á gerðum sínum fyrir alþingi. Jeg þykist vita að hún viðurkennir hve nauðsynleg slík ábyrgð er. Jeg fyrir mitt leyti álít þá ábyrgð bezt tryggða með því að innlendur landsdómur, en eigi hæstirjettur, eigi dóm á slíkum sökum

þó að það að vísu sjeu til þær stjórnarskipanir, þar sem hæstirjettur ríkisins dæmir í slíkum málum.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) gerði lítið úr því atriði að hinir kgk. þm. hefðu greitt atkv. með þessum grundvallaratriðum, af því að sú yfirlýsing væri almenns efnis, og óákveðin. Og hann gerði ráð fyrir, að þeir mundu verða móti þessum ákvæðum, þegar þau kæmu fram í frumv. formi.

Mjer fannst að undir þessu liggja sú getgáta, að þeir mundu nota lítilvæg aukaatriði til þess að snúast móti málinu. Jeg geri ekki ráð fyrir því, jeg held að þeir hugsi eins og við í þessu efni, og jeg treysti þeim eins vel og þjóðkjörnum þm. að gera það ekki að ágreiningsatriði, sem er óverulegt fyrir málið.

Jeg býst við því, að á stjórnarfrv. verði einhverjir agnúar, ágallar, sem betur mættu fara, en þá fer jeg fyrir mitt leyti að eins og gagnvart frumv. 1893, að jeg geng að nokkuð stórum göllum á aukaatriðunum, ef undirstaðan, aðalatriðin eru hrein — »undirstaðan rjett sje fundin« það varðar mestu.

Jeg ber þess vegna engan kvíðboga fyrir því, að vandræði verði úr því, hvorki að finna grundvöll fyrir baráttu í nýju sniði fyrir sjálfstjórnarkröfum vorum, nje svo ervitt að gera kröfurnar svo úr garði fyrir þing og þjóð, að skotaskuld verði úr því.

Og jeg þarf ekki að hafa það upp gegn h. ræðum. (Sk. Th.), sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók fram í morgun, að fari svo ólíklega, að tillagan beri engan árangur, enga ávexti, þá muni deilan harðna. Þá verður að semja og samþykkja nýtt frv., og þá er hætt við að baráttan verði komin í það horf, að annaðhvort sje fyrir embættismennina að segja sig úr þjónustu stjórnarinnar eða víkja sæti á þingi.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) vildi lítið gera úr óánægjunni yfir frv., af því að menn hefðu hvorki haft þrek til þess að lýsa henni opinberlega, nje elju til þess að stinga upp á hentugri ákvæðum í stað þeirra, er menn voru óánægðir með.

Það er allt annað en gott að hefja mótmæli gegn frv., vegna þess, að mönnum hefir verið talin trú um, að sjálfstjórnarkröfur og frv. væru eitt og hreifði nokkur við frv., fjekk hann þá ráðningu, tortryggni hjá almenningi, ósæmandi nöfn hjá blöðunum, að það er ekki nema eðlilegt, að þeir sem óánægðir voru með frv. kysu heldur að draga sig í hlje, en að hreifa aðfinningum við það opinberlega. En það, að margir hafa fundið til ágallanna, án þess að setja nokkuð í staðinn, hefir sjálfsagt að nokkru leyti komið af þeirri ástæðu, sem nú var talin, orginu að öllu og öllum, sem ekki sungu frv. lof og dýrð, og sumpart af því að alþýða manna er ekki svo fróð í þeim greinum, að hún geti komið með breytingar, þó hún geti fundið að eitthvað sje að.

Það er ekki rjett hjá h. þm. Ísf. nje 2. þm. Eyf. (J. J.) að jeg hafi viljað gera lítið úr vilja þingmálafunda eða hjeraðsfunda. Jeg sagði að eins, að þeir hefðu ekki haft fyrir sjer nema 2 vegi: Frumvarpið eða uppgjöf á öllum kröfum; þar var enginn 3. vegur. En að jeg hafi gert lítið úr fundunum og vilja þjóðarinnar, það hefi jeg aldrei sagt, það hafa þeir sjálfir þingmennirnir fundið upp.

Ákvæði tillögunnar hafa verið kölluð óákveðin, og sagt, að br.till. h. þm. N.-Múl (E. J.) bætti úr því. Jeg skal nú benda á, að einmitt í breyt.till. felst talsverð tilslökun við stjórnina.

Í þingsályktunartill. stendur: «Að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála» o. s. frv. En í breyt.till. er farið fram á: Að lagt verði fyrir næsta alþingi frumv. til stjórnarskipunarlaga, er meðal annars geri þá breyting á fyrirkomulagi hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála o. s. frv. Eptir því sem tillagan í upphafinu er orðuð, er farið fram á meira en að stjórninleggi frumvarp fyrir þingið, orðin innibinda í sjer ekki að eins að stjórnin leggi frumv. fram, heldur líka að stjórnin láti mann mæta af sinni hendi á þinginu, með umboð hennar í þessu máli, er orð hans sjeu bindandi fyrir hana, og þingið gæti samið við, og að stjórnin ekki að eins hlutist til um að frumv. verði lagt fyrir þingið, heldur líka að það frv., sem væntanlega gengur í gegn við samvinnu milli þingsins og fulltrúans, — verði samþykkt af konungi.

Þetta er í tillögunni. Breytt. ter að eins fram á, að frv. verði lagt fyrir þing.

En jeg er ekki móti henni, og jeg gef henni mitt atkv.

Þá kemur til hinnar, og get jeg ekki kallað hana heppilega. Því að þó þingsál.till. sje svona vægilega orðuð, er hún nægileg til þess að sýna vilja þingsins og minna stjórnina á skyldu sína.

Jeg verð þess vegna að vera á því, að breytt., að að svo miklu leyti sem hún er efnisbreyting, sje ekki til bóta, jeg ímynda mjer að hún sje heldur ekki til mikils skaða, en linari í orðalaginu en hin upphaflega tillagan.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) kallaði þessa tillögu pappírsblað. Jeg get ekki annað en haldið þeirri «Aandrighed» á lopti, og læt hana ganga til þess næsta og skal gjarnan bæta því við, þm. til geðs, að það er sjálfsagt eins góður pappír í frv. sæla.

En jeg vildi sagt hafa, að mjer blandast ekki hugur um, að það er líklegra að verklegur árangur verði af tillögunni, heldur en af frv. hefði orðið, þó að það hefði komizt hjer í gegnum þingið.

Ræðu h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) hefði jeg þurft að svara nokkrum orðum, en hann er nú sakir lasleika ekki á fundi, og jeg vil ekki yrðast við fjarverandi sjúkling. Jeg skal að eins minnast á fáein atriði. .

Við «stjórn» í till. er ómögulegt að skilja annað en stjórn Íslands sjerstöku mála. Þar sem hann sagði, að «það væri enginn ísl. ráðgjafi til», þá er þar til að svara: Fyrir Íslands sjerstöku mál, er skipaður sjerstakur ráðgjafi, sem ber ábyrgð á stjórnarskrárbrotum gagnvart sjerstöku ákæruvaldi og fyrir sjerstökum dómi og sem slíkum viðkemur honum ekkert hið danska ríkisráð, og það er allt annað, þó að stjórnin skoði það sem skyldu sína að bera ísl. mál undir ríkisráðið, allt um það, er það sjerstök stjórn. Það er brot á lögum, að bera þau undir það, en það breytir ekki stöðu hennar í stjórnskipulegu tilliti, sem stjórn Íslands sjerstöku mála.

H. þm. S.-Múl. (Sig. Gunn.) og N.-Þing. (B. Sv.) hafa ekki gáð þess, að með stjórnarskránni 1874 er með lögum gerð gagngerð breyting á þeirri stjórn, er áður var, svo að það er ómögulegt að segja að það sje sama stjórnin og 1849.

Viðvíkjandi því er hann talaði um innihald tillögunnar, þá skal jeg taka það fram, að það er ekki nóg, þó að sett sjeu sjerstök ábyrgðarlög fyrir landshöfðingja. Það getur ekki samrýmzt orðum tillögunnar: æðsta stjórn Íslands sjerstöku mála; verkahringur

landsh. er þrengri en hinnar æðstu stjórnar, eins og hver maður veit, það er mörgum málum ráðið til úrslita utanlands, sem alls ekki taka til landsh. En hjer í till. er haft fyrir augum: Innlendur hjer búsettur maður, ráðgjafi með ábyrgð fyrir alþingi í öllum sjerstökum málum.

Að þetta innibindi árás á löggjafarvald konungs álít jeg ekki þurfa svars; þeir sem það halda geta álitið okkur föðurlandssvikara, en við engu minni ástæðu til að velja aðferð þeirra hið sama nafn, sem allt vilja sprengja í sundur fyrir þjóðinni með ofsa og þrákelkni í þessu máli. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um, að þau kjördæmi væru dauðir punktar, sem ekki fylgdu frumvarpsleiðinni. Jeg mótmæli því fastlega, að þau hjeruð, sem ekki beygja sig undir frv., sjeu dauðari en önnur hjeruð; þvert á móti, það ber vott um sjálfstæða umhugsun, að láta ekki kapp manna og ógnanir blinda augu sín, svo að þeir ekki þyrðu að koma fram með sína skoðun. Það er lífsmark, en ekki dauðamark. Jeg hefi sagt það áður og segi það enn: í þessu máli hefir verið beitt sannfæringarfargi, bæði gagnvart einstökum mönnum og heilum hjeruðum.

Að jeg fyrirliti Þingvallafundinn og kallaði hann samansigaðan fund eru orð þeirra h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og h. þm. N-Þing. (B. Sv.), en ekki mín. Jeg fyrirlít ekki Þingvallafundinn, en jeg sagði, að jeg áliti hann enga þýðingu hafa gagnvart mjer og *mínum* skoðunum. Það er allt annað að fyrirlíta eða í ákveðnu sambandi að taka ekki tillit til ályktana *fundarins*. Maður getur kallað fundinn «samansigaðan», þar sem hann var boðaður með ofstuttum fyrirvara og stóð svo að eins part úr degi; «samansigaður» er ekkert óvirðingarorð, jeg líki ekki fulltrúunum þar við skepnur, en það virðist mjer aptur á móti h. þm. Eyf. (J. J.) gjöra. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hjelt, að almannavilji kæmi ljósara fram á Þingvallafundi en hjer á alþingi. Jeg hjelt það líka, að það mundi vaka fyrir h. þm., að Þingvallafundurinn ætti að vera eins konar yfirþing. En þetta er öfug skoðun. Það verður að leggja meiri áherzlu á það, sem fulltrúar þjóðarinnar gjöra á löggjafarþingi, en á gjörðir manna, sem koma saman í flasi, hafa lítinn tíma til umhugsunar og umræðu og eru alveg ábyrgðarlausir gagnvart kjósendum sínum.

Gegn h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) get jeg verið mjög fáorður. Hann neitaði því, að þjóðviljinn í sínu kjördæmi væri flekkóttur, en sannaði þó sjálfur að hann er það, með fundarskýrslum þeim sem hann kom fram með. Það sem hann talaði um, að ályktun hefði ekki meiri áhrif en frumvarp, er marghrakið, og því ekki þörf á að svara því.

Í konunglegri auglýsingu 2. nóv 1885 er aðalmótbára stjórnarinnar sú, að «stjórn landsins er fengin í hendur ábyrgðarlausum landstjóra». Þetta er ein af helztu ástæðunum til þess að frv. var neitað samþykkis (*Þ. Th.*: Misskilningur). Aðalmótbáran er því alls ekki sú, að íslenzk mál sjeu útilokuð frá ríkisráði Dana. Tillagan syndir einmitt hjá þessu skeri. H. þm. (Þ.Th). sagði ennfremur, að þingsál.till. væri bara fínn vegur til að svæfa málið. Því neita jeg. Það má vera að h. þm. tortryggi mig, en þá get jeg vísað honum til ræðu h. þm. Borgf. (Þ. Bj.). Jeg tala ef til vill ekki nógu greinilega til þess að þm. heyri eða skilji mín orð, en h. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tók það ljóst og skýrt fram, að hjer er einmitt verið að bjarga málinu, vekja í það nýtt líf.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) fáraðist mjög

yfir aðferðinni með að koma tillögunni inn á þingið og yfir því að hún var ekki borin fyrir Þingvallafund. Jeg fyrir mitt leyti gat ekki komið með hana þangað; auk þess var mjer þá ókunnugt um, hvaða fylgi hún mundi fáhjer á alþingi, og jeg gat ekki borið mig saman við aðra þingmenn á undan þinginu vegna fjarlægðar og annríkis. Jeg býst við, að þetta hefði verið honum kunnugt, hefði hann komið til þingsins í byrjun þess, og það er því fljótráðið af honum að bera þungar sakir á mig eða aðra að því er þetta snertir. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg mótmæli því sterklega, að þetta sje »að gefa veikri viðleitni þjóðarinnar slag í andlitið», eins og einn þm. komst að orði.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg bað mjer að eins hljóðs af því, að mjer þótti viðkunnanlegra, að fleiri tillögumenn ljetu í ljósi skoðanir sínar, en framsögumaðurinn einn, en ætla mjer ekki þá dul, að bæta um hina snjöllu ræðu hans. Það hafa komið fram ýmsar raddir frá hlið frumvarpsmanna, sem jeg vil svara. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) töluðu mikið um þjóðvilja. Jeg er samdóma þeim um, að taka ber tillit til þjóðviljans, en gætum að, hvernig hann var 1894, þegar vjer vorum kvaddir til þingsetu. Þá var í mörgum kjördæmum ekki lögð mikil áherzla á stjórnarskrármálið, og það mun jafnvel ekki hafa kveðið mikið að því á kjörfundi Eyfirðinga. Í vor heyrðust reyndar víða raddir um áframhald málsins í sömu stefnu og áður, en þær munu mest sprottnar af vissum málum, sem hafa vakið mótspyrnu gegn stjórninni, og handhægt ráð til að sýna andstæðingsskap sinn var að samþykkja gamla frumv. Það hefir ekki heldur verið sparað að telja mönnum trú um, að það sje hið eina rjetta, það hefir náð hefð og hefir því verið barið inn í menn; þeim, sem ekki hafa viljað aðhyllast það, hefir verið vísað til sætis í »föðurlandssvikarans ríki«, eins og komizt er að orði í Þingvallafundarkvæði í vor. Það er ekki álitlegt að verða fyrir slíkum áburði; það er ekki von, að óbreyttir alþýðumenn vilji eiga á hættu að verða taldir »sekir skógarmenn, úalandi, úferjandi, úráðandi öllum bjargráðum«, sem þeir mega búast við, ef þeir vilja ekki fallast á frumvarpið og trúa á það í blindni.

Því var verið að boða Þingvallafund, þegar frumvarpið var mótmælalaust samþykkt á þingunum 1893 og 1894? Var það ekki af því, að menn voru hræddir um, að þjóðarviljinn væri farinn að dofna og frumvarpið gamla mundi ekki hafa mikinn byr til lengdar? H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að óheppilegt væri að mótmæli gegn frumvarpinu hefðu komið fram; en sú mótspyrna, sem orðið hefir á þessu þingi, er eingöngu að kenna kappi frumvarpsmanna, og hefir hún þó ekki verið skörp fyr en nú.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um »dauða punkta« hjer á landi og sagði að það væru þau kjördæmi, sem ekki vildu senda menn á Þingvallafund. Ætli mönnum hafi ekki verið ljóst, hvað þar átti að gjöra? Þeir menn boðuðu til fundarins, sem börðust mest fyrir frumv. óbreyttu. Fundurinn var boðaður »í agitatoriskum tilgangi«, eins og einn h þm. í efri deild komst að orði, og menn gátu nokkurn veginn gengið vakandi að því, hver niðurstaðan yrði, eptir öllu, sem á undan var gengið. Undir slíku sannfæringarfargi gat þjóðin ekki legið lengur. (*Ýmsir*: Hverjir leggja það á þjóðina?). Það eru forkólfar þessa máls, sem halda þjóðinni undir sannfæringarfargi. Það er vitan-

legt, að ekki nærri því allir eru ánægðir með frumvarpið, og 1893 voru margir þingmenn með því að eins friðseminnar vegna, til þess að forðast rimmur á þinginu, og vita hvort stjórnin ekki vildi slaka til, en þegar menn nú sjá að allt situr við hið sama, þá er engin furða þó menn vilji reyna að fara nýja braut. Þessi leið er að vísu ekki samþykkt í mörgum kjördæmum, en það er af því, að mönnum datt hún þar ekki í hug. Það er heldur ekki hægt að fyrirskrifa þingmönnum ákveðnar reglur, áður en þeir fara á þing, því að þeir verða æfinlega að fara nokkuð eptir atvikum. 1881 og 1883 voru stjórnarskrárfrumvörp fyrir með öðruvísi lagi en nú, og 1889 kom miðlunarfrumv. Sumir, sem fylgdu því, eru enn á þingi, enda þótt h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) segði, að þjóðin hefði rekið þá alla saman burt. Það getur verið að sumir þingmenn hallist fremur að þessum frumvörpum en frumv. frá 1893, en enginn veit, að hverjum breytingum stjórnin mundi helzt ganga, fyr en menn fá svör frá henni.

Í sáttanefndum er altaf reynt að fá báða málsparta til að slaka til hvor við annan. Menn verða að bjóða einhver boð, til þess að sættir geti komizt á. Hjer er nú farið fram á það við stjórnina, að leggja frumv. fyrir þingið. Við getum ekki sótt rjett vorn með vopnum og ekki heldur lagt hann á dóm útlendra ríkja. Það er nær að fara að stjórninni með góðu, þegar vjer getum ekki beitt valdinu. Jeg get ekki fundið, að í tillögunni sje neitt, sem stuðli að því, að selja landsrjettindi vor í hendur Dönum, en því er þó óspart beitt sem vopni gegn henni og það getur haft áhrif á fáfróða menn.

Eins og málið liggur fyrir, þá get jeg ekki skilið í því, hversvegna menn vilja ekki fallast á tillöguna, sem er alveg meinlaus og hafi hún engin áhrif og stjórnin neiti enn, þá stælir það þjóðina til nýrrar framsóknar í stjórnarbótarmálinu. Það var sagt 1893 af einum konungkjörnum þingmanni, að hann hefði utanþings átt tal við einn af forkólfum þessa máls; hann hefði enga von gjört sjer um, að frumvarpið gamla yrði nokkurn tíma samþykkt af stjórninni, en haldið fram aukaþingum, af því þau væru svo góður »pólitiskur« skóli fyrir þjóðina. Jeg er hræddur um, að hjer liggi eitthvað undir steini hjá sumum. Jeg er hræddur um, að það liggi á bakvið hjá frumvarpsmönnum, að þeir vilji fá sem flesta af sínum flokki á þing við nýjar kosningar, til að fylgja frumvarpinu óbreyttu fram með sífeldum aukaþingum í 20 ár eða hvað lengi sem vera skal. En ef gengið væri fyrir hvers manns dyr og leitað atkvæða um land allt, þá efa jeg það mjög að kjósendur vildu halda áfram svona lagaðri baráttu, hvað sem svo forkólfar frumv. segja, og jeg efast jafnvel um, að atkvæðafjöldi fengist fyrir því í kjördæmum h. þm. Ísf. og Eyf.

Sigurður Gunnarsson: Við 3. umr. stjórnarskrármálsins drap jeg á afstöðu mína til tillögu þessarar; jeg þarf því ekki að vera langorður nú. Jeg get tekið það fram strax, að þessi skoðun mín hefir ekki breytzt.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) talaði um það, hversvegna hann upphaflega hefði verið með frumv. Hann sagði, að það hefði verið af því sjer hefði þótt það hiklausari og einarðlegri aðferð. Einmitt hið sama hefir ávallt vakað fyrir mjer. En svo erum við ekki sammála lengur. Jeg skrifa fullkomlega undir orð h. þm. S.-Þing. (P. J.), framsögum. minni hlutans í málinu um daginn, og ætla að eins að bæta þar nokkru við. H. framsögum. tillögumanna (Guðl. G.) sagði, að allur þorri landsmanna væri móti frumv. (*Guðl. Guðm.*: Nei.) Þetta

þótti mjer furðu djarft. Hann hefði eins vel getað fullyrt, að allur þorri landsmanna væri með tillögunni, er þeir þó aldrei hafa átt kost á að sjá. Hann talaði einnig um glamranda í þessu máli; þeir menn, sem bezt og einarðast hafa viljað halda fram sjálfstjórnarkröfum þjóðarinnar og hvatt aðra til að halda þeim fram, hafa nú fengið þetta nafn hjá honum. Fyrst hann er ekki hörundssárari en svo gagnvart þessum mönnum, vona jeg hann fyrirgefi mjer, þó jeg kasti þessu glamranda nafni framan í hann sjálfan aptur, því að enginn hefir glamrað hærra og meira í þessum sal en einmitt þessi sami h. þm. (*Guðl. Guðm.*: Guðvelkomið!).

Þá vil jeg nefna annað atriði úr ræðu hans. Þegar hann var að útskýra, hvað »stjórn« væri, þá sagði hann, að konungur kæmi oss ekkert við í þessu máli. Þetta gegnir furðu, og hjelt jeg ekki að jeg mundi þurfa að verja konunginn fyrir þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) Jeg hefi hjer að baki mjer mynd af H. H., og hefi sjálfur eitt sinn glímt fyrir hann á Þingvelli og jeg er reiðubúinn til að glíma aptur fyrir H. H. móti h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), hversu tálknmjúkur sem hann kann að vera. Um tillöguna sjálfa skal jeg ekki fara mörgum orðum. Mín skoðun er sú, að þessi leið sje óheppilegt hringl og ósæmilegur apturkippur frá þingsins hálfu í hinu dýrmætasta máli voru. H. framsögum. (Guðl. G.) talar stöðugt um þann kost við tillöguna, að hún hafi öll aðalatriði málsins inni að halda, en eins og jeg tók fram við 3. umr. í stjórnarskrármálinu felast þessi sömu atriði í frumv. líka.

Jeg ætla nú ekki að eyða meiri tíma til að tala um þetta mál; þeir, sem fylgja þessari tillögu, munu fá að reyna hvort hún hefir nokkurn árangur; verði árangurinn af henni eins góður og þeir búast við, þá óska jeg fyrir mitt leyti þeim og oss öllum til hamingju.

Jón Þórarinsson: Það væri að bera í bakkafullan lækinn, ef hver einstakur þingm. færi að skýra frá sínum ástæðum fyrir því, að greiða atkv. með tillögunni eða móti. Og ef menn gjörðu sjer það að reglu, þá mundi það að eins vera að eyða tímanum frá þinginu, sem nú þegar er orðinn lítill. En h. samþingismaður minn (Þ. Th.) gaf mjer tilefni til að tala fáein orð, þar sem hann minntist á þjóðviljann í okkar kjördæmi.

Hann hugði, að þessi tillaga, sem hjer liggur fyrir, mundi ef til vill geta orðið til þess, að svæfa málið. Þessu hefir nú verið svo rækilega svarað, að jeg þarf ekki að fara um það frekari orðum. En viðvíkjandi þjóðviljanum í Kjósar- og Gullbringusýslu, þá skal jeg lýsa því yfir, að allir hinir menntuðu og hugsandi menn þar vilja ekki svæfa málið; væri það vilji þeirra, þá mundi jeg ekki greiða atkvæði með tillögunni, en nú ætla jeg að greiða atkvæði með henni, og það einmitt af því, að með því móti höldum vjer málinu vakandi. Það, sem fyrir þingmálafundunum lá í mínu kjördæmi, var þrennt: að halda áfram frumv. frá 1893 óbreyttu, eða að gjöra breytingu á því og halda málinu áfram í frumv.formi, eða þá að reyna nýan veg, og var stungið upp á ávarpi. (*Þórður Thoroddsen*: Er þetta ávarp?) Að vísu ekki. En hjer á þinginu var málinu nú svo komið, að annað lá ekki fyrir en þetta tvennt, tillagan og frumvarpið óbreytt.

H. samþingismaður minn (Þ. Th.) las upp úr þingmálafundar-gjörðunum til stuðnings sínu máli, að þjóðviljinn í okkar kjördæmi sje sá, að halda frv. fram óbreyttu, og ætla jeg þá að leyfa mjer, að líta snöggvast á sömu fundar-

gjörðir. Á þingmálafundi, sem haldinn var í Hafnarfirði 15. júní, var samþykkt með 9 atkvæðum af 23 að halda áfram stjórnarskrárfrumv. frá 1893 óbreyttu á Þingvallafundinum. Á fundi í Kollafirði 25. júní var samþykkt að halda málinu áfram í frumv.formi, en yrði það fellt af þinginu, þá frumv. frá 1893 með þeim breytingum, er þurfa þættu. Á þriðja fundinum vildu menn einnig fara frumvarpsleiðina, en breyta frumvarpinu frá 1893. Fjórði fundurinn (Hafnarfj.), vildi halda málinu áfram í líka stefnu og að undanförnu. Fimmti fundurinn vildi halda málinu áfram í frumv.formi, án þess þó að binda sig í öllum greinum við stjórnarskrárfrumv. frá 1893 (Bjarnastaðafundurinn). Sjötti fundurinn, sem haldinn var á Brunnastöðum, samþykkti með 7 atkv. gegn 5 að halda áfram frumv. frá 1893 óbreyttu, og að sömu niðurstöðu komst Gerðafundurinn, en með hve miklum atkvæðamun sjest ekki. Þessir tveir síðustu fundir voru hinir einu, sem vildu halda frumv. frá 1893 áfram óbreyttu, en hinir allir vildu ýmist halda frumvarpinu áfram (en láta gjöra þær breytingar á því, er þinginu þættu æskilegar), eða þá fara aðra leið en frumvarpsleið. Fyrir frumv. frá 1893 óbreyttu er enginn þjóðvilji í Kjósar- og Gullbringusýslu. Það hefir verið sagt hjer í salnum, að þjóðviljinn í mínu kjördæmi sje flekkóttur. Jeg verð að álíta, að það sje ekkert álas, þótt sagt sje að þjóðviljinn sje mislitur í einhverju kjördæmi, jeg verð einmitt miklu fremur að skoða það sem hrós fyrir kjósendurna, því að það bendir á það, að þeir sjeu sjálfstæðir menn, sem ekki láti segja sjer, hvað þeir eigi að hugsa. Slíkir menn, þó mismunandi skoðanir hafi, eru í mínum augum meira virði en einlit hjörð, sem hefir fengið sína pólitisku trúarjátningu að.

Jeg skal nú með fáum orðum gjöra grein fyrir því, hvers vegna ýmsir af mínum kjósendum eru á móti þessu frumv. frá 1893. Mönnum þykir það slæmur agnúi hvað fyrirkomulag hinnar æðstu innlendu stjórnar er þar kostnaðarsamt og umfangsmikið, og ekki við okkar hæfi.

Þótt það sje í rauninni vilji manna, að halda málinu vakandi, þá er það þó almennur vilji, að fá frumv. frá 1893 breytt. Það er almennur vilji í kjördæmi okkar, að halda málinu áfram, án þess þó að þurfa að hafa þing á hverju ári, því að jeg hefi aldrei orðið þess var, að menn í Kjósar- og Gullbringusýslu aðhylltust þá pólitík. Og jeg er viss um það, að ef við bærum það undir kjósendur okkar, hvort þeir vildu heldur halda frumv. áfram óbreyttu og hafa aukaþing ár frá ári, eða reyna að lagfæra frumvarpið í hendi sjer áður en hafizt er handa til að berjast fyrir frumv., þá mundu þeir segja: Reynið þið fyrst að lagfæra frumvarpið, og þegar þið hafið gert það svo úr garði, sem bezt má vera, og við erum allir ánægðir með, hefjið þá bardagann fyrir frumv., en fyr ekki.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gjöra örstutta athugasemd við það sem h. 2. þm Eyf. (J. J.) sagði um það, að þessum tillöguvegi hefði ekki verið hreift á neinum þingmálafundi. Jeg, sem er einn af flutningsmönnum tillögunnar, verð að vísa þessu frá mjer, og taka það fram, að jeg hreifði þessu í mínu kjördæmi, og þar var þingsályktunar-tillöguleiðin samþykkt. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að jeg ætlaði að gjöra mitt til, að þetta gæti komið til umræðu á Þingvallafundinum. Jeg fór þangað beinlínis í þeim tilgangi, að láta þar skoðun mína í ljósi á málinu, en þegar málið var tekið fyrir, þá beið jeg þess, að einhver

hinna kosnu fulltrúa tæki til máls, en áður en augnablik var liðið og óðar en mig varði, þá var búið að bera málið undir atkvæði, og jeg komst alls ekki að til að biðja mjer hljóðs. Það lítur næstum út fyrir, að fulltrúunum hafi ekki þótt málið þess vert að ræða það, þar sem enginn þeirra tók til máls.

Þetta var nú ástæðan til þess, að þessum nýja vegi var ekki hreift á Þingvallafundinum.

Pjetur Jónsson: Það hefir verið minnzt á Þingvallafundinn, bæði tilgang hans og aðferðina við að boða til hans. Þetta er látið hafa þau áhrif, að fundurinn hafi alls enga þýðingu; finn jeg hjá mjer hvöt til, að fara um það nokkrum orðum af því, að jeg var einn af þeim, sem boðuðu til fundarins. Tilgangur minn með fundinum var sá, að þar ætti að koma fram frjálslega sá vilji, sem væri hjá þjóðinni í hinum helztu áhugamálum, og jeg ímynda mjer, að tilgangur hinna, sem hann boðuðu, hafi ekki getað verið annar. — Jeg vildi engu spá og gat engu spáð um það, hvaða veg fundurinn mundi velja í stjórnarskrármálinu. En að fundinum hafi verið sigað saman af vissum mönnum fyrir vissa einskorðaða stefnu, það er óhugsandi, þegar litið er til þess, hvernig til hans var boðað.

Í hverju hjeraði var helztu mönnum falið, að sjá um, að haldnir væri fundir í hverjum hreppi, hrepparnir kysu fulltrúa eptir kjósendatölu til þess, að mæta á kjördæmisfundum; þessir kjörnu fulltrúar hreppanna kysu svo Þingvallafundar-fulltrúa. Með þessu finnst mjer það vera útilokað, að fundinum hafi verið sigað saman, og að nokkurs einstaks manns skoðun gæti ráðið því, hvernig fundurinn var samsettur. Jeg álít að þau kjördæmi, sem þannig kusu fulltrúa sína, hafi gjört hreint fyrir sínum dyrum, og svo var það í mínu kjördæmi.

H. þm. A.-Skaptf. (*Jón Jónss.*) talaði um, að það mundi liggja fiskur undir steini hjá þeim, sem hjeldu fram frumvarpsleiðinni, og að þeir muni vilja fá nýar kosningar og aukaþing. En það má alveg eins segja um hina, sem tillögunni fylgja, að hjá þeim liggi það bak við, að þeir hræðist nýar kosningar og sjeu hræddir um að falla. En slíkt eru í rauninni þýðingarlausar getgátur, og er það jafnt á báða bóga; en það kalla jeg, að þeir menn líti djarflegar til framtíðarinnar, sem vilja nýar kosningar, en hinir, sem forðast þær.

Viðvíkjandi því, að eigi hafi annað legið fyrir þingmálafundum þeim er haldnir voru í hjeraði en frumvarpið frá 1893 óbreytt, þá vil jeg geta þess, að í mínu kjördæmi lágu fyrir mönnum allar þær leiðir, sem hugsanlegt var, að fyrir málinu lægi. Jeg nefndi þær allar á þeim þingmálafundum, er jeg hjelt, fyrst þá leiðina, að halda frumvarpinu áfram óbreyttu, síðan þá að breyta því, í þriðja lagi, að hugsanlegt væri, að menn vildu fresta málinu að sinni, og loks þá að halda því áfram, en ekki í frumvarpsformi. Jeg lagði allar þessar spurningar fyrir kjósendur mína, og þeir höllnðust eindregið að því, að samþykkja frumv. óbreytt, því að við öllum blasir nýr ágreiningur, ef farið væri að breyta frumvarpinu, en að fresta málinu eða reyna nýar leiðir, vildu menn ekki heyra nefnt.

Jeg vona að menn taki mig trúanlegan að þessari frásögn, enda þykist jeg vita, að þetta hefir legið fyrir öllum skynberandi mönnum, sem nokkuð hafa hugsað um málið, og þess vegna fyrir kjördæmafundunum.

Jeg vil að eins lauslega minnast á útskýringu h. framsögum. (Guðl. G.) á 2. lið í þingsályktunartillögunni. Mjer fannst hann vera þar nokkuð djarfmæltur, og leggja allt of mikla meining í hana. Jeg fyrir mitt leyti get ekki skilið annað, en að stjórnin muni einmitt leggja sem minnsta merkingu í orðin, sem hún getur komizt af með. Þess vegna er breytingartill. okkar til þess, að gefa henni ákveðnari merkingu. —

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins svara h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) fáeinum orðum. Ræða hans gekk mest út á það, að gera lítið úr þjóðviljanum og reikna hann sem kominn frá einstökum mönnum. Þetta held jeg að ekki sje alls kostar rjett, því að þeir eru orðnir æði margir meðal landsmanna, sem hafa sjálfstæða skoðun á þessu máli, og jeg held, að ef komið er nokkurt hik á suma í þessu máli, þá sje það sprottið af þessu eilífa neii, sem við höfum fengið hjá stjórninni, og að menn skoði það sem svo, að eigi sje til neins að halda áfram baráttunni á meðan engin breyting kemst á stjórnina í Danmörku. Þessa ástæðu hefi jeg þrávallt heyrt. Önnur ástæða er það, sem jeg vil benda h. þm. (J. J.) á, nefnilega sú, að það sje sjálfsagt, að við fáum aukaþing, ef slíkt frumv. er samþykkt hjer á þinginu, og þá koma þessir menn með það, að ekkert sje upp úr þessu þrefi að hafa nema kostnaðinn við aukaþingið. Jeg skal bæta því við, að það eru yfir höfuð þeir menn, sem hikandi eru við frumvarpið eða mæla móti því, sem kasta þessu fram. Þetta hefir verið nóg til þess, að villa mönnum sjónir og leggjast á móti málinu. Þetta er ekki meint til h. þm. (J. J.) persónulega, að hann sái þessu í augu þeirra manna, sem ekki bera glöggt skyn á málið, heldur til allra þeirra manna yfir höfuð, sem líka skoðun hafa og hann á málinu.

»Margt er líkt með skyldum«. Þetta orðtak hefir mjer dottið í hug undir umræðum þessa máls. Á meðan á fyrri baráttunni stóð, þá voru þetta allt af sömu svörin andmælenda hennar, að menn bitu sig of fast í skoðanir Jóns riddara Sigurðssonar, og alveg sömu svör hafa menn á hraðbergi nú, að menn bindi sig of fast við skoðun þeirra, sem gjörzt hafa forkólfar þessa máls. Það er ofboð hægt að slá þessu fram, en allir vita, hvernig fór fyrir andmælendum Jóns Sigurðssonar, þeir lentu í valnum, og hver árangur varð af baráttu hans, nefnilega stjórnarskráin frá 1874, en jeg skal engu um það spá, hvernig fara muni fyrir andmælendum þessa máls nú, en grunur minn er, að þetta verði svipað á endanum.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg hefi reynt að að finna einhvern kjarna, eitthvert ágæti, sem þessi tillaga væri byggð á, en jeg verð að játa það, að jeg hefi eigi getað fundið það eptir allar þessar löngu umræður, sem hjer hafa orðið um þetta mál.

Jeg skal ekki fara að rekja feril þessa máls; það er búið að gera það hjer á þessu þingi og á undanfarandi þingum svo rækilega, að óþarfi er og ekki hægt að gera það betur. Að jeg hefi aðhyllzt fremur frumvarpið en tillöguna kemur til af því, að þjóðin er búin að fylgja þessari skoðun og þeirri ósk, að fá því framgengt, sem frumv. fer fram á, í mörg ár og jeg álít þann veg, sem fylgismenn tillögunnar hafa valið, engu betri; jeg segi: verði þeim eptir trú sinni, en fyrir mínum augum stendur það svo, sem ekki muni af tillögunni leiða nein veruleg stjórnarbót. Það er önnur leið til en þessi, nefnilega ávarpsleiðin. Það eru

allir á eitt sáttir um það, að mergurinn sje þó sá sami, hvort sem ávarpsleiðin er farin eða þingsályktunin; en þó er menn hjer dag eptir dag að þrátta um form. Það hefir verið tekið fram, sjerstaklega af h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að þeir sem fylgdu tillögunni, sýndu sjerlegan pólitiskan þroska. Það er gott ef svo er, en jeg get ekki sjeð, að það sje hinn rjetti pólitiski þroski, að hvarfla frá þeim vegi, sem þjóðin hefir fetað í mörg ár; jeg vildi heldur kalla slíkt pólitiskt hverflyndi.

Þá talaði h. þm. (Guðl. G.) mikið um það sannfæringarfarg, sem þjóðin lægi undir í stjórnarskrármálinu; en má jeg spyrja, hverjir eru það, sem leggja þjóðina undir þetta ímyndaða farg? Það er víst meiningin hjá þingmanninum, að það geri fulltrúarnir (þingmennirnir). (*Guðl. Guðm.*: Þetta eru orð þingmannsins en ekki mín). Jú, það er allri þingdeildinni kunnugt. Jeg veit, að það er margtekið upp af þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Jeg verð að frábiðja mjer þessi ummæli. Jeg get alveg eins ímyndað mjer, að frumvarpsflytjendur geti með sama rjetti sagt um hina, að þeir leggi farg á þjóðina. En mjer finnst mjög varúðarvert að brigsla mönnum um slíkt. (*Guðl. Guðm.*: Þingmaðurinn er sjálfur að brigsla).

G. þm. A.-Skaptf. (J. J.) fór að tala um nýar kosningar, en jeg held að okkur þingmönnum sje bezt að vera ekki að tara út í þá sálma; ef það skyldi vera, að þingm. A.-Skaptf. (J. J.) væri að benda til þess, að hyggilegra væri, að þingið gæfi ekki tilefni til nýrra kosninga, þá mega þingsályktunarmenn hafa góða samvizku fyrir því, að þeir hafa ekki gert það; um tilganginn vita þeir sjálfir.

Að endingu skal jeg lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkvæði á móti þessari tillögu, sem hjer liggur fyrir.

Einar Jónsson: H. þm. (Guðl. G.) lýsti því yfir, að hann fjellist á fyrri hluta tillögu okkar, en var daufari á að taka 3. lið hennar til greina, þótti honum hann vera linara orðaður en tillagan sjálf. Þessu get jeg ekki verið samdóma. Breyt.-till. er þannig orðuð, »að lagt verði fyrir næsta alþingi frv. til stjórnarskipunarlaga, er meðal annars geri þá breytingu á fyrirkomulagi hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála« o. s. frv., en í tillögunni stendur: »að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála« o. s. frv. Jeg sje ekki, að það sje nokkur verulegur munur á þessu tvennu annar en sá, að í breyt.till. er farið fram á að leggja fyrir næsta alþingi frumv. til stjórnarskipunarlaga, en það er ekki gert í tillögunni sjálfri. Jeg bið h. þingdm., sem tillögunni eru sinnandi, að athuga, hvað jeg segi um þetta, því það getur riðið á atkvæði mínu, hvort það er tekið til greina eða ekki. Jeg bið þá að athuga, hvort hjer sje farið fram á nokkra verulega eða ísjárverða breytingu. Það hlýtur þó að vera meiningin með tillögunni, að biðja stjórnina að leggja fyrir þingið frumvarp til stjórnarskipunarlaga, eða með öðrum orðum, það hlýtur að felast hið sama í henni, sem tekið er fram með berum orðum í breyt.till. Væri það ekki, þá hlyti að vera sú hugsun í tillöguliðnum, að með orðunum »með nýjum stjórnarskipunarlögum« væri átt við það, að konungur gæfi Íslendingum ný stjórnarskipunarlög, án tilhlutunar alþingis, en það getur þó auðvitað ekki verið tilætlunin, og því er hjer í raun og veru ekki um annað en orðamun að ræða. Hið eina, sem umfram er hjá mjer, er »næsta alþingi«, og þó h. framsögum. (Guðl. G.) segi, að meining tillögunnar sje, að frumvarp

til stjórnarskipunarlaga verði lagt fyrir næsta alþingi, þá stendur það þó ekki í henni, og jeg efast um, að það verði eins tekið til greina af stjórninni, ef það stendur ekki með berum orðum í tillögunni, enda þótt það hafi komið fram í umræðunum, að sú sje ætlunin, því að hún mun ekki gera mikið að því að lesa þingræðurnar, og allra sízt skoða það sem sjálfsagða skoðun þingsins, sem einn maður segir, þó að því sje ekki mótmælt. Mjer sýnist breyt.-till. yfir höfuð svo meinlaus, að jeg sje ekki hvað móti henni verður haft; og mæti hún verulegri mótspyrnu, þá fer jeg að óttast, að eitthvað annað liggi á bak við tillöguna en uppi er látið, og að annað felist í henni en jeg vil að þar geti verið, og það getur gefið mjer ástæðu til að gerast mjög ragur að greiða atkvæði með henni; og jeg vona, að h. tillögumenn vorkenni mjer, þó það komi hik á mig að greiða atkvæði með tillögunni sjálfri, ef þeir etja kappi gegn breyt.till., því að jeg tek það aptur upp, að jeg verð að skilja mótspyrnuna gegn breyt.till. þannig, að eitthvað annað sje meint með tillögunni en fram hefir komið.

Jeg ætla ekki að fara langt út í málið sjálft, en eigi get jeg orða bundizt um það, að mjer þykir óviðkunnanlegt, hvað lítið hefir verið gert úr þingmálafundum heima í hjeruðum og úr Þingvallarfundinum, því að þótt ekki hafi kveðið eins mikið að þeim eins og æskilegt hefði verið, þá er það þó víst, að á þeim hafa setið margir menn eins mikilhæfir og þeir, sem hjer sitja á þingmannabekkjum, og að þeirra orð má því eins vel taka til greina, eins og þau orð, sem töluð eru hjer í salnum.

Það hefir á annan bóginn verið sagt, að ef alþingi samþykkti þessa tillögu, þá kastaði það frá sjer frumkvæðisrjetti sínum í stjórnarskrármálinu. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje á rökum byggt, því að þess er að gæta, að það kastar honum frá sjer að eins á þessu þingi, en ekki lengur, og komi ekki svar frá stjórninni fyrir næsta þing, þá geri jeg ráð fyrir, að á því þingi verði þegar komið fram með frumv. af nýju. Svo framarlega, sem breyt.till. mín verður samþykkt, þessi tillaga, sem jeg hefi gert af einlægum velvildarhug við málið — og jeg vona, að enginn h. þingm. þekki mig að því, að jeg vilji brúka refjar í þingmálum; svo framarlega sem hún verður samþykkt, segi jeg, þá mun jeg greiða atkvæði með þingsályktunartillögunni; en verði hún ekki samþykkt, þá mun jeg mjög hika við að greiða atkvæði með öðrum lið tillögunnar.

Í öðrum lið breyt.till. höfum við sett »landsstjórnina« í staðinn fyrir bara »stjórnina«. Gjörðum við það einkum fyrir það, að við ætluðum að breyt.till. yrði aðgengilegri fyrir suma, væri hún þannig orðuð; sjálfum finnst mjer það litlu skipta, hvort orðalagið að haft er.

Ákvæðið um landsdóminn tókum við upp í breyt.till., af því við álítum sjálfsagt, að það yrði tekið upp í sjálf stjórnarskipunarlögin. Munurinn er eigi annar en að breyt.till. fer fram á, að ákvæðin um dóm þennan standi í sjálfum stjórnarskipunarlögunum, en tillagan gerir ráð fyrir að skipað verði fyrir um hann með sjerstökum lögum. Að vísu mundi jeg heldur kjósa, að þessi hluti breyt.till. verði tekinn til greina, en af því að jeg sje, að forvígismönnum breyt.till. er það kappsmál, að hann komist ekki að, og jeg af annari hálfu gruna þá alls eigi um, að þeir geri það í öðrum tilgangi en góðum, þá mun jeg taka aptur $3^1/_2$ síðustu línurnar af breyt.till., frá orðunum: »og hafi einnig inni að halda ... og út greinina.

Auðvitað breytist þá um leið upphaf breyt.till. Jafnframt og þetta er gert þeim h. tillögumönnum til geðs, þá treysti jeg því jafnframt, að þeir muni taka breyt.till. að öðru leyti til greina; geri þeir það ekki, er ekki vert fyrir þá að reikna upp á atkvæði mitt með tillögunni.

Jón Jónsson þ. Eyf.: Kynlegt mun Eyfirðingum þykja, er þeir lesa orð h. þm. A-Sk. (J. J.) að fá þær fregnir frá honum að þeir hafi enga áheizlu lagt á stjórnarskrárfrv. á þessu vori (*J. J.* þm. A-Sk.: Ekki á kjörfundinum); þetta er býsna villandi; svo stóð á að þá voru því nær allir veikir og komu nær því engir á fundinn. En síðar hjeldum við annan fund og þá var það ótvírædlega tekið fram að stjórnarskrármálinu skyldi haldið áfram hiklaust og á sama hátt og að undanförnu; og undarlegt þykir mjer það að leita að þeim ástæðum fyrir till. að hik sje komið á Eyfirðinga í stjórnarskrármálinu.

H. þm. Vestm. (V. G.) kvaðst hafa ætlað að hreifa tillögu þessari á Þingvallafundinum; það gladdi mig að heyra, og tel það sæmilegt mjög af honum, en því miður varð ekki af því; því að hefði tillagan verið rædd á Þingvallafundi, þá hefði hún haft allt annað útlit í mínum augum en nú hefir hún. En óskylt þótti mjer hinum sama h. þm. (V. G.) að höggva í sama farið og sumir aðrir og gjöra skop að fundinum, en það gjörði hann með því að segja að fundinum mundi ekki hafa þótt málið þess vert að ræða það. Þá þykir mjer það undarlegt að heyra það allt af kveða við hjá flytjendum tillögunnar og meðmælendum hennar, að ein höfuðástæðan fyrir því að þeir flytji hana sje áhugaleysi þjóðarinnar í stjórnarskrármálinu. Jeg skil ekki, hvern stað þeir geta fundið þessum orðum sínum, eða hvernig þeir ætla að tillagan muni verða til að vekja nýjan áhuga fremur en frv. hefði getað gjört.

Frams.m. m. hl. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að svara neinu sjerstöku í ræðum þeim, sem haldnar hafa verið, síðan jeg talaði seinast, því að eigi kom fram í þeim annað en það sem áður hefir verið rætt um og svarað. Gagnvart h. 1. þm. N.Múl. (E. J.) skal jeg enn taka það fram, að jeg mun ganga að fyrsta lið br.till. hans og fyrri hluta þriðja liðs.

Jeg bið h. deild að athuga, þegar hún gengur til atkvæða um tillöguna, að nú er ekki um aðra vegi að velja fyrir neðri deild til þess að geta látið stjórnina til sín heyra í stjórnarskipunarmálinu að þessu sinni; því að ólíklegt er það, að ávarp verði sent til konungs frá deildinni, ef tillagan er felld.

Að endingu læt jeg þess getið, að jeg gerði það, sem í mínu valdi stóð, að stofna eigi til ófriðar á meðan stjórnarskrárfrumvarpið var til umræðu hjer í deildinni; en nokkuð annað hefir orðið uppi á teningnum nú á meðan till. þessi hefir verið rædd, að henni hefir verið hreitt allhörðum orðum frá fylgjendum frumv. og eigi öllum sem sáttfúslegustum.

ATKV.GR.: Breytt. 1. á þingskj. 365 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breytt. 2. á þingskj. 365 tekin aptur; fyrsti liður á till. (20) samþ. með 13 samhlj. atkv; breytt. á þingskj. 375 var leyft að komast að og var hún samþ. með 14 samhlj. atkv.; Breytt. 3 á þingskj. 365 til orðanna «er mæti á alþingi» samþ. með 12 samhlj. atkv.; síðari liður tekinn aptur; 3. liður á till. (20) samþ. með 13 samhlj. atkv.

Tillagan með áorðnum breytingum í

heild sinni samþ. með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara 6 þingmanna: Skúla Thoroddsens, Pjeturs Jónssonar, Jóns Jónssonar þm. Eyf., Þórðar J. Thoroddsens, Guðjóns Guðlaugssonar og Eiríks Gíslasonar, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Eir. Gíslason,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónss þm.Eyf.
Guðl. Guðmundss.,	Sighv. Árnason,
Halldór Daníelsson,	Sig. Gunnarsson,
Jens Pálsson.	Sk. Thoroddsen,
Jón Jensson,	Þórð. Guðmundss.,
Jón Jónss. þm. A-Sk.	Þórður Thoroddsen
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Valt. Guðmundsson.	
Þórhallur Bjarnars.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Tillagan síðan afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Þrítugasti og níundi fundur, fimmtudag 16. ág., kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík (C. 245, 349); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 20 shl. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 148, 205, 260, 358); 2. umr.

Frams.m. Guðl. Guðmundsson: Eins og menn sjá, snerta lög þessi fjögur prestaköll, sem farið er fram á að breyta.

Fyrsta gr. fer fram á það að sameina Holtsprestakall og Eyvindarhólaprestakall. Þessi uppástunga er frá h. Ed. og tilefnið til hennar er fyrst og fremst það, að deildin áleit að ekki væri lífvænlegt fyrir sjerstakan prest á Eyvindarhólabrauðinu. Þessa skoðun byggði deildin á skýrslum um tekjur prestakallsins eins og þær eru nú, sem hún hafði fyrir sjer. Af skýrslunum sjest að brauðið er metið 1018 kr 14 a. og að meðaltalið af tekjum brauðsins fyrir 5 ára tímabil, frá 1889 til 1893 átti að vera 885 kr. og 13 a. á ári; en að tekjurnar í raun rjettri hafa verið langtum lægri sýnir það, að prestur sá, sem þjónaði brauðinu, þegar þessar skýrslur voru gefnar, hefir skýrt frá því, að hann hafi á almennum fundi boðið allar tekjur brauðsins upp til kaups fyrir einar 500 kr., en að enginn hafi viljað sinna því boði. Þessi sami prestur hefir skýrt frá því, í hverju rýrnun brauðsins væri fólgin, og eptir því að dæma, og upplýsingum í málinu, er komið hafa frá biskupnum, lítur svo út, sem rýrnun brauðsins sje í því fólgin, að föstu tekjurnar hafa minnkað. Annað það, sem gaf Ed. tilefni til að sameina þessi tvö brauð, var það, að frá prestinum í Holtsprestakalli kom beiðni um að fá afnumið 100 kr. árgjald í landsjóð, sem hvílir á því brauði; beiðni sóknarprestsins styðst við skýrslu frá 2 mönnum — annar þeirra er h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) — um það, að tún staðarins sje að mestu eyðilagt, sem áður hafi gefið af sjer yfir 100 hesta af heyi, og að 10 býli staðarins sjeu komin í eyði; prestakallið hefir orðið fyrir þessum áföllum af svokallaðri Holtsá og Holtsós; sömuleiðis hefir þetta prestakall rýrnað við það, að kirkja þess nýbyggð fauk í ofsaveðri, hefir orðið að byggja hana upp aptur á öðrum stað, og til þess verið tekið 2900 kr. lán, sem nú hvílir á prestakallinu. Samkvæmt þessari skýrslu frá sóknarprestinum í Holtsprestakalli hafa stiptsyfirvöldin í brjefi dags. 9. d.

fyrra mán. komizt að þeirri niðurstöðu, að þar sem brauðið hafi orðið fyrir svo miklum skemmdum, geti þau mælt með því að árgjald þess sje afnumið.— Nú vildi Ed. slá 2 flugur í einu höggi, útvega Eyvindarhólasókn prest og komast hjá því að afnema árgjaldið af Holtsprestakalli, með því að auka tekjur prestakallsins á þann hátt, að leggja Eyvindarhólana til Holtsprestakalls.

Löngu eptir að málið var komið inn á þingið og nefnd.álit. var samið, kom brjef frá sóknarmönnum í Eyvindarhólaprestakalli, þar sem þeir mótmæltu harðlega sameiningu brauðanna; auðvitað hafði sameiningin aldrei verið borin upp til samþykkis, hvorki á safnaðarfundi, nje hjeraðsfundi eins og lög standa til. Brjefið sem er dags. 3. þ. m. skýrir frá því að 27. dag f. m. hafi flestir þeirra, er kosningarrjett eiga í Eyvindarhólasókn haldið fund með sjer, og hafi fundurinn lýst því yfir að hann væri algjörlega mótfallinn sameiningunni, og að þeir alls ekki vilji þiggja prestsþjónustu af nágrannaprestinum í Holti, af því þeir hafi vissu fyrir því að einhver ungur prestur mundi sækja um brauðið.

Sem stendur er brauðið veitt manni, sem enn hefir ekki afsalað sjer því, svo að sameingin getur ekki komizt á fyr en það er gjört, og ekki fyr en Holtsprestur hefir samþ. sameininguna.

Jeg hefi álitið rjett í sambandi við 1. gr. frv. að skýra h. deild frá þessu. Nefnd. leggur ekki mikla áherzlu á það að gr. verði samþykkt, eins og hún nú er, ef h. deild kynni að þykja það varhugavert. Jeg skal einnig taka það fram viðvíkjandi ákvæðum í 12. grein laga 27. febr. 1880, þar sem segir: —«enga breytingu má gjöra á skipun prestakalla, nema hjeraðsfundur samþykki», — þá gilda þessi ákvæði að eins fyrir kirkjustjórnina, sem í þessu tilfelli er landsh. — en ekki fyrir alþingi. Það getur þó ekki álitizt heppilegt, að löggjafarvaldið gripi fram fyrir hendurnar á hjeraðastjórnunum, en það hefir þann formella rjett til þess. Hvað aðrar kringumstæður við sameininguna snertir, má geta þess, að þó brauðin væru sameinuð, yrði prestakallið alls ekki erfiðara en mörg önnur prestaköll, jeg skal taka t. d. Mýrdalsþingin, sem er næsta prestakall fyrir austan; það er ekki eins fjölmennt, en miklu víðáttumeira og erfiðara yfirferðar. Frá Eystri Skógum og út á sveitarenda eða að yzta kirkjustaðnum í Holtsprestakalli er ekki nema 4—5 tíma ferð, og vegir sljettir á þeirri leið; en frá prestssetrinu og út á yztu annexíu-kirkjuna mun vera 3—4 tíma ferð; auk þess er prestssetrinu vel í sveit komið. — Jeg vil taka allt þetta fram, af því að þó nefnd. ekki áliti veitt verulegt vera því til hindrunar, að sameiningin gæti komizt á, þá heldur hún henni alls ekki fast fram; þeir sem eru á móti þessu ættu þá að greiða atkv. á móti 1. gr.

Hvað Eyvindarhóla sjálfa snertir, get jeg ekki skilið annað, en að þar hljóti manni að vera lífvænt. Jörðin er að vísu ekki stór, en hún hefir verið illa setin um undanfarin ár; túnið gefur þó af sjer 200 hesta af töðu, enda eru það einu hlunnindin, sem jörðin hefir, hvað landbúnaðinn snertir. Aptur á móti er jörðin að því leyti vel sett, að þaðan er skammt til sjáfar. Í sókninni voru 31. des. 1894 482 sálir; auðvitað er fátækt þar allmikil, því er ekki hægt að neita, en eptir skýrslum frá biskupnum hafa þó sumar tekjur brauðsins, tíundir og dagsverk, aukizt frá því brauðið var metið. Auk þess má ráðgera að brauðið fái bráðabyrgðar uppbót úr landssjóði af því fje, sem ætlað er til uppbótar fátækum brauðum. Að vísu hefir brauðið verið prests-

laust um sjö undanfarin ár, og sá eini prestur, sem sótti um brauðið á þeim tíma, var þar ekki nema eitt ár; það er frá honum, að þær skýrslur hafa komið viðvíkjandi brauðinu, sem legið hafa fyrir þinginu, en þó þessi prestur hafi ekki getað lifað þar, þá er það ekki sönnun fyrir því, að enginn annar geti það, því hann var maður einhleypur, fjekkst ekkert við búskap, og naut því einskis góðs af prestssetursjörðinni.

Jeg hefi heyrt, að sá sem sótti um brauðið muni afsala sjer því, en að annar kandidat muni sækja um það, þó ekki nema að brauðið fái þá uppbót, sem farið er fram á í stjórnarfrv.

Svo hefi jeg ekki meira að segja um þessa 1. gr., þar sem breyttill. við hana hefir verið tekin aptur.

Þá er 2. gr. frv. Þar er farið fram á að leggja jörðina Hrafnagil til Grundarþinga prestakalls, og að Akureyrar prestakalli, sem uppbót fyrir afgjaldið af jörðinni, leggist 150 kr. árlega úr landssjóði. Við þessa gr. hefir komið fram breytt. í þá átt, að þetta 150 kr. tillag falli í burtu, þegar sá núverandi prestur fer frá brauðinu. — Jeg skal lýsa því yfir, að nefnd. hefir ekkert að athuga við þessa breytt. og samþ. hana. En hvað sjálfa frv.gr. snertir, skal jeg leyfa mjer að skýra hana fyrir mönnum með nokkrum orðum. Það hagar svo til að presturinn í Grundarþingum hefir ekkert visst ásetur, en hann hefir fengið jörðina Hrafnagil til ábúðar, móti því að gjalda árlega eptir jörðina 25 dragbandshesta af töðu, flutta út á Akureyri og leysta þar í hlöðu; þar að auki á hann að gjalda nokkuð í peningum og nokkuð í smjöri. Afleiðingarnar af þessum gjaldamáta eru þær, að á 14 árum hefir jörðin rýrnað ákaflega mikið, því það er æði mikil blóðtaka, ef svo mætti segja, á einni jörð, að missa á ári 600 pd. af töðu, og það hlýtur að eyðileggja jörðina með tímanum, auk þess hve óheppilegt það er fyrir prestinn að vera svona settur. Þessu máli fylgja ítarlegar skýrslur frá öllum hlutaðeigendum, söfnuðinum og prestinum í Grundarþingum, frá Akureyrarprestinum og stiptsyfirvöldunum. Kirkjustjórnin er meðmælt þessari breytingu, og presturinn á Akureyri hefir ekki mælt á móti því að jarðarafgjaldinu yrði breytt í peningagjald, hann fer að eins fram á að heygjaldið, 25 hestar, sem hann hefir verðlagt á 4 kr. hestinn, verði bætt upp um 1 kr. fyrir hvern hest, af því að honum er haganlegra að fá borgunina í heyi en peningum. Ed. hefir ákveðið eptirgjaldið 150 kr. í peningum, og miðað það við meðaltal af þeirri upphæð, sem goldið hefir verið eptir jörðina um fimm ára tíma. Jeg vona að h. deild taki þessar ástæður til greina og samþykki 2. lið frv.; það mælir öll sanngirni með því, og það er nauðsynlegt jarðarinnar vegna að breyta eptirgjaldinu; að öðrum kosti hlýtur hún að eyðileggjast. — Að öðru leyti sjest það á skýrslunum að tekjur Grundarþingaprestakalls hafa rýrnað síðan matið var gert, svo sanngirni virðist mæla með því að bæta brauðið upp úr landssjóði, sem óbeinlínis yrði, ef landssjóður tæki að sjer að borga eptirgjaldið eptir jörðina og sjerstaklega þegar uppbótin varir ekki lengur en þjónustutíma þess prests, sem nú situr í brauðinu, eins og farið er fram á í breyt.till.

Þriðja gr. frv. snertir Kirkjubæjarklausturssprestakall; þar er farið fram á að skilja Kálfafellssókn, gera hana að sjerstöku prestakalli og leggja því 300 kr. úr landssjóði. Meiri hluti nefndarinnar vill leggja með því að skilja þessar 2 sóknir; ástæðan er sú, að Kálfafellssókn er sem stendur næstum prestsþjónustulaus, vegna þess að sókn-

in er svo afskekkt og langt á annexíuna; auk þess hefir presturinn á þeirri leið mörg stór vatnsföll yfir að fara, sem opt eru því nær ófær. Heimasóknin, sem þessi prestur hefir að þjóna, er ákaflega víðlend, hún er fullkomlega dagleið yfirferðar frá austri til vesturs, frá Orustustöðum og að Skál á Síðu, og eins breið er hún á hinn veginn. Í þessari sókn eru um 500 sálir, en í hinni sókninni, sem farið er fram á að gjöra að sjerstöku prestakalli, eru að eins 103 sálir. En þó Kálfafellssókn sje svona fámenn, þá er það mín skoðun, að úr því það opinbera hefir þá skyldu sjer á herðum, að sjá sóknunum fyrir prestsþjónustu, þá hefir það þá skyldu jafnt gagnvart þeirri sókn, sem að eins eru í 100 manns, og þeirri, sem hefir 500. Enda hefir það opinbera viðurkennt þetta, því það eru til á ýmsum stöðum sjerstök prestaköll, sem eru enn þá fámennari en þetta; mjer er kunnugt um 2 prestaköll, það er Þykkvabæjarklausturspresta kall og Ásaprestakall; í báðum þeim sóknum er lítið fleira fólk en í Kálfafellsprestakalli. Hjer liggja fyrir greinilegar skýrslur um það, hve örðugt sje fyrir Prestbakka prestinn að þjóna á Kálfafellsstað, vegalengdin er yfir þingmannaleið, það er, þó rösklega sje riðið, 4—5 tíma ferð; jeg man það t. d. að þegar Hallgrímur biskup var þar að visitera 1894, þá reið hann þessa leið á 4½ klukkutíma; er þó sagt um hann, að hann sje röskur ferðamaður og farinn hart yfir; jeg veit það um sjálfan mig, að frá austasta bæ í Fljótshverfi og heim til mín ríð jeg sjaldan á minna en 5 tímum, þó jeg þykist halda vel á fram. En auk þessarar miklu vegalengdar um söknirnar, þá eru á leiðinni frá Prestbakka og á annexíuna, auk stórfljótanna, sem eru Hverfisfljót og Brunná, mörg önnur vatnstöll, sem á vetrardegi eru öll vond yfirferðar. Auk þessa er Djúpá í Kálfafellssókn, það er jökulvatn og má óhætt teljast með verstu vatnsföllum.

Það verður ómögulegt að neita því að Kálfafellssókn er, sem stendur, næstum því prestsþjónustulaus; í sjálfu sjer væri ekkert um það að segja, ef söfnuðir í mörgum hlutum landsins ættu við sömu kjör að búa. En á meðan verið er að reyna að láta engan söfnuð verða prestsþjónustulausan, þá á að beita þeirri reglu allsstaðar á landinu. Að beita því sumstaðar, en sumstaðar ekki, er ósanngjart. Nú á-leit meiri hluti nefndarinnar að hjer væru sjerstakar ástæður fyrir hendi, og jeg veit að h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), sem mun vera álíka kunnugur og jeg í þessari sókn, veit það, að jeg hefi skýrt rjett frá öllum atvikum. Það er sjerstaklega vegna barnauppfræðslunnar, sem það er nauðsynlegt að fá prest á Kálfafell. Eins og nú er, getur presturinn ómögulega leyst þá skyldu af hendi, sem hann hefir í þeirri grein, í þessari sókn, nema með því móti að dvelja þar nokkurn tíma, en það getur hann ekki, því að heimansóknin er svo fjölmenn og víðlend, að hann má ekki missa sig heiman að; ellegar þá að bændurnir senda börn sín heiman að frá sjer og vistuðu þau einhversstaðar nærri prestinum; en það er harður kostur, sem jeg er óviss um að menn gætu gengið að, því óvíða hagar þar svo til á bæjum, að hægt sje að taka þar mörg börn. Jeg vil mæla sterklega með því að þessi grein frv. verði samþ. Og jeg skal taka það fram, að þó að Kálfafellsbrauð sje tekjulítið, það mun vera um 250 kr., þá er bújörðin ágæt og mjög affarasæl; og jeg veit það, að þeim prestum, sem hafa búið áður á Kálfafelli, hefir liðið þar mjög vel. Jeg álít að bújörðin sje

svo góð, að hún vegi það mjög mikið upp, hve tekjurnar eru litlar; jeg fyrir mitt leyti gæti mjög vel verið með því að færa uppbótina úr 300 kr. niður í 200 kr., því jeg álít að presti sje þar vel líft, þó uppbótin sje ekki meiri, jeg er jörðinni svo kunnugur.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins gera þá athugasemd, af því að jeg er kunnugur undir Eyjafjöllum, út af ræðu h. framsögum. (Guðl. Guðm.), að frá Holti að Stóradal er ekki 3 til 4 tíma ferð, heldur að eins 2 til 3 tíma ferð. Á hinn bóginn hefir h. framsögum. (G. G.) skýrt alveg rjett frá, eptir minni þekkingu, þeim agnúum, sem eru á því að hafa Prestsbakka- og Kálfafellsprestaköll sameinuð, bæði að því er vegalengd og aðra annmarka snertir.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 15 : 8 atkv.; 2. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; viðauki við 2. gr. frv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. fyrri hluti samþ. með 12 : 11 atkv.; 3. gr. frumv. síðari hluti felldur. Frumv. vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894—1895 (C. 353, 364, 376, 379); 3. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. deild er kunnugt, var það samþ. við 3. umr. fjárlaganna, að fröken Sigríður Árnadóttir, systir prestaskólakennara Hannesar sál. Árnasonar, fengi 200 kr. árlegan styrk úr landssjóði. Hún hafði sótt um þennan styrk til stjórnarinnar og jafnframt tekið það fram, að styrkurinn yrði látinn ná til yfirstandandi árs 1895. Kona þessi er orðin háöldruð, komin langt yfir áttrætt, og það eru því ekki mikil líkindi til þess að hún njóti styrksins í mörg ár. Jeg hefi þess vegna komið með viðaukatill. á þingskj. 364, sem fer í þá átt, að henni verði veittur 100 kr. styrkur fyrir síðara missiri yfirstandandi árs í fjáraukalögunum fyrir árin 1894—1895. Jeg hefi borið tillögu þessa undir formann og framsögum. fjárlaganefndarinnar og hafa þeir báðir tekið vel í hana. Jeg vona einnig að deildin taki þessu vel. Styrkur sá, sem Sigríður nýtur af legati Hannesar sál. bróður hennar, er borgaður henni tvisvar á ári, 11. júní og 11. desember, og það er því svo til ætlazt, að þessar 100 kr. verði borgaðar henni 11. desbr. þ. ár.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Viðaukatill. frá fjárlaganefndinni fer nú fram á endurgreiðslu á 318 kr. 18 a. af varðhaldskostnaði bandingjans Jóns Sigurðssonar, og er það 85 kr. lægra en hjá reikningslaganefndinni við 2. umr. málsins, en þessar 85 kr. álítum vjer virkilegan aukakostnað af drætti málsins, þar sem bandinginn sat hjer í gæzluvarðhaldi 8½ mánuð, en það varðhald er 10 kr. dýrara um mánuðinn en varðhald hegningarfanga. Undan þessu gjaldi vill fjárlaganefndin eigi þiggja hjeraðsdómarann og því eigi endurgreiða meira. Nú hefir h. þm. Rvík (J. Jenss.) komið með breyt.till. til enn meiri niðurfærslu, sem hann væntanlega færir ástæður fyrir.

Viðaukatill. frá hæstv. landsh. aðhyllist nefndin af sömu ástæðum og teknar voru fram í fjárlaganefndarálitinu um ellistyrk til þessarar konu.

Jón Jensson: Eins og framsögum. (Þ. Bj.) minntist á, hefi jeg leyft mjer að koma með breyt.till. við viðaukatill. nefndarinnar um varðhaldskostnað Jóns Sigurðssonar fanga. Jeg gat þess við 2. umr. að jeg hefði fengið þær upplýsingar, eptir að reikninganefndin kom með viðaukatill. sína, sem gerðu það mögulegt að skipta sundur þessum kostnaði, og færa nokkurn veginn fullnægjandi ástæður fyrir miðlun í málinu. Sá

kostnaður, sem hlutaðeigandi undirdómari hefir sótt um eptirgjöf á, er alls 403 kr. og er það kostnaður við gæzluvarðhald fangans Jóns Sigurðssonar frá 12. oktbr. 1891 til 3. sept. 1892. Hæstarjettardómurinn ákveður að undirdómarinn skuli borga þennan kostnað, sem landssjóður hafði á þessu tímabili af varðhaldsvistinni, vegna þess að formgallar á dómi hans hafi verið þess valdandi, að varðhald fangans lengdist um þennan tíma. Hæstirjettur dæmdi sakamanninn til líflátsins, en síðar var hann náðaður og hegningunni breytt í æfilanga hegningarvinnu, og við náðunina breyttust því kringumstæðurnar svo, að kostnaður sá, sem landssjóður hafði beðið af lengingu varðhaldsvistar mannsins, bættist landssjóði að nokkru leyti aptur við það, að svo verður að líta á, sem æfilöng hegningarvist fangans hafi styzt að sama skapi, sem varðhaldsvistin lengdist; eða með öðrum orðum, því lengur sem landssjóður hefir orðið að halda manninn sem gæzlufanga, því styttri verður sá partur af æfi hans, sem landssjóður þarf að kosta hann sem hegningarfanga. Skaði landssjóðs er því í raun og veru að eins mismunurinn á gæzlukostnaðinum og hegningarkostnaðinum áðurnefnt tímabil eða frá 12. okt. 1891 til 3. sept. 1892, en kostnaðurinn við hegningarvistina, sem er 50 aur. á dag, eða samtals kr. 163,50 umrætt tímabil, verður í raun og veru ekki sagt að hafi lent á landssjóði. Þetta er að minni hyggju hin eina aðgreining, sem gjörð verður á þessum kostnaði, og jeg get ekki skilið að sundurliðun nefndarinnar geti staðizt, nema því að eins að farið sje að kritisera ákvæði dómsins. En »kritik« á dómnum álít jeg ótilhlýðilega og óheimila. Úr því að hæstirjettur hefir álitið rjett, að undirdómarinn ætti að greiða þann kostnað, sem orsakaðist af formgalla á undirrjettardómnum, þá verður að taka þann kostnað eins og hann varð í raun og veru, hvort sem hann tilfjell á Akureyri eða hjer. Það varð því auðvitað notagjald undirdómarans, ef sparlega var á haldið með varðhaldskostnaðinn. Nú var það gert og þess vegna þarf undirdómarinn ekki að borga meira. Hefði fanginn aptur á móti ekki verið fluttur eins fljótt til Reykjavíkur og gert var, en haldinn lengur á Akureyri, hefði þessi kostnaður orðið meiri og undirdómarinn því orðið að borga meira. En þetta kemur spurningunni ekki við, og á þessu verður ekki byggð nein sundurliðun á því, hvað landssjóður hafi í raun og veru skaðazt. En það er einmitt hinn sanni skaði landssjóðs — það sem hann í raun og veru hefir orðið að leggja út, — sem hann verður að fá endurgoldið, en ekki meira. Landssjóður á ekki að græða á þessu. Út frá þessu hefi jeg gengið, að þetta væri hinn eini rjetti mælikvarði. Mjer er þetta auðvitað ekki mikið kappsmál. Jeg vonaðist eptir að fjárlaganefndin mundi bera sig saman við mig eða reikningslaganefndina, áður en hún kom með breyt.till. þá, sem hjer liggur fyrir frá henni, en tíminn var orðinn svo naumur, að það hefir ekki getað orðið. Það var fyrst í morgun, sem jeg sá viðaukatill. nefndarinnar, og af því mjer virtist upphæðin þar vera sett af handahófi, kom jeg með breyt.till. mína.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Það er rjett, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) tók fram, að nefndin hefir ekki sökum annríkis haft tíma til að bera sig saman við hann. Tilgangurinn er auðvitað — eins og h. þm. Rvík. (J. Jenss) tók fram — ekki sá, að landssjóður græði á þessu, heldur sá, að hjeraðsdómarinn borgi landssjóði hinn virkilega kostnaðarauka. Munurinn er

sá, að ef breyt.till. h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) verður samþykkt, þá borgar undirdómarinn hálft annað hundrað krónum meira, en tillaga fjárlaganefndarinnar fer fram á. — Jeg leiði minn hest frá, að gera út um það reikningslega, hvort rjettara er, en tillit finnst mjer mætti taka til þess, að hjeraðsdómarinn sýndi mikinn ötulleik í því, að komast fyrir þann hryllilega glæp, sem hjer var um að ræða. —

Einar Jónsson: Mjer finnst upphæð sú, sem breytingartill. h. þm. Rvík. (J. Jenss.) fer fram á, vera nokkuð lág. Jeg verð að ætla að varðhaldskostnaðurinn á Akureyri hefði orðið sá sami fyrir því, þó að hinn fyrsti undirrjettardómur hefði verið staðfestur. Og jeg leyfi mjer að spyrja, hvort að nokkur skylda hafi hvílt á undirdómaranum, að láta flytja fangann til Reykjavíkur fyr en búið var að dæma málið í landsyfirrjettinum. Jeg skil þetta svo, að það hafi ekki verið skylda hans. Þegar hjeraðsdómurinn kom suður, mun landshöfðingi hafa skipað, að flytja fangann hingað suður, af því að dýrara er, að hafa fanga í gæzluvarðhaldi á Akureyri en hjer. Kostnaðurinn við gæzluvarðhaldið þann tímann (á Akureyri) hefði því orðið hinn sami, þó að fyrsti dómur hjeraðsdómarans hefði staðið. Fyrir þennan tíma vil jeg því eigi láta hjeraðsdómarann borga neitt. Þess vegna er það að eins mismunurinn á gæzluvarðhaldi og hegningarvist hjer í Reykjavík, sem orsakaðist af drætti málsins, sem jeg vil láta hjeraðsdómarann borga, og mun upphæð sú sem fjárlaganefndin heldur fram, fara þar nærri sanni.

ATKV.GR.: 1. viðaukatill. landsh. 364 samþ. með 22 samhlj. atkvæðum; 2. breyt.till. 379 við viðaukatill. 376 felld með 14 gegn 7 atkv.; 3. viðaukatill. 376 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 19 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 13, 16. sept.br. 1893, um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 311); 2. umr.

Klemens Jónsson: Þetta mál er nú komið til 2. umr. hjer í deildinni, og var ekki minnzt á það einu orði við 1. umr. þess, og vil jeg því hreifa við því nú, því jeg kann ekki við, að þetta frumv. gangi alveg orðalaust í gegn um deildina. Eins og kunnugt er, var samþykkt á þinginu 1893 lagafrumv. um að veita heimild til að afmá gamlar veðskuldbindingar úr veðmálabókunum, og gekk það í gegn umræðulítið og breytingarlaust, sem aldrei skyldi verið hafa, því það hafði æði mikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, sem ekki hefði þurft að vera. Tilgangur þess frumv. var að hreinsa úr veðmálabókunum gamlar veðsetningar, sem fyrir löngu voru fallnar úr gildi, en gleymzt hafði að aflýsa úr þeim, og var það vel til fallið, að gjöra slíkt, því meðan það var ekki gjört, gátu menn ekki fengið vottorð um, að eignirnar væru óveðsettar, enda þótt það væri vitanlegt, að skuldirnar væru fyrir löngu borgaðar.

Nú er komið hjer nýtt frumv. um, að lögleiða á ný samskonar afmáning veðskuldbindinga úr veðmálabókunum, og með sama fyrirvara og áður, en auglýsingarnar á að birta á annan hátt en áður, þannig, að það verði ódýrara fyrir landssjóð. Það er furða, að slíkt frumv. skuli koma fram nú, sem veldur ekki litlum kostnaðarauka og ómaki, og það því fremur, sem heyrzt hefir, að ástæðan mundi ekki vera önnur en sú, að einn maður í h. efri deild þyrfti að fá vottorð um, að veðbönd á eign hans væru fallin úr gildi. En mjer

finnst það ætla að fara að ganga nokkuð langt, ef á hverju þingi á að fara að gefa út lík lög og þessi fyrir hin þá liðin 2 ár, og þannig baka landssjóði ærinn kostnað, þó að hann eptir þessum lögum verði eigi eins mikill og eptir hinum eldri lögum frá 16. sept. 1893. — Þess vegna vil jeg setja »stop« fyrir, að þess konar lögum sje hleypt af stokkunum á hverju ári. Því þó að ástæða kynni að vera til þess, að samþykkja þessi lög í þetta eina skipti og þó ef til vill með dálitlum breytingum, af því að 2 sýslumenn landsins hafa ekki beitt lögunum frá 16. sept. 1893, þá álít jeg þó þörf á að gera mönnum þetta ljóst, ef þeir ekki hafa athugað það áður, að það verður að vera í síðasta skipti, sem slík lög eru samþykkt nú í mörg ár.

Þó það þannig sjeu nokkrar ástæður til að samþykkja þessi lög í þetta skiptið, þá getur mjer þó eigi dulizt, að það væri nægilegt, að láta lögin að eins ná til þeirra tveggja sýslumanna, sem hafa vanrækt að innkalla veðbrjefin, en þar sem þó stefnurnar ekki eru sem rjettastar hjá sumum sýslumönnum, sem hafa innkallað veðbrjefin, þá er það víst rjettast að hafa lögin almenn, ef þeir skyldu vilja lagfæra sínar röngu stefnur, sem reyndar yrði að vera á þeirra eigin kostnað.

Á þessum atriðum vildi jeg að eins leyfa mjer að vekja athygli, ef einhverjum skyldi hugkvæmast, að koma fram með breytingartill. til 3. umr.

ATKV.GR.: 1.—3. gr. frumv. samþ. hver um sig með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, sem hvíla á Hólmaprestakalli (C. 157, 240); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Þetta frumv. sem hjer liggur fyrir og samþykkt hefir verið í h. efri deild, er sprottið af beiðni frá hinum þjónandi presti í Hólmaprestakalli, sem fer fram á: 1., að eptirlaun uppgjafaprests þess, sem er í brauðinu, sjeu greidd úr landssjóði; 2., að 600 króna afgjald það á ári til landssjóðs, er hvílir á brauðinu, sje afnumið eða lækkað að minnsta kosti um $^2/_3$; 3., að sjer sje gefin eptir 600 kr. skuld til landssjóðs, sem stendur eptir af ógoldnum árgjöldum af prestakallinu. — Þetta er byggt á ýtarlegri skýrslu frá prestinum í Hólmaprestakalli; þar er sýnt fram á, hversu mjög tekjur brauðsins hafi rýrnað, og auk þess hafi lagzt peningagjöld á tekjurnar, sjerstaklega eptirlaun uppgjafaprestsins.

Hólmaprestakall hefir verið metið rúm 1900 kr. fyrir utan 600 kr. árgjald það, sem borgað er í peningum af prestakallinu í landssjóð eða nákvæmar: tekjur þess eiga að vera 1937 kr. 81 e., þegar búið er að greiða 600 krónur í landssjóð, en eptir skýrslum þeim sem hjer liggja fyrir eru »brutto«-tekjurnar að eins rúmar 1700 krón., áður en árgjaldið til landssjóðs er dregið frá eða í raun og veru að eins 1100 krónur. »Netto«-tekjur prestakallsins, sem eptir brauðamatinu eiga að vera rúmar 1900 krón., eru þannig orðnar að eins 1100 kr. Þessi tekju-rýrnun liggur í tveimur aðal-atriðum. Hið fyrsta er, að aðal-hlunnindi prestakallsins, dúnn, hefir lækkað svo mjög í verði, að dúntekjan, sem metin hefir verið á 1602 kr. 95 aur. að frádregnum kostnaði við hirðinguna, hefir eptir 3 ára meðaltali að eins numið 722 kr. 82 aur., svo að tekjumissirinn af hlunnindum þessum

er 879,13 kr., á ári. Hitt atriðið er fríkirkju-söfnuðurinn og nemur sú rýrnun, sem af honum stafar, um 340 kr. á ári, svo tekju-rýrnunin er þannig alls 11—1200 kr. á ári, og þar að auki bætast við þessa tekju-rýrnun eptirlaun uppgjafaprestsins. Þegar prestur sá, sem nú er þjónandi prestur í prestakalli þessu, sótti um það, hafði hann skilið orðin í 6. gr. laga 27. febr. 1880 svo, að hann ætti ekki að greiða eptirlaunin til uppgjafaprestsins af brauðinu. Eins og orð þessi standa þar, eru þau ekki ljós, svo að það er engin furða, þó ólögfróður maður villist á þeim, ef hann þekkir ekki, hvernig þeim er beitt. Kemur þetta til af því, að í greininni standa tvö orðtæki, nefnilega »tekjur brauðsins« og »tekjur prestsins«, sem eru í slíku orðasambandi í 6. gr. laganna, að orðin »tekjur prestsins« sýnast, fljótt á litið, standa í mótsögn við tekjur brauðsins framar í greininni, og nú hefir samskonar orðatiltækjum verið hleypt inn í lögin um eptirlaun prestsekkna, en orð þessi eru svo óljós, að jeg get jafnvel búizt við, að lögfræðingar geti villzt á þeim, ef þeir vita ekki hvernig stjórnin skilur þau.

Þegar nú svona mikil rýrnun hefir orðið á tekjum brauðsins og litlar líkur eru til, að úr því bætist, þar sem lítil von er til þess, að dúnn muni hækka í verði eða að fríkirkju-söfnuðurinn hverfi aptur í þjóðkirkjuna, og þar sem peningagjöld til landssjóðs eru svo há, þá virðist ástæða til að taka bænarskrá hlutaðeigandi sóknarprests til greina, þar sem hann hefir með ljósum rökum sýnt fram á, að »nettó«-tekjur prestsins hafa síðastliðin 3 ár numið frá 470—580 kr. á ári, og jeg efast ekki um, að þessi skýrsla er alveg rjett upp á eyri. Það er af þessu ljóst, að Hólmaprestakall, sem fyr var álitið eitt af beztu brauðum landsins, er nú orðið eitt hið aumasta og rýrasta.

H. efri deild hefir og tekið kvörtun prestsins að nokkru leyti til greina og gefið upp að nokkru leyti eptirlaun prestsins og að nokkru leyti afgjaldið. Jeg hefði verið helzt þeirrar skoðunar, að presturinn ætti að losast að öllu leyti við eptirlaunin, en samt hefir nefndin lagt það til, að samþykkja frumv. óbreytt af þeirri ástæðu, að koma ekki glundroða á málið, svo það þyrfti ekki að hrekjast fram og aptur, og það kynni ef til vill að verða því að falli, því henni finnst ástæða til, að taka þessar kvartanir til greina.

Þegar stjórnin hefir ekki heimild til, að »taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar«, þá má búast við því, að tekjur sumra prestakalla rýrni; þó að 1880 væri ætlazt til, að kirkjan geti borið sig, þá getur það reynzt ómögulegt í framkvæmdinni; landssjóður getur látið gjöra nýja kirknaskipun, en meðan það er á ábyrgð landsstjórnarinnar að kirkja og kristindómur haldist við undir núverandi ástandi, þá er nauðugur einn kostur, að hlaupa undir bagga, þar sem svo er ástatt, að tekjur prestakalls hafa rýrnað mjög, þangað til gjörð er breyting á prestaköllunum aptur, og þau jöfnuð á ný.

Nefndin leggur því til að h. deild samþykki frumv. óbreytt eins og það kom frá h. efri deild.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Ekki get jeg verið samþykkur h. nefnd í því, að rjett sje að samþykkja frumv. þetta: 1., af því að jeg óttast, að þetta verði að eins byrjun til samskonar fjárbeiðna og hjer er farið fram á, og að eins geti komið fyrir annarsstaðar, því að víða standi svo á, að 1200 kr. tekjur verði ekki eptir, þegar búið er að draga eptirlaun uppgjafaprests frá, og aðrir

prestar eigi eins mikinn rjett til að fá samskonar uppbót, og enda þótt ekki sje hægt að segja, að hjer sje um neina stóra upphæð að ræða, hvað eptirlaunin snertir þá er það þó óvinsæll gjaldliður; en þó hefi jeg meira á móti því, að gefa mönnum upp skuldir, sem þeir hafa dregið að borga, en sem þeir eru þó skyldugir að greiða, því slíkt er siðspillandi og venur menn á skuldatregðu, en hún er nægilega mikil fyrir hjá þjóðinni. Annað er það, að öll áheyrzla slíkra bæna elur upp og eflir þann hugsunarhátt að barma sjer og bera sig illa, en vjer eigum meira en nóg af þeim hugsunarhætti, og það er sá hugsunarháttur, sem vjer ættum held ur að reyna að bola út. Jeg óttast allt, sem elur upp í oss vesaldarháttinn. Það er ekki í fyrsta sinni að mjer sárnar að sjá, að ástandið er þannig, að góðir menn verða að koma með slíkar bænir á þing. Þeim hefir verið synjað, en þó koma þessar bænir á hverju þingi, ýmist að ljetta árgjöldum af, ýmist að gefa upp skuldir eða skipta prestaköllum í sundur og bæta þau svo upp úr landssjóði. Jeg álít, að allt slíkt sje ekki að eins óþarft, heldur beinlínis skaðlegt.

Jeg álít, að vjer höfum nógu marga presta í samanburði við fólksfjöldann, þar sem vjer höfum einn prest fyrir hverja 500 manns. Þetta er nú að nokkru leyti gott og blessað, en hvort það er samsvarandi því gagni, sem vjer höfum af prestunum, það kann að vera annað mál. Og jeg hygg, að vjer kaupum gagn það, er vjer höfum af þeim, full-dýrt, því eptir fjárhagsástandi voru getum vjer ekki launað þeim nema með sultar-launum, og prestarnir verða því að hafa embætti sitt í hjáverkum, ef þeir eiga að geta lifað sem aðrir menn, og það er sjálfsagt, að við það minnkar áhugi þeirra á embættisstörfum sínum. Jeg er sannfærður um, að hvort sem skoðað er frá kirkjulegu eða fjárhagslegu sjónarmiði, þá eru prestar vorir of-margir. Raddir um þetta efni hafa fáar heyrzt á þingmálafundum, og því síður á þingi, en jeg óska, að þær raddir fjölguðu heldur, og því hefi jeg orðið til þess að hreifa þessu máli nú, því jeg álít, að þjóðkirkjunni væri ekki að eins jafn-vel borgið og áður, heldur miklu betur, ef vjer fækkuðum prestum vorum og launuðum þeim betur.

Það er eptirtektavert að á Færeyjum er þetta öldungis í öfugu hlutfalli og hjá oss. Þar á öllum eyjunum eru að eins 6—7 prestar eða 1 prestur á hverja 2000 menn, og hver þeirra hefir 4—6 kirkjur, og þeir verða opt að fara langa leið á sjó til þess að komast til kirkna þeirra, sem lengst er til í öðrum eyjum, og þó veit jeg ekki betur en embættum þeirra sje vel þjónað; en þeim er líka borgað miklu betur en hjá oss. Mjer dettur í hug annað hlutfall, sem er milli okkar og Færeyinga í öfuga átt, þótt það komi ekki þessu máli við, að þar sem þeir hafa 1 prest fyrir hverja 2000 manna, þá höfum vjer 1 prest fyrir hver 500 manna, en þilskipastóll Færeyinga stendur aptur á móti í öfugu hlutfalli við prestatölurnar, því þeir hafa fullkomlega þeim mun fleiri þilskip en vjer, sem þeir hafa færri presta, án þess mjer detti í hug, að þetta standi í nokkru beinu sambandi hvort við annað, en það er samt eptirtektarvert mjög.

Jeg tek það fram, að sjerhvað það, sem fer fram á að auka tekjur presta úr landssjóði og fjölga þeim, virðist mjer fara alveg í öfuga átt, og er jeg því algjörlega á móti þessu frumv., ekki af því, að jeg álíti þennan heiðursmann, sem hjer um ræðir, minna verðan en hvern annan, þótt hann sje mjer alls

ókunnur persónulega, heldur af því, að jeg vil ekki koma þessari stefnu á, sem hjer er verið að byrja, að bæta brauðin upp meira og meira úr landssjóði.

Eiríkur Gíslason: Þegar mál þetta var til 1. umræðu, lagði jeg það til, að nefnd væri kosin og látin segja álit sitt bæði um þetta mál og beiðni um niðurfærslu á árgjöldum frá prestunum að Miklaholti og Staðarhrauni. Nefndin hefir nú ekki fundið ástæðu til að taka óskir þessara tveggja presta til greina og færir það helzt sem ástæðu, að skort hafi tilhlýðileg fylgiskjöl með óskum þeirra.

Enda þótt jeg áliti, að full þörf hefði verið á því, að jeg kæmi með viðaukatill. í þá átt, að árgjöld þau, er hvíla á þessum 2 prestaköllum, yrðu færð að einhverju leyti niður, þá hefi jeg þó við nánari íhugun horfið frá því, bæði af þeirri ástæðu, að jeg áleit, að slík viðaukatill. gæti orðið þessu frumv. til tafar, en sjerstaklega af því, að eigi hefir legið fyrir þinginu formleg matsgjörð yfir tekju-upphæð þeirra prestakalla, er hjer um ræðir, heldur að eins yfirlýsingar prestanna um tekjuhalla þann, sem prestaköllin hafa orðið fyrir. Eins og kunnugt er, var með prestakallalögunum 27. febr. 1880 lagt 400 kr. árgjald á Miklaholtsprestakall. — Eins og þá stóð á, get jeg ekki álitið, að þetta hafi verið ósanngjarnt, en síðan er mikil breyting á orðin, að því er þetta prestakall snertir. Eins og kunnugt er, hefir prestakall þetta mikil hlunnindi af selveiði, og á þeim árum gat veiði þessi mjög mikinn arð, þar sem hver tunna af lýsi var þá borguð með allt að 70 krónum. Nú er arðurinn af selveiði aptur á móti orðinn mjög lítill, þar sem nú ekki fæst meira en 20—30 krónur fyrir tunnuna. Þar er líka dúntekja nokkur, sem áður gaf mikinn arð, en nú mjög lítinn, eins og gefur að skilja, þar sem dúnn hefir fallið svo mjög í verði. Presturinn í Miklaholtsprestakalli hefir talið, að tekjur sínar hafi við þetta minnkað um 400 krónur. Enn fremur hafa nokkrir bæir, sem fylgdu þessu prestakalli, verið lagðir undir næsta prestakall með landsh. brjefi 13. febr. 1882, og hefir brauðið rýrnað við það um 42 krónur. Loks er prestsekkja í brauðinu, sem fær 75 krón. af tekjum prestakallsins. Þá má líka bæta því við, að efnahagur manna í þessu prestakalli er hvergi nærri góður. Þegar alls þessa er gætt, þá er óhætt að taka trúanlega þá yfirlýsingu prestsins, að hann hafi tæpar 600 króna tekjur af brauðinu. Mjer hefði því fundizt sanngjarnt, að komið hefði fram viðaukatillaga um, að eitthvað yrði fært niður árgjaldið af þessu prestakalli, og sömuleiðis af Staðarhraunsprestakalli, því þar stendur líkt á. En þar sem undirbúningur þessa máls frá hálfu prestanna var ekki svo sem vera bar, þá sá jeg mjer ekki fært, að koma með tillögu í þessa átt, enda er jeg hræddur um, að hún hefði fengið næsta lítinn byr hjá þessari h. þingd. Jeg hefi líka þá von, að ekki líði á löngu, þangað til prestakallalögin frá 27. febr. 1880 verða endurskoðuð, og þegar það verður gjört, þá verða, að von minni, lagfærðar misfellurnar á mati þessara tveggja prestakalla. Hin gildandi prestakallalög eru svo, að bæði prestar og söfnuðir eru óánægðir með þau í mörgum greinum, svo full ástæða er til, að þau verði bráðlega tekin til verulegrar endurskoðunar.

Einar Jónsson: Það var út af orðum h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að jeg vildi leyfa mjer að tala fáein orð. Jeg er á sömu skoðun og hann um það, að æskilegt væri, ef það væri hægt, að breyta svo brauðaskipunarlögunum, að

prestaköllin væru stækkuð að mun, þar sem því yrði við komið, og laun þeirra um leið hækkuð svo mikið, að þeir þyrftu eigi að sinna öðru, en gætu lifað með sig og fólk sitt af launum einum. Jeg hefi opt hugsað um þetta mál, og allt af óskað, að þetta gæti komizt á, en allt af sjeð svo mikla agnúa á því fyrirkomulagi, að jeg hygg, að það geti seint komizt á. Jeg vildi óska, að hjer á landi væri svo ástatt, að prestar þyrftu ekki að lifa svo mikið á búskap, eins og þeir verða nú að gjöra. En tekjur presta eru hjer svo vaxnar, að þeir verða að gefa sig mjög við búskap, ef þeir eiga að geta notið þeirra, en við það dregst hugur þeirra meira en skyldi frá prestsskapnum. Þess vegna fer venjulega svo, að annaðhvort stunda prestar presstskapinn vel og verða svo fátækir, eða þeir sökkva sjer niður í búskapinn, og hafa prestsskapinn í hjáverkum, nema um afbragðsmenn sje að ræða, sem geta stundað hvorttveggja, svo að vel fari. Þetta þyrfti að breytast, en því mun nú torvelt að breyta, eptir öllum ástæðum vorum.

Það dugar ekki að bera Ísland saman við Færeyjar í þessu tilliti, því það er mikill munur á því, að fara á bátum yfir sundin milli eyjanna eða ferðast langa vega yfir fjallgarða, stór-ár og aðrar torfærur á landi. Færeyjar eru þjettbýlli en Ísland, og þar er ekki eins erfitt að komast yfir landið, eins og hjer. Þess vegna er ekki hægt að bera þetta saman.

Það er einkum tvennt, sem gjörir, að það er svo örðugt að koma þessu á hjer. Það er strjálbyggðin og ástæður þeirra, sem gjalda eiga prestunum laun þeirra. Vegna strjálbyggðarinnar eiga menn svo óhægt með að ná til presta sinna, jafnvel eins og prestaköllum er nú skipað, hvað þá heldur, ef þau stækkuðu að mun; það er venja hjer á landi, að prestarnir fari heim á heimili sóknarmanna sinna t. d. þegar skíra þarf börn, og þetta verður svo að vera, því það gæti margt illt af því leitt, ef fara ætti með ungbörn til kirkju um langan og opt illan veg, hvernig sem viðrar. Ef því prestar fengju stærri verkahring, þá yrðu þeir að vera á ferðum mikinn hluta ársins. Jeg hefi þess vegna ekki getað sjeð, hvernig úr þessu yrði leyst. Ef prestaköllin yrðu stækkuð að mun og laun presta verulega aukin, þá er sjálfsagt meiningin, að þeir fengju laun sín úr landssjóði, en þá yrðu bændur sjálfsagt að skila gjöldum sínum í peningum. Ef jeg sæi nokkurn veg til að koma þessu á, þá teldi jeg fyrirkomulagið mjög heppilegt. Ef jeg lít nú aptur á það, að stækka prestaköllin að mun, þá er jeg hræddur um, að það yrði víða mjög örðugt. Tökum til dæmis Vestfirði og Austfirði. Þar mun óvíða hægt að sameina prestaköll meira en gjört hefir verið. Nú er t. a. m. Desjarmýri í Borgarfirði eystra með tveimur víkum prestakall út af fyrir sig, og Seyðisfjörður með Loðmundarfirði annað prestakall. Milli fjarðanna eru háir fjallgarðar. Ef sameina ætti þessi 2 prestaköll í eitt, þá yrði það miklu erfiðara en Færeyja brauðin.

Þannig gæti jeg nefnt fleiri samsteypur, sem væru alveg óframkvæmanlegar. Jeg held þess vegna, að ekki sje hægt að ganga út frá því, að þessi breyting komist svo fljótt í gang.

Því hefir verið haldið fram, að það hafi hingað til haft mikla þýðingu fyrir þjóðlíf vort, að prestarnir hafa verið svo margir, enda hygg jeg að menning þjóðarinnar sje mikið að þakka þeirri menntun, sem prestarnir hafa breitt út meðal almennings. Nokkur breyting er nú á þessu orðin, þar sem svo marg-

ar menntastofnanir hafa komizt á fót í seinni tíð, en þó held jeg að alþýðu manna sje enn hollt til menningar að hafa marga presta. Jeg hefi því ekki sjeð fært að hreifa því, að prestum yrði fækkað. Það verður ekki hjá því komizt, að hafa þá marga, þó að það verði eins konar óhjákvæmilegt böl, að því er kostnaðinn við prestastjettina snertir. Þó mundi sumstaðar mega koma því við, að stækka prestaköllin og fækka prestunum, t. d. í Skagafirði, og þó hefir það hjerað undarlega komizt hjá samsteypum brauða í samanburði við önnur hjeruð, t. d. Múlasýslurnar. Jeg vil heldur þjóna tveimur prestaköllum í Skagafirði, eins og þau eru nú, en mínu einu í Norðurmúlasýslu.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) setti þessa skoðun sína á stækkun prestakallanna og fækkun prestanna í samband við þetta mál, sem hjer liggur fyrir, og kvaðst sökum þessarar skoðunar sinnar hvorki geta verið með þessum eða öðrum breytingum og viðaukum á prestakallalögunum. En af því að jeg álít að það eigi svo langt í land, að skoðun okkar á málinu almennt komist til framkvæmda, þá sje jeg ekki, að hjá því verði komizt að breyta hinum gildandi lögum smátt og smátt, þegar knýjandi nauðsyn er til þess. Að því er snertir frumv. það, sem hjer liggur fyrir, þá mælir hin fyllsta sanngirni með því, að það verði samþykkt. Jeg þarf ekki að minnast á ástæðurnar fyrir því, að prestinum í Hólmaprestakalli verði veitt sú linun, sem hjer er farið fram á, því h. framsögum. (Guðl. G.) hefir þegar gjört það rækilega. Jeg get bara minnt á, að aðaltekjurnar, sem gjört hafa Hólmaprestakall að einu hinu tekjuhæsta brauði á landinu, eru dúntekja, sem nú er orðin lítils virði, og afurðir af sjó. Jörðin sjálf er ekki mikils virði, og eins og menn vita, hafa margir gengið þar úr söfnuðinum, þegar fríkirkjan myndaðist þar eystra. Skýrslu prestsins þarf því enginn að efa. Jeg treysti því, að meiri hluti h. þingd. sjái að fyllsta sanngirni mælir með því, að frumv. verði samþykkt.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg vildi svara h. 2. þm. Eyf. (J. J.) fáeinum orðum, af því að hann mælti á móti öllum breytingum á prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, og það, sem hann kom fram með móti frumv., voru mest almennar ástæður.

Fyrst hafði hann það á móti 1. gr. frv., að það, sem þar væri farið fram á, væri að eins byrjun, því að afleiðingin af því, að hún yrði samþykkt, mundi verða sú, að allir þeir prestar, er tekjur þeirra færu niður fyrir 1200 kr., mundu fara fram á að losast við árgjöld, er hvíla kynnu á brauðum þeirra. Gegn þessu skal jeg taka það fram, að nefndin hefir í áliti sínu bent á misskilning þess prests, sem hjer ræðir um, á 6. gr. hinna gildandi prestakallalaga, og hið sama hefir einnig verið tekið fram í umræðunum. Það er því varla hætt við, að aðrir prestar misskilji ákvæði þessarar 6. gr. laganna hjer eptir. Auk þess ber að gæta þess, að það er nokkur munur á því, hvort tekjur eins prestakalls fara af einhverjum ástæðum dálítið niður fyrir 1200 kr., eða þær falla alla leið niður í 500 eða jafnvel 400 kr. Jeg get varla ætlað að annarstaðar að komi dæmi líkt þessu, sem hjer ræðir um, en kæmi slíkt fyrir, þá álít jeg alla sanngirni mæla með því, að hið opinbera hlypi undir bagga með prestinum og veitti honum einhverja linun í gjöldum af brauðinu. Þetta er h. þingd. líka þegar búin að viðurkenna með því að samþykkja 4. gr. í frumv. til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895, sem var hjer fyrir deildinni fyrir skömmu, þar sem prestinum í

Stóruvallaprestakalli var veittur styrkur vegna rýrnunar á tekjum hans af náttúrunnar völdum. Tekjurýrnunin, sem Hólmaprestur hefir orðið fyrir, er þó enn stórfelldari og eins óviðráðandi fyrir prestinn eins og tekjurýrnun af náttúrunnar völdum. Jeg sje því ekki betur, en að þingd. fylgi sömu reglu, er hún samþ. þetta frv., eins og hún fylgdi, er hún samþykkti 4. gr. nefndra fjáraukalaga.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) talaði almennt um prestaskipunina hjer á landi, og hefi jeg ekkert sjerlegt á móti því, sem hann sagði í þá átt, að rjett væri, að prestaköllum væri fækkað, að verkahringur prestanna stækkaði og þá um leið, að laun þeirra hækkuðu, því þá mætti krefjast þess, að þeir legðu fram alla krapta sína í þjónustu kirkjunnar, því auðvitað eru þessi lágu laun prestanna miðuð við það, að þeir hafa svo mikið af starfstíma sínum og starfsþreki afgangs. En ef stækka á verksvið presta, þá verður að undanskilja ýms störf, sem þeir nú hafa á hendi, losa þá við húsvitjanir og ýmsar skýrslur, sem þeir nú verða að geta, losa þá sömuleiðis við öll störf í þjónustu hins opinbera o. fl. Því með öllu því, sem prestar hafa nú að gjöra, komast þeir óvíða yfir stærra svæði en þeir hafa nú að gegna. Það hagar allt öðruvísi til á Færeyjum en hjer á landi eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) ljóslega hefir sýnt fram á. Færeyjar og Ísland verða ekki borin saman í þessu tilliti, því auk þess sem landshættir eru þar allt aðrir en hjer, er kennslumálum, húsvitjunum o. s. frv. öðruvísi fyrir komið þar en hjer.

Jeg skal ekki bera á móti því, að tími kunni að vera kominn til að gjöra gagngjörða breytingu á prestakallaskipuninni hjá oss; en á meðan þessi breyting ekki er komin á, verður hið opinbera að hlaupa undir bagga með prestum, þar sem nauðsynin er eins mikil eins og hjer. Nefndin hefir sýnt, að hún vildi ekki veita neinar undanþágur frá prestakallalögunum, nema þar sem veruleg, knýjandi ástæða var til þess. Þess vegna tók hún heldur ekki til greina óskir prestanna í Miklaholtsprestakalli og Staðarhraunsprestakalli um niðurfærslu á árgjöldum frá þessum prestaköllum, og þó verður því ekki neitað, að þessir prestar færðu töluvert sennilegar ástæður fyrir beiðni sinni. En af því nefndin varð að álíta, að þessi prestaköll væru þó töluvert lífvænleg, tók hún ekki beiðni prestanna til greina, þó sjerílagi af því að málið var ekki nægilega undirbúið. Á hinn bóginn verður nefndin og víst allir að álíta, að prestinum í Hólmaprestakalli sje þar ekki lífvænt, eins og tekjurnar af því eru nú orðnar.

Það mætti taka fram margar fleiri ástæður með frumv. Þannig má nefna það, að Hólmar eru fremur mögur bújörð, þar sem aðalhlunnindi hennar er dúntekja, sem nú gefur mjög lítinn arð, en hefir þó orsakað það, að jörðin er metin 307 hundruð á landsvísu, eða á við heilan hrepp á landinu. Af þessu leiðir, að öll afgjöld af jörðinni eru afarhá, svo sem ábúðar- og lausafjárskattur, sem er 122, 8 álnir eða 70 kr. í peningum á ári. Þetta er eptir jörð, sem er á stærð við 40—50 hundraða jarðir annarsstaðar. Þegar þess er gætt, að tekjur prestsins eru 400—500 kr. á ári, þá eru þetta ærið tilfinnanleg gjöld meðal annars, sem presturinn verður að borga. Jeg gæti nefnt enn fleira þessu máli til stuðnings, en jeg vil ekki þreyta menn á því, enda treysti jeg því að búið sje að færa nægilega rök að því, að fyllsta nauðsyn sje að bæta úr þessu ástandi að einhverju leyti. Tölur og skýrslur

þessu máli viðvíkjandi má lesa á lestrarsalnum. Jeg efast ekki um, að h. 2. þm. Eyf. (J. J.), sem er sanngjarn maður, muni, við nánari íhugun og rannsókn málavaxta, sjá, að tillaga nefndarinnar sje fullkomlega sanngjörn.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg þakka h. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.) fyrir þau lofsorð sem hann lauk á mig fyrir sanngirni mína. Jeg hefi í rauninni ekki mælt á móti því, að þetta, sem hjer er farið fram á, væri sanngjarnt, frá vissu sjónarmiði skoðað, en frá mínu sjónarmiði er það ekki. Annars hefir mjer og h. þm. V-Sk. (G. Guðm.) ekki borið mikið á milli í aðalatriðunum; það er um niðurlagsatriðin, sem okkur kemur ekki saman, með öðrum orðum við komumst að ólíkri niðurstöðu.

Svo var ræða h. 1. þm. N-Múl. (E.J.) Það var fátt í henni, sem jeg hefi nokkuð að athuga við, því í aðal atriðunum var þm. mjer samdóma. H. þm. sagði að ekki væri hægt að jafna saman Færeyjum og Íslandi eins og jeg gjörði — og hið sama sagði h. þm. V-Sk. (G. Guðm.) og hann færði það sem ástæðu, að á Færeyjum væri mest farið á sjó og að þar væru ferðir prestanna ljettari og hættuminni en hjer. Þetta er þó ekki rjett hjá h. þm.; jeg get bent á eitt dæmi, sem jeg þekki, og sem sýnir hve hættulegar ferðir þar geta gerið: Það var prestur, sem þurfti að fara þar á milli eyjanna, en hann náði ekki þangað sem hann vildi fara, varð að lenda annarsstaðar, á sæbrattri eyju, þar sem hjer um bil var ómögulegt að komast upp, eyjan var svo brött, og hamrarnir allir fullir af klaka; loksins eptir 3 eða 4 kl.st. voru þeir með hnífunum sínum búnir að rispa skorur í klakann, svo einn þeirra gat komizt upp og til bæja. Þetta sannar að það er ekki alls kostar ljett fyrir prestana á Færeyjum að ferðast um sinar kirkjusóknir.

H. þm. (Guðl. G.) sagði ennfremur að prestarnir hjer á landi hefðu hingað til haft mjög mikla þýðingu fyrir þjóðina. Jeg skal alls ekki bera á móti því, þeir hljóta að hafa mikla þýðingu, En jeg vil vekja athygli h. þm. á því, að þessir menn hafa starfandi, gagnandi og vinnandi hjer á landi svo mikla þýðingu, ekki af því að þeir eru prestar, heldur af því að þeir eru flestir af mannvali þjóðarinnar. Í prestastjettinni eru margir gáfaðir, «energiskir» menn, komnir af óveikluðu alþýðufólki, menn, sem fyrir fátæktar sök ekki hafa komizt lengra; það eru menn, sem eru svo efnilegir, að þeir mundu í hverri annari stöðu verða oss fullt eins gagnlegir og þeir eru sem prestar, og jeg held jafnvel að sumir þeirra mundu verða oss að meira gagni. H. þm. játaði, að mögulegt mundi vera að koma á brauðasameiningu sumstaðar hjer á landi t. d. í Skagafirði. Jeg er viss um að það mætti líka sumstaðar í Þingeyjarsýslu, þó hún sje mikið snjóapláss. Það er ekki langt síðan að þar voru 4 prestaköll í einum hreppi, þar var svo stutt á annexíurnar, að það var hvergi meira en $1^1/_2$ tíma reið á sumrin, að eins á eina þeirra var hálfslæmt á vetrum. Nú eru þar 2 prestaköll með 4 kirkjum. Þessi 2 prestaköll mætti enn sameina og jafnvel bæta við því 3. og yrðu það þá 6 kirkjur, sem presturinn hefði að þjóna, og líkt gæti verið víða annarsstaðar, sjerstaklega ef prestunum ekki væru ætluð nein önnur störf. Annars er þýðingarlaust að tala um þetta nú, af því það liggur ekki fyrir. Jeg veit að það eru fleiri en jeg, sem hafa þessa skoðun; jeg hefi talað við þm., sem í öllum að-

alatriðunum hafa verið mjer samdóma; sumir þeirra hafa viljað ganga lengra en sumir skemmra.

Út af þessu, sem jeg hefi tekið fram, dreg jeg þá ályktun, að jeg geti ekki verið með neinu því, sem gengur í gagnstæða átt, sem miðar að því að aðskilja en ekki sameina brauðin, og í þá átt álít jeg að allar fjárgreiðslur til brauðanna úr landssjóði miði.

Jens Pálsson: Það er einmitt út af orðum h. 2. þm. Eyf. (J. Jónss.) að jeg finn ástæðu til að taka til máls. Þau eru svo þýðingarmikil, að því leyti að hann flytur fram með þeim visst princip í voru prestakallamáli, sem h. þm., eins og honum er eiginlegt, talaði fyrir mjög áheyrilega og sanngjarnlega, og fyrir hverju hann hefir fært þau rök, frá sínu sjónarmiði, sem áreiðanlega eru mjög eptirtektarverð.

Jeg hefi hugsað töluvert um vort prestakallamál, svo jeg kem ekki alveg ókunnugur inn á það svæði, sem h. þm. leiddi ræðu sína inn á.

Jeg get gengið inn á það að vissu leyti, að af því mundi stafa framför í kristindómslegu tilliti, að stöðu prestanna væri breytt í þá átt, að þeir fengju stærra verksvið en jafnframt meira verkkaup en þeir nú hafa, svo að þeir þyrftu alls ekki að gefa sig að búskap, heldur hefðu nóg sjer til framfæris í launum. Jeg get ætlað að það gæti orðið til þess að vekja kristilegt trúarlíf, ef prestarnir gætu varið öllum sínum kröptum og öllum sínum tíma til sinnar kennimannlegu starfsemi í hinni kristnu kirkju.

Prestsins starf ætti að vera: í fyrsta lagi að flytja með öllum þeim krapti trúarsannfæringarinnar, sem honum er gefinn, boðskap kristindómsins, og í öðru lagi að leysa af hendi allt það, sem kallast prestsleg störf, og sem heimta framkvæmd kirkjulegra athafna. En þó breyting í þessa stefnu bæði gæt orðið og ætti að verða til nokkurra framfara, hvað kennimennsku snertir, þá mundu við þessa breyting á stöðu presta ýms störf, sem prestarnir nú hafa á hendi, hljóti að falla úr sögunni, þau störf, sem jeg af 20 ára reynslu álít, að hafi mjög mikla þýðingu, ef þau eru unnin með þeirri alúð og samvizkusemi, sem kristilegur kennimaður á að sýna, jeg tek t. d. húsvitjunina, sem, ef hún er rækilega framkvæmd, er til mikillar kristilegrar og mannlegrar uppbyggingar. Það er ekki hugsanlegt, að prestar gætu rækt öll þau störf, sem þeir hafa nú, ef verkahringur þeirra yrði stækkaður svo, að princip h. 2. þm. Eyf. yrði sett í verk. Ef ætti að launa prestunum svo vel, að þeir gætu lifað af því eingöngu, þyrfti hver prestur að hafa í laun nær 2000 kr. En til þess þyrfti að fækka þeim um meir en helming, þó landssjóðsstyrkurinn til brauðanna væri látinn halda sjer, en ef hann yrði dreginn inn og prestarnir ættu að lifa af brauðunum einum, þá þyrfti að fækka þeim langt um meira, líklega um $^2/_3$ parta, til þess að geta launað með nær 2 þús. kr. hverjum. Af þessari fækkun, ef hún kæmist á, hlyti að leiða það, að verkahringur prestanna yrði svo stór, að húsvitjanir hlytu að leggjast niður Prestar hafa meira að starfa en almennt er álitið; jeg skal taka t. d. þessu til sönnunar, að hver sá prestur, sem rækir skyldu sína eins og hann á að gera, verður að semja nær 60 prjedikanir á ári, og hver prjedikun er ekki uppskript í ákveðnu formi, eins og margar ritsmíðar hinna veraldlegu embættismanna, brjef þeirra og skýrslur, heldur er hún frumsamin ritgjörð, sem er þess eðlis, að enginn samvizkusamur prestur hefir þótzt leysa það starf nógu vel af hendi; en auk þess

þarf hver prestur að gjöra tjölda af tækifærisræðum árlega.

Það má segja mjer það svo opt, sem vera vill, að prestarnir þurfi ekki að semja og skrifa upp ræðurnar, þeir geti prjedikað blaðalaust; en jeg segi, að það sje ekki nema einstöku presta meðfæri að prjedika blaðalaust, og þó að prestar hættu við að semja ræður sínar og skrifa þær upp, þá mundu þeir verja alveg eins miklum tíma til þess að undirbúa sig. Af því þetta starf er svo mikið, tekur það mikinn tíma upp fyrir prestinum og heimtar svo mikla andlega áreynslu; en af þessu leiðir, að væru prestaköllin stækkuð mjög, gjörð tvöfalt eða þrefalt stærri, og prestarnir þar af leiðandi yrðu miklum ferðalögum bundnir, þá mundi svo fara, að presturinn hlyti að fella niður mörg þau störf, sem hann nú hefir. Á prestunum hvílir húsvitjanir, bókfærsla, skýrslugjörðir, og á mörgum prestum sáttaumleitanir; öll þessi störf yrðu þá að leggjast yfir á aðra; en til þess þyrfti töluvert fje. Það hefir verið tekið fram af manni, sem á sinni tíð þekkti manna bezt sögu landsins, það var Jón sál. Sigurðsson, forseti og skjalavörður, að prestarnir á Íslandi hefðu verið þjóðarinnar þörfustu menn. Og hjer í þingsalnum eru margir, sem í dag hafa viðurkennt að prestarnir væru þarfir, jafnvel þörfustu menn í því, að efla menning og siðgæði í sveitum sínum. En þessi áhrif prestanna hlytu að minnka, ef störf þeirra yrðu svo mikil, að þeir tæplega gætu komizt yfir þau öll.

Auk þess, að störf presta, jafnvel á ekki stórum brauðum, eru svo mikil, að þau taka upp mestan tímann fyrir þeim, þá er það líka mjög áríðandi fyrir þá að lesa guðfræðisrit, svo að þeir geti glætt sitt andlega ljós, fylgt með hinum andlega straumi og hreifingum í hinni kristilegu kirkju, og til þess þurfa þeir tíma. Jeg verð því að mótmæla því að búskapurinn sje nokkurt aðalstarf góðra presta þessa lands; búskapinn hafa þeir að eins í hjáverkum; framkvæmd hans hvílir mest á prestskonunum og þjónustufólkinu. Enda vill opt svo vel til, að til prestanna veljast góð hjú, svo að búskapurinn getur gengið vel fyrir því, þó þeir sjálfir eyði litlum tíma til hans.

Jeg held að það sje vafasamt, hvort veraldlegir embættismenn, svo sem sýslumenn, hafa eins mikið að gjöra og prestarnir; sumir þeirra munu hafa talsvert minna að starfa; þessir embættismenn búa líka, vitanlega í hjáverkum sínum. Ef presturinn gjörir búskapinn að sínu aðalstarfi, þá hlýtur bæði áhugi hans og kraptur að dragast frá hans eiginlega verki, og þá getur hann tæplega verið nýtur maður, sem kirkjunnar þjónn.

Jeg vildi taka þetta fram til að sýna, að jeg get að vissu leyti fallizt á höfuðatriðin í kenningu h. 2. þm. Eyf. (J. Jónss.), og að jeg álít skoðanir hans mjög eptirtektaverðar. En mjer finnst þó, að þeir annmarkar hljóti að verða á þessu í framkvæmdinni, að jeg álít að menn ættu að hugsa sig vel um fyrst, áður en menn hlaupa til að breyta þjóðkirkjunni á Íslandi þannig, að fækka prestum hennar um helming, eða enn þá meira. Ef kirkjan væri skilin við ríkið og rjeði sjer sjálf, þá mundi hún haga þessu eptir sínum kristilegu þörfum.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þessar almennu aths. við ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.), og út af orðum tveggja annara h. þm.; en af þeim ástæðum, sem jeg hefi bent á, og af því jeg álít að brýn nauðsyn sje á, að bæta úr þessum vandkvæðum, sem nefndarálitið til greinir, og sem hafa orðið mestmegnis

af ófyrirsjáanlegum orsökum, þá hneigist jeg að því að greiða atkv. með frumv.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Umr. um mál þetta hafa farið mjög á víð og dreif og stundum hefir mjer fundizt þær lítið koma málinu við, þótt þær hafi verið fróðlegar í marga staði. Það er hættulegur vegur að lækka afgjöldin af þeim brauðum, þar sem prestarnir hafa gengið að þeim vakandi, er þeir sóttu, en vilja svo fá breytingu á þeim síðarmeir. En nokkuð öðru máli er að gegna um Hólmaprestakallið. Þar hafði presturinn, er hann fjekk brauðið, ástæðu til að halda, að tekjur yrðu meiri en raun varð á, og eptirlaun uppgjafaprestsins mundu ekki hvíla á því. Af því leiðir að ástæða er til að gjalda úr landssjóði það, sem hann er búinn að greiða uppgjafaprestinum, með því að flestir munu ásáttir um það, að hann eigi ekki að taka eptirlaun sín af brauðinu. Hjer er nú ekki farið fram á svo mikið, heldur að eins nokkra ívilnun í því skyni. Jeg held því fram, að rjett sje eptir atvikum að aðhyllast frv. Ed. Jeg vildi biðja menn um, að láta málið ekki gjalda þess, að menn virðast vera orðnir leiðir á hinum löngu umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 2. gr. frumv. felld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Björn Sigfússon,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelss.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónsson, Eyf.
J. Jónss., þm. A.-S.	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þ. Guðmundsson,	Tr. Gunnarsson.
Þórð. Thoroddsen,	Valtýr Guðmundss.,
Þórh. Bjarnarson,	Þorl. Guðmundss.

Pjetur Jónsson var ekki viðstaddur. Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrár (C. 225); 2. umr.

Klemens Jónsson: Fundur hefir nú staðið lengi og skal jeg því vera stuttorður.

Við 1. umr. þessa máls stakk jeg upp á nefnd í það; því var neitað; en ef nefnd hefði verið sett þá, þá væri nú komið fram álit hennar og þar auðvitað lagaðir ýmsir af þeim göllum, sem á þessu frumv. eru, án þess málið væri tafið með því. En jeg efast stórlega um, að hægt sje að laga þessa galla nú.

Jeg efast um, hvort það er svo mikil þörf á nýjum lögum um undirbúning verðlagsskráa. Jeg veit reyndar, að sumir kvarta yfir því ástandi, sem nú er, einkum yfir því, að prestar virða of hátt, en hreppstjórar of lágt. En þetta frumv. bætir ekki úr því, því eptir frumv. eiga einmitt þessir sömu menn að semja verðlagsskrár ásamt þriðja manni, og jeg held því að ný lög um verðlagsskrár þurfi ekki þess vegna. Í frumv. eru þar að auki ýms atriði, sem jeg get ekki fellt mig við. Það stendur t. a. m., að skýrslan skuli lögð fram. Til hvers á skýrslan að liggja frammi? Það væri meining, ef skýrslurnar væru lagðar fram til leiðrjettingar, en hjer á bara að gjöra það til sýnis. Jeg hefði getað skilið það, ef hreppsbúar gætu komið fram með kvartanir yfir því, sem þeim virtist rangt. En það er ekki því að heilsa, skýrslurnar eiga bara að liggja frammi.

Þá er það annað, að sýslumenn eiga að senda skýrslurnar til stiptsyfirvald-

anna. Þetta finnst mjer nokkuð skrítið, því sýslumenn standa eigi undir stiptsyfirvöldunum, og eru yfir höfuð í engu sambandi við þau; auk þess fæ jeg ekki sjeð, að nein ástæða sje til að taka það starf af amtmanninum norðan og austan, sem hann hingað til hefir haft, og leggja það á stiptsyfirvöldin.

Þá er þriðja atriðið, að sýslumenn eiga að lesa upp verðlagsskrárnar á manntalsþingum. Lesa upp verðlagsskrár, sem löngu áður er búið að prenta í Stjórnartíðindunum og flestir þekkja! (*Þórður Guðm.*: Það er allt af gjört). Það kann að vera öðruvísi í suðuramtinu, en á norðurlandi er það ekki tíðkað.

Þessi 3 atriði eru að eins dæmi, sem jeg tek, en það er nóg til að sýna, að frumv. í engu tekur fram gildandi lögum, og þar sem lítil von er til þess, að frumv. verði lagað, þá verð jeg að greiða atkvæði móti því.

Björn Sigfússon: Mig furðar að heyra nú sterk mótmæli móti þessu frumv., sem í fyrra gekk mótmælalaust gegn um þessa deild og í ár hefir verið rækilega íhugað af h. efri deild.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að eigi væri þörf á þessum lögum. En mjer virðist þó að þörf sje á að laga ákvæði, sem margir eru óánægðir með og víða hafa komið bænir til þingsins um að laga. Eins og nú hagar til, er það hreinasta teningskast, hvort verðlagsskrárnar eru rjettar. Það hafa verið mjög óeðlilegar misfellur á verðlagsskrám að undanförnu og væri hægt að nefna dæmi, en því sleppi jeg, því allir menn þekkja til slíks. Jeg get með engu móti sjeð, að það sje skaðlegt, að 3 óvilhallir menn undirbúi verðlagsskrárnar, þvert á móti er með því fyrirkomulagi fengin allgóð trygging fyrir, að hið sanna og rjetta meðalverð sje jafnan tekið í þær; mjer finnst það liggja í augum uppi, að það er betra fyrirkomulag en það sem nú er.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) spurði, hvaða gagn væri að því, að skýrslurnar væru lagðar fram til sýnis. Í hinu upprunalega frumv. var þetta öðruvísi, þannig, að þessum þremur mönnum var gert það að skyldu að leita upplýsinga hjá hreppsbúum áður en þeir semdu skrárnar, en leggja þær svo fram á eptir. Raunar tel jeg heldur óheppilegra að þetta fjell úr frumv., en býst þó við, að það mundi verða svo í framkvæmdinni, að þriggjamannanefndin leitaði slíkra upplýsinga, t. d. á hausthreppaskilum. Það mun óefað heldur auka vandvirkni skýrslusemjendanna en draga úr henni, að þeir vita, að sveitarbúar geta með eigin augum sjeð, hvaða verð þeir hafa sett á hverja vörutegund, og ef einhver svo leiðir rök að því, að annað verð sje rjettara, mundu semjendur taka slíkt til greina. Annar kostur við framlagninguna er sá, að þegar hlutaðeigendur geta sjálfir sjeð, hvaða verð er í skýrslunum, þá getur tortryggnin um, að eitthvert of hátt eða óeðlilegt verð sje sett þar, ekki komizt að, og verð jeg að telja það mikilsvert að útrýma henni. Af þessu finnst mjer auðsætt, að það er alls eigi gagnslaust að leggja skýrslurnar fram til sýnis. Í efri deild hefir verið gjörð dálítil breyting á frumv., sem jeg felli mig ekki vel við, en þar sem sú breyting er ekki skaðleg, þá hefi jeg ekkert sjerlegt á móti henni. Þessi breyting er, að stiptsyfirvöldin staðfesti skýrslurnar í stað sýslumanna. Það er óþarft, en það er ekki skaðlegt. (*Guðl. Guðm.*: Sýslumenn hafa engin afskipti af biskupi). Mjer finnst þetta atriði þó ekki svo þýðingarmikið, að jeg vilji koma með breyt.till. við það; það gæti orðið til þess, að málið dagaði upp.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), fannst það ófært, að sýslumenn læsu upp verðlagsskrár á manntalsþingum; það get jeg ekki talið eptir þeim, enda gjöra það líka margir. Jeg álít það gott, að lesin sjeu upp að minnsta kosti aðalatriðin úr þeim; það eru tiltölulega fáir, sem hafa Stjórnartíðindin í höndum, og kemur því vel að fá vitneskju um þetta. Mjer fannst þessi aðfinning hans ekki vera á rökum byggð fremur en hinar, og vona því, að mótmæli hans hafi eigi svo mikil áhrif á deildina, að hún felli þetta frumv., sem hún var samdóma um í fyrra.

Þegar hjer var komið umræðunum var þeim frestað til kvöldfundar.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki (C. 341); hvernig ræða skuli.

Ein umræða samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 362); hvernig ræða skuli.

Ein umræða var samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um nýja skipun læknishjeraðanna (C. 364); hvernig ræða skuli.

Ein umræða var samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um ferðir landpóstanna (C. 68, 357, 359); hvernig ræða skuli.

Tvær umræður samþykktar.

Þá var fundi frestað til kl. 5. e. h.

Kl. 5 e. hád. var fundur aptur settur; allir á fundi nema 1. þm. N.-Múl. (Einar Jónsson), er hafði tjáð forföll. Var þá haldið áfram umræðunum um

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrá (C. 225); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta er ekkert stórmál og jeg játa, að hin gildandi ákvæði um samning verðlagsskráa eru ekki svo ófullkomin, að brýn þörf sje á þessum lögum. En þar er þó ýmislegt athugavert, svo ekki er nægileg ástæða til að fella frumv. þess vegna. Jeg játa, að mjer er ekki svo kunnugt um misfellur þær, sem orðið hafa á samningu skránna frá hálfu presta og hreppstjóra, en aptur á móti er mjer kunnugt, að eptir núgildandi lögum er lítt mögulegt að fara fyrir þá, sem eiga að semja verðlagsskrárnar; það er mikil reynsla fyrir því, að verðlagsskrárnar eru opt samdar eptir sjálfsettum reglum og þar af leiðandi verða opt rangar skýrslur, eins og við má búast, þegar grundvöllurinn er rangur. En eptir þessum lögum verður nú lagaheimild fyrir því, sem hingað til hefir verið ólöglegt.

Eptir núverandi lögum um verðlagsskrár á, eins og menn vita, ekki að leggja annað til grundvallar en hið faktiska verð. En það er ekki gott að vita um hið faktiska verð sumra vörutegunda í verðlagsskránum, sem alls ekki ganga kaupum og sölum. Enn fremur ráða opt sjerstök atriði, verðhækkun eða verðlækkun á sumum vörum, t. d. verðlag á uppboðum, og stundum skapast það verðlag af óeðlilegum ástæðum. Það á ekki við að leggja slíkt til grundvallar fyrir verðlagið, ef það er gjört, verða skrárnar rangar og verðið óeðlilegt. Enn fremur getur komið fram óeðlilegt verð við það, að kaupandi notar sjer neyð seljanda eða seljandi kaupanda, en nú er skylda að taka slíkt til greina. Eptir frumvarpinu geta menn matið vörur, sem ekki ganga kaupum og sölum, eða hafa fengið óeðlilegt verð. t. d. á uppboðum. Þetta er aðalkosturinn, sem frumv. hefir fram yfir gildandi lög. Jeg

hefi áður hjer í deildinni tekið fram dæmi upp á þetta, og vona, að menn skilji, hvað jeg meina og skal því láta þessi orð mín nægja hvað þetta atriði snertir.

Það er satt, að óánægjan yfir verðlagsskránum er að mestu leyti sprottin af vanþekkingu; vanalega þykja mönnum þær of háar. En þetta frumv. fer ekki fram á að gjöra þær lægri, og ef ætti að fá verðlagið lægra, þá þyrfti að breyta öllum grundvelli verðlagsskránna. Eptir þessu frv. á að sleppa ýmsum vörutegundum, sem ekki eiginlega eru vörur, en standa í verðlagsskránum, af því semjendur hafa vanið sig á og sumpart álitið skyldu til að fylgja hinu fasta formi, en sem hvergi ganga kaupum og sölum, t. d. sjóvetlingar, fjallagrös o. s. frv., sem hafa þær afleiðingar, að skapa ósatt verð. Eptir þessu frumv. gætu þær varla komið fyrir. Sumir vilja hafa þessar vörutegundir í verðlagsskránum, af því þær eru í lágu verði, og geta fært niður verðlagsskrárnar, því ef einhver vara er login inn, þá er hægt að láta hana ljúga niður. (*Forseti*: þingmanninum leyfist ekki að brúka svo sterk orð).

Galla þá, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fann á frumv., met jeg ekki mikils. Jeg get ekki sagt mikið um aðfinningar hans, enda voru þær harla lítilfjörlegar. Það er t. d. ómögulegt að kalla það galla, þó skýrslan verði lögð fram til sýnis. Til þess að þetta ákvæði hefði verulega þýðingu, þyrftu auðvitað hreppsmenn að geta gert athugasemdir og breytt; en það er líklegt, að, ef skýrslan verður lögð fram, þá verði verkið betur vandað af semjendum ef þeir eiga undir »krítik« almennings og enn fremur, að ef athugasemdum er gefið færi á að koma fram, væri líklegt, að semjendur mundu taka þær til greina, þó þeir auðvitað væru ekki skyldugir að gera það.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að sýslumenn hefðu engin sambönd við stiptsyfirvöldin. Það er ekki erfiðara að senda þeim það en amtmanni, og í suður- og vesturamtinu er amtmaðurinn einmitt annað stiptsyfirvaldið. Annars hefir það atriði litla þýðingu í sjálfu sjer og jeg hefði ekkert á móti að breyta því, en nú er áliðið þingið og naumur tími til þess að breyta frumv. Það gæti orðið til þess, að málið sofnaði í fjórða sinni.

Enn fremur talaði h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um, að það væri óeðlilegt, að sýslumenn læsu upp skýrslurnar á manntalsþingum. En í frumv. stendur ekkert um að lesa þær upp; þar stendur að eins, að sýslumenn eigi að birta þær og það má gera á annan hátt en með upplestri. Í minni sýslu er það venja, að sýslumaðurinn á manntalsþingum getur um meðalverð og úthlutar verðlagsskránum til hreppstjóranna. Mjer finnst því þetta líkt því sem nú er. Þó frumv. þetta feli ekki í sjer neinar sjerstakar framúrskarandi rjettarbætur, þá er það þó betra en ekki og jeg sje enga ástæðu fyrir deildina til að fella það og vona, að það verði samþykkt.

Klemens Jónsson: Jeg þarf ekki að svara h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) mörgum orðum, þar sem hann var samdóma mjer viðvíkjandi 2. fyrri atriðunum, sem jeg hafði á móti frumv., þótt hann sæi ekki þar fyrir ástæðu til að fella frumv.

Viðvíkjandi þriðja atriðinu, að sýslumenn birti verðlagsskrárnar á manntalsþingum, þá sje jeg ekkert sjerstakt á móti því, þótt jeg álíti það þýðingarlaust, að lesa þær upp, nema ef vera skyldi í fjærstu sýslunum, svo sem í Múlasýslunum, þar sem verðlagsskrárn-

ar, ef þetta frumv. verður að lögum, verða ekki komnar fyr en litlu fyrir manntalsþing í fyrsta lagi, en í nærsýslurnar verða þær komnar miklu fyr, og betur útbreiddar í blöðunum.

Viðvíkjandi ræðu h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) þá skal jeg geta þess, eins og lá í orðum mínum í dag, að þetta frumv. er sprottið af tortryggni til þeirra manna, sem semja verðlagsskrárnar, og hafi nokkur gengið að því gruflandi áður, þá hefir hann sannfærzt um að svo er af ræðu h. þingm. Strand. (Guðl. G.), þótt jeg verði að álíta það torsótt, að geta ímyndað sjer, að tortryggja þurfi þá menn, er semja verðlagsskrárnar, og jeg get ekki sjeð, að mikil breyting verði á samningu þeirra fyrir þessi lög. Jeg bið menn að athuga, að af þeim þremur mönnum, sem eiga að semja verðlagsskrárnar eptir þessu frumv., eru 2 hinir sömu og nú, nefnilega presturinn og formaður skattanefndarinnar eða sama sem hreppstjórinn, að viðbættum einum manni, svo verðlagsskrárnar verða alveg eins og áður. Hvernig á að kjósa þenna eina mann er ekki talað um, hvort hann á að vera kosinn til eins árs í senn eða æfilangt. Jeg ímynda mjer helzt, að hann muni eiga að kjósa til eins árs í senn.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) sagði, að samning verðlagsskránna mundi batna við þetta, því et menn greindi á, mætti taka meðaltalið. Væri því nú þannig varið, að semjendurnir mettu ekki rjett, gætu þeir eins gjört það fyrir því, þó taka ætti meðaltal, því þá væri ekki annað en setja tölurnar því hærra eða því lægra sem jöfnuðinum svaraði, þ. e. presturinn mundi hækka og hreppstjórinn lækka eins og áður, en þetta getur maður því að eins hugsað sjer, að maður haldi áfram þessari áköfu tortryggni til semjendanna.

Þar sem sami h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) sagði, að það væri mark þeirra og mið, sem semdu verðlagsskrárnar, að fylla út allar eyður, þá dett jeg hjer ofan á verðlagsskrá úr Rangárvallasýslu, og þar vantar þær vörur, sem ekki eru þar til sölu, svo sem ýmiskonar sjávarvarningur t. d. hvallýsi. Hið sama á sjer stað í verðlagsskrá Vestmannaeyjasýslu, að þar vantar ýmsar tegundir af landvöru, enn fremur vantar verð á óhreinsaðan æðardún í Barðastrandar- og Dalasýslum, og þetta bendir alls ekki á, að menn gjöri sjer far um, að fylla út allar eyður, heldur einmitt hið gagnstæða. Jeg álít því ástæðulaust, að gera mönnum getsakir í þessa átt.

Jeg álít ekki ástæðu til að tala um frumv. þetta frekara, en það vægasta, sem jeg get sagt um það, er, að mjer finnst það mikill gallagripur og mörg ákvæði í því einkisvirði. Verði það samþykkt nú, þá er það á ábyrgð deildarinnar, fyrst hún vildi ekki láta setja nefnd í málið, en jeg get ómögulega sjeð annað, en að það hefði mátt bíða, þangað til árið 1897, svo hægt hefði verið að gera það betur úr garði en það er nú.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn þeirra manna, sem vil mæla með þessu frumv. Jeg skal játa, að 2 h. þingm., sem talað hafa, hafa báðir rjett fyrir sjer, þótt þeir sjeu á gagnstæðri skoðun um málið í heild sinni. H. þingm. Strand. (Guðj. G.) hefir alveg rjett fyrir sjer, þar sem hann segir, að lagaákvæði þau, sem verðlagsskrárnar eru byggðar á, sjeu ekki sem hagkvæmust. Og á hinn bóginn þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) minntist á, að í Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslum væri sleppt, að

verðleggja ýmsar vörur í verðlagsskránum, sem ekki gengi kaupum og sölum í hreppnum, og er það rjett sagt, en það er ekki lögunum að þakka, sem vjer höfum, þó menn hafi neyðst til, að búa sjer til reglur eða víkja frá þeim, þar sem lögin sjálf eru ófullnægjandi, og sem er alveg nauðsynlegt, þegar svo stendur á. Jeg vona, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) verði að játa, að þegar menn geta ekki farið beint eptir lögunum, heldur fari utan við þau, þá sýni það, að menn sjeu óánægðir með þau, og að þau hafi ýmsa annmarka, svo menn neyðist til að víkja frá þeim. Þetta er auðvitað látið vera óátalið, þegar yfirvöldin sjá, að það er byggt á eðlilegum og sanngjörnum grundvelli, en þó getur verið, að aðrir finni að því, og vilji láta fara stranglega eptir lagabókstafnum, og verður þá hvað á móti öðru í framkvæmdinni.

Þetta frumv. bætir mjög mikið úr þessum annmarka, sem jeg álít mikilsvert. Jeg þarf ekki að rekja frumv., því það kemur fram í hverri greininni eptir aðra, að það er bót á lögum þeim, sem nú gilda. En þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fann að niðurlagi fyrstu greinar, þar sem talað er um, að verðlagsskráin skuli liggja frammi hreppsbúum til sýnis, þá játa jeg að það hafi ekki mikla þýðingu, nema að eins til þess, að menn fái að sjá, hvað þessi verðlagsskráarnefnd hreppsins setur verðið á hverju fyrir sig, en jeg sje ekki annað, en að það sje meinlaust, og að það tekur ekki að gera það frv. að fótakefli, þótt hreppsbúar fái að sjá þessa verðlagsskýrslu, það ætti að vera frjálst fram borið. En hvað snertir, að senda verðlagsskrárnar til stiptsyfirvaldanna, þá játa jeg, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafi rjett fyrir sjer, þar sem mjer finnst þetta ekki eðlilegur gangur, þá vil jeg gjarnan vera með, til að laga það til 3. umr. En af því tíminn er naumur, þá þykir mjer þó verra, að þurfa að breyta frumv., ef það skyldi olla því, að það næði ekki fyrir það að ganga fram á þessu þingi, því jeg álít talsverða rjettarbót í frumvarpinu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að halda neina ræðu í þessu máli, heldur að eins að lýsa því yfir, að þetta frumv. er eitthvert það óþarfasta og vitlausasta frumv., sem komið hefir frá h. efri deild, og ætla jeg mjer því, að greiða atkvæði bæði móti hverri einstakri grein þess og frumv. í heild sinni. (*Forseti*: Jeg áminni h. þingm. um, að hafa ekki slík orð um h. efri deild).

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þóttist heyra það á ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að mjer hefði ekki tekizt að gjöra honum skiljanleg orð mín. Hann talaði mikið um, hvað mikið jeg hefði gert að því, að tortryggja þá, sem semdu verðlagsskrárnar, en jeg tók það einmitt sterklega fram, að jeg tortryggði menn ekki, að jeg byggði ekkert á þeirri tortryggni, en lagði aðal-áherzluna á það, að lögin neyddu menn opt til að semja rangar skýrslur eða þeir þættust neyddir til þess. Jeg get að sönnu ekki sannað þetta hjer, en það er þó alveg satt fyrir því. Menn setja vöruna í verðlagsskrána þótt hún gangi aldrei kaupum eða sölum. Mjer þykir gaman að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) bendi mjer á eyður í verðlagsskrá Dalasýslu (*Klemens Jónsson:* Óhreinsaður dúnn). eða í Barðastrandarsýslu. Þar er engin eyða og ekki heldur í Strandasýslu, þótt auðvitað sje, að ekki gangi þar allar þær vörur kaupum og sölum, sem netndar eru í verðlagsskránum. Og þegar sjest, að svona er þessu varið í 3 sýslum landsins, þá sýnir þetta, að fleira eða færra er rangt í skýrslunum,

og það er af þeirri ástæðu, að menn þekkja ekki lögin, og halda að þeir verði að setja verð á hverja einustu vörutegund. Líklega bætist úr þessu með frekari upplýsingu, svo að menn hætti að verðleggja þær vörur, sem alls ekki eru seldar. Sumstaðar er jafnvel engin ástæða til að setja hest eða kú í verðlagsskrárnar, og á stundum eru jafnvel ekki nema fáir liðir, sem hægt er að segja með fullri vissu, að seldir hafi verið. Jeg hefi tekið mjer þá reglu, að setja að eins þá hluti, sem jeg vissi, að seldir hafa verið fyrir peninga, eins og lögin ákveða, og af því hefir þessi skýrsla opt verið eintómur pappírinn og vantað í hana allar helztu vörutegundirnar, og sjá þó allir, hversu óeðlilegt það er, að ull og smjör og ær og kýr sje ekki í skýrslunum. Jeg hefi skorað á sýslumanninn að segja mjer, hvort skýrslan væri röng eða ekki, og hefir hann sagt, að hún væri rjett að þessu leyti, sem jeg nú raunar vissi. En færi nú svo, að allir gjörðu þetta og slepptu úr öllum þeim vörutegundum, sem þeir gætu ekki sannað, að hefðu gengið kaupum og sölum, þá er jeg hræddur um, að yrðu töluverðar eyður í skýrslunum.

Í verðlagsskránum stendur og meðal annars verðlag á lambskinnum að vorlagi, og þó dæmi kunni að vera fyrir því, að þau sjeu seld fyrir peninga, þá held jeg þó, að það sje sjaldgæft, því vanalega fær kvennfólk þau og selur þau fyrir kram, og þannig er vörutegund þessi ranglega sett í verðlagsskránum. Þá er önnur skinnavara, og er jeg hræddur um, að nokkur slumpa-reikningur sje um verð á henni. Þannig sje jeg, að hjer stendur í verðlagsskránni 10 pund af nautskinni, 10 pund af hrossskinni og 10 pund af kýrskinni, hvert með sjerstöku verði, en jeg held, að ekki sje algengt, að selja þessar vörur með svo mismunandi verði, og sumar skinnategundir, t. d. selskinn, eru alls ekki seldar eptir vigt og vita því fáir með vissu, hvað 10 pund kosta í þeim. Af þessu leiðir, að verðlag vöru þessarar er sett í verðlagsskrárnar af handa hófi. Þá sjo jeg hjer, að skinn af 2 vetra sauðum eru reiknuð á kr. 8,22 fyrir 10 pund, og af 1 vetra sauðum kr. 6,28 fyrir 10 pund, en jeg held, að vanalegra sje að selja þessi skinn eptir stærð heldur en þyngd, og því síður eptir aldri kindanna eingöngu, með því ekki er hægt að sjá hann á skinnunum. Jeg held því, að ómögulegt sje að bera á móti því, að sumt í verðlagsskránum sje slumpareikningur, því jeg er sannfærður um, að menn slumpa opt á, hvað þessi eða önnur vara mundi kosta, en eptir lögunum eru þeir bundnir við það, hvað vörurnar hafa selzt. Af því segi jeg, að allar verðlagsskrár sjeu fullar af ósannindum, þegar menn fylla út alla liði, en mönnum finnst opt, að þeir verði að fylla allt út.

Enn fremur er það tekið fram um kýr t. d., hvað gamlar þær eru og hvenær þær bera, en svo láta menn sjer nægja, að setja það kýrverð, sem þeir þekkja, þó hún hafi ekki verið á því aldursstigi, . sem í verðlagsskránum stendur, nje borið á þeim tíma, og hvað er þetta annað en mat eða slumpareikningur. Menn láta sjer að eins nægja, ef kýrin er í leigufæru ástandi. Það eykur óvirðingu fyrir lögunum, að ala menn upp við svona ósanngjörn lög, að menn eru neyddir til að brjóta þau, en það eykur virðingu fyrir lögunum, að hafa þau lög, sem hægt er að fylgja, og frumv. þetta er þannig lagað, að hægt er að fylgja því, og því gef jeg því óhikað atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg gleymdi áðan, að taka fram einn kost, sem að mínu áliti er á þessu frumv., að eptir því eiga menn að vinna að því að búa til fyrstu skýrsluna til verðlagsskráa í sameiningu, í stað þess að menn að minnsta kosti í sumum sveitum vinna að henni sitt í hverju horni, og svo þegar þetta er borið saman, þá er hvað í móti öðru frá sama hreppi. Vilji presturinn hækka og hreppstjórinn lækka verðlagið, geta menn hugsað, að þeir kæri sig ekki um að vinna saman, en hjer er samvinnan sjálfsögð, ef þetta frumv. yrði að lögum, og það álít jeg mikinn kost.

Jeg þarf að víkja nokkrum orðum að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Mjer heyrðist hann taka nokkuð djúpt í árinni, en hann færði engar ástæður fyrir orðum sínum. (*Guðl. Guðm.*: Vilji þm. fá ástæður, er honum það velkomið), en jeg ætla nú ekki að fara lengra út í það.

Jeg vil minnast á það, að mjer finnst verðlagsskrárnar hafa of litla þýðingu, svo það er þessvegna naumast tilvinnandi að hafa mikið fyrir þessum lögum. Því það er farið að smeygja sjer inn í löggjöf vora að í ýmsu er farið utan við verðlagsskrána, og fátt af opinberum gjöldum, sem bundið er við hana í gjaldgreiðslunni, og þess vegna fara verðlagsskrárnar að verða nokkuð þýðingarlitlar. Það er athugavert, að verðlagsskrárnar ættu að hafa meiri þýðingu en þær hafa, en af því ekki liggur fyrir að ræða um það, ætla jeg ekki að fara um það mörgum orðum, en vil geta þess, að jeg er á þeirri skoðun, að verð hvers hundraðs á lifandi fje í verðlagsskránni ætti að vera 1. lausafjárhundrað til tíundar, en til þess þarf að breyta tíundarlögunum.

Jeg hefði óskað, að úr því verðlagsskrár eru tíðkaðar, að þær hefðu meiri þýðingu en þær hafa, bæði undir opinber gjöld og annað, sem jeg hefi að eins vikið á. Það er til dæmis sitt hvað landsvísuhundraðið í ám, eptir því hvar það er á landinu, því á einum stað getur það haft næstum helmingi meira gildi en á öðrum stað og svo er með fleira. Jeg álít því, að eins mikil nauðsyn væri að lagfæra þann ójöfnuð, sem í þessu er fólginn, þegar verðlagsskrárnar væru komnar í gott horf.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta mál, en af því verðlagsskrárnar eru þó nokkuð brúkaðar, þá er jeg meðmæltur þessu frv. því jeg álít, að það bæti mikið úr skák frá því sem er með undirbúning þeirra.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 15 : 2 atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 15 : 2 atkv.; 3 gr. frv. samþ. með 13 : 2 atkv.; 4. gr. frv. samþ. með 14 : 2 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 3 atkv.

Frumv. til laga um skrásetning skipa (C. 266); 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg gjöri ráð fyrir að eigi margir af h. þingdm. hafi haft tækifæri til að bera þennan lagabálk saman við gildandi lög um sama efni. Jeg hefi gjört mjer nokkurt far um það, og jeg sje ekki, að þetta frumv. sje í nokkru verulega betra en þau. Eina höfuðbreytingin er í niðurlagi fyrri hluta 4. gr., þar sem svo er kveðið á að hvert lögsagnarumdæmi í landinu skuli vera skrásetningarumdæmi fyrir sig, í stað þess sem nú eru þau að eins 6 á öllu landinu. Aðrar verulegar breytingar inniheldur frumv. ekki.

Jeg álít þessa breytingu í 4. gr. ekki til batnaðar, og eptir því sem jeg kemst

næst, er frumv. þetta uppsuða úr dönsku lagaboði, sem við nú eigum að njóta góðs af. En jeg fæ ekki sjeð, að gagnið sje svo mikið af því, að það svari kostnaði að greiða atkvæði hvorki með einstökum greinum þess nje frumv. í heild sinni.

Skúli Thoroddsen: Jeg get fyllilega tekið undir með h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að jeg álít þetta frv. allskostar óþarft. Frumv. þetta mun vera þannig til orðið, að í Danmörku eru nýkomin út lög um skrásetningu skipa, og samkvæmt reglu hinnar dönsku stjórnar að reyna að smeygja hjer inn sem flestum dönskum lögum, hefir hún sent oss frv. þetta.

Höfuðbreytingin á lögunum frá 25. júní 1869, sem hjer er farið fram á, er sú, að hvert lögsagnarumdæmi er gjört að sjerstöku skrásetningarumdæmi, og þessa breytingu tel jeg einmitt óheppilega, því að til þess að skrásetja skip þarf sjerstaka reikningsþekkingu, sem lögreglustjórar hafa ekki almennt til að bera; þeim myndi því breyting þessi allt annað en kærkomin. Hjer í Reykjavík, og víðar á skrásetningarstöðunum hjer á landi, veit jeg t. d. til þess, að skip hafa til skamms tíma að eins verið mæld eptir reglu II, en eigi eptir reglu I, og að það er fyrst á seinustu árum, að sumstaðar er farið að hafa fullkomnari regluna við mælinguna, og sje nú farið að leggja þennan starfa á alla lögreglustjóra landsins, þá efast jeg um, að skrásetningin fari allsstaðar í lagi, því að óvíst er, að þeir lögreglustjórar, sem nú eiga að fá þennan ábæti, hafi jafnan nálægt sjer reikningsglöggvan mann, sem geti verið þeim til aðstoðar. Sem sagt, jeg álít þetta frumv. til engra bóta, og enginn hefir gjört boð eptir því. Mjer sýnist því allra rjettast af deildinni að fella það, eða að láta að minnsta kosti íhuga það í nefnd.

Klemens Jónsson: Það getur verið að þetta sje ekkert stórmál, sem boð hafi verið gjört eptir, og að það sje ekki kærkomið þeim lögreglustjórum, sem hingað til hafa verið lausir við þá kvöð að skrásetja skip, en hins vegar má það vera kærkomið fyrir þá sem þurfa að láta skrásetja skip, en búa í fjarlægð við hina núverandi skrásetningarstaði.

Jeg vona að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) kannist við, að skrásetningin sje þó ekkert sjerlegt vandaverk, og að engu sje vissara að þeir lögreglustjórar, sem nú eru skyldir til að skrásetja skip, sjeu færari til þess en hinir, sem lausir hafa verið við það. Eins og kunnugt er, stendur skrásetning skipa hjer undir umsjón aðalskrásetningar skrifstofunnar í Danmörku, og því er eðlilegt, enda alveg nauðsynlegt, þótt stjórnin vilji hafa samræmi í löggjöfinni um skrásetning skipa hjer á landi og í Danmörk, og af því þessu er þannig háttað finnst mjer full ástæða til að samþykkja frv. þetta.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal bæta því við það sem jeg sagði áðan, að ættum vjer að fara að breyta skrásetningarlögunum, þá ætti það að vera í þá átt, að hjer á landi væri stofnuð alveg sjerstök og sjálfstæð aðal-skrásetningarskrifstofa t. d. í sambandi við landshöfðingjadæmið, því að það er mjög óviðfeldið, að öll skrásetningaskjöl, hvaðan af landi sem er, skuli verða að sendast fyrst til landshöfðingja, og frá honum til aðal-skrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn; þennan krók ætti að spara, því að hann leiðir til þess, að skipaeigendur, sem þurfa að láta mæla og skrásetja skip sín, geta

ekki fengið full heimildarskjöl, fyr en eptir marga mánuði.

Jón Jensson: Jeg legg til, að 3 manna nefnd sje skipuð í málið.

Nefndarkosning samþykkt með 15 atkv. Kosningu hlutu:

Klemens Jónsson	með 14	atkv.
Skúli Thoroddsen	— 12	—

og við endurkosning

Jón Jensson	— 13	—

Umræðunni frestað.

Tillaga til þingsályktunar um fjárhald landssjóðskirkna (C. 279); ein umr.

Halldór Daníelsson: H. Ed. hefir að eins gjört leiðrjetting á tilvitnuninni til laga þeirra er tillagan byggist á. Þegar tillagan fór hjeðan úr deildinni, var í henni vitnað til laga frá 27. febr. 1880; var það athugaleysi mínu að kenna, en einsog tillagan er nú, er vitnað í lög 12. maí 1882, um að söfnuðir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna; þetta má skoða sem nauðsynlega leiðrjetting. Í þessu er öll sú breyting fólgin, sem h. Ed. hefir gjört á tillögunni, og vona jeg, að hún verði samþykkt eins fyrir hana.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Fertugasti fundur, laugardaginn 17. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um að kaupa bændahlutann í Brjámslæk í Barðastrandarprófastsdæmi (C. 284); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 371, 385, 399); 3. umr.

Skúli Thoroddsen: Það kann að þykja undarlegt, að jeg og nokkrir aðrir þm. komum fram með breyt.till. í þá átt, að fella burt ákvæði, sem hjer í deildinni var skotið inn í frumv. við 2. umr. En svo er mál með vexti, að orðið »einir« í 5. gr., það ákvæði, sem sett var hjer inn við 2. umr., mun ekki ná samþ. Ed., og þetta verður þá til þess, að frumv. kemst ekki fram á þessu þingi. Og þó að Ed. samþ. það, mun það verða frumv. til falls, þegar til stjórnarinnar kemur. Því að stjórninni mun þykja það stíft farið í sakirnar, að þeir sem útskrifast af lagaskólanum sjeu svo rjettháir, að lögfræðingar frá Kaupmannahafnar háskóla geti ekki fengið embætti hjer á landi, nema þeir hafi tekið próf á lagaskólanum. Jeg held líka, að við getum sætt okkur við það, þó að þetta ákvæði verði ekki lögleitt strax; það kemur svo að sjálfsögðu, þegar lagaskólinn hefir staðið hjer nokkur ár. Fyrst er að fá lagaskólann á laggirnar, og þegar hann er fenginn, mun auðveldara að lagfæra það í hendi sjer, sem vant er bóta.

Og jeg skal enn fremur benda á það, að frumv. er nú, eins og h. Ed. skildi við það, í betra formi en það hefir verið nokkurn tíma áður á þingi, og því er leitt, ef þessi fleygur verður því til falls, þegar meiri líkur eru fyrir því, að það nái staðfestingu en nokkru sinni hefir verið áður.

Vegna þessa ímynda jeg mjer, að sumir h. þm., sem greiddu atkv. með þessu orði »einir« við 2. umr., og sem ekki hafa þá hugsað út í, hvaða afleiðingar það kynni að hafa, muni nú við nánari yfirvegun geta orðið oss samþ. um, að kippa frumv. í það form, sem það fjekk hjá Ed. Tvær aðrar breyt.-till. sem við flytjum, eru orðabreytingar, sem miða til þess að gefa frumv. sama form sem það kom í frá Ed., svo að

ef deildin samþ. þær, þarí málið ekki að koma til Ed. aptur, en verður í dag afgreitt sem lög frá þinginu.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vildi jeg ætti mjer eina ósk: Að vera nú kandídat í lögum með »láði« og þrítugur að aldri; þá hefði jeg beina braut að kennarastöðunni við lagaskólann, og áreiðanlega hvíld og nóg laun í 10—15 ár. Jeg verð aptur að taka það sterklega fram, að eptir því sem horfurnar eru nú, er útlit fyrir, að ekki nokkur lifandi sál gangi á þennan lagaskóla undir því ástandi, sem nú er, með stúdentastrauminn til Khafnar, og sjeu ekki skýr og ströng ákvæði um forgangsrjett lagaskólakandídatanna til embætta, eins og sett var í frumv. við 2. umr. Þetta hefir verið margsagt og jeg átti því von á að ræðumaðurinn, sem settist (Sk. Th.), hefði reynt að hrekja þessa mótbáru með ástæðum. Maður mætti þó vænta þess, að þing, sem hefir ekki úr meiru að spila, vildi ekki fara að kasta stórfje í »íde«, loptsjón, skóla án nemenda! Þorir nokkur einasti að mótmæla því að meðan til eru kandídatar í lögum frá Kaupmannahöfn, komist aðrir ekki að embættum hjer.

Því miður verð jeg að telja óframkvæmilegt þetta ákvæði, eins og það nú er orðað, að jafnskjótt og skólinn er stofnaður skuli þeir einir, sem útskrifast úr lagaskólanum, fá embætti hjer á landi; jeg get ekki hugsað mjer að stjórnin gangi að því, og þess vegna hneigist jeg heldur, ef til skólastofnunar á að koma, að breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) á þingskj. 399, að láta nokkurn tíma líða áður en þetta kemst á, eða hjer um bil þangað til að laganemendur, sem nú eru við háskólann, hafa lokið sjer af; hitt ákvæðið, sem útilokaði þá jafnskjótt og lagaskólinn væri stofnaður væri órjettlátt gagnvart þeim.

Jeg veit að lagaskóli er nauðsynlegur, en svona frumv., eins og það kom úr Ed., skapar engan »skóla«, fjenu er alveg kastað á glæ, því að annað hefst ekki upp úr þessu, en að 2 menn eru settir á há laun, og niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík fær 2 góða gjaldendur að leggja á.

Skúli Thoroddsen: Hún var sannarlega undarleg þessi ræða h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), undarleg að því leyti, hve hann skoðar málið frá »materiellu« sjónarmiði. Hann spáir því fyrst, að engir muni ganga á lagaskólann og byggir það á því, að svo margir muni fara til Kaupmannahafnar. En þrátt fyrir það, þó að straumurinn gangi nú til Khafnar, get jeg ekki ímyndað mjer, að enginn muni ganga á lagaskólann. Við vitum, að margir sjá sjer ekki fært, fátæktar vegna, að fara til háskólans, sem annars hefðu hug á að stúdera lög; það mundu ef til vill einkum verða hinir fátækari, sem gengju á lagaskólann í fyrstunni, en maður getur þó einnig gert ráð fyrir, að ýmsir efnamanna synir mundu áður langt um líði láta sjer nægja að fara á lagaskólann; vjer höfum í því efni dæmið fyrir oss, læknaskólann; hvernig fór um hann? Og jeg ímynda mjer, að svipað muni verða með lagaskólann.

En hvað sem því líður, þá er hjer að tala um princip, sem þingið hefir haldið föstu og barizt fyrir í 50 ár. Alþingi hefir í 50 ár verið að berjast fyrir að fá komið hjer á lagaskóla, ekki eingöngu vegna lögfræðingaembættanna, heldur engu síður og sjerstaklega til þess, að fá lög okkar rannsökuð, en slík rannsókn laga vorra er einkar nauðsynleg, ekki að eins vegna dómstólanna, sem eptir lögunum eiga að dæma, heldur líka fyrir alþing, til að byggja á. Því að nú sem stendur má heita mesta óvissa um það, hvað

sjeu hjer á landi gildandi lög, og hvað ekki; og þetta atriði er svo mikilvægt, að það eitt er nægilegt til þess, að fella mótbárur h. þm. Borgf. (Þ. B.) (*Þórh. Bj.*: En ef enginn lærir, hvað þá?). Það er þegar hrakið, að enginn gangi á þennan skóla. En þó svo væri, að hann stæði auður dálítinn tíma, þá er ekki svo mikið í húfi, með því að veita má öðrum en embættismannaefnum heimild til að hlýða fyrirlestrum, og kennarar skólans hafa ærinn starfa að rannsaka löggjöf vora; og þegar lagaskólinn er kominn á fót, og verði sú raunin á, að fáir noti skólann, þá er hægra að koma því við, að fá lögunum breytt í þá átt, að rjettur þeirra sem á skólann ganga sje sem bezt tryggður. En viljum við fá því máli framgengt, sem þingið hefir barizt fyrir í 50 ár, árangurslaust, þá verðum við að fara hyggilega að ráði okkar, og ekki setja inn í það fleyga, sem auðsjáanlega verða málinu til falls, þegar til stjórnarinnar kemur.

Jens Pálsson: Þessi breyt.till. mín, sem hjer liggur fyrir, fer í sömu átt og sú sem jeg flutti um daginn, og fjell, fremur af slysi, en af því, að þingdm. væru sannfærðir um, að hún væri óheppileg. Breyt.till. gekk út á, að burtfararpróf við lagaskólann skyldi, er hann hefði staðið í 5 ár, vera skilyrði fyrir aðgangi til embætta hjer á landi. Fimm ára ákvæðið þótti mjer nauðsynlegt, til þess að hliðra til við þá sem af háskólanum eru þegar útskrifaðir eða útskrifast næstu árin. En úr því að sú breyt.till. liggur ekki fyrir, skal jeg ekki ræða lengur um hana; það er ekki til neins.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafði það upp eptir h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að engin von væri til, að nokkur maður gengi á lagaskólann, af því að svo fýsilegt væri að fara til Khafnar. Þetta get jeg fyllilega undirskrifað, og allt annað í hans ræðu. Jeg skal að eins bæta því við, að framvegis verður um svo eða svo langan tíma engin ástæða fyrir menn til að ganga á skólann, af því að þeir mundu verða um langan tíma vonlausir um að fá embætti.

Hin júridisku embætti eru fá, það er sannað að viðkoman er tæplega 1 á ári. Þar sem ekki er þörf á fleirum, og engin von til að hinum juridisku embættum verði fjölgað að mun, þá sjá allir, hve girnilegt það er, að ganga á skólann, meðan ekki er hept sú stefna, sem hingað til hefir verið ríkjandi: að streyma til Khafnar. Allir sjá hve vonlaust er, að ganga á þennan skóla, og jeg get ekki hugsað mjer, að þeir sem um embætti hugsa, geti með heilbrigðri skynsemi gengið á hann.

Það er engan veginn rjett, að bera hann saman við læknaskólann, slíkt þolir engan samjöfnuð; læknaembættum hefir verið fjölgað stórlega um undanfarin ár, og verður fjölgað framvegis, til að taka við nýrri viðkomu. En samt sem áður er nú aðsóknin að læknaskólanum í nokkurri hættu vegna þess, að kandídatar frá K.höfn munu, eptir því sem þeim fjölgar, taka öll hin betri embættin. Eigi að síður mun nokkur aðsókn geta haldizt að læknaskólanum, meðan verið er að fjölga að mun læknadæmunum; en um það hafa ekki verið skiptar skoðanir, að þeim þurfi að fjölga. Aptur á móti hafa sterkar raddir heyrzt fyrir því, að fækka sýslumönnum; engin þörf t. d. á að hafa Vestmannaeyjar sjerstaka sýslu, og fellst jeg fyllilega á það.

Nú, gegn þessu hefir engin ástæða verið flutt, af þeim sem halda fram frumv. Ed. En þeir hafa haldið því fram, að þeir sem útskrifast frá há-

skólanum hafi enga þekking í specielt íslenzkri löggjöf, íslenskri lögfræði, fengju enga kennslu í þessari grein, enga specielt íslenzka lagafræðslu; það er aðalástæðan. Enn hefir það verið sagt, að cand. júr. frá háskólanum hafi ekki vit á framkvæmd hinna algengustu rjettarstarfa, er sýslumenn þurfa að gera, þekki ekki rjettarhöld, kunni ekki að skrifa stefnur, skipta búi, o. s. frv.; kunni í fyrstu ekkert til margra starfa, sem hver einasti starfandi lögfræðingur verður að sinna svo að segja daglega. Nú, ef þessir menn eru svona illa að sjer í þessu sem þeir þurfa að kunna, þá spyr jeg: Er ekki eðlilegt, að þeir, sem eru betur að sjer í þessu, sem hver lögfræðingur þarf að kunna, gangi fyrir þeim, er ekki hafa þessa þekkingu, þeir sem hafa þessa nauðsynlegu kunnáttu gangi á undan þeim, sem ekki hafa hana?

Þess vegna er það ekki neitt óeðlilegt, sem farið er fram á með þessari breyt.till., heldur eðlilegt, að þeir sem af lagaskólanum koma hafi forrjettindi fyrir þeim, sem miður kunna til þess, er þeir eiga að starfa — sjerstaklega af því, að íslenzk löggjöf er að fjarlægjast hina dönsku.

Jeg sje því ekki annað en það sem h. flutningsm. (Sk. Th.) færði sem sterkasta ástæðu fyrir að stofna lagaskóla, sje einnig mjög sterk ástæða fyrir því, að veita kandídötum af hinum væntanlega íslenzka lagaskóla forgangsrjett til embætta hjer á landi.

Valtýr Guðmundsson: Jeg reyndi við 2. umr. að sýna fram á, hvað þessi lagaskólastofnun yrði dýr fyrir landið. Jeg sýndi, að skólinn, ef nokkur mynd ætti að vera á honum, mundi kosta 13,000 kr. árlega. Þessi reikningur hefir ekki ennþá verið hrakinn. En reynslan sýnir, að landið þarf að eins einn kandidat á ári. Jeg hefi talið þetta saman fyrir þessa öld, og reynslan sýnir að embættisáratala lögfræðinga er að meðaltali 29½, og þar sem lögfræðingaembættin eru 28, þarf þannig tæplega 1 kandídat á ári. Jeg sýndi líka fram á, að það er dýrara, að stunda nám sitt hjer en í Kaupmannahöfn. Nú hefir þar að auki verið sýnt fram á það, að ef það stendur að eins í frv., að menn hafi aðgang að skólanum, en hafi engin rjettindi fram yfir Hafnarkandídata til embætta, þá muni engin aðsókn verða að skólanum. Jeg kom með þennan útreikning til að reyna að koma mönnum í skilning um, hve mikinn kostnað slík stofnun hefði í för með sjer, því jeg hygg að menn hafi ekki athugað það nægilega. En að öðru leyti skal jeg láta málið hlutlaust, þótt mjer þyki það ekki viturlega stofnað eptir efnahag vorum. Jeg ætla, eins og einn h. þm. komst að orði um annað mál hjerna um daginn, að lofa h. deild «að springa á vitleysunni«. Ef lagaskólinn á að vera í nokkru lagi, þá þarf námstíminn að vera 6 ár, og eins og jeg hefi áður bent á, er námið dýrara hjer.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, að það væri mjög nauðsynlegt að fá lög vor rannsökuð. En til þess þarf ekki 13.000 kr. árlega, það er nægilegt að veita manni 2—3000 kr. styrk á ári til þess. En fyrir mann, sem stundar íslenzk lög, er opinn vegur sem kennari í þeim í Höfn. Það er ennfremur varla hægt, að nema hjer íslenzk lög til hlítar, en þar hefir maður öll tæki til þess, enda eru söfnin í Khöfn nauðsynleg hverjum þeim, er það vill gjöra. Að þessu gæta menn ekki vel, þegar menn tala um þetta fyrirtæki. Það var sagt hjer fyrir nokkru, að ef menn kæmu heim af þingi og segðu að miklu fje hefði verið varið til samgöngubóta, þá mundi mönnum þykja það gleði-

fregn. En ætli mönunm þætti það gleðifjettir, að okkur hefði ekki fundizt við geta skilizt við þetta þing nema með því að bæta við nýjum lögfræðinga embættum, dýrustu embættunum, upp á 20,000 kr. árlega, nefnilega með lagaskólafrumvarpinu og frumvarpinu um afnám hæstarjettar. Og svo voru menn að fjasa um, hve mikið fje gengi til eimskipsins, og þótti allt of gífurlegt að veita þá fjárupphæð, er til þess gengi. En hjer er ekki að tala um slíkt. Og þó er hjer í rauninni að ræða um miklu meira fjárframlag, 20 þús. kr. á ári um aldur og æfi, en árlegir vextir af því fje, sem farið var fram á að veita til eimskipskaupa, eru þó ekki nema 14 þús. kr. Jeg hefi skrifað undir þá breytt., sem fer í þá átt að kippa burt orðinu «einir» o. s. frv. Þó jeg sje á móti málinu í heild sinni, þá vil jeg þó koma ærlega fram; jeg vil ekki setja þau ákvæði í það, að kandídatar frá Khöfn hafi engan embættisrjett hjer; því það mun stjórnin aldrei staðfesta. Annars vísa jeg allri ábyrgð á þessu máli frá mjer. Jeg skaut því til lögfræðinganna hjer, hvort þeir álitu sig ómögulega sem íslenzka embættismenn, þó þeir að eins hefðu tekið próf í Khöfn. Jeg hefi ekki fengið svar upp á þessa spurningu mína. Líklegast geta þeir fljótlega sett sig inn í íslenzk lög, jeg veit að það er ekki svo erfitt, íslenzk löggjöf er ekki svo yfirgripsmikil. (*Guðl. Guðm.*: Hvernig veit h. þm. það?) Þó jeg sje ekki lögfræðingur, þá þekki jeg þó svo mikið til laga. Það er helber óþarfi að stofna lagaskóla til að fá lög vor rannsökuð; ef þingið telur það áríðandi, þá er ekki annað en veita fje til þess. En það mun varla vera meiningin, eptir því að dæma, að við fjárlögin komu margar breyttill. fram um það, að fella burt styrkinn, sem stjórnin stakk upp á að veita til að stunda íslenzk lög, og nú hefir líka fjárlaganefndin í efri deild stungið upp á að fella hann burt. Í þessu máli berjast menn meira fyrir hugsjónirnni, en að menn íhugi málið fullkomlega.

Forseti gat þess að hann skoðaði Sk. Th. sem framsögumann í málinu og gæfi honum því orðið enn.

Skúli Thoroddsen: Samkvæmt leyfi h. forseta vil jeg svara h. þm. Vestm. (Valt. G.) fáum orðum. Hann sagði, að nám væri dýrara hjer en í Kaupmannahöfn. Því mótmæli jeg algjörlega. Hann gjörði mikið úr styrk þeim, sem menn hafa þar, en gætti ekki að því, að þeir sem stunda nám þar, geta fæstir innunnið sjer neitt, sem teljandi sje, en hjer geta þeir þó unnið talsvert um sumartímann. Jeg get og ekki skilið í, að námstíminn hjer þurfi að vera 6 ár; jeg skil ekki, að hann þyrfti að vera lengri en 4 ár. Jeg tók sjálfur próf í Khöfn eptir 4½ ár, eða rjettara sagt eptir 3½ ár, þegar þess er gætt, að jeg notaði fyrsta árið að mestu leyti til heimspekinnar. Reyndar veit jeg það vel, að sumir eru 6 ár og lengur við laganám þar, en við það má ekki miða. Kynlegt var það og í ræðu þingmannsins, að hann vildi veita 2—3000 kr. styrk manni, sem stundaði íslenzk lög. En því má þá sá maður ekki halda fyrirlestra? Í frumvarpinu er það einmitt tekið fram, að aðrir en stúdentar geti líka fengið að hlýða á fyrirlestra, og það getur haft mikla þýðingu. H. þm. Dal. (J. P.) gjörði mikið úr því, að ef stofnun þessi kæmist á, mundi verða mikill fjöldi embættislausra lögfræðinga. En þeir verða heldur ekki allir embættismenn, sem taka próf við prestaskólann eða læknaskólann; það eru sumir þeirra embættislausir alla æfi; og jeg álít, að það sje ekki nema gott að fá lögfræðiskandídata, þó þeir ekki fái

embætti, því jeg hefi þá skoðun, að þeir hafi alltaf í lífinu mikið gagn af laganámi sínu. H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um hinn mikla kostnað, sem leiddi af afnámi hæstarjettar og stofnun lagaskólans. Það er auðvitað, að tiltölulega verður okkar litla þjóð að borga meira fyrir embættismenn sína en aðrar þjóðir, en úr því við Íslendingar viljum skoða okkur sem sjerstaka þjóð, þá verðum við líka að bera afleiðingarnar af því.

Þar að auki eru það ekki hollar skoðanir, sem menn drekka í sig í Khöfn. Einkum held jeg, að stúdentar frá seinni árum, þegar hinar miklu pólitisku deilur hafa geysað þar, hafi ekki allir komizt ósmittaðir út úr þeim eldi. Það er hollara, að ala sjálfir upp sína embættismenn en fá þá frá Kaupmh., og mun betra að senda þá til annara landa á eptir, Þýzkalands eða Englands t. d. Í Þýzkalandi er betri fræðslu að fá í almennri lögfræði, en í Danmörku, enda mun h. þm. Vestm. (V. G.) vera mjer samdóma um það, að mikið af almennri lögfræðisþekkingu þeirri, sem í Kaupmannahöfn er kennd, er ekki annað en upptugga af þýzkum fræðibókum.

H. þm. Vestm. (V. G.) vildi fá svar upp á það, hvort lögfræðingar frá Höfn álitu sjálfa sig svo illa að sjer, að þeir væru ekki færir um að gegna embættum hjer. Eptir þeim kröfum, sem gjörðar eru nú, eru þeir ekki ófærir um það, því það eru engar aðrar kröfur gjörðar, en að þekkja dönsk lög. Og það tekur ekki langan tíma að setja sig inn í íslenzk lög um hjeraðastjórn, tollmál, o. s. frv. En öll hin eldri löggjöf vor er órannsökuð, og því eru nú sem stendur dönsk lög notuð, þar sem óvissa er á íslenzkum lögum. Jeg vil að endingu leggja deildinni það á hjarta, að sje henni það áhugamál, að fá frumvarpið löggilt, og gefa stjórninni ekki tæki á að synja því í 18. skipti, þá verður að taka burtu ákvæðin um forgangsrjett lögfræðinga þeirra, sem próf taka við lagaskólann, því að það getur hver sagt sjer það sjálfur, að stjórnin muni að öðrum kosti hafna frumv.

Þórður Guðmundsson: Jeg var við 2. umr. með þeirri breytingu að lögfræðingar, sem tekið hefðu próf við þennan skóla, gætu einir fengið embætti á Íslandi. En eptir nákvæma íhugun gat mjer ekki dulizt það, að þetta gæti haft mjög skaðleg áhrif á málið og orðið til þess að stjórnin neitaði því staðfestingur, og hefir h. þm. Vestm. (V. G.) skýrt tekið fram þau atriði. Jeg skal ekki þrátta um það, hvort það er lífsspursmál að fá lagaskóla, en þetta mál hefir nú í 50 ár verið á dagskrá og hvaða meining er í því, að í fyrsta sinni, sem það er líklegt að stjórnin gangi að þessum lögum, þá að setja inn í þau ákvæði, sem hún ekki getur gengið að, nefnilega að svipta lögfræðinga frá Kaupmannahöfn rjetti til embætta hjer á landi? Jeg held nærri því það væri betra að fella frumvarpið, en láta það vera svona. Stjórnin mundi þykjast hafa bundnar hendur, ef hún ekki mætti nota lögfræðinga frá Khöfn til þessara embætta, ef þeir væru nýtir og duglegir menn, enda væri það líka hart fyrir þá. Jeg get ekki betur sjeð, en það væri að svipta landið mörgum nytsömum og uppbyggilegum mönnum. Ef það reyndist í framkvæmdinni að lögfræðingar frá Reykjavík yrði að víkja fyrir kandídötum frá Kaupmannahöfn, þá mætti breyta lögunum í þá átt, er þörf gjörist, á sínum tíma. Jeg tek það aptur fram, að jeg vildi heldur óska, að mál

þetta hefði verið fellt frá 1. umr en að það gangi í gegn með þessum breytingum.

Þórhallur Bjarnarson: Enginn af þeim, sem talað hafa fyrir lagaskóla, hefir vogað að halda því fram af nokkurri alvöru að nemendur mundu koma á skólann með því ástandi, sem nú er. Og samt á að stofna þennan skóla! H. þm. Dal. (J. P.) lýsti ánægju sinni yfir því nýlega, að þingið væri farið að taka praktiska stefnu í þjóðmálum. Þá tók jeg undir þetta með honum í huganum, en nú verð jeg að fara að efast um það. Nú er verið að kippa burt því ákvæði, sem gæti gjört þessa stofnun að skóla, því skóli er því að eins skóli að þar sjeu bæði kennarar og nemendur. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) bar læknaskólann saman við þennan skóla. En læknaskólinn var stofnaður af því nægir læknar voru ekki til í embættin, nú er allt fullt af júridiskum kandídötum og stúdentum. Svo stendur og allt öðruvísi á með læknaskólann og prestaskólann. Þeir skólar eru sóttir af því að embættin eru svo lágt launuð. Væru laun læknanna um og yfir 3000 kr. skyldum vjer sjá, hvað margir færu á læknaskólann, án lögskipaðra forrjettinda.

Jeg vissi það vel, að fleiri en laganemendur ættu að eiga kost á að hlýða á fyrirlestra; en mundi það verða notað? Aldrei hefir borið á því að menn notuðu sjer það leyfi, sem er til slíks á prestaskólanum og læknaskólanum. Það væri eflaust gott að hafa menn utan embætta með lagaþekkingu, en á þingið að vera að kasta fje til þess? Það heldur fullfast á fjenu til embættismannaefnanna og mundi því enn síður vilja leggja fje til laganáms út í loptið.

Ef svona lagaskóli eins og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og fleiri hugsa sjer kæmist á hjer, þá getur það ef til vill skeð með ríkulegum námsstyrk og stuttum námstíma að einhver einn eða svo kynni að villast út á þá braut (Hlátur). En það væri hreinasti glapstigur fyrir þann vesalings mann. Kandídatar frá Khöfn væru teknir fram yfir hann endalaust; og hann yrði að bíða minnsta kosti 20 ár eptir embætti; ef hann væri heppinn, gæti hann komizt svo hátt að verða skrifari hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að lögfræðiskandídatar gætu tekið svo margt annað fyrir sig í lífinu en vera embættismenn, og svo er alltítt erlendis, þar sem um margt er að velja, en jeg veit ekki til að lögfræðiskandídatar hafi tekið annað fyrir sig hjer heima.

Jeg skil vel ástæður h. þm. Vestm. (V. G.). Sá er munur á okkur, að hann er «principielt» móti lagaskóla, en jeg að eins á móti honum eins og nú á stendur, og í þeirri mynd, sem haldið er fram, sem bakar landinu svo óþarflega mikinn kostnað. Sje hægt að takmarka «siglingarnar» eða gefa innlendum námsmönnum bein forrjettindi, getur lagaskóli þrifizt, og eins og málið nú horfir við legg jeg alla áherzlu á það, að lögin færi þannig frá þinginu, að með þeim fáist, verði þau samþykkt, virkilegur skóli, en ekki bara 2 hálaunaðir embættismenn.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla mjer eigi að blanda mjer mikið í þessi skólamál, enda kynni það að virðast kynlegt, þar sem jeg er ekki skólamaður. En jeg get þó ekki stillt mig um, að láta í ljósi undrun yfir því, að þegar h. efri deild hefir í einu hljóði samþykkt þetta frumvarp, að ýmsum h. mönnum í þessari deild skuli þá vera drumbs um það.

Mjer finnst þessi fyrirhugaða stofnun, lagaskólinn, hafa eins mikil lífsskilyrði

eins og hinar aðrar skólastofnanir hjer á landi, læknaskólinn og prestaskólinn, því hægra er að kenna hjer lögfræði en jafnvel guðfræði og sjerstaklega læknisfræði. Það hefir jafnan vakað fyrir mjer, að sjálfsagt væri að hafa hjer innlenda lagakennslu, og jeg sje enga verulega hættu á því, sem h. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tók fram, að skólinn mundi verða tómur, og það þó skilyrðið sje fellt. Jeg álít heppilegra að hafa skilyrðið eptir nokkur ár, en þá mun það koma af sjálfu sjer. Jeg vil fara ísmeygilega við stjórnina, og jeg skil ekki annað en að þeir, sem í öðru enn þýðingarmeira máli hjer um daginn vildu láta leita samkomulags við stjórnina, komist í mótsögn við sjálfa sig með því að setja í frumvarpið ákvæði, sem stjórnin ekki gengur að.

Jeg vil helzt engar breytingar á frv., þar sem þá er örðugt, að málið geti komizt í gegn um þingið, og jeg er vel ánægður með frumv., jafnvel þótt verið geti, að setja hefði mátt góð skilyrði til tryggingar.

Ef frumv. kemst ekki án breytinga til h. efri deildar aptur, þá hallast jeg helzt að breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) og hefi jeg ljeð nafn mitt undir hana til þess hún komist undir atkvæði. Og gefi jeg atkvæði með henni, geri jeg það af því, að jeg held, að hún sje líklegri að komast gegn um h. efri deild, því mjer finnst breyt.till. þessi í alla staði eðlilegri. Menn hafa verið að spá um það, hvort breytingar þær, sem þessi deild gerði á frumv. við 2. umr., mundu geðjast stjórninni og finnst mjer því heppilegt að fá svar hæstv. landshöfðingja um það, hvort ákvæðið í 5. grein mundi heldur spilla eða bæta fyrir staðfestingu frumv. frá stjórnarinnar hendi. Auðvitað geri jeg ekki ráð fyrir, að hæstv. landshöfðingi gefi of góðar vonir um staðfesting frumv. hvort sem er, en vonast til að hann svari þessari spurningu.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla að gera fáeinar athugasemdir út af ræðu h. þm. Ísf. (Sk. Th.), þar sem hann sagði, að lögfræðisnámið hjer á landi hlyti að verða kostnaðarminna en í Kaupmannahöfn, því menn gætu unnið fyrir sjer hjer á sumrin, en jeg get sagt honum aptur á móti, að menn geta unnið sjer inn allt árið í Kaupmannahöfn. Jeg get tekið til dæmis sjálfan mig, því jeg gerði það þar á öllum stúdentsárum mínum og fjekk ekki eins eyris styrk frá Íslandi. Þetta sýnir, að menn geta að minnsta kosti unnið sjer eins mikið inn þar og hjer.

Sami h. þm. (Sk. Th.) sagði, að menn gætu tekið lögfræðispróf í Kaupmannahöfn á 4—3½ ári, og tók þar dæmið af sjálfum sjer, en jeg álít ekki rjett að miða við það lægsta, því sumir stúdentar eru við lögfræðisnám í 8 til 9 ár, heldur ætti að taka meðaltalið og mun láta nærri, að það verði 5½ ár.

H. sami þm. (Sk. Th.) tók fram, að þótt svo kynni að vera, að þeir væru ekki margir, sem færu á skólann, þá mundu þó ýmsir sækja um leyfi til að hlýða á fyrirlestrana, þar sem þeim yrði þó leyft að hlýða á þá, sem æsktu þess. Jeg sje ekki, hvers vegna menn þurfa að sækja um leyfi til slíks. Mjer finnst að það mætti vera eins og við háskólann í Kaupmannahöfn, að þar má hver hlýða á fyrirlestrana sem vill, án þess að sækja um neitt leyfi til þess, og ætti því að leyfa slíkt takmarkalaust.

H. sami þm. (Sk. Th.) sagði og, að kandídatar í lögum, sem kæmu frá háskólanum í Kaupmannahöfn, gætu gegnt embættum hjer á landi, því þeir ættu

svo hægt með að setja sig fljótt inn í hina yngri löggjöf landsins, en þeir ættu ekki hægt með að setja sig inn í hina eldri. En hvað meinar hann með eldri löggjöf? Ef hann meinar löggjöfina á þjóðveldistímanum, þá er hún rannsökuð af Konráð Maurer og Vilhjálmi Finsen o. fl. En að því er snertir rannsókn á hinni yngri löggjöf frá Jónsbókar tíma, þá hefir nýlega verið farið fram á það hjer í deildinni, að veita fje til að rannsaka hana, en það hefir fengið heldur lítinn byr.

Þá talaði þingmaðurinn um, að það væri vafasamt, hversu hollt það mundi námsmönnum vorum, að sækja menntun sína til Danmerkur. Jeg hefi nú allt af verið þeirrar skoðunar, að það væri ákaflega þýðingarmikið fyrir unga menn að fara utan, því við það víkkar sjóndeildarhringur þeirra, og jeg álít mjög mikið varið í það fyrir hvern sem er, að koma til annara þjóða, því það stækkar þekkingarsvið hans, og jeg álít það einmitt aðalgalla þessa skóla, að hann mundi hindra, að embættismannaefni vor færu utan. Vjer erum svo afskekktir og menningarstraumurinn á svo örðugt með að komast til vor og hafa veruleg áhrif á oss, að ef vjer sitjum ávallt heima, þá drögumst vjer aptur úr meir og meir og þannig mundi fara fyrir embættismönnum vorum, ef þeir hefðu alla menntun sína eingöngu innanlands.

Ef menn líta yfir sögu vora á þessari öld, þá verða menn að játa, að flestir beztu menn landsins hafa lesið í Kaupmannahöfn. Hvenær hafa íslenzkir stúdentar hjer í Reykjavík komið með nýa stefnu og gjörzt hvatamenn fyrir hinum stærri þjóðmálum? Því hefir opt verið hreift, að íslenzkir stúdentar í Höfn drykkju þar í sig ýmsar óhollar skoðanir, en margir lögfræðingar, sem lært hafa í Höfn, hafa ritað og talað frjálslega um íslenzk mál meðan þeir voru þar við nám sitt, en þegar þeir svo hafa komið hingað heim, hefir það þótt við brenna, að þeir færu að gerast miður frjálslyndir, er þeir voru búnir að vera hjer lengi.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði og, að betra væri fyrir íslenzka stúdenta að fara til náms til Þýzkalands, því þar væri að fá hina beztu lögfræðiskennslu. Þetta er að vísu satt, en löggjöf Þýzkalands stendur þó íslenzkri löggjöf fjær en löggjöf Dana, og auk þess er það ókleyft hverjum Íslendingi að stunda nám á Þýzkalandi og Englandi kostnaðarins vegna, því þar fengju þeir eigi að eins engan námsstyrk, heldur yrðu menn að borga stórfje fyrir að hlusta á fyrirlestrana, í stað þess að í Höfn fá þeir kennsluna ókeypis og mikið fje þar að auki.

H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) sagði, að jeg væri á móti lagaskóla bæði nú og síðar. Þetta er ekki satt, jeg er ekki á móti lagaskóla í framtíðinni og jafnvel ekki á móti háskóla, og það er hugsjón mín, að vjer ættum að fá alla vora menntun hjer á landi. En jeg held, að vjer gerðum rjettast í, að brúka peninga vora fyrst til þess að koma landinu upp í efnalegu tilliti, og svo gæti hitt komið á eptir. En á meðan vjer erum ekki búnir að sleppa Svínahrauns pólitíkinni í vegagjörðum vorum, þá sje jeg ekki, að vjer höfum ráð á að kasta 20,000 kr. á ári í þetta fyrirtæki. Jeg álít, að fyrsta ráðið sje, að koma upp atvinnuvegum, og bæta samgöngurnar, og fyrst þá, er það sje fengið, sje farið að hugsa um, að koma þeirri stofnun á fót, sem hjer ræðir um, og að þá sje fyrst að tala um, að verja nokkru fje til muna til vísindalegra starfa.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) áleit, að sjálfsagt væri hægra að kenna lögfræði en

læknisfræði hjer á landi. Jeg neita því ekki, að hægt sje að kenna lög hjer eða hvar sem er, þar sem lög eru eingöngu bókleg fræði, ef nóg fje er fyrir hendi og að það sje miklu hægra að kenna hjer lög en læknisfræði. En jeg er líka á því, að vjer ættum engan læknaskóla að hafa hjer, og lægi fyrir frumv. um að afnema læknaskólann, mundi jeg gefa því atkvæði mitt, því hjer vantar spítala, er nemendurnir geti fengið æfingu á, og fólk til að fara á hann. Að vöntun yrði á kandídötum í læknaembættin fyrir því, óttast jeg alls ekki, því nógir mundu koma frá Höfn, enda hefir það sýnt sig, að einmitt hinir beztu kandídatar frá Höfn hafa nýlega sótt um læknishjeruð hjer á landi, og þá er ekki ástæða til að ætla, að hinir ljelegri mundu síður gera það.

Jeg neita því ekki, að hægt sje að kenna lög hjer á landi, en kostnaðurinn, sem því fylgir, er svo mikill, að jeg álít því fje betur varið til að koma efnahag landsins í betra horf, og að þá sje fyrst tími til, að koma hjer upp lagaskóla, þegar búið er að bæta efnahaginn.

Landshöfðingi: Jeg ætla að verða við ósk h. þingm. S.-Þing. (P. J.), þar sem hann fór þess á leit við mig, að segja álit mitt um, hvort ákvæðin í 5. gr. frumv. — ef breyt.till. á þingskj. 385 kæmist ekki að — mundu gjöra frumv. óaðgengilegt til staðfestingar stjórnarinnar. Jeg get svarað því með því, að skýrskota til þess, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir tekið fram um þetta efni við 2. og 3. umr., og sömuleiðis h. þm. Vestm. (V. G.), að þó frumv. væri að öðru leyti aðgengilegt, þá mundu ákvæði þessi gjöra það öldungis ómögulegt til staðfestingar.

Að öðru leyti get jeg ekki bundizt því, að láta í ljósi að mjer hefir verið sönn ánægja að heyra ræður sumra h. þingm., sem talað hafa gegn frumv., og heyra hvað mótbárur þeirra koma vel heim við brjef mitt til stjórnarinnar dags. 12. desember 1892, sem ekki fjekk góðar undirtektir á þinginu 1893, og að nú skuli vera svo komið, að allmargir háttv. þingm. eru orðnir sömu skoðunar.

Sigurður Gunnarsson: Fáein orð þarf jeg að tala í þessu máli. Jeg held að vjer ættum ekki að leggja mikla áherzlu á mótmæli þau, sem h. þingm. Vestm. (V. G.) kom með í ræðu sinni, nema því að eins að svo sje, að hugmyndin um innlenda lagakennslu sje vitleysa ein. Það kom sem sje fram í fyrri ræðu hans, að hann áleit enga þörf á lagakennslu hjer á landi, já meira að segja, að ekki væri hægt að kenna íslenzk lög hjer til fullnustu, því menn yrðu samt sem áður að fara til Kaupmannahafnar til þess, og hann fór enda svo langt, að hann vildi láta afnema læknaskólann. Og mjer skildist jafnvel svo, sem hann áliti rjett, að afnema einnig prestaskólann og jafnvel latínuskólann. Hann lagði mikla áherzlu á það, hvað mikils stúdentar misstu við það, að komast aldrei út yfir pollinn og kynna sjer skoðanir annara þjóða. Þetta er satt, en hann hefir ekki sýnt fram á, að þeir verði útilokaðir frá því, að kynnast öðrum þjóðum, þótt skólastofnanirnar vorar hinar æðstu sjeu innlendar. Eða er með því loku skotið fyrir það, að margir nemendur fari utan, bæði til að fullkomna nám sitt, og til að kynnast betur háttum og hugsunarhætti annara þjóða?

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir ekkert minnzt á hinar innri ástæður fyrir þessu máli, sjálfsagt af því að hann sjer þær ekki. Hann kannast sjálfsagt ekki við, hve afar-mikla þjóðlega þýðingu það hefir, að vísindalegt líf þróist og blómg-

ist í landinu sjálfu. Þetta hafa þó kandídatar við Kaupmannahafnar háskóla sjeð og kannazt við um langan aldur, og einmitt þeir, einmitt hinir beztu og efnilegustu meðal þeirra voru frumkvöðlar þessa máls, og hafa haldið því fram til síðustu ára. H. þingm. Vestm. (V. G.) er sannarlega eptirbátur þeirra í þessu efni. Víst hefir h. þm. Vestm. (V. G.) þó hlotið að lesa hinar mörgu fróðlegu og ágætu ritgjörðir um þetta mál, en það lítur út fyrir, að hann gefi þeim ekkert gildi. — Hvað mundi Jón Sigurðsson heitinn hafa sagt, hefði hann mátt heyra orð þingmannsins? Hin eina ástæða hans, sem hlustandi er á, er kostnaðar-ástæðan, og virðist mjer hún þó vera ljettvæg, þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða. En nú kemur mótsögnin hjá h. þingm. Vestm. (V. G). Í síðari ræðu sinni um þetta mál nú gjörir hann ráð fyrir, að vjer þó eigum að fá lagaskóla, eptir að hann í fyrri ræðu sinni hafði reynt að færa rök fyrir því, að hann væri óþarfur; en vjer eigum, að hans áliti, ekki að fá hann, fyrr en vjer erum búnir að græða svo og svo mikið; ekki fyr en »materíellu« framfarirnar eru orðnar svo og svo miklar. — Jeg held, að þetta sje ekki rjett skoðað. Væri þessari stefnu fylgt, mundi það tefja fyrir skólanum ekki að eins um 100 ár, heldur um aldur og æfi, og þá væri þjóðerni vort horfið og þá yrði líklega búið að flytja prestaskólann, læknaskólann og latínuskólann eitthvað út í heim eða rjettara sagt, vjer mundum verða horfnir úr tölu þjóðanna. — Mjer hefir sem sje skilizt svo, sem vísindin væri lyptistöng hinna »materiellu« framfara, því »vísindin efla alla dáð«, segir skáldið. Hinar »materiellu« framfarir verða einmitt mestar og beztar jafnhliða blómlegu vísindalegu lífi. Fyrir því er, einnig í því tilliti, fásinna að hlúa ekki að því.

Jeg hygg það vera aðal-meinið, að of margir sjeu í þessu máli blindir fyrir hinum innri ástæðum, og vega málið á sína peningalegu vog, þar til þeir verða hálf-blindir og sjá svo margar grýlur, að þeir þora hvergi að hreifa sig. Um þjóðerni og sjálfstæðar framfarir verður þá að fara sem vill.

Forseti gat þess þá, að nokkrir þm. hefðu óskað, að breyt.till. í þessu máli á þingskj. 385 frá þm. Dal. (J. P.) og fleirum væri tekin til umræðu samkv. 43. gr. þingskapanna; en hann áliti það ekki leyfilegt, þar eð breyt.tillaga þessi væri ekki löglega til orðin, þar sem undir henni stæðu ekki nema 5 nöfn í stað 6, sem lögskipað væri við breyt.till. til 3. umr. samkvæmt 14. gr. þingskapanna.

Guðlaugur Guðmundsson kvaðst álíta, að samkv. 43. gr. þingskapanna mundi nægja ef $^3/_4$ hlutar deildarinnar og landshöfðingi væru samþykkir því, að breyt.till. kæmi til umræðu, þótt hún væri ekki að öllu í lögfullu formi, svo sem tíðkaðist um skilning á ýmsum öðrum þingskapalögum.

Forseti kvað landshöfðingja þurfa að aðhyllast uppástungur, en það væri aldrei gjört við breytingaratkvæði. — Þetta lægi alveg fyrir utan þá venju, hvernig 43. grein þingskapanna hefði verið beitt, og hann áliti að þetta gæti ekki heyrt undir þá grein, og breyt.till. yrði því ekki tekin til umræðu eptir þingsköpunum.

Jens Pálsson: Jeg vil geta þess, að þar sem sagt hefir verið að lífsskilyrðin væru hin sömu fyrir lagaskólann og hina embættaskólana, þá hefir það allt verið gjör-hrakið. Þar sem tekið hefir verið fram, að laganám væri dýrara í Kaupmannahöfn en hjer heima, þá

getur það ekki verið, úr því maður þarf ekki að vera lengur við laganám í Kaupmannahöfn en 4—5 ár og nýtur Garðs og annars ríflegs styrks í 4 ár. Námið hlýtur því að verða dýrara hjer heima. Jeg get skýrskotað til þess, sem jeg hefi áður sagt um það, að ekkert útlit sje fyrir, að neinn lærisveinn muni koma á lagaskólann um mörg ár, og þó einhverjir gangi á skólann, þá eru lítil líkindi til, að þeir fá embætti í bráðina, því að bæði eru nú nokkrir, sem þegar hafa lokið laganámi á háskólanum, og enn fleiri, sem eru við nám á háskólanum, og munu ekki þessir verða látnir ganga fyrir fyrst um sinn. Auk þess er búið að sýna, að ekki þurfi að útskrifast nema 1 kandídat í lögum á ári til þess, að fullnægja þörfinni fyrir júridiska embættismenn. Hvaða meining er þá í því, að fara að stofna skóla fyrir 10—20 þúsund krónur, þegar svona stendur á. Að Íslendingum væri hollara, að stúdera hjer heima en í Kaupmannahöfn, er að mínu áliti alveg rjett, og jeg vil einmitt innleiða hjer lagaskóla, ef þau skilyrði komast að, sem gjöra það að verkum, að skólinn yrði notaður. Ef þess vegna þau ákvæði standa, sem komust inn í frumv. við 2. umr., þá get jeg verið með því, en ef þau verða felld burtu samkvæmt breytingartill. þeirri, sem fram er komin, þá verð jeg á móti frumv., því þá verða engir nemendur á skólanum, en jeg vil ekki vera með í að stofna lagaskóla fyrir minnst 13,000 kr. að eins fyrir kennara, sem mundu fá embætti við skólann.

Jeg óska að það heyrist um þennan þingsal og út um allt Ísland, að jeg vil ekki gefa 13,000 kr. fyrir ekki neitt, því jeg vil ekkert gefa fyrir ekkert.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: H þm. Vestm. (V. G.) gat þess í ræðu sinni, að þó þessi lagaskóli yrði stofnaður, þá mundi hann, ef breyt.till. kæmist að, standa tómur. En h. flutningsm. breyt.till. (Sk. Th.) gat þess, að þótt skólinn stæði tómur, þá mundi þó verða gagn að honum að því leyti, að kennararnir gætu þá stundað lagavísindi og sjerstaklega rannsakað löggjöf Íslands. Þetta kann að vera satt. En þá vil jeg spyrja: þarf að stofna tvö há-launuð embætti til þess, að þetta verði gjört? H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að rjettara væri að veita einum manni ríflegan styrk til að rannsaka löggjöf Íslands. Því er jeg samþykkur. Jeg vil segja, að stofna megi hjer á landi lagakennslu með einum föstum kennara, og að því laut breyt.till. frá mjer, h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) o. fl., sem fjell við 2. umr., en nú vilja menn endilega hafa tvo kennara. Jeg álít þó betra að byrja smátt, en færa sig heldur upp á skaptið, þegar þörf verður fyrir meiri kennslu. Þannig var læknaskólinn fyrst í smáum stýl, og það er æfinlega hægra að stofna embætti en að afnema þau.

Þar sem h. þm. S.-Múl. (Sig. Gunn.) setti þetta mál í samband við þjóðerni vort, og ljet á sjer heyra að þjóðerni voru væri hætta búin, ef þessi skóli kæmist ekki á, þá verð jeg að mótmæla því sterklega, að þjóðerni vort standi og falli með þessum eina skóla.

Skúli Thoroddsen: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd. Jeg hefi aldrei játað, að enginn mundi verða til að ganga á hinn fyrirhugaða lagaskóla, heldur þvert á móti. Jeg verð að gjöra ráð fyrir, að ýmsir verði til að ganga á skólann meðal annars af því, að margir, sem vilja verða lögfræðingar, hafa ekki fje til, að sigla á háskólann. Þegar h. þingm. A.-Skaptf. (J. J.) og h. þingm. Vestm. (V. G.) vilja láta sjer nægja, að veita einum manni ríflegan styrk til að stunda lagavísindi, þá held jeg, að það komi

af því, að þeir vita ekki, um hvað hjer er að ræða. Því þó lagaskóli verði stofnaður, þá liggur allt af fyrir nóg verkefni til rannsóknar ekki að eins fyrir tvo, heldur fleiri lögfræðinga mann fram af manni. Þannig er það nóg fyrir einn lögfræðing, að stunda rjettarsögu landsins, þó hann gefi sig ekki við fleiru.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 385 samþ. með 13 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðj. Guðlaugsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hálld. Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Jón Jensson,
Pjetur Jónsson,	Jón J., þm. A Sk.
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Þórh. Bjarnarson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Jón Þórarinsson greiddi eigi atkvæði og var talinn í meiri hluta.

Breyt.till. 2 á þingskjali 385 samþ. með 13 gegn 9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eir. Gíslason,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Halld. Daníelsson,	Jón Þórarinsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Valtýr Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Þórh. Bjarnarson,
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 3 á þingskj. 385 felld með 11 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Eir. Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðj. Guðlaugsson,	Guðl. Guðmundss.,
Halld. Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Jón Jensson,
Pjetur Jónsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Valtýr Guðmundss.,
Þórður Guðmundss.,	Þórh. Bjarnarson,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.

Frumv. í heild sinni samþykkt með 16 gegn 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eir. Gíslason,	Jens Pálsson,
Guðj. Guðlaugsson,	J. J., þm. A.-Sk.
Halld. Daníelsson,	Valtýr Guðmundss.,
Jón Jensson,	Þórh. Bjarnarson.
Jón Jónsson, þm. Eyf.,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundsson.	

Jón Þórarinsson greiddi ekki atkvæði og er því talinn í meiri hluta.

Málið á ný afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum (C. 303, 370); ein umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Þetta frv., sem er komið hingað aptur frá h. efri deild, hefir ekki tekið miklum breytingum síðan það fór hjeðan. Þó hefir nú nokkuð veruleg breyting

verið gjörð á því. Í frumv. því, sem þessi deild sendi frá sjer, var ákveðið, að amtmaður einn skyldi hafa úrskurðarvald um aðgreining holdsveikra hjóna og uppeldi barna þeirra á öðrum heimilum, en h. efri deild hefir veitt hlutaðeigandi sýslumanni og bæjarfógeta þetta vald. Þessa breyting getur nefndin ekki aðhyllzt og ræður því til í áliti sínu, að hin upphaflegu ákvæði frumv. verði sett inn aptur. Nefndin vonar, að h. þingd. fallist á þessa tillögu, og skal jeg svo ekki orðlengja meira um málið, því aðrar breytingar, sem h. e. deild hefir gjört á frumv. eru að eins óverulegar orðabreytingar.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 370 samþykkt með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. 370 samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 3 á þingsk. 370 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 21 samhlj. atkvæði og endursent efri deild.

Frumv. til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876, um tilsjón með útflutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 330); ein umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Þetta frv. hefir, eins og kunnugt er, verið í nefnd í h. efri deild, og fengið þar rækilega íhugun. Nefndin samdi ýtarlegt álit og meiri hluti hennar hneigðist að því, að ráða deildinni til að samþykkja frumv. með nokkrum breytingum á 1. og 4. gr. Jeg, sem hefi verið flutningsmaður þessa máls hjer í deildinni, álít, að þessar breytingar sjeu heldur til bóta. Breytingin, sem gerð var á 4. gr., miðaði að því, að orða greinina dálítið skýrar, en veruleg efnisbreyting er það ekki. — Breytingin, sem orðin er á 1. gr., er í því fólgin, að skipt hefir verið um orð, sett orðið »atvinna« í staðinn fyrir »starf«. Þetta er heldur ekki efnisbreyting, en orðið »atvinna» kann að þykja skýrara en »starf«. Á 4. gr. hefir h. efri deild gert gagngerða breytingu að því er orðalagið snertir, en efnisbreyting er þar, sem sagt, engin veruleg. Að eins hefir verið tekið inn í greinina það ákvæði, að útfari skuli skyldur til að sýna skriflegt skýrteini fyrir því, að hann hafi fullnægt lögunum að því er uppeldi eptirlifandi skylduómaga hans snertir. Það er sjálfsagt ekkert á móti því, að hafa þetta ákvæði, þar sem 4. gr., eins og hún var orðuð hjer í deildinni, hefði sjálfsagt gefið lögreglustjóra tilefni til að heimta þetta vottorð.

Jeg vona, að h. þingd. láti ekki þessa breytingu verða málinu til falls, því frumv. hefir heldur batnað við meðferðina í h. efri deild.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 16 atkv. gegn 4. — Sent landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um nýja frímerkjagjörð (C. 309, 369); ein umr.

Þórhallur Bjarnarson: H. efri deild samþykkti þetta frumv. óbreytt, með öllum atkvæðum, en það er þó komið hingað aptur fyrir þá sök, að deildin leiðrjetti í því eina prentvillu í 7. gr. Frumv. verður því væntanlega samþykkt hjer aptur eins og áður.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og sent landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um flutning þurfamanna (C. 67, 372); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Það er tekið skýrt fram í nefndarálitinu, hver sje sú aðalbreyting á núgildandi lögum, sem frumv. þetta fer fram á. Þessi aðal-breyting er fólgin í 2 atriðum: því, hvernig haga skuli flutn-

ingi þurfamanna, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við flutninginn. Nú er það svo, að lögreglustjóri gefur þurfamanninum vegabrjef og svo er hann fluttur frá hreppstjóra til hreppstjóra og loks afhentur oddvita þess hrepps, þar sem hann á framfærslusveit. Þessi flutningur er, að margra manna dómi, að ýmsu leyti óheppilegur. Leiðin, sem þurfamaðurinn verður að fara, er opt óþarflega löng, stundum frá sjó til efstu dala og frá efstu dölum niður til sjávar. Það virðist þó óþarfi að vera að plága þetta fólk með því, að flytja það lengri leið en þarf. Í þessu frumv. er nú farið fram á að flytja þurfamenn beina leið. Þá er enn sú breyting, að eptir frumv. eiga sömu mennirnir að sjá um flutninginn alla leið, því það er falið lögreglustjóra, þar sem þurfamaðurinn verður vegalaus, að gera ráðstöfun fyrir flutningnum alla leið. Þetta fyrirkomulag mundi verða miklu hentugra og kostnaðarminna. Það er margfalt kostnaðarminna að senda þurfamenn beina leið, þar sem því verður við komið, en að senda þá frá hreppstjóra til hreppstjóra. Jeg hefi reynslu fyrir mjer frá síðasta vori, að kostnaðurinn verður á þenna hátt helmingi minni en ef flutt er frá hreppstjóra til hreppstjóra. Þetta, sem nú tíðkast, er ástæðulaus hrakningur, sem verður óþolandi, þegar börn og kvennfólk er með í ferðinni, eins og gefur að skilja, þar sem flutningurinn opt varir í 14—18 daga í stað 4–6 daga, ef farið væri beina leið. Það liggur líka við, að farið sje að hafa að orðtaki, hvernig þurfamannaflutningi er hagað hjer á landi, og skáldin eru farin að spreyta sig á að lýsa meðferðinni á þessu fólki, sem þau segja að farið sje ver með en dýrin. Þessa óþörfu hrakninga og illu meðferð vill frumv. þetta fyrirbyggja, og jafnframt gera þurfamannaflutninginn kostnaðarminni.

En að því er greiðslu kostnaðarins snertir, þá væri sjálfsagt rjettast og eðlilegast, að framfærslusveit þurfamannsins borgaði hann að öllu leyti, enda má jeg fullyrða, að þegar þurfamaður er fluttur hingað frá útlöndum, þá lendir allur kostnaðurinn á framfærslusveit hans. Nefndin þóttist þó sjá fram á, að af þessu gæti í mörgum tilfellum leitt atarþunga útgjaldabyrði fyrir einstök sveitarfjelög, og áleit því haganlegra að fara meðalveg og skipta kostnaðinum jafnt niður á sýslufjelögin, þar sem þurfamaðurinn á sveit og þar sem hann verður vegalaus. Aptur er það enginn eðlilegur rjettur eða sanngirni að leggja kostnaðarbyrðina að nokkru leyti á sveitir þær, er í milli liggja dvalarsveitarinnar og framfærslusveitarinnar, eins og nú er gert. Að leggja nokkuð af kostnaðinum í þann hrepp, sem þurfamaðurinn fer frá, er ekki ósanngjarnt af því, að sá hreppur hefir þó haldið manninum um nokkur ár og haft nokkurt gagn af dvöl hans í hreppnum; en auk þessa gæti þessi skylda orðið aðhald fyrir dvalarhreppinn til að setja menn ekki orsakalaust á hreppinn til þess að losast við þá.

Jeg get gert ráð fyrir því, að þessi ákvæði mæti mótmælum hjer í deildinni, enda geri jeg ekki ráð fyrir, að frumv. komist í gegn á þessu þingi. En jeg álít gott, að málið gæti fengið að koma til 2. umr. til þess að hægt væri að athuga nákvæmar einstök atriði þess og stinga upp á breytingum þar sem þess kann að þykja þörf.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að taka fram eitt atriði, sem nefndin líklega hefir ekki haft fyrir augum, er hún samdi nefndarálitið.

Hjer er að eins rætt um flutning þurfamanna innanlands, en hitt kemur líka fyrir, flutningur þurfamanna frá útlönd um eða til útlanda. Og þá gilda þær reglur, að framfærsluhreppur þurfamannsins borgar allan kostnað við flutning hans. Í Danmörku er t. d. borgaður flutningur danskra þurfamanna, er hjeðan eru fluttir, og vice versa. (*Guðl. Guðm.*: Jeg drap stuttlega á þetta áðan). Nú, jæja, jeg hef þá ekki verið inni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal strax fúslega játa, að það eru ýmsir annmarkar á því fyrirkomulagi, sem nú er, flutningi þurfamanna hjer á landi samkvæmt sveitastjórnartilskipuninni og opnu brjefi frá 1768. Og sjerstaklega skal jeg benda á, að stundum hefir verið sett út á meðferð þurfalinga, og það ekki að ástæðulausu, það skal jeg játa; þó mun hún ekki vera eins nú og í fyrri daga. Það getur og stundum hafa komið fyrir, að hreppstjórar hafi gert hærri reikning fyrir starf sitt við flutning þurfalinga en átti að vera eptir þessu opna brjefi, en þó svo hafi verið, þá er þó aðgætandi, að í þessu opna brjefi er svo fyrirmælt, að sýslumenn eiga að úrskurða reikningana, og ef nokkur óánægja er með þann úrskurð, má skjóta honum til amtmanns. Jeg geri ráð fyrir að sýslumenn samþykki vanalega reikningana, sem eðlilegt er af því, að þeir eru ekki kunnugir öllum tilfellum; jeg kynni þess vegna betur við að reikn. lægju undir úrskurð sýslunefnda. Eptir frumv. verður heldur ekki umflúinn töluverður kostnaður við flutninginn, og hann verður því tilfinnanlegri, sem hann kemur niður á 2 hreppa, framfærsluhrepp þurfalings og þann hrepp, sem hann er búsettur í. Þessa breytingu hefir nefndin gert, en jeg get ekki sjeð að hún sje til bóta.

Jeg skil ekki, hvernig nefndin hefir hugsað sjer flutninginn, því ef lögreglustjóri á að útbúa hann, þá er svo til ætlazt, að hann sjái um flutning þurfalings alla leið til framfærsluhrepps þurfal., en það mundi sýna sig að verða ekki kostnaðarminna, því að t. d. hestar eru opt dýrir, þar sem flutningurinn er hafinn. Enda má gera ráð fyrir, að sýslumenn sjeu ekki eins praktiskir eins og hreppstjórar. .En hvernig hefir nefndin hugsað sjer, að flutn. yrði hagað af sýslum., hvort þeir skyldu borga eptir samningum, eða eptir reikningi, og hver á þá að úrskurða þá reikninga, svo að þeir sjeu ekki ósanngjarnir? Líka gæti svo farið, að beinir flutningar yrðu ekki betri en hreppstjóraflutningarnir. Jeg vildi að nefndin hefði fundið ráð til að draga úr sveitaflutningunum, fyrir það hefði jeg verið henni þakklátur. Mín skoðun er, að flutningur eigi ekki að eiga sjer stað, nema framfærsluhreppur óski þess, nema þurfalingur sje húsnæðislaus. Jeg held það mundi draga úr flutningunum. Og jeg efa mikillega að þetta frumv. nefndarinnar verði nokkuð til bóta, nema nefndin finni ráð til þess að draga úr þurfamannaflutningunum, því að þeir eru sannarlega sorglegir eins og þeir eru, ef litið er á þá í heild sinni.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir bendingar hans viðvíkjandi flutningi þurfalinga hingað til lands; jeg drap lauslega á að venja væri til, að framfærslusveitir þeirra þurfamanna, sem koma frá útlöndum, bæru kostnað þann er stafaði af flutningi þeirra, og nefndin athugaði þetta atriði, en fann ekki ástæðu til, sá sjer heldur ekki fært, að koma með neinar breytingar því viðvíkjandi.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram, að reikningar fyrir flutn. gætu opt orð-

ið ótilhlýðilega háir, eins fyrir því þó að þetta fyrirkomulag væri innleitt, og gaf í skyn, að frumv. hefði engin ákvæði um, hver ætti að úrskurða reikningana. Jeg skal benda á, að eptir frv. eru reikn. borgaðir úr sjóði sýslnanna og liggja því undir hlutaðeigandi oddvita og þar á eptir sýslunefnd, og síðan amtmann. Nefndirnar færa auðvitað reikningana niður, eða jeg trúi þeim vel til þess í öllu falli. En einmitt það, að þesshättar reikningur liggja undir úrskurð amtsráða, getur orðið til þess, að mælikvarði kemst á fyrir t. a. m. hesta og önnur áhöld við flutn., mælikvarði sem síðan gildir fyrir minni eða stærri svæði, eða kannske fyrir allt land. Það er ekki gert ráð fyrir að lögreglustjóri sjálfur sjái um útbúning flutningsins, útvegi hesta og annað, sem á þarf að halda, heldur sje það gert á hans ábyrgð, hann sem sje útvegar mann til að standa fyrir flutningnum, sem hann fullkomlega trúir fyrir honum. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að svo geti farið, að lögreglustjóri komi sjer saman við sveitafjel., er taka á við þurfal., um að mæta honum á miðri leið. — Þessu má haga eptir því sem bezt á við og hentugast í hvert skiptið, en á ábyrgð lögreglustjóra liggur, að það sje forsvaranlegt.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) óskaði að nefndin hefði fundið ráð til þess að draga úr »sveitaflutningum». Jeg sje ekki að það sje mögulegt að hepta þá, nema borinn sje fyrir borð sá rjettur framfærsluhr., að láta flytja þurfal. til sín. Jeg sje ekki ráð til þess og ekki ástæðu, ef flutn. er hagað forsvaranlega gagnvart þurfal. og með sem minnstum kostnaði fyrir sveitafjelögin.

Aðrar mótbárur hafa ekki komið fram gagnv. frv. og læt jeg hjer staðar numið að sinni.

Jens Pálsson: Þó jeg viti, að þetta frv. sje tilraun til þess að ráða bót á fyrirkomulagi fátækraflutningsins, og jeg virði þessa tilraun sem slíka, þá er það sannfæring mín, að með þessu frv. sje ekki ráðin veruleg bót á þessu fyrirkomulagi, og að frv. er mjög lítil lagfæring á fátækralöggjöf vorri, sem að mínu áliti er orðin það fat, sem ekki passar þjóðinni lengur vegna breyttra kringumstæðna, hafi það annars nokkurn tíma verið sniðið handa henni. Jeg ætla ekki langt muni líða, áður öll okkar fátækralöggjöf verður tekin fyrir, og því álít jeg ekki hyggilegt, að taka einstök atriði fyrir út af fyrir sig, því að smábætur vinna ekki verulegt gagn.

H. framsögum. (Guðl. Guðm.) tók það fram út af orðum h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) að nefnd. hefði ekki álitið unnt að takmarka fátækraflutninginn nema skerða rjett sveitanna til að fóðra þurfalinga sína heima, og kallaði hart að gera þeim að skyldu að svara meðlagi með þeim í útbornum eyri. Getur verið að svo sje, en jeg verð þó að segja, að sumt, er leiðir af þessu frv., er hart; það er hart að hrinda mönnum út af kjörinni atvinnubraut, ef þeim fyrir einhver atvik hlekkist svo á, að þeir þurfa fátækrastyrks; hart að skilja hjón og rífa frá þeim börnin; hart að flytja fjölskyldur og gamalmenni nauðungarflutningi langar leiðir, — að eins til þess að eitthvert sveitarfjelag ekki þurfi að greiða nokkrar krónur »út úr hreppnum». Hugsum okkur að þurfalingur sje búsettur í Snæfellsn.sýslu og framfærslusveit hans sje á Langanesi. Nú er framfærslusveit tilkynnt að maðurinn þurfi 20—50 kr. styrks, strax er svarið: Jeg vil fá hann fluttan.

Þetta er galli á lögunum, en af því hjer er ekki almenn bót á fátækralöggjöfinni, þá vildi jeg helzt bíða í þeirri

von, að þeir sem finna að hjer þarf bóta finni köllun til þess að skrifa rækilega um málið, og komi fram með umbætur, er ná yfir allt málið, á næstu þingum.

Þá hafði fundurinn staðið fullar 3 stundir, og frestaði forseti fundinum þangað til síðar um daginn.

Forseti setti fund á ný kl. 6 e. h.

Þórður Guðmundsson: Jeg get ekki álitið að þetta frv. sje til verulegra bóta, og á hinn bóginn sje jeg ekki að breytingar nefndarinnar sjeu til batnaðar. Jeg get vel tekið undir með þm. Dal. (J. P.) að fátækralöggjöfin er orðin svo gömul og slitin, að það er varla kostandi upp á að bæta hana með bótum, bótum sem þá ekki eru betri en hún sjálf. H. framsögum. (G. G.) gerði mikið úr, hve flutningur þurfamanna væri kostnaðarsamur, valdi vafningum og að meðferðin á þeim væri ósæmileg, verri en á dýrum. Ef sá vitnisburður er rjettur, fer kosning hreppstjóra auðsjáanlega í handaskolum, sem er þó ólíklegt, þar sem kosning þeirra gengur í gegnum sýslumenn og sýslunefndir. Vjer Islendingar höfum sannarlega ekki fengið orð fyrir að vera ómannúðlegri eða ógestrisnari en hver önnur þjóð. Jeg hefi verið hreppstjóri í 20 ár, og jeg skal taka það fram, að til mín hefir aldrei komið fátækraflutningur, er gæti heitið illur flutningur á þurfamanni (*Guðl. Guðm.*: Hvað er þetta?) og jeg vil hrinda því af mjer, að frá mjer hafi farið þurfamannaflutningur, er meðferð hans hafi verið verri en á dýrum.

Guðl. Guðm.: Er þm. með öllum mjalla?

Forseti: Nei, þetta má ekki segjast. Engar samræður!

Guðl. Guðm.: Jeg meinti það ekki til hans.

Þórður Guðmundsson: Það var til allra hjer á landi, enginn undantekinn. Að kostnaður við flutninga sje minni eptir þessum lögum, sje jeg ekki. Að vísu játa jeg, að vegurinn frá hreppstjóra til hreppstjóra er opt krókóttur og tafsamur, en við vitum þó, að flutningur kemur optast frá sjónum, og af því leiðir, að ef sjávarmenn eiga að leggja til útbúnað alla leið, að þá verður flutningurinn dýrari. Jeg get ekki annað sjeð, en að allt, sem til þess þarf, menn og hestar, sje dýrara við sjávarsíðuna en í sveitunum. Nú getur það komið fyrir, að ekki sje ferðaveður og flutn. teppist, og verður þá að borga hestana eins þá dagana, þó engin brúkun sje. Líka er það, að ókunnugir menn verða að kaupa sjer fylgd, yfir vatnsföll og torfærur, og börn t. d. eru í förinni. Að flutningur verði betur úr garði gerður, skal jeg ekki spá neinu um. En líklegt þykir mjer, að þó sýslumaður eigi að hafa umsjón með því, þá muni þeir ekki fara langar leiðir til eptirlits með því, hvernig útbúningur þurfamanna er; t. d. mun sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu varla fara að ferðast suður á Miðnes eða Grindavík til þess að sjá, hvernig flutningurinn er útbúinn, heldur fela það mönnum í hreppnum, og þá líklega helzt hreppstjóra eða oddvita. Jeg get ekki sjeð að flutningurinn verði kostnaðarminni. Og hvað borgunina fyrir flutning snertir, þá virðist að reikningsskil verði talsvert vafningssöm, þar sem 2 sýslumenn eiga að yfirskoða og samþykkja reikningana, og ef þeim ekki kemur saman um þá, eða samþ. þá ekki, ganga til amtsúrskurðar. Af því leiðir, að þeir, sem borgun eiga að fá fyrir flutninginn, fá hana ekki fyr en eptir langan tíma.

Af þessum ástæðum get jeg ekki sjeð, að bót sje í frv., þó jeg á hinn bóginn óski að fyrirkomulagi fátækraflutnings sje kippt í betra horf. Jeg get ímyndað mjer, að það verði lagt svo út, sem það stafi af því að jeg sjálfur er hreppstjóri, og vilji ekki missa af tekjum þeim sem eru af flutningnum, en jeg get fullvissað menn um, að mjer mundi mjög kært að losna við það, og það því fremur, sem vjer erum vændir því að gera þá svo óforsvaranlega, sem hjer hefir verið gert.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg skal gjöra stutta athugasemd við eitt atriði í ræðu h. þm. Dal. (J. P.). Hann talaði um, hve óbilgjarnt það væri, ef t. d. þurfamaður, sem yrði vegalaus vestur á Snæfellsnesi, en ætti framfærslusveit norður á Langanesi, væri fluttur fátækraflutningi á sveit sína, að dvalarhreppurinn skyldi verða að borga helminginn af þeim mikla flutningskostnaði eptir frv. En það er einmitt það, sem nú á sjer stað. Jeg sje ekki að það sje nein óbilgirni í þessu. Þá er það fyrirkomulag, sem nú á sjer stað, þó miklu ósanngjarnara, því það er ekki að eins dvalarhreppurinn, heldur einnig allir milliliggjandi hreppar, sem nú verða að taka þátt í fátækraflutningskostnaðinum. Þetta er allt svo ekki ástæða á móti frumv. heldur á móti fátækralöggjöfinni yfir höfuð, eins og hún nú er. Faktum er, að það er ómögulegt að flytja þurfamenn kostnaðarlaust, og spurningin verður þá, hver á að borga.

Í sjálfu sjer væri það rjettast að framfærslusveit þurfamannsins borgaði allan flutningskostnaðinn, en mikil sanngirni mælir þó með því að láta það sýslufjelag, sem flutt er frá og það hjerað, sem flutter í, greiða kostnaðinn að hálfu leyti hvort um sig. Flutningskostnaðurinn verður með því móti minni en hann er nú, og verður ekki eins tilfinnanlegur eins og ef hann lenti allur á framfærslusveitinni. Það er einnig mikill kostur við frumv. að með þessu fyrirkomulagi verða báðir partar, bæði sú sýsla, sem sendir, og sú sýsla, sem tekur við, interesseraðir í að láta flutninginn ganga sem greiðast og verða sem kostnaðarminnstan að unnt er. Það tekur einnig ómakið af hreppstjórunum, sem 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) breiddi sig svo mjög út yfir. Hann hrósaði sjer af 20 ára hreppstjórn, fyrir gestrisni, greiðasemi og góða meðferð á þeim þurfamönnum, sem hann hefði flutt; hann tók það fram að hann vissi eigi til að neinn hreppstjóri hefði hagað svo þurfamannaflutningi, að það gæti heyrt undir illa meðferð á skepnum. Ef nokkurn tíma hafa verið töluð orð í blindni hjer í salnum, þá voru það þessi orð þm. Mjer gat ekki komið til hugar að sveigja einu orði að honum af þeirri einföldu ástæðu: 1., að jeg vissi alls eigi, að hann er hreppstjóri, 2., að jeg því síður vissi að hann hefir verið hreppstjóri í 20 ár; og í 3., að jeg vissi eigi að hann hefði staðið eins vel í hreppstjórastöðunni og honum sagðist frá. Jeg hef aldrei sagt að hann hafi leyst svo illa af hendi fátækraflutning, að hann með því hafi gjört sig sekan í illri meðferð á skepnum. Hann getur ekki borið á móti því eða skafið það út, að fátækraflutningar eru opt hneykslanlegir. H. þm. (Þórð. G.) sagði, að menn mættu ekki taka orð sín svo, að hann talaði þetta af því að hann væri »interesseraður« í fátækraflutningi. Hann hefði nú helzt ekki átt að slá á þann streng, það hafði engum dottið í hug að blanda honum í þetta mál, svo það var óþarfi fyrir hann að gera sig að málsparti.

»Principið« í frumv. er ljóst, það er að gera fátækraflutningskostnaðinn sem

minnstan, og um leið tryggja það, betur en nú á sjer stað, að flutt sje skemmstu leið og á sem stytztum tíma og með minni hrakningi á fólki en nú er. Og þar sem lögreglustjórum er með frumv. falið að gera allar ráðstafanir fyrir flutningnum, þá er tryggingin miklu meiri en nú fyrir greiðum og svo ódýrum flutningi, sem auðið er.

Önnur atriði í ræðu h. þm. Rangv. (Þórð. G.) snertu málið lítið, og jeg þarf því ekki að svara þeim.

Jens Pálsson: Jeg vil gera eina athugasemd við ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Hann sagði það væri ómögulegt að fyrirbyggja allan fátækraflutning. Sannfæring mín er sú, að eigi að eins sje hægt, heldur einmitt skylt að útrýma öllum fátækraflutningi, því að fátækraflutningur — skoðaður frá þeirra sjónarmiði, sem fluttir eru — er ómannúðlegur, og alls ekki nauðsynlegur vegna hagsmuna framfærslusveitanna. Þeir sem heilsutæpir eru missa stundum alveg heilsuna við flutninginn. Annað er það, sem gerir fátækraflutning mjög ísjárverðan, og það er þegar fjölskyldufaðir, sem hefir mikinn framfærslu þunga, er rifinn upp frá atvinnu sinni og familíunni sundrað sitt í hverja áttina. Þetta er svo ómannúðlegt, að það ætti alls ekki að eiga sjer stað. Jeg álít það vel mögulegt fyrir löggjafarvaldið, að lagfæra þetta. Hann sagði það væri rjett, að skipta kostnaðinum á sýslufjelögin, það sem sendi og það sem tæki við þurfamanninum. Jeg álít þetta ekki rjett. Jeg verð að ætla, að það sje alveg rangt, að láta óviðkomandi hreppa taka neinn þátt í kostnaði, sem þeir eru engin orsök í og þeim er allsendis óviðkomandi. Þetta er í sjálfu sjer ranglátara en það fyrirkomulag, sem nú er, þó það sje einnig ranglátt, því að ranglætið kemur þó nú niður á fleirum sveitum og verður því síður tilfinnanlegt fyrir hvert einstakt sveitarfjelag. Ef rjett skyldi vera, þá ætti sá hreppur, sem heimtar flutninginn, að borga. Jeg álít það nauðsynlegt, að þeim hreppi, sem ekki vill styrkja eða lofa þurfamanninum að vera kyrrum, en heimtar hann fluttan á sína framfærslusveit, sje gjört að skyldu að borga allan flutningskostnaðinn. Það væri þó að minnsta kosti nokkurt aðhald fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hrekja ekki menn frá húsi og heimili, eða rífa þá ekki frá atvinnu alveg að ástæðulausu, og gera þannig þurfamanninum og framfærslusveit hans opt og tíðum ómetanlegt tjón.

Af þessum ástæðum get jeg ekki gert mig ánægðan með frumv.; jeg sje ekki að það sje nein gagngjörð bót á því sem nú er, og hefi ekki getað sannfærzt um ágæti þess að neinu leyti af ræðu h. þm. Skaptfellinga.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði (C. 377); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Þetta frv. kemur nokkuð seint inn á þing, svo að margir munu ætla að það geti ekki komizt langt áleiðis í þetta sinn. Orsökin til þessa er sú, að jeg hefi lengi beðið eptir upplýsingum frá verkfræðingnum og þar að auki haft mikið annríki á þinginu síðan jeg kom. Við höfum samt sem áður álitið, að það væri rjett að láta frumv. koma inn á þetta þing. Við álítum að málið verði með því móti þm. ljósara og að við getum gefið þær upplýsingar, er óskað kynni að verða eptir. Það eru víst allir, sem kannast við þessa á, eða þekkja hana beinlínis. Á henni er ekkert vað milli fjalls og fjöru. Hún rennur í gegnum fjölbyggt hjerað og að

henni liggja beinlínis 2½ hreppur. Skinnastaðaprestur verður að fara yfir ána til þess að þjóna prestakalli sínu, og er það opt erfitt mjög fyrir hann. Það er reyndar ferja á ánni á sama stað og hin fyrirhugaða brú á að vera, en það er stundum ófært á ferju yfir hana; er þá alstaðar ófært yfir ána nema niður við sjó; þar rennur hún í 3 kvíslum og má fara yfir allar á ferju. Hjeraðsbúar hafa haft mikinn áhuga á þessu máli allt af síðan farið var að brúa stórár landsins. Og síðastliðin 10 ár hefir verið ályktað á hverjum þingmálafundi að skora á alþingi að gera eitthvað í þessu efni. Árið 1887 var samþ. þingsályktunartill. um að skora á stjórnina að láta skoða brúarstæðið. Tillagan fjekk góðar undirtektir hjá landsh.; hann vildi láta verkfræðing skoða brúarstæðið, en ekkert hefir þó orðið úr því. Nú síðastliðið vor var fenginn til maður, sem er steinsmiður og greindur vel, að skoða brúarstæðið og gerði hann áætlun um kostnaðinn við brúarstöplana og teikningu yfir brúna, mældi lengd hennar og hæð stöplanna að sýslumanni viðstöddum. En auðvitað vantaði hann nægilega þekkingu, til þess að geta sagt neitt ákveðið um, hvað brúin sjálf mundi kosta, en hann hjelt þó að hún mundi ekki fara mikið yfir 20,000 kr. Kostnaðinn við stöplana áætlaði hann 7,000 kr., og liggur sú áætlun hjer til sýnis á lestrarsalnum. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur komst að sömu niðurstöðu með verð brúarinnar sjálfrar, en til þess að vera vissir höfum við fært upphæðina mikið upp, í 35,000 kr., þó mjer þyki það ólíklegt að kostnaðurinn verði svo mikill.

Hjeraðið frá sjó er alveg sljett og liggur allt undir ís á vetrum, yrðu því aðflutningar að brúarstæðinu hægir. Að öðru leyti tek jeg það fram, að ef menn óska að fá frekari upplýsingar um þetta mál, þá munu þær geta fengizt hjá okkur norðanþm. Jeg vona að hin h. deild taki málinu vel og vil mæla með því, að það gangi til 2. umr. Jeg tel varla vafamál að þetta verði næsta stóráin, sem brúuð verður. Málið er einfalt og þarf í rauninni ekki langan umhugsunartíma, og það gæti því orðið langt leitt á þessu þingi. Jeg vænti góðvildar h. þm. og að þetta sje byrjun til fljótrar fyrirgreiðslu málsins. Það vill líka svo til, að í síðastliðin 10 ár hefir ekki einn eyrir verið veittur úr landssjóði til samgöngubóta í þessu hjeraði, en þetta mega menn þó ekki skilja svo, að jeg sje að fara út í hreppapólitík.

Eiríkur Gíslason: Jeg er samdóma h. flutningsm. (J. Jónss.) um það, að mál þetta sje heldur seint upp borið á þessu þingi, en það gladdi mig þó að frumv. þetta kom fram. Það má búast við því að þetta mál fái góðar undirtektir bæði hjá þingi og stjórn, og þó það ekki verði afgreitt frá þinginu í ár, þá vona jeg þó, að stjórnin finni ástæðu til að leggja frumv. í þá átt fyrir næsta þing, og þá er innan handar að gjöra út um málið.

Flutningsm. hefir greinilega tekið fram þörfina á þessari brú. Jeg er kunnugur á þessum stöðvum og jeg get því borið um það með vissu, að engum manni, sem til þekkir, getur blandazt hugur um það, að hjer er um nauðsynjamál að ræða. Jökulsá er eigi að eins stöðugur farartálmi fyrir þá, er yfir hana þurfa að fara, heldur er hún stundum ófær tímum saman á hitasumrum; þannig var hún sumarið 1880 fulla viku alveg ófær yfirferðar og eins niður í Sandi, enda var það sumar hitatíð mikil eins og kunnugt er.

Að vísu er ekki eins mikil umferð yfir Jökulsá í Axarfirði, eins og yfir Þjórsá, Ölfusá eða Blöndu, sem þegar eru allar brúaðar. En Jökulsá er talsvert verra sundvatn en nokkur af þessum ám. Og jeg vona að h. deild kannist við nauðsynina á að brúa þessa á. Flutningsm. tók fram, að Norður-Þingeyingar hafi farið á mis við fje úr landssjóði til samgöngubóta. Víða í Norður-Þingeyjarsýslu t. a. m. í Núpasveit, Sljettu og Langanesi eru svo vondir vegir, að það eru engin líkindi til að á þeim fáist veruleg bót fyrst um sinn, enda ekki von að Norður-Þingeyingar geti af eigin ramleik gert þar miklar vegabætur. En þeim verður þó meira ágengt í því efni en mörgum öðrum, sem styrk fá af opinberu fje, enda mega þeir líklega, eins og sum önnur hjeruð landsins, næsta mannsaldur að mestu leyti láta sjer það nægja, sem þeir geta sjálfir látið af hendi rakna til vegabóta. Og jeg þekki Norður-Þingeyinga að því, að þeir í því efni muni láta meira til sín taka, heldur en sumir hverjir aðrir landar vorir, sem ekki þurfa annað en veita árlega móttöku stórfje úr landssjóði til vegabóta.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Mjer er annt um að frv. gangi sem greiðast gegnum deildina, að eins vildi jeg óska þess, að málið yrði á dagskrá einhverntíma, þegar hæstv. landsh. er viðstaddur, svo mjer gæfist kostur á, að heyra undirtektir hans undir málið.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki (C. 341); ein umr.

Flutningsm. Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vona að jeg þurfi ekki að halda langa ræðu um þetta mál, því að mjer virðist svo sem flestir þdm. sjeu á sama máli og jeg um það, að þessi fræðsla sje innleidd í alþýðu-gagnfræða- og barnaskólum. Jeg skal benda á það, að í Ameríku víða er þessi kennsla ekki að eins gjörð að skyldu, heldur er það og víða svo, að það er haft sem skilyrði fyrir því, að skólarnir fái styrk af opinberu fje, að þeir hafi slíka kennslu. Það sem einkum gaf tilefni til að þetta kom fram hjer nú, er það, að nokkuð svipað hefir verið gjört í Danmörku nú nýlega. Bindindisfjelag þar, sem heitir »Afholdssamfundet», hefir skrifað kirkju- og kennslumálastjórninni og sent henni rit, sem tveir merkir menn, Hermann Trier fólksþingsmaður og Michael Larsen bæjarlæknir, hafa samið, og farið þess á leit, að rit þetta verði sent skólunum í Danmörku. Þessu hefir kennslumálastjórnin svarað með brjefi dags. 21. maí 1894 og segir hún í því brjefi, að bæklingurinn gefi ýtarlega lýsingu á því, hverjar afleiðingar nautn áfengra drykkja hafi fyrir vellíðan manna og velferð þjóðanna, og hvað ýmsir hleypidómar hjá alþýðunni dönsku sjeu á völtum rökum byggðir, og brýnir það fyrir kennurunum að breiða út þekkingu á þessum bæklingi. Nú vill svo vel til að okkar helzta bindindisfjelag hjer á landi hefir látið þýða þennan bækling, og útgefandinn, sem er stórstúka Íslands, hefir gefið mjer heimild til að lýsa því hjer yfir, að hann sje fús á að leggja til svo mikið af bókinni, sem þarf til að senda til allra skóla á landinu, ein þúsund eintök eða svo. Sama bindindisfjelag er nú einnig að gefa út rit, sem sniðið er fyrir barnaskóla, því þetta rit er nokkuð þungskilið fyrir börn, og af því riti mun fjelagið einnig leggja til eins mörg eintök og stjórnin álítur þörf á. Það hefir því engan kostnað í för með sjer

að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, en allir verða að játa, að æskilegt er að útbreiða betur þekkingu á þessu máli.

Það er vonandi að h. deild samþykki tillöguna, ekki sízt þar sem þetta er ekki neitt sjerstakt fyrir okkur, þegar jafnvel önnur eins drykkjuþjóð og Danir ganga á undan oss í þessu.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að halda langa ræðu að þessu sinni, en vil að eins leyfa mjer að þakka h. nefnd fyrir þá niðurstöðu, sem hún hefir komizt að í þessu máli. Það er mín sannfæring, að þetta sje sá vissasti vegur til að útrýma drykkjuskapnum. Hvötin á að koma innan að og það á að byrja á því að innræta ungdóminum óbeit á ofdrykkjunni. Jeg hefði að eins viljað að þetta væri nokkuð víðtækara, nefnilega að umgangskennurum gæfist líka kostur á að fá bækling þennan og hafa hann við kennsluna. Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta, en skal að eins lýsa því yfir, að jeg mun gefa tillögunni atkvæði mitt.

Flutnm. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg er h. þm. Rangv. (Þórði G.) þakklátur fyrir uppástungu hans, og skal taka bendingu hans til greina eins og jeg get; það mundi sjálfsagt verða að miklu gagni að umgangskennarar fengju ritið til að hafa það við kennslu sína. Annars skal jeg geta þess, að bókin hefir verið send ókeypis til allra presta á landinu, og þar sem menn geta gengið út frá því, að prestar hafi almennt mikinn áhuga á þessu máli, þá er svo til ætlazt að þeir standi fyrir því að útvega bókina handa umgangskennurum hver í sínu hjeraði. Jeg skal hreifa því við útgefanda ritsins, hvort honum þætti það ekki æskilegt að umgangskennarar fengju það. Nefndin vildi ekki að svo stöddu orða tillöguna víðtækari en þetta, en að öðru leyti verð jeg að álíta, að hinn minni ritlingur, sem jeg gat um að verið væri að gefa út, muni reynast heppilegri fyrir umgangskennendur.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í einu hljóði og afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um ferðir landpóstanna (C. 357, 359); fyrri umr.

Framsögum. (*Einar Jónsson*): Nefndarálit það sem hjer liggur fyrir er allrækilegt og jeg treysti því, að h. þm. hafi kynnt sjer það, svo að jeg þurfi ekki að fara nákvæmlega út í hvert einstakt atriði. Nefndin áleit rjettast að gjöra engar stórar breytingar á póstferðunum, einkum vegna kostnaðarins, þar sem nú er hugsað til svo mikilla fjárveitinga í aðrar áttir af þinginu, en hugði betra að bíða með það að auka póstferðirnar að mun þar til samgöngurnar á sjó væru komnar í betra horf. Aptur á móti sá nefndin eptir nákvæma rannsókn engan veg til þess að fjölga ferðum að mun á þeim póstleiðum, sem nú eru, með sama póstafjölda; þannig er ekki hægt að bæta við nema einni ferð á póstleiðinni frá Reykjavík til Seyðisfjarðar sunnanlands án þess að brjef og sendingar tefjist; þær ferðir eru nú 14, og vill nefndin leggja til að þær verði 15. Aptur á móti er ekki hægt að auka við ferðir sunnanlands póstsins, sem nú eru 15. Þannig vill nefndin leggja það til, að teknar sje upp 15 aðalferðir um land allt. Fleiri geta þær, sem sagt, ekki orðið, nema póstum sje fjölgað. Sjeu þær gjörðar 16, þá verða brjef og sendingar, sem koma að austan, að bíða eina ferð yfir á Akureyri.

Það er því aðalverk nefndarinnar að bæta við aukapóstum og brjefhirðingastöðum. Á hinn bóginn sá nefndin sjer

að eigi fært fella burtu neinn aukapóst, nema einn í Norður-Múlasýslu, póstinn frá Höfða og að Kirkjubæ, en láta Vopnafjarðarpóstinn fara þá leið í staðinn fyrir að hann fer nú lengi sömu leið og aðalpósturinn. Ef litið er á kostnað þann sem sparast við að leggja þennan póst niður, þá yrðu það 225 kr. yfir árið, því að hann hefir 15 kr. fyrir hverja ferð.

Hvað sjálfar tillögurnar snertir, þá hefir nefndin fylgt þeirri reglu að taka til greina allar þær óskir, sem komið hafa úr sveitunum; hún áleit það vera stefnu þingsins að gjöra samgöngurnar greiðari á sjó og landi, þannig að póstur kæmi með tímanum í hverja sveit. Það er því mjög fátt, sem nefndin hefir ekki tekið til greina; það er helzt það sem einhver ágreiningur hefir verið um heima í hjeraði.

Kostnaður, sem af þessari niðurröðun nefndarinnar leiðir, verður fyrir aukning á aukapóstum 1200 kr., og fyrir 15 nýja brjefhirðingarstaði 180—200 kr.; þessi eina aðalpóstferð, sem gjört er ráð fyrir að bætt verði við á leiðinni til Seyðisfjarðar, kostar hjer um bil 780 kr. og ein póstferð til Ísafjarðar 670 kr. Þegar þar frá dregst Kirkjubæjarpósturinn (225 kr.) þá verður kostnaðaraukinn þannig um 2600 kr. á ári.

Menn hafa tekið eptir áætluninni, sem fylgir með nefndarálitinu. Jeg, sem nefndin hafði sjerstaklega valið til að rannsaka ferðaáætlina og athuga hversu mikið mætti fjölga ferðunum, setti fyrst upp 16 ferðir, en sá svo, að það gat ekki látið sig gjöra að hafa þær svo margar án þess að brjef og sendingar tefðust. Jeg hefi því að eins aukið við einni ferð á sumrinu, en vetrarferðirnar halda sjer. Það kann nú sumum að virðast það óþarfi að fjölga sumarferðunum, þar sem vjer þá höfum skipaferðirnar, en til þess er það að segja, að skipaferðirnar eru nú, enn sem komið er, mjög á reiki og ekki víst, hvernig þær verða á næstu árum, og svo mundi mönnum koma vel að fá tíðari póstgöngur út um landið á sumrin, einkum aukapóstferðirnar, því að samgöngur eru einmitt minni manna á milli um annatímann en endrarnær.

Nefndin hefir ekki gjört nema eina breytingu á þeim aukapóstgöngum, sem nú eru, nefnilega á göngu póstsins, sem nú fer frá Sveinsstöðum að Auðkúlu. Nefndin leggur til að þessi póstur verði framvegis, í stað þess að fara frá Sveinsstöðum, látinn ganga frá Blöndudósi að Auðkúlu og fram í Blöndudal, af því hún áleit það hentugra fyrir hjeraðsbúa að standa í sambandi við verzlunarstað sinn, heldur en brjefhirðingastaðinn á Sveinsstöðum. Það kæmi til að muna $^1/_2$—1 degi sem pósturinn kæmi seinna fram í sveitina með þessu móti, en úr því vildi nefndin ekki gjöra mikið og hjelt að það, að hjeruðin, sem hlut ættu að máli, kæmust í hentugra samband við verzlunarstað sinn, mundi vega fyllilega upp á móti þessu. Nefndinni má víst standa hjer um bil á sama, hvort Vatnsdalspósturinn gengur að Undirfelli eða Ási.

Jeg hefi reyndar ekki talað við nefndina um það, en jeg býst við, að hún hafi ekkert á móti því. Ás liggur dálítið lengra burtu frá póstafgreiðslustaðnum en Undirfell, svo að pósturinn gæti komið að þægilegri notum fyrir menn, ef hann gengi þangað. Eins og jeg hefi tekið fram, þá höfum vjer yfir höfuð farið eptir uppástungum úr sveitunum, en þar eð þessi breyting er komin frá h. þm. Húnv. (B. Sigf.), sem á að vera kunnugastur í sinni sveit, þá ímynda jeg mjer, að hún mæti ekki mótspyrnu, en væntanlega mun h. þm.

(B. Sigf.) færa rök fyrir breyt.till. sinni.

Björn Sigfússon: Ástæðan til þess, að jeg hefi komið með þessa breyt.till. er sú, að þegar jeg hafði talað við h. samþingismann minn (Þorl. Jónsson) viðvíkjandi þessum póstgöngum, þá áleit hann það heppilegra að aupapósturinn hjeldi áfram að ganga frá Sveinsstöðum að Auðkúlu eins og verið hefir en ekki frá Blönduós að Auðkúlu. Það er óþarfa krókur fyrir blöð og brjef, sem eiga að fara með Auðkúlupóstinum fram í Svínadal og Blöndudal og mundi tefja þau um einn dag. Við fengum því eigi sjeð, að þetta fyrirkomulag væri að nokkru hentugra en það sem hingað til hefið verið, og ódýrara getur það ekki orðið, því vegalengd er nær því hin sama, hvor leiðin sem farin er. Ennfremur hefir póstmeistarinn sagt mjer, að hann teldi það óheppilegra, að aukapóstur gengi út frá brjefhirðingastað, en frá póstafgreiðslustað, en á Blönduósi er að eins brjefhirðing.

Viðvíkjandi hinni breyt.till. minni um Vatnsdalspóstinn, að hann skuli ganga að Ási í staðinn fyrir að Undirfelli, þá er það nokkuð lengra inn í sveitina og meiri hluti hennar hefir því betri not af póstinum með þessu móti, en á kostnaðinum mundi það litlu eða engu muna. Ennfremur álít jeg það ekki heppilegt að Undirfellspresturinn, sem nú er prófastur, yrði brjefhirðingamaður; það gæti opt verið óþægilegt, ef svo stæði á að hann væri að heiman í embættiserindum, þegar pósturinn kæmi, en í Ási stendur mjög vel á með brjefhirðingu, því að þar er maður, sem væri vel til slíks starfa fallinn. Póstmeistarinn hefir sagt mjer, það sem jeg reyndar vissi áður, að ekkert væri í veginum með að þessi póstur gengi um Kornsá og Undirfell og skildi þar eptir brjef, og er það mjög heppilegt, því að þar búa nú sem stendur sýslumaðurinn og prófasturinn.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að það fyrirkomulag sem jeg hefi stungið upp á, sje heppilegra, og vonast jeg til að h. deild fallist á það.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Eins og jeg sagði áður, hefi jeg ekki mikið á móti því að breyt.till. h. þm. Húnv. (B. Sigf.) sje samþykkt, og sjerstaklega af því, að það getur verið dálítil ástæða til þess að láta aukapóst fremur ganga út frá póstafgreiðslustað en brjefhirðingarstað. Oss var það kunnugt í nefndinni að póststjórnin vill síðar láta aukapósta ganga út frá brjefhirðingastöðum en póstafgreiðslustöðum, en vjer gjörðum ekki svo mikið úr því, að vjer ljetum hitt eigi sitja í fyrirrúmi að vjer álitum það hagkvæmara að aukapósturinn gengi frá Blönduós en frá Sveinsstöðum. En þar sem nú þingmaður úr því hjeraði álítur það óhentugra, þá er rjett að taka tillit til þess; það er samkvæmt þeirri reglu sem nefndin setti sjer, að fara sem mest eptir óskum kunnugra manna; það mun síðar sýna sig, hvor rjettara hafi haft fyrir sjer h. þm. (B. Sigf.) eða nefndin.

Jeg skal geta þess, að ein bæn lá fyrir frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um fylgdir handa póstinum frá Prestsbakka að Bjarnanesi. Inn á þetta gat nefndin ekki gengið, hún áleit það rjettara að pósturinn sæi sjer sjálfur fyrir fylgdum, því að hún bjóst við að það mundi verða dýrara, ef póststjórnin ætti að fara að semja við einhvern vissan mann um að sjá póstinum jafnan fyrir fylgdum heldur en hitt, að pósturinn tæki sjer fylgdir á þann veg, sem honum þætti bezt haga.

Guðjón Guðlaugsson: Þótt hjer sje reyndar töluvert um að segja, þá skal jeg ekki fara langt út í þetta mál, af

því að því nær engin mótmæli hafa komið fram gegn uppástungum nefndarinnar. Það sem sjerstaklega gaf mjer nú tilefni til að tala, var það, að h. framsögum. (E. J.) gekk inn á það, sem h. 2. þm. Húnv. (B. Sigt) hjelt fram, að óhentugra væri að láta aukapóst ganga út frá brjefhirðingarstað en póstafgreiðslustað.

Jeg þekki að vísu þessa máttlausu grýlu, sem opt hefir komið frá póststjórninni, en jeg sje ekki hvernig á henni stendur. Um leið og nefndin gengi inn á þessa skoðun, yrði hún að stryka út fleiri af breytingum sínum en þessa einu, því að hún hefir sumstaðar annarstaðar gjört ráð fyrir að aukapóstur gengi út frá brjefhirðingarstað. Jeg sje ekki mikinn mun á minni póstafgreiðslustöðunum og stærri brjefhirðingastöðum, og jeg get ekki gjört ráð fyrir að það sje mikill póstur, sem sendur er frá Sveinsstöðum fram Svínadal og Blöndudal, og sama mundi að mestu leyti verða, þótt hann gengi út frá Blönduós. Jeg álít miklu heppilegra fyrir sveitina að hafa póstsamband við Blönduós en Sveinsstaði; það getur t. d. vel komið fyrir, að strandferðaskipið komi með blöð og brjef á Blönduós, og þá getur aukapósturinn borið þetta fram í sveitina. Auk þessa verður aðalpósturinn og aukapósturinn frá Sveinsstöðum samferða nokkuð af leiðinni, en það þykir mjer jafnan óviðkunnanlegt að póstleiðum sje hagað þannig, að póstar þurfi að vera samferða.

Það er eiginlega ekki meiningin að jeg vilji mæla á móti breyt.till. h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.), en því vil jeg mótmæla að það sje nauðsynlegt, að aukapóstar, hvað litlir sem þeir eru, verði jafnan að ganga út frá póstafgreiðslustöðum. Væri þeirri reglu fylgt, mundi hún mjög raska uppástungum nefndarinnar.

Mjer sýndist það litlu varða, hvort aukapósturinn sje heldur látinn ganga að Undirfelli eða Ási; en eigi skil jeg í því, að prófasturinn á Undirfelli geti ekki haft brjefhirðingu á hendi, þar sem ekki er um meira að ræða en þar hlýtur að vera; og þó prófasturinn geti ekki jafnan verið við hendina sjálfur, þá er slíkt altítt á öðrum póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingarstöðum; en brjefhirðingastarfið þar mun varla geta verið vandasamara en svo, að hann geti í forföllum sínum falið einhverjum heimilismanna sinna það á hendur. Póstafgreiðslumaðurinn í Hjarðarholti í Dölum er bæði prestur og hefir verið prófastur, og kvartar enginn undan því að hann leysi eigi póstafgreiðslustarf sitt vel af hendi, og er þar þó ein hin stærsta póstafgreiðsla, og það gengur bæði aðalpóstur og aukapóstur. En að öðru leyti finnst mjer ekki mikið á móti því, þótt deildin samþykki það, að aukapósturinn gangi að Ási, ef sú upplýsing er rjett, að það muni ekki kosta meira, en þótt hann gengi að eins að Undirfelli. Jeg hefði að líkindum haft töluvert að segja um þessar tillögur nefndarinnar, ef mótmæli hefðu komið fram gegn þeim, og jeg hafði búizt við þeim sjerstaklega gegn einu atriði þeirra, en nú hafa þau ekki komið, og því get jeg ekki svarað þeim.

Jeg skal þó minnast á það ákvæði, er gjörir ráð fyrir að sendur sje maður eptir aðalpósti, ef hann er lagður á stað áður en póstskip kemur. Þetta átti sjer stað síðasta vetur, þá kom póstskipið til Reykjavíkur 2—3 dögum eptir að póstar fóru þaðan, og afleiðingin var sú, að brjefin lágu í Reykjavík þangað til næstu póstar fóru þaðan, og kaupmenn og aðrir forretningsmenn gátu ekki svarað brjefum sínum fyr en 8—10 vikum seinna, og allt þetta fyrir þann smásálarskap póststjórnarinnar að

senda ekki mann á eptir póstunum með brjefin; hann hefði þó sjálfsagt getað náð norðanpóstinum í Hrútafirði.

Einn forretningsmaður hjer í bæ var því örari á fje en póststjórnin, að hann sendi gagngjört mann með brjef, sem honum lá á að koma frá sjer, og þessi maður náði í aðalpóstinn; hann gaf þá upplýsingu að hann hefði farið til póststjórnarinnar áður en hann lagði af stað og boðið henni að taka póstskipsbrjefin, að sjálfsögðu fyrir einhverja þóknun, en að hún hefði hafnað því boði. Jeg legg mikla áherzlu á, að þetta komi ekki optar fyrir; það er hægt að setja sig í spor þeirra sem eiga liggjandi áríðandi brjef í Reykjavík svo vikum skiptir; það má geta nærri, hvað óþægilegt slíkt er fyrir þá, sjerstaklega kaupmenn og aðra forretningsmenn.

Jeg minnist því fremur á þetta, sem jeg fjekk áskorun úr minu kjördæmi, þó munnleg væri, um að fylgja því fram að þingið reyndi að fyrirbyggja að slíkt seinlæti með brjefasendingar gæti framvegis átt sjer stað.

Björn Sigfússon: Út af orðum h. þingm. Strandam. (Guðj. Guðl.) vil jeg geta þess, að þó jeg leggi til, að aukapósturinn, sem ganga á í Svínadalinn, fari ekki frá Blönduósi, heldur Sveinsstöðum, þá sagði jeg alls ekki, að það væri aðal-ástæðan, að þar væri póstafgreiðslustaður, heldur gat þess að eins, að póstmeistarinn vildi heldur það fyrirkomulag, og teldi það heppilegra; jeg er líka þeirrar skoðunar, að það sje rjettari tilhögun, þegar svo stendur á, að engir örðugleikar eru á því, vegna vegalengdar eða kostnaðar. — Aðalástæða mín var sú, að það væri að eins til að tefja blöð og brjef, sem þessi póstur ætti að flytja, að láta þau krækja til Blönduóss fyrst. Annars er fjarri því, að mjer sje þetta kappsmál. Jeg gjörði þessa breyt.till. eptir samráði við h. samþingismann minn (Þorl. Jónss.) af því við álitum þetta nokkuð hentugra.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) kvaðst álíta hentugra, að aukapósturinn gengi frá Blönduós vegna viðskipta hjeraðsins við þann stað; en þess er að gæta, að einmitt vegna þessara viðskipta eru ferðir þangað mjög tíðar úr sveitinni, og auðvelt að koma brjefum og blöðum þaðan, svo að varla er hætt við, að þau liggi þar lengi. Hingað til hafa og strandferðaskipin ekki skilað af sjer miklu af brjefum eða blöðum á Blönduós, þau hafa ekki svo opt komið þangað.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) talaði um, að ef aukapósturinn gengi frá Sveinsstöðum, yrði hann aðal-póstinum samferða nokkuð af leiðinni; þessu er eigi svo háttað; aðal-pósturinn gengur út á Blönduós, en aukapósturinn fer norður Reykjabraut.

Viðvíkjandi Vatnsdalspóstinum er þess að geta, að jeg sagði aldrei, að presturinn á Undirfelli gæti ekki haft brjefhirðinguna á hendi, en hitt, að mjer fyndist ástæðulítið, að setja hana upp á mann, sem miklar embættisannir hefði, þegar engin þörf væri á því. — Auk þess álít jeg það nokkuru betra fyrir hjeraðið, að pósturinn gengi alla leið að Ási.

Jeg skal geta þess, að póstmeistarinn taldi það rjettara, að eigi væri fastákveðið, til hvaða staða aukapóstarnir gengju; rjettast væri að ákveða að eins að pósturinn gengi um þetta og þetta hjerað, en fela að öðru leyti póstafgreiðslumönnum í samráði við póststjórnina, að haga ferðum aukapóstanna eptir því, sem hentugast væri álitið.

Halldór Danielsson: Í Mýrasýslu stendur svo á, að þar hafa menn í hyggju, að gjöra töluverða breytingu á póstgöngunum; en bæði er það, að

þessi fyrirhugaða breyting mun ekki hafa mikinn aukakostnað í för með sjer fyrir landssjóð, og í öðru lagi er það enn ekki komið svo langt, að jeg geti komið með ákveðnar breyt.till.

Einar Jónsson: Jeg skal taka það upp aptur, áður en til atkvæða er gengið, til glöggvunar h. þingm. þar sem þeir eru ekki vel kunnugir, að vjer höfum nálega eingöngu fylgt tillögum þeim, sem komið hafa úr hjeruðunum um póstgöngur, og þar sem tillögur þessar hafa verið mismunandi, höfum vjer fylgt þeirri tillögunni, sem oss þótti álitlegust.

1.	liður	samþ.	með	18	samhlj.	atkv.;
2.	—	—	—	17	—	—
3.	—	—	—	16	—	—
4.	—	—	—	17	—	—
5.	—	—	—	17	—	—
6.	—	—	—	17	—	—
7.	—	—	—	18	—	—
8.	—	—	—	17	—	—
9.	—	—	—	18	—	—
10.	—	—	—	17	—	—
11.	—	—	—	17	—	—
12.	—	—	—	16	—	—
13.	—	—	—	17	—	—
14.	—	—	—	15	—	—
15.	—	—	—	17	—	—
16.	—	—	—	15	—	—
17.	—	—	—	17	—	—
18.	—	—	—	16	—	—
19.	—	—	—	15	—	—
20.	—	—	—	15	—	—
21.	—	—	—	18	—	—

Breyt.till. við 22. lið samþ. með 13 atkv.:
22. liður breyttur sþ. m. 16 shlj. atkv.;
Breyt.till. við 23. lið samþykkt með 14 samhlj. atkv.

23.	liður	samþ.	með	17	samhlj.	atkv.;
24.	—	—	—	15	—	—
25.	—	—	—	16	—	—
26.	—	—	—	16	—	—
27.	—	—	—	17	—	—
28.	liður	samþ.	með	16	samhlj.	atkv.;
29.	—	—	—	17	—	—

Tillögunni vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 362); ein umr.

Flutningsmaður (*Pjetur Jónsson*): Jeg hefi ásamt nokkrum öðrum h. þingd.m. leyft mjer að koma með tillögu þessa; má það að vísu sumum undarlegt þykja, að jeg skuli gjörast talsmaður hennar, þar sem jeg er svo ungur í þingmannssessi; en þess er að gæta, að jeg ber hjer enga nýjung fram, heldur er það gömul og góð þingvenja, að senda konungi ávarp, sjerstaklega þegar stjórnarskrármálið hefir verið afgreitt frá þinginu, og þótt það hafi ekki verið sent þaðan að þessu sinni sem lög, þá hefir þó málið verið töluvert rætt og mikið um það hugsað, svo að mjer finnst ekki minni ástæða til, að minnast þess í ávarpi til konungs að þessu sinni, en þegar það hefir verið gjört áður.

Auk þessa eru nýjar og sjerstakar ástæður til þess, að senda konungi ávarp að þessu sinni. Nú er 50 ára afmæli alþingis, og ætti því vel við, að minnast á starf alþingis á þessari liðnu hálfu öld; enn fremur er nú 20 ára afmæli hins löggefandi alþingis, og nýr áratugur að hefjast fyrir því; þessa er vert að minnast. Þess má og geta, að eins og alþingi nú er orðið 50 ára gamalt eins gamlar eru sjálfsstjórnar kröfur vorar og sjálfsforræðis barátta vor. — Nú eru eins konar tímamót. Vjer höfum fengið nokkrum af kröfum vorum fullnægt, og það má vel geta um það, en hins er líka vert að minnast, að eigi höfum vjer þó enn fengið þeim fullnægt á þann veg, eða í svo

fullum mæli, sem vjer höfum óskað. Í sambandi við það er að minnast hinna tíðu lagasynjana, einkum á síðari árum, sem vakið hafa óhug hjá þjóð og þingi.

Um leið og vjer minnumst 50 ára afmælis alþingis, og þess sem í framfara áttina hefir þokað á þessari hálfu öld, þá er eigi hægt að komast hjá, að minnast þessa. Nú eru stór mál að brjótast um hjá þjóðinni; svo kalla jeg samgöngumál vor. Það hefir að vísu að undanförnu verið varið nokkru fje til vegabóta, en nú hyggja menn á enn hærra; nú viljum vjer reyna að fara að verða sjálfstæðir, að því er skipaferðir til samgangna snertir. Mjer finnst ástæða til að vekja athygli og áhuga stjórnarinnar og konungs vors á þessu máli. Það er ástæða til, að vekja máls á öllu þessu, og sjálfsagt fleiru í ávarpi til konungs, það er ástæða til að láta innilega og einarðlega í ljósi óskir sínar og skoðanir í ávarpinu.

Þá væri og vert að láta í ljósi hryggð sína yfir fregninni um sjúkleik konungs, og jeg vona, að það sje af heilum hug talað, þótt vjer óskum, að hann megi njóta góðrar heilsu og hamingjusamrar elli.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 14 gegn 1 atkv.

Kosnir 5 menn til að semja ávarpið. Kosningu hlutu:

Jón Jónsson, þm. Eyf.	með	13	atkv.
Pjetur Jónsson	—	13	—
Sigurður Gunnarsson	—	13	—
Guðjón Guðlaugsson	—	10	—
Þórhallur Bjarnarson	—	9	—

Fertugasti og fyrsti fundur, mánudag 19. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem hafði tjáð forföll.

Frv. til laga um flutning þurfamanna (C. 67, 372); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Þetta mál var svo ýtarlega rætt við 1. umr., að ekki er ástæða til að vera langorður um það nú. Jeg vona, að h. deild hafi glöggvað sig á breyt.till., þær eru ekki svo stórvægilegar; það er að eins breyt.till. við breyt.till., sem hefir nokkra verulega þýðingu, hitt eru frekar orðabreytingar, sem ekki þurfa nánari skýringar við.

Þórður Guðmundsson: Jeg lýsti yfir skoðun minni á þessu máli við hina fyrri umr., og sýndi þá fram á, að sú aðferð við flutning þurfalinga, sem haldið er fram í frumv., mundi varla verða heppilegri en sú, sem nú tíðkast, en jeg hefi litlu þar við að bæta.

En jeg get þó ekki að mjer gert að svara ekki fáeinum orðum h. framsögumanni (Guðl. G.), þar sem hann við fyrri umræðu þessa máls velti sjer með rangfærslum og sterkyrðum út yfir ræðu mína, sem honum er mjög lagið, ef einhver verður svo djarfur að vera á annari skoðun en hann.

H. þm. (Guðl. G.) sagði meðal annars, að jeg hefði borið það á sýslunefndir, að þær kynnu ekki að kjósa hreppstjóra, og að jeg hefði mengað alla kjósendur með því að segja, að þeir kynnu ekki að kjósa í sýslunefndir. Jeg vona, að enginn h. þm. geti fengið það út úr orðum mínum, sem h. framsögum. (Guðl. G.) sagði. Hann sagði líka, að jeg hefði haldið langa lofræðu yfir sjálfum mjer fyrir 20 ára hreppstjórn, en jeg vona sömuleiðis, að deildin hafi ekki skilið orð mín svo; þetta er misskilningur og rangfært af h. þm. (Guðl. G.), sem jeg vil ekki láta sjást ómótmælt í þingtíðindunum. Annars erum vjer ekki komnir hingað til að skattyrðast, og jeg álít, að tíma þings-

ns sje ekki vel varið til tómra orðahnyppinga.

Jeg verð enn að vera á sömu skoðun og fyrri um það, að meðferð á þurfamönnum sje ekki svo ómannúðleg af þeirra hendi, sem það eiga að annast, að um hana þurfi að brúka svo sterk orð, að hún sje ekki betri en á skepnum. Jeg mótmæli því sterklega, að slíkt eigi sjer stað þar sem jeg þekki til, og mjer þykir ótrúlegt, að slíkt eigi sjer heldur stað í Vestur-Skaptafellssýslu, þó þingmaður þeirra beri mönnum það á brýn.

Jeg ætla mjer eigi að svara h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fleiru, og skal eigi þreyta menn meira á umræðum um þetta mál, því það er auðsjáanlegt, að það kemst ekki í gegn á þessu þingi, og getur þá staðið til bóta fyrir næsta þing.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 372 samþykkt með 12 samhljóða atkv.; br.t. 2 á þingskj. 372 samþ. án atkv.gr.

1. gr. frv.	breytt samþ.	m. 13 shlj.	atkv.
2. — —	óbreytt —	— 13 —	—
brt.t. 3 á þskj. 372	—	— 13 —	—
— 4 - — 372	—	— 13 —	—
3. gr. frv. m. áo. br.	—	— 13 —	—
br.tl. 5 á þskj. 372	—	— 13 —	—
— 6 - — 372	—	— 12 : 2	—
5. gr. frv.	óbreytt —	— 13 —	—
6. — —	—	— 13 —	—

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Frumv. til laga um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði (C. 377); 2. umr.

Málið tekið út af dagskrá.

Frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, sem hvíla á Hólmaprestakalli (C. 157, 240); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv. og endursent efri deild.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskráa (C. 225); 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Við hinar fyrri umræður benti jeg á, að margir stórgallar væru á þessu frumv., auk þess, að þessi löggjöf, eins og nú á stendur, er allsendis óþörf. Það var tekið fram af h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að ákvæðin í 1. gr. væru óviturleg — jeg skal ekki brúka sterkari orð. Þar að auki finnst mjer þar vera raskað rjettmætum grundvelli verðlagsskránna, því að grundvöllur þeirra á að vera kaup og sala, en ekki mat. Þetta princip er brotið í 1. gr. Jeg get yfir höfuð ekki sjeð, að frumv. í neinu bæti það fyrirkomulag, sem nú er; t. d. þar sem segir í 1. gr., að ef menn verða ekki ásáttir um verðlagið, »skal meðaltal ráða«, þá er þetta alveg það sama og nú gildir.

Jeg sje ekki, að þetta sje af öðru sprottið en af lyst til að smjaðra fyrir ástæðulausri tortryggni manna, en að semja heilan lagabálk af jafn þýðingarlausum ástæðum á ekki við; það er engin ástæða til þess fyrir hreppstjórana, að tortryggja mat prestanna, og heldur ekki ástæða fyrir prestana, að tortryggja hreppstjórana.

Helzt ætti deildin að fella frumv., en ef hún endilega vill láta það ganga í gegn, þá ætti að fella úr því þau ákvæði, sem eru algjörlega óþörf og jafnvel fara í bága við það, sem er rjettur grundvöllur verðlagsskránna, því þær eiga að byggjast á því, sem er í raun og veru, á hlutfalli verðanna, en þær eiga ekki og mega ekki byggjast á mati.

Það er þetta brot á principinu, sem hjer er lögheimilað í frumv. en það

getur leitt til þess, að gera verðlagsskrárnar enn þá vitlausari og enn þá órjettlátari en þær nú eru.

Þess vegna vil jeg stinga upp á að þriggja manna nefnd sje sett í málið, til þess að laga þá stórgalla, sem eru á frumv. og koma því í brúklegt horf, því eins og það er nú úr garði gert, er það bersýnilega óbrúkandi.

ATKV.GR.: Nefndaruppástungan var borin upp, og felld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Bj. Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eir. Gíslason,	Halld. Daníelsson,
Guðl. Guðmundsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss., A.-Sk.,
Jón Þórarinsson.	Jón Jónsson, Eyf.,
	Ól. Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórður Guðm.son,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundsson.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hefi alls ekki skilið í því kappi, sem tveir h. þingm. hafa lagt á að fella þetta frv.

Það er nú í þriðja sinn, að þetta frv. er fyrir þinginu; það hefir í þetta sinn verið rækilega rætt í h. efri deild; þar var það sett í nefnd og í henni var annar partur stiptsyfirvaldanna, sem er inni í þessu máli, svo það má búast við því, að frumv. sje vel úr garði gert.

Líklega er jeg af þeim, sem hjer eru í deildinni, einna kunnugastur hinum endanlega tilbúningi verðlagsskránna; jeg hefi í 4 vetur verið með í að semja þær fyrir suður- og vesturamtið, og jeg minnist þess vel, hvernig skrárnar líta út og jeg get borið um það, að það er opt hlægilegur munur á verðlagi frá prestum og frá hreppstjórum.

Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um, að frumv. raskaði rjettum grundvelli verðlagsskránna, þá er það ekki rjett, því í frumv. segir að eins: »má þá setja það verð á vörutegundina, er semjendum þykir hæfilegt«. Nú munu margir h. þm. hafa fengizt við að semja verðlagsskrár, svo þeim mun ekki vera ókunnugt um, að þær eru í ýmsum póstum sem stendur alls ekki byggðar á því »faktiska« gangverði, þar sem ýmsar tegundir hafa alls eigi gengið kaupum og sölum, og eru þó settar með verði í skrárnar eptir mati. Munurinn verður þá enginn annar en sá, að eptir frumv. eiga þrír menn í samvinnu að semja skrárnar, þar sem tveir menn áður gerðu það, hver í sínu lagi.

Jeg kann að vísu ekki við þau fyrirmæli frumv., að sýslumenn skuli senda verðlagsskrána fyrir hjeraðið til stiptsyfirvaldanna; jeg vildi helzt sem minnst nefna þá »institution« í löggjöf vorri og tel það heyra beint undir amtmann einan, er æðra vald þarf til staðfestingar og birtingar, en lítið finnst mjer þó úr því gerandi, og jeg get minnt á, að sýslumenn senda nú meðmæli sýslunefnda um styrk til sveitakennara til stiptsyfirvaldanna.

Jeg held sem sagt, að þetta frumv. byggist á nokkurri þörf; það er vitanlega ekkert stórmál, sem hjer er um að ræða, og mjer dettur ekki í hug að fara að gera það að kappsmáli, en jeg sje enga ástæðu til að láta það þvælast lengur fyrir þinginu, og jeg vil þess vegna ráða deildinni til að samþykkja frumv. óbreytt.

Klemens Jónsson: H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) þótti það undarlegt, hve mikið kapp að jeg og annar þm. legðum á það að fella þetta frv. En þá verð

jeg að segja, að mjer þykir það undarlegt hve mikið kapp h. þm.Borgf. leggur á það að fá samþ. svo ómögulegt frv. sem þetta er. H. þm. (Þ. Bj.) neitaði því jafnvel að frv. yrði sett í nefnd, sem þó var ekki stungið uppá í þeim tilgangi að drepa það, heldur til þess að bæta úr því, sem hægt væri.

Við 2. umr. tók jeg ýtarlega fram alla þá galla, sem eru á frv., og jeg hefi enn ekki heyrt, að því, sem jeg sagði þá, hafi verið mótmælt; samt sem áður leggja flutningsmenn frv. allt kapp á að koma því í gegn, þó þeir hafi ekki einu sinni reynt til lagfæra verstu gallana, sem á því eru. Efþeir hefðu kært sig um annað en að berja frv. áfram, hefðu þeir til 3. umr. getað lagfært þetta. En þar sem þetta hefir ekki verið gert, og ekki heldur reynt til að sýna fram á að mótmæli mín sjeu ekki byggð á rökum, þá get jeg ekki annað en greitt atkv. á móti frv. Og ef frv. verður staðfest, sem jeg vona að ekki verði, þá mun þess ekki vera langt að bíða, að það sýni sig, hvort þetta frv. skapar betra fyrirkomulag en það sem nú er.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefir ekki enn verið sýnt fram á að það sje rangt, sem jeg sagði áðan, að frv. raskaði rjettmætum grundvelli verðlagsskránna. Jeg get líka bent á margt í 1. gr., sem eru sannkölluð hráskinnsákvæði, því það má teygja þau eins og hver vill, hvað er t. d. «óvanalega hátt eða lágt verð»? Jeg spái því að þetta frv. leiði til þess fyrir alþýðu, ef það verður að lögum, að verðlag í þessum skýrslum verði hærra en það ætti að vera, og einmitt þetta vildi jeg koma í veg fyrir. Auðvitað er verðlagið komið undir sjerstökum ástæðum í hverju byggðarlagi, en þetta mun samt verða afleiðingin.

I öðru lagi er það óheppilegt að það er nefnd manna, sem á að hafa þetta verk á hendi að semja skrárnar; jeg álít vera meiri tryggingu fyrir því að verkið verði samvizkusamlega gert og í rjettan tíma af hendi leyst, ef sjálfstæðir menn starfa að því, hver í sínu lagi. Einhver hefir sagt, að ef Guð hefði sett nefnd til að íhuga, hvort ætti að skapa veröldina eða ekki, þá væri hún ekki sköpuð þann dag í dag. Jeg er sem sagt hræddur um að nefndin verði sein til framkvæmdanna, því jeg hefi ótrú á nefndum, þegar til þeirra hluta kemur, og jeg trúi betur einum manni til að semja skrárnar heldur en þessari nefnd.

Þórhallur Bjarnarson: Það er mikið rjett hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) að nefnd er opt seinni til framkvæmda en einstakur maður, en yfirburðir nefndar eru viðurkenndir þeir, að málið yfirvegast betur, og hjer er einmitt um slíkt að ræða að gefa sem rjettasta skýrslu. Verðlagið verður eflaust rjettast við samvinnu og samanburð hinna færustu manna í hverju hjeraði. Mig rekur t. d. minni til þess að úr Vestmannaeyjum hafa komið mest samhljóða verðlagsskrár frá presti og sýslumanni, og hvers vegna? Galdurinn var að þeir höfðu borið sig saman, skipað sig sem nefnd. Sú spá h. þm. að verðlag mundi hækka í skýrslunum, ef frv. yrði að lögum, er öldungis í lausu lopti byggð. Jeg get búizt við að verðlagið færist öllu heldur niður, þegar 3 menn í sameiningu, hreppstjóri, prestur og bóndi, kjörinn af hreppsnefndinni, ákveða það.

Nefnd er sá eðlilegi staður til þess að komast að rjettri niðurstöðu, þess vegna er þessu verki bezt komið í nefnd, og jeg ímynda mjer að það yrði til þess að eyða tortryggni og þeirri

eðlilegu freistingu, sem nú er hjá semjendunum, að vega salt á móti því, sem er of eða van hjá hinum, og sem opt verður svo mjög af handahófi.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í heild sinni með 16 : 2 og afgr. til laudshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 381, 386, 389, 390, 400); 3. umr.

Framsögum.(Guðlaugur Guðmundsson): Meiri hluti nefndarinnar hefir komið með breyt.till. á þingskj. 390. Eins og jeg tók fram við 2. umr. lagði jeg ekki neina áherzlu á upphæðina. Frv. kom svo frá Ed. að Kálfafelli skyldu lagðar 300 kr. úr landssjóði, en það var fellt við 2. umr. hjer. Við höfum nú stungið upp á helmingi minna eða 150 kr.

Jeg hefi ástæðu til að ætla, að það fáist nú þegar prestur í kallið, ef þessi uppbót fæst. Jeg hefi áður tekið fram þær ástæður, sem mæla sjerstaklega með 3. gr. frv., að Kálfafellssókn verði gjörð að sjerstöku brauði og brauðinu leggist þessi uppbót, sem breyt.till. fer fram á. Eins og stendur er þessi sókn að kalla má prestsþjónustulaus, og jeg færði skýr og ómótmælanleg rök fyrir, að sókninni yrði ekki þjónað af Prestsbakkapresti og að sóknin hefði sama rjett og aðrar afskekktar sóknir á að fá sjerstakan prest. Það er misrjetti ef 3. gr. verður felld, eins og breyttill. á þingskj. 389 fer fram á. Mjer þykir það undarleg aðferð, að vilja nú breyta því, sem daginn áður er búið að samþykkja með atkvæðagreiðslu.

Um hinar aðrar breyt.till. við frv. þarf jeg ekki að vera langorður. Jeg greiddi sjálfur atkvæði með sameiningunni á Holts og Eyvindarhólaprestaköllum og tók fram ástæðurnar fyrir því. Jeg hefi nú skrifað undir breyt.till. á þingskj. 386 eptir samkomulagi við hina tillögumennina en greiði henni eigi atkvæði. Mjer er það kunnugt, að Holtsprestakall hefir orðið fyrir miklum skemmdum. Tún á 10 hjáleigum, sem liggja undir staðinn, hafa eyðilagzt af vatnagangi, svo að býli þessi eru nú komin í eyði. Þetta er eins og allir sjá mikill skaði og stór rýrnun á tekjum brauðsins.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál að sinni.

Þórður Guðmundsson: Þó að breyttill. á þingskj. 386 fengi ekki nægilegt atkvæðamagn við 2. umræðu, hefi jeg samt leyft mjer að koma með hana aptur. Jeg get ekki sjeð, hvað er á móti því, að Eyvindarhólar fái að vera sjerstakt brauð eins og hingað til hefir verið. Það er ekki brot á neinu lagaákvæði og það er samkvæmt yfirlýstum vilja safnaðarins. Mjer sýnist það vera nokkuð ósamboðið tilætlun og tilgangi þingsins, að breyta lögunum, þegar engin lögleg ástæða er til þess. Hjer er heldur ekki farið fram á nein peningaútlát úr landssjóði — að eins þessar 100 kr., sem farið er fram á að verði eptirgefnar Holtsprestakalli sökum þess að þetta prestakall hefir orðið fyrir svo mikilli tekjurýrnun sökum skemmda á jörðum þess. En sú eptirgjöf er óviðkomandi Eyvindarhólum. Og jeg álít það ekki rjett, að láta Eyvindarhólasókn gjalda þess, þó landssjóður verði að gefa eptir árgjald af öðru brauði, sem hefir orðið fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar. Það eru auðsjáanlega engin jafnrjettindi í því fólgin, að svipta Eyvindarhóla prestsþjónustu fyrir það. Sóknarmenn í Eyvindarhólaprestakalli hafa vitanlega jafnan rjett og Holtssóknarmenn á því að prestur sá, er þeir gjalda, þjóni þeim einum og engum öðrum. Það væri óeðlilegt, ef vinnumaður, sem

jeg hefi vistað upp á umsamið kaup, leigði sig síðar öðrum fyrir borgun, en heimtaði þó allt sitt kaup eptir sem áður óskert hjá mjer. Alveg hið sama á sjer stað með söfnuðinn í Eyvindarhólaprestakalli.

Jeg skal nú ekki þrátta um það, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir hið kirkjulega líf, ef farið væri að slengja saman brauðum þvert ofan í vilja hlutaðeigandi safnaða. En jeg tel það mjög svo varhugavert fyrir þingið að stuðla til þess að fríkirkjusöfnuðir fjölgi, því að mjer sýnist ekki þeir fríkirkjusöfnuðir, sem nú eru, vera til fyrirmyndar. Nú er svo að sjá af brjefi því, sem sóknarnefndin hefir sent hingað, að söfnuðurinn vilji ekki nota þjónustu nokkurs annar prests en Eyvindarhólaprests, ekki af því að þeir hafi neitt á móti presti þeim, sem nú er í Holti — þvert á móti — hann er af öllum vel metinn og vandaður og góður maður, heldur af því, að þeir þurfa að hafa innan sóknar einhvern leiðandi mann — mann, sem sameinar krapta sveitarinnar og gengur í broddi sóknarmanna. Og það vita allir, að prestarnir hjer á landi eru helztu og beztu leiðtogar og frömuðir sinna safnaða í andlegum og veraldlegum efnum, og að það er því mjög svo mikið í það varið fyrir söknirnar að hafa sinn prest út af fyrir sig.

Þar sem nú þessi sveit fremur en aðrar sveitir hefir þörf á nýtum og dugandi presti, vona jeg að hin h. d. samþykki ekki sameininguna, en taki vilja safnaðarins fyllilega til greina.

Guðjón Guðlaugsson: H. þm. V-Sk. (Guðl. Guðm.) gerði þá athugasemd við breyt.till. á þingskj. 389, sem jeg og aðrir þm. höfum undirskrifað, að það væri óviðfelldið, þegar menn vildu breyta því eptir 1 dag, sem þeir hefðu samþ. deginum áður. Það er nú reyndar satt, en hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. 3. gr. var sem sje samþykkt með að eins 1 atkvæðis mun og auk þess var greinin borin undir atkvæði í tvennu lagi, og þeir sem samþykktu fyrri hlutann gátu búizt við, að hann mundi falla, ef síðari hlutinn ekki yrði samþ. En að við greiddum atkvæði á móti 3. gr. frv. við 2. umr. kom af því, að við álítum ekki rjett að fjölga prestaköllum, nema það sje óumflýjanlega nauðsynlegt. En jeg verð að segja það, að jeg hefi hvorki af hinum fyrirliggjandi skjölum málsins nje að ræðum þm. V-Sk. (Guðl. G.) getað sannfærzt um nauðsynina á stofnun þessa brauðs. En á hinn bóginn mundi sú verða afleiðingin — ef þetta væri samþykkt — að víðar mundi þykja nauðsyn á, að stofna sjerstakt prestakall og það enda jafnvel með talsverðri uppbót úr landsjóði, og yrði þá erfitt fyrir þingið að segja, hvar skyldi staðar numið, þegar það einu sinni væri komið á þá hálu braut.

Jeg hefi fengið upplýsingar um það hjá þm. V-Sk. (Guðl. G.) að Kálfafellssókn sje mjög tekjurýr, að eins um 450 kr. og með 150 kr. uppbót úr landssjóði yrði brauðið þá alls metið á 600 kr. En að stofna sjerstakt prestakall með 600 kr. tekjum finnst mjer ekki ná neinni átt. Því þegar litið er til þess, hvaða afleiðingar það hefir, að brauðin eru svo fátæk að þau ekki geta fætt presta sína, nefnilega þeirra afleiðinga að þeir fátæktar vegna ekki geta komið svo fram, sem stöðu þeirra hæfir, þá er auðsætt að þeir hljóta að tapa virðingu sinni í augum yfirboðara sinna og undirmanna. Og að samþ. þau lög, sem auðsjáanlega hljóta að hafa þær afleiðingar, tel jeg sama sem að slá enn meiri rýrð á prestastjettina en nú er.

Jeg get ekki búizt við að h. deild

sje svo ósamkvæm sjálfri sje, að fella breyt.till. mína og samþ. 150 kr. uppbótina. Rjettast er að fella 3. gr. frv. alveg.

Sighvatur Árnason: Jeg vil fyrst geta þess, að ártalið á breyt.till. á þingskj. 409 á að vera 1896 en ekki 1895. Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 386 um að fella burt 1. gr. frumv., þá ætla jeg ekki að fjölyrða um hana. Ef h. deild fellir 1. gr., þá kemur til greina breyt.till. mín á þingskj. 409, jeg vil því fara nokkrum orðum um hana. H. þm. er kunnugt, að á lestrarsalnum hefir legið frammi bænarskrá frá prestinum í Holtsprestakalli um að fá afnumið 100 kr. árgjald af brauðinu, og til stuðnings þeirri beiðni er skjal frá stiptsyfirvöldunum dags. 9. júlí næstliðinn, sem mælir mikið með þessari beiðni sakir skemmda á prestssetrinu og á jörðum prestakallsins o. fl., sem hefir gjört brauðið mikið rýrara en áður var. Sömuleiðis fylgir álitsskjal frá 2 kunnugum mönnum, sem hafa lýst skemdum þessum og rýrnan brauðsins yfir höfuð og h. framsögum. (Guðl. Guðm.) drap líka nokkuð á þetta atriði, og færði sönnun fyrir því á rjettan hátt. Tún staðarins er að mestu leyti eyðilagt, sem gaf áður af sjer um 200 hesta af töðu; þessar skemmdir hafa orðið að mestu leyti í tíð núverandi prests. Engjar staðarins hafa rýrnað mjög, því Holtsós hefir skorizt niður og þar af hefir leitt uppþornun og sandágang, svo engjarnar hafa rýrnað um fullan þriðjung. Ennfremur varð prestakall þetta fyrir því óhappi, að kirkjan þar fauk og brotnaði, svo það hefir orðið að byggja hana upp aptur á öðrum stað og taka stórlán til þeirrar byggingar. Í afborgun og vexti af því láni verður prestur að borga fullar 100 kr. úr eigin vasa, fyrir utan það sem tekjur kirkjunnar leggja til. Það er eigi of sagt, að prestakallið hafi rýrnað stórum. Eitt er enn, 10 býli af jörðum staðarins eru lögð í eyði, eins og tekið er fram í álitsgjörðinni. Tún þau, er á þessum jörðum voru, eru alveg farin, engjar sumstaðar líka næstum alveg farnar, en sumstaðar nokkuð eptir. Jeg lít svo á þetta mál, að jeg hafi fullar ástæður til að mæla fastlega með því að árgjaldið sje afnumið, einmitt af því að jeg er öllu þessu nákunnugur.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg vildi svara h. þm. Strand. (Guðj. G.) nokkru. Jeg verð að benda á, að hjer eru mjög sjerstaklegar ástæður til þess að Kálfafellssókn verði gjörð að sjerstöku prestakalli, enda kom líka nefndinni saman um að svo væri. Jeg hefi áður minnzt á þetta, getið um hin mörgu stórvötn þar; en til ýtarlegri stuðnings vil jeg með leyfi h. forseta lesa upp kafla úr skýrslu prófastsins í Vestur-Skaptafellssýslu, sem hefir verið prestur þar í 11 ár, einmitt í þessum umræddu söknum, og hefir á annexíuferðum optar en einu sinni komizt í hreinasta lífsháska, og er allt annað en deigur ferðamaður. Hann segir svo: »Þegar eptir sameininguna kom það brátt í ljós, að enginn vegur var að þjóna Kálfafellssókn frá Prestsbakka og bar einkum tvennt til þess. Fyrst það, að vegalengdin er svo mikil, hátt á 5. mílu, og mörg stórvötn á leiðinni; má sjerstaklega nefna Hverfisfljót«. Það væri þó sök sjer ef »presturinn gæti — bætt upp um sumartímann með tíðari messugjörðum, það sem á brysti að vetrinum til. En því er eigi hjer að skipta, þar sem hið ferjulausa Hverfisfljót er aldrei verra yfirferðar en á sumrin og um miðsumarið jafnaðarlegast allsendis ófært, eða beinasti lífsháski fyrir menn og skepnur að fara yfir það, þó farið sje«.

Mjer er kunnugt um, að þetta er rjett, að Hverfisfljót er svo, að jafnvel vanir menn eru stundum mjög lengi að komast yfir það. Prófasturinn færir ennfremur það dæmi að 1883, seinasta árið, sem Jón prof. Sigurðsson lifði, var messað að eins einu sinni á Kálfafelli frá páskum til jóla. Auk þess er sá annmarki að »Prestsbakkasókn eða hið forna Kirkjubæjarklaustursprestakall, er svo umfangsmikið brauð út af fyrir sig og svo örðugt, að ungur maður, fullhraustur, gjörir eigi betur en þjóna því, svo í nokkru lagi sje. Það er dagleið frá austri til vesturs eða frá Orrustustöðum að Skál, og jafnlangt frá norðri til suðurs eða frá Brattlandi að Arnardranga í Landbroti«. Kálfafellssókn er því alveg sama sem prestslaus í mörgum kringumstæðum, t. d. við þjónustu sjúkra. Og eins og prófastur segir í brjefi sínu: »Það er tilfinnanlegt fyrir söfnuðinn að verða að borga öll prestsgjöld fyrir jafn ófullkomna þjónustu eins og hjer verður að eiga sjer stað«. Hjer eru því alveg sjerstakar ástæður, sem varla eru til annarsstaðar á landinu. Vondir fjallvegir eru ekki berandi saman við jökulvötn á sumrin, þau eru verri viðfangs en langar heiðar.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að launin væru svo rýr, að sjerstakur prestur mundi ekki geta þrifizt þar; satt er það að brauð þetta mundi vera rýrasta brauð á landinu — það er að segja á pappírnum. En sóknarbúar eru vel efnaðir og skilvísir menn, svo presturinn mundi fá tekjur sínar vel greiddar. Annað er það, að ábúðarjörðin er ágæt; þó hún gefi ekki af sjer meiri vexti en 200 kr. að peninga mati, þá segi jeg satt, að jeg vildi heldur eiga Kálfafellið en tvennar 5000 kr. Hún er bæði góð og notasæl, og meðan þar var sjerstakt prestakall var sagt, að prestunum þar vegnaði einkar vel. Nú býr þar ekkja Jóns sál. prófasts Sigurðssonar, sem auðvitað hefir hvorki afl nje efni til að nota jörðina til fulls, og þó líður henni mjög vel þar. Auðvitað þyrfti presturinn að hafa dálítið til að koma undir sig búi, en jeg þekki svo sóknarbúa, að þeir eru hjálpsamir menn og mundu fúsir hlaupa undir bagga með prestinum sínum. Jeg er sannfærður um, að þó brauðið sje rýrt á pappírnum, þá er það þó fullt eins affarasælt og brauð, sem eru metin miklu hærra. Hinn núverandi prestur á Prestsbakka hefir lýst því yfir, að hann ekki áskilji sjer neina uppbót þó Kálfafellsprestakall sje gjört að sjerstöku prestakalli. Enn fremur skal jeg geta þess, að jeg tel líklegt að um þetta brauð mundi sækja kandídat nú á næsta ári.

Jeg vona því, að breyt.till. verði felld.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vildi óska, að jeg þyrfti sem sjaldnast að greiða atkv. um kirkjumál hjer á þingi. Flest þau mál eru eitthvað í þá áttina að breyta prestakallalögunum, en jeg vildi sem minnst raska við þeim, því þau lög voru samin til rjettarbótar, og áttu að geta staðið um lengri tíma, og vildi jeg lofa þeim að halda sjer þangað til kirkjan fengi sjálf að ráða sínum lögum og lofum. En úr því að jeg þarf að greiða atkv., þá mun jeg greiða atkv. með því, að 1. og 3. gr. falli burt. Reyndar ætlaði jeg mjer fyrst að greiða atkv. með sameiningu Holts og Eyvindarhóla, af því að jeg hjelt að allt mundi faila í ljúfa löð, en þegar mótmæli sóknarnefndarinnar í Eyvindarhólaprestakalli komu gegn sameiningunni, þá vil jeg ekki taka að mjer að ábyrgjast afleiðingarnar. Er hvað 3. gr. snertir, að kljúfa eitt prestakall sundur í tvö, þá kann það að vera satt, að

maður fáist í svipinn til að þjóna Kálfafelli með þessari litlu uppbót úr landssjóði, en þótt jeg sje ekki mikill spámaður, þá skyldi mjer ekki koma það óvörum, þótt sá hinn sami kæmi eptir 1—2 ár og beiddist frekari uppbótar á brauðinu, og þá mundi sýnast sanngirnis krafa að gjöra að beiðni hans og bæta við laun prestakallsins (*Guðl. Guðm.*: Jeg segi nei). Það geta verið knýjandi ástæður til að segja ekki nei, og að þingið verði að taka tillit til 45. gr. stjórnarskárinnar, að ríkið eigi að styðja og vernda kirkjuna. Jeg get t. d. tilfært Hólmaprestakallið, að þar gat jeg ekki staðið á móti því að þingið veitti einhverja tilslökun, þar sem brauð þetta hafði orðið fyrir svo sjerstökum áföllum. Hvað þetta fyrirhugaða Kálfafellsprestakall snertir, þá mundi það verða minnsta brauð á landinu, því þó allt sje teygt, mundi það varla ná 600 kr. og verða þannig tekjurýrara en lægsta brauðið sem nú er, sem mun vera Þykkvabæjarklaustur. (*Guðl. G.*: Eitt bezta brauð á landinu).

Jeg hefi ekki fleira að segja í svipinn, en álít mjög heppilega reglu fyrir þingið, að láta prestakallalögin ganga sjer til húðar; það mundi spara þinginu mikið þras og tíma, því að þetta breytingabrask minnkaði, þegar því væri ekki sinnt.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætla að eins að tala fá orð, er jeg gleymdi áðan, viðvíkjandi breyt.till. um, að 1. gr. frv. falli burt, að mjer virðist það nokkuð skrítið, að vilja nú halda því fram að lögleiða, að Eyvindarhólaprestakall falli undir Holtsprestakall, þar sem búið er að veita Eyvindarhóla prestaskólakandídat, og hann er ekki enn þá búinn að afsala sjer því, og þótt svo fari að hann afsali sjer því, getur annar maður sótt um brauðið, en fari svo, að það verði ekki og enginn sæki um það, getur það fallið undir þjónustu prestsins í Holti sem fyr. Jeg efast ekki um að h. þingdm. sje nú orðið ljóst, hvað það er byggt á gildum rökum að sameina ekki þessi prestaköll, sem hjer ræðir um.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefir látið í ljósi, að hann væri hræddur við, að samþykkja það, að gjöra Kálfafell að sjerstöku prestakalli vegna þess, að á næsta þingi mundi koma ný beiðni um landssjóðsstyrk handa því, og tók til samanburðar Hólmaprestakall, og hjelt því, að þá mundi ekki vera hægt að segja nei. En jeg skal benda honum á, að þótt tekjur Kálfafells mundu verða nokkuð lágar, yrði þeim þó allt öðruvísi varið en í Hólmaprestakalli, og miklu síður hætt við rýrnun en þar. Tekjurnar, sem rýrnað hafa í Hólmaprestakalli, eru fólgnar í hlunnindum, dúntekjunni, sem hefir fallið í verði, og svo í stofnun fríkirkjusafnaðarins. En á Kálfafelli er því allt öðruvísi varið. Þar er ekki hætt við slíkri rýrnun, og jörðinni er ekki hætt við neinum áföllum, og að því leyti er það ólíkt Hólmaprestakalli. Þó prestakallið verði tekjulítið, álít jeg það lífvænlegt, enda munar litlu um tekjurnar af því og lægsta prestakalli landsins, sem nú er, nefnilega Þykkvabæjarklaustri, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók til samanburðar. Tekjur þess eru 637 kr. 51 eyrir eða nálægt, að eins 37 krónum hærri en þessa fyrirhugaða prestakalls, og þó er Þykkvabæjarklaustur viðurkennt eitt notasælasta prestakall landsins. Bújörðin er farsæl og aðal-tekjur brauðsins eru tekjur af hinum fornu klaustrum. — Hvað mannfjölda snertir, þá eru að eins nálægt 20 manns fleira í Þykkvabæjarsókn en Kálfafellssókn. Og þegar Þykkvabæjarklausturs presta-

kall fær 100 kr. uppbót úr landssjóði, þá er það nokkuð hart, að neita Kálfafellssókn um sama rjett.

Auk þess er töluvert hægra, t. d. að þjóna Þykkvabæ frá Ásum í Skaptártungu en Kálfafelli frá Prestsbakka, því frá Ásum til Þykkvabæjarklausturs er ekki nema 3 stunda reið, en 4—5 stunda reið frá Prestsbakka að Kálfafelli. Reyndar er eitt stórvatn á leiðinni milli Ása og Þykkvabæjar, nefnil. Hólmsá, en á leiðinni frá Prestsbakka að Kálfafelli eru einnig jökulvötn t. d. Hverfisfljótin, sem eru lítið betri all-opt. Auk þess er aðgætandi, að mörg brauð eru lágt metin, en eru þó affarasælli en hærri brauðin, svo sem t. d. Goðdalir í Skagafirði, sem metnir eru 770 kr., og það eru enda sum brauð, sem metin eru 1000—1200 kr. eða nálægt tvöfalt meira en Kálfafell, sem munu alls ekki reynast affarasælli.

Jeg man svo ekki meira, sem jeg þarf að taka fram í svipinn, en vona, að menn sjái, að óskin eptir að sókn þessi sje gjörð að sjerstöku prestakalli er alls ekki gjörð að ófyrirsynju, þar sem söfnuðurinn er því nær sem prestslaus nú sem stendur.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar prestakallamálið var fyrir þingi og fjallað var um frumvarp það, sem lögin um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880 eru sprottin af, hafði nefndin, sem þá fjallaði um málið á þinginu, fyrir augum, að fækka heldur prestunum á landinu. Þetta hefir mælzt mjög misjafnlega fyrir, og ýmsar þær breytingar á prestaköllum, er þá voru gjörðar, ekki þótt heppilegar, enda leið ekki á löngu áður bænir tóku að koma til þingsins um, að leysa sum prestaköll í sundur, og stofna sjerstök prestaköll. Jeg játa fúslega, að það er eitt af stórmeinum vorum, hvað vjer verðum að hafa marga presta, en það er eins og margt annað byggt á staðháttum og strjálbyggð landsins, og af sömu ástæðum verðum vjer að hafa yfir höfuð fleiri embættismenn en aðrar þjóðir. — Jeg get tekið undir með h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að jeg vildi að þingið gæti staðið fast á móti breytingum á prestakallalögunum nú fyrst um sinn, því þá mundu koma færri bænir frá söfnuðunum um breytingar, og að fjölga prestunum, því jeg held, að ef ríkið og kirkjan væru aðskilin og söfnuðirnir ættu eingöngu að sjá fyrir prestum sínum, að þá mundu söfnuðirnir ekki biðja um eins marga presta og nú, ef söfnuðir ættu sjálfir að launa þeim beinlínis að vísu. — Er líklegt, að þá fengi kirkjan að halda gózum sínum, en fje það, er hún er styrkt með úr landssjóði, yrði dregið saman eða inn í landssjóð, og þá er jeg viss um, að söfnuðirnir vildu hafa færri presta en nú. — En meðan svona stendur á, sem nú er, að ríkið og kirkjan eru sameinuð, finnst mjer nauðsyn brjóta lög, að verða við áskorun einstakra safnaða, og svo er með stofnun hins nýja prestakalls, sem er verið að ræða um. Jeg álít ekki útlát að samþykkja, að 1. grein frumv. falli burt, enda ætti það ekki að hafa fjárútlát í för með sjer, þótt hætt sje við, að síðar kunni að verða beðið um styrk handa Eyvindarhólaprestakalli. — Samt álít jeg óeðlilegt, að samþykkja sameiningu Holts og Eyvindarhóla, þegar búið er að veita Eyvindarhólaprestakallið nýlega, og söfnuðurinn hefir mælt á móti sameiningunni, og þó jeg greiddi atkvæði með því við 2. umr., þá gjörði jeg það af því, að jeg hjelt, að h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) væri það ekkert kappsmál, þar sem h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) greiddi ekki atkvæði með því, og tók jeg mjer það til inntektar við atkvæðagreiðsluna.

En hvað það snertir, að fella burtu 3. gr. frumv., þá virðist mjer nauðsyn brjóta lög, að gjöra Kálfafell að nýju prestakalli, eptir upplýsingum þeim, sem h. framsögum. (Guðl. Guðm.) hefir gefið í málinu. — Auðvitað verða hjer útlát fyrir landssjóð, ef breytingaratkv. er samþykkt um, að veita brauði þessu 150 kr. á ári. — Auðvitað var upphæð þessi hærri áður, og hefði jeg aldrei greitt atkvæði með þeirri upphæð eins og hún stóð upphaflega í frumv.

En þegar um það er að ræða, að brauð þetta verður æði tekjulítið, þá er það alveg rjett, sem h. framsögum. (Guðl. Guðm.) tók fram, að þegar bújörðin er góð, þá er það meira virði en þó tekjur brauðsins væru metnar töluvert hærri en bújörðin rýr, og auk þess liggur staður þessi langt frá kaupstað og er þar af leiðandi laus við miklar heimsóknir og gestagang, og það hefir líka all-mikla þýðingu, því það mun all-mikill munur á, hvað líf manna í afskekktum hjeruðum t. d. í Skaptafellssýslu verður kostnaðarminna — og ekki sízt embættismanna — en annarsstaðar í landinu, þar sem fjölfarnara er og fólksfleira. En þótt nú sje von um, að einhver muni sækja um brauð þetta, þá getur þó svo farið, að enginn fáist til að fara þangað, þegar hann fer þaðan aptur lifandi eða dauður. — En samt sem áður greiði jeg atkvæði móti því, að 3. gr. frumv. falli burt, því að söfnuðurinn á eins heimting á presti og aðrir söfnuðir landsins meðan svo stendur sem nú um samband ríkis og kirkju.

Einar Jónsson: H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) minntist á atkvæði sitt, hvað snerti uppbótina til Hólmaprestakalls og við þetta frumv., og þó sjerstaklega 3. gr. þess og færði sem sjerstakar ástæður fyrir, að hann hefði verið með því, að gefa eptir af árgjaldinu til Hólmaprestakalls, það sem stæði í 45. grein stjórnarskrárinnar, að »hið opinbera eigi að styðja og vernda kirkjuna«. — En þegar jeg hugsa um þessa grein, þá virðist mjer hún eiga enn betur við þetta frumv., einkum 3. grein þess, heldur en nokkurn tíma við frumv. um bætur á Hólmabrauði, því að hjer er einmitt farið fram á, að styðja kirkjuna í almennari skilningi en þar. Hjer er að ræða um, að styrkja kirkju og kristindóm í heilli sókn, sem hefir litla sem enga prestsþjónustu, en þar var að ræða um, að styrkja einstakan mann, sem stendur í þjónustu kirkjunnar, og hefir orðið fyrir ófyrirsjáanlegum tilfinnanlegum tekjumissi af brauði sínu. Jeg álít að vísu rjett, að sinna bæn hans, en enn rjettara þykir mjer, að sinna þessu máli.

Jeg álít, að vjer eigum ekki að eins að sjá um það, að einstakir menn verði ekki fyrir halla, heldur og einkum og sjer í lagi, að kirkjan sjálf bíði ekki skaða, og á því byggi jeg atkvæði mitt með að greiða atkvæði með því, að stofna hið nýja prestakall.

Aptur á móti greiði jeg atkvæði móti sameiningu Holts og Eyvindarhóla. eins og á stendur með það mál nú.

Þórhallur Bjarnarson: Gagnvart h. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) verð jeg að minna á, að jeg lagði aðal-áherzluna á það, að halda sjer við prestakallalögin óbreytt, og gat því verið með bráðabirgðarstyrk til eins prestakalls, sem nú er samkvæmt gildandi lögum, þótt jeg ekki vilji stofna nýtt prestakall með fyrirsjáanlegum afleiðingum um frekari kröfur til landssjóðs seinna meir, sem jeg benti á.

Eiríkur Gíslason: H. framsögum. (Guðl. G.) hefir fært ýmsar ástæður fyrir því, hve mikil þörf væri á, að skipta í sundur Prestbakka prestakallinu og hve örðugt væri að þjóna Kálfafelli

frá Prestbakka. Jeg er samdóma honum um, að það kunni að vera all-miklum erviðleikum bundið, en jeg þekki það ekki nema eptir hans eigin orðum þar sem hann segir, það vera 4—5 tíma ferð. Við þessi ummæli hins h. framsögum. (Guðl. Guðm.) skal jeg athuga það, að jeg þekki annexíuleiðir fleiri en eina, sem telja má fulla 6 tíma ferð og það yfir torsótta fjallvegu að fara. Vötn eru auðvitað mikill farartálmi, en illir fjallvegir og óvarðaðir eru að mínu áliti engu minni farartálmi.

Jeg mun því ekki greiða atkvæði með 3. gr. nje breytingartill. á þingskj. 390 um 150 kr. uppbót vegna þess, að jeg er hræddur um, að þá muni koma raddir úr ýmsum öðrum hjeruðum í líka átt, þar sem ef til vill engu minni erviðleikum er bundið fyrir söfnuði að nota presta eður fyrir presta að inna af hendi verk sín, heldur en einmitt þar eystra. — Jeg get tekið til dæmis Ásmundarstaðasókn, Stað í Súgandafirði og Hellnasókn á Snæfellsnesi og fleiri sóknir, þar sem mjög örðugt er að fá þá prestsþjónustu, sem þeim er ákveðin eptir prestakallalögunum. Og meira að segja, jeg hefi sjálfur í höndum áskorun frá sóknarmönnum í Kolbeinsstaðasókn um að sú sókn verði gjörð að sjerstöku prestakalli, en mjer dettur ekki í hug, að bera hana fram, enda þó að mjer sje kunnugt um, að það er mikið áhugamál fyrir hlutaðeigendur og margt mæli með því. — En þar sem slík breyting á hinni núverandi skipun Miklaholtsprestakalls eðlilega hlyti að hafa í för með sjer all-mikil útgjöld fyrir landssjóð, þá mundi það eigi ná fram að ganga hjer í deildinni; enda óttast jeg, að óskir um sama komi þá víða annars staðar að. Og af því, að jeg verð að álíta, að Kálfafell þurfi, til þess að geta verið sjerstakt prestakall, styrk úr landssjóði, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt, að gjöra það að sjerstöku brauði, því þá mundu rísa upp fleiri sóknir, þar sem eins væri ástatt.

Hvað snertir breytingartill. á þingskjali 386, þá hefi jeg skrifað undir hana með 5 öðrum h. þingm., enda þótt jeg sje á þeirri skoðun, að ekki sje ókleyft að þjóna Eyvindarhólum frá Holtsprestakalli; eptir því, sem staðháttum hefir verið lýst þar eystra af þeim, sem bezt þekkja þar til, þá þykir mjer þó ekki gjörandi, að samþykkja þessa sameiningu þvert ofan í þá skýlausu yfirlýsingu safnaðarins í Eyvindarhólaprestakalli, að hann vilji ekki nota prestsþjónustu frá Holti. — Jeg álít það hrein og bein rangindi gagnvart söfnuðinum, að ákveða með lögum slíka sameiningu. Enda er jeg í engum efa um, að óskir mundu koma á næsta þing frá söfnuðinum í Eyvindarhólaprestakalli um, að fá þessu breytt.

Annars hafa h. þm. Rangv. (S. Á. og Þ. G.) talað svo fyrir máli þessu, að jeg finn enga ástæðu til, að fara út í það nákvæmar, en jeg treysti því að eins, að hin háttv. þingdeild aðhyllist breytingartillögu okkar á þingskjali 386.

Einar Jónsson: H. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) vildi standa svo fastur á grundvelli prestakallalaganna, að hann vill helzt ekkert breyta þeim. En jeg álít ekki nauðsynlegt, að halda sjer svo fast við þau, því jeg held að allir verði að viðurkenna, að þau sjeu ekki heppileg eða hafi ekki tekizt sem bezt, og það sýna hinar mörgu bænir, sem komið hafa til þingsins um, að fá þeim breytt. Af hverju eru söfnuðirnir óánægðir með prestakallalögin? Af því,

að óskum þeirra hefir ekki verið gaumur gefinn, og flestir þeir söfnuðir, sem hafa verið lagðir undir önnur prestaköll, hafa lýst óánægju sinni yfir því, þar sem það hefir verið gjört að þeim fornspurðum. Og jeg er sannfærður um, að enginn af þeim söfnuðum, sem hefir verið óheppilega sameinaður við önnur prestaköll, mundi hafa gefið atkvæði með því, sem þingið gjörði 1879 Þannig heyrðum vjer áðan h. þingm. Snæf. (E. G.) minnast á einn söfnuð. sem vildi fá breytingu á prestakallalögunum, og jeg er sannfærður um, að fleiri söfnuðir mundu æskja hins sama, ef þeir vissu ekki, að þingið heldur svo fast við prestakallalögin, að þar er erfitt að fá nokkru breytt.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) vildi nú ekki taka mikið til greina þessar óskir safnaðanna, en aptur á móti vill hann fylgja fram ósk safnaðarins í Eyvindarhólasókn um að sameinast ekki Holti, þó að það sje vitanlega miklu hægri sameining en mörg önnur sameining, sem á hefir verið komið. Jeg sje nú ekki, hvaða samkvæmni er í því, því að jeg fæ ekki sjeð, að ósk þessa safnaðar sje sterkari eða á betri rökum byggð, en ósk safnaðarins í Kálfafellssókn um að hún verði gjörð að sjerstöku prestakalli.

Jeg hygg helzt eptir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um Holt og Eyvindarhóla, að mikið mæli með, að sameina þær sóknir, og að það sje tiltölulega hægt að þjóna Eyvindarhólum frá Holti. Ef Eyvindarhólaprestakall væri ekki þegar veitt, og þeir formgallar væru ekki á þessu máli, að það hefir ekki komið fyrir hjeraðsfund, þá sæi jeg ekkert sameiningunni til fyrirstöðu. En eins og nú stendur á, álít jeg ekki rjett, að gjöra hana að lögum. En samt sem áður verð jeg að álíta þessa sameiningu eina hina hægari og með skynsamlegri sameiningum brauða. Jeg vil alls ekki standa svo fast á grundvelli prestakallalaganna frá 1880, að jeg sje á móti breytingu á þeim, þegar jeg sje, að hennar þarf við, og hvað Kálfafellssókn snertir, þá þykist jeg sjá, að hjer sje svo brýn nauðsyn á breytingu, að jeg hlýt að verða með henni, og hvað fjárframlagið frá landssjóði snertir, sem að eins er 150 kr., þá er það ekki mikið, því jeg álít ekki hættulegt fyrir landssjóð, þó varið væri fáeinum þúsundum króna til að bæta úr prestaskorti á þeim stöðum, þar sem svo miklir örðugleikar eru, að söfnuðirnir fá sár-litla prestsþjónustu, og jeg álít, að miklum upphæðum sje opt ver varið úr landssjóði en því fje væri varið.

Jeg vil að síðustu geta þess, að jeg vænti ekki svo mikils fagnaðar eða framfara í kirkjulegum efnum af aðskilnaði ríkis og kirkju, eins og sumir gjöra. Jeg ætla að vísu ekki að fara langt út í það mál hjer, en að eins geta þess, að mín skoðun er, að það mundi ekki hafa tilætluð áhrif á kristindóminn í landinu, sakir þess, að fríkirkja mundi illa geta notið sín vegna þess, hve strjálbyggt er hjer, og þar af leiðandi lítið fjör í öllu fjelagslífi voru. En svo bezt mun fríkirkja þrífast, að fjelagslífið sje fjörugra en hjer yfir höfuð að tala, samgöngurnar til muna greiðari og áhugi manna á málefnum sínum sterkari og fjörugri en títt er hjá oss.

Það mun því óhætt að bíða með fríkirkjuna, þangað til þetta er orðið eitthvað breytt til muna.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þótti undarleg ræða h. þm. Snæf. (Eir. G.), þar sem hann var að bera saman fjallvegi og vötn. Hann er ekkert kunnugur stór-vötnum, og getur því ekkert um þau dæmt, en jeg er eins kunnug-

ur fjallvegum eins og hann og margfalt kunnugri vötnum en hann. Hann nefndi 2 sóknir, Hellnasókn og Kolbeinsstaðasókn. Jeg þekki þær báðar, og get ákaflega vel borið þær saman við Kálfafellssókn. Það mun vera Fróðárheiði, sem h. þm. Snæf. (Eir. G.) átti við. Hún kann að vera hættulegur fjallvegur, en jeg hefi sprett-riðið hana á 1½ klukkustund. Kolbeinsstaðar sóknarmenn veit jeg ekki til, að hafi yfir neinar torfærur að sækja til síns prests, því að jeg tel þessar ár á Vesturlandi engin vatnsföll í samanburði við stórar jökul-ár. Það sem h. þm. Snæf. (Eir. G.) að öðru leyti sagði um þessar sóknir, sem hann nefndi, sannfærir mig um, að hvergi sjeu jafnmiklir örðugleikar á að þjóna annexíum eins og á að þjóna Kálfafelli frá Prestsbakka.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), sem stendur svo fast á prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, vil jeg minna á, að þingið hefir opt vikið frá þeim lögum, og skal jeg nefna eitt dæmi þess, að þingið hefir aðskilið aptur prestaköll ekki vegna fólksfjölda, heldur eins og hjer er ástatt, vegna vegalengdar og torfærna. Þykkvabæjarklausturspresta-kall, sem upphaflega náði yfir Þykkvabæjarsókn og Langholtssókn samkvæmt prestakallalögunum 27. febr. 1880, 1. gr. 24. lið, var með lögum 12. janúar 1884 aðskilið í Þykkvabæjarklausturs-prestakall og Meðallandsþing, og var Meðallandsþingum lagt 300 kr. tillag úr landssjóði. — Það, sem hefir ráðið þessum aðskilnaði, hefir eflaust verið það, að Kúðafljót rennur milli þessara prestakalla, og Kúðafljót er talsvert »populerara« en Hverfisfljót og Brunná, en er þó í raun og veru ekki hættulegra en þessar ár.

Jeg álít fullt svo erfitt að þjóna Kálfafelli frá Prestsbakka, eins og Langholti í Meðallandi frá Þykkvabæjarklaustri, og sje því ekki síður ástæða til að skilja Kálfafellssókn frá Prestsbakkaprestakalli en að skilja Langholtssókn frá Þykkvabæjarklaustursprestakalli.

Sighvatur Árnason: Það kemur svo fyrir mínar sjónir þetta mál og þær breytingartill., sem fyrir liggja, að jeg vildi, eptir því sem jeg þekki til, helzt að það fengi allt samþykki þingsins.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) þótti ekki eiga við, að breyta prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 vegna þess, að málið um aðskilnað ríkis og kirkju væri í vændum. En jeg lít svo á, að það mál eigi mjög langt í land, og því sje eigi gjörlegt að fresta því, að laga misfellurnar á prestakallalögunum þangað til það mál er komið í kring.

Jeg skal geta þess viðvíkjandi 1. gr., sem talað hefir verið um að fella burtu vegna þess, að meiri hluti sóknarmanna er á móti sameiningunni, að jeg álít samt sem áður, að sameiningin sje í sjálfu sjer vel gjörleg. Prestakallið yrði að visu mannmargt, en vegalengd ekki mjög mikil nje torfærur miklar. Vegalengd frá Holti til Eyvindarhóla er ekki meiri en svo, að ríða má þá leið hæglega á 1½ klukkustund. Þetta sýnir, að sameining þessara prestakalla er í sjálfri sjer tiltækileg. En á hinn bóginn er svo ástatt, sem víðar mun vera, að ef presturinn fjelli frá eða forfallast, og annar prestur ætti að þjóna brauðinu til bráðabirgða, þá yrði sú þjónusta næsta erfið fyrir nágranna-prestana, þar sem Jökulsá á Sólheimasandi er á aðra hliðina, en Markarfljót á hina.

En hvað sem um þetta er, þá lít jeg svo á, að það sje mjög varhugavert, að steypa saman brauðum, þar sem mikill fjöldi sóknarmanna er því mótfallinn, og hjer er líka þess að gæta,

að Eyvindarhólaprestakall liggur undir veitingu nú. Menn segja að vísu, að sá kandídat, sem hefir veitingu fyrir því, ætli sjer ekki að fara þangað, en hann hefir sjálfur sagt mjer, að hann mundi ekki segja því lausu undir öllum kringumstæðum fyr en í næstu fardögum, með því líka, að hann á ófengna veitingu fyrir því brauði, sem hann sækir um á ný. Jeg álít því ekki vel tiltækilegt að sameina þessi prestaköll í þetta sinn.

Þá skal jeg að eins minnast á aðskilnað Kálfafellssóknar og Prestsbakkasóknar í Vestur-Skaptafellssýslu. Eptir því sem jeg þekki til vegalengdar og torfærna á þessu svæði, þá hefir h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) lýst því mjög rjettilega. Það skal jeg líka taka fram, að frá því fyrsta, að jeg hefi heyrt talað um Kálfafell í Fljótshverfi, hefi jeg heyrt talað um það sem eina hina beztu bújörð á Suðurlandi, en á móti góðri bújörð má leggja margar krónur í tekjum, svo framarlega sem presturinn kann að nota jörðina.

Eiríkur Gíslason: Jeg verð að leiðrjetta þann misskilning h. þm. V-Sk. (Guðl. G.) að jeg hefði verið að bera saman erfiðleikana á að þjóna Kálfafellssókn frá Prestsbakka og að þjóna Kolbeinsstaðasókn frá Miklaholti. Þetta voru með öllu röng ummæli hjá h. þm. Mjer datt ekki í hug að bera þetta saman, heldur gat jeg þess að eins að jeg hefði í höndum bænarskrá frá búendum í Kolbeinsstaðasókn um það, að sú sókn yrði gerð að sjerstöku prestakalli, en hún er, eins og kunnugt er, með lögum 27. febr. 1880 lögð undir Miklaholtsprestakall; og una sóknarmenn því fyrirkomulagi mjög illa.

Það sem jeg var að bera saman við Kálfafell, var Ásmundarstaðir á Sljettu, Staður í Súgandafirði og Hellnasókn á Snæfellsnesi. H. þm. gat þess, að hann væri kunnugur leiðinni frá Hellnasókn til Ólafsvíkur og því til sönnunar gat hann þess, að hann hefði farið yfir Fróðárheiði. Af því að jeg af þessu sje, að hinn h. þm. er nauðaókunnugur því, sem hann þykist þekkja, þá skal jeg honum til athugunar geta þess, að vegur sá, sem hjer er um að ræða, er yfir fjallveg þann, er heitir Kambsskarð; og er sá fjallvegur mjög erfiður og hættulegur yfirferðar. Ef farið er yfir Fróðárheiði, þá er vegurinn miklu lengri þangað sem presturinn í Nesþingum býr en vegurinn er frá Kálfafelli til Prestsbakka, að því er h. framsögumaður hefir sjálfur skýrt frá.

Jeg skal ekki þrátta við h. þm. V-Sk. (Guðl. G.) um það, hvort örðugra sje að fara yfir fjallvegi eða vötn. Hann er kunnugri stórvötnum en jeg, þar sem hann býr í mesta vatnahjeraði landsins. En jeg get ekki fallið frá því, að það er opt erfitt að fara embættisferðir yfir torsótta og óvarðaða fjallvegi.

ATKV.GR.: Breyt.till. þingskj. 386 samþ. 14 : 2 atkv.; breyt.till. þingskj. 409 felld með 13 : 4; breyt.till. þskj. 389 samþ. með 12 : 10 atk.; að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Eir. Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jensson,	Halldór Daníelsson,
Jón Jónss. þm. A-Sk.	Jens Pálsson,
Jón Jónss þm. Eyf.	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Sighv. Árnason,
Pjetur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Tryggvi Gunnarss,	Þórð. Guðmundss.,
Valt. Guðmundsson,	Þorl. Guðmundsson.
Þórður Thoroddsen,	
Þórhallur Bjarnars.	

Þar með breyt.till. þingskj. 390 fallin.

Frv. í heild sinni samþ. með 14 samhlj. atkv. og endursendist Ed.

Frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (C. 194, 289); 2. umr.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg á br.till. á þingskj. 289, þar sem jeg legg það til að orðin «til heimilisnotkunar» falli burt úr 2. málsgrein í 1. gr. frumv.. og er meiningin sú, að einnig skuli vera heimilt að brugga til sölu öltegundir, sem eigi hafa meira en 2° styrkleika. Það getur komið sjer vel, einkum í kaupstöðum, að geta fengið keypt hvítt öl, sem er bezti svaladrykkur, eins og þeir þekkja, sem eru vanir þessum drykk í útlöndum, en fyrir það er tekið með frv. eins og það er orðað. Auk þess kunna einstöku menn í kaupstöðum að hafa svolitla atvinnu við hvítölsbruggun, sem ekki er vert að hepta, enda hugsanlegt að sú atvinna heldur aukist með útbreiðslu bindindisins.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi skýrt h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) frá því utan þings, að jeg hefi ekkert á móti breyt.till. hans við þetta frumv.

Það mun vera svo, að bakarar brugga nú slíkar öltegundir hjer og selja þær, og jeg sje ekkert á móti því.

Að því er snertir sjálft frumv., þá tók jeg fram stefnu þess við 1. umr. og gat þess, að allir mundu geta sameinað sig um það, bæði bindindismenn og ekki bindindismenn. Jeg skal sjerstaklega taka það fram, að fyrir bindindismenn er þetta mál töluvert mikilsvert. Í öðrum löndum eru það hin miklu ölgerðarhús, sem sum kosta margar milljónir, er gjöra það erfitt að koma fram bindindislögum og aptra drykkjuskapnum, því eigendur ölgerðarhúsanna, sem hafa marga menn í sinni þjónustu, gjöra allt, sem þeir geta, til þess að halda mönnum í drykkjuskaparhelsinu.

Slíkt eigum við ekki við að stríða hjer. En af því víntollurinn er nokkuð hár og getur hækkað enn meir, þá er alls ekki ólíklegt að einhverjir kynnu að hugsa um að koma ölgerðarhúsum hjer á stofn, og þar sem þing er ekki haldið nema annaðhvort ár, þá er eins varlegt að draga ekki að leggja bann fyrir slíkar skaðræðisstofnanir. Það sem hjer ræðir um, skerðir ekki atvinnurjett neins manns, sízt ef breyttill. kemst að, og allstaðar þar sem þessi atvinnuvegur er rekinn, þar er hann skaðlegur löndunum, meðal annars af því, að hann gleypir afurðir landanna og breytir þeim í skaðlega verzlunarvöru. Þó það kunni að vera, að þessi lög sjeu ekki beinlínis nauðsynleg nú, þá geta þau gjört mikið gagn í framtíðinni.

Annað, sem svona lög fyrirbyggja, er heimilisbrennslan, sem allstaðar er viðurkennd að vera til mikils skaða. Því það áfengi, sem búið er til heima, er venjulega miklu verra en það, sem gjört er á hinum stóru ölgjörðarhúsum, því bæði er við heimabrennsluna blandað í áfengið annarskonar efnum og svo eru áhöld öll þar miklu ófullkomnari en á hinum reglulegu ölgerðarhúsum.

Jeg vona að h. þingd. samþykki frv. og leyfi því að ganga áfram.

Valtýr Guðmundsson: Það er með þetta mál eins og sum önnur mál í líka stefnu, að mjer finnst ekki ástæða til að samþykkja það.

Hjer á landi eru hvergi búnir til vínandadrykkir og því er ekki ástæða til að semja lög eins og þessi eða að banna það, sem ekki er gjört. H. flutningsmaður (Guðl. Guðm.) tók það fram, að þetta frumv. svipti engan mann atvinnurjetti, þar sem þessi atvinna væri hjer ekki til.

En þó farið væri að setja hjer á stofn ölgerðarhús, þá skil jeg ekki, hversvegna eigi má reka þessa atvinnu hjer eins og að láta alla þá peninga

fara út úr landinu, sem eytt er í vínföng. Hjer eru ekki svo margar atvinnugreinir, að rjett sje að fyrirbyggja að nýar geti komizt upp. Jeg sje ekki að það sje á rökum byggt, að útiloka landsmenn frá þessari atvinnu, en láta alla peninga, sem borgaðir eru fyrir vínföng, fara út úr landinu.

Það væri annað mál, ef með þessum lögum væri fyrirbyggð nautn áfengra drykkja, en það er alls ekki. Ef hjer hefði verið að ræða um þungan skatt á ölgjörð, þá hefði jeg getað verið með. En jeg sje ekki að þetta frv. hafi annan tilgang en að fyrirskipa að allir peningar, sem menn framvegis láta fyrir vínföng, skuli fara út úr landinu og banna landsmönnum að njóta atvinnu af tilbúningi þessara drykkja. Jeg sje ekki að það sje rjett að banna þessa atvinnu, eins og jeg get ekki sjeð að rjett væri að banna að snúa hjer vindla t. d. Hjer er eytt vindlum fyrir 34,000 kr. á ári, þar af borgum vjer helminginn fyrir að búa vindlana til. Væri nú rjett að banna Íslendingum sjálfum að flytja inn tóbakið, en snúa vindlana sjálfir og mynda þannig atvinnuveg, sem gæfi af sjer 17,000 kr. á ári.

Flutningsm. Guðlaugur Guðmundsson: Jeg þarf nú í rauninni ekki að svara h. þm. Vestm. (V. G.), því jeg held að ræða hans sje byggð á svo veikum grundvelli, að það sje ómögulegt að tala um hana í alvöru. Hann sagði að þessi lög væru ekki til annars en að útiloka landsmenn frá því að hafa arð af brennivínsgerð. H. þm. hefði átt að bera þessa spurningu öðruvísi upp fyrir sjálfum sjer, og setja í stað landsmanna: þjóðfjelagið, og spyrja svo sjálfan sig: Hefir þjóðfjelagið arð af því að bruggað sje brennivín í landinu?

Hann segir sjálfsagt sama og áður, en jeg segi: Nei, það hefir engan arð af því, heldur tjón. Því að 1. úr hverju er brennivín búið til? — Matvælum. Margt af innfluttum vörum, kartöflum, korni, sykri, mundi ganga til þess, og við það mundu þær auðvitað hækka í verði. Þetta er enginn hagur fyrir þjóðfjelagið því að framleiðsla okkar er ekki svo mikil, að það sje gerandi að kasta henni í brennvínsgerð.

Svo er það annað atriði, og það er aðalástæðan, að það mundi auka mjög mikið drykkjuskapinn. Þeir sem brennivínið gerðu mundu spyrna á móti því að drykkjuskapur minnkaði, einmitt af þeirri ástæðu, að það er þeim óhagur. Þess háttar «Privatinteresser» eru sterkar, eins og sjest á því, að af þeim spannst það frv., sem hjer kom nýlega inn á þing og fjekk 6 atkv.! Nei, jeg álít að slík stofnun geri mikinn skaða en beri engan arð, því þess ber vel að gæta, að atvinnugrein getur fært einstökum mönnum fje, en verið þó skaðleg þjóðfjelaginu í heild sinni.

Slíkar atvinnugreinar höfum við lagt hapt á á þinginu, og eigum að hepta, og eitt þeirra er brennivínsgerð, sem við þurfum að fyrirbjóða. Það er líka gert allstaðar annarsstaðar, jafnvel í Danmörku, bóli hinnar blindu brennivínstrúar.

Jeg sje ekki að það hafi verið annað en þetta í ræðu h. þm., eða að hún sje byggð á öðru, og þykist jeg hafa svarað því.

Þar sem hann var að tala um tóbak í sambandi við þetta, þá er það allt annað mál; samanburðurinn hefði svo að eins verið rjettur, ef öl væri flutt inn á tunnum eða flöskum. Hjer er ekki verið að tala um framleiðsluheldur tilbúning einnar tegundar. Jeg sje ekki annað en lögin sjeu tímabær, vegna þess, að það gæti vel komið fyrir, að brennivínsbruggun verði sett á stofn innan skamms, þó engin sje

til nú sem stendur, — ef lögin ekki komast á. H. þm. Vestm. (V. G.) játaði að landssjóði væri skaði að drykkjuskapnum í rauninni, jeg get tekið undir það, jeg get fullvissað h. þm. um að það er ómetanlegur skaði; þó að einn maður hafi tekjur við það, þá er þjóðfjelaginu ómetanlegur skaði að því. Það er bezt að byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann, því að það mun erfiðara að semja lög um þetta, þegar þessi atvinnugrein er komin á stofn. Og jeg sje ekkert á móti því að gera það á þessu þingi.

Valtýr Guðmundsson: Jeg verð að álíta, að samanburður minn á tóbaks- og víngerð sje alveg rjettur, af því að flest, sem annars er notað til brennivínsgerðar, er aðflutt, eins er með tóbakið, það sem til þess er brúkað mundi líka verða aðflutt; og jeg sje ekki að af brennivínsgerð mundi leiða hækkun á þeim vörum, sem til þess yrðu hafðar, heldur jafnvel þvert á móti, þessar nauðsynjavörur mundu lækka í verði eptir því sem meira væri flutt inn af þeim. Það stendur þess vegna alveg eins á. Auðvitað er víndrykkja eða rjettara sagt óhófleg áfengisnautn þjóðfjelaginu til skaða, en skaðinn að því leyti yrði jafnmikill, hvort sem það væri innflutt frá útlöndum. En hann verður enn þá meiri við það, að allt það fje, sem gengur til vínkaupa, rennur út úr landinu.

Mjer er þetta annars ekki neitt kappsmál, en vildi að eins benda á þetta.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg held að þetta frumv. yrði ekki skaðlegt, þó það yrði að lögum, því að minnsta kosti verða 50 ár þangað til að brennivínsgerð kemst á hjer á landi. Hjer vantar öll skilyrði fyrir því, að víngerð geti þrifizt. (*Valtýr G.*: Þá eru þau óþörf). Já, einmitt, þau eru algerlega óþörf. Jeg get ekki skilið, að hjer rísi upp slík atvinna, því að önnur lönd eru svo langt um hentugri til þess en Ísland, og á meðan er hægt að selja brennivín þaðan langt um ódýrara en það sem hjer væri búið til. Brennivín er aðallega búið til úr kartöflum og mais. Maisinn þyrfti að flytja inn og hingað til hefir kartöflurækt verið svo lítil, að mörg ár munu líða, þangað til svo mikið verður af þeim, að menn hafi mikið afgangs til brennivínsgerðar. Þar að auki eru áhöld til brennivínsgerðar afar dýr. Jeg sje því ekki, hvers vegna menn skyldu vilja fara að flytja sig úr öðrum löndum til þess að stofna hjer brennivínsgerð. Auðvitað yrði lagður jafn hár bruggaraskattur á brennivíns- og ölgerðarmenn, sem svarar innflutningstollinum.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg skal strax taka það fram gagnvart h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.), að það eru ekki nema 4 ár síðan, að það var í áformi að stofna hjer bjórgerð. Og núna er hjer í bænum maður, það er sama, hvort það er karl eða kona, sem fyrir stuttu hefir haft í huga að koma sjer upp brennivínsgerð; jeg ímynda mjer, að h. þm. (Tr. G.) þekki það eins vel og jeg. Svo að jeg tek fram með áherzlu, að þessi lög eru ekki óþörf; þau eru ekki óþörf frá sjónarmiði landssjóðs og mjög þörf frá sjónarmiði bindindismanna. Jeg held fast við það, sem jeg hefi áður sagt, að afleiðingar brennivínsgerðar hjer mundu verða hækkun á nauðsynjum, og jeg ímynda mjer, að hver, sem þekkir verzlunarhagi vora, muni taka með mjer í þann strenginn, að þær hækki æði mikið í verði.

Viðvíkjandi samanburði h. þm. Vestm. (V. G.), þá held jeg því fram, að brennivínsgerð og tóbaksgerð verði alls eigi borin saman, og alls ekki með tilliti til afleiðinganna, því að þótt sömu tjár-

upphæð væri eytt í hvorttveggja, þá er munurinn þó sá, að tóbakið skilur eptir vitið, en brennivínið fer með það, en jeg skal ekki segja, hvað h. þm. (V. G.) verðleggur það hátt í peningum fyrir þjóðfjelagið, að halda vitinu í meðlimum sínum.

Fleiru hefi jeg ekki að svara, jeg vona að h. deild gefi málinu greiðan gang; og jeg verð að halda því fast fram, að það sje komið fram á rjettum tíma og sje alls ekki óþarft.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 289 samþ. með 15 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorð. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. gr. óbreytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; fyrirsögnin samþ. án atkv.-gr.

Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um ferðir landpóstanna (C. 407); síðari umr.

ATKV.GR.: Tillagan í heild sinni samþ. umræðulaust með 18 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um sjerstakan erindreka fyrir Ísland (C. 378); hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umr.

Tryggvi Gunnarsson: Má jeg stinga upp á, að það sje engin umræða höfð um þetta mál?!

Forseti: Nei, hvað! Ein umræða. Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umræðu. Og vil jeg biðja þá h. þm., sem samþykkja það, að gera svo vel og standa upp.

ATKV.GR.: Samþ. með 12 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um eyðing refa (C. 380); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Ein umr. samþykkt í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um námsstyrk Íslendinga við háskólann í Kaupmannahöfn (C. 388); hvernig ræða skuli.

Ein umr. samþ. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um gagnfræðakennslu (C. 236, 373); ein umr.

Valtýr Guðmundsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með breyt.till. við þessa þingsályktunartillögu. Jeg hefði helzt óskað, að deildinni hefði gefizt kostur á að ræða mál þetta í því formi, sem það kom frá hendi stjórnarinnar. Jeg get ekki dulizt þess, að mjer þykir aðferð h. efri deildar skrítin. Jeg efast um, að það verði komið á fót gagnfræðakennslu í latínuskólanum, án þess að það hafi kostnað í för með sjer. — Hjer er nú farið fram á þá breytingu, að gagnfræðakennslan fari að eins fram í 2 bekkjum. Við álítum það eigi nægilegt, — allt of stuttan tíma til þess að kennslan geti orðið til verulegs gagns, einkum þegar haft er tillit til þess, að piltar koma illa undirbúnir í skólann. Þriggja ára gagnfræðakennsla hjer mun samsvara 4 ára kennslu í Danmörku, því þó að skólatíminn sje styttri hjer, þá eru piltar vanalega eldri og þroskaðri, þegar þeir koma hjer í skóla, en erlendis, nema ef til vill í Reykjavík og í grennd við skólann. Þeir geta því lært meira hjer en ytra á jafnstuttum tíma og að öllu öðru jöfnu. Þar er altítt, að piltar taki lokapróf um fermingu.

Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer að fara fram á, að gagnfræðakennsla fari fram í 3 bekkjum skólans.

Mjer finnst málið vera nú mjög ólögu-

legt og jeg skil ekki, að það sje hægt að framkvæma neitt til gagns í því án fjárframlags. Jeg skoða ekki þingsályktunina frá efri deild svo, að við nokkuð verði hægt að gera í málinu. Held helzt, að stjórnin geti eigi gert annað en lagt nýtt frumv. fyrir þingið. Þá vildi jeg, að gagnfræðakennsla kæmist á í 3 neðstu bekkjunum, en lærð kennsla í 4 þeim efstu. Piltar ættu að fylgjast að í sumum námsgreinum í neðri bekkjum, í sumum gætu þeir verið aðskildir. Þannig er það haft í Danmörku. En auðvitað þyrfti þá að auka kennslukraptana að mun og mjer finnst því tillagan ómöguleg, nema því að eins að fje sje veitt til kennslunnar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Einungis skal jeg taka það upp aptur, að jeg legg áherzlu á það, að kennslan fari fram í þrem bekkjum en ekki tveimur, því að í 2 bekkjum getur hún ekki orðið að neinu verulegu gagni.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 373 felld með 11 : 6 atkv. Tillagan felld með 10 : 10, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Halldór Daníelsson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Sighv. Árnason,
Guðl. Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Tr. Gunnarsson,
Jón Jónsson, Eyf.,	Valt. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þórð. Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Þórð. Thoroddsen,
Þórh. Bjarnarson.	Þorl. Guðmundsson.

Tillaga til þingsályktunar um skipun læknahjeraðanna (C. 363); ein umr.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og mönnum er kunnugt, eru læknaskipunarlög vor ekki gömul, þau eru frá 15. okt. 1875. Í þeim eru ákveðin 20 læknishjeruð hjer á landi. Þegar þau voru samin, varð mikil framför frá því sem áður var, einkum fyrri hluta þessarar aldar, þegar að eins 4 læknar voru á landi hjer. En þrátt fyrir þá miklu bót, sem fjekkst á læknaskipuninni með áðurnefndum lögum, kom það brátt í ljós, að menn voru ekki allskostar ánægðir. Það leið ekki langt um, áður en beiðnir fóru að koma fram um það, að læknahjeruðunum væri fjölgað. Menn voru farnir að finna til þess, hve mikilsvert það er, og hve nauðsynlegt fyrir heilbrigðina, að hafa sem flesta lækna.

En með lögunum var hjeruðunum skipað svo niður, að þau voru ójöfn að stærð og þar af leiðandi misjafnlega hægt fyrir menn að ná í lækni. Eptir því sem tímarnir hafa liðið, hefir og margt breyzt frá því sem upphaflega var, fólksfjöldi rjenað á sumum stöðum, vaxið aptur á hinum. Bænarskrár um stofnun nýrra læknishjeraða fóru því snemma að koma til þingsins úr ýmsum áttum. Þær áttu nú í fyrstu örðugt uppdráttar hjer á þingi, menn horfðu í þau auknu útgjöld, sem slíkt mundi hafa í för með sjer, án þess þó að neita nauðsyn þessa máls. Loks tók þingið það ráð, að fara að stofna hin svokölluðu aukalæknishjeruð. Síðan það hefir byrjað á því, hafa á hverju þingi borizt úr ýmsum áttum bænaskrár um stofnun nýrra aukalæknishjeraða og þingið hefir alltaf tekið svo vel í þær, að nú eru stofnuð 13 aukalæknishjeruð, og nú á þessu þingi er von á 3 nýjum að auki. Þessi vegur, að stofna aukalæknishjeruð, er góð bót, því með honum er að miklu leyti bætt úr þörfinni. En þrátt fyrir það, er þó þessi stefna þingsins, þessi aðferð, að stofna aukalæknishjeruð eptir bæn hlutaðeigandi hjeraðsbúa, í ýmsum greinum miður

heppileg og hefir að mínu áliti á sjer tvo aðal-annmarka. Hinn fyrri er sá, að þetta verður nokkurskonar handahófsverk. Þegar einhver sveit þykist þurfa læknis, þá biður hún eðlilega um hann og það hvort heldur sú þörf er ímynduð eða sönn; þingið í heild sinni, sem í mörgum tilfellum þekkir lítið til og veit ekki um nauðsynina, sem fyrir hendi er, veitir í flestum tilfellum hið umbeðna, þegar það á nokkurn hátt sjer sjer fært. Það hefir líka sýnt sig, að þingið hefir sumstaðar ekki tekið rjett í strenginn, neitað stundum því sem þörf var á og veitt þar sem lítil eða engin þörf var. Þannig má það til sanns vegar færast, að stofnun þessara hjeraða hefir víða verið af handahófi gjörð. Sumstaðar hafa svo stórar sneiðar verið teknar af aðal-læknishjeruðunum, að hjeraðslæknirinn hefir minni kaflann eptir, sumstaðar hafa aukalæknishjeruðin aptur á móti verið óvanalega lítil. Það, hve hjeruðin eru misjöfn að stærð og þar af leiðandi, hvað sum hjeruð eru vel sett með lækni, sum illa, og hve sumir læknar hafa örðug embætti, sumir tiltölulega náðug, er galli, sem laga þarf.

Hinn annmarkann tel jeg launin. Aukalæknum hafa verið ætlaðar 1000 kr. laun hverjum; þessi laun álít jeg alltof lítil eins og til hagar hjer á landi, bæði út af fyrir sig, og sjerstaklega borin saman við laun lækna í aðalhjeruðunum. Hjeraðslæknar hafa, eins og kunnugt er, flestir 1500 kr., þeir sem eru í kaupstöðum 1900 kr., og auk þess hafa þeir ein hlunnindi, sem vel má taka með í reikninginn, rjett til eptirlauna. Þetta er of mikill munur og þarf lagfæringar við. Þessar 1000 kr. voru líka í fyrstu að eins skoðaðar sem styrkur til praktíserandi lækna og var ætlazt til, að hlutaðeigandi hjeruð bættu aukalækninum upp þessi litlu laun. Ennfremur var það álitið, að aukalæknar væru ekki bundnir við hinn lága taxta hjeraðslækna að því er verk þeirra snertir og ferðir. En það hefir orðið sú raun á, að hjeruðin hafa ekki bætt aukalæknunum upp þessi laun og vegna fátæktar landsbúa hafa aukalæknarnir ekki sjeð sjer fært að hafa hærri taxta en hjeraðslæknar.

Aðal læknar hafa eptirlaunarjett af 1500 kr.; svo framarlega sem þeir sitja í embætti í 30 ár, þá hafa þeir 1000 kr. árlega í eptirlaun eptir gildandi lögum. Ef reiknað er út, hvað aukalæknir þarf að draga af launum sínum árlega til þess eptir 30 ára þjónustu að geta haft þessi sömu eptirlaun í samfleytt 10 ár eptir að hann hefir sagt af sjer, þá verða það hjerumbi 300 kr. á ári. Maður getur því sagt, að laun aukalækna samanborin við laun hjeraðslækna sjeu að eins 700 kr. árlega. Í umræðunum um annað mál hjer í dag var það álitið ólífvænlegt fyrir presta að hafa svo lág laun, og þá er það líklega líka fyrir læknana. Þegar launin eru svona lág, geta menn ekki búizt við, að aðrir taki að sjer þennan starfa en þeir, sem einskis annars eiga úrkosti. Hinir leita heldur annarsstaðar fyrir sjer. Þegar þar við bætist, að sumstaðar á landinu eru aukalæknar skipaðir í kaupstöðum, þar sem miklar samgöngur eru við önnur lönd og því hætt við aðfluttum sóttum, er landinu getur staðið voði af, en maður á hinn bóginn ekki getur ætlazt til að duglegir og góðir læknar sæki um svona illa launað embætti, þá er það ljóst, að hjer þarf lagfæringar við.

Það þarf að jafna stærð hjeraðanna, auka laun aukalækna sumstaðar, sjerstaklega þar sem duglegan lækni þarf. Sum af hinum núverandi aukalæknishjeruðum þarf að gera að aðal-læknishjeruðum. Og að endingu þarf að fjölga

læknahjeruðunum. Úr því alltaf er verið að senda bænarskrár til þingsins um aukalæknishjeruð, þá er bezt að taka upp eins mörg af þeim og landið getur borið, einu sinni fyrir allt.

Vera má, að einhver furði sig á því, að við flutningsmenn þessarar tillögu höfum ekki lagt fyrir þingið frumvarp til nýrra læknaskipunarlaga. Við vorum líka framan af þingtímanum að hugsa um það, en eptir nákvæma athugun urðum við á því, að það væri lítt fært fyrir okkur, sakir þess, að við álítum, að við ekki værum svo kunnugir um land allt, að við gætum gjört þetta svo í nokkru lagi færi; og þó við færum að leita okkur upplýsinga hjá öðrum þingmönnum, þá gæti svo farið, að þær yrðu ekki sem áreiðanlegastar, eða ekki samkvæmar vilja manna heima í hjeruðum. Okkur fannst því sá vegur ekki eins heppilegur og þessi, að skora á stjórnina að rannsaka þau mál. Hún hefir milli þinga nóg tækifæri til að leita sjer upplýsinga. Sá rjettasti vegur fyrir stjórnina til undirbúnings þessa máls er að okkar áliti sá, að hún leiti upplýsinga hjá sýslunefndum um, hvar lækna sje þörf, sjerstaklega í hlutaðeigandi sýslu, safni svo þessum upplýsingum saman og búi til eptir þeim frumv. og leggi fyrir næsta þing, og eigi að eins frumvarpið, heldur einnig þessar skýrslur sýslunefndanna.

Eptir samtali við ýmsa þingmenn efa jeg ekki, að menn sinni málinu og þarf því ekki að tala frekara um það.

ATKV.GR. Tillagan samþ. með 18 samhljóða atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Fertugasti og annar fundur, þriðjudag 20. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. S.-Þing. (Pjetur Jónsson), er tjáð hafði forföll.

Frumv. til laga um hagfræðisskýrslur (C. 367, 401); ein umr.

Framsögumaður (*Jón Jensson*): Jeg hefi engu við að bæta það sem stendur í nefndarálitinu. Þar er skýrt frá því, að h. Ed. hafi engar verulegar breytingar gjört á frumv.; það er að eins ein breyting, sem nokkuð kveður að, og sem fer í þá átt að stjórninni veitist heimild til að heimta skýrslur um selveiði og laxveiði, fuglatekju og dúntekju, og álítur nefndin ekki að gengið sje of nærri mönnum eða heimtað of mikið, þótt heimtaðar sjeu skýrslur um þetta, en skýrslurnar geta aptur á móti hatt talsverða þýðingu fyrir almenning. Önnur breyting á frumv. er mjög lítilfjörleg og í raun og veru ekki annað en leiðrjetting á prentvillu, er komizt hafði inn í frumv., eptir að það var samþ. hjer í deildinni, eins og nefndarálitið skýrir nákvæmar frá. Nefndin getur því eigi annað en ráðið til að samþ. frumv. óbreytt.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu nœmra sjúkdóma (C. 310, 405); ein umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 311); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði (C. 377); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg skýrði frá því við 1. umr. þessa máls, hvernig ástatt væri þar sem farið er fram á að á þessi sje brúuð, og lýsti því yfir, að jeg vildi gjarnan heyra tillögur og álit hæstv. landsh. um þetta mál. Jeg skal því nú taka það stuttlega upp aptur, sem jeg sagði þá. Það hefir verið gjörð mæling og áætlun um brúarstæðið og stöpulbygginguna af manni, sem vanur er við steinbyggingu, og hann áætlaði kostnaðinn við stöplabygginguna 7000 kr. Svo bárum við það undir verkfræðing landsins hr. Sigurð Thoroddsen, hvað brú á þessum stað mundi kosta og gizkaði hann á 20 þús. kr., en til þess að hafa upphæðina nógu rúma, þá höfum við stungið upp á 35 þús. kr. Hjer er alls ekki að ræða um að skipa stjórninni að brúa þessa á, og því síður ákveðið, hvar eða hvenær það eigi að verða, og þess vegna er það engin hætta, að samþ. þetta frumv.; því þótt undirbúningurinn sje ónógur, þá mun stjórnin sjá um, að hann verði gjörður. Jeg get sem sagt ekki búizt við, að frumv. þetta verði að lögum nú á þessu þingi, tímans vegna, en jeg vildi gjarnan heyra álit hæstv. landsh. á málinu, og ef undirtektir hans undir það yrðu góðar, þá þætti mjer málinu vel komið að þessu sinni.

Landshöfðingi: Eins og h. flutningsm. (J. Jónss.) er kunnugt, þá hefir engin rannsókn verið gjörð á brúarstæði á þessari á, sem hægt sje að byggja á tillögur um brúargjörð á henni. Það yrði því fyrst að láta verkfræðing landsins skoða brúarstæðið og gjöra áætlun um kostnaðinn við brúargjörð. Hinsvegar efast jeg ekki um að full nauðsyn sje á þessari brúargjörð, jafnvel þótt brúarstæðið sje ekki á aðalpóstleið. En stjórnin getur ekki upp á sitt eindæmi ákveðið brúargjörð annarsstaðar en á aðalpóstleiðum, en ef löggjafarvaldið samþ. brúargjörð annarsstaðar á kostað landssjóðs, þá mun stjórnin ekkert hafa á móti því. Jeg hefi allt af verið hlynntur því að brúa sem flestar ár, og ef verkfræðingur landsins gæti komið því við að skoða og gjöra áætlun um brúarstæði á Jökulsá í Axarfirði fyrir næsta þing, þá hefði jeg ekkert á móti því, að leggja það til, að frumv. um það verði lagt fyrir næsta þing. En hvort verkfræðingurinn getur komið því við á næsta ári að fara á þennan stað, kemur undir því, hvernig strandferðirnar verða, því að fara landveg svo langa leið er bæði mjög kostnaðarsamt og svo má hann eigi missast í burtu svo langan tíma, sem til þess þarf. Hefði jeg vitað þessa ráðagjörð í tíma, þá hefði hann ef til vill getað rannsakað optnefnt brúarstæði nú þegar í sumar. Það er sem sje í ráði að hann fari norður um land og austur í Múlasýslu, og þá hefði hann ef til vill getað farið í land á Húsavík og landveg þaðan og austur og rannsakað brúarstæðið á þeirri leið; en nú er búið að ráðstafa öllu því fje, sem ætlað er til vegagjörða á þessu ári, og er því ekki fje til taks til að greiða þann kostnaðarauka, sem mundi leiða af landvegsferð verkfræðings frá Húsavík austur á Hjerað og rannsókn hans í Axarfirðinum; en ef deildin vildi láta í ljósi að hún væri fús á að veita eptir á umframgreiðslu þá á fjárveitingunni til vegagjörða, sem mundi leiða af þessari ráðstöfun, þá skal jeg gjöra mitt til að þessu geti orðið framgengt. Jeg get ekki vitað, hvað kostnaðurinn verður mikill, en jeg ímynda mjer að hann geti ekki orðið stórvægilegur. Jeg skal svo, ef jeg fæ þessa vísbendingu frá deild-

inni, bera mig saman við verkfræðinginn um þetta.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg get ekki verið í vafa um, að deildin muni hlynna að þessu, því að það eru nú 8 ár síðan að hún samþ. þingsályktun um það, að skoðað væri brúarstæði á þessari á. Hvað snertir kostnaðinn við það að fara landveg frá Húsavík og austur í Múlasýslu, þá getur hann aldrei orðið mjög mikill, og það liggur í augum uppi að það hlýtur að vera ódýrara að láta verkfræðinginn skoða brúarstæðið í sömu ferðinni heldur en gjöra til þess sjerstaka ferð.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg álít það nægilega vísbendingu frá deildinni ef enginn mælir á móti því, að sú upphæð, sem þetta nemur, verði útborguð, fram yfir það sem veitt hefir verið á fjárlögunum til slíkra fyrirtækja.

Einar Jónsson: Jeg ætla að eins að geta þess, að jeg held ekki að það verði mikill kostnaðarauki, þótt verkfræðingurinn færi í land á Húsavík, svo framarlega sem hann ætti að skoða bæði Jökulsá og Lagarfljót í senn. Ef hann fer á land í Húsavík, fær hann sjer þar hesta og heldur að Jökulsá; haldi hann svo áfram þaðan austur, þá er hann kominn langt á leið til Vopnafjarðar, þegar hann er búinn að fara jafnlangan veg áfram eins og svarar leiðinni til baka frá Jökulsá að Húsavík. Nú munar ekki miklu, hvað Lagarfljót snertir, hvort farið er af Vopnafirði eða Seyðisfirði til að skoða það; og yrði því kostnaðaraukinn að eins af ferðinni yfir c. helminginn af leiðinni milli Jökulsár í Axarfirði og Vopnafjarðar, og það yrði vissulega mun minna, en að gjöra tvær ferðir til að skoða hvort vatnsfallið um sig.

Tryggvi Gunnarsson: Á þessi, sem hjer ræðir um, liggur, eins og kunnugt er, mjög afsíðis, svo að jeg býst við að fæstir af h. þm. sjeu þar kunnugir. Jeg hefi opt farið yfir hana og stundum hitt á hana ófæra. Jeg álít það sje vorkunn þó að menn, sem búa þar nálægt, vilji fá brú yfir ána, en þrátt fyrir það get jeg þó ekki beinlínis verið því meðmæltur að rjett sje í bráð að eyða svo miklu fje, sem þarf til þess að brúa hana. Jeg er sömu skoðunar sem fyr, að rjettara sje að meta mest og gjöra fyrst við hina fjölförnustu vegi og brúa þær ár fyrst, sem eru á þeim póstleiðum, er flestir fara um. Jeg sagði í einhverju máli hjer um daginn að sú stefna hefði fyrir nokkrum árum verið uppi á þinginu, að leggja sem mest af fjallvegum, en nú er sú stefna breytt þannig að núhugsa menn meir um að bæta veginn í byggðum, sem jeg verð líka að álíta alveg rjett. Mundi það ekki vera hentugra, þegar litið er á samgöngumálið í heild sinni, að brúa 2—3 ár á fjölförnustu vegunum í staðinn fyrir þessa einu stóra í mjög afskekktri sveit? Enn fremur er engin vissa fengin fyrir því að brú geti staðið á ánni á þeim stað, sem hjer er ráðgjörður; það er nauðsynlegt að verkfræðingur skoði brúarstæðið áður en það er fast ákveðið með lögum og svo er einnig sjálfsagt að biðja kunnuga menn að taka eptir ruðningum á ánni, sem hljóta að vera mjög miklir, eptir því að dæma, að við þetta fyrirhugaða brúarstæði eru eyrar svo breiðar að jeg hefi hvergi sjeð þær breiðari. Hvað ána sjálfa snertir, þá rennur mikill hluti hennar í gjá á þessum stað; að austanverðu er klöpp, sem byggja mætti á stöpul, en vestanvert eru eyrar, en hve langt þar er ofan á klöpp veit jeg ekki, en víst er það, að þar verður ekki reistur stöpull nema að grafa niður. Mjer þykir trúlegt að byggja mætti brú fyrir 50—60 þús. á ána, þegar hún

er lítil, en þegar áin er í vexti, þá yrði ekki hægt að komast að brúnni nema byggður sje alllangur vegur að brúnni úr steini og cementi, sem eigi næmi litlu verði.

Jeg fæ eigi betur sjeð en það sje rjett stefna að byggja heldur brýr á þeim ám, sem fjölfarið er yfir. Fyrir þessa fjárupphæð mætti byggja 2—3 brýr yfir smærri ár, sem liggja í aðalþjóðbraut og opt geta verið illar yfirferðar. Sjálfsagt eru þeir margir, sem hafa gagn af þessari brú, ef hún kemst á, en þó ekkert í samanburði við það, ef brúaðar væru nokkrar ár á leiðinni hjeðan til Eyjafjarðar.

Mjer þykir óheppilegt, að svona lítið undirbúið mál sem þetta er kemur hjer fram í frvumvarpsformi; mjer finnst miklu eðlilegra að h. þm. Eyf. (Jón J.) hefði komið með þingsályktun í þessa átt. En þar eð hæstv. landsh. hefir tekið svona vel í að láta rannsaka þetta og lofað að sjá um að verkfræðingur landsins skoðaði brúarstæðið, þá finnst mjer að málið sje komið á rjetta leið, svo að þetta frv. mætti hvíla sig. En það vil jeg taka fram, að jeg álít það eitt af höfuðatriðunum við rannsóknina að kynna sjer vel, hvernig ruðningar haga sjer í ánni á vorin, og veturna.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg hefði sízt búizt við að fá að heyra slíkar ræður frá h. varaforseta (T. G.); hann sem áður hefir sýnt það, að hann hefir verið hlynntur bæði vegagjörð og brúarbygging, og honum til sóma get jeg sagt það, að hann var einn hinn fyrsti hvatamaður þess, að Skjálfandabrúin var byggð. H. þm. Árn. (Tr. G.) verður að gæta þess að sá mikli munur er á Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafljóti, að á því eru víða vöð, en ekkert vað á Jökulsá milli fjalls og fjöru, og jeg vil spyrja h. þm. Árn. (Tr. G.) að því, hvort hann haldi að öllu fleiri fari yfir brúna á Skjálfandafljóti en yfir Jökulsá. H. þm. (Tr. G.) sagði að brúin á Jökulsá yrði svo afskekkt. Það getur jafnan verið álitamál, hvað afskekkt sje og og hvað ekki, svo að eigi er mjög mikið gjörandi úr þessu áliti h. þm. Árn. (Tr. G.) Mjer finnst það og hjer geta komið dálítið til greina, að þessu hjeraði hefir ekki verið lagður einn eyrir úr landssjóði til samgöngubóta, það ætti þó fremur að vera meðmæli fyrir hjeraðsbúana með að fá brúna. H. þm. Árn. (Tr. G.) lagði áherzlu á að hann væri kunnugur staðháttum þar sem brúin væri fyrirhuguð. Þetta skal jeg sízt rengja; en fleiri eru þar kunnugir en hann og sumir þeirra sjálfsagt fullt svo kunnugir; og þessir kunnugu menn hafa nú um næstu 10 ár rannsakað málið sem rækilegast þeir hafa haft þekkingu á, og nú seinast fengu þeir mann, sem gott skyn ber á steinsmíði til að skoða brúarstæði. Álit þessara manna og áætlanir eru svo samhljóða, að jeg verð að byggja fullt svo mikið á þeim eins og ummælum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) En hvers vegna hafa þeir farið þessa leið? Af því að landsstjórnin hefir ekki hingað til sjeð sjer fært að verða við þingsályktun þeirri sem gjörð var 1887, og láta verkfræðing rannsaka brúarstæðið og gjöra kostnaðaráætlun. Af þessu er málið nú eigi betur undirbúið. H. þm. (Tr. G.) kvað dýran veg mundu verða að leggja yfir allar eyrarnar. Það held jeg ekki sje nauðsynlegt. H. þm. (Tr. G.) áleit að 30—40,000 kr. mundu ekki nægja til brúargjörðarinnar. En jeg byggi þessa uppbæð á þeirri áætlun, sem steinsmiður gjörði um hvað steinsmíðin mundi kosta, og á því sem verkfræðingurinn gjörði ráð fyrir að brúin sjálf mundi kosta, og verð jeg að treysta þeim betur til að fara nærri

um kostnaðinn en h. þm. (Tr. G.) Mjer þótti leitt að mjer gat ekki betur skilizt en að h. þm. (Tr. G.) væri hreint og beint á móti því að málið væri rannsakað, eða að fje væri varið til þeirrar rannsóknar. Hann tók málið svo óstinnt upp að hann vildi láta taka frv. aptur. Reyndar get jeg nú gjört það. eptir að jeg hefi heyrt hinar góðu undirtektir hæstv. landsh., svo framarlega sem málið fær eins góðan byr í h. d. Það er ekki rjett hjá h. þm. (Tr. G.) að Norðurþingeyingar reki verzlun sína á Raufarhöfn og Kópaskersvogi; þar er engin föst verzlun; reyndar fá þeir dálítið af pöntunarvörum upp á Kópaskersvogi, en höfuðverzlun sína reka þeir þó á Húsavík. Það er að vísu satt að Norðurþingeyjarsýsla er ekki mannmörg, en þó búa fullir $^3/_5$ þeirra um þetta svæði og verða að sækja yfir Jökulsá; auk þess eiga allmargir ferðamenn leið yfir ána þar niður frá. Það er satt að aðalpóstur á þar ekki leið um, en aukapóstur sá sem þar gengur austur eptir hefir eins mikinn flutning og aðalpósturinn, og að því leyti er eins mikil ástæða til að brúa ána hjer eins og þó hægt hefði verið að brúa hana á aðalpóstleið.

Jeg gat ekki komið fram með þingsályktunartillögu í málinu nú, af því að sú aðferð hafði verið viðhöfð áður og þá ekki leitt til neins; eins gat jeg gert ráð fyrir að nú færi. Að öðru leyti eru hjeraðsbúar búnir að búa málið svo vel undir frá sinni hlið, að engin frágangssök sýndist að bera það fram í frumvarpsformi. Ef h. þm. (Tr. G.) vill lýsa því yfir, að hann hafi ekkert á móti, að rannsókn fari fram á brúarstæðinu, og h. deild ekki hreifir mótmælum gegn málinu, þykir mjer því allvel komið.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætlaði eigi að taka til máls aptur, en af því að á mig var skorað, verð jeg þó að gjöra það.

Mjer skildist, að h. þm. Eyf. (J. J.) tæki orð mín svo, sem jeg mundi því mótfallinn, að brúarstæðið væri rannsakað; en því fer fjarri að svo sje, jeg sagði þvert á móti, að nauðsynlegt væri að skoða staðinn nákvæmlega. Mínar athugasemdir spruttu af því áliti mínu, að heppilegast væri, að byggja þær brýr fyrst, sem á mestum alfaravegum væru; en jeg hefi aldrei sagt, að brú á Jökulsá væri óþörf.

Eins og h. deild kannast við, hafði fjárlaganefndin lagt það til, að 1000 kr. væru veittar úr landssjóði til að byggja fyrir brú yfir Langá; þá hafði h. 2. þm. Eyf. (J. J.) það á móti þeirri fjárveitingu, að áin væri ekki á aðalpóstleið, en nú fer hann fram á, að veitt sje margfalt meira fje til að brúa aðra á, sem ekki er heldur á aðalpóstleið. Mjer finnst nokkur ósamkvæmni eða hlutdrægni í þessu.

H. 1. þm. Eyf. (J. J.) spurði, hvort fleiri færu yfir Skjálfandafljót en Jökulsá. Jeg get svarað því játandi, að þeir eru vafalaust margfalt fleiri, sem fara yfir Skjálfandafljót. (*Jón Jónsson*: Ekki yfir brúna). Jú. Það er misskilningur hjá h. þm. (J. J.), ef hann ætlar að jeg sje á móti brúarbyggingum. Jeg er það alls ekki, en jeg álít, að vjer verðum að fara gætilega og sníða oss stakk eptir vexti. Það lítur svo út, sem sumir h. þm. álíti landssjóð ótæmandi, og að ekkert muni um það, þótt úr honum sjeu teknar 20,000 kr. til þessa fyrirtækisins og 30,000 kr. til hins. En þetta er rangt, landssjóður og gjaldþol laudsmanna hefir takmörk, vjer höfum eigi fje til að gera allt, sem oss dettur í hug, því verðum vjer að brúa fyrst þar, sem þörfin er mest og gagnið mest af þeim.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*): Jeg

vil eigi þrátta við h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um það, hverjar ár fyrst skuli brúa; það er auðsjeð og liggur í hlutarins eðli, að að öllu öðru jöfnu eiga þær ár að sitja í fyrirúmi, sem mest umferð er yfir. Jeg játa, að jeg var móttallinn landssjóðsstyrk til brúargjörðar á Langá, þrátt fyrir það, þótt jeg játi, að nauðsyn beri til að brúa hana. En þar var öðru máli að gegna en hjer, brúargerð á þá á kostar ekki nema 2—3000 kr. og það tel jeg ekki ofætlun fyrir hjeraðsbúa að leggja fram. Jeg er viss um, að Þingeyingar mundu fyrir löngu hafa brúað Jökulsá af eigin rammleik, ef ekki hefði verið um meiri fjárupphæð að ræða. En hjer er um svo mikið fjárframlag að ræða, að hjeraðsbúum er ofvaxið að leggja fram nokkuð að mun af því, og því er ekki annað að leita fyrir þá en í landssjóð. Það er að vísu satt, að hægt er að ofbjóða honum; en eigi sýnist of mikið fram lagt af lands fje, þó þeirri reglu væri fylgt, að brúa eina stóra á hverju fjárhagstímabili; og þá vona jeg, að menn verði að játa, að öll sanngirni mæli með, að Jökulsá í Axarfirði sje tekin næst fyrir. Jeg þykist þess fullviss, að næsta þing muni líta svo á það mál. Það gleður mig mjög, að h. þm. (Tr. G.) er því eigi mótfallinn, að brúarstæðið sje rannsakað og gerðar þær áætlanir, sem þörf er á; og þar sem engin mótmæli hafa komið fram hjá h. deild, en hæstv. landshöfðingi annars vegar lýst því yfir, að hann muni láta verkfræðinginn gera nauðsynlegar rannsóknir og undirbúa málið, þá lýsi jeg því yfir, að jeg tek frumv. aptur.

Tillaga til þingsályktunar um eyðing refa (C. 380); ein umr.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Það má vel vera, að sumum þyki tillaga þessi óþörf, þar sem sýslunefndum er gefin heimild með lögum 28. marz 1890 til að semja reglugjörðir um eyðing refa. En þótt allmargar sýslunefndir hafi þegar notað þetta leyfi og samið reglugjörðina, þá mun því máli þó skemmra á veg komið en æskilegt væri. Það er öllum kunnugt, hvílíkt tjón á fjenaði tóan gerir; hún er hjer um bil hið eina óargadýr hjer á landi, að því leyti erum vjer vel settir, en því röksamlegar ættum vjer þá líka að ganga fram í því, að eyða þessu eina óargadýri voru, og því minni vorkunn ætti oss að vera að geta útrýmt því með öllu. Að vísu eru tóur ekki eins skæðar nú eins og fyrrum, þegar þær gengu í hús manna og drápu þar fjenað, en of skæðar eru þær þó enn þá. Það sem mest tálmar því, að refum sje gjöreytt, er óneitanlega strjálbygð landsins, þessi framfaraþrepskjöldur vor í svo mörgum greinum, en hins vegar verður því ekki neitað, að deyfðin og samtakaleysið á líka góðan þátt í því. Það er einmitt svo, að þótt tóum sje röksamlega eytt annars vegar við einhvern fjallgarð, þá fá þær að leika lausum hala hinum megin við hann, fjölga þar og flytja sig inn á það svæðið, sem áður var búið að eyða þeim á; svo að dugnaðarmennirnir verða að heyja sífellt hjaðningavíg við þær. Það sem helzt vakti fyrir oss með tillögunni, var það, hvort ekki mætti svo um búa, að sýslunefndir gætu komið á meiri samvinnu við eyðing refa en nú er. Nú sem stendur gildir ein reglugjörðin í þessari sýslunni og önnur í hinni; þetta veldur því, að menn verða síður samtaka, og væri æskilegt, að því yrði kippt í lag.

Það kann að vera, að tillaga þessi sje gagnslítil, en það verða allir að játa, að þörf er að ráða bætur á því máli, sem hjer ræðir um, og vona jeg því, að h. deild taki vel undir hana,

og það því fremur, sem hún að minnsta kosti er meinlaus, og hefir eigi kostnað í för með sjer.

Þórhallur Bjarnarson: Hreifing þessa máls er komin úr mínu kjördæmi. Þar var samþykkt á síðasta sýslunefndarfundi, og árjettað á þingmálafundi, að reyna að fá það gert að lögum, að framvegis skyldi verð óskilafjár renna í sýslusjóð, en sýslusjóður svo aptur kosta eyðing refa, að svo miklu leyti sem það hvíldi ekki á einstökum mönnum.

Tilefni þessa var það, að ákvæði 3. gr. í lögum um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, frá 22. marz 1890, þar sem segir, að »kostnað við eyðing refa skal greiða úr landssjóði«, þykja sumstaðar koma órjettlátlega niður, einkum síðan farið var að leggja meiri áherzlu á refaveiðar en áður var gert; kostnaðurinn getur lent á einum einasta hrepp í sýslunni, og alls ekki sagt, að hann fái það verulega bætt af andvirði óskilafjár, sem aptur getur runnið til sveitarsjóðs, er eigi hefir borið neinn kostnað af refaveiðum.

Með slíkri breytingu vonaðist sýslunefndin eptir, að meiri gangskör yrði gerð um land allt að eyðing refa, er yfirgripsmeira og kraptmeira vald hefði eyðinguna á hendi. Meðalið er að sjálfsögðu eitrunin. Markið, sem á að setja sjer, er að gjöreyða tóunni um allt land á nokkrum árum, til þess væri stórfje gefandi og landsjóði væri skylt að leggja fje fram til þess, ef að notum gæti komið. En auk fjárhagslegu hliðarinnar er hjer um mikið miskunnarverk að ræða við skynlausar skepnur. Mjer er það ógleymanleg sjón, er jeg reið fram á tóu uppi á Mývatnsöræfum, sem var búin að naga snoppuna á lifandi kind upp að augum.

Hjer liggur nú eigi annað fyrir en þessi almenna ályktun, að leita álita hjeraðastjórnanna um þetta mál, í því skyni að gera það síðar að þingmáli, ef eitthvert vænlegt ráð kynni að finnast. Jeg hefi eigi sjeð mjer fært að koma fram með frumv. að sinni í þá átt, sem sýslunefndin í kjördæmi mínu óskaði eptir, þar sem þeir h. þm., sem jeg hefi ráðfært mig við um þetta, vildu ekki hrapa að því að breyta 5 ára gömlum lögum, eða rjettara sagt að eins 2 ára gömlum lögum, þar sem nefnt ákvæði í 3. gr. laganna frá 22. marz 1890 er tekið upp, með frekari útlistun, í lögum frá 24. nóv. 1893.

Þetta, sem jeg hefi talað um, tildrög þessarar þingsályktunar, getur vísast orðið til leiðbeiningar við íhugun þessa máls, sem allir sveitabændur munu kannast við að er mjög þýðingarmikið, því að takmarkið, sem menn verða að setja sjer, er algjör eyðing bitvargsins um land allt.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 21 samhljóða atkvæði og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um námsstyrki Íslendinga við háskólann í Kaupmannahöfn (C. 388); ein umr.

Flutningsmaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Þetta mál er háttv. deild þegar kunnugt af umræðunum um lagaskólann. Við þær umræður kom að kalla engin rödd fram gegn lagaskólanum sem slíkum; þeir, sem harðast mæltu gegn honum, báru eigi fram aðrar ástæður en þær, að eigi mundu fást nemendur á hann. Fyrir mjer var aðal-ástæðan að greiða atkvæði, eins og jeg gjörði þá, þetta og þetta eitt.

Tillagan, sem hjer liggur fyrir, fer fram á að hlynna að námsstundan hjer heima, en hepta stúdentastraum þann, sem hefir verið og er til Kaupm.hafnar, þennan straum, sem heldur sýnist fara

í vöxt en rjena. Það hefir all-opt og með rökum, sem sleppt skal að sinni, verið sýnt fram á það, að stúdentastraumurinn til háskólans sje ekki farsæll fyrir oss, hvorki í efnalegu nje þjóðlegu tilliti. H. þingm. kunna meðal annars að minnast reiknings-yfirlits í Þjóðólfi fyrir 5 árum síðan um það, hvað orðið hefði af stúdentunum frá árunum 1880—89. Sú skýrsla er allfróðleg í þessu sambandi.

Jeg hefi getið þess fyrri að nú um síðustu 8 ár hafi rúmur helmingur íslenzkra stúdenta siglt til háskólans. Á þessu tímabili hafa 15 stúdentar útskrifazt á ári að meðaltali eða alls 120, og af þeim hafa 61 farið til háskólans. Þegar þess nú er gætt, hverjir það eru, sem sigla, þá ganga fyrst og fremst allir þeir frá, sem fengið hafa 3 einkunn, fyrir þá er frágangssök að fara, þar sem þeir fá ekki að njóta Garðsstyrks. Þegar svo er gáð að, hverjir af hinum fara, þá sjezt það, að $^4/_5$ af stúdentum þeim, sem á háskólann fara, eru stúdentar með fyrstu einkunn. Þeir sem eptir verða eru þá fyrst og fremst allir stúdentar með 3. einkunn, fáeinir stúdentar með 1. einkunn, en þó færri en þeir sem 3. einkunn hafa, og meiri hluti stúdenta með 2. einkunn. Það geta allir skilið, hverja þýðingu þetta hefir fyrir embættaskólana hjer á landi. Vjer, sem við þessa skóla eigum að vinna, finnum sjerstaklega sárt til þess, að hjer kreppir skór að.

Jeg gjöri að vísu ekki allt of mikið úr prófeinkunnum, og vel getur það komið fyrir, að sá, sem fengið hefir 3. einkunn við latínuskólann, reynist mjög vel á æðri skóla, og verði nýtasti embættismaður; en þó mun hitt vera aðalreglan, að þeir sem hafa verið slakastir við prófið frá lærða skólanum, verða áfram slakir námsmenn og síður líklegir til góðrar embættis-forstöðu.

Straumurinn til háskólans stafar af hlunnindum þeim, sem stúdentar njóta þar, og það er athugaverður sannleiki, sem tekinn var fram hjer í deildinni fyrir skemmstu, þótt eigi hafi verið eptir honum lifað, að vjer hlynntum allt of lítið að embættaskólum vorum.

H. þm. Vestm. (V. G.) sýndi fram á með reikningi, hvað það kostaði að lifa í Kaupmannahöfn. En jeg ætla, að hægt mundi að sýna með sönnum tölum að jafn-löng námsvist reynist yfir höfuð dýrari í Kaupmannahöfn en hjer, og þó einstaka maður hafi komizt þar af án eins eyris styrks að heiman, þá hefir þó allur þorrinn eytt töluverðu í Kaupmannahöfn. Það hefir meira að segja verið kostað svo miklu fje upp á hausinn á sumum þar — og það stundum til ónýtis — að jafnvægi hans mundi nema í gulli og jafnvel þótt lengra væri tekið niður eptir líkamanum.

Tillagan fer fram á að fækkað sje námsstyrkum íslenzkra stúdenta við háskólann. Þegar þangað fara 7 stúdentar annað árið, en 8 hitt, þá má gjöra ráð fyrir, að við hann lesi 50—60 íslenzkir stúdentar, í árslokin 1889 voru þeir 55. Með þennan fjölda höfum vjer ekkert að gjöra, allra sízt ef lagaskóli kemst á hjer á landi, svo að því leyti sýnist ekkert athugavert við það, þó námsstyrkirnir fækki við háskólann.

Jeg bið h. deild að taka eptir því, að þessi tillaga er gjörð jafnhliða tilraununum um að koma á lagaskóla, og jeg tel góðan árangur hennar grundvöll undir lagaskólanum.

Til þess að fá því framgengt, sem tillagan fer fram á, mun málið sjálfsagt verða að ganga til yfirstjórnar háskólans, það er að segja til háskólaráðsins og kennslumálaráðgjafans og liggur síðan undir konung, því að privilegia íslanzkra stúdenta eru byggð á

konunglegu reskripti frá 23. des. 1579; þá veitti konungur 100 stúdentum sameiginlegan kost gefins og ákvað að íslenzkir stúdentar skyldu ganga fyrir öðrum með að vera fæddir af konungsborði.

Jeg get vel hugsað, að þessar óskir vorar falli saman við óskir ýmsra í háskólaráðinu, það er ekki svo lítið, sem íslenzkir stúdentar með forrjettindum sínum taka upp fyrir landsins eigin börnum og telja Danir það eigi allsjaldan eptir. Á árunum 1860—1870 varð fremur lítill árangur af námi Íslendinga við háskólann — síðan hefir hann verið betri — og þá var það einhverntíma eptir 1870, að Garðsprófasturinn, sem nú er Íslands-ráðgjafi, sýndi fram á það í árbók háskólans í yfirliti fyrir nokkuð mörg ár, hve tiltölulega fáir lykju prófi af þeim, sem kæmu til háskólans hjeðan. Þetta var ekki ritað í því skyni, að taka einkarjettindin af Íslendingum, og jeg þykist vita, að ráðgjafinn vill ekki heldur gjöra það nú, en honum er vegna fyrri stöðu sinnar manna kunnast um það, hve lítil not verða tíðum að háskólavist Íslendinga.

Jeg teldi það ekki tjón fyrir landið, þótt stúdenta-styrkurinn við háskólann væri takmarkaður svo verulega, að hann eigi væri veittur fleirum en 20—25 í senn, jeg teldi það þvert á móti hið mesta happ. Mjer liggur við enda að segja, að jeg teldi það skaðlaust fyrir landið, þótt þessi forrjettindi fjellu alveg í burt, og ekkert kæmi í staðinn. Því vil jeg þó ekki halda fram, enda mundi það verða árangurslaust. Vjer flutningsmenn tillögunnar förum að eins fram á takmörkun og í stað hins minnkaða stúdenta-styrks komi styrkur til kandídata hjeðan að heiman, sem vilja fullkomnast í fræðum sínum við háskólann.

Það er bæði eðlilegt og lofiegt, að unga menn fýsi að fara utan og sjá sig um og leita sjer fullkomnunar og framfara bóklega og verklega. Þessi löngun er svo náttúrleg og rjettmæt, að sízt ætti að reyna að kefja hana; jeg vildi þvert á móti, að sem flestum námsmönnum gæfist kostur á að fullnægja henni. En jeg álít flestum hollara að gjöra þetta ekki strax eptir að þeir hafa lokið stúdentsprófi sínu, heldur fyrst eptir að þeir hafa fengið enn meiri þroska og menntun, eða með öðrum orðum fyrst eptir að þeir hafa gengið á embættaskólana hjer og lokið sjer hjer af. Jeg hefði helzt kosið, að um leið og styrkveitingum til stúdenta fækkaði að mun við háskólann, þá yrði eitthvað af því fje látið jafnframt ganga hingað heim til embættaskóla vorra, líkt og ofur-lítill vísir er til við prestaskólann, sem fær 600 kr. á ári af háskólafje til ölmusuveitinga, en jeg hygg að eigi sje farandi fram á slíkt, enda kann að vera, að það reynist eins notadrjúgt að fá uppbótina fyrir hinn sleppta stúdenta-styrk eingöngu í þeirri mynd, sem tillagan fer fram á. Það vita allir, hve þýðingarmikið það er fyrir læknaskólakandídata, að geta farið utan til framhalds námi sínu, og eiga kost á að dvelja þar sem lengst þeir geta og lengur en nú er kostur á. — Nokkra þýðingu hefði og slík dvöl erlendis fyrir guðfræðinga og lögfræðinga, þótt þörfin sje þar að vísu ekki eins brýn.

Jeg veit það má koma með þá mótbáru, að eigi muni lærast mikið af því, að hlusta á fyrirlestra ein 2—3 missiri; en þess er að gæta, að kandídatarnir eiga að geta lært af fleiru en fyrirlestrunum; það er satt máltækið, að »heimskt er heimalið barn«. Menn sem með opin augu og eyru koma út í margbreytni framfaralandanna, hljóta

að sjá og heyra svo margt nýtt og eptirtektavert, að hjá þeim hljóta að vakna margar nýjar hugmyndir og nýar hvatir.

Tilætlunin er að kandídatarnir dvelji að minnsta kosti árlangt við háskólann og færi sjer kennsluna vel í nyt. Að vísu er ekki auðvelt að tryggja sjer slíkt, en ef háskólastjórnin sinnir þessu að einhverju leyti, þá má gjöra ráð fyrir, að hún setji einnig reglur fyrir því, hvernig kandídata-styrkurinn sje notaður og hver sjeu skilyrðin fyrir að fá hann, og jeg treysti því, að hún muni, að svo miklu leyti, sem hún getur, sjá til að styrkurinn kæmi að sem mestum notum.

Jeg veit, að það vantar inn í tillöguna, að taka það fram, að þessi samningur við háskólastjórnina liggi á einhvern hátt undir þingið, áður en fullráðið er, en jeg sje ekki vel á hvern hátt að hægt er að koma því við, og jeg ætla, að það verði mest að vera á stjórnarinnar valdi, hvernig málinu er ráðið til lykta. En varla þarf við því að búast, að samningum verði svo fljótt lokið, að þinginu gefist ekki kostur á, að ræða málið betur næst.

Jeg verð í öllu falli að álíta það heppilegt, að stjórnin ráðfæri sig við kennarana við embættaskólana hjer heima áður en samningarnir eru fullgerðir, og verð jeg að álíta, að það sem gjört er í samráði við þá, geti ekki orðið óhagkvæmt eða skaðlegt fyrir landið.

Mjer er þetta töluvert áhugamál, og óska jeg því hins bezta gengis bæði hjer í h. deild, og sjerstaklega þegar það kemur lengra áleiðis.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get vel skilið það, að h. þm. Borgf. (Þórh. B.) er þessi tillaga nokkurt kappsmál, þar sem hann áður hefir skýrt frá því sem sinni skoðun, að flestir beztu stúdentarnir sigldu til háskólans, en þeir lökustu gengju á embættaskólana hjer, og þess vegna þyrfti að minnka stúdentastrauminn til Kaupmannahafnar. Þetta er eðlileg skoðun hjá þm. Borgf. (Þórh. Bj.), því það hlýtur allt af að vera skemmtilegra, að hafa efnilega lærisveina. — Jeg skal líka játa það með h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að jeg álít það heppilegt, að sem flestum kandídötum hjeðan gæfist kostur á, að koma út í heiminn og sjá sig um, og það mundi gera þá að betri borgurum í þjóðfjelaginu.

En allt um það finnst mjer þó ýmislegt í þessari tillögu vera athugavert; hjer er farið fram á, að fækka námsstyrkjum Íslendinga við háskólann að mun; mjer finnst með því vera nokkuð freklega í það farið, að hepta aðgang Íslendinga að háskólanum. — Jeg er hræddur um, að þetta gæti orðið til þess, að Danir rykju nú upp og reyndu til að taka allan Garðstyrkinn frá Íslendingum; eins og menn munu vita, er megnasta óánægja meðal Dana yfir því, að Íslendingar skuli hafa þennan styrk, sjerstaklega meðal stúdenta og lærðra manna, og fyrir fáum árum var gerð hörð atrenna að því, að fá hann afnuminn; reyndar tókst það ekki, en árangurinn varð sá, að styrkurinn var takmarkaður með tilliti til Íslendinga, þannig, að eptirleiðis gátu stúdentar með þriðju einkunn ekki fengið hann.

Ef nú kæmi ósk frá þinginu um það, að fá þennan styrk takmarkaðan, held jeg að afleiðingin mundi verða sú, að hann yrði, ef ekki alveg tekinn af, þá að minnsta kosti minnkaður tilfinnanlega, og að vjer fengjum ekkert í staðinn. — Að fara þess á leit við stjórnina, að fá styrkinn fluttan hingað heim, held jeg ekki mundi verða til neins, enda játaði h. flutningsmaður (Þ. Bj.) það sjálfur.

En viðvíkjandi því, að styrkurinn gengi til kandídata hjeðan til að »stúdera« við háskólann, þá er það aðgætandi, að háskólinn hefði enga tryggingu fyrir því, að styrkurinn yrði notaður til þess, og ekki annars, vegna þess að þar við háskólann er öll kennsla frjáls og óbundin, kennararnir þekkja ekki sína lærisveina, nema þá sem láta yfirheyra sig í kennslutímunum, annars vita þeir ekki hverjir sækja tíma hjá þeim og hverjir ekki, svo hjer er ekkert »kontrol« hægt að hafa. »Flidsattest« stúdenta eru alveg gefin af handahófi, ef menn koma að eins í fyrsta og síðasta tímann, þá geta menn fengið vottorð um það að þeir hafi hlýtt á fyrirlestra hjá þeim og þeim kennara. Af þessu er það ljóst, að háskólinn getur enga trygging fengið fyrir því, að kandídat arnir noti styrkinn eins og til er ætlazt. Hins vegar hefði háskólinn ekkert yfir því að segja, hverjum styrkurinn yrði veittur, það hlyti að vera algjörlega á valdi embættaskólanna hjer heima. — Slíkt fyrirkomulag væri óeðlilegt. — Reyndar hefir þessi ástæða ekki fjarska mikið að segja, það mætti búast við að háskólinn treysti því, að ekki yrði mælt fram með öðrum við styrkveitinguna, en þeim sem styrks væru maklegir; allt um það gæti háskólinn aldrei ráðið því, hverjir nytu styrksins og hverjir ekki.

Jeg játa það fúslega, að það væri mjög æskilegt, að sem allra flestir af kandídötum frá skólunum hjeðan gætu fengið styrk til þess, að sjá sig um í heiminum; en jeg er hræddur um, að ef vjer færum þess á leit við Dani, að fá slíkan styrk, þá mundi svarið verða: það er eðlilegast, að þið veitið þennan styrk sjálfir af landsfje, en ekki háskólinn!

Jeg verð þess vegna að vera á móti tillögunni sjálfri, þó jeg sje meðmæltur anda hennar, af því að jeg er hræddur um, að hún gæti orðið til þess, að skaða oss.

Jón Þórarinsson: Jeg vildi styðja þessa þingsál.till. h. þm. Borgf. (Þ. B.); hverjar undirtektir hún fær hjá þinginu mun vera komið undir því, hvaða trú menn hafa á námi stúdenta erlendis til móts við nám þeirra hjer við skólana. Þeir sem hafa þá trú að okkar æðri menntastofnanir (presta- og læknaskólinn) sjeu óbrúkandi, munu álíta að það sje nauðsynlegt fyrir kandídata að fara út yfir pollinn, að stúdera við háskólann. Jeg er ekki einn af þeim, sem hafa þessa trú. Þvert á móti hefi jeg það út á till. að setja, að hún gengur of skammt; jeg vildi helzt að allur námsstyrkur Íslendinga við Kaupmannahafnarháskóla væri afnuminn, eins og hann nú er. Jeg vildi ekki, að vjer yrðum sviptir honum alveg, heldur að honum yrði breytt þannig, að hann gengi til kandídata hjeðan til þess að stúdera þar áfram.

Það hefir opt verið tekið fram hjer í þingsalnum, hversu hollt og hversu óhollt að námið við háskólann væri fyrir oss Íslendinga, og hve margir hefðu farið þar í hundana. Jeg skal ekki neinu við það bæta. En eitt vil jeg taka fram; jeg álít oss enga vorkunn á því, að búa okkar menntastofnanir hjer á landi svo úr garði, að vjer getum fengið þaðan embættismenn hæfa til þess að standa vel í sinni stöðu. Jeg held að það sje enginn galdur að fá hjeðan hæfa sýslumenn og presta; með læknana er öðru máli að gegna, enda mundu þeir eptir sem áður halda áfram námi sínu við erlenda háskóla. Það er almenn skoðun að embættismannastjettin hjer á landi kosti mikið. Jeg held, að það sje kostað of miklu upp á hana.

Það er ekki til neins að reyna til að sýna fram á það með reikningum og tölum, að ekki sje dýrara að stúdera í Kaupmannahöfn en hjer; þó að einstöku stúdentar hafi komizt þar af og lokið sínu námi án styrks hjeðan að heiman, þá sannar það alls ekki neitt, það eru ekki tekin með í reikninginn öll þau legöt, sem þar eru, og sem margir stúdendar njóta, það munar svo mikið um þau, að þau vega töluvert upp á móti þeim árlega ölmusustyrk, sem kandídatar njóta hjer heima, en aptur ber þess að gæta, að þar eru ekki nema einstöku menn, sem eru svo lægnir, að þeir geti höndlað þessi legöt, sízt mörg í senn. Flestir verða því að fá fje annarsstaðar.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram áðan, að það væri ólíklegt að kandídötum hjeðan yrði veittur Garðstyrkurinn til að halda sínu námi áfram erlendis, vegna þess að háskólinn mundi eiga bágt með að kontrollera það, hvort fjeð kæmi að tilætluðum notum eða ekki. En þá vil jeg spyrja h. þm. (V. G.): Hvaða »kontrol« getur háskólinn haft með því, að stúdentar hjeðan, sem hafa Garðstyrk, noti hann eins og til er ætlazt? Þm. játaði sjálfur að «Flidsattest« gætu menn fengið með því að koma einu sinni á fyrirlestrana. Það sanna er, að stúdentarnir geta notið styrksins allan tímann, þó að þeir geri ekki neitt og þó að þeir aldrei taki próf.

Þvert á móti er jeg viss um að námsstyrkirnir yrðu að meiri notum, ef þeir gengju til kandídata hjeðan, af því að þeir mundu ekki verða veittir öðrum en þeim, sem hefðu sýnt sig sem duglega menn, þeir yrðu ekki veittir slæpingum nje óreglumönnum. Í öðru lagi eru kandídatar þroskaðri menn en ungir stúdentar, þeir vita betur hvað slíkur styrkur þýðir, og hafa alvarlegri áhuga á sínu námi. Yfir höfuð virðist mjer allt mæla með því, að styrkur til kandídata hjeðan mundi koma að mjög góðum notum.

Sú hugsun hefir líka lengi vakað fyrir mjer, að námsstyrkir okkar við Kaupmannahafnarháskóla ættu ekki að veitast stúdentum eins og nú er, heldur í þá átt að þeir gengju til að styrkja kandídata hjeðan til þess að halda námi sínu áfram við háskólann, því jeg hugsa mjer að okkar innlendu embættismannaskólar væru í svo góðu standi sem þeir gætu verið og ættu að vera, en eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók fram, er það mjög þýðingarmikið fyrir kandídata frá okkar skólum að geta farið utan.

Þeir menn, sem hafa það á móti skólunum hjer, að þeir gefi ekki þeim sem á þá ganga nægilega menntun, eru víst ekki nægilega kunnugir til þess að vita, hve mikið háskólinn eiginlega gerir til þess að menn fái þessa fullkomnu menntun. Eptir því sem jeg þekkti til, held jeg að skólarnir hjer gefi mörgum stúdent meiri menntun en hann nokkurn tíma hefði fengið við Kaupmannahafnarháskóla; því það er deginum ljósara að fjölda margir stúdentar sjá aldrei nokkurn prófessor fyrr en þeir taka próf, þeir hafa sína eigin kennara út í bæ, en koma aldrei á háskólann. Það er vitaskuld að stúdentar hafa þar tækifæri til þess að heyra fróðlega fyrirlestra, en þeir þurfa þess ekki með til þess að fá próf, þeim er nóg að hafa sína manuduktöra. Svona er það með lögfræðingana; og mjer er nær að halda, að ef hjer væri einhver innlend kennslustofnun, sem þeir gætu gengið á og tekið próf, þá væri það þeim fullt eins hollt og gagnlegt eins og að vera í 5 eða 6 ár hjá manuduktör í Kaupmannahöfn og taka svo próf þar.

Jeg vona að h. deild hrapi ekki að því að neita þessari tillögu samþ., hún getur haft töluverða þýðingu fyrir oss. Og ekki óttast jeg það, sem h. þm. Vestm. (V. G.) var svo hræddur við, að stjórnin muni grípa til þeirra örþrifsráða að taka frá oss allan Garðstyrkinn, þó við förum þess á leit að fá honum breytt.

Jón Jensson: Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer þætti það illa farið, ef h. deild samþ. þessi till. H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) fannst till. ganga of stutt; mjer fyrir mitt leyti finnst hún ganga of langt. Og þó maður geti álitið að eitthvað sje rjett í henni, þá er hún þó allt of snemma upp borin. Nú skal jeg reyna að gera grein fyrir þessari skoðun minni.

Það væri öldungis nýtt, ef Íslendingar færu að biðja um að fækkað yrði námsstyrkjum til íslenzkra stúdenta í Khöfn. Hingað til hefir þetta verið álitið hnoss, sem Íslendingar hafa viljað halda sem fastast í, og heldur fá aukið en rýrt. Jeg get ekki sjeð annað en að meðan að hjer á landi eru ekki til menntastofnanir nema í tveimur af þeim greinum, sem kenndar eru við háskólann í Khöfn, nefnilega læknisfræði og guðfræði, þá hafi maður enga ástæðu til að óska þess að námsstyrkjum Íslendinga við Khafnarháskóla sje fækkað. Það eru þó til fleiri vísindagreinar en þessar 2, læknisfræði og guðfræði. Ef á að loka dyrunum fyrir öllum þeim, sem vilja leita sjer menntunar í öðrum greinum en þessum tveimur, eins og h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) virðist helzt óska, álít jeg það mjög óheppilegt fyrir oss. Það er hugsunarlaus ósk, sem mundi verða mjög skaðleg fyrir oss Íslendinga, ef hún yrði tekin til greina. Auk þess álít jeg, hvað þær tvær greinar snertir læknisfræði og guðfræði, ekki rjett að brúka þetta meðal til þess að draga menn að skólunum hjer. Ef skólarnir ekki eru í svo góðu áliti, að menn vilji ganga á þá, þá er það engan veginn rjett að vilja neyða menn til þess með því að loka fyrir mönnum veginum til að leita sjer æðri menntunar annarstaðar.

H. þm. Borgf. (Þ. B.) vitnaði í málsháttinn: »Heimskt er heima alið barn«. Þetta er satt; það er líka auðvitað að háskólinn hlýtur eins og eðlilegt er, að standa langt fyrir ofan þær menntastofnanir, sem vjer höfum. H. þm. Borgf. (Þ. B.) kannaðist við það. Að vilja nú hindra þá stúdenta, sem langar til að leita þessa betri vegar til að fullkomna sig, frá því að nota hann, verð jeg »mildast talað« að kalla mjög varhugavert. Og mig furðar á því, að þessir 2 þm. sem talað hafa fyrir till. og báðir hafa gengið á háskólann, skuli hafa þær endurminningar frá sinni háskólaveru í Khöfn, að þeir nú vilja loka dyrunum fyrir ungum mönnum, sem eru að ganga út í lífið til að komast þangað. Það hefir verið sagt um suma unga menn, að þegar þeir ekki hafa sjeð sjer veg til að sigla, þá hafi þeim fundizt sínar lífsvonir slokknaðar. Það er bart, að þessir 2 þm., sem jeg veit að hafa þekkt óskir og vonir ungra stúdenta í þessu tilliti, að minnsta kosti á þeirra eigin stúdentaárum, skuli vilja vera með í að vinna að þessu.

Jeg sagði áðan að till. væri of snemma uppborin; þar með meinti jeg, að fyrst þyrfti að koma á fót fleiri menntastofnunum en hjer eru til nú, áður en lokað væri veginum til háskólans; sjerstaklega snertir þetta laganámið, það er of snemmt að loka veginum til Khafnar áður en hjer er kominn á fót lagaskóli. Það er mikið rjett, að ef vjer hefðum hjá okkur æðri menntastofnanir í brúklegu lagi, presta- lækna-

og lagaskóla, þá væri ekkert á móti því, hvað þessar háskóladeildir snertir, að semja um það við Khafnarháskóla, ef þess væri kostur, að nemendur hjeðan fengju ekki styrk sem stúdentar, heldur sem kandídatar. En að öðru leyti að taka styrkinn af, áður en vjer höfum komið á tót menntastofnunum í öllum þessum greinum hjer hjá oss, það er vanhugsað.

Jeg álít það beinlínis illa farið, ef þessi till. yrði samþ., einnig af því að jeg er eins og h. þm. Vestm. (V. G.) hræddur um, að það mundi verða til þess að útbreiða meir þá skoðun, sem er ríkjandi hjá mörgum í Danmörku, að of mjög sje hlynnt að Íslendingum í þessu efni, og að afleiðingin kynni að verða sú, að háskólastjórnin takmarkaði námsstyrkina að mun eða jafnvel tæki þá af með öllu. Í öllu falli gæti af þessu stafað það að háskólinn yrði harðari í kröfum við Íslendinga eptirleiðis, og það áliti jeg illa farið.

Flutningsmaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Útaf ummælum tveggja h. þm., þm. Vestm. (Valt. G.) og þm. Rvík. (J. Jenss.) skal jeg gera þá athugasemd, að sje tala íslenzkra stúdenta við Kaupmannahafnar háskóla 50—60, eins og jeg hefi sýnt fram á að muni vera, þá væri öllu óhætt, þó styrknum væri fækkað svo eða hann takmarkaður svo, að að eins helmingur af þessari tölu gæti átt von á nokkrum styrk. Það mundu verða nægilega margir íslenzkir stúdentar, sem fyrir það gætu leitað sjer menntunar við háskólann.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) sagði, að háskólinn mundi ekki hafa neina tryggingu fyrir því, að kandídatar notuðu styrkinn á tilætlaðan hátt. En svipað mætti segja um styrkinn, sem nú er veittur stúdentum við háskólann. Kandídatarnir fengju því að eins þennan styrk, að þeir hefðu gott próf hjeðan, og hefðu verið reglumenn, og svo mundu ýmsir þeirra, t. d. læknaefnin, ganga á verklegar og vísindalegar æfingar við háskólann. Tryggingin er hin sama og nú er gagnvart stúdentum, að slepptu aðhaldinu frá prófinu. Annars hefir h. 2. þm. Kjós.-Gullbr. (J. Þór.) svarað þessu atriði í ræðu h. þm. Vestm.

H. þm. Vestm. (Valt. G.) sagði, að háskólinn gæti ekki dæmt um, hvort kandídatar væru maklegir styrksins, en svaraði sjer þó sjálfur á þá leið, að auðvitað tæki háskólinn tillit til prófs þess, sem hlutaðeigandi hefði leyst af hendi hjer á landi. Þetta er rjett. Hingað til hefir helzt verið farið eptir prófseinkunn stúdenta við Garðveitingu og önnur hlunnindi og sama mundi verða niðurstaðan með kandídata. En auðvitað gæti háskólastjórnin sett þau ákvæði í þessu efni, sem henni þættu tryggilegust; þannig gæti hún t. d. gert það að skilyrði, að veita eigi styrkinn öðrum kandídötum en þeim, sem hefðu lág, eða sem hefðu ýtarlegar og ákveðnar meðmælingar hjeðan að heiman o. s. frv.

Aðalmótbára h. þm. Rvík. (J. Jenss.) móti tillögunni var sú, að við misstum það, sem við hefðum og fengjum ekkert í staðinn. En tillagan fer einmitt fram á, að styrkurinn til kandídata aukist að sama skapi, sem hann verður minnkaður við stúdenta; og þó að styrkur til kandídata yrði ekki eins mikill og nú til stúdenta, þá gæti þó verið mikil stoð í því, því að kandídatar mundu nota hann miklu skemur en stúdentar. Vjer fulltreystum stjórninni til að sjá um það, að ekkert missist af því, sem nú er, komi ekki hitt í staðinn.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) talaði mikið um ferðahug, sem væri í ungum stúdentum um tvítugt og sagði það væri það sama sem kveða upp dauðadóm

yfir þeirra innilegustu óskum og vonum um framtíð sína, ef lokað væri fyrir þeim veginum til þess að sigla og geta sjeð sig um í heiminum. Og hann kallaði það óskiljanlegt af okkur, sem sjálfir værum háskólagengnir, að vilja meina ungum mönnum þetta. En það er einmitt af því, að við þekkjum svo vel og könnumst við þennan ferðahug í ungum stúdentum, að við höfum komið með tillögu vora. Við vitum það vel, að það eru fæstir af stúdentum, sem langar til þess eða sárþreyja það, að komast til Kaupmhafnar til þess að sitja þar 6 ár við bóklestur, heldur langar þá til að sjá heiminn, ný lönd, nýa þjóðmenning, afl og atorku auðs og þekkingar í »sívilíseruðu« löndunum. Eptir tillögunni yrðu miklu færri útilokaðir frá því að geta siglt en nú eru, því að 3 kandídatar eða enda fleiri gætu komizt af með þann styrk, sem hver stúdent fær nú.

Auk þess eru miklu meiri líkur til að þroskaðir og efnilegir kandídatar, sem eru búnir að ljúka af embættisprófi og farnir að hugsa um að búa sig undir alvarleg störf lífsins, mundu nota utanveru sína miklu betur en margir ungir og óþroskaðir stúdentar nú gera.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) lagði svo undarlega mikla áherzlu á, að með þessu væri lokað dyrunum til æðri menntunar. Orð tillögunnar fara í þveröfuga átt, þar sem gert er ráð fyrir, að styrkur til kandídata fari að sama skapi vaxandi, sem hann minnkar fyrir stúdenta. Hann byrjaði og endaði ræðu sína á því að tillaga þessi væri of snemma upp borin. En við höfðum hugsað okkur að láta tillöguna verða samferða frumv. um stofnun lagaskóla, sem menn álitu að nú sjeu miklar líkur til að muni ná staðfestingu. Og jeg segi fyrir mig, að verði þessi tillaga framkvæmd, þá segi jeg lagaskóla hjartanlega velkominn.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) var meðmæltur lagaskóla hjer og greiddi atkvæði með frumv. um stofnun hans, en haldi sami stúdentastraumur áfram til háskólans, er lagaskóli loptkastali, þm. verður því að vera sjálfum sjer samkvæmur og greiða líka atkvæði með tillögunni.

Þjóðin vill hafa innlenda embættismannakennslu, telur hana hollari og eiga betur við vort hæfi, og þingsályktunartillagan fer fram á, að sú kennsla fari sem mest fram í landinu sjálfu.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) hafði eptir mjer málsháttinn »heimskt er heima alið barn«. Jeg get eins vel notað annan gamlan og góðan málshátt: »Hollt er heima hvað«. Og í trausti þess að hin æðri heimamenntun sje oss holl, vona jeg að h. deild samþykki tillöguna.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka fram, að það sem farið er fram á í þessari þingsályktunartill. mun vera eins dæmi, sem sje að biðja um að vera sviptur hlunnindum, sem engar skyldur hafa í för með sjer. Jeg get ekki sjeð, að árangurinn yrði annar, ef þessi þingsályktun væri samþykkt, en sá, að við mundum missa þau hlunnindi við háskólann í Kaupmannahöfn, sem vjer höfum verið aðnjótandi í fleiri aldir og sem hafa borið mikinn og farsælan ávöxt, án þess að fá neitt í staðinn. Það er eflaust á móti stofnunarskrá hins upphaflega »kommunitets«, að þeim styrk sje varið til neins annars en til að styrkja stúdenta til háskólanáms. Árangurinn af tillögunni mundi því verða sá, að fyrri hluti hennar kæmi til framkvæmdar, en síðari hlutinn aldrei.

Jens Pálsson: Jeg vil láta það álit mitt í ljósi, að tillagan geti orðið okkur til mikils góðs og að miklu gagni. En jeg skal játa það, að jeg gekk eigi út frá því, að hún færi í bága við »Statútur komunitetsins«. En út af orðum hæstv. landshöfðingja skal jeg taka það skýrt fram, að það er meining mín og vilji okkar tillögumannanna, að verði nokkuð úr þessu, þá verði báðir liðir tillögunnar, bæði hinn fyrri og hinn síðari, teknir til greina. — Tilgangur tillögunnar er ekki sá, að afbiðja styrkinn, heldur að fá breytingu á því, hvernig honum er varið, enda þótt jeg persónulega sje sannfærður um, að það mundi ekki verða til óheilla fyrir þjóðina, þó að þessi styrkur hyrfi jafnvel með öllu. Oss mun það hollara, að embættismenn vorir væru uppaldir og menntaðir hjer heima en í Kaupmannahöfn. En vitaskuld væri það mjög mikils virði, ef þeim þar að auki væri sjeð fyrir að geta náð þroskaðri menntun erlendis — einkum og allra helzt hinum efnilegustu af námsmönnum vorum. Mjer dylst það eigi, hvílíkur munur er á því, að koma út í heiminn sem óþroskaður unglingur — út í nýtt líf og nýar kringumstæður, langt frá öllum sínum og öllu því, sem maður hefir sjeð og vanizt, eða að gera það fullþroskaður frá 22—26 ára gamall. Það er nærri ómetanlegur munur á því, hvað fullþroskaður maður — að öllu öðru jöfnu — er glöggur og fljótur að átta sig á lífinu og kann betur að forðast tálsnörur og freistingar heimsins, en óþroskaður unglingur.

Ef tillagan verður samþykkt, þá verður afleiðingin sú, að fjöldi efnilegra stúdenta menntast hjer innanlands, og það álít jeg mikilsvert fyrir andleg og verkleg þrif þjóðarinnar. En ef afleiðingin yrði nú sú af tillögunni, að styrkur til stúdenta yrði minnkaður við háskólann, en styrkur til íslenzkra kandídata hins vegar ekkert aukinn, — mundi það þá verða svo mikið tjón fyrir oss? Mín skoðun er, að þó að við sjeum lítil þjóð, þá mundum við þó ekki verða úrræðalausir, þó við yrðum að sleppa þessari von um útlendan fjárstyrk, sem þar að auki er bundinn við einn einasta háskóla, — en það verð jeg að telja galla, því fyrir þá sök verður menntun sú, er námsmennirnir sækja og flytja hingað til lands, meira einstrengingsleg en ef hún fengist við fleiri háskóla. Jeg held, að rýrnun eða missir styrksins yrði þvert á móti hvöt fyrir okkur til þess, að reyna að fara að bjarga okkur upp á eigin spýtur í þessu tilliti; og jeg kvíði því ekki, að við Íslendingar, sem eigum aðrar eins bókmenntir, mundum ekki geta það.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að háskóli væri miklu æðri menntastofnun en sljettur og rjettur embættaskóli. — Jeg játa það að vísu, en hitt veit jeg, að bókleg kennsla á læknaskólanum er hátt upp í þá »teóretisku« kennslu, sem fæst í þeirri grein hjá »manúduktörum« í Höfn, en miklu meiri en sú, er stúdentar njóta hjá sjálfum háskólakennurunum, vegna fyrirkomulagsins, sem á þeirra kennslu er. En embættaskólar vorir eiga líka framtíð, þeir geta þroskazt og vaxið að vísindaþrótt og lífi, og orðið eins góðir og betri fyrir íslenzka embættismenn en erlendur háskóli. Enda er ágæti hvers skóla eins mikið komið undir stjórn hans, hæfileik kennaranna til að veita sanna og staðgóða menntun í hinum ýmsu námsgreinum, og þeim anda, sem í skólanum ríkir, eins og undir sprenglærðum kennurum. Auðvitað játa jeg það, að læknar og guðfræðingar fá fullkomnari og betri menntun á háskólanum en á læknaskólanum og prestaskólanum. En þar með er alls eigi sagt, að háskólavistin

sje í heild sinni hollari oss Íslendingum en hjerlendir skólar.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að það væri varahugavert, að takmarka styrkinn við háskólann, því að ungir menn byggðu alla sína lífsvon á því, að geta siglt. En ef þeir — þessir ungu menn — ímynda sjer, að þeir eigi geti orðið nýtir menn fyrir þjóð sína fyrir því, þó þeir ekki sigli til háskólans í Kaupmannahöfn, þá er það hreinn og beinn barnaskapur og misskilningur. Ferðafýsnin mun alloptast vera fremur sprottin af unggæðingslegri löngun til þess að sjá sig um í heiminum heldur en af því, að menn geri sjer rjetta hugmynd um það gagn, sem þeir geta haft af hinni erlendu menntun. En auðvitað er það, að einstöku stúdentar eru að upplagi bezt fallnir til þess, að verða hreinir og beinir vísindamenn í einhverri grein. Þeirra löngun til að byrja þegar að afla sjer æðri menntunar en kostur er á hjer innanlands, er í sínum fulla rjetti og þá menn er sjálfsagt að styrkja þarf.

Tilgangur tillögunnar er nú sá, að greiða fyrir því, að efnilegir kandídatar hjeðan geti aflað sjer menntunar við háskólann, og virðist mjer þá ekki miklu tapað, þó að fjöldi íslenzkra stúdenta við háskólann minnkaði nokkuð, úr því sem nú er, því að þó þeim fækki að mun, þá er ekki ætlazt til þess, að styrkur til stúdenta verði að öllu leyti afnuminn. — Enda má allt af búast við því, að nokkrir stúdentar þurfi beinlínis að fara til háskólans, þegar þeir vilja leggja fyrir sig einhverja þá vísindagrein, er þeir eigi geta fengið fræðslu í hjer á landi.

Að því er skoðun mína á þessu máli snertir, þá styðst hún við dálitla reynslu, sem sýnir hugmynd mína um, hve mikið gagn kandídatar geta haft af því, að afloknu embættisprófi hjer, að koma út í hinn svo nefnda menntaða heim, og allra helzt, ef þeir jafnframt bættu við fengna menntun sína með námi við erlendan háskóla. — Jeg var einmitt svo heppinn að eiga kost á að fara utan að afloknu námi hjer á prestaskólanum. Að vísu var sá tími, er jeg dvaldi í Kaupmannahöfn, of stuttur til þess (að eins 2—3 mánuðir), að jeg gæti hugsað til verulegs náms við háskólann, enda átti jeg ekki við það, þótt jeg sjálfsagt hefði gert það, et dvalartíminn hefði verið lengri. En allt um það, varð sú ferð mjer, að því er mjer hefir jafnan fundizt, til hins mesta gagns; jeg fjekk margar mjög mikils verðar bendingar fyrir lífið og augu mín opnuðust fyrir svo mörgu góðu og gagnlegu, að jeg get borið um það, að menn geta haft mjög svo mikið gott af því að sjá sig um, þegar þeir eru búnir að taka embættispróf hjer á skólanum. Jeg get sagt það með sönnu, að jeg hefi ekki grætt eins mikið á neinum öðrum jafnlöngum tíma, eins og meðan jeg var í Höfn.

Jeg hefi nú gert grein fyrir ástæðum þeim, sem vöktu fyrir mjer, þegar jeg skrifaði undir tillöguna, og jeg lýsi því yfir, að jeg treysti hinni hæstv. stjórn til þess að sjá það, að hjer er að eins um það að ræða, að breyta styrknum en ekki að afnema hann, og að hún því ekki fari fram á, að fyrri liður tillögunnar verði framkvæmdur, nema því að eins, að síðari liður hennar komi einnig til framkvæmda.

Valtýr Guðmundsson: H. þm. Dal. (J. P.) lýsti því yfir, að hann bæri það traust til stjórnarinnar, að hún ekki ljeti takmarka styrkveitingar Íslendinga við háskólann, nema því að eins, að styrknum yrði breytt í styrk til

kandídata hjeðan. — En stjórn Íslands getur alls ekki ráðið við slíkt, því hún hefir alls engin umráð yfir þessu fje. Það er dálítið skrítið við það, að við í öðru orðinu viljum spila sem mest upp á eigin spýtur og látum eins og við ekki sjeum upp á aðra komnir, en í hinu orðinu reyna að nota allt, sem kostur er á frá Dönum og það jafnvel fram yfir það, sem góðu hófi gegnir. (*Jón Jensson*: Sníkja!) Það mætti gjarnan kalla það því nafni. Sje það heppilegt og áríðandi fyrir oss, að íslenzkir kandídatar sigli til þess að fullkomna sig við Kaupmannahafnar háskóla, þá stendur oss næst að veita þeim styrk til þess úr landssjóði í staðinn fyrir að sníkja þann styrk út hjá Dönum.

H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tók það fram, að það væri svo mikill mannfjöldi nú við háskólann, að við hefðum ekkert með þann sæg að gera. H. þm. (J. P.) hefði verið nær að vera mjer samdóma um daginn, þegar fjárlögin voru til umræðu í deildinni. Jeg tók það þá fram, að jeg áliti rjett að minnka ölmusustyrkinn við latínuskólann, til þess að minnka aðsóknina að honum, þar sem allt of margir stúderuðu nú hin síðustu ár; hefði svo mátt verja því fje, sem sparaðist á þann hátt, til þess að styrkja efnilega kandídata til utanfarar. Þessi tillaga fer nú einmitt í sömu áttina. En hún er þeim mun óheppilegri en hin tillagan, að hún getur að eins orðið til þess, að stúdentastyrkurinn við háskólann verði af numinn. Það er vitanlega megn óánægja meðal Dana út af því, að Íslendingar skuli hafa þessi forrjettindi við háskólann, og það mundi því verða tekið tveim höndum, ef Íslendingar afsöluðu sjer þessum rjetti. En hins vegar hefir stjórnin engin tök á því að breyta styrknum. Danir geta sagt: Íslendingar vilja sjálfir afnema styrkinn, hví skyldum vjer þá sitja hann af fátækum dönskum stúdentum? Þessi hreifing á málinu gæti því orðið nægileg til þess, að styrkurinn yrði, án þess nokkuð komi í aðra hönd, takmarkaður að mun.

H. flutn.maður. (Þ. Bj.) sagði að þetta hvorttveggja, stofnun lagaskóla hjer og takmörkun á háskólastyrknum, þyrfti að verða samferða, því það styddi hvað annað. Þetta getur mjer ekki skilizt. Er það eðlilegt að hugsa sjer, að stjórnin og Danir, sem hingað til hafa verið á móti því að lagaskóli kæmist hjer á fót, færu að breyta háskólastyrknum til þess að lagaskóli gæti þrifizt hjer? Jeg get ekki sjeð að svo sje. Mjer finnst það muni miklu fremur spilla en bæta fyrir þessari tillögu, að hún sje látin verða samferða frv. um lagaskóla.

Flutningsmaður tók fram að það væri mest þörf á þessum styrkveitingum til kandídata frá lagaskólanum. Jeg get ekki verið honum samdóma um þetta. Fyrir kandídata frá læknaskólanum er þörfin mest, en miklu minni fyrir lögfræðinga og guðfræðinga.

Guðfræði og lögfræði má kenna til hlítar hvar sem vera skal. En nú hafa læknarnir styrk til utanfarar, og lagaskólinn er ekki til, svo hinn fyrirhugaði nýi styrkur yrði þá að eins fyrir kandídata frá prestaskólanum. Jeg er sannfærður um að kandídatar hjeðan mundu ekki nota mikið háskólastyrkinn til vísindalegra iðkana, en það gæti þó haft mikla þýðingu fyrir þá í öðru tilliti að geta orðið hans aðnjótandi, því jeg álít það gott og nauðsynlegt til þess að geta orðið góður og nýtur borgari í mannfjelaginu yfir höfuð að hafa átt kost á að skoða sig um í heiminum og kynnast öðrum þjóðum og siðum.

H. 2. þm. K-G. (J.Þ.) var sannfærður um, að menn gætu búið sig fullkomlega undir embætti hjer innanlands, en það

er ekki nóg, menn verða líka að geta búið sig undir það að verða nýtir menn í þjóðfjelaginu

Jeg er hræddur um — eins og hæstv. landshöfðingi tók fram — að kommunitetsstyrknum verði ekki breytt, öðruvísi en með því að afnema hann eða takmarka. Aðallega er kommunitetið ætlað stúdentum, og það er að eins sárlítill styrkur, sem kandídatar fá af því, svo sem læknakandídatar hjeðan.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að það væri heppilegra að binda sig ekki við einn háskóla, en ganga heldur á fleiri. Það getur nú verið mjög satt og rjett, en hann ætlast þó víst ekki til þess að Kaupmannahafnarháskóli styrki menn til náms við aðra háskóla. Ef landssjóður vildi leggja fje til þess, mundi jeg greiða því atkvæði mitt. Hefði þm. viljað vera með því um daginn að minnka ölmusurnar til latínuskólans, þá hefði mátt verja fje, sem þannig hefði sparazt, til þess að styrkja menn til náms við ýmsa háskóla erlendis.

Jeg álít æskilegt að sem flestir hjeðan fari utan og leiti sjer menntunar og fræðslu fyrir lífið, en mjer finnst það leiðinlegt og óheppilegt, að Danir leggi okkur fje til þess.

Flutningsm. (*Þórh. Bjarnarson*): Jeg ætla að tala örstutt út af mótbárum hæstv. landsh. Hann kom með þá athugasemd að fyrri liður tillögunnar kynni að fá framkvæmd, nefnilega missir hlunnindanna, en síðari hluti tillögunnar kæmi aldrei til framkvæmdar. Þessari vantraustsyfirlýsing til stjórnarinnar verð jeg að mótmæla. Sinni hún málinu, sjer hún um að þetta tvennt í tillögunni standi eða falli saman, það bindur hvað annað.

Hin síðari mótbára hæstv. landsh., að háskólinn hafi eigi fje fyrir hendi til kandídatastyrks, er athugaverðari. Sú mótbára er eigi gegn þörf og nytsemd þessarar tillögu, heldur efasemd um það, að hún sje framkvæmanleg. En hjer verð jeg að athuga, að háskólinn hefir yfir miklu fje að ráða og vart mun standa á því, ef viljann brestur ekki, enda veitir háskólinn nú nokkuð til læknaskólakandídata.

H. þm. Vestm. (V. G.) kallaði þetta betl eða sníkjuferð til háskólans, sem er mjög ástæðulaust, þar sem afleiðingin af tillögunni yrði eflaust sú, að háskólinn þrátt fyrir kandídatastyrkinn legði samtals minna fje fram til Íslendinga en áður. Sami þm. var og eitthvað að tala um að þetta gæti skoðazt sem móðgun við háskólann, sem líka er fráleitt. Háskólakennararnir geta þó ekki tekið það illa upp að vjer viljum senda til þeirra efnilega kandídata til frekara náms.

Sami h. þm. (V. G.) var enn að klifa á þessum 500 kr., sem hann vildi klípa af ölmusunum til latínuskólans, en skammt mundu þær ná til að styrkja íslenzka kandídata við háskólann.

Jeg skal að endingu kannast við það, að þetta er töluvert í óvissu gjört, en jeg vona að flestir þingdeildarmenn kannist við að tilgangurinn er góður, og að tillagan fer í rjetta átt, og gefi henni því atkvæði sitt.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónsson þm. A-Sk.	Halldór Daníelsson,
Jón Jónsson, Eyf.	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	Valt. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	

já:
Þórður Thoroddsen.
Þórhallur Bjarnars.

Eiríkur Gíslason var ekki viðstaddur, Sighv. Árnason greiddi ekki atkvæði.

Tillagan síðan afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Fertugasti og þriðji fundur miðvikudaginn 21. ág. kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um flutning þurfamanna (C. 415); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþykkt orðalaust með 16 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (C. 417); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþykkt með 17 samhl. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um eyðing sela (C. 295, 412); frh. 1. umr.

Framsögum. (Guðjón Guðlaugsson): Eins og kom fram við 1. umr. málsins, þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að samþykkja ekki frv. óbreytt eins og það kom frá efri deild; enda þótt nefndin yrði að viðurkenna að selurinn er rándýr, sem leggst á arðsamar fiskitegundir í ám og við strendur landsins, þá sá hún samt ekki ástæðu til að fara svo langt að gjöra hann allsstaðar rjettdræpan. Þess ber að gæta að hjer er um töluverða tekjugrein að ræða þar sem selveiðin er, og því ekki rjett að eyðileggja hana, nema að vissa sje fyrir því að önnur atvinna aukist að sama skapi; en sú vissa er enganveginn fyrir hendi, nema einna helzt þar sem laxár eru. Hvað snertir ákvæðin um ófriðun sels í silungsám og við ósa þeirra, þá varð nefndin að álíta að slík ákvæði væru sama sem að gjöra selinn allsstaðar rjettdræpan, því silungsveiði, sem opt er lítils eða einkis virði, má heita að sje í hverri lækjarsprænu. En að gjöra selinn rjettdræpan hvar sem er, það getur nefndin ekki fallizt á, með því að það er alls ekki víst að aðrar tekjugreinir aukist að sama skapi við það. Því verður ekki neitað, að selveiðin er á ýmsum stöðum eign einstakra manna, því eign tel jeg það, þegar menn fá einn hlut til umráða, hvort heldur er að erfðum eða með því að gefa fyrir hann jafngildandi fjárupphæð. Þetta er nú samt nokkuð annað en það sem sumir vilja halda fram, nfl. það, að selveiði sje sama eðlis og fiskiveiðar og fuglaveiðar, af því að hjer sje um villt dýr að ræða, sem ekki sje markað neinum sjerstökum eiganda, en ætti þetta að vera gild ástæða móti friðun selsins, yrði hún að vera jafngild móti friðun æðarfugls, og það vona jeg þó að þingmenn vilji ekki afnema þá friðun. En þó svo sje, að hvorki selur nje æðarfugl sjeu tamin dýr nje merkt neinum sjerstökum eiganda, þá er það vegna eðlis þessara dýra að þau velja sjer eignir einstakra manna til bústaðar, að þessir einstöku menn, hafa með vernd laganna og landsvenju fengið eignarrjett yfir dýrunum sjálfum, meðan þau hjeldu til á þessum sjerstöku stöðum, og þessi eignarrjettur hefir gengið kaupum og sölum móti háu verði og sömuleiðis að erfðum, og verður því ekki skoðað öðruvísi en sem sjerstök eign; selveiði er ekki nema á einstöku jörð eins og æðarvarp og ætti selur allstaðar að vera rjettdræpur, þá væri ekki nema eðlilegt að æðarfuglinn væri sömu forlögum háður; hvorttveggja eru villt dýr, sem auðvitað ekki hafa á sjer mark neins einstaks manns.

Nefndin hefir því komizt að þeirri niðurstöðu, að þótt hún ekki vildi fella frv. alveg, þá væri það varhugavert að gjöra sel rjettdræpan, jafnvel í laxám, án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir, og hefir hún því komið sjer saman um þær breytingar, sem hjer liggja fyrir, nefnilega að selur skuli að eins rjettdræpur í laxám og ósum þeirra, en að landeigandi skuli fá helming veiðarinnar; nefndin setti þetta ákvæði af því að henni fannst það varúðarvert, ef t. d. alveg óviðkomandi maður gæti gengið í selalátur og skotið allt saman, og henni fannst það ekki vera í samræmi við önnur veiðilög t. d. um silungsveiði og laxveiði. Það gæti vel farið svo að einhver maður gæti orðið fyrri til en eigandinn að fara í selalátur og skjóta allt, sem þar væri, meðan selurinn væri spakur og ekki farinn að venjast því að vera styggður, en á hinn bóginn sanngjarnt að eigandinn fái eitthvað fyrir þann skaða, sem hann bíður við lögin.

Breyt. og viðaukatill. nefndarinnar eru því innifaldar í þessu: að frumv. nær að eins til laxveiðiáa, að skotmaður fái að eins helming veiðar og að selveiðatapið verði endurgoldið eptir vissum reglum, frá hálfu þeirra sem laxveiðiaukans njóta.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum fyr en mótmæli koma gegn breytingum nefndarinnar, og því síður finn jeg ástæðu til að tefja tímann með lengri ræðu, sem málið að líkindum getur aldrei náð fram að ganga á þessu þingi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 shl. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um sjerstakan erindsreka fyrir Island (C. 378); **ein umr.**

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg hefi komið fram með þessa tillögu samkvæmt óskum frá kjósendum mínum, og þó að nú sje reyndar orðið svo áliðið þingtímans, að varla sje von um það, þótt nefnd þessi yrði kosin, að málið fái fullan framgang á þessu þingi, þá þótti mjer samt rjettara, að hreifa málinu, því jeg lít svo á, að mál þetta hljóti að fá framgang fyr eða síðar, ef ekki fæst breyting á núverandi stjórnarfari voru.

Eins og kunnugt er, er svo fyrirmælt í erindisbrjefi landshöfðingja 29. júní 1872, að landshöfðingi skuli gjöra tillögur til ráðaneytisins um öll vor sjerstöku mál, og ráðherra Íslands, sem er útlendur og ókunnugur maður, sem ekki skilur mál vort, og því hvorki getur lesið blöð vor nje umræður þær, sem fara fram hjer á þinginu, veit því ekkert, hvað hjer á landi gjörist, nema það sem honum berst embættisveginn í embættisbrjefum landshöfðingja. En þegar litið er á það, að landshöfðingjastaðan er launabezta staðan á landinu, og að í þá stöðu er naumast annar skipaður en sá, sem stjórnin veit, að muni vera sjer fylgjandi í öllum aðalmálum, og sem máske að eins fær embættið með því skilyrði, að hann fylgi þeirri stefnu, sem stjórnarráðið í Kaupmannahöfn álítur mestu skipta, þá má ganga að því vísu, að tillögur landshöfðingja hljóti að fá nokkuð litaðan blæ. —

Jeg held líka, að reynslan hafi sýnt það, að það mundi miklu heppilegra, að staða landshöfðingja gagnvart þinginu væri að eins »refererandi«, og að hann hefði eigi önnur afskipti af alþingismálunum eptir þing en »referera« ráðgjafanum, hvaða ástæður hafa verið færðar með og móti hverju máli, án þess að leggja nokkurn dóm á málin,

eða ráða ráðherranum til eins eða annars.

Það má og virðast nokkuð undarlegt, að því er snertir hin stærri pólitisku mál voi, að ráðherrann þurfi að leita álits landshöfðingjans, þar sem ráðherrann getur gengið að því sem vísu fyrir fram, að það álit hljóti, samkvæmt stöðu landshöfðingjans, að verða nokkuð einhliða. — Og þegar litið er á lagasynjanirnar, þó að ekki sje lengra litið aptur í tímann en frá byrjun ársins 1887 og til þessa dags, þá er það að kalla alveg undantekningarlaust, að öllum þeim lögum, sem synjað hefir verið staðfestingar á þessu tímabili, þeim hefir verið synjað eptir tillögum landshöfðingjans. Ráðgjafinn, sem er ókunnur maður, og veit ekki hvernig hjer hagar til, getur að nokkru leyti þvegið sínar hendur, þótt hann ráði til að synja lögum staðfestingar, þegar landshöfðinginn, sem er kunnugur háttum þjóðarinnar, hefir lagt það til, og máske talið lögin þjóðinni skaðleg, eða kallað þau »ótímabæran burð«, »vanhugsaða lagasmíð«, og þar fram eptir götunum. Meira að segja ráðherrann getur enda álitið það ábyrgðarminna fyrir sig, að synja staðfestingar, þegar landshöfðinginn ræður til þess. — En það er opt litið að byggja á tillögum landshöfðingja, og verður þetta hvað ljósast, þegar litið er á hið stutta »referat« af ástæðum með og móti, sem fylgja tillögum hans, því að þá dylst engum, að það er engu líkara, en að það sje »procurator«, sem er einhliða að verja sína skoðun, því að þar sjest fæst af því talið, sem fært hefir verið málinu til gildis á þinginu; það væri sjálfsagt heppilegra, að ráðgjafinn fengi orðrjetta þýðingu af öllum umræðum alþingis um hvert lagaboð og hverja ályktun, sem afgreidd er frá þinginu, svo að hann gæti lesið það sjálfur, og kynnt sjer þannig allt það, sem talað hefir verið bæði með og móti í hverju máli; en eins og nú er hagað, verður hann að skapa sjer álit sitt á málinu eingöngu eptir skýringum landshöfðingjans, sem reynslan hefir sýnt, að er allt annað en álit þjóðarinnar sjálfrar og fulltrúa hennar, enda þótt þingmönnunum vitanlega sje það mun kunnugra en landshöfðingja, hvar skórinn kreppir að, og úr hvaða þörfum helzt þarf að bæta.

Þegar litið er á stöðu landshöfðingjans, þá ber þess og að gæta, að það er ábyrgðarlaus staða; og samkvæmt stjórnarskránni frá 5. jan. 1874 verður engri ábyrgð komið fram á hendur landshöfðingja, nema konungur leyfi; og þegar vjer lítum á þetta, þá getur oss ekki dulizt, að þjóðfrelsi voru er stór hætta búin af þessu ábyrgðarlausa landshöfðingjadæmi, og það var því ekki um skör fram, þó að því væri þegar í upphafi vega sinna eigi vel fagnað, eins og menn geta sannfærzt um, ef litið er í blöðin frá þeim tíma.

Menn sáu þegar, að þetta ábyrgðarlausa landshöfðingja embætti gat orðið þjóðinni hættulegt, og þar ofan á bættist svo, hvernig það var til orðið, að það var ekki stofnað samkvæmt óskum Íslendinga, heldur »octroierað« upp á þá; og þó að nokkuð drægi úr óánægju þessari í svip, rjett á meðan þjóðhátíðarvíman var í mönnum, og á meðan menn lifðu í þeirri voninni, að stjórnarskránni frá 5. jan. 1874 yrði frjálslega beitt, þá vaknaði óánægjan brátt aptur, og að því skapi megnari, sem mönnum varð það ljósara, hve þýðingarlaus sú stjórnarbót var, sem oss hafði verið veitt.

Og þegar litið er á þingmálafundi þá, sem haldnir voru í hjeruðum í vor, þá sjáum vjer, að kjósendur hafa víða lýst óánægju sinni yfir framkomu hins

núverandi landshöfðingja, út af tillögum hans til stjórnarinnar, og sams konar vantrausts yfirlýsingu til hans samþykkti og Þingvallafundurinn; og einmitt út af þessari óánægju var það, að kjósendur mínir fundu ástæðu til að óska þess, að skipaður væri sjerstakur erindsreki, er flytti mál vor fyrir stjórnina í Danmörku til þess að þjóðin og þingið hefði tryggingu fyrir því, að mál vor yrðu flutt fyrir stjórnina og konung alveg hlutdrægnislaust; en nú sem stendur hefir þingið enga slíka tryggingu, því að þess ber vel að gæta, að sá, sem í landshöfðingja sessinum situr, er ekki borinn þangað af trausti hinnar íslenzku þjóðar, heldur er það velþóknun stjórnarinnar, sem hefir sett hann í það sæti.

Á þetta finnst mjer h. þingdeild þurfi að líta, og því hefi jeg komið með þessa tillögu, því þó að liðið sje á þingtímann, svo að nefndin geti að líkindum eigi lokið starfi sínu að fullu, þá gæti þó starf hennar orðið til góðs undirbúnings, og þjóðinni gæfist þá kostur á að hugleiða málið sem rækilegast til næsta þings.

Skal jeg svo ekki tala fleira í svipinn, fyrr en jeg hefi heyrt hvernig h. þingdeildarmenn taka í málið.

Jón Jensson: Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg greiði ekki atkvæði með því, að þessi nefnd verði skipuð. Það er þó ekki af því, að jeg álíti ekki æskilegt, að skipaður yrði sjerstakur erindsreki, er flytti ákvarðanir þingsins í landsins sjerstöku málum fyrir stjórn Íslands í Kaupmannahöfn. Það er ekki af því, að jeg álíti ekki æskilegt, að þingið stæði í nánara sambandi við ráðgjafa Íslands en nú, því það er einmitt þessi fjarlægð milli ráðgjafans og þingsins, sem öll okkar stjórnarbótar-barátta gengur út á að fá afnumna. — Vjer værum því ósamkvæmir sjálfum oss, ef vjer vildum ekki fá nánara samband milli ráðgjafans og alþingis.

En til þess að fá þessu framgengt, þyrftum vjer annaðhvort að fá þennan erindsreka eða ráðgjafann sjálfan til að mæta á þinginu. En jeg get nú ekki sjeð, að þessi nefnd geti komið þessari ósk vorri neitt áleiðis. Maður getur sagt sjer það sjálfur, að þó að þessi nefnd kæmist að þeirri niðurstöðu, að gjörlegt væri að fá þennan erindsreka og þingið síðan skipaði hann við hliðina á landshöfðingjanum, þá mundi ráðgjafinn áreiðanlega ekki taka á móti slíkum erindsreka nje veita honum áheyrn. Það væri því skrítið af þinginu, að fara að setja nefnd til að íhuga, hvort það væri gjörlegt, sem maður getur sagt sjer sjálfur, að er ógjörlegt eða þýðingarlaust. Þingið sýndi að eins hreinan barnaskap með því að samþykkja slíka ályktun. Jeg vil halda mjer á þeirri leið, sem vjer hingað til höfum farið til að fá stjórnarbót, en eigi fara inn á þessa leið, sem er hlægileg og ekkert annað.

Jeg verð því á móti því, að skipa hina umræddu nefnd.

Futningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg get nú kannske búizt við því, að þessi tillaga mín fái ekki sem beztan byr hjer í deildinni. En fari svo, að tillagan verði felld, þá eigna jeg það ekki málefninu sjálfu, heldur því, hvernig þingdeildin er óheppilega mönnum skipuð.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) játaði, að það væri æskilegt og heppilegt, að fá þennan sjerstaka erindreka, en þó vildi hann ekki gera svo mikið fyrir málefnið, að styðja að því, að skipuð verði nefnd til að íhuga það, og get jeg ekki neitað, að mjer þykir það dálítið undarleg niðurstaða, sem h. þm. komst að. Hann

sagðist ekki vilja fara annan veg, til að koma þessu máli fram, en þann, sem farinn hefði verið í stjórnarbótarbaráttu vorri hingað til. En hefir h. þm. Rvk. (J. Jenss.) farið þann veg á þessu þingi? Nei, hann hefir farið þann veg, sem leiðir til þess, að vjer verðum að sætta oss við sama stjórnarfyrirkomulagið, sem vjer nú höfum, að minnsta kosti næstu tvö árin. En þessi tillaga bindur sig nú einmitt við það stjórnarfyrirkomulag, sem er. Hún er fram komin til þess, að reyna að gera þetta stjórnarfyrirkomulag dálítið þolanlegra á meðan það helzt, og ekki fæst endurbót á stjórnarskrá vorri.

Að sá erindreki, sem þingið kysi, fengi ekki áheyrn hjá ráðgjafa Íslands, getur h. þingm. Rvík. ómögulega sagt neitt um, og jeg vil að minnsta kosti ekki að óreyndu ætla ráðgjafanum þá ókurteisi, að hann veiti ekki áheyrn þeim manni, sem alþingi sendir á hans fund, til að tala máli þess og hinnar íslenzku þjóðar. Jeg hefi víst ekki orð fyrir að vera of kurteis við stjórnina, en svo ókurteis vil jeg ekki vera, að ætla henni slíka ókurteisi.

Að endingu skal jeg geta þess, að mjer þykir það hart, ef h. þingd. vill ekki sinna þessu máli svo mikið, að hún vilji skipa nefnd til að íhuga það, og jeg vona, að þeir, sem ekki vilja það, telji sjer skylt að gera glögga grein fyrir atkvæði sínu, svo að þjóðinni gefist kostur á að sjá framkomu þeirra í þessu máli.

Jón Jensson: Jeg hefi litlu að svara því, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafði út á ræðu mína að seta, því það var í rauninni alls ekkert. Hann talaði um, að það væri ókurteisi af ráðgjafanum, ef hann neitaði að taka á móti þeim erindreka, sem þingið kynni að senda. Það er langt frá að mjer finnist það. Mjer finnst það þvert á móti eðlilegt, því í fyrsta lagi heyrir það að mínu áliti ekki undir þingið að skipa slíkan erindreka við hliðina á landshöfðingjanum. Það er enda spursmál, hvort slíkt fer í ekki bága við ákvarðanir stjórnarskrárinnar. Þingið getur sett nefndir meðan á þingi stendur til að rannsaka mál, sem því þykir mikilsvarðandi, en að skipa mann með umboði sínu milli þinga, það held jeg þingið geti tæpast. Í öðru lagi er það sjerstök ástæða fyrir ráðgjafann að neita að taka á móti slíkum erindreka, að hann getur ekki skoðað sending hans öðruvísi en sem »demonstration« gegn þeim millilið, sem ráðgjafinn og konungur hafa sjálfir valið milli sín og alþingis, en það er landshöfðinginn. Það væri ósamkvæmni af ráðherranum að að taka á móti slíkum manni.

Jeg get ekki sjeð, að það sje nein ósamkvæmni í því, að vera á móti þessari tillögu, þó maður vilji að beinna samband milli alþingis og stjórnarinnar kæmist á. Það vilja allir fá ráðgjafa, sem mæti hjer á alþingi, en það eru ekki allir vegir rjettir til að fá hann.

Þar sem h. þingm. (Sk. Th.) var að hnýta í mig fyrir það, að jeg hefði eigi verið með stjórnarskrárfrumvarpi því, sem lagt var fyrir þetta þing, og vildi segja, að jeg fyrir þær sakir gæti eigi talizt með þeim mönnum, sem vildu stjórnarbót, þá get jeg þvert á móti sagt um hann, að hann hefir einmitt gefið ástæðu til að ætla, að hann vilji ekki stjórnarbót með því að vilja ekki fara þá einu leið, sem hægt var að fara á þessu þingi, til að reyna að hrinda áleiðis stjórnarbótarmáli voru.

Jeg held meira upp á sóma þingsins en svo, að jeg vilji leggja hann í sölurnar til þess að geta fengið tækifæri til að vera allt af að löðrunga stjórnina eða landshöfðingja, og jeg álít þinginu ósamboðið með öllu að vera að

setja nefnd til að íhuga jafn-opinbera fjarstæðu eins og þetta.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skil ekki í því, hvað þetta mál getur staðið öfugt í höfðinu á h. þm. Rvík. (J. Jenss.); h. þm. (J. Jenss.) gætir þess ekki, að hjer er alls eigi farið fram á að skipa nú þegar sjerstakan erindreka, heldur er að eins farið fram á það, að kjósa nefnd til þess að íhuga, hvort þetta sje gjörlegt, og þá um leið, hvernig því yrði bezt komið við. Hlutverk þessarar nefndar yrði því meðal annars í því fólgið, að íhuga erindisbrjef landshöfðingja frá 29. júní 1872, og að gera tillögur um breytingar á því, ef þurfa þykir.

Ræða h. þm. (J. Jenss.) hefði getað átt við, ef komið hefði fram breyt.till. við fjárlögin í þá átt, að veita nú þegar ákveðna fjárupphæð, til að launa slíkum erindreka með; en eins og málinu horfir hjer við, þá er ræða h. þm. Rvík. (J. Jenss.) eiginlega út í hött.

Það er undarlegt, að h. þingm. skuli láta sjer detta í hug, að skoða skipun þessa erindreka sem brot á stjórnarskránni, eða að skoða skipun hans á sama hátt, eins og milliþinganefnd væri sett. Slík fjarstæða nær engri átt; eða heldur þingm. (J. Jenss.) kannske, að alþingi, þegar það veitti fjárstyrk til Ditlevs Thomsens, til þess að hann gæti kynnt sjer markað erlendis, að það hafi þá verið að skipa milliþinganefnd? Eða hvaða nefndir þekkir hann, sem að eins einn maður er í.

Jeg tek þetta dæmi að eins til að sýna, hvílíka fjarstæðu h. þm. (J. Jenss.) fer með.

Þá tók h. þm. (J. Jenss.) það einnig fram, að ráðgjafinn hefði sjerstaka ástæðu til að synja erindrekanum móttöku, af því að hann yrði að líta svo á, sem hann væri skipaður af vantrausti á landshöfðingja, og skal jeg ekki neita því, að aðal-ástæðan til skipunar þessa erindreka er auðvitað hin megna ótrú, sem þjóðin með rjettu hefir á milligöngu hins núverandi landshöfðingja; en um leið og erindrekinn er skipaður, ætti að breyta þannig erindisbrjefi landshöfðingja, að staða hans í löggjafarmálum vorum væri að eins »refererandi«, og það er þá í þeirri breytingu erindisbrjefsins, að vantraust til landshöfðingjans felst, en ekki í skipun erindrekans út af fyrir sig. Jeg álít og að þessi breyting á stöðu landshöfðingjans væri næsta heppileg fyrir hann sjálfan, því það getur varla hjá því farið, og er víst talsvert farið að bóla á því, að hann verði óvinsæll vegna þessa tillögurjettar. Stöðu landshöfðingja gagnvart stjórninni er þannig hagað, að hann verður opt — og það máske stundum móti vilja sínum — að gjöra þær tillögur um landsmál, sem koma í beinan bága við óskir og kröfur meiri hluta þjóðarinnar.

Jeg hefi svo ekki fleiru að svara að sinni. H. þm. Rvík. (J. Jenss.) talaði ekki móti tillögunni sjálfri, heldur var hann að tala um atriði henni alveg óviðkomandi.

Jón Þórarinsson: H. flutningsm. tillögunnar (Sk. Th.) mæltist til þess, að þeir sem ætluðu að greiða atkv. gegn tillögunni rökstyddu þá atkv.greiðslu. Jeg er nú einn í þeirra tölu, sem ekki get greitt atkv. með henni, og mun jeg verða við bón h. þm. (Sk. Th.).

H. þm. (Sk. Th.) játaði það sjálfur, að lítil líkindi væru til að nefndin gæti lokið starfi sínu á þessu þingi. En til hvers er þá að vera að skipa slíka nefnd? Jeg get gengið inn á ástæður h. þm., sem talað hafa, að hagkvæmt sje að hafa millilið milli þings og stjórnar. En vjer höfum þennan millilið þegar, og jeg hefi ekki trú á því, að þótt tími væri til að ráða málinu til lykta

og setja þennan nýja millilið, sem till. fer fram á, jeg hefi ekki trú á, segi jeg, að hann mundi gjöra mikið gagn. Það hefir verið talað svo mikið um, að ábyrgðarleysi landsh. væri svo voðalegt, að nauðsyn bæri til að breyta því ástandi. En hvar stendur nokkuð um ábyrgð hins nýja erindsreka? Jeg get varla skilið að það muni bæta úr skák, þótt vjer höfum tvo ábyrgðarlausa milliliði milli þings og stjórnar. Enn er eitt athugavert; verði þessi erindsreki skipaður, þá er og nauðsyn að ákveða honum eitthvað til að lifa á.

Í stuttu máli er jeg móti þessari nefndar skipun af því að hún er þýðingarlaus, af því hve áliðið er tímans, hún yrði ekkert annað en vindhögg og jeg vil ekki vera með í því að gefa það, nje heldur í því að skipa mann í ríkisins þjónustu, sem á að lifa á loptinu.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal svara stuttlega mótbárum h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.). Hann lagði sjerstaka áherzlu á það, að þessi nefnd gæti ekki afgreitt málið vegna þess, að tíminn væri orðinn svo naumur. En þótt nefndin gæti ekki afgreitt málið að öllu, þá væri mikið unnið við það, ef henni gæfist kostur á að íhuga það, og láta uppi álit sitt um það; þá gæfist þjóðinni kostur á að íhuga það og ræða milli þinga, og þá má vænta þess, að það komi betur undirbúið fyrir næsta þing. En þar sem h. þm. (J. Þ.) talaði um það, að erindrekinn ætti að lifa á loptinu, þá verð jeg að geta þess, að það væri hálfkynlegt að fara þegar að ákveða laun handa erindreka þeim, sem nú er að eins verið að tala um að skipa nefnd til að íhuga, hvort gjörlegt muni vera að setja eða ekki. Ætli það þætti ekki nokkuð »flot« að byrja á því, að ákveða laun handa honum, áður en menn eru búnir að koma sjer saman um það, hvort ráðlegt sje að skipa hann eða ekki?

Þá tók h. þm. (J. Þ.) það fram, að hann vildi ekki láta tvo ábyrgðarlausa menn fjalla um málefni landsins. En þess er að gæta, að allt öðru máli er að genga með erindrekann en landsh.; staða hans yrði allt önnur; það mundi verða maður, sem þingið kysi af því, að það bæri fullt traust til hans, og ætti víst, að hann flytti málin fyrir stjórnina á þann veg, sem þing og þjóð óskaði. Mjer er það að öðru ekkert sjerlegt kappsmál, að tillaga þessi verði samþ. að þessu sinni. Jeg álít þegar töluvert unnið við það, að málinu hefir verið hreift og umræður hafa orðið um það, þótt jeg hefði heldur kosið að nefndin væri skipuð. En það vil jeg enn taka fram, að ætli h. deild að fella málið, sem helzt lítur út fyrir, þá finnst mjer betur eiga við, að sem flestir gjöri glöggva grein fyrir atkvæði sínu, því að hjer er um svo þýðingarmikið mál að ræða, að jeg gjöra ráð fyrir, að þjóðin kjósi að sjá greinilega afstöðu þm. sinna í því.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptf.): Það sat einn sá maður lengi á hinum ráðgefandi þingum, sem minnzt var nýlega með miklu lofi hjer í deildinni af helztu forvígismönnum stjórnarskrármálsins, og jafnan hefir verið talinn meðal skörunganna í framsóknarstríði Íslendinga. Þessi maður var Jón heitinn Guðmundsson. Mjer datt hann í hug, þegar h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) ljet sjer þau orð um munn fara, að ef þessi tillaga yrði felld, þá væri það af því að deildin væri ekki vel skipuð, það er með öðrum orðum: ekki skipuð nógu mörgum frelsisvinum. Það er kunnugt, að þegar stjórnarskráin var á prjónunum á hinum síðustu ráðgjafarþingum, þá kom það til orða að skipa erindreka eins og nú. Hvað segir svo Jón Guð-

mundsson um þennan erindreka? Hann segir (Þjóð. 23. ár 15 8. bls.): »Erindrekans get jeg að engu, því hvað skal það ábyrgðarlausa snattgoð inn í stjórnarskrá vora«?

H. þm. Rvík (J. Jenss.) hefir sýnt fram á að tillagan sje þýðingarlaus, og h. flutningsm. (Sk. Th.) hefir ekki getað hrakið það að neinu. Jeg segi því eins og hann, jeg get ekki greitt atkv. með tillögunni.

ATKV.GR.: Tillagan felld með 16 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Eiríkur Gíslason,	Kl. Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Björn Sigfússon,
Sighv. Árnason,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Halldór Daníelss.,
Valtýr Guðmundss.	Jón Jensson,
	J. Jónss., þm. A.-S.
	J. Jónsson, Eyf.
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þ. Guðmundsson,
	Þórð. Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu (C. 413); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveim umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um rjett giptra kvenna (C. 422); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni í hinu svo nefnda »Skúlamáli» (C. 408, 411); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Fertugasti og fjórði fundur, fimmtudag 22. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. Rangv. (Þórður G.), er tjáð hafði forföll.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og '97 (C. 442, 453, 455, 456, 460, 463, 468, 474); ein umr,

Framsögumaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Breyt.till. hafa orðið allmargar hjá nefndinni, en ekki eru það neinar stórvægilegar nýungar.

Þegar h. þm. bera saman frumv. eins og það fór hjeðan og eins og það kemur nú frá h. Ed., og svo framhaldsálit fjárlaganefndarinnar, sem nú liggur fyrir, munu menn sjá, að nefndin hefir fallið frá ýmsum póstum, er felldir hafa verið í Ed., en þar á móti aðhyllzt aðra pósta, sem þar höfðu atkv.fylgi, en höfðu fallið hjer. Yfir höfuð vildi nefndin gera sem fæst að ágreiningsefni; það sem hún fer nú fram á er gert í samráði við fjárlaganefnd Ed. og mjer er óhætt að fullyrða, að engar af þessum breyt.till. fjárlaganefndarinnar verða að ágreiningi við h. Ed. Jeg get farið stutt yfir sögu, flest af þessu eru gamlir kunningar.

1. breyt.till. er við 11. gr. 4, þar sem Ed. hefir farið fram á 2 læknisferðir til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, sem hafa fyrirheit um aukalækni, en sem ekki er útlit fyrir að fáist í bráð.

Vjer aðhyllumst þessa nýjung hjá h. Ed., sem er í samræmi við veiting þessarar deildar til Öræfinga, að eins álítum vjer 200 kr. of háan styrk fyrir 2 ferðir móts við 100 kr. fjárstyrkinn til Öræfinga. Vjer ætlumst til þess, að hjeruðin leggi minnst fram hálfan kostn-

að til þessara læknisferða, en eptir samráði við h. fjárlaganefnd Ed. viljum vjer þó ekki færa upphæðina niður, en leggjum til að læknisferðirnar til þessara hreppa vestra verði settar 3. Þá vildum vjer og setja athugasemd aptan við þessar 2 styrkveitingar um auglýsing slíkra læknisferða með nægilegum fyrirvara, og liggur það í augum uppi að slíkt er nauðsynlegt.

Næsta breyt.till er verulegri, og getur helzt orðið ágreiningur um hana. Þar hefir Ed. í 11. gr. 7 samþ. 3000 kr. til sjúkrabússbyggingar á Sauðárkrók. Nefndin varð þar að halda fast við sína fyrri skoðun, að ekki sje vert að stofna spítala af almannafje annarstaðar en þar sem sóttvarnarhús eiga að koma upp að lögum, og um leið hvílir lagaskylda á læknunum að vera búsettir þar á staðnum, samfara hinum hærri læknalaunum, sem gefur töluverða tryggingu fyrir, að þangað veljist færustu læknarnir.

Fjárlaganefndin kannast við það, að íbúar þessara hjeraða sjeu sjerlega góðs maklegir fyrir fjárframlög af eigin ramleik til ýmsra nytsemdarframkvæmda í hjeraði sínu, en hjer er um princip að ræða, ekki svo mikið um þessar 3000 krónur.

Þá er 3. og 4. breyttill. frá nefndinni um hækkanir til útgjalda við póststjórnina, 1000 kr. hækkun til póstflutninga bæði árin og 500 kr. hækkun til áhalda fyrra árið. Þessar hækkanir eru nauðsynleg afleiðing af þingsályktuninni um auknar póstgöngur og fjölgun aukapósta. Hjer hefði og getað komið til álita hækkun til póstafgreiðslu og brjefhirðinga, þar sem brjefhirðingum hefir einnig töluvert fjölgað á þessu þingi, en þar sem stjórnin hefir í frv. sínu hækkað þær fjárveitingar töluvert frá því sem nú er, lætur nefndin þær óhreifðar.

Þá er allveruleg breyttill. við 12. gr. B., að færa fjárveitinguna til flutningabrauta aptur upp í 45,000 kr.; fjárln. heldur fast við skoðun sína, að minna dugi ekki á næsta fjárhagstímabili, og Ed. gerir sína niðurfærslu ekki að kappsmáli. Ástæður fyrir þessari skoðun nefndarinnar eru margtaldar og er ekki nema málalenging að vera að rifja þær upp.

Þá er breyt.till. við 12. C. a, að stryka út þessar 45,000 kr. til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins. Meiri hluta nefndarinnar þótti rjettara að láta þessa upphæð ekki standa á fjárlögunum, þar sem sjerstök lög fara frá þinginu um útgjörð eimskips á kostnað landssjóðs. Hjer er ekki að ræða um minnkuð útgjöld; landsskipið mun jeta sitt fyrir það; en þessi burtfelling eins stærsta útgjaldaliðarins breytir fjárlögunum töluvert, svo að hinn mikli tekjuhalli hverfur að mestu eða öllu. Aðrar breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. C. eru ekki nema orðabreytingar til lagfæringar.

Þá er jeg kominn að stýrimannaskólanum í 13. gr. og er þar einna verulegast atriðið, sem um er að ræða í dag. Það varð að ráði milli nefnda beggja deilda, að falla bæði frá leigu og kaupi á hinu gamla skólahúsi og íbúðarhúsi skólastjórans, en veita fje til að byggja skólahús. Nefndin fer því nú fram á 8000 kr. fjárveiting til að byggja yfir stýrimannaskólann, sem er jafnmikil upphæð og Ed. ætlaði til húskaupanna.

Með þessu vonar nefndin að vandinn sje leystur í þessu máli, og það á miklu haganlegri hátt en með að kaupa gamalt íbúðarhús, sem strax hefði þurft að fá 1600 kr. viðgjörð eptir tillögu Ed., og sjálfsagt hefði orðið viðhaldsfrekt í framtíðinni og aldrei hentugt skólahús. Nefndin telur það og heppi-

legt að eigi sje íbúð í skólahúsinu, húsið að eins byggt til þess eins að vera skóli; það reynist jafnan dýrt fyrir hið opinbera að hafa íbúð í skólunum. Hirðing og ræzla hússins getur orðið alveg eins góð fyrir það, þótt enginn búi í því.

En þá kom til greina í fjárlaganefndinni að hinn núverandi forstöðumaður stýrimannaskólans ætti fullkomna sanngirniskröfu á skaðabótum eða þóknun fyrir viðbótina, er hann byggði við hús sitt, til alveg sjerstakra afnota fyrir skólann, því að ekki hefir hann að eins lagt þar í talsverðan kostnað að upphafi, heldur getur hann ekki notað þá viðbót, eins og hún nú er, án töluverðs nýs kostnaðar, til íbúðar eða leigu. Nefndin vildi því fremur líta á þessa sanngirniskröfu, þar sem skólastjórinn hefir að þeirra dómi, sem þekkingu hafa á því, leyst starf sitt ágætlega af hendi. Viðbótin við húsið er vátryggð fyrir 2070 kr. og hefir kostað að sögn um 2400 kr. Þessi uppbót, 600 kr., sem vjer höfum gert skólastjóranum fyrir undangenginn byggingkostnað í skólans þarfir, álítum vjer fullnægjandi, og vjer leggjum áherzlu á, að þessi uppbót greiðist honum, verði húsið byggt. Með þessu fyrirkomulagi fellur burt leigulausi bústaðurinn í skólahúsinu, sem Ed. ætlaði skólanum, en í stað þess leggur nefndin til að laun hans sjeu aptur færð upp í 2000 kr., eins og deildin skildi við þau, þegar fjárlögin fóru hjeðan. Hinar aðrar breyt.tilll. við þennan lið 13. gr. B. V. standa og falla með þessari tillögu um byggingu hússins. Þar er ætlað til húsnæðis fyrra árið að eins 300 kr., af því að eigi þarf að leigja í gamla skólahúsinu lengur en til vorsins 1896.

Kostnaður til stýrimannaskólans yfir fjárhagstímabilið verður eptir þessum nýjustu uppástungum mjög svipaðar því sem hann var í frumv. stjórnarinnar, og hjá Ed., það leikur á 15 þús. kr.

Þá er 11. breyt., heldur smávægileg; Ed. vill færa þóknunina fyrir umsjónina með forngripasafninu upp um 200 kr., og færir til þá ástæðu, að hún vilji allt til vinna, að halda hinum núverandi umsjónarmanni, af því að hann væri sjerlega vel vaxinn starfinu, en mundi hverfa frá, ef ekki væri hlynnt að kjörum hans. Þetta kannast nefnd. fúslega við, að maðurinn er mjög vel vaxinn umsjónarmannsstarfinu, og hefir því ekki á móti því, að þessar 200 kr. sjeu persónuleg viðbót við hinn núverandi umsjónarmann, en hins vegar álítur nefndin sem áður, að 400 kr. sje nægileg þóknun fyrir þann starfa, og fari svo, sem vel kann að verða, að hinn núverandi umsjónarmaður sleppi þeim starfa, þá skuli eptirmaður hans eigi fá meira en 400 kr., og fara br.till. nefndarinnar í þá átt.

Þá er komið að listamönnunum nýju í hinni löngu romsu 13. gr. C.; einum hefir fækkað í Ed., en 3 eru eptir, málarinn og myndasmiðirnir tveir. Nefndin, eða að minnsta kosti meiri hluti hennar, fórnar nú sínum eina listamanni, Einari frá Galtafelli, til þess að geta strykað þá alla út; nú verður hún ekki sökuð um neina ósamkvæmni, og jeg vona nú og óska að næsta atkvæðagreiðsla ljetti af fjárlögunum þessum þarfleysugjöldum. Þetta þing er mjög ört á fjárveitingar, og það í beinan luxus, sem ekki hæfir jafnfátækum mönnum og vjer Íslendingar erum, sem horfum í hverjar 100 kr., sem ætlaðar eru til jarðabóta í landinu. Auk þess verð jeg að kveða upp með það álit frá eigin bjósti, að það sje mjög hæpið, hvort þessir listamannastyrkir verði landinu nokkurntíma að gagni eða sóma.

Þá er 15. breyt.till. eða fjárveiting til að rannsaka hafnir og lendingar meðfram suðurströnd landsins. Nefndin setti þetta inn á sínum tíma, beint eptir þingsályktun deildarinnar. Ed. strykaði þessa fjárveiting út, en ætlar ekki að halda því til streitu. Þessi deild hefir bundið sig svo með ályktuninni, að hún getur ekki tekið aptur þessa fjárveiting.

Þá er síðasta breyt.till.; hún er svo til orðin, að Hafnarsjóður Reykjavíkur sendi beiðni til fjárlaganefndar Ed. um 90 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, með vægum kjörum, til að gera bryggju hjer, sem stórskip gætu legið við. Tilefnið var, að það var leitt í tal af Hafnarnefndinni við brúarsmiðinn Mr. Vaughan, hvað slík bryggja úr járni eða stáli mundi kosta. Og eptir því sem hann ætlaði á, mundi 800 feta löng bryggja kosta c. 130 þús. kr., en upp í það á Hafnarsjóður sjálfur 40 þús. kr. Þessa beiðni hefir Ed. aðhyllzt, og nefnd. í Nd. líka, með dálitlum breytingum þó: Í fyrsta lagi sje lánið veitt Reykjavíkurkaupstað, oss þykir það heppilegar orðað svo, og í annan stað lízt oss óþarfi að tiltaka að bryggjan eigi að vera úr járni eða stáli, og loks vildi nefndin að þessi lántakandi hlyti sömu ívilnun í vaxtagreiðslu til þessa fyrirtækis, sem aðrir, er lán er leyft á athugasemdunum aptan við fjárl. Nefndin áleit, að úr viðlagasjóði ætti að veita lán með þessum vilkjörum, til þarflegra og stórra mannvirkja, meðan fjeð entist. Það munar landið litlu, þessi hálfur af hundraði, en gerir lánið aðgengilegra. Nefndin er samdóma Ed. um það, að þetta mannvirki muni verða miklum hluta landsins til góðs og ýta undir samgöngubætur á sjó og landi. Þessa niðurfærslu á vöxtum í $3^1/_2$% vill nefndin láta ná til gufubátskaupalánsins vestanlands, svo að samræmi sje á milli allra lánleyfanna.

Þá er breyt.till. nefndarinnar ekki fleiri. Nefndin hefir ekki sett neitt í hina vanalegu 19. gr., er telur upp frumv., sem breytt geta upphæðum tekju og gjaldamegin. Slíkt verður eigi gjört fyr en allra síðast á þinginu, er öll lagafrumvörp eru til lykta leidd, og svo áleit nefndin það hlutverk skrifstofunnar, eigi síður en sitt. Það segir sig hvort sem er sjálft, hvaða frv. frá þinginu á að telja til í þessari 19. gr.

Fleira hefi jeg ekki að segja að sinni.

Einar Jónsson: Jeg hefi komið með breyt.till. á þingskj. 463 um að hækka styrkinn til kennarafræðslu við Flensborgarskólann úr 1600 kr. í 2200 kr. hvort árið. Tilgangur tillögunnar er sá, að kennarakennslan verði aukin. Tíminn, sem til þess gengur, er nú að eins 6 vikur, en það er auðvitað of stuttur tími, og við efumst um, að svo stuttur kennslutími geti orðið til verulegs gagns. Tillagan fer því fram á að styrkurinn verði hækkaður, svo að hægt sje að hafa kennslutímann einn vetur. Viðbótin á að vera til að launa nýan kennara. Sje kennslutíminn í skólanum alls 3 ár og honum skipt í 3 bekki, þá þarf 3 kennara. Deildin var áður ekki á móti því að kennarafræðslan væri aukin, og þá býst jeg við, að hún verði ekki á móti því nú. Þá var felldur styrkurinn til áhaldakaupanna, þó að það væri eigi gott. Við álítum nú ekki heppilegt að koma aptur með tillögu í þá átt, að honum yrði komið inn, og við höfum þess vegna látið okkur nægja að koma með þessa tillögu til þess að kennarafræðslan geti orðið aukin. Jeg vona að h. deild hafi ekki á móti þessu nú, fremur en síðast og treysti því, að hún samþykki tillöguna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að

segja það, að mjer þykir það kynlegt, að h. nefnd hefir fellt burtu alla þrjá liðina úr 13. gr. c, 15, 16 og 20 fjárlagafrv., nefnilega styrkinn til Skúla, Þórarins og Einars; mjer þykir þetta kynlegt sjerstaklega af því, að nefndin hefir lengi litið í náð sinni til eins af þessum ungu listamönnum; en nú sje jeg að hún er hætt því og búin að fella þessa styrki burtu. Það kemur víst til af því, að í h. Ed. kom fram tillaga um að fella burt þessa töluliði. En nú liggur fyrir deildinni tillaga um að setja þá inn aptur með nokkuð lægri upphæðum, og jeg vænti þess því, að þeir, sem mest og bezt mæltu með þessum töluliðum áður, gjöri það enn, þó að nefndinni hafi snúizt hugur.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins vekja athygli á því, að í 20. tölulið í 13. gr. er prentvilla. Í stafliðnum hafa auðsjáanlega átt að standa 500 kr. bæði árin; en síðari 500 kr. hafa svo af ógætni þokazt niður í næsta staflið á eptir (21.). Þetta er auðsjáanlega villa, sem þarf að leiðrjetta. Að öðru leyti skal jeg ekki tefja umræðurnar í þetta sinn.

Halldór Daníelsson: Jeg á eina breyt.till. við fjárlagafrv. á þingskj. 457; það er um 1000 kr. styrk til brúargjörðar á Langá. Jeg vil nú mæla með því að þessi tillaga nái fram að ganga í deildinni; því að hún var samþykkt áður í deildinni með talsverðum atkvæðamun, og jeg vona því að h. deild samþykki hana enn. Jeg get ekki skilið, að h. Ed. fari að fella hana aptur, svo að það verði þrætuefni milli deildanna. Jeg tek það fram, að það er stór nauðsyn á þessari brú. Og þó sagt sje, að Mýramenn hafi ekki gjört mikið að vegabótum hjá sjer, þá er það ekki rjett. En vegir þar eru auðvitað verri en víðasthvar annarsstaðar vegna jarðvegarins og landslagsins. Það má að minnsta kosti segja þeim það til hróss, að þeir hafa lagt brúaðan veg til Borgarness og verja miklu fje árlega til vegabóta, þó þess sjáist ekki eins mikil merki og sumstaðar annarsstaðar.

Ólafur Briem: Mig furðar á því, að h. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að styrkurinn til spítala á Sauðárkrók skuli falla burtu. Maður hefði vel getað skilið þetta, ef það hefði verið stefna nefndarinnar að spara fje landssjóðs, en það hefir nefndin alls eigi gert, þar sem hún hefir veitt fje til ýmissa fyrirtækja, sem sum hver ekki geta álitizt eins sjerlega nauðsynleg.

En hjer stendur nú svo á, að þetta er mikið áhugamál hjeraðsbúa og að þeir hafa lagt mikið á sig, til þess að fá þessu fyrirtæki framgengt.

Það lítur stundum svo út, sem þingið sje í vandræðum með, hvernig það eigi að verja landssjóðs fje. En hvernig stendur þá á því, að það vill ekki leggja fje til þessa fyrirtækis, þar sem tryggging er fyrir, að fjeð verður að eins notað til að bæta úr brýnni þörf, og þegar hjeraðið, sem styrksins beiðist, sýnir að það sjálft vill leggja mikið fje í sölurnar?

H. framsögum áleit að þetta fyrirtæki yrði að sitja á hakanum, meðan eigi væri búið að byggja sóttvarnarhús samkvæmt lögunum frá 17. des. 1875. En í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir, að landssjóður eigi að kosta þau hús, heldur hlutaðeigandi bæjarstjórnir og sveitarstjórnir. Og þar sem ekki hafa komið fram beiðnir um styrk til að byggja þau, þá er allt öðru máli að gegna með þetta fyrirtæki.

Þá var það enn eitt atriði, sem h. framsögum. lagði áherzlu á við fyrri umr. þessa máls, að meðan ekki væri kominn á fót reglulegur landsspítali í Reykjavík, þá ætti það ekki við að

vera að styrkja spítala til sveita, þar sem útlit væri fyrir að þeir hefðu miklu minni þýðingu og gætu tiltölulega komið að svo litlum notum. Jeg skal nú játa það, að það væri þýðingarmikið að stofna slíkan landsspítala, en jeg verð þó að ætla að sá spítali mundi sjerstaklega hafa þýðinga fyrir Reykjavík og nærsveitirnar, en miklu síður fyrir allt landið.

H. þm. Strand. (Guðj. G.), sem á sæti í fjárlaganefndinni, hefir opt tekið það fram með hörðum orðum, að hann áliti þá stefnu eigi rjetta, að Reykjavík og Sunnlendingafjórðungur yfir höfuð væri í öllu látinn ganga fyrir öðrum hlutum landsins.

Mig furðar nú á því, að hann, sem hefir látið þessa skoðun í ljósi, skuli þvert ofan í hana vera með í því, að leggja á móti spítalastofnun á Sauðárkrók. Það lítur helzt út fyrir að honum hafi ekki verið alvara, þegar hann hefir haldið fram þessari skoðun.

Stofnun sjúkrahúsa stendur auðvitað í nánu sambandi við læknaskipunarmálið í heild sinni, og er þá mikið undir því komið, hvernig menn líta á hlutverk læknа, hvort það eigi einkum að lúta að því, að halda lyfjabúð til að miðla fólki meðulum við ýmsum kvillum, eða aðal-ætlunarverk þeirra eigi að vera að stunda handlækningar. Jeg vona, að flestir verði samdóma um, að þetta síðara sje miklu þýðingarmeira. En til þess að handlækningar verði stundaðar svo vel sje, þarf um fram allt hentugt húsnæði. Án þess geta jafnvel hinir beztu hæfileikar eigi notið sín til neinnar hlítar. — Til hvers er þá að hafa góða lækna, ef þeim er gjört ómögulegt eða í öllu falli mjög erfitt að beita sínum góðu hæfileikum. Vilji menn halda því fram, að ekki sje formandi að stofna sjúkrahús í kauptúnum, þar sem fjölbyggð hjeruð eiga hægt með að sækja að, þá er mjög vafasamt, hvort það svarar kostnaði, að fjölga læknum að miklum mun, eins og stefnan hefir þó verið á undanförnum þingum, og enn er sú stefna ráðandi á þessu þingi, þar sem í ráði er, að bæta við 3 nýjum aukalæknum.

Mig furðar á því, að h. 1. þm. K.-Gullbr. (Þ. Th.), sem á sæti í fjárlaganefndinni, skuli vera á móti þessu fyrirtæki, þar sem haun hefir þó sýnt vilja á að bæta læknaskipunina með því að fjölga læknaembættum. En mjer sýnist það ekki vera nóg, að fjölga læknum og auka laun þeirra, heldur sje einnig nauðsynlegt, að gera þeim mögulegt, að standa vel í stöðu sinni, og nota krapta sína og kunnáttu.

Tryggvi Gunnarsson: H. framsögum. (Þórh. B.) minntist á breytingartillögu nefndarinnar, að veita 8000 kr. til þess að byggja fyrir sjómannaskólahús; jeg vil að eins bæta því við, að það var samhuga álit allra í fjárlaganefndinni, að það væri mjög óhyggilegt að kaupa skólahús það, eptir því sem nú á stendur.

Svo stendur nefnilega á, að meiri hluti húseignar þessarar er ein af elztu byggingum bæjarins, en dálítil bygging við enda gamla hússins er nýleg, sem hinn núverandi skólastjóri hefir byggt. Gamla húsið er mestmegnis notað til íbúðar, en að eins lítið af því haft til kennslu. — Viðbótin, eða nýja húsið, er aptur á móti mestallt notað í skólans þarfir. Það húsrúm skólans kostar um 2500 kr., en hitt, sem brúkað er af gamla íbúðarhúsinu í skólans þarfir, getur varla verið meira en 1000 kr. virði. — Þetta er allt svo samtals 3500 kr. Allt annað af húseign þessari er gagnslaust fyrir skólann, bæði það, sem notað er af gamla húsinu til íbúðar, sem er mestur hluti þess, stór kálgarður og mikil lóð. Allt hið síðast talda

er því gagnslaust fyrir landssjóð að kaupa, og meira að segja, það er beinlínis byrðarauki fyrir hann, að eiga þessa eign. — Það er því miklu hentugra fyrir landssjóðinn, að eiga nýtt hús fyrir 8000 kr., heldur en að kaupa gamalt hús fyrir sama verð, og þurfa svo að gera við það strax á næsta ári fyrir allt að 4000 kr., og hafa svo eptir allt saman miklu meiri árleg útgjöld í skatta og viðhald en af nýju skólahúsi.

Jeg vona því, að hin h. deild hallist að því, að samþykkja þessa breytingartillögu nefndarinnar, og sjái það, að miklu ódýrara og betra sje fyrir landið að byggja nýtt hús fyrir skólann heldur en að kaupa þessa gömlu húseign.

Viðvíkjandi 10. gr. C. 11, styrknum til Skúla Thoroddsen, þá hefi jeg komið fram með þá breytingartill., að töluliðurinn falli burtu. H. efri deild hefir samþykkt 3000 kr., og nú er komin fram önnur breyt.till. hjer í deildinni, að þessi styrkur sje hækkaður aptur upp í 5000 kr., hjer er því um þrennt að velja. Ástæðan fyrir minni tillögu er hin sama og áður, að jeg álít þessa »gjöf« með öllu óþarfa og ástæðulausa, þar sem maðurinn hefir full eptirlaun samkvæmt lögum, og er vel efnaður, og hefir auk eptirlaunanna þá prívatstöðu, sem gefur af sjer fullkomin embættismannalaun. Auk þessa hefi jeg þá skoðun, að verði það samþykkt í þinginu, að hann fái þessa gjöf, 3000 eða 5000 kr., þá geti það orðið til þess, að við fáum bráðabirgðarfjárlög, en það er sannarlega ekki tilvinnandi fyrir jafn-ástæðulausa og óþarfa fjárveitingu að lenda í sömu flækjunni eins og Danir. Það er ráðgjafinn, en ekki þingmenn, sem dæmir um það, hvort við eigum skilið að fá bráðabirgðarfjárlög; hann hefir ekki verið hræddur við, að gefa Dönum »provisorisk« fjárlög, og þá er líklegt, að hann verði eigi smeikari við okkur. — En hvort er þá betra, að fella þennan lið burtu og eiga víst, að fjárlögin verði staðfest, eða láta hann standa og eiga svo á hættu, að þeim verði synjað staðfestingar? Jeg held að þegar mál þetta er skoðað án kapps og hlutdrægni, þá sje þessi »gjöf« til Skúla Thoroddsen ekki svo áríðandi fyrir landið, að fyrir hana sje leggjandi á tvær hættur með fjárlögin.

Önnur aðal-ástæðan, sem er á móti þessari fjárveitingu, er sú, að um leið og þetta gjald er tekið af landssjóði, þá er það lagt á landsmenn alla, bæði þá, sem ef til vill vilja eitthvað greiða, og hina, sem alls ekkert vilja greiða, og álíta »gjöf« þessa hreinasta gjörræði gagnvart kjósendunum og mestum hluta landsmanna. Í nefndaráliti rannsóknarnefndarinnar er mikið fárast um það fjártjón, sem landið hafi beðið af hinum mikla málarekstri gegn Skúla Thoroddsen. Mjer finnst nú að rjettara væri, að reyna að minnka þetta fjártjón, heldur en að bæta 5000 kr. við það. Sumir hafa sagt, að þetta eigi að vera straff á stjórnina, allir vita þó að hún greiðir aldrei einn eyri af þessu frá sjer, landið verður að greiða fjeð, svo straffið kemur á landið en eigi stjórnina. En hvað hefir landið unnið til þess, að fá þessa ráðningu? Ef landsmönnum þykir það sanngjarnt, að Skúli fái bætur, þá geta þeir skotið saman gjöf handa honum. Það er ekki ný aðferð. — Þegar við Norðlendingar hjer um árið vildum láta sjera Matthías Jochumsson fá skáldalaun, og fórum fram á, að honum væri veittar 1000 kr. af landssjóði, þá risu öll hin skáldin upp og vildu líka fá skáldalaun. En með því að við sáum fram á, að það yrði of mikil útgjöld fyrir landssjóð, þá

tókum við tillögu okkar til baka. En við ljetum svo sira Mattías engu að síður fá sín skáldalaun á þann hátt, að skotið var saman handa honum jafn-mikilli upphæð og farið hafði verið fram á að hann fengi úr landssjóði. Ef sú skoðun er almenn, að Skúli Thoroddsen eigi skilið að fá þetta fje, þá er líklegt, að menn verði fúsir til að skjóta því saman handa honum. Á þann hátt gæti þjóðin bezt sýnt, að hún hefði virkilegan vilja á því, að hugnast honum, — og þá kæmi það glöggast í ljós, hverjir álitu hann verðan þess og hverjir ekki, og hvort þeir af þingmönnum, sem mest berjast nú fyrir þessari fjárveiting, vilja af eigin efnum leggja mikið í sölurnar, því ljett verk er það, að rista þveng af annars skinni. Að fara í landssjóðinn, eða vasa landsmanna og taka þvert á móti vilja margra all-mikla upphæð, til að gefa ástæðulausa »gjöf«, það álít jeg með öllu óheimilt, ef ekki annað verra. — Jeg skil ekki, að þingmenn skuli voga sjer það. Jeg vona, að hann sjálfur hafi svo mikla sómatilfinningu, að hann greiði ekki atkvæði með fjárgjöldum úr landssjóði handa sjálfum sjer, eins og hann gjörði með eptirlaunahækkuninni til sín um daginn. — Jeg sje ekki að þingmenn geti fóðrað slíka aðferð með neinni sennilegri ástæðu. — Hin aðferðin er aptur á móti ólíkt drengilegri, að bæta honum skaðann með samskotum þeirra sem eru sannfærðir um, að hann sje þess maklegur.

Upphæðirnar í 13. gr. C, 15. 16. og 20. tölulið, sem fjárlaganefndin leggur nú til, að falli burtu, eru í raun og veru ekki stórar. Þó að þessar smáupphæðir sjeu nefndar »bitlingar«, þá er þó þess að gæta, að þær eru ekki gjöf eða styrkur til hálaunaðra manna, heldur handa blá-fátækum mönnum, sem eru að berjast áfram, og ef til vill geta orðið landinu til sóma, ef dálítið er ljett undir með þeim, svo þeir kafni ekki í áhyggjum fyrir daglegum lífsnauðsynjum.

Jeg vil segja það, að þó að þingið veitti 1500 kr. árlega í nokkur ár til þess að styðja listasmiði, og auka feguröartilfinning landsmanna, þá væri því fje vel varið — já miklu betur en Skúla ölmusunni — þó að eins einn þeirra þriggja manna yrði nýtur maður, en hinir misheppnuðust, þá álít jeg samt, að fje þessu væri vel varið.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að skýra breyt.till. þær, er jeg hefi komið með í þetta sinn.

Fyrri breyt.till. er við 10. gr. C. 5., að orðið »Vestur« falli burt, þar sem Bjarnaneskirkju hefir verið bætt við í h. efri deild, en eins og kunnugt er, er hún í Austur-Skaptafellssýslu. En þetta er að eins orðabreyting, sem eigi þarf að tara frekari orðum um.

Viðvíkjandi breyt.till. við skilyrðin fyrir styrkveitingu til gufubátanna frá mjer og fleirum þingm., þá vildi jeg skýra þær, svo ekki kæmist glundroði á við atkvæðagreiðsluna.

Aðal-breyt.till. eru tvær. Önnur þeirra er frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) á þingskj. 468, að orðin í 1. lið: »Loks er styrkurinn« . . . og liðinn út og svo allur 2. liður falli burt, og svo er breyt.till. frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og mjer á þingskj. 473 og 474, að 3. liður og athugasemd falli alveg burt. En svo eru auk þess við þann lið 2 breyt.till. Önnur þeirra er frá h. þm. Strand. (Guðj. G.), að orðin: »c+d og« falli burt, og á henni er byggð önnur breyt.till., að orðið »hverjum« síðar í liðnum falli burt, ef fyrri breyt.till. verður samþykkt og vildi jeg óska, að fyrri breyt.till yrði tekin aptur, því mjer getur ekki skilizt annað en fyrirkomulagið verði betra ef allur 3. liður er felldur burt. Þeg-

ar yfirskriptinni yfir öllum liðnum er breytt þannig, að í stað »til strandferða« komi: »Til gufubátaferða«, og búið er að fella síðustu skilyrðin um c. d. og e., þá er sjálfsagt, að styrknum í hverjum stað má skipta í fleiri parta. Nú þegar er búið að samþykkja, að skipta megi styrknum fyrir Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðung, og samkvæmt umtali, sem jeg hefi átt við h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), sem er í h. efri deild, þá er útlit fyrir, að heppilegra væri, að skipta styrknum í Vestfirðingafjórðungi. Aptur á móti er mjer síður kunnugt um Norðlendingafjórðung.

Jeg álít enga hættu, þó leyft sje að skipta fjárveitingum þessum niður á þennan hátt, því engin hætta sje fyrir því, að fje þessu verði varið í ógegnd til ónýtra báta, og jeg álít tillag það, sem sýslunefndirnar verða að leggja til, næga »garantí« fyrir því, að styrkveitingar þessar verði notaðar á sem hagfeldastan hátt.

Jeg vona, að h. þm. skilji orð mín og breyt.till. svo ekki komist glundroði á við atkvæðagreiðsluna.

Hinar aðrar breyt.till. við frv. ætla jeg ekki að gera að neinu kappsmáli.

Það er að eins út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) viðvíkjandi breyt.till. við 10. gr. C. 11. um fjárveitinguna til Skúla Thoroddsens, sem jeg þarf að minnast á; þar sem þingmaðurinn gaf í skyn, að fjárlögunum mundi verða synjað staðfestingar, ef fjárveiting þessi yrði samþykkt, þá vil jeg leyfa mjer að gera ákveðna fyrirspurn til fulltrúa stjórnarinnar hjer á alþingi, hvort rök sjeu fyrir þessu, því jeg býst við, að hann hafi fullt umboð frá stjórninni til að skýra frá, hver hennar vilji sje í þessu máli, og að stjórnin hafi gefið honum svo fullt umboð, að hann geti gefið ákveðin svör um þetta efni uudir meðferð fjárlaganna nú þegar.

Landshöfðingi: Jog skal út af ósk h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) geta þess, að jeg hefi ekki neitt umboð frá stjórninni til að skýra frá því, hvort fjárveiting sú, sem stendur undir 10. gr. C. 11., mundi verða því til fyrirstöðu, að fjárlögin verði samþykkt, því eins og getur að skilja, þá er ómögulegt, þó jeg hefði spurzt fyrir hjá stjórninni um það atriði, að svar gæti verið komið um slíkt frá því fjárlögin komu hjer til umræðu frá nefndinni, eptir því sem samgöngum nú er háttað milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar. En á hinn bóginn er það sannfæring mín, að það sje mjög vafasamt, hvort ráðgjafinn mundi leggja til að staðfesta þessa fjárveitingu, og að hann muni hvorki viðurkenna, að hjer sje um rjettlætis- eða sanngirniskröfur að ræða. Jeg held mjer til þess, sem jeg sagði í h. efri deild, að stjórnin muni trauðlega láta bjóða sjer, að fje sje veitt í fjárlögunum í því skyni að bæta fyrir ímyndaðar ávirðingar hennar, þar sem stjórnin kannast ekki við, að sjer hafi orðið neitt á í þessu máli.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að skoða þetta sem ákveðið svar, því það sem fulltrúi stjórnarinnar segir sinn vilja, það hljóti að vera vilji stjórnarinnar. En auðvitað er, að hann getur ekki hafa fengið neitt sjerstakt umboð í þessu efni, eptir því sem samgöngum okkar er hagað, en mjer finnst, að fulltrúi stjórnarinnar verði að hafa svo mikið vald á þingi, að hann geti sagt: »Svo er minn vilji og svona hlýtur að verða stjórnarinnar vilji«.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að leyfa mjer að tala nokkur orð vegna þess, að jeg ásamt fleirum h. þm. á 2 breyt.till. Hin fyrri þeirra er á þingskj. 456 og á við 10. gr. C. 11., og fer fram á, að fjárupphæð sú, sem greidd sje til Skúla Thoroddsen, sje færð apt-

ur upp í 5000 kr. úr 3000 kr., er hún hefir verið lækkuð í í h. efri deild, því eins og kunnugt er, var 5000 kr. upphæðin samþ. hjer í deildinni með töluverðum atkv.mun, og vonumst vjer því eptir, að allir hinir sömu gefi henni á ný atkvæði sitt. En hvað 500 kr. upphæðina snertir í eptirlaununum, sem h. efri deild hefir fellt, þá sættum við oss við það og gerum það ekki að neinu kappsmáli. Vjer sem vorum þeirrar skoðunar, að maður þessi ætti að fá skaðabætur fyrir missi á embættistekjum og kostnað við málareksturinn, erum enn á þeirri skoðun, og að hann eigi ekki að fá að eins 3000 kr. heldur 5000 kr., og að ekki sje takandi í mál, að hafa það minna, því samt sem áður er það ekki nema þriðjungur af skaða þeim, sem hann hefir orðið fyrir, þótt ekki sje tekinn til greina mismunur sá, sem er á því, að hafa eptirlaun og að vera í góðu embætti. Jeg hefi ekki heyrt mótbáru koma fram gegn því, að upphæð sú væri hækkuð, er þingið veitti honum, heldur að eins gegn því, að fjárgreiðsla þessi ætti sjer stað.

Fyrsta og helzta mótbára sú, sem nú kom fram, var frá h. 1 þm. Árn. (Tr. G.) og yfirlýsing hæstv. landshöfðingja, að ef fjárveiting þessi yrði samþykkt, mundi af því leiða, að fjárlögunum mundi verða synjað staðfestingar. Jeg get ekki hugsað annað en enda þótt hæstv. landshöfðingja kunni að falla illa, ef fjárveiting þessi verður samþykkt, þá muni hann varla ráða til að synja lögunum staðfestingar fyrir það, því fyrst og fremst er ekki hægt að sjá, að fjárveiting þessi sje til að misbjóða stjórninni eða reka henni kinnhest eins og komizt var að orði í h. efri deild. Jeg get ekki skilið, að hún skoði þetta sem kinnhest nema hún viðurkenni, að hún eigi kinnhest skylið, og ef hún skoðar, að hún verðskuldi hann, þá getur þingið ekki að því gert og þá er hún vel að kinnhestinum komin.

Jeg játa, að það er mikið í húfi ef vjer skyldum eiga á hættu að fjárlögin yrðu ekki staðfest og stjórnin tæki að innleiða bráðabirgðarfjárlög. En bráðabirgðarfjárlög geta komið af tveimur ástæðum, fyrst af því, að stjórnin neiti fjárlögunum staðfestingar og í öðru lagi af því, að þingið þori ekki að samþykkja aðrar upphæðir en þær sem stjórninni geðjast að, af því hún hafi haft hótanir í frammi og það álít jeg miklu hættulegra, og það mundi reynast landinu skaðlegra, því þá þyrfti stjórnin ekki annað en láta fulltrúa sinn koma með hótanir um, að fjárlögunum yrði synjað staðfestingar í hvert sinn, er smá-upphæðir væru felldar eða samþykktar af þinginu móti vilja stjórnarinnar. Afleiðingin af því hlyti að verða sú, að þingið missti virðingu hjá þjóðinni, er það verður að halda fyrir einurð og stefnufestu, og meira að segja virðingu stjórnarinnar líka. En jeg vona að þingið láti ekki hræða sig í þetta sinn, og hvað mig snertir þá mundi jeg, enda þótt komin væri bein yfirlýsing hæstv. landsh. um, að fjárlögunum yrði neitað staðfestingar og að vjer fengjum bráðabirgðarfjárlög, engu að síður greiða atkvæði með fjárveiting þeirri, sem hjer er um að ræða. Því enda þótt vjer fengjum bráðabirgðarfjárlög, mundi stjórnin ekki taka upp á þau aðrar fjárupphæðir, en sem væru eðlilegar og sem hún vill hafa, en ekki bæta á þau fjárveitingum, sem aldrei hefir komið til orða að greiða.

Að því er snertir sanngirniskröfu fyrir fjárveitingu þeirri, sem hjer er um að ræða, þá þarf ekki að taka það frekar fram en áður hefir verið gjört, og finn jeg því enga ástæðu til að tala um það nú, og jeg ber engan kinnroða

fyrir þjóðinni eða kjósendum mínum, þótt jeg gefi henni atkvæði mitt, og er alls ekki hræddur um, að mjer verði álasað fyrir þótt jeg geri rjett. Jeg skil ekki hvernig h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) getur sagt, að þingið eigi ekki með að veita þetta fje, því þingið á með að láta greiða hverja þá fjárupphæð, sem það álítur sanngjarna og á góðum og gildum rökum byggða. (*Tryggvi Gunnarsson*: Og sem er landinu til gagns). Því það getur ekki verið landinu til gagns, ef þingið gæfi öðrum það eptirdæmi, að neita að greiða það fje, sem sanngirni krefur að greitt sje.

Jeg ætla mjer ekki að fara fleiri orðum um þetta, en sný mjer að breyt.till. minni og fl. h. þm. á þingskj. 456 sem fer fram á að: »c, d og« falli burtu úr 3. skilyrðisgreininni fyrir styrkveitingunni til gufubátanna. Jeg vil ekki taka breyt.till. þessa aptur, því jeg get ekki verið á sömu skoðun og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) að jeg eigi að taka till. aptur og síðan eigi að fella alla skilyrðisgreinina, því jeg held, að það sje ekki byggt á nægum rökum, að það sje almennur vilji í Vestfirðingafjórðungi, að skilyrði þetta ætti að falla burt, þótt h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) kunni að hafa sagt það. Jeg vil spyrja h. þm. hvort hann vilji veita styrk þenna svo að ein sýsla landsfjórðungsins fái hann, en önnur hjeruð verði útilokuð? Það þarf ekki annað til þess en ein sýsla sjái sjer fært að fá gufubátaferðir fyrir nokkurn hluta styrksins og hætti svo allri samvinnu við hinar sýslurnar. Þingið ætti að reyna til að þessi styrkur kæmi sem flestum hjeruðum að gagni og yrði að sem almennustum notum, svo að samgöngur vorar á sjó gætu orðið ein samanhangandi keðja. En hvernig fer ef eitt hjerað á Vesturlandi t. d. Ísafjarðardjúp getur komið sjer upp gufubát, en svo verður enginn gufubátur á Breiðafirði, og þá verða engar gufubátaferðir frá Isafirði til Faxaflóa, eða ef gufubátur kæmi á austanverðu Norðurlandi, en enginn gufubátur yrði á Húnaflóa. Þá held jeg að væri heldur miklu til ferðanna kostað í samanburði við gagn það er leiddi af þeim.

Jeg er því algerlega á móti því, að taka breyt.till. aptur, sjerstaklega hvað Vestfirði snertir. En hvað snertir breyt.till. h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um að fella burtu skilyrðin um stærð bátanna, þá mun jeg líklega aðhyllast hana og ekki gjöra það að neinu kappsmáli, enda þótt jeg sjái ekki að hún sje nauðsynleg.

Valtýr Guðmundsson: Viðvíkjandi breyt.till. h. fjárlaganefndar þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg felli mig betur við stefnu hennar með stýrimannaskólann nú en áður, þar sem hún leggur til, að hús sje byggt fyrir skólann og sömuleiðis virðist mjer hún koma mjög sanngjarnlega fram gegn forstöðumanni skólans.

Jeg hefi leyft mjer að koma með breyt.till. um að taka upp eina fjárveiting, sem fjell í h. Ed., nefnilega styrkinn til Þorsteins Erlingssonar. Jeg skal ekki fara um það mörgum orðum því það var rætt svo ýtarlega við 2. umr. fjárlaganna hjer, sem mönnum mun minnisstætt. Það stendur svo á með þenna mann, að hann er mjög efnilegt skáld, en ekki er sýnilegt að hann geti orðið að notum nema hann sje styrktur að nokkru leyti. Jeg álít bókmenntir vorar svo vaxnar, að ef nokkursstaðar sje þörf á að styrkja þær, þá sje það hjer. Það er ólíku saman að jafna, hvað fólksfjölda snertir hjá oss eða í Danmörku, Svíþjóð og Norvegi, og þó er fjöldi manna styrktur í löndum þessum til ritstarfa og til þess varið stórfje árlega. Hve miklu

fremur er þá ekki þörf á, að styrkja bókmenntirnar hjer á landi, þar sem fólksfjöldi er svo lítill, að ómögulegt er að lifa af því að skrifa, þar sem sala bókanna verður svo lítil. Það er ekki hægt að koma með þá mótbáru, að hjer sje farið fram á nokkuð nýtt, nýa stefnu, því vjer höfum áður veitt skáldastyrk og í þessu frv. stendur einmitt annar liður sömu tegundar og þessi, en mjer virðist engar öfgar, þótt vjer veitum 1200 kr. á ári til skáldanna. Jeg ætla svo ekki að fara hjer um fleiri orðum að sinni meðan jeg heyri ekki mótmæli.

Þar sem h. fjárlaganefnd hefir lagt til, að fella burtu styrkinn til listamannanna, þá virðist mjer það nokkuð undarlegt, þar sem styrkveitingar þessar hafa ekki verið neitt deiluefni við h. Ed., og hún hefir ekki fellt þær í burtu. Hjer er ekki um mikið fje að ræða, en það getur þó haft töluverða þýðingu beinlínis fyrir landið, sjerstaklega styrkurinn til málarans. Mjer er það töluvert áhugamál, að vjer ættum að styrkja málaralist hjer á landi og tala jeg það ekki til neins sjerstaks manns, heldur almennt, því jeg hefi opt fundið hversu óheppilegt það er fyrir okkur að hafa engan málara.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um br.till. á þingskj. 464 við 10. gr. C. 11, þar sem farið er fram á, að fella burtu fjárveitinguna til Skúla Thoroddsens. Jeg ætla ekki að tala mikið um þessa fjárveitingu í sjálfu sjer, og get skrifað undir sumt af því, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði að það hefði verið fullt eins heppilegt að veita fje þetta með samskotum. En jeg skoða ekki þessa fjárveiting eingöngu frá því sjónarmiði, að hún sje gerð til þess að veita hlutaðeigandi manni peninga, heldur eins og hæstv. landsh. hefir rjettilega tekið fram, aðallega til þess að gefa stjórninni áminningu, og með þeim skilningi á þessari fjárveitingu greiði jeg atkvæði með henni; það er mín sannfæring — og eptir öðru get jeg ekki farið — að hjer sje full ástæða til að gefa stjórninni áminningu, því að því verður ekki með rjettu neitað, að hún hafi gert mörg glappaskot í þessu máli. Þess vegna greiddi jeg um daginn atkv. einmitt með þessari fjárveiting, en móti eptirlaunahækkuninni.

Þar sem h. 1. þm. Árn. sagði, að »það væri ekki samkvæmni í því, að leggja út þetta fje, þar sem mál þetta hefði bakað landssjóði svo mikið fjártjón», þá er það að vísu satt, en því er opt þannig varið og það verður opt svo að vera, að menn verða að gjöra það sem ekki er fullkomin samkvæmni í. Menn verða opt að gera fleira en gott þykir. Þannig er það þegar stjórnendur þjóðanna leggja út í stríð að þeim fornspurðum, að þjóðirnar verða ekki að eins að bera herkostnaðinn sjálfan, heldur einnig, ef þeir bíða ósigur, að greiða stórfje í skaðabætur til sigurvegarans og til þess að bæta úr allri þeirri eymd og spellum, sem styrjöldin hefir valdið. Þjóðunum er þetta ekki ætíð ljúft, en þær verða nú að blæða fyrir vanhyggju stjórnenda sinna. Eins getur því opt verið varið annars, að menn verða nauðugir viljugir að bæta með fje fyrir yfirsjónir annara, þótt sjálfar yfirsjónirnar hafi bakað þeim sömu mönnum fjártjón. Þeir verða að gera það, þó þeim sje það móti skapi.

Jeg ímynda mjer, að þeir sem greiða atkvæði með þessari fjárveitingu, geri það hver og einn meira og minna af tveimur ástæðum. 1. til þess að gefa stjórninni áminningu og 2. að bæta úr þeirri sanngirniskröfu, sem hlutaðeigandi maður virðist hafa.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók

fram, og því var einnig hreift af h. þm. V-Sk. (Guðl. G.) og h. landsh. að það gæti leitt til bráðabirgðarfjárlaga ef fjárveiting þessi væri samþykkt, þá er það harla kynlegt, að heyra slíkar hótanir gagnvart þinginu hjer í salnum. Þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn, þegar farið er að ógna með slíku gjörræði sem bráðabirgðarfjárlög eru, fyrir annað eins lítilræði eins og þessi fjárupphæð er. Og þar sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að þeim manni, sem nú stendur fyrir stjórn íslenzkra mála, mundi ekki vaxa slíkt í augum, því hann hefði fyr gefið út bráðabirgðarfjárlög, maðurinn sá, og minnti á bráðabirgðarfjárlögin í Danmörku, þá verð jeg að benda honum á, að þetta tvennt er ekki saman berandi. Það hefðu aldrei, — aldrei verið gefin út bráðabirgðarfjárlög í Danmörku, ef fyrir hefðu legið fjárlög samþykkt af þinginu; en þar hagar svo til að deildir þingsins geta ekki gengið saman og haldið sameinað þing, og af því deildirnar gátu ekki komið sjer saman, fór svo, að engin fjárlög voru samþykkt af þinginu, er því var slitið. Það er nokkuð annað þó stjórnin gripi þá til þeirra örþrifsráða að gefa út bráðabirgðarfjárlög, því fjárlagalaust var ekki hægt að stjórna. Jeg vona að h. þm. sjái, að þetta er nokkuð annað en að gefa út bráðabirgðarfjárlög, þegar fjárlög liggja fyrir samþykkt af þinginu. Getur h. þm. bent mjer á nokkurt dæmi þess, að stjórnin hafi gefið út bráðabirgðarfjárlög, þegar samþykkt fjárlög hafa legið fyrir frá þingsins hendi? Jeg hygg honum muni veita það erfitt. Að stjórnin staðfesti ekki fjárlögin, getur því ekki komið til mála. (*Landshöfðingi:* Fyrir áminninguna). Mjer dettur ekki í hug, að trúa öðru en að fjárlögin verði staðfest af stjórninni, ef þau eru samþykkt af þinginu, þótt henni kunni að þykja óþægilegt að þessi fjárveiting stendur á þeim. Mörg stjórn hefir mátt sætta sig við stærri fjárveiting en þessi er, sem henni hefir verið móti skapi, og þó ekki dottið í hug að fara að neita fjárlögum staðfestingar fyrir þá skuld. Það var allt öðru máli að gegna í Danmörku, þar sem fjárlögin urðu svo opt óútrædd, af því að þar er ekkert sameinað þing. Slík hugsun sem þessi, að stjórnin fari að neita fjárlögum þingsins staðfestingar, af því þetta lítilræði stendur á þeim, og svo sjálf að gefa út bráðabirgðarfjárlög, slík hugsun, segi jeg getur hvergi komið fram nema hjer á Islandi. Mjer er óhætt að segja að engum mundi detta slíkt í hug annarsstaðar. Það þarf heldur enginn að hugsa sjer að ætla að telja mjer trú um að stjórnin muni beita oss slíku gjörræði, svo mikið traust ber jeg til stjórnarinnar. Jeg veit líka, að ráðgjafinn og öll stjórn Íslands hefir margsinnis tekið það fram, að Íslendingar ráði öllu í fjármálum sínum og tekið það fram sem sönnun fyrir því, hve mikla sjálfsstjórn vjer hefðum í raun og veru.

Það er því svo fjarri mjer sem nokkuð getur verið að trúa því, að stjórnin taki nú upp á því, að svipta okkur ráðum í fjármálunum. En setjum svo, að stjórnin vilji synja fjárlögunum staðfestingar fyrir einar 5000 kr., þá látum hana gjöra það, því þá er þingið búið að fá hið hárbeittasta vopn í hendur í stjórnarbaráttunni og slíkt mundi mælast svo illa fyrir, ekki að eins víðsvegar út um hinn menntaða heim, heldur jafnvel hjá hverju mannsbarni í Danmörku, að henni mundi ekki við vært fyrri en búið væri að tryggja betur sjálfsstjórn vora. Hjer er að eins að ræða um einar 5000 kr. og er það nokkuð annað en það sem olli bráðabirgðafjárlögum í Danmörku, þar sem

var að ræða um lífsspursmál þjóðarinnar. Því það var sannfæring stjórnarinnar og hægrimanna, — hvort hún er á rökum byggð eða ekki, kemur ekki þessu máli við — að heill og framtíð landsins væri undir því komin, að nægilegt fje væri veitt til víggirðinga og hervarna. Og þó hefðu bráðabirgðarfjárlög aldrei verið gefin út þar, ef fyrir hefðu legið fjárlög samþykkt af þinginu. Jeg verð að taka undir með h. þm. Strand. (G. G.) þar sem hann tók svo rjettilega fram, að það sjerjett af þinginu að láta skríða til skarar, þegar á að hræða þingmenn með hótunum frá því, að greiða atkvæði með því, sem þeir samkvæmt sannfæring sinni ætla sjer að greiða atkvæði með. Sem sagt, þá er þessi hótun um bráðabirgðarfjárlög svo ótrúleg, að mjer dettur ekki í hug að leggja neitt í slíkt, og jeg tek það aptur upp, að sá hugsunarháttur, sem slíkt byggist á, getur ekki hugsazt annarsstaðar en hjer á Íslandi. Því fer svo fjarri að slík hótun geri mig hikandi í að greiða atkvæði með þessari fjárveiting, að hún mundi miklu fremur hafa stælt mig til að gjöra það, ef jeg hefði áður verið á báðum áttum með það, svo að það gæti komið í ljós, hvers virði sú sjálfsstjórn er, sem vjer nú höfum. Það er ekkert á móti, að slíkt sjáist, og verði fleirum kunnugt en oss. Því eptirtekt mundi því veitt víðar en hjer, ef stjórnin dirfðist að beita oss slíku gjörræði, að synja um staðfesting á fjárlögum vorum og gefa út í þess stað bráðabirgðarfjárlög fyrir einar 3—5000 kr. Að minnsta kosti mundi jeg, meðan jeg hefi tungu og penna, ekki láta mitt eptir liggja að stuðla að því að gera það kunnugt svo langt út um hinn menntaða heim, sem mjer væri frekast unnt.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. Strand. (Guðj. G.) byrjaði ræðu sína á því, að það væri mikið óheppilegt ef til þess kæmi að fjárlögunum yrði neitað staðfestingar og bráðabirgðalög kæmu út. Samt segir hann seinna í ræðu sinni, að hann þrátt fyrir þetta hiki ekki við að greiða atkvæði með 3000 kr. eða 5000 kr. handa Skúla Thoroddsen. Mikið vill hann leggja í sölurnar til þess að skjólstæðingur hans fái fjeð. H. þm. Vestv. (V. G.) og fleiri segjast ekki vilja trúa því, að til þess komi, að fjárlögunum verði synjað staðfestingar fyrir þessar sakir. En á hverju byggja þeir þetta? Það hefir þó opt verið um það talað bæði á þingi og í blöðum, hve nauðsynlegt það væri, að ráðgjafinn sæti á þingi, en þegar vjer nú höfum mann hjer á þingi, sem talar í umboði stjórnarinnar, og hann segist vera sannfærður um, að stjórnin muni ekki taka þessari ofanígjöf þingsins með þökkum, og að ekki sje ólíklegt, að fjárlögunum verði einmitt fyrir þessar sakir synjað staðfestingar, þá láta menn þetta sem vind og markleysu um eyrun þjóta, og vilja ekkert tillit taka til þess, sem hann segir; er ekki ósamkvæmni í þessu? Það hefir verið sagt, að hæstv. landsh. hafi haft það í hótunum, að fjárlögin skyldu ekki verða staðfest, en þetta er ranghermt. Hann hótaði því alls ekki, hann svaraði að eins þeirri fyrirspurn, sem að honum var beint um þetta efni. Hann sagði sína skoðun eða hugboð í þessu efni, og aðvaraði þingd., en hótaði engu. Það er öldungis rangt að snúa orðum hæstv. landsh. svona við, og það er heldur ekki rjett, að taka ekkert tillit til þess, sem fulltrúi stjórnarinnar segir, úr því menn eru að óska eptir, að hafa mann hjer á þingi, sem flytji svör stjórnarinnar. Jeg skil ekki, hversvegna menn vilja etja því kappi, að þeir vísvitandi vilji stofna fjárlagafrv. í voða fyrir þessar 5000 kr.; það er því síður

afsakanlegt, þar sem búið er að benda á annað ráð til að útvega manninum þessar krónur. Jeg geng út frá því sem vísu, að margir sjeu svo lyndir hjer á þingi, að þeir vilji heldur fara í vasa sjálfra sinna en í vasa þjóðarinnar, til að hugnast þessum manni, og hefna sín á stjórninni, sem þeir svo kalla. Mjer dettur hjer í hug saga að norðan. Þar var maður, sem Jón hjet, hann reiddist eitt sinn svo ákaflega öðrum manni, að hann stökk í bræði sinni út í Skjálfandafljót ófært. Honum var með naumindum bjargað, en þegar hann var kominn upp aptur, var hann spurður, hvers vegna hann hefði gjört þessa vitleysu: »Jeg ætlaði, að gjöra honum Ingjaldi það til ills, að drepa mig«, sagði hann. Mjög líkt stendur á hjer, menn látast ætla að hefna sín á stjórninni með þessari fjárveitingu, en allir vita að hún borgar engan eyri, það er þjóðin, sem fær skellinn, og verður að borga. Mjer sýnist það ekki vera hyggilegt að þingið etji kappi við stjórnina í svona litlu atriði, sízt ættu tillögumennirnir í stjórnarskrármálinu að vera því fylgjandi, þegar sú stefna er tekin, að þingið vill leita samkomulags við stjórnina um það stórmál. Jeg álít að nú sje mjög óhentugur tími til að hafa stífni við stjórnina í atriði eins og þessu, sem hefir svo litla þýðingu fyrir landið, því ef það er gjört, þá geta menn varla vænzt góðs samkomulags milli þings og stjórnar á hinum nýja vegi, sem þingið hefir valið til að fá bót á stjórnarhögum vorum. Það er undarlegt, hvernig menn stundum geta villzt; það lítur nærri því svo út, sem þessi »Skúlagjöt« sje aðalatriðið í fjárhagsmálum landsins, allt á að víkja fyrir henni og nú er varla rætt um önnur atriði en þetta eina. En vonandi er að menn átti sig, og taki það ráð að fella þetta úr fjárlögunum, og skjóti svo saman, eins og jeg áður hefi bent á; með því er maðurinn fullvel sæmdur.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að þm. gætu látið greiða úr landssjóði hverja þá upphæð, sem þeim sýndist; þetta kann að vera rjett, ef því er bætt við: »sem þjóðinni er til framfara og gagns«. En það fje, sem hjer ræðir um, verður aldrei til eflingar sjávarútveg nje landbúnaði, það er gjöf, gefin af einþykkni og stífni ástæðulaust.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer heyrðist h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) segja, að það væri mótsögn hjá mjer, að mjer skyldi þykja leitt ef bráðabyrðafjárlög kæmust á, og vilja þó vera með þessari fjárveitingu til hr. Skúla Thoroddsens. Þetta er engin mótsögn. Jeg játaði að það ástand, sem leiddi af innleiðslu bráðabyrgðafjárlaga væri óheppilegt, en það mál, sem menn eru hræddir um að muni leiða til þessa ástands, er líka óheppilegt. En ef þessi bráðabirgðafjárlög hljóta að eiga sjer stað, þá sagðist jeg heldur vilja að þau kæmu frá stjórninni, en að þingið sjálft setti sjer slík lög. Mjer finnst mega líkja þessu við sjálfsmorð og morð af öðrum. Sjálfsmorð er hryggilegra en morð af öðrum. Það er sjálfsmorð, ef þingið sjálft af hugleysi eða öðrum hvötum dregur niður sitt eigið fjárforræði, og það álít jeg ískyggilegra en þó stjórnin drepi fjárveitingarvald þingsins. Því það tel jeg eitt hið mesta böl, ef löggjafarvaldið, sem hefir fjárveitingarvald, eyðileggur eða drepur þennan sinn mesta og helgasta rjett.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði um, að samskot ættu hjer betur við en fjárveitveiting úr landssjóði. Jeg veit ekki, hverjir ættu að gangast fyrir þeim samskotum. Jeg ímynda mjer heldur ekki að þau kæmu jafnara niður en þessi aðferð. Jeg veit heldur ekki

hvað mikið h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vill leggja fram eptir þeim vinskap, sem er milli hans og hr. Skúla Thoroddsens. Ef hann vill leggja eitthvað fram, þá viðurkennir hann að hr. Skúli Thoroddsen eigi gott skilið af þjóðinni, og getur þá líka verið vel þekktur fyrir að samþ. þessa upphæð á fjárlögunum.

H. sami þm. áleit, að það væri mikið samband milli þessarar fjárveitingar og stjórnarskrármálsins. Jeg sje ekki, í hverju þetta samband er fólgið, nema ef það er svo, að um leið og þingið fer að dekra við stjórnina, að hún þá sem í viðurkenningarskyni gefur þinginu á hann, með neitun á staðfestingu fjárlaganna. Jeg sje ekkert annað samband þar á milli. Að öðru leyti álít jeg ekki miklu skipta með þessa þingsályktunartill. í stjórnarbótarmálinu, því jeg get ekki annað sagt, en að mjer finnst hún vera einskonar viðrini, sem smeygt hefir verið inn í stjórnarbaráttu vora.

Jeg gleymdi að svara h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), þegar jeg talaði áðan. Jeg gat ekki skilið, hvers vegna hann leyfði sjer að taka mig einan fyrir úr fjárlagan. og ávíta mig einan fyrir það, að nefndin hefði ráðið til að synja styrkveitingunni til spítalabyggingar á Sauðárkrók. Mun nokkur úr fjárlaganefndinni hafa sagt honum að jeg hafi verið þar sjerstaklega mótmæltur þessari fjárveitingu. Það skil jeg ekki. Jeg talaði lítið um það mál, enda voru allir nefndarmenn vel ásáttir um, að það væri varúðarvert að taka þessa fjárbæn til greina. Jeg skil heldur ekki hvers vegna hann tók það, sem jeg hefi talað um jöfnuð milli fjórðunganna, til samanburðar. Það er satt, jeg hefi áður borið saman fjárveitingar til landsfjórðunganna, en það var í samgöngumálinu. Í veitingu þess fjár, sem ætlað er til samgöngubóta, álít jeg að fjórðungarnir eigi að njóta meiri jafnrjettis en þeir hafa notið. Ef hann hefði viljað að allir fjórðungar landsins ættu að njóta nokkurs jafnrjettis í öllum fjármálum, og hann hefði viljað leggjast á eitt með mjer í því efni, en það veit jeg ekki til að hann hafi gjört, þá hefði jeg líklega verið með þessu. Annars er mjer svo lítið kappsmál um þessa fjárupphæð, að jeg mun ekki greiða atkv. um hana, nema jeg verði neyddur til þess með nafnakalli.

Björn Sigfússon: Eins og h. þingd. sjer, hefi jeg ásamt öðrum h. þingdm. komið fram með breyt.till. á þingskj. 462 um að færa styrk þann, sem ætlaður er til »slöid«-kennslu, úr 500 kr. niður í 200 kr, hvort árið. Eins og menn vita, hefir þessi liður aldrei komið undir atkvæði þingd. á þessu sumri, því hann fjell allur burt úr frumv. samkvæmt breyt.till. frá nokkrum h. þingdm. um að koma Flensborgarskóla í annað horf. Eins og menn muna, ljet jeg í ljósi skoðun mína á þessari fjárveitingu við 3. umr. fjárlaganna. Ætla jeg því ekki að taka upp aptur ástæður mínar fyrir því, að jeg álít ekki þessari fjárveitingu vel varið. Þrátt fyrir mótmæli þau, sem komu fram gegn mjer út af ummælum mínum, get jeg ekki skipt um skoðun í þessu efni. Samkvæmt minni skoðun hefði jeg að vísu átt að koma með breyt.till. um, að þessar 500 krónur fjellu alveg burtu. Það hefi jeg þó ekki gert, heldur að eins lagt það til, að styrkurinn yrði færður niður, því jeg hygg að þeir, sem ekki hafa glögga hugmynd um, að þessi »slöid«-kennsla sje ónauðsynleg, geti betur fellt sig við niðurfærslu styrksins en algjörða afnumning hans. Mjer finnst að þeir, sem eru á því, að eitthvert gagn sje að »slöid«-kennslunni, geti verið með í því, að færa styrkinn dálítið niður, af því að hann er of hár. Mjer finnst þessi kennsla

vera betur borguð en nokkur önnur kennsla, sem landssjóður kostar, t. d. tímakennsla við latínuskólann. Árin 1891—1893 fer »slöid«-kennsla í Flensborgarskólanum fram 4 stundir í viku, og er þá borguð 5½ króna fyrir hverja kennslustund. En eptir skýrslunni um skólann, sem legið hefir fyrir þinginu í sumar, hefir kennslustundunum að vísu fjölgað svo, að þær hafa verið 6 á viku árin 1894—1895; en samt er borgunin svo há, að hún yfirstígur svo langt það, sem annarsstaðar er borgað, því hún hefir verið 4 kr. tæpar. Til samanburðar má geta þess, að tímakennsla við latínuskólann er 90 aurar um tímann, og hin gífurlega borgun fyrir leikfimiskennslu og söngkennslu, eins og hún er af hendi leyst við latínuskólann, er þó ekki nema um 3 kr. Jeg álít, að 200 kr. sje sómasamleg borgun fyrir ekki nauðsynlegri kennslu en hjer ræðir um, og jeg vona, að fleiri verði mjer samdóma um þessa niðurfærslu. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

En áður en jeg sezt niður ætla jeg að geta þess, að, eins og h. þingd. er kunnugt, greiddi jeg við 2. umr. atkvæði á móti þessari margumræddu fjárveitingu til herra Skúla Thoroddsens. Þetta gerði jeg ekki af því, að jeg áliti, að þessi fjárveiting væri löðrungur á stjórnina, því sú skoðun hefir mjer ekki dottið í hug fyr en jeg heyri hana nú hjer í deildinni. Jeg greiddi atkvæði á móti fjárveitingunni af því að mjer finnst það mikil ósamkvæmni, að um leið og við erum að fást um hinn mikla kostað, sem þessi málarekstur hefir haft í för með sjer fyrir þjóðina, að ætla að bæta úr bölinu með því, að leggja á hana enn meiri útgjöld; jeg kann ekki við þess konar lækningaaðferð. Að veita þetta fje, áleit jeg væri að gefa þjóðinni á munninn en ekki stjórninni, því jeg hjelt, satt að segja, að stjórnin ljeti sig þetta litlu skipta. En jeg vil geta þess, að jeg hefi nú töluverða freistingu til að greiða atkvæði um þessa fjárveitingu þvert á móti því, sem jeg hefi áður gert, einmitt fyrir það, að nú hefir komið fram nokkurs konar ögrun um, að fjárlögum þingsins yrði synjað staðfestingar, ef þessi fjárveiting stæði í þeim. Mjer fellur þetta svo illa og skoða það sem tilraun að hræða menn, að það er næst skapi mínu, að snúa við blaðinu og greiða atkvæði gagnstætt því, sem jeg gerði síðast.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Þegar jeg tók til máls áðan, hafði jeg ekki átt kost á að sjá þær breyt.till., sem fram eru komnar utan nefndar, og fyrst var útbýtt í byrjan fundarins, og gat jeg því ekkert um þær sagt þá, og hefi lítið um þær að segja nú, því fæstar þeirra skipta miklu, og eru þar að auki uppvakningar, sem nefndin hefir áður sagt álit sitt um.

Það var sjerstaklega h. þm. Skagf. (Ól. Br.), sem tók hart á fjárlaganefndinni fyrir það, að hún hefði staðið við sínar fyrri gjörðir með að mæla á móti styrk til stofnunar sjúkrahúss á Sauðárkrók. Hjer er um principspurning að ræða, og það kannaðist h. þm. (Ól. Br.) líka við, hvort landssjóður á að styrkja stofnun spítala í hverju því læknishjeraði, þar sem þess yrði óskað. Nú mun atkvæðagreiðslan sýna, hvernig deildin svarar þeirri spurningu og fjárlaganefndin tekur því með ró, hvernig sem það svar fellur, en ekki treystum vjer fjárlaganefndarmennirnir oss til þess, að greiða atkvæði með því, það held jeg mjer sje óhætt að segja.

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði fyrir einum listamanninum, skáldinu Þorsteini Erlingssyni, hann átti ekki því láni að fagna að koma aptur frá h. efri deild

og þess vegna hafði jeg ekki ástæðu til áðan, að geta hans. Jeg efast ekki um að meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefði líka strykað yfir hann, hefði hann staðið í frumv., og eigi blandast mjer hugur um það, að láta hið sama ganga yfir Þorstein Erlingsson sem hina listamennina. Auðvitað er annar skáldstyrkur á fjárlögunum, en hann stendur þar óátalinn af því, að hann hefir nú verið þar í 4 ár, og er því farinn að festast. Jeg get fyrir mitt leyti sagt það, að hversu mikið sem jeg ann því skáldi, sjera Matthíasi Jochumssyni, þá hefði jeg lagt mig allan fram mót slíkri fjárveiting til hans, hefði hún átt að byrja á þessu þingi.

H. formaður fjárlaganefndarinnar (Tr. G.) benti á það, að þessi fjárframlög til listamanna væru svo lítil, að það munaði minnstu um þau, en kornið fyllir mælirinn, og þessir 3 listamannastyrkir, sem fjárlaganefndin vill fella burt, nema þó svo miklu um fjárhagstímabilið, að fyrir þá upphæð mætti hjálpa þrem sýslum til að brúa á eins og Langá á Mýrum, eða hjálpa Skagfirðingum til þess að koma upp sjúkrahúsi á Sauðárkrók.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir talað fyrir uppfærslu til Flensborgarskólans. Fjárlaganefndin var því áður hlynnt, að kennarakennslan væri aukin við þennan skóla, og þar sem þessi hækkun er gerð í því skyni, að geta launað 3. kennaranum við skólann, til þess að kennarafræðsla geti staðið yfir einn vetur, þá mælir fjárlaganefndin með þessari breyt.till. En um leið verð jeg að leggja á móti breyt.till. frá h. þm. Húnv. (B. Sigf.) um niðurfærslu á annari fjárveitingu til þessa skóla, enda ber þess að gæta, að það má ekki skoða styrkinn til »slöid«-kennslunnar út af fyrir sig, heldur sem part af hinum lágu launum skólastjórans.

Jeg vil benda mönnum á, að það er athugaverð atkvæðagreiðslan um hinar mörgu breytingartill. við styrksskilyrðin til gufubátsferðanna. Það leikur á því, hvort hver landsfjórðungur fyrir sig á að vera um einn stóran gufubát, eða styrkurinn megi ganga til tveggja eða fleiri smábáta í hverjum fjórðungi.

Jeg fyrir mitt leyti hefi, eptir nánari umhugsun, helzt hneigzt að því, að sleppa skilyrðunum, nema hinum fyrstu um framlögur hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelaga og skylduna að flytja póstsendingar án endurgjalds, en til þess verður að samþykkja breyt.till. á þingskjali 468 og 474. Eptir öllum umræðunum um þetta, hygg jeg heppilegast, að þetta sje allt sem rýmst.

Það mætti vitanlega víkja að mörgum fleiri atriðum; jeg ætla þó ekki að gjöra það, því það mundi ekki verða til annars, en að lengja umræðurnar að þarflausu.

Áður en til atkvæða er gengið, finn jeg ástæðu til og hefi umboð frá meiri hluta fjárlaganefndarinnar, að koma fram með svohljóðandi yfirlýsing:

Í tilefni af ræðu h. þm. Vestm. (V. Guðm.) við umræðurnar í fjárlögunum í dag, höfum vjer 5 fjárlaganefndarmenn, er greiddum atkvæði með fjárveitingu til Skúla Thoroddsen álitið rjett að lýsa því yfir, að það kom alls eigi til orða í fjárlaganefndinni, að þessi fjárveiting væri »áminning« eða ávítun til stjórnarinnar, og var eigi framborin sem slík, eins og líka nefndarálitið ber full-skýrt með sjer.

ATKV.GR.: Breyt.till. nr. 1 á atkvæðaskr. við 10. gr. C. 5, samþ. í e. hljóði: breyt.till. nr. 2 á atkvæðaskr. við 10. gr. C. 11, felld með 12 gegn 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eiríkur Gíslason,

já:	*nei*:
Jón Jensson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Halld. Daníelsson,
Ólafur Briem,	J. J., þm. Eyf.,
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Þorl. Guðmundss.	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Kl. Jónsson greiddi ekki atkvæði af ástæðum, sem hann gerði grein fyrir með þessum orðum:

Með því, að jeg hefi áður greitt atkvæði með þessari fjárveitingu, sem hjer er farið fram á að fella, af því að mjer þótti það sanngirniskrafa, sem farið var fram á — get jeg eigi greitt atkvæði með till., en hins vegar get jeg eptir hinni skýru yfirlýsingu frá h. hæstv. landsh. í dag um að fjárveiting þessi muni verða til þess, að bráðabirgðarfjárlög verði gefin út, sem jeg á engan hátt vil stuðla til að komizt á, þá get jeg eigi greitt atkvæði á móti þessari tillögu, og greiði því ekkert atkvæði; en falli þessi breyt.till., þannig, að fjárveiting einhver samt sem áður standi, þá greiði jeg atkvæði með að hækka hana upp í þá sömu upphæð og hún áður hafði í deildinni. — Ástæðurnar voru metnar gildar af deildinni. — Jens Pálsson, Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf. og Þórhallur Bjarnarson greiddu heldur ekki atkvæði af sömu ástæðum.

Breyt.till. nr. 3 á atkvæðaskr. við 10. gr. C. 11, samþ. með 15 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eir. Gíslason,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Halld. Daníelsson,	Jón Þórarinsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
J. J., þm. Eyf.,	Tr. Gunnarsson,
Pjetur Jónsson,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmuundsson,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. nefnd. nr. 4 á atkvæðaskr samþ. með 18 samhljóða atkvæðum; athugas. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. nr. 5 á atkv.skránni samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Gíslason,	Kl. Jónsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jensson,	Guðl. Guðmundsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Halld. Daníelsson,
Jón Þórarinsson,	J. J., þm. Eyf.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þorl. Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. nefnd. nr. 6 á atkv.skr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. nr. 7 á atkv.skr. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. nr. 8 á atkv.skr. samþ. með 14 : 4 atkvæðum; breyt.till. H. D. nr. 9 á atkv.skr. samþykkt með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. nr. 11 á atkv.skr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. nr. 10 á atkv.skr. þar með fallin; breyt.till. nefnd. nr. 12 á atkv.skr. samþykt með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. Skúla Thor. nr. 13 á atkv.skr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. Kl. J. nr. 14 á atkv.skr. samþ. með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Halld. Daníelsson,	Jens Pálsson,
Jón Jensson,	J. J., þm. A.-Sk.
J. J., þm. Eyf.,	Sig. Gunnarsson.
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson,	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. nr. 15, 16 og 17 á atkv.-skr. þar með fallnar; breyt.till. nr. 18 á atkv.skr. felld með 12 : 9 atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 1 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 2 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 19. gr. B. V. b. 3 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 4 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 5 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 6 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 19 á atkv.skr. við 13. gr. B. V. b. 7 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 20 á atkv.skr. við 13. gr. B. VI. d. samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 21 á atkv.skr. við 13. gr. B VII e felld með 15 : 8 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
Pjetur Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Halld. Daníelsson,
Skúli Thoroddsen,	Jens Pálsson,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jensson,
Þórður Guðmundss.	J. J.. þm. Eyf.
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Jón Þórarinsson greiddi ekki atkv.

Breyt.till. nr. 22 á atkv.skr. fyrri liður samþ. með 14 samhlj. atkvæðum; breyt.till. nr. 22 á atkv.skr. síðari liður samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 23 á atkv.skr. samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Halld. Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
J. J., þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
J. J., þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Olafur Briem,	Jón Jensson,
Pjetur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Thoroddsen,
Valt. Guðmundss.,	Þórh. Bjarnarson.
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundss.	

Tryggvi Gunnarsson greiddi ekki atkvæði.

Breyt.till. nr. 24 á atkv.skr. felld með 13 : 7 atkv.; breyt.till. nr. 25 á atkv.-skr. felld með 12 : 5 atkv.; breyt.till. nr. 26 á atkv.skr. felld með 12 : 3 atkvæðum; breyt.till. nr. 27 á atkv.skr. felld með 12 : 3 atkv.; breyt.till. nr. 28 tekin aptur; breyt.till. nr. 29 tekin aptur; breyt.till. nr. 30 á atkv.skr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 31 á atkv.skr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 32 á atkv.skr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 20 samhlj. atkvæðum, og endursent efri deild.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 433); ein umr.

ATKV.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um heimild þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónabaud (C. 434); ein umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Eins og frumv. liggur nú fyrir, er það óbreytt að efni; það er eins og það var, þegar það fór hjeðan úr deildinni. Það hafa að eins verið gerðar óverulegar orðabreytingar, sem þó eru ekki til bóta; þar sem áður stóð í frumv.: »Rjett er og sjerhverjum hjónaefnum, sem hafa þjóðkirkjutrú« — þá hefir verið sett í staðinn: »Heimilt er hjónaefnum, þó eigi sjeu þau utan þjóðkirkju« Af því þetta getur ekki skoðazt sem efnisbreyting, verð jeg að leggja það til, að frumv. sje samþ. óbreytt, eins og það nú er.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um rjett giptra kvenna (C. 422); ein umr.

ATKV.GR.: Tillagan var samþykkt með 16 samhlj. atkvæðum og afgreidd til landshöfðingja, sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um útibú landsbankans (C. 427); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var ein umræða samþykkt.

Till. til þingsályktunar um lagning á steinstjett með fram alþingishúsinu (C. 475); hvernig ræða skuli.

Málið var tekið út af dagskrá.

Till. til þingsályktunar um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu (C. 447); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var ein umr. samþykkt.

— Fundi frestað til kl. 6 eptir hád.

Kl. 6 e. h. setti forseti aptur fundinn.

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í ísl. tungu (C. 413); fyrri umr.

Flutningsm. (*Valtýr Guðmundsson*): Tillagan er ekki ný, því hún var fyrir á síðasta þingi, og kemur nú fram í sömu mynd sem þá, nema hvað orðalagi er breytt í 6. lið og sleppt úr nokkrum orðum í 7. lið, af því að í mörgum greinum eru ekki til kennslubækur í íslenzku. Fyrri hluti tillögunnar snertir eining í rjettritun, því svo mikið rugl er komið á hana, að sín rjettritun er í hverjum skóla, því erfitt er að kenna rjettritun, þegar engin regla er að halda sjer við. Sumir stúdentar frá latínuskólanum hjer kunna enga fasta rjettritun; og í blöðum (Heimilisblaðinu) hafa komið fram kvartanir yfir þessari óreglu. Einn segir það nauðsynlegt, sem annar álítur óþarft eða smáræðisatriði og báðir bera fyrir sig rithátt fræðimanna, er hafa tekið sitt eptir hvorum. Sami ruglingur hefir átt sjer stað í öðrum löndum, og hefir því t. d. í Danmörku verið tekið það ráð, að hafa sömu rjettritun í öllum kennslubókum og öllum skólum um allt

land; á Englandi er og nokkurnveginn eining í rjettrituninni og í Frakklandi er rjettritunin valdboðin, ein og hin sama hjá öllum; en hjer á landi brúkar og kennir hver sína rjettritun. Nú eru kennaraskipti orðin við latínuskólann, og væri þá heppilegt tækifæri til að kippa þessu í lag. Viðvíkjandi því að gefa út íslenzkar ritreglur eða orðabók, þá álít jeg það ekki mikinn kostnað; hún mundi ganga vel út og mætti selja hana með ágóða.

Íslenzku-kennslunni hjer á landi er mjög ábótavant, enda er tilfinningunni fyrir fögru og hreinu máli, og einkum rjettri orðaskipun, að stórhraka. Þetta er töluvert því að kenna að lærisveinarnir eru látnir lesa danskar kennslubækur. Já, jafnvel í íslenzku lesa menn danskar kennslubækur og taka þær fram yfir íslenzkar, sem þó eru til.

Nú lesa menn Wimmers íslenzku kennslubók við latínuskólann, og er hlægilegt að lesa danska kennslubók í íslenzku — og að láta pilta þegar á fyrstu skólaárum sínum lesa kafla úr fornritum í stað þess að lesa rithöfunda þessarar aldar. Þótt fornmálið sje fallegt, þá er þó heppilegra að læra fyrst nútíðarmálið, en fornmálið eptir að menn hafa fengið meiri þroska. Aðal-áherzlan sje lögð á sögu tungunnar og orðaskipan, því vjer þurfum ei að stagast á beygingum, þær kunnum vjer frá blautu barnsbeini. Þegar kennarar kenna stílagjörð, er það óheppilegt að láta snúa útlendu máli á íslenzku, ávextirnir af því sýna sig líka í því, að útlend orðaskipun ryður sjer til rúms; má geta nærri, hvernig slíkt tekst hjá óþroskuðum unglingum, því varla er við öðru að búast en að hið útlenda rit hafi áhrif á þýðinguna, svo að orðin verði íslenzk en setningarnar útlendar.

Þingið hefir nú bætt að nokkru úr áhrifum hinna dönsku kennslubóka á mál vort með því að samþykkja styrk til að gefa út kennslubækur við lærðaskólann á íslenzku; það væri og æskilegt ef þingið vildi líka hlutast til um lagfæring á kennslu í móðurmálinu sjálfu.

Jeg skoða þá rjettritun, sem hefir verið og er hin almennasta, jafnvel þá heppilegustu, en annars er mjer sama, hver rjettritun er tekin, ef hún annars fullnægir hljóðinu, — en þar sem sumir eru að berjast við að laga rjettritunina algerlega eptir hljóðunum, það verður aldrei nema kák, því aldrei er hægt að ná hljóðunum fullkomlega í riti, auk þess sem þau breytast; og með því fengjum vjer aldrei ákveðnar rjettritunarreglur. Sú rjettritun, sem nú viðgengst, er sú bezta, því hún hefir þann kost, að hún er ekki mjög torlærð, og vjer getum eptir henni lesið sögurnar og útlendingar, sem læra sögumálið, geta líka lesið á nútíðarmálinu, ef henni er fylgt.

Jeg orðlengi þetta ekki frekar en vona að þingið samþykki tillöguna þar sem hún er í sama formi og sú sem hin h. þd. samþykkti í fyrra.

ATKV.GR.: 1. liður samþ. með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Eir. Gíslason,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Jón Jensson,
Jón Jónss. þm. A-Sk.	Jón Jónss þm. Eyf.
Jón Þórarinsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Þórð. Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sk. Thoroddsen,	
Tryggvi Gunnarss,	
Valt. Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen.	

Guðjón Guðlaugsson var ekki við og Þórhallur Bjarnarson greiddi ekki atkvæði.

2. liður samþ. með 12 samhl. atkv.; 3. liður samþ. með 13 : 8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eir. Gíslason,	Einar Jónsson,
Halld. Daníelsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. Eyf.
Jón Jensson,	Pjetur Jónsson,
J. Jónss., þm. A.-S.	Tr. Gunnarsson,
Jón Þórarinsson,	Þ. Guðmundsson.
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Sk. Thoroddsen,	
Valt. Guðmundss.,	
Þórð. Thoroddsen.	

Guðjón Guðlaugsson var ekki við og Þórh. Bjarnarson, greiddi ekki atkv.

4. liður samþ. með 12 samhl. atkv.; 5. liður samþ. með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson, A.-Sk.	Jens Pálsson,
Jón Jónss. þm. Eyf.	Jón Jensson,
Jón Þórarinsson,	Tr. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Þórð. Guðmundss.
Pjetur Jónsson,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valt. Guðmundss.	
Þórður Thoroddsen.	

Guðjón Guðlaugsson var ekki við og Þórh. Bjarnarson greiddi ekki atkv.;

6. liður samþ. með 14 samhl. atkv.; 7. liður samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til síðari umræðu með 12 : 3 atkv.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni í hinu svokallaða «Skúlamáli» (C. 408, 411); ein umr.

Frams.m. (*Einar Jónsson*): Nefndarálit það, sem hjer liggur fyrir, er svo ýtarlegt, að jeg vona að jeg þurfi ekki að fara nákvæmt út í þetta mál, þar sem jeg býst við, að menn hafi þegar kynnt sjer það rækilega. Jeg vil fyrst geta þess, að nefndin hefir fengið sjer öll þau skjöl, er hún þóttist þurfa og hægt var að fá, en af því mörg þeirra eru á dönsku, hefir nefndin þýtt þau og látið prenta þau í þýðingu; sje eitthvað við útleggínguna að athuga, þá eru frumritin hjer hjá mjer og er mönnum kostur á að bera saman. Menn hafa nú sjeð niðurstöðu þá sem nefndin hefir komizt að og vil jeg með fám orðum minnast á ástæður þær sem að henni liggja.

Það sem fyrst lá fyrir nefndinni var að rannsaka tildrög málsins og byrjaði hún því á að athuga rannsókn þá er hafin var gegn fyrv. sýslumanni Skúla Thoroddsen og eptir brjefum hæstv. landsh. að dæma hefir ekki verið önnur orsök til þeirrar rannsóknar en ófullkomin meðferð sýslumanns á sakamáli, gegn Sigurði nokkrum Jóhannssyni, sem grunaður var um morð. Og gallinn á meðferð sýslumanns var sá að hann setti mann þennan tvisvar á vatn og brauð fyrir það, að hann hafði sýnt þrjózku og ekki viljað svara spurningum, er fyrir hann voru lagðar, en án þess að bóka, í hverju hann hefði sýnt þrjózku, eða hverjum spurningum hann hefði neitað að svara.

Nefndin áleit nú að ekki hefði verið næg ástæða til að taka svo hart á þessum yfirsjónum sýslumannsins, sem hjer var gjört, einkum þegar litið er á það, að ekki er tekið svo hart á yfirsjónum sýslumanna, sem ekki eru minna verðar, þegar um önnur mál er

að ræða. Það lá því nærri að ályktа þegar í stað, að eitthvað hefði hjer fleira ráðið, enda sjest það og síðar á brjefi landsh. 30. marz þ. á., að annað hefir þá þegar ráðið með og líklega ekki minna, nefnil. hin pólitiska framkoma Sk. Th. gagnvart stjórninni, sem henni mun þá hafa verið meir en lítið ógeðfelld. En þessa er að engu getið í upphafi þessa máls, og ekkert annað talið orsök til þess að rannsókn var hafin gegn honum, en meðferð hans á hinu fyrnefnda sakamáli gegn S. Jóhannssyni. Nefndinni hefir því virzt rjettvísin hjer tekin að óþörfu til hjálpar, þar sem aðalorsökin virðist hafa verið hin pólitiska framkoma Sk. Th. á þeim tímum, en ekki það að embættisfærsla hans þætti óhafandi. En úr því að þetta var aðalorsökin, þá hefði verið rjettara að ganga þar beint að og veita honum alvarlega áminningu, láta hann vita að blaðamennska hans væri ósamrýmanleg við stöðu hans sem embættismanns, og láta hann skýrt vita það, að hann yrði annaðhvort að hætta henni og breyta til um hina pólitisku framkomu sína, eða hann mætti búast við að verða settur frá embætti.

Nefndin álítur það þannig ekki rjett, að víkja Sk. Th. frá embætti um stundarsakir fyrir þá einu sök, sem fram kemur í hinu um getna sakamáli. En þó horfir málið svo við í upphafi, sem ekki sje um neinar aðrar sakir að ræða.

Engin önnur orsök er heldur talin til þess, er málið var höfðað gegn Sk. Th. út af brotum á hinum 5 gr. hegningarlaganna, sem ráðgjafabrjefið 15. ágúst 1892 fyrirskipar, enda þótt það sje býsna óljóst, hvert samband getur verið milli þessa máls og sumra þeirra greina. En landshöfðinginn hefir sjálfur skýrt oss frá, að sjer væri ekki kunnugt um, að neitt annað en sakamálið hefði gefið tilefni til þeirrar málshöfðunar. En svo óljóst sem sambandið milli sumra þessara hegningarlagagreina og sakamálsins er fyrir vorum augum, þá þykir oss þó það enn athugaverðara, að landsh. skyldi í brjefi sínu 29. ág. 1892 upp á eigin hönd fela L. Kr. Bjarnasyni að rannsaka allt það, er honum kynni tortryggilegt að þykja við embættisfærslu Sk. Th. og framkomu hans sem dómara einnig í öðrum málum.

Eptir þá rannsókn er málið dæmt við alla dómstóla, og í hæstarjetti er Sk. Th. sýknaður, svo sem kunnugt er.

En þegar svo var komið, þykir oss furðu gegna, að svo skyldi vera að farið eins og gjört var, en Sk. Th. þá ekki settur inn í embætti sitt aptur. Í því tilliti vil jeg sjerstaklega minnast á það, hversu mikla áherzlu landshöfðingi leggur á það í brjefi sínu, 30. marz þ. á., hversu ófullkomin embættisfærsla Sk. Th. sje. Hann lætur þar ótvírætt í ljósi þá skoðun sína, að nægar sannanir sjeu fyrir hendi fyrir því að Sk. Th. hafi sýnt mjög mikinn skort á þeirri reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verði af hverjum embættismanni. Og þar sem það er þvert á móti dómi hæstarjettar, þykir oss landsh. gjöra þar of lítið úr þeim dómi. Með dómi hæstarjettar er auðvitað ekki sagt, að ekkert hafi verið að í embættisfærslu Sk. Th., en það, sem að þótti, þótti hæstarjetti ekki nægilega sannað, svo að hægt væri að sekta hann; en landsh. telur fyrir hendi nægar sannanir fyrir svo ófullnægjandi embættisfærslu, að rjett sje að leysa hann frá embætti fyrir fullt og allt og það fyrir þær sakir einar. Hann getur þess að vísu um leið sem sjerstaklegrar ástæðu, hvernig hann hafi kom-

ið fram í pólitiskum efnum, en hitt er þó að sjá í brjefinu, að sje aðalorsökin til þess, að Sk. Th. verði að leysa frá embætti.

En þegar landsh. svaraði fyrirspurn um þetta mál í sumar í h. Ed., þá sagði hann meðal annars: «Aðalástæða stjórnarinnar fyrir því, að hún sá sjer ekki fært, að setja mann þennan aptur inn í embættið, var framkoma hans gagnvart stjórninni, einkum næst undanfarin ár? Og þó að þetta sje ekki í sem beztu samræmi við brjef landsh. 30. marz, þá mun þó þetta einmitt vera hið sanna, og hin pólitiska ástæðan einmitt hafa verið aðalástæðan, eigi að eins fyrir lausn Sk. Th. frá embætti, heldur og fyrir því, að rannsókn var hafin og mál höfðað gegn honum; þess vegna getum vjer engan veginn fallizt á þá aðferð, sem höfð hefir verið.

Þá vil jeg minnast á sjálfa afsetninguna. Nefndin hefir eigi getað annað sjeð, en að með henni sje gengið mjög svo nærri því að stjórnarskráin sje brotin. Þessi h. deild var að vísu ekki svo hyggin, að kjósa neinn lögfræðing í nefndina, svo að vera má, að álit vort sje nú ekki sem skyldi í þessari grein. En eins og vjer höfum tekið fram í nefndarálitinu, virðist oss næst liggja, að skoða 4. gr. stjórnarskrárinnar brotna, eða þá mjög kænlega farið í kringum hana, þó að vjer höfum ekki viljað ráða til þess, að reynt væri að koma ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum fyrir það.

Á því, sem nú hefir verið sagt, höfum vjer byggt þá tillögu vora, að deildin lýsi megnri óánægju yfir aðgerðum stjórnarinnar í máli þessu og sjer í lagi landshöfðingjans.

En hvað snertir síðari hluta þingsályktunartillögunnar, þá vil jeg vísa til nefndarálitsins, þar sem bent er á, að landsh. hafi flutt þetta mál svo fyrir ráðgjafann, að hann hefði haft ástæðu til að álíta það ískyggilegra en vert var, með því að tillögur landshöfðingja kasta talsverðum skugga á alla málavöxtu. Jeg vil að eins minna sjerstaklega á það atriði, hversu mikla áherzlu landsh. leggur á það í brjefinu 30. marz þ. á., hve mikinn skort Sk. Th. hafi sýnt á reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni. Sú lýsing landsh. er svo löguð, að ráðgjafinn hlaut að álíta, að hjer væri um mjög vonda embættisfærslu að ræða, hvað sem dómi hæstarjettar liði. Og þegar þessi ummæli hans eru borin saman við ummæli hans við upphaf rannsóknarinnar gegn Sk. Th. þá kemur hið sama fram, að öll áherzlan er lögð á embættisfærsluna, svo að hvað sem öðru leið, hlaut ráðgjafinn að álíta hana mjög ófullkomna, enda þótt ekki kæmu nægar sannanir fram fyrir dómstólunum til að sakfella hann.

Jeg vil að síðustu geta þess, að nefndin hefir álitið rjett, að fara eins nákvæmlega eins og gjört er gegnum sögu þessa máls, til þess að mönnum geti orðið það sem bezt kunnugt og ættu sem hægast með að átta sig á því og dæma um það.

Landshöfðingi: Úr því að h. deild þótti nauðsyn til bera að skipa nefnd samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka aðgjörðir landsstjórnarinnar í hinu svo nefnda »Skúla-máli«, þá hefði mátt búast við að þessi nefnd hefði verið svo skipuð, að full trygging hefði verið fyrir, að þessi rannsókn hefði getað farið fram með nægilegri þekkingu, óhlutdrægni og samvizkusemi. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þau atriði, sem nefndinni hefir með þingsályktuninni verið falið að rannsaka, eru að mesta »juridisk« —lagalegs efnis— svo samtvinnuð lögum landsins og rjettarfari, að fyrsta skilyrðið

fyrir, að rannsóknin geti orðið framkvæmd, svo í nokkru lagi sje, er þekking á lögum landsins, þeim sem hljóta að koma til greina við hana. Er nú þessi h. nefnd búin þeirri lagaþekkingu, sem útheimtist til að leysa slíkan starfa af hendi? Ef litið er til þess, hvernig nefndin er skipuð, þá sitja í henni tveir prestar, tveir bændur og einn læknir, en enginn af lögfræðingum þeim, sem eiga sæti í deildinni. Hvernig geta menn þá búizt við, að þannig skipuð nefnd geti rannsakað juridiskt málefni? og hvernig geta menn búizt við, að stjórnin muni hlíta úrslitum, sem byggð eru á slíkri rannsókn?

Þá er annað atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að benda stuttlega á. Eins og í upphafi nefndarálitsins stendur, var nefndinni falið að rannsaka aðgjörðir stjórnarinnar og tildrögin til rannsóknar gegn Skúla Thoroddsen. Hvar var þá að leita að upplýsingum um þessi tildrög? Náttúrlega í dómsgjörðunum og prófunum í sakamálinu gegn Skúla Thoroddsen. Það hefði því mátt búast við, að nefndin hefði byrjað á því að kynna sjer þessar dómsgjörðir eða það í þeim, sem hlaut að hafa þýðingu fyrir ætlunarverk hennar, en jeg þykist mega fullyrða, að nefndin hafi alls ekki sjeð þessar dómsgjörðir. Þær eru geymdar hjá amtmanninum yfir Suður- og Vesturamtinu og hann hefir sagt mjer, að nefndin hafi alls ekki fengið þær. Jeg get þannig ekki betur sjeð, en að h. nefnd hafi vanrækt að afla sjer þeirra upplýsinga, sem eru alveg ómissandi til þess að geta látið uppi rökstutt álit um málefni það, sem hjer er um að ræða.

Jeg verð þannig að líta svo á, að nefndarálit þetta beri með sjer, að h. nefnd hafi skort þá lagaþekkingu, sem nauðsynleg er til að leysa viðunanlega af hendi starf það, sem henni hefir verið falið á hendur, og í annan stað, að nefndin hafi ekki leitað þeirra upplýsinga, sem hvað nauðsynlegastar eru til þess að geta látið uppi rökstutt álit um málið.

Þegar af þessum ástæðum get jeg ekki lagt gjörðir mínar eða stjórnarinnar undir dóm, sem er byggður á slíkri rannsókn, og kemur ekki til hugar að fara að verja aðgjörðir mínar frammi fyrir slíkri dómnefnd. Jeg læt mjer því nægja að mótmæla þessu nefndaráliti í heild þess og sjerstaklega vil jeg mótmæla ummælum nefndarinnar um, að stjórnin hafi brotið stjórnarskrána með því að ákveða eptirlaun Skúla Thoroddsens eptir 1. gr., en ekki eptir 6. gr. eptirlaunalaganna Eptir því sem dómur fjell í hæstarjetti, þá lá það miklu nær, að koma hefði mátt ábyrgð fram á hendur stjórninni, ef eptirlaunin hefðu verið ákveðin eptir 6. gr. heldur en eptir 1. gr., en að segja að stjórnarskráin hafi verið brotin með því að ákveða þau eptir 6. gr. er hin mesta fjarstæða.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál, en spá mín er sú, að þeir tímar muni koma, og það ef til vill áður en mjög langt er liðið, að afskipti þingsins af þessu máli muni ekki fá mildari dóm hjá þjóðinni en aðgjörðir mínar og stjórnarinnar nú hafa fengið hjá þessari h. nefnd.

Björn Sigfússon: Af því mig grunar, að það muni vera margur hjer í deildinni, sem geti ekki fellt sig við niðurlagsatriði nefndarálitsins, eða áskoranina til ráðgjafans um að fara ekki eptir till. landsh., sem jeg hygg að gæti jafnvel orðið til skaða í ýmsum tilfellum, ef hún yrði tekin til greina, t. d. ef landsh. kærði embættismann, sem ætti það fyllilega skilið, þá hefir mjer komið til hugar, til þess að deildin eigi

kost á að greiða atkvæði um eitthvað fleira en þetta, að koma fram með rökstudda dagskrá, sem jeg vil hjermeð leyfa mjer að afhenda forseta og biðja hann að bera undir atkvæði á sínum tíma. Hún er svo hljóðandi: Um leið og neðri deild alþingis lýsir óánægju yfir aðgjörðum stjórnarinnar, sjer í lagi landshöfðingja, í málinu gegn fyrverandi sýslum. og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, og yfir fjártjóni því, sem landssjóði hefir verið bakað með rekstri málsins og endalokum þess, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hafði einnig hugsað mjer að koma með rökstudda dagskrá, sem jeg hjermeð vil leyfa mjer að afhenda forseta og biðja hann að bera undir atkvæði, þegar tíminn til þess er kominn.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Jeg bjóst aldrei við að hæstv. landsh. felldi sig við álit nefndarinnar eða að hann mundi vilja beygja sig undir dóm vorn, en það liggur einnig undir annara manna dóm, hvort nefndin hefir komið fram með nægilegri samvizkusemi og óhlutdrægni í þessu máli. (*Landsh.*: Það voru ekki mín orð, jeg sagði, að það hefði mátt búast við, að nefnd hefði verið svo skipuð, að hún hefði haft næga þekkingu til að geta komið fram með nægilegri óhlutdrægni og samvizkusemi). Það liggur beint við, að þegar hún átti að vera svo skipuð að hún hefði getað komið fram með samvizkusemi og óhlutdrægni, en var, að álitj hæstv. landsh., ekki svo skipuð, þá liggur þar í, að hún hafi ekki gjört það.

Aðalástæða hæstv. landsh. gegn nefndinni var það, að hún hefði ekki næga lagaþekkingu, og það skal jeg fúslega viðurkenna að er rjett, að því er snertir hrein lögfræðisleg spursmál, eins og jeg líka tók fram í fyrri ræðu minni, en það mátti dæma um þetta mál á fleiri vegu en beint eptir lögfræðislegum setningum.

Annað atriði var það, að nefndin hefði ekki aflað sjer nægilegra upplýsinga og þá sjerstaklega að hún hefði ekki kynnt sjer dómsmálagjörðirnar í þessu máli, en jeg býst við, að nefndin hefði fengið ofanígjöf og þótt vanta þekkingu, ef hún hefði farið að leggja dóm á gjörðir dómstólanna. Hún varð því að eins að byggja á þeim úrslitum, sem málið fjekk fyrir hinum fullkomnasta dómstóli, í hæstarjetti, og hvernig upptök þess voru. Þessa rannsókn á stjórnin eigi að geta unað við og mig furðar það ekki. En mjer er óhætt að fullyrða það, að við höfum haft fullan vilja á því að vera óhlutdrægir, og nokkur vottur um það að oss hafi tekizt það er það, að báðum þeim málspörtum, er hjer hafa átt hlut að máli, þykir vjer hafa hallað á sinn málstað.

Nefndin áleit sem sagt rjettast að fara ekki að rannsaka dómsmálagjörðirnar heldur að eins athuga úrslitin, og niðurstaða málsins varð, eins og kunnugt er, sú, að embættisfærsla þessa manns þótti ekki svo vítaverð að hæstirjettur fyndi ástæðu til að dæma hann í sekt. En þetta gat auðvitað verið af því, að málið hafi verið rekið illa í hjeraði, en það má líka benda á það, að málið hafi getað verið rekið of smásmuglega í ýmsum greinum, þegar átti að rannsaka alla embættisfærslu Sk. Th., og ýmislegt það fundið til saka, er mjög lítil ástæða var til að sakast um. Jeg segi þetta ekki til þess að ámæla þeim manni, sem rannsóknina hafði á hendi, heldur til þess að sýna, að eins mikil ástæða getur verið til að álíta, að sakir þær, sem bornar voru á Sk. Th. hafi verið minni en dómstólunum virtust þær, eins og að álíta að þær hafi verið meiri en hæstirjettur áleit þær. Vjer urðum

því að halda okkur við það, að hæstirjettur áleit ekki hægt að dæma manninn sekan, hvað sem brotunum sjálfum líður; það má eins vel vera, að þau hafi verið lítilsverð, eins og að málið hafi verið sljólega rekið, og það var eigi vort að dæma um, þessvegna fundum við ekki ástæðu til að rannsaka dómsmálagjörðirnar. Svo ef ekki verður annað að nefndarálitinu fundið en það, þá erum við ánægðir.

Hvað snertir það sem sagt er í nefndarálitinu um það, að stjórnarskráin muni vera brotin með því að ákveða eptirlaun Skúla Thoroddsens eptir 1. gr. eptirlaunalaganna en ekki eptir 6. gr. þeirra, þá hefi jeg ekki getað sannfærzt um það, að skýring hæstv. landsh. sje rjett. Jeg sje ekki, að neinar af þeim sökum, sem Skúla Thoroddsen var vikið frá embætti fyrir, hafi verið honum ósjálfráðar; þvert á móti er það allt saman svo vaxið, að honum var það sjálfrátt, og hvernig getur þá eptirlaunaspursmálið heyrt undir 1. gr. eptirlaunalaganna?

Það hafa svo ekki komið aðrar mótbárur frá hæstv. landsh., sem jeg þarf að svara. Spádómur hæstv. landsh. um það, að dómur nefndarinnar um hans aðgjörðir og stjórnarinnar í þessu máli muni ekki fá vægari dóm hjá þjóðinni þegar frá líður, en aðgjörðir hans og stjórnarinnar hafa fengið hjá nefndinni, er ekki nema spádómur, og get jeg engu um það spáð, hvort hann rætist. En það veit jeg, að nú er það almennt álitið um allt land, að hjer hafi verið framfylgt máli, sem ekki var á rjettum grundvelli byggt. Hjá allri hinni íslenzku þjóð er nú sem stendur það álit ríkjandi, að hjer hafi verið beinzt að manni fyrir pólitiskar sakir, en lítilfjörlegt brot notað sem yfirskyn. Íslenzka þjóðin hefir nú sem stendur þessa skoðun, og hún hefir hingað til haft orð fyrir að vera töluvert staðföst, og jeg býst helzt við að svo muni verða einnig í þessu máli. Og þótt lögfræðingar geti ef til vill skýrt það á annan veg, þá hefir það þó gripið svo þjóðina, að hjer væri um brot á stjórnarskránni að ræða. Í því tilliti vil jeg geta þess, að þegar um afsetningu Sk. Th. er að ræða, þá hefir það þótt liggja langbeinast við, að skoða tilboðið um Rangárvallasýslu sem flutning í annað embætti, og því verður ekki neitað, að það liggur beinast fyrir að skoða það svo. Flutningur embættismanna úr einu embætti í annað getur stafað af ýmsum ástæðum, og þar sem stjórnin segir við embættismann þann, sem hjer ræðir um: Þú getur ekki verið í því embætti, sem þú hefir haft, en þú getur fengið annað embætti, þá er það ein ástæðan til þess að flytja embættismann úr sínu embætti í annað, og þess vegna er hjer um flutning að ræða. En þegar ekki er leyfilegt að heimfæra þetta undir flutning úr einu embætti í annað, þá hlýtur það að heyra undir það ákvæði að setja megi menn frá embætti með valdi, og þá hlýtur í þessu tilfelli að eiga að ákveða eptirlaunin eptir 6. gr. eptirlaunalaganna. Því að eptir landsh. brjefinu 30. marz þ. á. eru sannarlega taldar þær misfellur á embættisfærslu Sk. Th., að hann ætti ekki við embætti að vera. Jeg vildi því geta fengið nákvæmari skýringu en enn er fram komin á því, hvernig hægt var að ákveða eptirlaun Sk. Th. á þann hátt, sem gjört hefir verið, svo að það sje í samræmi við stjórnarskrána og eptirlaunalögin; enda þyrfti þjóðin að fá glögga skýringu á því, hvernig afsetningunni hefir verið varið.

Jeg hefi heyrt það á ýmsum þm., að þeim þætti óviðfelldinn síðari hluti tillögu þeirrar til þingsályktunar, sem nefndin hefir komið með, og hefir nefnd-

in því ráðið af að koma einnig með rökstudda dagskrá, sem jeg hjer með leyfi mjer að afhenda forseta. Það er ekki tilgangur nefndarinnar að gjöra annað en það sem rjett er í máli þessu, og hún vill leiða það til lykta með þeirri óhlutdrægni og samvizkusemi, sem hún hefir starfað að því með. Þess vegna viljum vjer opna hjer 2 vegi fyrir h. þingdeild, sem hún geti valið um, til að ljúka máli þessu.

Jeg hefi orðið þess var, að tvær aðrar rökstuddar dagskrár en nefndarinnar hafa komið til forseta, og tek jeg það sem bendingu um það, að margir sjeu því fylgjandi að samþ. rökstudda dagskrá heldur en þingsályktun, og hefi jeg alls ekkert á móti því fyrir mitt leyti. Jeg vil að eins vekja athygli á því, að dagskrá nefndarinnar er ofurlítið öðruvísi en hinar, að því leyti, að í byrjuninni stendur: »megnri óánægju«, en þetta lýsingarorð er fellt úr í hinum, en nefndin óskar einmitt að þetta lýsingarorð mætti haldast, eða hví skyldi óánægjan ekki vera »megn«, þegar litið er á það, hversu nærri er gengið því að brjóta stjórnarskrá vora, auk þess sem upptök málsins eru ekki sjerlega ánægjuleg.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend hvorki upp til að tala fyrir þingsál.till. nje hinum rökstuddu dagskrám, því að mjer stendur hjer um bil á sama hvort samþ. er tillagan, rökstudd dagskrá eða ekki neitt. Það sem mjer þótti miklu skipta var, að þau skjöl eru fram komin, sem h. nefnd hefir látið prenta. En þegar jeg lít fyrst á skjöl þessa máls, þá minnist jeg þess, að meðan á málarekstrinum stóð, gátu vinir og kunningjakonur, eða »familíuráð« landsh. hjer í Reykjavík, aldrei þagnað á að breiða það út, að Magnús landsh. ætti engan þátt í »suspension« minni, rannsókninni á allri embættisfærslu minni, lausn minni frá embætti o. fl.; meira að segja, því var varpað fram, að landsh. væri alveg hissa á tiltektum ráðherrans, og þætti nóg um þær. En nú eru skjölin komin fram, og þá verður nokkuð annað uppi á teningunum, því að þau sýna það ljóslega, að það er landsh. en ekki ráðgjafinn, sem frá upphafi til enda hefir gjört þetta mál að sínu máli; ráðgjafinn hefir ekki gjört annað en fallast á tillögur landsh.

Líti jeg því næst á brjef þessi, sem milli landsh. og ráðherrans hafa farið, þá ber brjef landsh. 10. maí 1892 það með sjer, að landsh. gefur ráðherranum í skyn, að það sje eptir undirlagi amtmanns, að hann leggi til, að rannsókn fari fram á meðferð minni á hinu svo nefnda »Skurðsmáli«; en eptir því sem þáverandi amtmaður Kr. Jónsson hefir skýrt rannsóknarnefndinni frá, þá hefir landsh. narrað út úr honum prófin að láni, án þess amtmaður vissi nokkuð, í hvaða skyni hann fjekk þau ljeð, enda hefði amtmaður, sem næsti yfirboðari minn, sjálfur útkljáð málið, og datt ekki í hug að ástæða væri til að hefja neina rannsókn á hendur mjer; þannig byrja þá afskipti landsh. af málinu með því, að hann gefur ráðherranum ranga skýrslu.

Í öðru lagi er það eptirtektarvert í þessu brjefi landsh., að þar sem hann minnist þess, að jeg hafi hótað Sigurði Jóhannssyni vatns og brauðs viðurværi, ef hann eigi gæfi »fullkomna skýrslu«, þá skýtur landsh. inn í frá sjálfum sjer orðunum (þ. e. »fullkomna játningu«), auðvitað vegna þess, að samkvæmt 127. gr. hegningarlaganna, þá er það saknæmt að »þvinga menn til játningar eða sagna«, en hitt, sem í prófum mínum stóð, er allt annað, og eigi saknæmt, svo sem hæstirjettur hef-

ir nú og staðfest með sínum dómi. Einnig í þessu atriði hefir því landsh. gefið ráðherranum ranga skýrslu.

Sömuleiðis er það nú ljóst orðið, sem kunningjar landsh. einatt báru á móti, að honum einum á jeg »suspensiónina« að þakka, og meira að segja þessi eini formgalli í »Skurðsmálinu«. hann er í augum landsh. svo þýðingarmikill, að hann fer þess á leit við ráðherrann, að skipuð verði rannsókn á allri minni embættisfærslu um 8 ár; og þetta gjörir landsh., enda þótt honum sje fullkunnugt, að aldrei hefir þurft að ganga eptir neinum reikningum, fjárgreiðslum eða skýrslum hjá mjer, og hvorki hann nje amtmaður hafa nokkru sinni að embættisfærslu minni fundið. Einnig í þessu efni hefur því landsh. gefið ráðherranum mjög villandi skýrslur; og enda þótt ráðherrann anzi þessum tillögum landsh. að engu, þá tekur landsh. það samt upp hjá sjálfum sjer að skipa slíka rannsókn, eins og sjá má af brjefi hans til hins konunglega commissariusar, dags. 29. ágúst 1892.

Í sambandi við þetta má jeg geta þess, hve einstaklega landsh. ljet sjer annt um að hylja það, að rannsaka ætti alla mína embættisfærslu; en sendisveinn hans L. Bjarnason var ekki alveg eins þögull um þetta í fyrstu, og sagði það bæði mjer og öðrum, t. d. manni einum, sem nú er mikilsvirtur sýslumaður á Vesturlandi; en þegar landsh. heyrði þetta, ljezt hann verða óður og uppvægur yfir því, að nokkur skyldi dirfast að breiða slík ósanninni út, og svo kvað rammt að, að báðir þeir Lárus og hann settu yfirlýsingar í blöðin, til þess að hrinda þessum sögusögnum; en nú sýnir brjef landsh. til Lárusar, dags. 29. ág. 1892, hve satt þeir hafa sagt. En á hinn bóginn er það af þessu ljóst, að átt hafi að halda öllu leyndu fyrst um sinn, og þykir mjer trúlegt, að hugsunargangurinn hafi verið sem svo: »Fyrst er að reyna að leita að einhverjum gögnum á móti manninum, en það er bezt að fara að því með leynd, svo að enginn fái að vita, að landsh. sje við eltinguna riðinn, því að tvísýnt er, hvernig leitin kann að lánast, þar sem alveg er lagt út í óvissu; en sjeu gögnin fengin móti manninum, þá gerir ekkert til, þótt almenningur fái að vita, hver valdur er að eltingaleiknum«. Sje þessi óhreinskilni og einurðarleysi landsh. ekki góð »illustration« á allri aðferð landsh. í málinu, veit jeg ekki hvers menn óska.

En það er ekki meining mín, að fara neitt út í málareksturinn gegn mjer og allar aðfarirnar af hálfu Magnúsar og rannsóknardómarans, sem þar voru við hafðar, þótt jeg gæti haldið um það allt geysi-langa ræðu; að eins skal jeg fara örfáum orðum um afdrif málsins; með hæstarjettardóminum var jeg sýknaður af öllum kröfum og kærum, og að eins gert að greiða 1/8 hluta málskostnaðarins en landssjóður hitt; með öðrum orðum, þessi dómur, sem landsh. sjálfur hefir lofað svo mjög fyrir rjettdæmi, áleit rannsóknina svo hjegómlega, og »suspension« mína svo ástæðulausa, að hann finnur ekki ástæðu til að leggja á mig nema 1/8 hluta af málskostnaðinum, en 7/8 hlutana verða vesalings fátækir gjaldþegnar á Íslandi að greiða enda þótt þeir eigi enga sök á ofsóknarfýsn landsh. En þegar nú þessi dómur var uppkveðinn, þá hefir landsh. sjeð, að hann varð eitthvað annan til bragðs að taka, og að eigi tjáði að láta hjer staðar numið með eltingaleikinn, því að það hefir auðvitað vakað fyrir honum frá fyrstu, að eigi skyldi fyr ljett leiknum, en jeg yrði flæmdur úr embættinu. Sú skoðun virðist nefnilega ríkja hjá landstjórninni, og þá sjer-

staklega hjá Magnúsi landsh., að stjórnin verði að hlutast til um, að þeir hafi sem minnst í munninn að láta, er leyfa sjer að hafa aðra skoðun á almennum málum en landstjórninni eru þóknanlegar, og nú stóð svo á, að jeg hafði einmitt eitt hið launabezta embætti á landinu, og þetta þótti allsendis ófært, og þegar sú drengilega tilraun mistókst, að reyna að stimpla mig sem glæpamann, þá varð að grípa til annara ráða.

Hinn 30. marz þ. á. ritar svo landshöfðingi ráðherranum brjef, og er auðsjeð, að þá hefir það eitt fyrir honum vakað, að smyrja nógu þykkt, eða ef jeg mætti svo að orði kveða, að afflytja mig sem röggsamlegast við ráðherrann, til þess að það brygðist eigi, að hann fengi komið mjer úr embættinu. — Í brjefi þessu gerir landshöfðingi sig að eins konar yfir-hæstarjetti, og segir, að þrátt fyrir dóm hæstarjettar sjeu þó að sinni ætlun nægar sannanir fyrir því, að jeg hafi í embættisfærslu minni látið bresta á þá reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, er heimta beri af hverjum embættismanni; og þetta vilar landshöfðingi ekki fyrir sjer að segja, eptir að hann hefir látið óvildarmann minn leita og leita í allri minni embættisfærslu, án þess að geta fundið nokkuð mjer til áfellis, og eru þessi ummæli því órækur vottur þess, hve gramt honum hefir verið í geði yfir úrslitum málsins, svo að hann hefir ekki getað stillt skap sitt, enda sjest það á, er rannsóknarnefndin biður hann að sýna sjer sannanirnar, að þá kemst hann í vandræðabobba. — Í þessu efni hefir því landshöfðingi enn sem fyr gefið ráðherranum mjög villandi skýrslu. En að öðru leyti get jeg látið mjer þessi meiðandi ummæli hans í ljettu rúmi liggja, því að öll framkoma hans í máli þessu sýnir það berlega, að hann er ekki óhlutdrægur dómari í málum mínum.

Þá er það eitt, sem landshöfðingi telur mjer til foráttu, og lætur varða embættistöpun, að jeg hafi verið kaupfjelagsstjóri og er það að vísu hverju orði sannara, að þann starfa hefi jeg haft á hendi eptir beiðni sýslunga minna, og tel mjer það heiður, að jeg hefi notið þess trausts þeirra; en þar sem landshöfðingi enn fremur tekur það fram í nefndu brjefi sínu til ráðherrans, að jeg hafi haldið fram harðsnúnum pólitiskum æsingum í fjandsamlega stefnu gagnvart stjórninni, þá eru þetta allt saman ummæli, sem landshöfðingi á eptir að sanna og óvíst, hvernig honum gengi það, ef til þess kæmi fyrir dómstólunum; og þau ummæli mín um hann hjer í þingd. um daginn, að einmitt hann væri landsins rjettnefndi æsingamaður, eru enn sem komið er rökstuddari en ummæli hans um mig. En landshöfðingi hefir fengið því framgengt, sem hann vildi; með þessari röngu skýrslu sinni til ráðherrans hefir honum tekizt að koma mjer frá embætti.

Þá hefir landshöfðingjanum enn fremur þóknazt að skýra ráðgjafanum frá því, að jeg hafi sett mjer það fyrir mark og mið, að vekja óánægju hjá þjóðinni með athafnir stjórnarinnar, og beinlínis gert mjer far um að sýna yfirboðurum mínum lítilsvirðingu; en þetta eru hrein og bein ósannindi af landshöfðingjans hálfu, og það gleður mig að sjá, að h. nefnd hefir fundið ástæðu til þess, að heimta skýringu landshöfðingja á þessum orðum. En hvernig fer þá? Landshöfðingi stendur orðlaus uppi; hann hefir það eitt að segja: Ja, jeg átti eiginlega við þetta blað, sem Skúli Thoroddsen hefir gefið út. En taki landshöfðinginn það blað, sem jeg

hefi verið ritstjóri að nú í nærfelt 3 ár, og sýni hann mjer þá blaðagrein, er rökstyðji þau ummæli hans, að jeg hafi sýnt lítilsvirðingu gagnvart yfirboðurum mínum; því að pólitiska »discussion«, sem miðar sig við málefnin, getur þó enginn með rökum kallað lítilsvirðing á yfirboðurum mínum, nje heldur hitt, þó að jeg hafi sýnt fram á það með góðum og gildum rökum, að tillögur landshöfðingja til ráðherrans hafi í ýmsum málum verið miður hyggilegar, og ekki þjóðinni sem hollastar, og skal jeg þar til nefna, sem dæmi, tillögur hans um lögin um búsetu fastakaupmanna o. fl. o. fl.; en þetta allt skoðar landshöfðingi sem persónulegar snuprur sjer sýndar, auðvitað af því, að hann er því svo óvanur, að nokkur þori að »kritisera« hans gjörðir. En sje embættismönnum slíkt ekki heimilt, þá fer þeim sannarlega að verða vandlifað.

Nefndinni hefir þótt það undarlegt, að þegar mjer var vikið frá embætti um stundarsakir, þá er það auglýst, að jeg sje grunaður um brot gegn 5 greinum í hegningarlögunum og í þessu efni verð jeg að taka í sama strenginn, að mjer þykir það harla kynlegt, og það því fremur, sem brjef þau, er milli landshöfðingja og ráðherrans hafa farið, nefna að eins brot gegn einni grein þeirra, nefnilega gegn 127. gr. En svo er hinum 4 greinum hegningarlaganna bætt við svona rjett upp úr þurru, og hafa þær líklega átt að vera eins og nokkurs konar »skilt« í augum almennings, hafa átt að vera til þess, að láta almenning renna grun í, að hjer væri um engin smáræðis afbrot að ræða; en viðvíkjandi þessu skal jeg taka það það fram, að jeg hefi nokkra ástæðu til að ætla, að landshöfðingi hafi meðfram notað annan veg en embættisbrjefaveginn til ráðherrans í þessu máli, og gæti jeg fært orð mikilsvirts og háttstandandi manns í Kaupmannahöfn því til stuðnings, að privat-brjef hafi einnig verið notuð, og haft sína þýðingu.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara lengra út í sögu málsins og gang þess, en tek það að eins fram, að ef framkoma mín sem sýslumanns gagnvart einhverjum af undirmönnum mínum hefði verið svipuð framkomu landshöfðingja við mig í máli þessu, þá gizka jeg á, að jeg hefði fljótt fengið sakamálsrannsókn fyrir að hafa sýnt skort á þeirri óhlutdrægni og samvizkusemi, sem heimta ber af hverjum embættismanni, og fyrir að hafa gefið rangar skýrslur í embættisnafni.

Að lokum skal jeg lýsa því yfir, að það gleður mig, að tildrögin og meðferð landstjórnarinnar á máli þessu liggur nú nokkuð ljóst fyrir almennings augum, og að sú ofsókn, sem gegn mjer var hafin, og sem stefndi að engu minna, en að gera mig embættislausan, fjelausan og ærulausan, hefir nú snúizt á annan veg en til var stofnað, og hvort sem deildin lætur í ljósi óánægju sína yfir aðförum landshöfðingja í þessu máli eða ekki, þykir mjer litlu skipta, því að jeg get ekki sagt, að jeg beri til hans þann hefndarhug, að mig skipti slíkt nokkru, enda álít jeg, að landshöfðinginn hafi verið sjálfum sjer verstur, og að hann hafi með máli þessu reist sjer þann minnisvarða, sem seint mun fyrnast.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg bjóst við öðru svari frá hæstv. landshöfðingja en því sem h. deild fjekk nú að heyra; jeg bjóst við að hann mundi að einhverju leyti reyna að hrekja gjörðir nefndarinnar, en hann hefir ekki gert það, heldur snúið því upp í annað; hann hefir notað sjer það, að engir lögfræðingar voru í nefndinai til þess

að sýna fram á, hvað sára lítið væri að byggja á gjörðum hennar og dómi og til að neita því, að leggja mál sitt undir þann dómstól. Jeg get að vísu vorkennt hæstv. landshöfðingja, þótt hann gripi þetta úrræði, þar sem um sjálfs hans mál er að ræða; en það vil jeg taka fram, að ef það er nokkurs skuld, að deildin getur ekki notað lögfræðinga þá, sem í deildinni sitja, til að vinna að slíkum málum sem þessu, þá er það stjórnarinnar skuld, það er vegna fargs þess, sem á þeim hvílir. Jeg get ekki heldur sjeð, að mikla áherzlu sje hægt að leggja á það, hvort lögfræðingar hafi setið í nefndinni eða ekki, því að ætlunarverk hennar var ekki að rannsaka málið á juridiskan hátt eða það hefði verið heimskulegt, þótt lögfræðingar hefðu setið í nefndinni, að fara að sletta sjer fram í aðgjörðir dómstólanna eða að stofna nokkurs konar yfirrjett yfir þeim. Eins og sjest á þingsályktunartillögu þeirri, sem upp var borin um að skipa rannsóknarnefndina, þá var það aðalatriðið og aðaltilgangur hennar að reyna að leiða í ljós, hver tildrög þessa máls hafi verið, og það álít jeg að nefndin hafi gjört og eptir öllum skjölum að dæma finnst mjer h. deild ekki þurfa að óttast, að hæstv. landshöfðingi hafi ekki tínt það til í brjefum sínum Skúla Thoroddsen til áfellis, sem hægt mun hafa verið að finna, svo að að því leyti liggi málið ljóst fyrir. Jeg tek það aptur upp, að mjer finnst nefndin hafa verið fullvel skipuð til að rannsaka tildrög málsins; hitt er annað mál, hvort hún hefði ekki getað verið enn betur skipuð, en jeg tók þegar fram í upphafi ræðu minnar rök, sem gætu legið að því, að eigi hefðu lögfræðingar verið kosnir í nefndina.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en það sem gaf mjer mest tilefni til að standa upp var það, að jeg sá fjúka til forseta heila drifu af blöðum, sem þeir kalla rökstuddar dagskrár. Mjer datt í hug, hvort þessu mundi linna fyr en jafnmargar væru komnar og deildarmenn eru. Jeg skil ekki í, á hverju það getur verið byggt, að vera að koma með rökstuddar dagskrár hjer um bil sama efnis og tillaga nefndarinnar. Jeg heyrði ekki betur en h. framsögum. (E. J.) segði, að ein af dagskrám þessum væri komin frá nefndinni, en því verð jeg að lýsa yfir að jeg á engan hlut að henni; mjer finnst tillagan ekki geta verið vægari en hún er og jeg kýs helzt, að hún sje annaðhvort samþykkt óbreytt eða þá felld að öðrum kosti. Það mun vera þetta voðalega niðurlag, sem h. deild ógar svo við. Reyndar sje jeg ekki, hvað voðalegt er við það, og jeg veit þá ekki, hvað mikið hæstv. landshöfðingi má misbjóða valdi sínu, til þess að þingið hafi einurð á að kvarta yfir aðgerðum hans við ráðherrann á alvarlegan og stillilegan hátt, því hjer er ekki farið fram á að kæra hann til ábyrgðar, sem þó er ákvæði um í stjórnarskránni. En mjer finnst alvaran ætla að fara að hverfa, ef á að fara að samþykkja einhverja af þessum rökstuddu dagskrám í stað jafnvægrar ályktunar. Mjer þykir það harla undarlegt, hve mikla áherzlu h. deild muni leggja á þessar mörgu dagskrár; jeg get þó ekki ímyndað mjer annað, en að þeir sjeu samdóma um, að hjer sje um verulega athugavert atvik að ræða, enda kemur það fyllilega fram í dagskránum. En þá skil jeg ekki í því, hvers vegna deildin hikar við að láta þessa óánægjuyfirlýsing koma fram í tillöguformi, svo að hún geti þá borizt til ráðgjafans. Jeg skil miklu betur, að menn sjeu hjer í deildinni, sem ekkert vilja gera. Mjer finnst eiginlega varla hugsanlegt

að fara skemmra en gert er í tillögunni, þegar alls þess er gætt, sem jeg skal nú nefna:

1. *að* landshöfðingi virðist fara í óviðfeldna lúsaleit til þess, að fá eitthvert tilefni, sem gefi honum rjett til þess, að hafa hendur í hári Skúla Thoroddsen.
2. *að* landsh. til þess, að geta fundið einhverja lúsina . . . . .
   Forseti: Jeg vil biðja þingm. að viðhafa ekki þetta orð.
   Guðjón Guðlaugsson: Lús hefi jeg heyrt að þyddi sama sem ögn í daglegu táli, og á því hægt með að breyta h. forseta til geðs og segi þá, til þess að geta fundið einhverja ögnina verður h. hæstv. landshöfðingi að nota yfirskyn meinlausrar og tilgangslausrar forvitni, og svo þegar eitthvað er fundið, þá tekur hann fram fyrir hendur þess yfirboðara Skúla Thoroddsen, — amtmanni, sem næst honum stóð og honum óafvitandi.
3. *að* landsh. með óákveðnum og villandi orðatiltækjum gefur ráðgjafa Íslands tilefni til, að halda annað en það sem er.
4. *að* landsh. leggur undir eins til, að Skúla Thoroddsen sje vikið frá embætti, — áður en það er rannsakað, hvort hjer er um nokkuð annað en ónákvæma bókfærslu, lítinn formgalla, að ræða.
5. *að* landsh. virðist að missa algerlega sjónir á því, hvað það var nauðsynlegt, að fá stórglæp leiddan í ljós — fyrir þessari sterku ástríðu, að fá klekkt á Skúla Thoroddsen.
6. *að* landsh. lætur þessa rannsókn fara fram með þeim hraða, að því er sjeð verður, til þess að Skúli Thoroddsen verði sem óviðbúnastur að mæta þessu.
7. *að* landsh. áfrýjar dómi landsyfirrjettar nær því samdægurs að sögn, dómi, sem fjell þó svo, að hinn kærði varð fyrir þungri sekt og málskostnaði; landsh. lætur sjer ekki nægja, að Sk. Th. gerði það, sem þó voru miklar líkur til, að að hann mundi gera.
8. Þegar þessi dómstóll, hæstirjettur, sem landsh. trúir svo miklu betur en landsyfirrjettinum, hefir svo fellt sinn dóm, þá kastar landshöfðinginn dómsúrslitum hans fyrir borð, sem einskisnýtum, en ber svo þungar sakir á Skúla, að eflaust mundi varða við lög í öðrum tilfellum, þar sem ekki væru sterkari sannanir fyrir hendi, en hjer er, því þær sýnast engar vera.
9. *að* hjer kemur fram stórkostlegt misrjetti milli Sk. Th. og embættisbræðra hans, sem líkt hefir þó staðið á fyrir.
10. *að* landsh. hefir ekkert gert til þess, að fá Sk. Th. til að hætta þessum hvatskeytlega rithætti og þeim störfum, sem hann sakar hann svo mjög fyrir.
11. *að* hæstv. landshöfðingi í samvinnu við ráðgjafann ef ekki brjóta stjórnarskrána eða gildandi eptirlaunalög, þá þó hafa reynt að smjúga svo á milli ákvæða laganna, milli orða þeirra og anda, að tilgangi landsstjórnarinnar yrði náð með afsetningu Sk. Th., og
12. *að* landinu hefir með þessu verið bakað mjög mikið og ótilhlýðilegt fjártjón, —

Þegar, segi jeg, alls þessa er gætt, get jeg ekki skilið, að þingm. skuli þykja of langt gengið með þessari meinlausu umkvörtun yfir landsh. Þegar þeir vilja kippa aptan af tillögunni þessu atriði, þá get jeg ekki sjeð, hvað þeir eiginlega meina, annað en það, að

sýnast sem vinir hæstv. landshöfðingja, en auðvitað þó hálf-volgir og huklandi, þar sem þeir þó látast vera að finna að.

Í sambandi við þetta, þegar jeg minnist á vini hæstv. landsh., dettur mjer í hug saga, sem jeg heyrði í dag, jeg hitti mann á götu, sem sagði mjer hana: Hann talaði við ritstjóra eins blaðs hjer í bænum, sem mjer annars sýnist helzt hafa það markmið, að skríða hundflatur frammi fyrir stjórninni til þess, að fá hjá henni einhverja sleikju.—Maðurinn spyr: »Hvers vegna setti landshöfðinginn Skúla Thoroddsen ekki undir eins frá, áður en málshöfðunin byrjaði?» Ritstjórinn svaraði og sagði á þá leið, að það hefði hún gert til þess, að spara fyrir landssjóðinn, líklega eptirlaunin, — et ske kynni, að hann yrði dæmdur frá æru og embætti! Þegar jeg heyrði þetta, datt mjer í hug, að ástæða væri til þess, að vjer legðumst á eitt með að biðja skaparann, að forða hinum hæstv. landshöfðingja og hinni háttv. stjórn frá svoddan vinum. Já, slíkur vinur, sem gefur í skyn að landsstjórnin hafi til þess að spara landinu peninga, ekki svifizt að hafa rjettvísina þannig að skálkaskjóli, og því reynt með málaferlum að ná æru og embætti og fje af einum manni um leið og hún bakar honum og konu hans áhyggjur og sorgir, sem gátu með öðru orðið til þess, að leiða þau ásamt saklausum börnum í örbirgð og allskonar ógæfu.

Enn fremur gjörði manngarmurinn landsstjórninni þær getsakir með þessu, að hún áliti þjóðina svo illa artaða og æruringa í tegundum sínum, að hún mundi taka sjer til þakkar ef landsstjórnin gæti sparað henni peninga með því, að fletta æru og mannorði af einum af landsins sonum. Finnst nú ekki h. þingdeildarm. þetta vera ljeleg vörn frá vini stjórnarinnar, og það nú þegar það er komið í ljós, að stjórninni hefir þó ekki verið þessi sparnaður ríkari á hjarta en svo, að hún setur manninn af embætti með fullum eptirlaunum, þegar málareksturinn reynist að vera árangurslaus.

Jú, það er full ástæða til þess, að biðja um varðveizlu á stjórninni frá þannig löguðum vinum; miklu meiri ástæða, heldur en gegn þeim mönnum, sem kallaðir eru óvinir hennar. Það mun þó líklega ekki vera meiningin hjá sumum hinna h. þingm., að þeir vilji vera þannig lagaðir vinir hæstv. landshöfðingja af því þeir sjá framan í hann, og vita að hann hefir svo margt gott að bjóða. Það er vonandi, að sá misskilningur eigi sjer ekki stað hjer í deildinni, en undarlega kemur mjer þessi dagskrárdrífa fyrir sjónir. Vjer þingmenn verðum að gæta þess, að vjer höfum engan rjett til þess, sem fulltrúar þjóðarinnar á þingmannabekkjunum, að smjaðra fyrir landsstjórninni og ekki fremur fyrir hæstv. landshöfðingja, þó hann sje á þinginu, þrátt fyrir það, þótt vjer í privatviðskiptum höfum margt gott til hans að segja. Á þinginu eigum vjer um ekkert annað að fjalla en stjórnmálin, og jafnframt og vjer látum hæstvirtan landshöfðingja fá viðurkenningar vorar fyrir það, sem betur fer í stjórnarathöfnum hans, eigum vjer með djörfung og hreinskilni að finna að því, sem oss virðist aðfinnsluvert, annars verðskuldar þingið ekki að kallast þing og missir virðingu sína hjá þjóðinni fyrir hálfvelgjuna, og stjórnin sjálf hættir að taka tillit til þess.

Jeg segi fyrir mig, um leið og jeg get fundið að því, sem aðfinnsluvert er, get jeg hrósað fyrir það, sem hrósvert er. Jeg get hrósað hæstv. landshöfðingja fyrir margt í hans embættisrekstri,

og auk þess sem jeg hefi gott til hans að segja í prívat-viðskiptum okkar, og má því gjalda honum þökk fyrir það. En því síður vil jeg láta hann sjá mig sem hálfvolgan hræsnara gegn honum, heldur koma fram við hann sem ærlegur maður. Og jeg vona, að h. þm. vilji ekki gera sig seka í slíku; gera sig seka í óhreinskilni, bara til að þóknast hæstv. landshöfðingja með því; vjer megum vita, að hann er sá vitmaður, að hann getur gjört greinarmun á hræsni og hreinskilni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að svara orði til orðs þessari merkilegu »lúsaræðu« h. þm. Straud. (Guðj. G.), en það var þó eitt atriði í ræðu hans, sem jeg ekki get alveg leitt hjá mjer; það voru þær ærumeiðandi skammir, sem h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) talaði til okkar lögfræðinganna hjer í deild. Hann sagði, að á okkur lægi slíkt sannfæringarfarg, að ekki hefði verið mögulegt að kjósa neinn af okkur í þessa nefnd og að ekki væri hægt að ætlast til þess, að við hefðum nokkra sjálfstæða skoðun í þessu máli. Það er þetta, sem jeg skoða sem ærumeiðandi, og jeg mótmæli því fastlega fyrir mitt leyti. Sjerstaklega getur slíkt ekki gilt gagnvart einum af lögfræðingunum, sem hjer eru, það er h. þingm. Rvík. (J. Jenss.), því ekki verður sagt um hann, að hann sje stjórninni háður, þar sem hún hefir ekkert yfir honum að segja.

Jeg fyrir mitt leyti þykist ekki hafa komið svo fram hjer í deildinni, að h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) hafi ástæðu til, að hreita slíkum ærumeiðandi brigzlyrðum að mjer; hann má hirða þau sjálfur.

Jeg ætlaði mjer ekki að standa upp og hafði einsett mjer, að skipta mjer ekkert af þessu máli, því jeg hefi látið það hlutlaust hingað til, en svo lengi má »brýna deigt járn, að það bíti«; það er auðvitað hægt að »irritera« mig svo með ástæðulausum illkvittnis- og lyga-slettum að fyrra bragði, að jeg geti ekki látið vera að svara.

Það hefir farið svo óheppilega, að þær svokölluðu rannsóknarnefndir, sem skipaðar hafa verið á þinginu 1893 og eins nú á þessu þingi, hafa farið svo illa með umboð sín af hálfu deildarinnar, að það ákvæði í stjórnarskránni, sem fyrir þeim er, er orðið alveg gagnslaust. Nefndirnar hafa auðsjáanlega ekki vitað hvorki hvaða vald þær hafa nje hvað þeirra hlutverk var; það sýnir bezt þessi nefnd; hún hefir ekki kynnt sjer málavextina eins og hún gat, hún hefir t. d. ekki kallað hæstv. landsh. fyrir og yfirheyrt hann munnlega. — Hún hafði ástæðu til þess. En hvers vegna hefir hún ekki gjört það? Jeg býst við að margt hefði þá skýrzt í þessu máli, sem nú er óljóst.

Það er eitt atriði, sem nefndin hefir alls ekki gert tilraun til að skýra: Hún hefir ekki reynt til að komast fyrir um aðalatriði málsins, hún hefir eigi reynt til að fá svar upp á þá spurningu: Hvernig lágu ástæður fyrir ákæruvaldinu fyrst, þegar rannsóknin var skipuð? Til þess hlaut nefndin að setja sig inn í fyrstu prófin í málinu, svo að hún sæi, hvort málsbyrjunin af hendi ákæruvaldsins hafi verið á rökum byggð. Nefndin segir að eins, »að ástæðurnar hafi verið veikar«, og annað ekki; og þó að hún beri það fyrir sig, að dómstólarnir hafi skorið úr þessu, þá er það alls ekki rjett. Yfirrjettur hefir að nokkru leyti dómfellt, en hæstirjettur ekki álitið nægar sannanir til að dómfella, en það er allt annað en að ekki hafi verið knýjandi eða í öllu falli fullnægjandi ástæð-

ur til að byrja rannsóknina og svo höfða málið, en um það hefir nefndin ekki komið fram með neinar skýrslur.

Það sje fjarri mjer, að væna h. nefnd um hlutdrægni, þvert á móti er jeg sannfærður um það, að hún hefir haft eindregnn vilja á því að koma alveg hlutdrægnislaust fram í þessu máli, en þó mun engum, sem nefndarálitið les, blandast hugur um það, að nefndin hefir sjeð glöggar aðra hlið málsins heldur en hina. Þetta getur verið sprottið af því, að nefndinni sje ekki vel kunnugt um, hvað eru almenn lög og þess vegna hefir hún skoðað það, sem í rauninni er löglegt, sem ofsókn eða hlutdrægni af hálfu landsstjórnarinnar. En þetta ætla jeg mjer ekki að að rekja út í æsar; það mundi verða of langt mál.

Nefndin hefir tekið það fram í sínu álitsskjali, að ef landsstjórnin ekki þolir embættismönnum sínum að áfella sig fyrir ýmsar þær gjörðir, sem hún gerir, á þann hátt, sem gert hefir verið í »Þjóðviljanum«, þá hljóti það að leiða til þess, að ala kúgunaranda hjá embættismannastjettinni. Og það er auðsjáanlegt af nefndarálitinu, að þetta er hennar skoðun.

Jeg hefi reyndar ekki fyr en við umræðurnar í efri deild út af fyrirspurn h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) heyrt það — svo jeg mætti nokkurn trúnað á það leggja —, að Skúli Thoroddsen hafi haft ábyrgð á »Þjóðviljanum« hinum eldri, eða því sem í hann hefir verið skrifað. En mjer virtist það koma fram skýrt í ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), og jeg sje nú, að nefndin hefir nú gengið út frá því sem gefnu. — Út af þessu atriði vil jeg benda á það, að mótstaða á móti stjórninni getur verið mismunandi. Jeg veit að bæði mjer og öðrum embættismönnum hefir stjórnin þolað það, þó að við höfum lýst yfir annari skoðun en hennar, ef það að eins hefir verið gert á þann hátt, að það ekki hefir getað heitið stóryrði eða meiðyrði gegn stjórnendunum sjálfum persónulega, með öðrum orðum, stjórnin hefir þolað embættismönnum sínum »opposition«, svo framarlega, sem þeir hafa haldið sjer fast við málin sjálf. En til er annars konar »opposition«, sem tíðkast mikið í Ameríku og líka í Englandi, sjerstaklega hjá hinum svæsnari flokkablöðum og enn gengur feti framar; hún er eigi að eins andstæð stjórninni í skoðunum, heldur reynir til að sverta stjórnendurna sem mest og gera þá sem tortryggilegasta í augum almennings.

Þessi svæsnari tegund af »opposition« er hvergi þoluð, og jafnvel í frjálslyndum löndum ekki heldur sú betri, sem hjer á landi er álitin að vera fullkomlega heiðarleg. Það eru ýmsir menn hjer, sem jeg gæti bent á, jeg skal sjerstaklega nefna h. forseta, sem sannarlega hefir gengið drengilega fram í »opposition« á móti stjórninni; jeg veit þó ekki til, að hann hafi fengið nokkurt hnjóðsyrði eða ofsóknir af hendi stjórnarinnar fyrir það. Jeg vildi benda á þetta til þess að sýna fram á, að nefndin veður fullkomlega í reyk, þar sem hún er að tala um hnjóðsyrði frá stjórninni til embættismanna fyrir þeirra »opposition. Framkoma stjórnarinnar gagnvart Skúla Thoroddsen getur engan veginn skoðazt sem bending um það fyrir aðra embættismenn hjer á landi, að þeir ekki megi vera á annari skoðun en hún. Og það er langt frá því, að þingið samsinni nokkrum rjetti af stjórnarinnar hendi til að leggja band á málfrelsi embættismanna, þó að það ekki taki málsstað þess manns, sem hefir beitt því sem jeg kalla hinni svæsn-

ari »opposition«, persónulegum árásum á stjórnina sjálfa.

Jeg fyrir mitt leyti álíti það mjög óheppilegt, ef þingsál.till. yrði samþ., sjerstaklega síðari liður hennar. Því að tillagan er »óparlamentarisk«. Og jeg ímynda mjer, að landshöfðingi og ráðgjafinn mundi taka sjer það ljett, þó hún yrði samþykkt; því jeg get ekki betur sjeð, en að hún yrði þingdeildinni heldur en stjórnarvöldunum til vanvirðu.

Svo skal jeg ekki segja meira. Jeg hefði satt að segja ekki tekið til máls, ef þm. Strand. (Guðj. G.) hefði eigi farið að senda þessar flórhalaslettur til okkar lögfræðinganna.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Jeg verð að minnast dálítið á ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), þó að jeg annars ætlaði eigi að tala meira. Hann sagði að nefndin hefði ekki reynt að komast fyrir aðalatriði málsins, eða athugað það, hvernig ástæður lágu fyrir ákæruvaldinu, þegar rannsóknin var skipuð, og vildi að vjer hefðum kallað landsh. fyrir og rannsakað prófin í málinu. En jeg verð að mótmæla þessu. Vjer settum oss einmitt vel inn í það, hvernig ástæður lágu í upphafi fyrir ákæruvaldinu; en þegar landsh. hefir ekkert að kæra Sk. Th. fyrir í upphafi annað en meðferðina á sakamálinu gegn S. Jóhannssyni, og lýsir því síðan yfir í brjefinu til vor, 14. þ. m., að sjer sje ekki kunnugt um neitt, sem bendi á, að annað en þetta sakamál hafi verið orsök til málshöfðunarinnar, — hvað áttum vjer þá með að segja, að aðrar orsakir hefðu verið til þess, og hvað þurftum vjer meira að vita um upptök þessa máls?

Það var alkunnugt að Þjóðviljinn gamli var á ferðinni, þegar mál þetta byrjaði, og vjer höfum engan góðan vitnisburð gefið honum. Það var og kunnugt að landsh. var ekkert vel við hann. Skúli Thoroddsen var ekki opinber ritstjóri blaðsins, en álitinn vera í ritstjórninni, en því var þá ekki gengið beint að honum, og honum annaðhvort boðið að leggja niður ritstjórnina, eða honum að öðru kosti vikið frá embætti þá þegar? Það var hreinlegast og átti bezt við, en ekki það ráð, sem tekið var.

Vjer könnumst engan veginn við þau ummæli h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að önnur hlið málsins hafi vakað glöggara fyrir oss. Vjer skoðuðum báðar hliðar málsins, en vjer verðum að byggja á því einu, sem viðurkennt er. Hann getur vel sagt, að vjer sjeum ekki færir að dæma um þetta, og sjeum blindir í sjálfra vorra sök, en það er dómur, sem jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, meðan eigi eru færð rök fyrir. Þótt hann svo segi, að hann ætli oss ekki beint vilja til að vera hlutdrægir, þá má jeg kannske þakka það, en það verður lítið úr þeim ummælum, eptir hin orð hans.

Jeg vil að síðustu geta þess, að vjer höfum sannarlega ekkert á móti því, að stjórnin víti embættismann fyrir ósæmilega framkomu, ef gengið er beint að honum, og ekki farið fram yfir sanngjarnar kröfur. En það sem oss þykir hjer aðfinnsluvert er það, hvernig farið hefir verið í allt þetta mál, og hvernig því hefir verið lokið.

Sigurður Gunnarsson: Jeg þarf ekki að taka margt fram; en jeg get ekki gert að því, að mjer þótti hæstv. landsh. líta heldur en ekki smáum augum á nefndina. Jeg segi smáum augum. Það er auðvitað, að vjer erum bara alþingismenn, og það ólöglærðir alþm., en engu að síður verð jeg að skoða stöðu vora, sem alþm., tigna stöðu.

Hitt þótti mjer og sárt, að heyra

hæstv. landsh. sveigja að því, að nefndin hefði ekki verið svo skipuð, að full trygging hefði verið fyrir því, að hún gæti komið fram með nægri samvizkusemi og óhlutdrægni, því vjer erum oss eigi annars meðvitandi, en að vjer höfum einlæglega viljað vera samvizkusamir og óhlutdrægnir. Hitt kann að vera satt, að oss skorti að einhverju leyti þekkingu, og hvað snertir lagaþekkingu, þá hefir hæstv. landsh. þar rjett að mæla auðvitað. Það er auðvitað, að ef »fuldstændig Forklaring« er sama sem »fuldstændig Tilstaaelse«, ef »tilstrækkelige Beviser« er sama sem »utilstrækkelige Beviser«, og ef spádómur um embættisvanrækslu er sama sem embættisvanræksla (sbr. landsh. brjef 30. marz 1895), þá hefir hæstv. landsh. rjett fyrir sjer. En sje þetta gagnstætt hvað öðru, þá hefir nefndin líka rjett fyrir sjer. Hjer þarf ekki juridiska þekkingu til að greina á milli, heldur að eins heilbrigða skynsemi. Er þá enginn annar vegur eptir, en að neita nefndinni um heilbrigða skynsemi, eða þá eigna henni augljósa hlutdrægni.

Hvað ræðu þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) snertir, þá virtist mjer hún sýna, að á honum lægi dálítið sanntæringarfarg. Jeg er hræddur um að sumum þm. hætti við að skoða sig ekki sem alþm. heldur embættismenn, sýslumenn, presta o. s. frv. (*Guðl G.*: Og ræðumaður sig sem prófast). Nei. Jeg skoða mig sem þm., bara sem þm., með leyfi h. þm. V.-Skaptf. En að öðru leyti mun það brátt koma í ljós, hve margir lögfræðingar í deildinni greiða atkv. með dagskránni. (*Guðl. G.*: Það er engin sönnun).

Jeg leyfi mjer að spyrja forseta, hvort hann haldi, að bylurinn, sem þaut um salinn nú frá þm. V.-Skapf. (Guðl. G.), sje rokinn hjá.

ATKV.GR.: Þá var borin undir atkv. svolátandi tillaga til rökstuddrar dagskrá frá 1. þm. Árn. (Tr. Gunnarss.):

»Um leið og neðri deild alþingis lýsir óánægju sinni yfir aðgjörðum stjórnarinnar í málinu gegn fyrverandi sýslumanni og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, og yfir fjártjóni því, er landssjóði hefir verið bakað með rekstri málsins og endalokum þess, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni«,

og var hún felld með 13 : 6 atkv.

Þá var borin undir atkvæði svo látandi tillaga til rökstuddrar dagskrár frá nefndinni:

»Um leið og neðri deild alþingis lýsir megnri óánægju yfir aðgerðum stjórnarinnar, sjer í lagi landshöfðingja, í málinu gegn fyrverandi sýslumanni og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, og yfir fjártjóni því er landssjóði hefir verið bakað með rekstri þessa máls og endalokum frá stjórnarinnar hálfu, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni«,

og var hún samþ. með 13 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um lagning á steinstjett meðfram alþingishúsinu (C. 475); hvernig ræða skuli.

Samþ. að taka mætti það á dagskrá, og var ein umr. samþ. eptir uppástungu forseta.

Fertugasti og fimmti fundur, föstudag 23. ágúst. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að landsh. hefði tilkynnt sjer, að hann hefði áformað að slíta alþingi laugardaginn þann 24. þ. m. kl. 4. eptir hád.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893. (C. 420, 430, 480); ein umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg skal að eins geta þess, að nefndin hef-

ir leyft sjer að koma með viðaukatillí þá átt, að bætt verði inn í frv. aptur 20 kr. fyrir brjefavog handa Skagafjarðarsýslu, sem h. efri deild hafði fellt burtu; nefndinni er það kunnugt, að samskonar upphæðir hafa áður verið greiddar úr landssjóði. En hins vegar álítur nefndin ekki þetta svo stórvægilegt, að vert sje að gera það að ágreiningsefni, þó hún hafi lagt það til að því verði bætt inn í aptur. Og hún lætur sjer því standa á sama, hvernig atkv. falla um það í deildinni.

Sigurður Gunnarsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með breytingar- eða viðaukatill. um það, að endurgjald á ferðakostnaði 2 presta á Austurlandi, að upphæð 143 kr., verði sett inn aptur í frumv. Jeg hefi ekki getað gert mjer það ljóst, hvers vegna h. deild hefir ekki viljað samþ. þessa upphæð eins og aðrar upphæðir frumv. Jeg get ekki sjeð, að þessi endurgjaldsneitun sje á rökum byggð.

Það er víst, að biskup hefir að lögum rjett til endurgjalds fyrir eptirlitsferðir sínar um landið, og það geta því ekki verið tvær meiningar um það, að hefði hann farið þessa eptirlitsferð sjálfur, hefði hún orðið að borgast úr landssjóði. Nú stóð svo á tíma, að biskupi var ekki hægt að fara þessa ferð sjálfur, og þá sýnist ekkert hafa verið á móti því, að hann mætti fela hana öðrum á hendur, og það því fremur, sem mikil ástæða var til að ætla, að ferðin mundi hafa þann árangur, að það kæmi í ljós, hvort setja þyrfti prófastsrjett eða ekki. Jeg var annar þeirra presta, sem fór þessa ferð, sem þáverandi prófastur í næsta prófastsdæmi, ásamt sjera Magnúsi Blöndal Jónssyni. Við gerðum allt, sem í okkar valdi stóð til þess, að leysa starf okkar sem bezt af hendi, og koma samkomulagi á milli prests og safnaðar. Við fórum um alla sóknina, hjeldum fundi og áttum tal við fólk, og til dæmis um það, hvað ferðin tók langan tíma, skal jeg geta þess, að jeg fór að heiman frá mjer 6. desember og kom heim aptur á Þorláksmessu. Við skýrðum svo kirkjustjórninni frá ferð okkar og árangrinum af henni. Jeg ætla því að deildin verði að viðurkenna, að það sje eigi alllítil ástæða til að greiða þennan ferðakostnað úr landssjóði.

Jens Pálsson: Mig furðar á því, að þessi liður skyldi vera felldur um daginn, og jeg verð að ætla, að h. deild við nánari yfirvegun muni taka til greina ástæður 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.), og samþ. að upphæðin verði endurgoldin. Samkvæmt stjórnarskrá vorri, sem býður ríkinu að styðja og vernda hina evang. lútersku þjóðkirkju, var það bæði rjettur og skylda lands- og kirkjustjórnar, að hlutast til um ástandið í Seyðisfjarðarsöfnuði, og senda þangað erindreka eða sáttasemjendur, úr því biskupinn gat ekki komið því við að ferðast þangað sjálfur. Og jeg get ekki betur sjeð, en að landssjóður megi þakka fyrir að sleppa með svona lítil útgjöld, því að það liggur í augum uppi, að hefði biskup farið sjálfur þessa ferð, þá hefði hún orðið landssjóði margfalt dýrari. Hjer er því í rauninni að eins að ræða um nokkurn hluta af því fje, sem landssjóði annars að sjálfsögðu hefði borið að greiða. Að mínu áliti er það ótvírætt skylda kirkjustjórnarinnar, að ráða á sem beztan hátt fram úr, þegar til einhverra vandræða horfir í söfnuðinum, og fyrst hentugast þótti í því tilfelli, sem hjer ræðir um, að láta gjöra sáttatilraun milli prests og safnaðar, þá var sjálfsagt að greiða þeim, sem til þess voru skipaðir, ferðakostnaðinn. Engar gildar ástæður hafa verið færðar á móti þessum útgjaldalið;

verð jeg því að halda því fram, að hann verði samþykktur.

Landshöfðingi: Jeg er hræddur um að þingmenn þeir, sem talað hafa um þetta mál, hafi misskilið, hvað hjer í rauninni er borið undir atkv. h. deildar. Það getur ekki verið meiningin, að deildin eigi að skera úr því, hvort þessi upphæð, sem hjer ræðir um, skuli greidd úr landssjóði eða ekki, því að þingið hefir þegar samþ. reikningslögin fyrir 1892 og 1893 og þar er þessi upphæð talin landssjóði til útgjalda, og það hefir því þegar fullkomlega verið samþykkt af þinginu, að þessi ferðakostnaður skyldi endurgjaldast úr landssjóði. Þingdeildin getur því ekki með því að fella breytingartillöguna látið annað í ljósi en það, að hún álíti óþarft að samþykkja þessa upphæð sjerstaklega. Jeg lít í öllu falli svo á, að þessari spurningu sje fullkomlega ráðið til lykta, og læt mjer því liggja í ljettu rúmi, hvort breyt.till. er samþ. eða ekki.

Jón Jónsson þm. A-Sk.: Jeg verð að ætla, að skilningur sá, sem hæstv. landsh. ljet nú í ljósi, um það, hvernig þessari spurningu væri nú þegar ráðið til lykta, hafi ekki vakað fyrir þingm. og jeg held að það sje reyndar móti vilja meiri hluta deildarinnar, að úrslitin hafa orðið þessi, því að í atkv.-greiðslunni um þessi atriði hefir lýst sjer tregða að samþykkja þau. En úr því svo er komið, er líklega rjettast eptir atvikum að samþykkja tillögurnar, því vitanlega getur deildin ekki breytt því, sem þegar er búið að samþykkja í reikningslögunum. En gefa mætti það í skyn, að varhugavert væri það fyrir stjórnina að viðhafa eptirleiðis slíkar fjárveitingar.

Jón Jensson: Eins og þm. er kunnugt, hafði þessi deild þegar samþykkt reikningslögin fyrir 1892 og 1893, þegar hún hafði þetta fjáraukalagafrv. til meðferðar, og hún gat því ekki leiðrjett samþykktarlögin, sem farin voru frá henni, en ætlaði Ed. að gera það. Að h. Ed. ekki hefir gjört þetta, kemur annaðhvort af því að hún hefir haft ofmikið annríki eða þá af misskilningi. Jeg get ekki sjeð að ályktun um að fella burt þennan útgjaldalið sje þýðingarlaus, því að með því lætur þingið greinilega í ljósi þann vilja sinn, að þetta skuli ekki borgað úr landssjóði, og þá yrði hægt að laga það síðar, þar sem leiðrjettingin mundi þá nægilega rjettlætt með fjáraukalögunum. Jeg álít það því enga frágangssök að halda tillögunni áfram í því horfi, sem hún nú er í, í því skyni að þessi skekkja verði leiðrjett síðar. En jeg skal játa það, að jeg legg ekki mikla áherzlu á það, hvort þessi upphæð sje borguð úr landssjóði eða ekki; jeg legg meiri áherzlu á það, að sams konar gjöld úr landssjóði eiga ekki að líðast mótmælalaust.

ATKV.GR.: Br.till. á þingsk. 480 samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Guðj. Guðlaugss.,
Einar Jónsson,	Halldór Daníelsson,
Björn Sigfússon,	Jón Jensson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jónsson, Eyf.
Guðl. Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Jens Pálsson,	Skúli Thoroddsen,
J. Jónsson þm.A Sk.	Valt. Guðmundsson,
Jón Þórarinsson,	Þórður Guðmundss.
Ólafur Briem,	Þórhallur Bjarnars.
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundss.	

Tr. Gunnarsson var ekki viðstaddur.

Breyt.till. á þingskj. 430 samþ. með 14 samhl. atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breyt

ingum samþ. með 17 samhlj. atkv. og endursendist Ed.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 421, 445); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal geta þess, að frumv. þetta hefir tekið nokkrum breytingum frá því það var síðast hjá deildinni. Verðið hefir verið hækkað á tveim jörðum, en lækkað á þremur.

Fyrsta jörðin er Geirland í Skaptafellssýslu, sem h. efri deild hefir hækkað um 800 kr., og er sú hækkun skiljanleg, þegar miðað er við það afgjald, sem nú er á jörðum, sem jafnvel svarar til hærri upphæðar en þeirrar sem nú er í frumv., en eptir þeim skýrslum, sem liggja hjer frammi á lestrarsalnum, þá var nefndin sannfærð um, að það afgjald væri allt of hátt. Eigi að síður vill nefndin leggja það til að þessu verði ekki breytt, því að afleiðingin af því að setja verðið svona hátt getur aldrei orðið önnur en sú, að jörðin ekki selst á þessu fjárhagstímabili.

Önnur jörðin, sem h. Ed. hefir hækkað verðið á, er Syðri-Vík í sömu sýslu, en þar eð hækkunin er svo lítil, að eins 100 kr., þá hefir nefndin ekkert við það að athuga.

Þá eru þær 3 jarðir, sem h. Ed. hefir lækkað, nefnil. Litla-Breiðavík í Suður-Múlasýslu, Nes með Neshjáleigu í Norður-Múlasýslu og Hlaðir í Eyjafjarðarsýslu, sem lækkaðar eru um 200 kr. hver. Jafnvel þótt nefndin hafi ekki getað sannfærzt um, að lækkun þessi sje á fullum rökum byggð, þá sjer hún samt ekki ástæðu til að fara að stofna frumv. í hættu með því að koma fram með breytingar nú.

Eina breytingu hefir h. Ed. gjört enn, það er um tímann, sem heimild til sölunnar á að gilda; hún hefir stytt þann tíma um 2 ár og sett takmarkið 31. des. 1898 í staðinn fyrir árslok 1900, en þar eð þetta stendur í sambandi við þingsál.till., sem hjer er seinna á dagskránni í dag, þá hefir nefndin ekkert við það að athuga.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. 443, 459, 470, 477); ein umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg á hjer breyt.till. á þingskj. 459 og sömul. á þingskj. 470, ásamt með öðrum h. þm. Að því er snertir breyt.till. á þingskj. 459, þá skal jeg geta þess, að það hefir verið farið fram á það við okkur flutningsmenn hennar, að við tækjum hana aptur, af því að hætt er við því, að ef breyt.till. gengur í gegn, þá verði málið annaðhvort óútrætt á þinginu eða falli í Ed. En jeg fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að fargæzlumennirnir eiga að falla úr. Annaðhvort gjöra þeir eitthvað, eða þeir gjöra alls ekki neitt, þriðja tilfellið er ekki hugsanlegt. Ef þeir gjöra eitthvað, þá fæ jeg ekki betur sjeð en þeir verði bara til tálmunar, en gjöri þeir ekki neitt, þá finnst mjer óþarfi að vera að kosta þessu fje til þeirra. En jeg ætla sem sagt ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli, en lýsa því yfir að jeg tek breyt.tillöguna á þingskjali 459 aptur.

Að því er snertir breyt.till. á þingskj. 470, þá hefir mjer verið skýrt frá því, að »150 þús. kr. hvort árið« fyrir 150 þús. kr. á ári, sje að eins prentvilla, sem leiðrjett hafi verið í efri deild, en sem fallið hefir úr við prentunina, og þar eð jeg hefi sannfært mig á skrifstofunni um að svo sje, þá álít jeg

breyt.till. óþarfa og fellur hún af sjálfu sjer.

Svo er hjer breyt.till. á þingskj. 477, sem jeg vona að h. flutningsm. taki aptur, þar eð hún er enn þýðingarminni en mín, sem jeg nú þegar hefi tekið aptur.

Björn Sigfússon: Jeg vil að eins lýsa því yfir, að jeg tek breyt.till á þingskj. 477 aptur, eptir framkomnum tilmælum.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg þarf nú ekki að tala langt erindi, þar eð allar breyt.till. eru teknar aptur. Frumv. hefir tekið nokkrum breytingum í h. Ed., og um þær er ekki annað að segja en það, að samgöngumálanefndin hefir athugað þær og aðhyllist þær. Helzta breytingin er sú, að »leigja eða kaupa«, en jafnframt takmarka þá upphæð, sem ætluð er til leigunnar. Svo hefir verið fellt úr ákvæðið í 9. gr. um það, að farstjóri og fargæzlumenn skuli fá ókeypis far með skipinu, því að hæstv. landsh. áleit það vera sjálfsagt.

Nefndin var á því, að það gæti verið að fargæzlumennirnir væru óþarfir, og meiri hluti nefndarinnar var jafnvel á því, að fella þá í burtu, en af því tíminn er nú orðinn svo naumur, þá vildi hún þó ekki leggja út í þá hættu, að gjöra svo mikilvæga breytingu á frumv., sem gæti orðið því að fótakefli. Ræð jeg því fyrir nefndarinnar hönd til að samþykkja frumv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ímynda mjer, að h. þingmenn muni búast við, að jeg muni flytja frumv. þessu skilnaðarkveðju. Jeg er enn þá sömu skoðunar og áður, að mjög óráðlegt sje að kaupa skip, og einnig að leigja það, en úr því að svo er komið, að gera á út skip, þá er betra að leigja það en kaupa; og þessvegna lýsi jeg því yfir, að jeg tek upp breyt.till. þá, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók aptur á þingskj. 459, sem fer fram á eingöngu að leigja skip. Það eru sum ákvæðin um farstjórann og fleira, svo sem um fargæzlumennina, sem mjer þykja athugaverð, en mjer var ekki hægt að koma með breyt.till. vegna þess hvað jeg hafði mikið að gera; annars hefði jeg gjört það.

Mjer er annt um, að fargæzlumennirnir sjeu numdir burt úr frv., því jeg álít þá til hindrunar en ekki til gagns. Jeg þykist geta talað af dálítilli reynslu, því jeg hefi staðið fyrir ekki alllitlum skipaferðum yfir 20 ár og jeg veit, að hefði jeg haft fargæzlumenn við hliðina, þá hefði jeg það orðið til hindrunar; því var það samkomulag milli mín og stjórnar fjelags þess er jeg starfaði fyrir, að jeg skyldi hafa ábyrgðina, en vera laus við allt »kontrol». Ef það heppnast vel að velja farstjórann, þá álít jeg að gæzlustjórar sjeu með öllu óþarfir. Jeg held að þetta gæzlustjóra val komi af tortryggni, sem er allt of mikil hjá oss Íslendingum, menn þora engum að trúa, nema allt sje reyrt og bundið. Jeg hefi heyrt, að í ráði væri að velja Þórarinn Tulinius fyrir farstjóra, sem býr í Kaupmannahöfn. Jeg þekki þennan mann vel, hann er duglegur maður og vel að sjer, svo það er talsverð trygging fyrir því að hann gefist vel, og þurfi eigi tilsjónarmenn. Hvað launin farstjórans snertir, sem ákveðin eru í 9. gr., þá eru þau allt of há, þar sem 3000 kr. eru föst laun og auk þess 4% af «brutto»-tekjum skipsins, verði þær 100,000 kr., þá verða tekjur hans 7000 kr. fyrir að stjórna einu eimskipinu (*Forseti* o. fl.: Þetta liggur ekki fyrir til umræðu.) Já það er satt, en sama er að segja um fargæzlumennina að laun þeirra, 500 kr., eru einnig allt of mikil, þar sem

þeir hafa ekkert að gera nema að vera með til að búa til ferðaáætlunina.

Framsögum. (*Valtýr Guðmundsson*): Viðvíkjandi því, að h. 1. þm. Árn (Tr. G.) hefir tekið upp aptur breyt.till. á þingsk. 459, þá ætla jeg að lýsa því yfir fyrir mína hönd og samgöngumálanefndarinnar, að þar sem það er samkomulag milli flutningsm. breyt.till. og Ed. að halda þessu máli ekki til streitu, þá getur samgöngumálanefndin ekki fallizt á, að gefa br.till. atkvæði sitt. Ef h. Ed. hefði gert þessar breytingar á frv., þá mundi meiri hluti nefndarinnar hafa orðið þeim hlynntur, eptir því sem málið horfir nú við, en nú þegar tíminn er orðinn svo naumur, að það gæti orðið frv. að fjörlesti, ef breyt. kæmist að, þá verðum við að verða henni mótfallnir, og sjerstaklega þegar breyt.till. er tekin upp í þessari átt frá hinum eina þingmanni, sem hefir verið öllu frumv. mótfallinn, þá getur þetta gefið grun um, að það sje gert til þess, að verða frv. að fótakefli, og verð jeg því að ráða eindregið til að frv. verði samþ. óbreytt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla úr því að breyt.till. á þingsk. 459 er teknar upp aptur, að greiða atkvæði á móti þeim, því jeg skoða það þannig, að úr því menn koma sjer saman, þá eigi það að vera heilt en ekki hálft, og jeg álít sjálfsagt, að menn fylgi minni atkvæðagreiðslu.

Jeg gerði áðan grein fyrir atkvæði mínu, að þó jeg vildi gjarna ekki hafa fargæzlumennina, þá beygði jeg mig undir það málsins vegna, og jeg vil heldur hafa fargæzlumennina, heldur en ef breytingin leiddi til þess, að málið yrði ótrætt og hlyti að reka að því að við fengjum engar strandferðir næsta fjárhagstímabil, þar sem engin fjárupphæð er ætluð til þeirra á fjárlögunum, og þau eru farin frá oss fyrir fullt og allt og ekki von um, að vjer fáum að sjá þau aptur á þessu þingi þar sem líklegt er að þau verði samþ. óbreytt í h. Ed.

Jeg ímynda mjer, að þó fargæzlumennirnir geri ekki mikið gott fyrir landið, þá geri þeir þó ekki skaða, og jeg get bent á eitt, sem fargæzlumaður getur verið góður til fyrir alþýðu manna, að ef eitthvað fer aflaga, þá er þó einn fargæzlumaður allt af við hendina til að skamma hann og það er þó alltaf hugfró. Annaðhvort er að samþykkja frumv. alveg óbreytt, eða eiga undir höfði, að það dagi uppi.

Tryggvi Guunnarsson: Jeg held að það sje of mikil hræðsla af þm. V-Sk. (G. G.) að frumv. muni falla í Ed., þótt breyt.till. þessar komist að og verði samþykktar, því margir þm. í Ed. eru þeim samþykkir, og jeg hefi hjer um bil vissu fyrir, að frv. kemst í gegn um Ed. þó breyt.till. þessi verði samþ. hjer og álít jeg því, að hræðsla h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sje ekki á rökum byggð.

Jens Pálsson: Jeg ætla að lýsa því yfir, að þó jeg sje hlynntur breyt.till., þá greiði jeg atkvæði á móti þeim af því jeg er ekki viss um að það sje alveg hættulaust fyrir málið að samþykkja þær, því þá verður málið að ganga til Ed. aptur. Tíminn er orðinn svo naumur að ekki er nema um hálfan dag að tefla; ef nú breytingartill. standa tæpt í h. Ed., þá þyrfti ekki annað en að einn h. þm., sem hlynntur er breyt.till., yrði veikur á morgun, þá gæti það orðið til þess að málið dagaði uppi. Jeg vil ekki setja málið í nokkra hættu, þar eð jeg álít það gott, einsog það nú er komið, þótt það væri enn betra ef breytingarnar gætu komizt að.

Þorlákur Guðmundsson: Þar sem jeg er meðflutningsmaður að breyt.till. á þingskj. 459 og h. þm. V-Sk. (Guðl. G.)

hefir tekið hana aptur að sínu leyti, þá gjöri jeg það líka, þó jeg sjái eptir henni, ef hún kann fram að ganga, því jeg hefi skoðað sem svo að fargæzlumenn mundu heldur verða til tafar en til þess að flýta fyrir framkvæmdum á þessu máli, enn jeg tek tillöguna aptur í fullu trausti til beggja þingdeilda að þær gjöri svo hyggilega og hlutdrægnislaust sem framast má vænta.

ATKV.GR. Br.till. á þingskj. 459 1. tölul. við 1. gr. felldur með 17 : 2 atkv.; og lýsti þá 1. þm. Árn. (Tr. G.) því yfir, að hann tæki allar hinar breyt.till. aptur.

Frv. í heild sinni samþ. með 20 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um skrásetning skipa (C. 266, 454); framh. 2. umr.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Þó að nefndarálitið í máli þessu sje ekki ýkja langt, þá er það þó svo langt, að í því er flest það tekið fram, sem jeg hefi að segja um þetta mál.

Frumv. þetta hefir í þrem atriðum að geyma breytingar á tilskipun 25. júní 1869 um skrásetning skipa.

Í 1. gr. í lögunum frá 25. júní 1869 var svo kveðið á, til þess að skip gæti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, yrði eigandi eða eigendur þess alls, að hafa rjett innborinna manna, en eptir þessu frv. er það nóg, að $^2/_3$ hlutar skipsins sjeu eign innborinna manna.

Í öðru lagi er farið fram á, að stafirnir D E (ɔ: dönsk eign), sem hingað til hefir átt að marka á þiljubitann á aptari röndinni á stórlúkunni, og sem óneitanlega sóma sjer illa á íslenzkum skipum, falli í burtu. En aðal-breytingin er fólgin í 4. gr., þar sem gjört er ráð fyrir, að hvert lögsagnarumdæmi á landinu skuli vera skrásetningarumdæmi fyrir sig, og að lögreglustjórarnir skuli annast skrásetninguna, hver í sínu umdæmi, þar sem í tilskipuninni frá 25. júní 1869 er ákveðið, að öllu landinu skuli skipt í þessi 6 skrásetningarumdæmi: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð.

Aðrar breytingar eru annaðhvort orðabreytingar eða þá leiða eðlilega af því fyrirkomulagi, sem nú á að koma á, svo sem þar sem nefndur er landshöfðingi í stað stiptamtmanns, eða þá að það eru breytingar, sem leiða af þessari aðal-breytingu, sem jeg hefi minnzt á.

Í 5. gr. og 14. gr. eru dálítil nýmæli, sem fremur sýnast vera til bóta. — Jeg skal geta þess, að greinatalan hefir fallið burt við 12. gr., en það mun vera hægt að laga það, án þess að þurfi að koma með breyt.till.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja um málið, en vona, að h. deild samþykki frumv. óbreytt eins og nefndin hefir lagt til.

ATKV.GR: 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 2. gr. samþykkt með 16 samhlj. atkv.; 3.—6. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv. hver; 7.—9. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv. hver; 10.—18. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv. hver; 19.—23. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv. hver; 24.—30. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv. hver.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1892 og 1893 (C. 435, 472); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að h. efri deild

hefir fellt einn lið úr þessum tillögum, sem gekk út á það, að halda undirboð á póstferðum. Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til, að taka þennan lið upp aptur, með fram af því, að við fyrri umræðu hjer í deildinni kvaðst hæstv landshöfðingi vera þessum lið samþykkur, svo að nefndin vonar, að hann verði tekinn til greina, þótt hann standi ekki í tillögunni.

ATKV.GR.: Tillagan í heild sinni samþykkt með 20 samhlj. atkvæðum og afgreidd til landshöfðingja, sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um útibú landsbankans (C. 427); ein umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg hefi leyft mjer að koma með þessa tillögu sakir þess, að kjósendur mínir hafa óskað þess og óska þess enn, að bankinn stofni útibú á Seyðisfirði. — Það hefir áður komið fram og verið samþykkt hjer á þingi tillaga í þessa átt; en hingað til mun ekki hafa þótt tiltækilegt að taka hana til greina. En því lengur sem bankinn stendur, og því meira sem honum vex fiskur um hrygg, því fremur má búast við, að hann geti fullnægt þessari ósk manna, og því meiri ástæða er til að vona, að hann muni gera það, sem það er beint tekið fram í bankalögunum, að þetta skuli gjört sem fyrst.

Nú eru liðin 10 ár síðan bankinn var stofnaður, og því má gjöra ráð fyrir, einkum þegar litið er á vöxt hans og viðgang á þessum 10 árum, að hann muni fara að geta gjört eitthvað í þá átt að stofna útibúin; það leiðir engan veginn af því, þótt hann byrjaði á því, að hann stofnaði þau öll í einu. Hitt væri líklega fullt svo ráðlegt, að hann byrjaði fyrst á einum stað, og aflaði sjer þannig reynslu; en ef hann byrjaði þannig, þá væri einmitt eðlilegast, að hann byrjaði þar fyrst, sem erfiðast er að hafa viðskipti við hann, og eptir því sem samgöngum hefir hagað hingað til, þá eru það einkum Austfirðir, sem erfiðast eiga með að ná til hans, og hafa not af honum. Jeg get búizt við, að mjer verði svarað með því, að bankinn hafi eigi fje aflögu til að stofna með útibú. En þá vil jeg spyrja: getur bankinn ekki sett sig í samband við sparisjóðinn á Seyðisfirði og annarsstaðar, og látið þá fá nokkurt fje til umráða gegn fullnægjandi tryggingu, því að þótt tillagan fari fram á, að útibú sje stofnað, þá játa jeg, að þetta mundi bæta töluvert úr skák. — Jeg treysti því að landsstjórnin taki á einhvern hátt til greina þetta nauðsynjamál, og greiði fyrir því á sem beztan hátt.

Það vill nú svo vel til, að sjálfur bankastjórinn situr hjer á þingmannabekknum; og væri mikilsvert að fá að heyra undirtektir hans undir þetta mál.

Landshöfðingi: Þar sem þessari tillögu er beint til mín, þá skal jeg taka það fram, að það er mitt »princip« að hafa sem minnst áhrif á stjórn landsbankans; jeg vil láta hana hafa sem frjálsastar hendur, og því get jeg ekki lofað að gjöra neitt í þessu máli, nema því að eins, að bankastjórnin sjálf vilji stofna útibú þessi eða henni sýnist það fært.

Eins og h. deild mun muna, þá var samþykkt hjer í deildinni tillaga um þetta á þinginu 1891. — Þá sendi jeg þessa tillögu til stjórnar landsbankans, og bað hana að segja álit sitt um hana; hún varð við því, og er það álit prentað í Stjórnartíðindunum. Þá tók bankastjórnin því fjarri, að gjörlegt væri að fara að stofna útibú, og jeg sje ekki að hagur bankans hafi breytzt svo til

batnaðar síðan, að hann eigi stórum hægra með það nú en þá.

En eins og jeg sagði, er það undir bankastjórninni komið, en ekki mjer, hvenær útibú verða stofnuð frá bankanum.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer þykir það vera eðlileg ósk, sem kemur fram í þessari tillögu. Það er fullkomlega vorkunn, þótt menn í fjarlægum hjeruðum vilji hafa sem mest not af bankanum, og sem hægastan aðgang að honum, og það er fullkomlega samkvæmt bankalögunum, að útibú sjeu stofnuð, svo fljótt sem kostur er á. En jeg er hræddur um, að almenningur hafi ekki gjört sjer glöggva grein fyrir, hvernig fyrirkomulagið á þessum útibúum hlyti að verða, eða hvernig sambandi þeirra við sjálfan bankann yrði að vera háttað; jeg er hræddur um, að ekki yrði hægt að koma þessu fyrir öðruvísi en svo, að það yrði þunglamalegt og seinvirkt. Það fyrirkomulag, sem skrifað var um í »Austra«, getur ekki átt sjer stað um útibú, það getur að eins átt við sjálfstæðan banka.

Það er annars að mörgu leyti vel valið orð, þetta orð »útibú«, það felur í sjer selstöðu-hugmyndina; í bankalögunum er talað um auka-banka, en alþýða hefir ósjálfrátt gefið því þetta nafn, sem minnir á selbúskapinn; allir vita, að ráðsmaðurinn í seli er ósjálfstæður, og verður jafnan að spyrja húsbóndann, þegar um nokkuð verulegt er að ræða, hvort hann megi gjöra það eða hitt. Eins mundi verða við útibú bankans, að við öll stærri peningaviðskipti mundi þurfa að leita ráða og samþykkis höfuð-bankans, sem alla ábyrgðina á að bera. Þetta er hægra erlendis, þar sem hægt er að grípa til telegrafanna og telefónanna, en hjer mundi það taka allt of langan tíma optast nær að bíða eptir svari með póstum frá aðal-bankanum; því hefir mjer og bankastjórninni dottið annað ráð í hug, sem mundi henta landsmönnum betur, það ráð sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) nefndi, að bankinn hefði viðskipti við sparisjóðina og styrkti þá til að lána út. Þeir geta verið sjálfstæðir eptir sem áður, og þurfa ekki að tefja tímann með því, að spyrja bankann sí og æ ráða, og leita leyfis hjá honum um að mega gjöra þetta eða þetta.

Þetta fyrirkomulag er sjálfsagt miklu hentugra en hitt, að vera að stofna regluleg útibú, og er þegar dálítil tilraun gjörð. Það eru þegar komin á dálítil viðskipti milli bankans og sparisjóðsins á Ísafirði; þau eru að vísu lítil enn, þó hafa þau gengið vel það sem af er.

Þegar jeg var á ferð fyrir norðan í vor, var jeg á fundi með stjórn sparisjóðsins á Akureyri, og var þar rætt um þetta mál; fór allt líklega okkar á milli, en það sem stóð í vegi fyrir því, að samband kæmist á að svo stöddu milli bankans og sparisjóðsins, var það, að sparisjóðurinn er einstakra manna eign, og taka þeir allan ágóðann af honum, — mjer þótti það ekki eiga við að bankinn styddi þannig löguð gróðafyrirtæki einstakra manna; en jeg sagði þeim, að ef þeir breyttu sparisjóðnum í sama horf, sem flestir aðrir sparisjóðir hjer á landi hafa, þá mundi bankinn fús á að ganga í viðskipta-samband við sparisjóðinn með góðum kjörum fyrir hann, og fá honum það starf, að taka á móti peninga-innborgunum fyrir bankann, bæði afborgunum á lánum og rentum.

Þetta teldi jeg undir eins töluvert hagræði fyrir menn, því að jeg hefi orðið þess var, að almenningur telur það ekki svo miklum erfiðleikum bundið, að verða að leita til bankans með að

fá lán úr honum, en hitt þykir ómaksmeira, að verða árlega að búa út og senda þangað afborganir og rentur. — Jeg mun mega fullyrða það, að bankastjórnin mun fús á að styrkja sparisjóðina, þegar henni þykir fyrirkomulag þeirra og lög full-tryggilegt.

Jeg held það sje rjettara, að gefa bankastjórninni ráðrúm til að reyna þetta fyrirkomulag um tíma, og sjá hvernig það gefst, en fara ekki fram á, að útibú sje stofnað að svo stöddu. Jeg gjöri ráð fyrir, að slíkt fyrirkomulag verði bæði landsbúum og bankanum hentugra.

Valtýr Guðmuudsson: Jeg álít þessa tillögu mjög þarflega, eigi þó svo mjög vegna lánanna, sem hins að gjöra mönnum hægra fyrir með allar peningasendingar, sem gætu orðið með ávísunum milli útibúanna og bankans, og aptur milli hans og erlendra banka. Það vita allir, hve umsvifamikið er með peningasendingar bæði innanlands og til útlanda; þannig er ekki hægt að senda póstávísanir til Danmerkur nema frá Reykjavík. Ef póstávísanir gætu gengið hjer innanlands, þá bætti það mjög úr skák. Jeg vildi einmitt nota tækifærið, þegar þetta er til umræðu, þótt það í rauninni sje þessu máli óviðkomandi, til að fá upplýsingar hjá hæstv. landshöfðingja um það, hvort enginn vegur mundi vera til þess, að koma á póstávísana sambandi milli helztu kaupstaða á landinu og Reykjavíkur, og svo þaðan til útlanda. Sjerstaklega er þörf á þessu, ef bankinn sjer sjer eigi fært að stofna nein útibú.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg hefi heyrt undirtektir hæstv. landshöfðengja í þessu máli, er hann skýtur því undir bankastjórnina sjálfa, hversu skuli fara með þetta mál. Sömuleiðis hefi jeg heyrt undirtektir h. 1. þm. Árn. Tr. G.), þ. e. bankastjórans sjálfs, og vegna þess, að hann hefir þegar skýrt frá, að á leiðinni væri að koma sambandi á milli sparisjóðanna og landsbankans, þá þykir mjer málið þegar horfa betur við. En þar sem bankastjórinn sjálfur lýsti því yfir, eptir því sem mjer skildist, að ekki væri vegur til að koma upp útibúum að svo stöddu, þá veit jeg ekki, hvaða áherzlu h. deild vill leggja á tillögu mína. Jeg get hugsað mjer, að hún láti sjer nægja að þessu sinni, að bankinn geri alvöru úr því að koma sjer í samband við sparisjóðinn, og þá er tilgangi mínum með þessa þingsályktun að miklu leyti náð. Og í því trausti, að bankastjórnin láti hjer koma til einhverra gagnlegra og greiðra framkvæmda, tek jeg tillöguna aptur. Ef einhver h. þingdm. vill leggja áherzlu á, að útibúin verði stofnuð nú þegar, getur hann tekið hana upp.

Landshöfðingi: Mjer skildist sem borin væri upp einhver fyrirspurn til mín af þm. Vestm. (V. G.), sem reyndar alls ekki kemur þessu máli við, — viðvíkjandi því, hvort ekki mundi verða komið á póstávísunum innanlands.

Þetta atriði hefir áður komið til umtals í deildinni, reyndar á annan hátt, nefnilega að því leyti, hvort ekki mundi auðið að koma á, að póstávísanir yrðu sendar til útlanda frá ýmsum stöðum á landinu. Og þá komst það fyrirkomulag á, að póstávísanablankettur voru sendar til Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar; þar mátti útfylla þær, og senda síðan til Reykjavíkur.

Auðvitað er hægt að senda póstávísanir frá póstafgreiðslustöðum út um landið til Reykjavíkur til útborgunar þar, því að þar eru vanalega nógir peningar fyrirliggjandi í póstsjóðnum, en ekki frá Reykjavík til póstafgreiðslustaða út um land, því við því er ekki að búast, að póstafgreiðslumenn út um land hafi svo mikið fje fyrirliggjandi,

að þeir geti leyst inn slíkar póstávísanir; þeir taka ekki á móti svo miklum tekjum, enda er lagt fyrir þá að senda þá peninga, sem þeir hafa fyrirliggjandi, með hverri ferð til póststofunnar í Reykjavík. En vanalega eru sendir meiri peningar úr Reykjavík upp í sveitir en úr þeim til Reykjavíkur, t. d. bankalán og önnur lán og því meiri þörf á póstávísunum þaðan en þangað, en það verður ekki búizt við, að póstafgreiðslumenn gætu leyst slíkar póstávísanir inn.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer þykir vænt um, að h. flutningsm. (E. J.) hefir tekið tillögu sína aptur, það lýsir trausti til bankastjórnarinnar, að hún muni gera eitthvað í þessu efni. En þar sem h. þm. tók svo til orða, að bankastjórnin sæi engan veg til að stofna útibú, þá er það ekki fullkomlega rjett. Hún álítur það ekki ómögulegt, en hún álítur miklu hentugra það fyrirkomulag, er jeg áður nefndi.

Forseti: Tillagan er tekin aptur, og því engar umræður um hana framar.

Tillaga til þingsályktunar um lagning á steinstjett með fram alþingishúsinu (C. 475); ein umræða.

Flutningsmaður (Halldór Daníelsson): Tilefnið til þessarar þingsályktunartillögu eru ummæli fjárlaganefndarinnar, þar sem hún virðist gera ráð fyrir, að þessi stjett verði byggð fyrir næsta þing. Mjer finnst það eiga vel við, þegar nú er búið að gera þinghúsgarðinn að öllu leyti, og það prýðilega, að þá sje jafnframt lögð steinstjett með framhliðinni, því eins og þar er nú, er valla viðsæmandi, og það því fremur sem önnur hús hjer í bænum og það hús einstakra manna, eru prýdd með slíkri steinstjett, sem hjer er farið fram á. Viðvíkjandi kostnaðinum hefi jeg talað við mann, sem er kunnugur slíkum störfum og sagði hann, að hann mundi ekki verða minni en þetta. En um tilhögunina skal jeg ekki tala, því þar um er jeg alls ófróður, en ætla nóg, að alþingi feli forsetum sínum að fá til þess hæfan mann. H. varaforseti (Tr. G.) hefir sýnt, að honum er umhugað um að prýða kring um þinghúsið og er treystandi til að koma því vel fyrir. — Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir.

Tryggvi Gunnarsson: Að eins fá orð vildi jeg sagt hafa. Mjer finnst tillagan nauðsynleg og heppileg. Það er nær því ósæmilegt, hvernig útlitið í kring um þinghúsið er. Vil jeg því mæla hið bezta með tillögunni, og vona að h. deild verði því samþykk að prýða dálítið meira kringum sitt eigið hús en gjört hefir verið.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreidd til Ed. til lögskipaðrar meðferðar.

Tillaga til þingsályktunar um sölu landssjóðsjarða á erfðafestu (C. 447, 451); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þetta mál, sem hjer er hreift, er orðið deildinni töluvert kunnugt, bæði af Þingvallafundum, þingmálafundum, blöðunum og svo ennfremur nú síðast af umræðunum um leið og þjóðjarðasölumálið var fyrir hjer í deildinni. Og þar sem hjer liggur fyrir nefndarálit talsvert ýtarlegt, ímynda jeg mjer, að málið sje orðið h. þm. svo kunnugt, að ekki þurfi mikið um það að ræða.

Hjer skiptir hag beggja, seljanda og kaupanda. Seljandi er landssjóður. Frá sjónarmiði þeirra, sem vilja hag hans, er þetta fyrirkomulag heppilegt, því að þá verður söluverð jarðanna ekki eyðslufje, í stað þess að nú rennur það inn í landssjóð, og er eytt óafvitandi, ef jeg svo mætti segja. Og af því að eins mikill vadni liggur á lands-

sjóði og öðrum um ráðstöfun þess fjár, sem fengið er að erfðum frá fyrri tíð, og meiri heldur en um árlegar tekjur, þá sýnist það ekki nema rjett og eðlilegt, að höfð sje varfærni við ráðstöfun þess fjár, sem þannig er inn komið.

Nú eru afgjöld af þjóðjörðum um 30—40,000 kr. Umboðslaun þar á móti 9000 kr., kostnaður við söluna 4%—1200 kr. Þó að mism. sje lítill, þá er hann þó árlegur, og eitthvað má gera við það.

Aptur á móti, er litið er á hag kaupanda, þá verður aðgangurinn enn greiðari til að festa kaup í jörðu, einmitt við þetta. Eins og nú stendur verður að borga 1/4 jarðarverðs strax og kaupin gerast; en það getur opt staðið svo á að kaupanda sje upphæðin ekki handbær, eða taki sjer til meins, frá þeim stofni, sem hann þyrfti til áhalda á jörðina og endurbóta.

Að því leyti er ábúandi vinnur jarðabætur, þá er erfðafestan eins mikil hvöt fyrir hann til að vinna þær, eins og hann ætti hana, því að eptir því sem jörðin batnar, eptir því hækkar hún í verði. Maður getur sagt að þriðji hlutaðeigandi sje þjóðfjelagið í heild sinni, og þegar á það er litið, að það vill hafa sem mesta tryggingu fyrir sjálfseignarábúð í landinu, þá sje jeg ekki betur en að það sje með þessu. Það er meiri trygging í þessu fyrir að sjálfseignarábúð haldist, en í fullnaðarsölu.

Að öðru leyti, af því hjer er ekki farið fram á annað en skora á stjórnina að leggja frumv. fyrir þingið, þá verður að bíða með að ræða einstök atriði. Hjer skulu að eins talin fáein, sem nefndin álítur að koma eigi til greina við samningu frumv. T. d. hefir verið svo talið til, að Reykjavíkurbær fái forkaupsrjett að öllu landi hjer í kring, en það vill nefndin ekki ráða til að verði veitt, það veldur ógreiða og umsvifum.

Þá er það annað atriði, hvort eigi mundi unnt að koma í veg fyrir sundurskipting jarða, sem nú á sjer stað í svo stórum stíl, til mikils óhagræðis fyrir landsmenn.

ATKV.GR. Tillagan samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu (C. 413); síðari umr.

Fyrir því, að till. kæmist á dagskrá, er lögskipaður tími var eigi liðinn milli umr., fjekkst eigi nægur atkvæðafjöldi.

Tillaga til þingsályktunar um lax- og selveiði (C. 444); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþ. ein umr.

Tillaga til þingsályktunar um gjafsóknir (C. 449); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um að friða firði og flóa fyrir útl. fiskiskipum (C. 461); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samp.

Tillaga til þingsályktunar um steinhúsbyggingu fyrir söfnin (C. 466); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Fertugasti og sjötti fundur, föstudag 23. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um lax- og selveiði (C. 444); ein umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Jeg gat þess, þegar frumv. um eyðing sela var til umræðu, að heppilegt væri að fá skýrslur um selveiði og laxveiði um land allt, því slíkt myndi hafa mikla þýðingu. Þess vegna hefi jeg nú komið fram með þessa tillögu til þingsályktunar og vona jeg að menn sjái, að það getur verið mjög gott, ef semja ætti lög um eyðing sela, að geta haft slíkar skýrslur fyrir sjer, sem hjer er farið fram á, og mundi h. deild þá fúslega samþykkja tillögu þessa. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, nema einhver mótmæli komi.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um gjafsóknir (C. 449); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um að friða firði og flóa fyrir útl. fiskiskipum (C. 461); ein umr.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Mál þetta er þannig vaxið, að það hefði þurft miklu lengri tíma og nánari rannsókn en nú er kostur á. Eins og kunnugt er, hefir komið upp ágreiningur eða óánægja milli Englendinga og Dana út af því, hvernig farið var með botnvörpuveiðarana (trawlers) nú í sumar hjer við land. Þetta virðist hafa haft þær afleiðingar, að þeir (trawlers) hafa tekið að færa sig upp á skaptið; og eru þeir nú teknir að fiska hjer inni á fiskimiðum Faxaflóa t. d. inni á Bollasviði o. v. Ef menn álíta að botnvörpuveiðar sjeu til tjóns fyrir fiskiveiðarnar, þá geta þeir ímyndað sjer, hvílíkann usla 5—6 gufuskip hafa gert, sem menn hafa sjeð hjer í sumar vaða inn um öll fiskimið, einmitt á þeim tíma, sem gufuskipið danska lá hjer á höfninni; það er ekki svo að skilja að jeg saki varðskipið, eða fyrirliða þess, um þennan hlut; þvert á móti. Mjer er persónulega kunnugt um, að honum þótti einmitt súrt í brotið að mega ekki taka ofan í lurginn á þessum yfirgangsseggjum; en það var ekki samkvæmt lögum. Hjer eru vitanlega góð ráð dýr. Útlendingar hafa lagaheimild til þess að veiða fisk fyrir utan $^3/_4$ mílu frá landi, en með því að kærur hafa borizt út af þessu til okkar þingmanna, þá vildum við reyna þessa leið að skora á stjórnina að leita samninga, svo að þetta komi ekki fyrir framvegis.

Hvergi stendur eins illa á og hjer við Faxaflóa sakir þess hve langt grunnmið vor liggja frá landi. Nokkru öðru máli er að gegna með Breiðafjörð, sem mun hafa fiskimið mjög utarlega. Einmitt vegna þess, hvernig á stendur, er nauðsynlegt að banna útl. veiðar inni á Faxaflóa, þó að vonlítið kunni að vera um það, að lagfæringu verði á það komið. Jeg hefi talfært þetta við hæstv. landsh. og veit að hann er hlynntur og mun gera það sem í hans valdi stendur.

Tillaga vor er framkomin eptir áskorun, sem vjer höfum fengið frá fiskimönnum síðustu dagana.

Jeg þarf ekki að tala margt um þetta, því jeg þykist vita að enginn í deildinni skorast undan að vera með.

Fel jeg henni svo málið og vænti samþykkis allra atkvæða.

ATKV.GR.: Tillagan var samþykkt í einu hljóði og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um að leggja frjettaþráð til Íslands (C. 482); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Fertugasti og sjöundi fundur laugardaginn 24. ágúst kl. 9 f. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um skrásetning skipa (C. 266, 454); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþykkt orðalaust með 21 samhl. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 485, 488, 489); ein umr.

Samþykkt var, að bera mætti undir atkv. breyt.till. á þingskj. 488 og 489, þótt eigi hefði þeim útbýtt verið fyr en í fundarbyrjun.

Framsm. (*Þórhallur Bjarnarson*): Í þessu augnabliki hefir verið útbýtt framhaldsáliti nefndarinnar, þar sem hún lætur í ljósi, að hún sjái sjer ekki fært að gera breyt.till. tímans vegna, ef það nefnilega kynni að valda því, að frv. dagaði uppi, því nefndinni er það sjerlegt áhugamál, að svo verði ekki, vegna þeirrar nýjungar, að fá bráðafárslækni til landins á næsta vetri.

Hjer er nýr liður, sem bætt hefir verið við frv. í Ed., og felst í 8. gr., endurgjald til síra Magnúsar Blöndal Jónssonar í Vallanesi, fyrir glataða póstsendingu að upphæð 130 kr. Eptir því sem menn úr Ed. hafa skýrt þetta fyrir fjárlaganefndinni, varð hún á því, að fjárveiting þessi sje rjettmæt. Annars mun hæstv. landsh. væntanlega upplýsa, hvernig á fjárkröfu þessari stendur, til glöggvunar fyrir þingm. á undan atkvæðagreiðslu.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi ekki mikið að segja um breytingartill. þá sem jeg hefi komið með, þar sem hún fer að eins fram á, að færa lið þann er hún á við, aptur í sama horf og hann var upphaflega, nfl. 318 kr. 18 a., er frv. fór hjeðan úr deildinni, en sem h. Ed. hefir fært niður í 163 kr. 50 a. En þar sem h. fjárlaganefnd hefir tekið fram, að hún hafi ekki viljað breyta þessu vegna naumleika tímans, þá held jeg að ekki sje leggjandi mikil áherzla á það, því jeg þykist viss um að h. Ed. gjörir þetta ekki að neinu kappsmáli, heldur samþykki breytinguna orðalaust, og vona jeg því, að neðri deild samþykki þessa breytingartillögu mína.

Landshöfðingi: H. framsögum. hefir skýrskotað til mín viðvíkjandi nýmælunum í 8. gr. um endurgreiðslu á glötun úr peningasendingu frá síra Magnúsi Blöndal Jónssyni í Vallanesi að upphæð 130 kr. Þessu víkur svo við, að síra Magnús Blöndal, sem býr nokkuð langt frá næsta póstafgreiðslustað, sem er á Höfða, þurfti að senda 500 kr. til landfógeta, sem var árgjald af brauðinu, og sendi peninga þessa til póstafgreiðslumannsins í Höfða og bað hann að búa um þá. Póstafgreiðslumaður gjörir það, og telur peningana, kvittar fyrir móttöku þeirra og lætur borga ábyrgðargjald undir þá, en þegar peningabrjef þetta kom hingað til Reykjavíkur, vantaði í það 130 kr. Maður skyldi nú ætla að allt hefði verið í góðu lagi og að síra Magnús Jónsson hefði átt tilkall til að fá þessar

130 kr. endurgoldnar frá póststjórninni. En þegar brjefið var tekið upp úr póstinum, komu í ljós tveir gallar á því, hvernig um peningana var búið, sem útilokuðu að heimilt væri að greiða þessa upphæð. Samkvæmt póstlögunum er það tiltekið, hvað mikið af mótuðum peningum megi vera í sama brjefi, en í brjefi þessu var talsvert meira af mótuðum peningum en leyfilegt er. Ennfremur er það ákveðið, að á peningabrjefi eigi að vera 3 signet og sje eitt þeirra signet þess, er sendir peningana, en á brjefi þessu var ekkert signet frá síra Magnúsi Jónssyni. Nú stendur svo í póstlögunum, að ekki megi endurgreiða fyrir vanskil á peningabrjefi, ef það sje ekki búið svo sem lög skipa fyrir. Af þeim orsökum neitaði jeg að láta endurgjalda þetta fje úr póstsjóði, því jeg gat átt á hættu, að fundið yrði að því, þar sem það hafði ekki við lagaheimild að styðjast, og jeg yrði svo að borga það sjálfur.

Hefði síra Magnús Blöndal skilað brjefinu sjálfur á póstafgreiðslustaðnum, þannig umbúnu eins og það kom fram, er vafalaust, að hann hefði ekki getað gert neitt tilkall til skaðabóta fyrir það sem ekki kom til skila. En nú var brjefið umbúið af póstafgreiðslumanninum og hann átti að vita, hvað mikið af mótuðum peningum mátti vera í brjefinu og sömuleiðis, að signet þess er peningana sendi átti að vera á brjefinu, og verður því ekki sagt, að síra Magnús Blöndal sje sekur um neina vanrækslu í þessu efni.

Jeg skal ekki dæma um, hvað lagalega sje rjett í þessu máli, en þó ímynda jeg mjer, að ef síra Magnús Blöndal færi í mál við póststjórnina, þá yrði hún að bæta fyrir mann þann er var í þjónustu hennar og bjó þannig um peningana. Jeg álít því rjett, að knýja ekki mann þann er peningana sendi til að fara í mál, því það verður að álítast sanngjörn krafa, að hann fái fje þetta greitt, og álít jeg því rjett að veita það. Jeg skal geta þess, að póstafgreiðslumaður þessi hefir fengið áminningu og að slíkt glappaskot muni ekki koma fyrir hjá honum optar. Jeg held því að rjettara sje að láta þetta ekki koma til málsóknar heldur fara að dæmi Ed. og veita þetta fje.

Jón Jónsson þm. A.-Skapt.: Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, hvers þessi prestur á að njóta, að undantekning skuli vera gjörð með hann, þegar þingið vísar frá sjer öðrum sanngirniskröfum. Jeg ímynda mjer að maður geti sagt, að síra Magnús hefði getað farið sjálfur með brjefið á pósthúsið, og hann sje ekki síður fær til að reka rjettar síns fyrir dómstólum en aðrir. En úr því að svo er komið sem komið er, að upphæð þessi er kominn inn í frv. og ekki er hægt að fella hana burt nema fella allt frv., þá mun verða að láta við svo búið standa.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, sem jeg gleymdi að taka fram áðan, að síra Magnús var einmitt hindraður af embættisverki frá því að geta skilað brjefinu sjálfur til póstafgreiðslumannsins.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal geta þess viðvíkjandi þessum 8. lið, að eptir því sem landsh. hefir skýrt frá, þá skilst mjer ekki betur en hjer sje um fulla sanngirniskröfu að ræða. Hjer eru að eins lítilfjörlegir formgallar, sem gjöra það að verkum, að póststjórnin var ekki skyld að greiða þessa upphæð undir eins, og enginn vafi leikur á því að póststjórnin mundi hafa orðið dæmd til að greiða þetta, ef þessir

formgallar hefðu ekki átt sjer stað. Mjer virðist því full sanngirni mæla með þessari fjárveiting, og vil því ráða til að hún verði samþ.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 489 felld með 12 : 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelss.,	Jens Pálsson,
J. Jónsson, Eyf.	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. A.-S.
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,
Þórð. Thoroddsen.	Valtýr Guðmundss.
	Þ. Guðmundsson,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Frumv. í heild sinni samþ. óbreytt í einu hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík (C. 484); ein umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í ísl. tungu (C. 413); síðari umr.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vildi benda á það, að hjer er að eins þingsályktunartill. frá Nd., sem kemur til að hafa í för með sjer töluverða fjárveitingu, sem ekki hefir verið reynt til að koma að í fjárlögunum. Í annan stað var og í fyrra samhljóða tillaga felld í Ed. með öllum atkv. Það er því nokkuð meiningarlaust af þessari h. deild, að vera nú að samþ. þessa tillögu, því að ekkert útlit er fyrir því, að henni verði sinnt hið allra minnsta. Einnig á það alls ekki við af þinginu, að vera að blanda sjer inn í slík mál sem þetta; það eru ekki þingmál annað eins og stílagjörð, rjettritun, stafsetning o. fl.

Úr því að þessi tillaga átti ekki því láni að fagna, að daga uppi, og flutningsm. (V. G.) fæst líklega ekki til að taka hana aptur, er ekki annað fyrir en að fella hana.

Flutningsm. (*Valtýr Guðmundsson*): Þar sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) talaði um fjárveitingu, þá ímynda jeg mjer að það þyrfti ekki að koma til þess, því að starf þessarar nefndar verður ekki svo umfangsmikið, að hún þurfi nein sjerstök laun. Hún á að eins að gefa ráð, en ekki finna upp neitt nýtt, heldur taka t. d. einhverja af þeim rjettritunum, sem nú eru brúkaðar, og koma því til leiðar að hún verði gjörð að allsherjar rjettritun og innleidd í öllum skólum. Og til þess að gefa út ritreglur mundi ekki þurfa neitt fje úr opinberum sjóði, því að það yrði bók, sem þyrfti að vera í hvers manns höndum, og mundi því beinlínis verða gróðavegur að gefa hana út. Jeg get ekki skilið, að stjórnin geti ekki fengið menn til þessa nema fyrir peninga, en á hinn bóginn er það talsverður ábyrgðarhluti að vísa þessu frá sjer. Það er skylda okkar að vernda tungu vora, en eins og nú stendur á, þá er það mjög óheppilegt fyrirkomulag, sem á sjer stað. Hver fer eptir sínum kolli með rjettritunina, og kollarnir eru margir, og svo eru allir að stritast við að finna upp eitthvað nýtt. Í latínuskólanum hafa verið kenndar 2 rjettritanir fyrir skemmstu og svo hefir rektor skólans fylgt þeirri þriðju, á Möðruvöllum er enn ein rjettritun og í barnaskólunum kunna menn að hafa sína rjettritun í hverjum fyrir sig; blöðin hafa hvort sína rjettritun o. s. frv. Allt þetta hringl hefir reynzt mjög óheppilegt og skaðlegt annarsstaðar, og því skyldi

það þá ekki vera eins hjer. Menn verða að gæta að því, að hjer er um ekkert lagaboð að ræða, heldur er þetta að eins bending til stjórnarinnar um, að koma einni allsherjar rjettritun á. Einnig verð jeg að álíta það óheppilegt, ef þingið fer nú að fella till., þar sem þó áður er búið að samþ. alla hina einstöku liði hennar.

Það hefir verið talað um það hjer, að það væri óheppilegt að þingið væri að skipta sjer af öðru eins og þessu, en þegar stjórnin ekki gerir það ótilkvödd, þá álít jeg það skyldu þingsins, að hvetja hana til þess. Í Danmörku gjörði stjórnin þetta, án þess að þingið þyrfti að skerast í leikinn.

Jeg hefi nú gjört mitt til að koma þessu máli áfram, með því að láta till. koma hjer fram, svo að ábyrgðin kemur til að hvíla á deildinni, ef hún leyfir ekki þessari saklausu tillögu að hafa framgang.

Klemens Jónsson: Það eru sjerstaklega tvö atriði í ræðu h. flutningsm. (V. G.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagði fyrst og hjelt því fram, að þessi þingsál.till. hefði engan kostnað í för með sjer, en tók þó fram um leið, að vísindamenn í landinu væru á mjög mismunandi skoðun um það, hvernig rita ætti íslenzka tungu, og nefndi t. d. rektor hins lærða skóla og skólastjórann á Möðruvöllum, er hvor hefði sína rjettritun. Hverjir hugsar h. tillögumaður sjer nú, að verði kosnir í þessa nefnd? Mundu það ekki einmitt verða þessir vísindamenn meðal annara? Hvernig eiga nú þessir menn að ná hvor til annars, sem búa sinn á hvoru landshorni? Einn nefndarmaður væri kannske búsettur í Kaupmannahöfn. Allir þessir menn þyrftu þó að koma saman á einum stað, og hvernig ætti það að geta látið sig gjöra án mikils kostnaðar? Auk þess eru lítil líkindi til, að menn, sem hafa svona mismunandi skoðanir í þessu efni, geti komið sjer saman. H. flutningsm. (V. G.) segist hafa þvegið hendur sínar með því að koma með þessa tillögu. Þingdeildin öll ætti líka að þvo hendur sínar í þessu máli, en með því, að stytta tillögunni aldur nú þegar.

Þórhallur Bjarnarson: Hjer er um vandasamt og yfirgripsmikið mál að ræða, þar sem er skipun gildandi rjettritunar, og því er það gefið, að ekkert verður gjört í því án mikils kostnaðar, og stendur því óhrakið, sem jeg sagði, að stjórnin getur ekki, þótt hún vildi, sinnt þessari ályktun frá annari deildinni.

H. flutningsm. (V. G.) sagðist hafa gjört sitt í þessu máli, en því mótmæli jeg. Þegar þetta var fyrir deildinni í fyrra, benti jeg á hina einu skynsamlegu leið í þessu máli, að reyna að koma fjárupphæð inn á fjárlögin til að styrkja útgáfu íslenzkrar rjettritunarorðabókar; þetta hefir h. tillögumaður (V. G.) vanrækt í sumar, og nú er tíminn hlaupinn frá oss. Þetta verður því hjeðan af að bíða næsta þings, og því sje jeg ekki að annað sje fyrir, en að fella þessa tillögu í heild sinni.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Guðl. Guðmundss.,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss., þm. Eyf.
Jón Jónsson, A.-Sk.	Pjetur Jónsson,
Jón Þórarinsson,	Tr. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Þórð. Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Þórh. Bjarnarson,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.

Já:
Skúli Thoroddsen,
Valt. Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.

Tillagan síðan afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Tillaga til þingsályktunar um steinhússbyggingu (C. 466); ein umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Vjer fjórir þingdm. höfum leyft oss að koma fram með þessa þingsál.till., sem fer í þá átt, að neðri deild alþingis álykti að reisa skuli byggingu úr steini fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmælis alþingis. H. þingdm. er þetta mál kunnugt frá fyrri tímum. . Það kom fram tillaga svipuð þessari á aukaþinginu í fyrra, en hún fjekk ekki góðar undirtektir hjer í deildinni. Samt virtist oss ekki rjett að gugna í þessu máli, því öllum mun koma saman um, að að því hljóti að reka, að koma þurfi upp slíkri byggingu, sem hjer ræðir um, fyrir söfn landsins og menntastofnanir. Gegn því hafa engar ástæður heyrzt.

Menn kunna að segja, að þessi tillaga hafi ekki mikla þýðingu, þar sem hún fari að eins fram á að »reisa skuli« þessa byggingu. Þetta má máske segja; en þó ekki sje annað, þá hefir hún þó talsverða þýðingu einmitt við það, að hún er sett í samband við 50 ára afmæli alþingis. Neðri deild hefir með þessu slegið því föstu, að nauðsynlegt sje að reisa slíka byggingu, og að hún skuli reist. Þessa ályktun virðist eiga mjög vel við að gjöra á þessu merkisári alþingis.

Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál meðan engin mótmæli koma fram. Tillagan hefir engin fjárframlög í för með sjer að svo stöddu. En vjer göngum út frá því, að gripið verði hið fyrsta hentuga tækifæri til að framkvæma það, sem í tillögunni stendur. Það stendur heldur ekki í tillögunni, hver eigi að framkvæma hana, og er það eðlilegt eptir því, sem tillagan er til komin. H. varaforseti (Tr. G.) er byggingarfróður maður, og ef honum auðnast að lifa enn um all-mörg ár, þá mun hann ekki liggja á liði sínu með framkvæmd þessa máls.

Jeg hefi heyrt, að einn h. þingd.m. hefir beðið sjer hljóðs, og býst jeg ekki við neinu góðu úr þeirri átt.

Jeg býst við að honum þyki þessi tillaga nokkuð andleg, eptir því sem hann talaði í þessu máli í fyrra. — Þykir mjer það þó undarlegt, því jeg get ekki kallað steinana sjerlega andlega.

Aptur á móti má leiða fram úr steinum þeim, er hjer ræðir um, brauð handa mörgu fátæku verkafólki, og það veit jeg að kemur heim við vilja h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.).

Þórhallur Bjarnarson: Það er ekki að búast við neinu slæmu af mjer í þetta skipti, því þessi tillaga er svo elskulega barnalega saklaus, að það mun ekki hafið stríð gegn henni hjer. Hjer er ekki farið fram á, að þetta fyrirtæki skuli framkvæma nú innan skamms, og jeg sje ekkert á móti því, að það megi kenna það við 50 ára afmæli alþingis, ef örlæti þingsins og efni leyfa, að þessi bygging verði reist á næstkomandi öld. Það væri að eins hálf-óheppilegt, að vera að álykta þetta nú, ef framkvæmdin skyldi dragast í næstu 50 ár.

Það álít jeg þó rjett, að taka þetta skýrt fram nú, að með þessari tillögu er ekki lagt hið minnsta band, hvorki á mig nje aðra til framkvæmdar þessa fyrirtækis á næsta eða næstu þingum. Vjer erum líka á góðum vegi með að fara svo með viðlagasjóðinn, að ekki

er gott að sjá, hvaðan taka eigi fje til slíkrar byggingar í bráðina. Því til sönnunar skal jeg að eins minna á eimskipið og næsta mál á dagskránni, sem vill leggja 45,000 kr. árleg útgjöld á landssjóð og fleira og fleira mætti nefna. — Jeg hygg helzt, að kassinn verði orðinn tómur um aldamótin.

Annars hefir þetta þing sett hina allra-beztu bólusetning við þessari egipzku byggingarsýki með frímerkjalögunum, sem þingið hefir sent frá sjer; menn munu væntanlega fyrst sjá, hvað þau gefa af sjer áður en þyngt verður á landsmönnum til luxus-fyrirtækja.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Það koma ekki neinar beinar ástæður fram móti till. frá h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.). Hann var að tala um þann ýmislega kostnað, sem í vændum væri, en tillagan fer ekki fram á annað, en að slá því föstu, að þetta skuli gjört, en hún ákveður alls ekki tímann, hvenær það skuli gjört. Þar sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) talaði um, að þessi tillaga væri komin fram af egipzkri byggingarsýki, og kallaði slíka byggingu, eins og þá, sem hjer ræðir um, »luxus«-fyrirtæki, þá verð jeg að mótmæla slíkum ummælum. Það er sannarlega enginn »luxus«, að vilja vernda söfn landsins frá eyðileggingu og útvega húsnæði handa æðstu menntastofnunum landsins. Jeg hafði ekki búizt við að heyra slíkt af vörum vísindamanns og kennara.

Að kalla slíkt, sem hjer ræðir um, »luxus«, það er sannarlegur barnaskapur, og að gjöra gys að ályktun, sem slær föstum þeim vilja þingsins, að varðveita sóma sinn í vísindalegu tilliti, er eigi samboðið h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.).

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls um þessa tillögu, en af því mjer virðist h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) koma svo undarlega fram í þessu máli, þá vil jeg tala fáein orð. Það er eins og hann sje að gjöra gys að þessu fyrirtæki eða langi til að gjöra það hlægilega barnalegt. Það þykir mjer svo undarlegt af manni í hans stöðu, að jeg skil ekki annað, en að hann komizt bráðlega að annari rjettari niðurstöðu. Það er merkilegt, að hann, sem er forstöðumaður prestaskólans, skuli kalla það »luxus«, að reisa veglegt hús handa þeim skóla og öðrum æðstu menntastofnunum landsins. Jeg skil þó ekki, að hann geti verið ánægður með að hafa prestaskólann alla sína tíð í annari eins »hytte« eins og nú er notuð fyrir prestaskóla, þar sem maður getur búizt við að detta niður í gegnum gólfið í hverju spori. (*Þórh. Bj.*: Gólfið er tvöfalt og níðsterkt). Það er sannarlega heldur ekki til að bæta smekk stúdentanna, að láta þá sitja og nema í slíku húsi.

Þá er það ekki síður fjarstætt að kalla þetta »luxus«-fyrirtæki, þegar litið er til safna landsins. — Lítum til dæmis á málverkasafnið hjer inni í þingsölunum, sem gefið er af góðum huga útlendra listamanna til að bæta smekk landsmanna, þó þingið hafi ekki fundið ástæðu til einu sinni að þakka gefendunum fyrir svo mikilsverða gjöf. Það er sannarlegt neyðarúrræði að láta myndirnar hanga hjer, þar sem þær aldrei geta náð tilgangi sínum með því að ekki er hægt, að hafa þær daglega til sýnis fyrir almenning, svo lengi sem þær eru geymdar hjer í þinghúsinu; ekki tryggilegt, að þær ekki skemmist hjer.

Forngripasafnið hefir lengi verið kallað fjársjóður landsins; en hvernig fer nú um það? Mikið af því liggur í kössum, og því alls ekki til sýnis fyrir útlenda og innlenda menn. Landsbókasafnið getur bráðum ekki misst lengur

þau herbergi, sem safnið hefir. Hvað á þá að gjöra við það? Demba því öllu niður í kassa — eða hvað?

Þegar búið er að samþykkja lagaskólann, sem árlega er verið að biðja um, þá vantar húsrúm fyrir hann. Í einu orði vantar algjörlega hús fyrir alla æðstu skólana landsins, fyrir forngripasafnið, málverkasafnið og fleiri söfn. Svo er verið að kalla byggingu fyrir þetta allt »luxus« á sama þinginu, sem fleygir út svo tugum þúsunda króna skiptir til ýmsra glæfra-fyrirtækja.

Það er rjett, að tillagan er óákveðin, það er gjört með vilja til þess, að enginn hefði ástæðu til að vekja mótmæli gegn henni.

Stúdentar í Kaupmannahöfn hafa haldið ágæta veizlu í minningu 50 ára afmælis alþingis, en hvað hafa sjálfir alþingismenn Íslands gjört? Ekkert! Þeir hafa bókstaflega ekkert gjört til að minnast þessa afmælis. Nú gefst þeim þó tækifæri til að stíga dálítið spor í þá átt, enda er vonandi, að þessi tillaga nái samþykki deildarinnar.

Þórhallur Bjarnarson: Mjer datt ekki í hug að »gjöra gys« að sjálfu fyrirtækinu, steinhússbyggingunni, en mjer liggur við að gjöra gys að þessari tillögu, sem ekki er stýluð til neins, ekki nefnir neinn tíma, ekki nefnir neina upphæð. Það er einmitt það fína við tillöguna, að hún »slær« ekki neinu »föstu«, og því eyði jeg ekki fleiri orðum um hana.

ATKV.GR.: Till. samþykkt með 17 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	J. J., þm. Eyf.,
Halld. Daníelsson,	Valtýr Guðmundss.,
Jens Pálsson,	Þórh. Bjarnarson.
J. J., þm. A.-Sk.,	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundss.	

Tillaga til þingsdlyktunar um einkaleyfi til að leggja frjettaþráð til Íslands (C. 482, 490); ein umr.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það kann að þykja hálf-undarlegt, að þessi tillaga kemur hjer fram, þar sem þetta þing hefir áður samþykkt svipaða tillögu. En svo stendur á henni, að hingað er ný-komið tilboð frá enskum manni um, að leggja frjettaþráð hingað til lands. Reyndar er tilboð þetta nokkuð óákveðið, en hann gefur þó von um, að fást muni fje það, sem til þarf, ef þingið vill styðja málið, bæði með því, að veita einkaleyfi til að leggja þráðinn og með því að heita einhverju fjárframlagi. Hann gjörir ráð fyrir, að 100,000 Lstr. mundi þurfa til að leggja þráðinn, og til þess að geta lagt það fje fram, þurfi hann að fá vissu fyrir árlegum tekjum, er nemi Lstr. 10,000, nefnilega Lstr. 4,000 til að greiða vexti af höfuðstólnum, og Lstr. 6,000 til afborgunar og annars kostnaðar við þráðinn. Nú vill maður þessi fá að vita, hve mikið þingið muni vilja leggja fram árlega til fyrirtækisins, og ætlar hann síðan að snúa sjer til annara ríkja og veðurfræðis-stofnana erlendis og leita þar fjárstyrks.

Það hefir lengi vakað áhugi hjá mönnum á því, að fá frjettaþráð, og menn hafa þráð þá stund, að hann yrði lagður hingað, enda er slíkt sizt að undra, því að það má vafalaust telja eitt hið þýðingarmesta framfaraspursmál vort, að fá slíkt samband við útlönd. Nú vill svo vel til, að hjer er kominn maður, sem býðst til að vinna fyrir þetta mál í útlöndum, og þá virðist ekki rjett, að vísa honum á bug. — En þar sem tilboð hans er bæði nokkuð óákveðið, og engan veginn næg trygging fyrir, að verkið komi til framkvæmda, en af annari hálfu komið að þinglokum, þá þótti ekki ráðlegt, að fara að semja lög um þetta efni; hitt sýnist ráðlegra eptir því, sem málinu horfir við, að vísa því til stjórnarinnar, en koma jafnframt fram með yfirlýsing um, hvað þingið treysti sjer til að leggja mikið fje fram til fyrirtækisins.

Það sem vjer förum hjer fram á er að skora á stjórnina að sinna því, ef tilboð kemur fram frá einhverjum, annaðhvort frá þessum manni, sem nú hefir gjört þinginu tilboð, eða frá einhverjum öðrum, um að leggja frjettaþráð til Íslands. En vjer viljum þó láta þess jafnframt getið, að vjer vonum, að stjórnin, að öðru jöfnu, láti þennan mann sitja fyrir því, að fá að leggja frjettaþráðinn.

Oss þykir svo mikið unnið við það, að fá mann, sem kemur hreifingu á málið í útlöndum, og vinnur þar fyrir það; hjer er heldur ekki nein hætta á ferðum, ekki um neina fjárveitingu að ræða, að svo stöddu, og eigi fyr en málið er komið á verulegan rekspöl, og jeg fæ ómögulega sjeð, að þingið hlaupi hið minnsta á sig, þótt það gefi þessu máli þann gaum nú, að von geti verið til, að það komi fram í ákveðnara formi á næsta þingi, en að því getur það stutt, og það getur það gjört með fyrirheiti um fjárframlög á sínum tíma, og með því að skora á stjórnina, að veita því fylgi sitt, og með því að gefa henni í vald, að setja þau skilyrði, sem nauðsyn þykir og yfir höfuð, að gjöra nauðsynlega samninga við þann eða þá er kunna að bjóðast til, að leggja frjettaþráð hingað til landsins.

Tryggvi Gunnarsson: Af því að fyrri tillagan mætti mótmælum, sem var þó miklu álitlegri en þessi, vil jeg ekki að þessi fari mótmælalaust úr deildinni.

Það er eins og að þingið eigi að verða leiksoppur útlendra fjárglæframanna. Í fyrra kom hingað maður frá Ameríku, sem hafði járnbraut á prjónunum. Til þess að tala um hana eyddi þingið helmingnum af tíma sínum, alveg að gagnslausu. Nú er aptur hingað kominn maður frá Englandi, með tilboð um, að leggja telegraf til Íslands, maður, sem enginn þekkir, og enginn veit nokkur deili á, hvort hann er megnugur að framkvæma nokkur stórvirki, hann hefir engin meðmæli frá auðmanni erlendis. Mjer fyrir mitt leyti er annara um sóma þingsins en svo, að jeg vilji láta það hlaupa eptir humbugstilboðum hvers og eins, sem kemur hingað til að gera alþingi Íslendinga skoplegt. Til allrar hamingju er svo lítið eptir af þingtímanum, að ekki er hægt að eyða miklum tíma til að ræða um þetta, eins og »stóra málið« í fyrra.

Hvað málið sjálft snertir, þá er jeg þó nokkuð kunnugur. Jeg hafði einu sinni umboð frá enskum manni, sem var miklum mun álitlegri en þessi, til þess að sækja til stjórnarinnar um einkaleyfi til að mega leggja telegraf hingað til landsins. Jeg var í 2 ár að strita við þetta leyfi, en þegar það loksins var fengið, þá gekk maðurinn frá öllu saman. Í annað sinn veitti stjórn-

in öðrum manni einkaleyfi til þess sama, en það fór á sömu leið, maðurinn sá sjer ekki fært að halda áfram, þegar á átti að herða.

Jeg get til nefnt mann, sem flestir munu þekkja að nafni, og er ríkastur manna í Danmörku að ráðum og dáð! það er Geheimeetazráð Tietgen. Hann hefir í mörg ár gert sjer far um að fá rík fjelög og stjórnendur þjóða til þess að leggja »telegraf« til Íslands. Hann hefir sjálfur gengizt fyrir því, að leggja telegrafa víða um heim. Tietgen hefir í þessu skyni ferðazt til margra landa og hann sagði mjer það sjálfur, sem sumum kann að þykja ótrúlegt, að Rússastjórn hefði verið tillögubezt í þessu efni, en að Frakkar, sem þó hafa fjölda fiskiskipa hjer við land, hefði tekið dauflegast undir að leggja fje til fyrirtækisins. Tietgen lagði svo mikið kapp á þetta, að hann sagðist hafa hugsað sjer, að telegraf til Íslands skyldi verða sinn minnisvarði. En þegar þetta mistókst og flest ríki Norðurálfunnar neituðu að leggja fje fram til þessa fyrirtækis, þá hætti hann við það og byrjaði á marmarakirkjunni í Kaupmannahöfn, sem er afarstórt mannvirki, og lætur það verða minnisvarða sinn.

Þegar slíkum manni sem Tietgen, með því mikla áliti, sem hann hefir, og auð og dugnaði verður skotaskuld úr því, að leggja frjettaþráð til Íslands, þá sýnist mjer lítil ástæða fyrir alþing, að rjúka upp til handa og fóta, þó að einhver alveg óþekktur og umkomulaus Englendingur komi með kolaskipi Thordals og gjöri húmbugs tilboð um telegraf til Íslands. Jeg óska að þingið gæti sóma síns.

Klemens Jónsson: Jeg vildi bæta fáeinum orðum við ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem jeg annars er alveg samdóma:

Þegar þessi maður með tilboðið kom hingað til Rvíkur í fyrra dag, þá var honum vísað til samgöngumálanefndarinnar, og af því jeg hefi þá æru að vera formaður í nefndinni, þá gafst mjer tæki á að heyra, hvað hann hafði að segja. Það var á honum að heyra, að hann hefði eiginlega ekki farið að heiman í þeim tilgangi að bjóða okkur »telegraf«; það var svo á honum að heyra, sem hann á Akureyri hefði talað við ónefndan mann, og þá hafði hann fengið þessa »idé« eða rjettara sagt flugu. Manninn þekkjum við ekki nokkurn skapaðan hlut; við vitum ekki einu sinni, hvort hann virkilega heitir því nafni, sem hann nefnist. Við höfum enga sönnun fyrir því, að hann hafi nokkur efni að styðjast við, eða að nokkrir efnamenn standi á bak við. Og mjer finnst það vera ósamboðið virðingu þingsins, löggjafarþings Íslendinga, að hlaupa eptir því sem eitthvert aðskotadýr utan úr heimi finnur upp á. Jeg er viss um, að enginn maður hefði verið svo djarfur, að bjóða nokkru öðru þingi slíkt, og hefði hann gert það, mundi hann undir eins hafa verið rekinn á dyr. Maðurinn var sí og æ að tala um vinina sína, það voru vinirnir, sem höfðu peningana, það voru þeir, sem ætluðu að hjálpa honum. Þetta er alveg það sama, sem Sigtryggur sagði í fyrra, hann var líka allt af að tala um vinina, sem stæðu á bak við og mundu framkvæma allt.

Mjer finnst að ekki ætti að halda langar ræður um þetta, þar sem nú er síðasti dagur þingsins. Það væri miklu samboðnara virðingu þess, að fella tillöguna undir eins.

Jens Pálsson: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Jeg álít að það beri að ræða tillöguna eins og hún liggur fyrir. Tillagan gengur út á það, að stjórnin geri eitthvað ákveðnara en gjört hefir verið í þessu

máli. Nýungin, sem hjer er farið fram á, er það, að alþingi skorar á stjórnina að veita hverjum þeim manni eða fjelagi, sem þess kann að beiðast, 5 ára einkaleyfi til að þess að leggja frjettaþráð til Íslands. Einkaleyfið er ekki einskorðað við neinn nafngreindan mann, stjórnin hefir að því leyti alveg óbundnar hendur. Í annan stað inniheldur tillagan það mikilsverða atriði, að deildin fyrir sitt leyti sje fús að leggja til fje, sem nemi allt að 45000 kr. á ári. Þetta sýnir bezt, að málið er áhugamál. Þetta er líka alveg ný yfirlýsing, því að jeg veit ekki til að slíkt hafi verið látið í ljósi af þingsins hálfu fyr. Það er mikill munur á því fyrir stjórnina að leita samninga, án þess hún geti sagt, hvort okkur í raun og veru sje alvara að vilja gera nokkuð til þess að samningur komist á, eða að geta sagt og sýnt það svart á hvítu, að okkur er full alvara, að þjóðin vill gera sitt ýtrasta til þess. Þetta kemur berlega fram í þingsályktuninni, og jeg verð að álíta að það hafi stórmikla þýðingu bæði fyrir stjórnina og þann eða þá, sem hún semur við. Tillagan er ákveðið tilboð frá þingsins hálfu. Okkar meinig er einnig sú, að samskonar ályktun komi frá Ed., og þá liggur fyrir stjórninni ótvírætt yfirlýsing frá þinginu í heild sinni. Mjer stendur á sama, hvað maðurinn heitir, sem stjórnin velur; hún getur valið um, eptir því sem henni sýnist og hún álítur tryggilegast og það er mjer nóg, að eins er það áríðandi, að hún hafi þessa yfirlýsingu þingsins í höndunum.

ATKV.GR.: Br.till á þingsk. 490 samþ. með 15 samhl. atkv.

Tillagan sjálf samþ. með 11 : 2 og afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna Jón Jensson yfirdómari með 12 atkvæðum.

Kosinn gæzlustjóri landsbankans Eiríkur Briem með öllum atkvæðum.

Kosinn fargæzlumaður Jón Vídalín með 11 atkv. af 21 atkv., sem greidd voru.

Kosinn gæzlustjóri söfnunarsjóðsins Björn Jensson með 22 atkv.

Fertugasti og áttundi fundur laugardag 24. ágúst kl. 1½ e. h. Allir á fundi.

Ávarp til konungs var tekið til umræðu samkv. dagskrá fyrir luktum dyrum og samþykkt með nokkrum breytingum frá því sem nefndin í málinu hafði stungið upp á að orða það.

Þrír þingmenn: Valtýr Guðmundsson, Guðlaugur Guðmundsson og Jón Jensson, lýstu því yfir, að þeir gengju af fundi og voru því eigi viðstaddir.

Fundi slitið.

Leiðrjett. «Þó» falli burt í d. 889[22]; athugalaus f. áhugalaus stendur 982[4]; og 1002[15] þm. Strand. (Guðj. G.) f. þm. N.-Múl. (E. J.)